1. júlí — fyrsti fundur.

Miðvikudaginn, 1. dag júlímánaðar 1857, var alþíngi Íslendínga sett í Reykjavík. Áður en þíngið var sett, var guðsþjónusta haldin í dómkirkju bæjarins, og prèdikaði aðstoðarprestur, herra *E. Ó. Kúld,* og lagði út af 1. Pèt. 4, 11.

Auk konúngsfulltrúa, herra amtmanns *P. Melsteðs,* r. af d. og dbrm., og skrifara hans, prestaskólakennara herra *S. Melsteðs,* voru þessir alþíngismenn viðstaddir:

A. *Konúngkjörnir:*

1. *H. G. Thordersen,* biskup yfir Íslandi.
2. *Þórður Jónassen,* háyfirdómari.
3. *P. Pèturssen,* prófessor og forstöðum. prestaskólans.
4. *V. Finsen,* kanselíráð og landfógeti.
5. *B. Johnsen,* rektor.

B. *Þjóðkjörnir:*

1. *Jón Guðmundsson,* lögfræðíngur, frá Reykjavík, fyrir Skaptafellssýslu.
2. *Páll Sigurðsson,* hreppstjóri, frá Árkvörn, fyrir Rángárvallasýslu.
3. *Magnús Andrèsson,* sættamaður, frá Syðra-Lángholti, fyrir Árnessýslu.
4. *Guðmundur Brandsson,* hreppstjóri, frá Landakoti, fyrir Gullbríngu- og Kjósarsýslu.
5. *Jón Pèturssen,* dómari í landsyfirrèttinum, fyrir Reykjavíkurbæ.
6. *Kolbeinn Árnason,* hreppstjóri, frá Hofstöðum, fyrir Borgarfjarðarsýslu (varaþíngmaður).
7. *Jón Sigurðsson,* hreppstjóri, frá Tandraseli, fyrir Mýrasýslu.
8. *E. Ó. Kúld,* aðstoðarprestur, frá Flatey, fyrir Snæfellsnessýslu (varaþíngmaður).
9. *Guðmundur Einarsson,* prestur, frá Kvennabrekku, fyrir Dalasýslu.

10. *Ó. Sívertsen,* prófastur frá Flatey, fyrir Barðastrandarsýslu.
11. *Jón Sigurðsson,* skjalavörður, frá Kaupmannahöfn, fyrir Ísafjarðarsýslu.
12. *Ásgeir Einarsson,* bóndi, frá Kollafjarðarnesi, fyrir Strandasýslu.
13. *R. M. Ólsen,* umboðsmaður, frá Þíngeyrum, fyrir Húnavatnssýslu.
14. *Jón Samsonsson,* bóndi, frá Keldudal, fyrir Skagafjarðarsýslu.
15. *Stefán Jónsson,* umboðsmaður, frá Steinsstöðum, fyrir Eyjafjarðarsýslu.
16. *Jón Kristjánsson,* prestur, frá Ytrafelli, fyrir Suður-Þíngeyjarsýslu.
17. *Vilhjálmur Oddsen,* hreppstjóri, frá Teigi, fyrir Norður-Múlasýslu.
18. *Jón Hávarðsson,* prestur, frá Skorrastöðum, fyrir Suður-Múlasýslu.

Konúngsfulltrúi setti því næst þíngið með eptirfylgjandi ræðu:

Heiðruðu alþíngismenn! Ástkæru landsmenn!

Áður en eg í konúngsins umboði set alþíngi í þetta sinn, finn eg mèr skylt, heiðruðu alþíngismenn! að ávarpa yður með fáeinum orðum.

Eg verð þá fyrst og fremst að láta í ljósi ánægju mína yfir því, að eiga hèr fyrir höndum samvinnu með þeim mönnum, hverra flestallir hafa ásamt mèr á undanfarandi þíngum unnið að þeim málefnum, sem oss hafa verið feingin í hendur til íhugunar og umræðu, og hverra stöðugur velvilji híngað til hefir gjört mèr samvinnuna með þeim lèttbæra og ánægjusama.

Þó megum vèr nú allir sárlega sakna tveggja manna, sem báðir hafa verið stöðugir meðlimir þessa þíngs frá fyrstu stofnun þess, og sem báðir á því hafa haft forsetastörf á hendi, nl. konferenzráðs og háyfirdómara *Þórðar* sáluga *Sveinbjarnarsonar* og prófasts síra *Hannesar* sál. *Stephensens.* Þessir menn, sem dauðinn nú hefir kippt burtu frá oss, unnu báðir af einlægu hjarta vorri sameiginlegri fósturjörðu, og kappkostuðu af ítrasta megni að efla heill hennar. Þíngi þessu unnu þeir báðir gagn og sóma með viturleik sínum, þekkíngu og lipurleik, og mèr veittu þeir báðir opt á ýmsan hátt aðstoð í ráðum og dáð í stöðu minni, og verður mèr því minníng þeirra jafnan ógleymanleg.

Af málefnum þeim, sem stjórnin mun hafa áformað að leggja fyrir alþíngi í þetta sinn, eru flestöll enn þá ókomin, og er það

mjög óþægilegt bæði fyrir þíngið og mig; mun þetta sèr í lagi hafa orsakazt af ráðgjafaskiptum þeim, sem urðu í Danmörku á næstliðnu vori, og þeirri töf, sem af því hefir leiðzt í meðhöndlun og afgreiðslu stjórnarmálefnanna; þó hafa mèr sendar verið frá stjórninni bækur þær og skjöl, sem til heyra jarðamatsmálinu, með þeim ummælum, að stjórnin hafi í hyggju að leggja málefni þetta fyrir alþíngi á þessu sumri. Líka hefi eg feingið frá stjórninni almennar tilskipanir, sem komið hafa út fyrir Danmörku árin 1855 og 1856, í því skyni, að alþíngi segi álit sitt um, hvort eða að hve miklu leyti þær eigi að fá lagagildi hèr á Íslandi. Þetta síðastnefnda málefni mun eg því bráðum leggja fyrir þíngið; og eins mun eg haga svo til, að fá þínginu jarðamatsmálið til meðferðar, svo að þíngmenn bæði geti feingið tækifæri til að kynna sèr þau mörgu og margbrotnu skjöl, er máli þessu til heyra, og þar á meðal einkanlega störf jarðamatsnefndar þeirrar, er skipuð var að konúngsboði í máli þessu hèr í Reykjavík árið 1855, og líka til þess, að nefnd geti orðið sett af þínginu til að yfirvega og undir búa til afgreiðslu þetta vandasama og margbrotna mál, ef það þykir henta.

Um afgreiðslu og úrslit þeirra málefna, er send voru stjórninni frá síðasta alþíngi, get eg því miður ekki enn þá gefið þínginu neina ávísun, þar eð hin konúnglega auglýsíng til alþíngis, um árángurinn af störfum þess 1855, ekki er enn þá til mín komin.

Það er yður kunnugt, heiðruðu alþíngismenn! að næmt og hættulegt kláðafaraldur á sauðfè er farið að út breiðast á nokkrum hluta lands þessa, og hefir því stjórnin boðið amtmönnum landsins að eiga fund með sèr hèr í Reykjavík, til þess að yfirvega þetta áríðanda málefni, stínga upp á ráðstöfunum þeim, er hentugastar virðast til að út rýma faraldri þessu, og síðan leggja málefnið alltsaman fyrir alþíngi. Þau hèr að lútandi frumvörp eru að sönnu að nokkru leyti þegar búin, en þó ei algjörlega, og líka eru þau enn þá óprentuð; en svo fljótt sem málefni þetta verður fullbúið, skal eg leggja það fyrir þíngið, og treysti eg þá, að þíngið leggi fram sína beztu krapta, til þess að yfirvega nákvæmlega þetta vandamál, og ráði úr því á þann hátt, er affarabeztur má verða fyrir land og lýð.

Eg fulltreysti því, heiðruðu alþíngismenn! að þèr munið sýna mèr hina sömu velvild á þessum samvinnutíma vorum, sem eg hefi reynt af yður að undanförnu, og sem hefir lètt mèr svo mjög þá byrði, sem staða mín leggur mèr á herðar, og að þèr munið vinna

að voru sameiginlega ætlunarverki á þessu þíngi, með þeirri sömu alúð og eindrægni, sem mèr af reynslunni áður er fullkunnug.

Í þessu trausti, og með einlægri bæn til hans, sem blessar öll góð og hreinskilin áform, að hann styrki vora veiku krapta, lýsi eg þá, í nafni vors allramildasta konúngs, því yfir, að

ALÞÍNGI ER SETT.

Að ræðulokum svaraði einn þíngmanna:

Leingi lifi konúngur vor, **Friðrik hinn sjöundi!** og tóku allir þíngmenn undir í einu hljóði.

Konúngsfulltrúi: Eg skal fyrst geta þess, að dómsmálaráðherrann hefir tilkynnt mèr, að í stað konferenzráðs sáluga *Þ. Sveinbjarnarsonar* og amtmanns *Havsteins,* sem hefir feingið lausn frá þíngsetu, hafi konúngur kosið kanselíráð landfógeta *V. Finsen* og rektor við hinn lærða skóla *B. Johnsen,* og sýslumann í Norður-Múlasýslu *Þ. Johnsen* til varafulltrúa; sömuleiðis hefi eg feingið ávísun um, að í stað þíngmannsins í Norður-Múlasýslu, stúdents *G. Vigfússonar,* hafi á kjörþíngi í vor verið kosinn til þíngmanns hreppstjóri *Sveinn Sveinsson* í Vestdal, og til varaþíngmanns *Vilhjálmur Oddsen* á Teigi, en þar eð alþíngismaðurinn sökum heilsulasleika ekki gat sótt þíngið, aðvaraði hann varaþíngmanninn um það á lögskipaðan hátt, og er þessi því hèr viðstaddur á þínginu. Í stað hèraðslæknis *J. Skaptasens,* sem hefir afsalað sèr þíngsetu fyrir Húnavatnssýslu, var stúdent *R. M. Ólsen* á Þíngeyrum kosinn alþíngismaður, og er hann nú mættur hèr á þínginu. Enn fremur hefi eg heyrt, að þíngmaðurinn fyrir Norðurþíngeyjarsýslu, umboðsmaður *Jón Jónsson,* muni ei mæta á þessu þíngi. Þíngmaður Snæfellsnessýslu, síra *Fr. Eggerz,* hefir tilkynnt mèr, að hann geti ekki sótt þetta þíng, og því er varaþíngmaðurinn síra *E. Kúld* nú hèr viðstaddur í hans stað. Hinn 4. konúngkjörni þíngmaður, kammerráð *Þ. Guðmundsson,* er bráðum væntanlegur. Því næst skora eg samkvæmt 47. gr. alþíngistilskipunarinnar á hina heiðruðu þíngmenn, að láta í ljósi, ef þeir kynni að hafa eitthvað athugavert við kosníngu einhvers þíngmanns, og skal eg í því tilliti geta þess, að eg hefi feingið brèf frá stiptamtmanninum, með hverju hann sendi mèr brèf frá adjunct *H. K. Friðrikssyni,* sem lætur í ljósi, að hann álíti assessor *J. Pèturssón* hafa afsalað sèr þíngsetu fyrir Reykjavíkurbæ, með því að mæta sem varaþíngmaður fyrir Strandasýslu 1855, og spyr því stiptamtmann, hvers vegna hann hafi kallað

yfirrèttardómarann, en ekki sig til alþíngis á þessu sumri. Í hverju tilliti stiptamtmaðurinn hefir getið þess, að hann hafi kallað yfirrèttardómarann híngað, af því að hann hafi einga vísbendíngu feingið frá þínginu um kríngumstæðurnar. Um þetta atriði bið eg þá hina heiðruðu þíngmenn að láta í ljósi meiníngu sína; og með því líkindi eru til, að umræður kunni að verða um þetta, vil eg kveðja hinn heiðraða þíngmann Skaptfellínga til að bóka þær, meðan eg stýri þíngstörfunum, og forseti ekki er kominn.

Skjalavörður *Jón Sigurðsson:* Mætti menn ekki fá að heyra brèf stiptamtmanns?

Konúngsfulltrúi: Eg skal lesa þíngmönnum brèfið, og var það svo látandi:

„Varaþíngmaður Reykjavíkurbæjar, adjunct Friðriksson, hefir í hjálögðu brèfi kvartað yfir, að eg hefi til alþíngis þess, er nú skal halda, inn kallað landsyfirrèttardómara Jón Pètursson sem alþíngismann fyrir Reykjavík, þó þessi megi álítast að hafa hafnað alþíngismannsstöðu fyrir Reykjavíkurbæ, hvar hinn var kosinn varafulltrúi, af því alþíngismaðurinn fyrir Strandasýslu ekki gat mætt á alþíngi 1855, svo að assessórinn gekk í stað hans sem varafulltrúi fyrir tèða sýslu.

Þó eg álíti, að meiníng sú, er brèfskrifarinn hefir látið í ljósi, að 2 kjördæmi ekki geti látið sama mann mæta á alþíngi fyrir sig, sè samkvæm alþíngistilskipuninni, hefi eg þó, þar eð kríngumstæðurnar ekki hafa verið mèr tilkynntar frá alþíngi, ekki getað tekið tillit til þeirra við innköllunina, og hlýt því, jafnframt því að senda yðar hávelborinheitum hið umtalaða brèf, að afhenda spursmálið til úrgreiðslu alþíngis, sem er þess rètta forum.

Íslands Stiptamtshúsi, þann 15. júní 1857.

J. D. Trampe.

Rètt eptirrit, vitnar
Jón Sigurðsson.

Til
Fulltrúa konúngs á alþíngi 1857“.

Síðan las *konúngsfulltrúi* einnig brèf *H. Kr. Friðrikssonar,* og er það svo látandi:

„Á kjörþíngi því, sem haldið var hèr í Reykjavík 10. dag maímán. 1855, til að kjósa alþíngismann og varaalþíngismann fyrir Reykjavíkur-kaupstað, var landsyfirrèttardómari Jón Pètursson kosinn til alþíngismanns fyrir bæinn, en eg fyrir varaalþíngismann, og mèr

tilkynnt kosníngin af kjörstjóranum, kanselíráði V. Finsen, með brèfi dagsettu daginn eptir.

Á alþíngi það ár, 3. dag júlímán., tók velnefndur herra landsyfirrèttardómari Jón Pètursson, eins og sjá má af alþíngistíðindunum fyrir það ár, bls. 18, eptir atkvæði þíngmanna, sæti á þínginu sem varafulltrúi Strandasýslu, með því aðalþíngmaðurinn eigi gat komið á þíng, og eg var með brèfi konúngsfulltrúa s. d. kallaður til þíngsetu, sem fulltrúi Reykjavíkurbæjar. Nú get eg eigi betur sèð, en að herra landsyfirrèttardómari Jón Pètursson hafi að fullu og öllu afsalað sèr fulltrúadæminu fyrir Reykjavík, er hann tók sæti á þínginu sem fulltrúi Strandasýslu, enda játaði hann það sjálfur, að hann hefði eigi afsalað sèr eða afsagt varafulltrúadæmið fyrir það kjördæmi, eins og sjá má af þess árs alþíngistíðindum, bls. 16. Nú hefi eg heyrt, að þèr, hávelborni herra, hafið eptir því sem fyrir er mælt í tilskipun 8. marz 1843, 39. gr., kallað velnefndan herra landsyfirrèttardómara Jón Pètursson til þíngs í sumar sem fulltrúa Reykjavíkur, og leyfi eg mèr því, að spyrja yður, hvort þèr, eptir því sem fram fór á þínginu 1855, um þíngsetu hans, eigi eruð mèr samdóma í því, að hann hafi afsalað sèr fulltrúadæminu fyrir Reykjavík, og sèuð þèr mèr samdóma, vegna hvers þèr þá hafið kallað hann til þíngs í sumar, en eigi mig.

Reykjavík, 15. dag júnímánaðar 1857.

Auðmjúkast

H. Kr. Friðriksson.

Rètt eptirrit, vitnar

Jón Sigurðsson.

Til

herra stiptamtmanns, greifa *J. D. Trampe.* Rdr. af Dbr. og Dbm.

Jón Pètursson: Áður en mál þetta er rætt, vildi eg leyfa mèr að geta þess, að mèr finnst umkvörtun herra *H. Kr. Friðriksonar* og brèf stiptamtmannsins vera byggt á tveim ástæðum, 1., að eg hefði ekki afsalað mèr varaþíngmannskosníngu fyrir Strandasýslu, þegar eg var kosinn til þíngmanns fyrir Reykjavík, og 2., að eg hefði mætt í hitt hið fyrra fyrir Strandasýslu. Af því kjósendur mína hlýtur að varða það miklu, að fá að vita, af hvaða ástæðum það væri, ef mèr skyldi verða mót von minni bönnuð þíngseta, þá vil eg leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta konúngsfulltrúa, hvort hann hefði nokkuð á móti því, að þessu máli væri skipt í tvö spursmál, samkvæmt fyrtèðum ástæðum stiptamtmannsins og kennara *H. Kr.*

Friðrikssonar, og þá 1. rætt, hvort eg væri ólöglega kosinn sem alþingismaður fyrirReykjavík, af því eg þá ekki hafði afsalað mèr varakosníng minni fyrir Strandasýslu, og ef það yrði samþykkt, að kosníng mín fyrir Reykjavík hefði verið lögleg, þá 2. hvort eg ekki gæti mætt hèr nú, vegna þess eg hefði mætt í hitt hið fyrra sem varaþíngmaður fyrir Strandasýslu í forföllum alþíngismannsins þaðan.

Konúngsfulltrúi: Fyrir mitt leyti hefi eg ekkert á móti því, að spurníngunni sè þannig skipt, fyrst þíngmaðurinn óskar þess, hafi þíngið ekkert á móti því; en þess vil eg geta, að þar eð þíngið 1855 ekkert hafði á móti kosníngu alþíngismannsins fyrir Reykjavík, þegar eg skoraði á það að koma fram með mótmæli sín gegn kosníngunum, þá álít eg spurníngunna um gildi hinnar hèr umræddu kosníngar með því að öllu leyti útkljáða.

P. Jónassen: Mèr virðist, að hèr geti ekki verið spursmál um, hvort kosníng fulltrúans, sem hèr ræðir um, hafi verið lögleg eða ekki, því þíngið er áður búið að skera úr því spursmáli, samkvæmt því, sem ályktað var á fyrsta standaþíngi í Hróarskeldu, því þar stóð eins á og hèr, að einn af fulltrúunum, sem mættu, hafði verið kosinn varafulltrúi, án þess hann hefði skorazt undan að gegna þeirri köllun, þegar hann á öðrum stað aptur var kosinn fulltrúi, og þetta áleit þíngið löglegt, og maðurinn varð aðalfulltrúi, þótt hann væri þar til seinna kosinn; hèr verður því einasta spursmál um, hvort fulltrúinn fyrir Reykjavík, með því hann tókst á hendur, samkvæmt þíngsins ályktun, að gegna varafulltrúaköllun fyrir Strandasýslu, hafi hafnað aðalfulltrúaköllun sinni fyrir Reykjavík; og þetta virðist mèr ekki að hann hafi gjört. Að vísu hefir hann, að því leyti eg man eptir orðum hans, ekki sagt beinlínis, eða þó heldur, hann sagði ekkert um það, hvort hann vildi mæta einúngis í hið eina skipti fyrir Strandasýslu eða ekki, heldur lèt hann, án þess að taka þetta fram, þíngið ráða, fyrir hvort kjördæmið hann ætti að mæta; og þannig verður ekkert leitt af orðum hans í þessu efni, en þá virðist mèr eðlilegt, eins og vant er, þegar máli skiptir um afsölun á rèttindum, að álíta, að hlutaðeigandi ekki hafi hafnað öðru eða meiru, en því, sem beinlínis verður leitt af orðum hans. Eins og eg því hlýt að álíta, að mjög hart væri farið í þetta mál, ef fulltrúanum fyrir Reykjavík yrði af framangreindri ástæðu vikið frá þíngsetu í þetta skipti, þannig hlýt eg og að halda, að það að öðru leyti sè mjög ísjárvert, þar sem hann, eins og kunnugt er, er einn af hinum 3 mönnum, sem setið hafa í þeirri nefnd, sem út nefnd var á síð-

asta þíngi til þess að rannsaka og lagfæra jarðamatið, því þar sem eg nú hefi heyrt af munni *konúngsfulltrúa,* að mál þetta eigi að takast fyrir á þessu þíngi, ræður að líkindum, hversu áríðandi það sè fyrir þíngið, að missa ekki mann þann úr flokk sínum, sem að undanteknum hinum 2 meðnefndarmönnum bezt hlýtur að þekkja til málsins, og að geta skýrt það fyrir þínginu. Það er því mitt álit, að þíngið eigi hvorki nè megi festa allt of mjög sjónir á málsins formlegu hlið, heldur að það eigi að fara eptir því, sem er sanngjarnast og þínginu hagfelldast, og það álít eg að vera það, að Reykjavíkurfulltrúi haldi þíngsetu sinni í þetta skipti.

E. Ó. Kúld: Mèr finnst, að hèr sè ekki spursmál um, hvort þíngmaðurinn sè löglega kosinn fyrir Reykjavík, því það má álíta sem afgjört hèr á þíngi í hitt hið fyrra, heldur einúngis um það, hvort einn þíngmaður geti tekið á móti kosníngum fyrir tvö kjördæmi í senn. Ef eg man rètt, þá mun eg hafa verið sá, sem hèr á þíngi 1855 hreifði því, að þessi þíngmaður mætti fyrir Strandasýslu, og var það einmitt af því, að eg sá þá auð nokkurra þíngmanna sæti, sem eg, eptir því sem þá var mikið verkefni alþíngis, helzt hefði viljað að öll hefði verið fyllt, án þess eg þá beinlínis áliti nauðsynlegt að tala um lögmæti kosníngar hans fyrir Reykjavík. Eg sè, að nú stendur öðruvísi á en 1855, því þíngmaðurinn úr Strandasýslu er nú hèr mættur; en hver er nú sá hèr staddur, sem geti ábyrgzt oss það, að hann geti verið á þíngi þíngtímann út? og ef hann fatlast, þá þætti mèr sjálfsagt, að kjósendurnir í Strandasýslu ætti heimtíngu á, að einmitt þessi sami þíngmaður væri innkallaður fyrir Strandasýslu; þá dylst eg og ekki við það, að eg kynni ei við, að hann í miðju þíngi skipti um sæti og hætti við að mæta sem þíngmaður Reykjavíkur og gjörðist varaþíngmaður Strandasýslu. Eg játa það, að þínginu má vera mikil eptirsjón í þessum þíngmanni vegna jarðamatsins, þar hann hefir verið í hinni konúnglegu jarðamatsnefnd, en hèr í þessu tilliti má ei líta á, hvað hagur sè fyrir þíngið, heldur einúngis á rètt þíngsins og það, að fyrirbyggja, ef kostur er, að um slíkt þurfi að ræða framvegis á hinum seinni þíngum.

Skjalavörður *Jón Sigurðsson:* Eg er samdóma hinum heiðraða þíngmanni, er síðast mælti, um það, sem mèr virðist brèf stiptamtmannsins einnig benda til, að einginn þíngmaður megi hafa á hendi kosníngu fyrir tvö kjördæmi í senn, eður þaðan af fleiri; mèr finnst og, að það hljóti að vera hverjum manni auðsætt, að það væri með

öllu ótiltækilegt, að fara nú að ræða um það, hvort þíngmaðurinn sè löglega kosinn fyrir Reykjavík, því það var útkljáð á alþíngi í hitt hið fyrra. Hann kom þá fram á þíngi með tvær lögmætar kosníngar, aðra sem varaþíngmaður Strandasýslu, og aðra sem þíngmaður fyrir Reykjavík, og gaf þá þínginu fríviljuglega á vald að skera úr, hvort hann skyldi mæta sem þíngmaður Reykjavíkur eður sem varaþíngmaður Strandasýslu; var þá ályktað, að hann skyldi mæta fyrir Strandasýslu, og því á ekki við að ræða þetta að nýju. En þar sem hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður kom með dæmi frá Danmörku, þá verð eg að geta þess, að það dæmi sannar öldúngis ekkert í þessu máli, eins og það er nú vaxið, heldur gat það átt við, eins og ástatt var í hitt eð fyrra. Ef eg man rètt, þá kom fram á fyrsta þíngi í Hróarskeldu einn maður, sem hafði á hendi tvær kosníngar og hafði hvoruga afsalað sèr, en hann óskaði og beiddi leyfis að mega halda hinni síðari, og það var honum veitt, en þar kom aldrei til mála, að þíngmaðurinn mætti hafa tvær kosníngar á hendi, því öllum þótti sjálfsagt, að hann gæti ekki haft fleiri en eina. Eg man heldur ekki betur, en að *konúngsfulltrúi* væri einmitt á því, að hin fyrri kosníngin væri hin rètta og þíngmaður bundinn við hana, eins og alþíng ályktaði hèr í hitt eð fyrra, en þíngmenn urðu á hinu, að honum skyldi leyfast að taka hina síðari. Það er auðsætt, að ef maður mætti hafa á hendi tvær kosníngar í einu, þá mætti maður hafa eins þrjár eða fjórar eða fleiri; þá gæti maður, sem byggi hèr í Reykjavík, látið kjósa sig í öllum hinum fjærliggjandi sýslum, og mætt svo á víxl fyrir sýslurnar, eptir því sem á þyrfti að halda. Þetta kann vera að ekki sè beint á móti lagastaf alþíngistilskipunarinnar, en það er á móti allri skynsamlegri reglu, sem hver einn finnur. Eptir þessu sè eg ekki betur, en að allt þetta mál sè fullkomlega afgjört áður, svo að alls ekki þurfi að greiða um það atkvæði, allra sízt um löglegt gildi kosníngarinnar, heldur kemur hèr einúngis til greina sú spurníng, sem stendur í brèfi stiptamtmanns, að þíngið skuli skera úr, hvort þíngmaðurinn sè rètt kvaddur eður ekki, sem þíngmaður fyrir Reykjavík, eður að varaþíngmanninn hefði átt að kalla að rèttu lagi.

Jón Pètursson: Af ræðum þíngmanna finnst mèr það vera álitið hèr um bil afgjört, að kosníng mín sem alþíngismanns fyrir Reykjavíkurkjördæmi sè lögleg. En aptur á mót skil eg ekki þíngmann Ísfirðínga, þar sem hann sagði, að báðar kosníngarnar væri löglegar, en einginn gæti haft tvær kosníngar á hendi; þetta þykir

mèr nokkuð skrítið, og eg get ekki samþykkt það. En með því eg er hinum heiðraða þíngmanni samdóma um það, að kosníngar mínar sè báðar löglegar, þá verð eg og að álíta sem sjálfsagða afleiðíng þar af, að það sè löglegt að hafa aðrar eins tvær löglegar kosníngar á hendi, og hèr ræðir um, og sem geta samþýðzt hvor við aðra; þetta sannar og áminnzt kanselíbrèf 31. ágúst 1844, og reglan, sem fylgt var við Standaþíngin í Hróarskeldu, og í *Stats-Calendernum* stend eg nú sem alþíngismaður Reykjavíkur og sem varaþíngmaður Strandasýslu; þetta er og með öllu rètt, og ekkert óeðlilegt, því þar eg fyrst tók á móti kosníngu sem varaþíngmaður fyrir Strandasýslu og ekki hefi afsagt mèr henni, er eg skyldur til að mæta á þínginu, þegar alþíngismaðurinn þaðan ekki mætir; þetta vissu kjósendur mínir í Reykjavík, þegar eg tveim árum seinna var kosinn þar fyrir alþíngismann, að eg sökum þessa kynni að forfallast að mæta fyrir Reykjavík, því kjörstjórnin hèr skýrði þeim frá því, en þeir vildu samt ekki sleppa að kjósa mig fyrir alþíngismann sinn, þrátt fyrir þessi mögulegu forföll mín; þegar því alþíngismaður Strandasýslu mætir á þínginu, svo eg ekki þarf að mæta sem varaþíngmaður fyrir þá sýslu, er það bæði skylda mín og rèttur, að mæta sem alþíngismaður fyrir Reykjavík, þar eg og seinna tók á móti þeirri kosníngu. Eg skil heldur ekki, að hèr eigi við það, sem þíngmaðurinn talaði um, að hefði einn þíngmaður fleiri en eina kosníngu á hendi, þá mundi hann og geta haft 3 eða 4, því það er þó auðsætt, að munur er á því, að hafa tvær kosníngar á hendi, sem ekki eru samkynja, það er aðalþíngmanns og varaþíngmanns-kosníng, eður að hafa 3 eður 4 samkynja kosníngar á hendi og gjörast aðalþíngmaður eður varaþíngmaður í 3 eður 4 kjördæmum.

Hinn heiðraði varaþíngmaður Snæfellínga sagði, að það væri rètt að innkalla varaþíngmann Strandasýslu, ef aðalþíngmaður fatlaðist, en er þá eigi rètt að fylgja hinni sömu reglu hèr fyrir Reykjavík, ef á þarf að halda? Hann kunni vel við það þó í hitt eð fyrra, að eg skipti um sæti á þínginu. Annars verð eg að geta þess, að á alþíngi 1855 var ekkert afgjört um það, að eg skyldi mæta fyrir Strandasýslu framvegis, heldur að eins á þínginu þá, er ekki heldur átti við. Rètti Reykjavíkurbúa væri og misboðið, ef mèr væri meinað að mæta á þíngi fyrir þá, þegar eg annars get mætt og ekki er fatlaður; með þessari aðferð setur alþíngi sig upp yfir kjördæmið og gjörir sig að formyndara kjósenda minna. Eg verð að ítreka það aptur, að eg ætla, að eingum þíngmanni hafi dottið það í hug

í hitt hið fyrra, þegar þíngið ákvað, að eg þá skyldi mæta fyrir Strandasýslu, er það þóttist gjöra til þess, að fleiri þíngmenn þá kæmist að, að með því sama væri ákveðið, að eg ekki mætti mæta nú fyrir Reykjavík.

G. Brandsson: Mèr finnst það augljóst, að ekki þurfi að ræða leingi þetta mál, því 12. gr. alþíngistilskipunarinnar sker hèr úr allri þrætu, þar sem hún telur það sem ástæðu fyrir því, að þíngmaður eða varaþíngmaður geti ekki tekið á móti hinni síðari kosníngu, ef hann er áður kosinn í öðru kjördæmi, en vildi þíngmaðurinn halda hinni síðari kosníngu, þá hlaut hann að afsala sèr hinni fyrri, og það átti þíngmaðurinn að gjöra, ef honum var alhugamál að vera fulltrúi Reykjavíkur. Þetta er annars útkljáð mál, því þíngið neitaði því 1855, með atkvæðagreiðslu sinni þá, að þíngmaðurinn mætti mæta framar fyrir Reykjavík.

Jón Pètursson: Þetta er misskilníngur; þíngmönnum má vera kunnugt, að eg mætti fyrst fyrir Reykjavík og kaus forseta, og hafði þíngið ekkert á móti því, að eg væri rètt kosinn fyrir Reykjavík; tveim eður þrem dögum síðar sáu menn, að þíngmenn ætluðu að verða heldur fáir, töluðu þá nokkrir þíngmenn um það, hvort, til þess að fá fleiri þíngmenn, ekki mætti taka mig fyrir Strandasýslu í það sinn, og varð það ályktun þíngmanna, án þess að afgjöra nokkuð um það, hvort eg mætti framvegis mæta fyrir Reykjavík eða ekki. Því það spursmál lá þá ekki fyrir, og alþíngismaður Gullbríngusýslu gat þá ekki sèð, að nokkuð annað leiddi af því, þó eg þá mætti fyrir Strandasýslu, en að þíngið þar við ynni einum þíngmanni fleira; hann þóttist því þá ekki vera að afgjöra neitt það spursmál, er hefði þær afleiðíngar, að Reykjavíkurbúar skyldi missa rètt sinn til þíngmanns síns, því þá svipta menn kjósendurna rètti sínum, er þeir meina þeim að koma á þíngið fyrir sig, er þeir trúa bezt til þess.

G. Brandsson: Eg verð að segja það, að á alþíngi 1855 voru það margir þíngmenn, sem ekki vissu fyr en síðar, að þíngmaður Reykjavíkur væri líka varaþíngmaður Strandasýslu; en þegar hann tók það sæti á þínginu, þá álitu menn það afgjört, að hann ætti einúngis að mæta fyrir Strandasýslu, en ekki fyrir Reykjavík upp frá því.

Jón Pètursson: Eg skil þó ekki, hvernig þessum þíngmanni eða nokkrum öðrum þíngmönnum yfir höfuð hefir getað dulizt það á alþíngi 1855, að eg og væri varaþíngmaður Strandasýslu, því eg var kosinn það 1853 og stóð sem varaþíngmaður Strandasýslu í al-

þingistíðindunum 1853 og 1855. En á þínginu 1855 mætti eg fyrst sem alþíngismaður Reykjavíkur, móti hverju þá voru gjörð eingin mótmæli. En síðan, þegar alþíngismaður Strandasýslu ekki kom, var vegna þíngmannafæðar ákveðið, að eg skyldi mæta sem varaþíngmaður fyrir Strandasýslu, svo að varaþíngmaðurinn fyrir Reykjavíkurbæ kæmist að, sem og var fyllilega löglegt.

G. Brandsson: Eg leyfi mèr að mælast til þess af hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa,* að hann skýri fyrir mèr og öðrum efni og anda 12. gr. alþíngistilskipunarinnar.

Konúngsfulltrúi: Í sjálfu sèr er sú grein alþíngistilskipunarinnar, sem hinn heiðraði þíngmaður, er nú settist niður, spurði um, að mèr virðist, öldúngis ljós, og sýnist að benda til þess, að sá þíngmaður, sem tekið hefir móti kosníngu í einu kjördæmi, ekki geti síðar tekið móti kosníngu annarstaðar. En þó hefir ekki þessum skilníngi greinarinnar verið fylgt *in praxi;* því á fyrsta Hróarskeldufundi, þegar spurníng varð um, hvort sá, er kosinn hafði verið sem varaþíngmaður í einu kjördæmi, mætti mæta sem aðalþíngmaður fyrir annað kjördæmi, er síðar hafði valið hann, þá var þessari spurníngu játað með miklum atkvæðafjölda; og kanselíið hefir með brèfi 31. ág. 1844 tilkynnt stiptamtmanninum á Íslandi, að þó því virtist spurníngin nokkuð vafasöm, væri þó ei ástæða til, að álíta slíka kosníngu sem hèr ræðir um, með öllu ógilda, þar eð þíngið í Hróarskeldu hefði álitið þvílíka kosníngu gilda.

Jón Pèturssón: Eg leyfi mèr að endurnýja þá ósk mína, þegar til atkvæða verður geingið, að það sè gjört á þann hátt, er eg öndverðlega stakk upp á, því eg sè, að nokkrir þíngmenn efast um, hvort kosníng mín sem alþíngismanns fyrir Reykjavík hafi verið lögleg.

Skjalavörður *Jón Sigurðsson:* Eg mótmæli því í alla staði, að skorað sè á þíngið að gefa atkvæði um það, sem það hefir áður ákveðið, og eg þykist fullviss um, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* muni aldrei leyfa slíka óreglu. Brèf stiptamtmannsins er það eina, sem eg álít rètt að leggist til grundvallar fyrir atkvæðagreiðslunni, og samkvæmt því óska eg að hún fari fram.

E. Kúld: Eg mótmæli því líka, að farið sè að vefja það mál með nýrri atkvæðagreiðslu, sem útkljáð var 1855, og eingin mótmæli komu þá fram því til hnekkíngar. Eg álít, að það, sem þíngið þá úrskurðaði, sè þínginu núna eins og dómur þíngsins í því máli, er hèr ræðir um, og að hann hafi þegar þá verið afgjörður og upp-

kveðinn, og því mun eg ei hèr gefa atkvæði um það, heldur hvort þíngmaður þessi sè nú rèttilega innkallaður fyrir Reykjavík eða ekki.

Skjalavörður *Jón Sigurðsson:* Eg leyfi mèr að fylgja því fram, að spurníngin sè eins lögð fyrir þíngið og stiptamtmaðurinn bendir til í brèfi sínu til *konúngsfulltrúans,* eða með öðrum orðum, hvort þíngmaðurinn hafi ekki með því að mæta sem varaþíngmaður fyrir Strandasýslu afsalað sèr þeim rètti að geta mætt fyrir Reykjavíkurbæ, og hvort ekki eigi þess vegna að inn kalla til þessa þíngs varaþíngmanninn fyrir Reykjavíkurbæ.

Jón Pètursson: Þíngmaður Ísfirðínga sýnist vera með öllu ókunnugur því, er fram fór hèr í hitt eð fyrra, og kann þess vera nokkur von, en ekki skil eg, hvernig hann enn getur álitið tvær kosníngar lögmætar, en aðra einlægt ógilda, og það þó þær ekki sè svo ásigkomnar, að þær ríði í bága hvor við aðra, því þá væri þær ekki báðar lögmætar. Mèr finnst mál þetta vera einfalt. Eg var kjörinn alþíngismaður fyrir Reykjavíkurbæ, og á því að mæta fyrir hann, þegar eingar tálmanir, hvorki laganna vegna *(juridiskar)* eða af náttúrunnar völdum *(physiskar),* banna mèr það; en eg hafði fyrir 2 árum áður og verið kosinn varaþíngmaður fyrir Strandasýslu og því get eg ekki mætt fyrir Reykjavík, þegar alþíngismaður Strandasýslu ekki mætir á þíngi. En leiðir af þessu það, eður þó eg í hittið fyrra í forföllum þíngmanns Strandasýslu þá yrði að mæta fyrir Strandasýslu, að eg ekki nú megi mæta fyrir Reykjavík, þegar alþíngismaðurinn fyrir Strandasýslu er kominn, samkvæmt þeirri skuldbindíngu minni, að mæta fyrir Reykjavík, hve nær sem eg er ótálmaður? Annars er það sèrlega undarlegt, að nokkrum skuli geta komið til hugar, að þíngið eigi að banna mèr að mæta fyrir kjósendur mína í Reykjavík, er einmitt hafa falið mèr að mæta fyrir sig á þínginu, hve nær sem eg gæti, og að það í þess stað eigi að kalla þann á þíng þeirra vegna, sem þeir aldrei hafa falið á hendur að mæta öðruvísi fyrir sig en í forföllum mínum. Þetta er beinlínis að taka fram yfir hendur kjördæmanna, og þíngið fer þá sjálft að kjósa fyrir þau

P. Sigurðsson: Mèr finnst alþíngistilskipunin benda til þess, að fulltrúar eigi ekki að takast á hendur kosníngu í tveimur kjördæmum. Þegar þíngmaðurinn í hittið fyrra tók sæti sem þíngmaður Reykvíkínga, hafði eg ekkert á móti því, þar eg í þann svipinn mundi þá ekki, að hann líka væri fulltrúi Strandasýslu; en þegar það kom síðar upp, að hann tók sæti sem varaþíngmaður Strandasýslu,

hafði eg heldur ekkert móti því; en með því fannst mèr hann afsala sèr þíngmannssæti Reykvíkínga. Ef fulltrúi er kosinn fyrir 2 kjördæmi, og ekki afsalar sèr öðru hvoru, getur hæglega annaðhvort kjördæmið orðið þíngmannslaust fyrir þær sakir, því þá eru ekki kosnir utan 3 í báðum. Ef núna skyldi hvorugur geta mætt, aðalþíngmaður Strandasýslu og varaþíngmaður Reykvíkínga, þá yrði annaðhvort kjördæmið að vera fulltrúalaust, og beri slíkt við á 1. þíngi eptir nýjar kosníngar, þá gæti kjördæmi það, er væri þíngmannslaust, ekki kosið að nýju, og væri það fulltrúa þeim að kenna, er ekki hefði frásagt sèr að vera fulltrúi utan í öðru. Þetta er og ljóslega tekið fram í nýju alþíngistilskipuninni, að ef fulltrúi sè kosinn utanhèraðs, þá skuli það vera sannað fyrir kjósendum, að hann vilji takast þar kosníngar á hendur, en ekki öðru kjördæmi.

Jón Pètursson: Þíngmaðurinn virðist ekki vita, að það stendur næstum eins á fyrir mèr í þessu tilliti og þíngmanni Skaptfellínga; hann er varaþíngmaður fyrir Kjósar- og Gullbríngusýslu, og svo er hann nefndur í *„Statscalenderen“*; væri þá ekki rèttast að taka það mál líka til álita og atkvæða þíngsins?

Jón Guðmundsson: Eg get ekki gjört að því, þó að eg sè í *„Statscalenderen“* nefndur varaþíngmaður fyrir Gullbríngusýslu; hitt veit eg, og eg skírskota því til hins 2. konúngkjörna þíngmanns, sem þá var sýslumaður í Gullbríngusýslu, að eg afsalaði mèr strax varaþíngmannskosníngunni, því mèr þótti ekki annað mega segjast, þar eð eg hafði áður boðið mig fram til alþíngismanns í Skaptafellssýslu.

Jón Pètursson: Hvað sem nú um þetta er eður ekki, þá hljóta þó allir að skilja, að eg mæti hèr nú undir allt öðrum kríngumstæðum, en á þínginu 1855; ákvörðun sú, er þar þá var gjörð, getur því ekki verið nein regla nú.

Hreppstjóri *J. Sigurðsson:* Þegar alþíngi 1855 var sett og assessor *Jón Pètursson* kom þar fram sem þíngmaður fyrir Reykjavík, mæltu þíngmenn ekkert á móti kosníngu hans, og mun slíkt hafa flotið af því, að sumir hafa ekki vitað, að hann var kjörinn varaþíngmaður fyrir Strandasýslu. Eg fyrir mitt leyti get nú ekki bariið því við, því eg hafði sèð það í blöðunum, að hann var fyrst kosinn varaþíngmaður Strandasýslu, en þá hann hafði nú tekið sèr þíngsetu fyrir Reykjavík, þeinkti eg, að hann strax, þá hann fèkk kosníngu þar, mundi hafa frásagt sèr varaþíngmannsdæmið fyrir Strandasýslu.

Nú þá ekki kom þíngmaðurinn fyrir Strandasýslu, kom það upp daginn eptir, að assessor *Pèturson* gæti enn nú mætt sem varaþíngmaður fyrir Strandasýslu, og varð þá ályktun þíngsins, að svo skyldi vera. Hvað því við víkur, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi lèt í ljósi, að þíngið nú skyldi gefa atkvæði um, hvort hann væri rètt kosinn fyrir Reykjavík eða ekki, finnst mèr það varla geta átt sèr stað, þar eg meina, þó einn sè kosinn í 2 kjördæmum eður fleirum, þá geti allar þær kosníngar verið rèttar af kjósendum, og líka kjörstjórum, þar þeir sjaldnast geta leiðbeint hinum í þessu falli, þar lögboðið er, að kosníngar skuli fram fara um allt land í sama mánuði, en það er þíngmaðurinn sjálfur, sem eptir á hlýtur, samkvæmt 12. gr. alþíngistilskipunarinnar, að ógilda allar þær kosníngar, utan þess eina kjördæmis, fyrir hvert hann vill mæta, en þar þessi þíngmaður hafði ekki gætt þessa, hlaut þíngið 1855 að gjöra það, og ályktaði það, að hans fyrtsa kosníng skyldi standa gild, og þar þíngmaðurinn hefir enn nú í dag ekki sagt sig frá varaþíngmannsdæmi fyrir Strandasýslu, finnst mèr, að þíngið hljóti enn að halda þeirri sömu ályktun.

Jón Pèturssson: Eg verð þó að óska, að atkvæða sè leitað um þetta mál á þann hátt, sem eg hefi beðið.

Konúngsfulltrúi: Þar eð þíngmenn hafa verið því mótfallnir, að spurníngunni væri þannig skipt, eins og þingmaðurinn fyrir Reykjavík hefir óskað, álít eg mig, meðan eg stýri umræðum þíngsins, eptir anda *(i Analogie)* 74. greinar í alþíngistilskipuninni hafa rètt til að bera spurníngunna þannig upp til atkvæðagreiðslu: hvort þíngmaðurinn fyrir Reykjavík sè rètt kallaður til þíngsetu fyrir tèð kjördæmi eða ekki?

Jón Pèturson: Eg óska, að nafnakall sè viðhaft.

Konúngsfulltrúi gaf leyfi til þess og mælti svo fyrir, að þeir segði já, er áliti yfirdómara *J. Pèturssson* rèttkallaðan til þíngs sem fulltrúa fyrir Reykjavíkurbæ, en hinir nei, er væri á gagnstæðu máli.

B. Johnsen: Eg óska að vera frí við að gefa atkvæði í þetta skipti, þar eg þykist ekki þekkja málavexti til hlítar.

Konúngsfulltrúi: Eg álít þíngmanninn hafa rètt til þess, að gefa ekki atkvæði.

Síðan var til atkvæða geingið og sögðu þessir

já:	nei sögðu:
V. Finsen.	Ásgeir Einarssen.
Jón Kristjánsson	E. Ó. Kúld.

já:	nei sögðu:
Jón Samsonsson.	Guðmundur Brandsson.
Þ. Jónassen.	Guðmundur Einarsson.
Magnús Andrèsson.	Jón Guðmundsson.
P. Pètursson.	Jón Hávarðsson.
H. G. Thordersen.	Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn.
	J. Sigurðson frá Tandraseli.
	Kolbeinn Árnason.
	R. M. Ólsen.
	Ólafur Sívertsen.
	Páll Sigurðsson.
	Stefán Jónsson.
	Vilhjálmur Oddsen.

Konúngsfulltrúi: Eg skora þá á hinn elzta þíngmann, er eg meina sè þíngmaður Barðastrandarsýslu, prófastur síra O. Sívertsen, að láta kjósa forseta.

Prófastur *Ó. Sívertsen* kvaddi þá prestana *G. Einarsson* og *E. Ó. Kúld* að rita upp atkvæðin við forsetavalið.

Voru þá atkvæði greidd og var skjalavörður *Jón Sigurðsson* kosinn til forseta með 20 atkvæðum, lögfræðíngur *Jón Guðmundsson* fèkk 1 atkvæði.

Skjalavörður *Jón Sigurðsson* gekk þá til forsætis og mælti:

Það er einúngis í trausti þess, að eg muni njóta hinnar sömu góðvildar og aðstoðar af hálfu hinna háttvirtu þíngmanna, eins og fyrri, að eg tek á móti þessari köllun þeirra, og vil eg leitast við eptir efnum að upp fylla þá skyldu, sem mèr er þar með upp á lögð. Eg leyfi mèr sömuleiðis að vænta þess af hinum háttvirta konúngsfulltrúa, að hann veiti þínginu og mèr allan þann styrk og aðstoð, sem ómissandi er til þess, að störf þíngsins geti farið vel fram,

Eg veit, að eg tala samkvæmt hugsun allra hinna háttvirtu þíngmanna, þegar eg af þíngsins hálfu tek undir þau orð, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi talaði í minníng hinna ágætu merkismanna, sem guð hefir kallað, síðan hinu seinasta alþíngi var lokið.

Að svo mæltu lèt *forseti* kjósa varaforseta og varð lögfræðíngur *Jón Guðmundsson* fyrir valinu með 16 atkv.; landfógeti *Finsen* fèkk 2 atk., biskup *Thordersen* 1, og prófessor *P. Pètursson* 1.

Forseti bað þíngið þessu næst að kjósa þíngskrifara og var *Guðmundur* prestur *Einarsson* kosinn til þess með 15 atkvæðum og

umboðsmaður *R. M. Ólsen* með 11 atkv. (*E. Kúld* prestur fèkk 10 atkvæði).

Forseti kvað þá ekki frekara verða gjört á þessum fundi, en dagskrá mundi verða fest upp á lestrarsalnum til næsta fundar, og sagði því næst

fundi slitið.

---

3. júlí — annar fundur.

Forseti: Eg skal leyfa mèr, áður en tekið er til dagskrárinnar, að leita atkvæða hins háttvirta *konúngsfulltrúa* um, að fá 2 aukaskrifara innanþíngs.

Konúngsfulltrúi: Eptir tilmælum *forseta* hefi eg kvatt 2 menn til aukaskrifara, cand. philos. *St. Thordersen* og cand. philos. *A. Ólafsson,* og eru þeir nú hèr til staðar á þínginu.

Forseti skýrði þíngmönnum frá, að 2 þíngmenn væri nú viðstaddir, þeir er ekki voru á fyrsta fundi: hinn 4. konúngkjörni þíngmaður, kammerráð *Th. Guðmundssen,* og skólakennari *H. K. Friðriksson,* sem nú væri kvaddur til þíngsetu samkvæmt ályktun alþíngis á síðasta fundi.

Þíngbókin lesin og samþykkt.

Páll Sigurðsson: Eg vil leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta *forseta* og *konúngsfulltrúa,* hvort þessir tveir aukaskrifarar sè teknir fyrir allan þíngtímann, eður þeir sè teknir til reynslu, því reynslan á fyrri þíngum hefir sýnt, að æríð mikið ríður á, að aukaskrifarar sè nettir og athugasamir að ná sem bezt rèttri meiníngu úr ræðum þíngmanna, og þeir hafa verið mjög misjafnir til að ná rèttum meiníngum úr ræðum þíngmanna, þó þeir hafi bæði verið menntaðir vel og ágætir ritarar.

Forseti: Eg skal svara spurníng hins heiðraða þíngmanns á þá leið, að þeir voru teknir til aukaskrifara, er vèr álitum bezt til þess hæfa, en þeir eru þó teknir til reynslu, og ef þeir reynast ekki vel, þá verða aðrir teknir í þeirra stað, ef nokkrir betri fást, en eg held, að vèr eigum ekki að sinni völ á öðrum betri.

Áður en tekið er til dagskrárinnar, þá vil eg vekja athygli þíngmanna á því, að gjöra þarf ráðstöfun fyrir alþíngistíðindunum; eg hefi skrifað stiptsyfirvöldunum í því skyni, og skal eg á sínum tíma

skýra þíngmönnum frá svari þeirra; en nú þarf að velja tvo ritstjóra, og skal eg skjóta því til hinna háttvirtu þíngmanna, hvort kjósa skuli nú þegar, eður láta það bíða fyrst um sinn.

Var þá samþykkt að kjósa þegar.

Alls voru greidd 23 atkvæði, og voru þeir kosnir skólakennari *H. Kr. Friðriksson* með 19 atkvæðum og prófessor *P. Pètursson* með 15 atkvæðum.

Forseti kvaðst hafa gjört ráð fyrir því í brèfi sínu til stiptsyfirvaldanna, að prentuð yrði 600 exx. af alþíngistíðindunum, eins og nú hefði verið næst að undanförnu, og skaut því til þíngmanna, og var það samþykkt.

Forseti: Nú komum vèr þá til dagskráarinnar; hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* mun þá fyrst leggja fram konúnglegt álitsmál um nokkur almenn lagaboð, er komið hafa út fyrir Danmörku árin 1855 og 1856, til að leita um það álits alþíngis, hver af þeim eigi að öðlast lagagildi hèr á landi.

Konúngsfulltrúi: Samkvæmt konúngsúrskurði 10. nóv. 1843 hefir dómsmálastjórnarherrann með brèfi 20. maí þ. á. sent mèr hin almennu lagaboð, sem út hafa komið fyrir Danmörku árin 1855 og 1856, svo að alþíng geti sagt álit sitt um, að hve miklu leyti lagaboð þessi eigi að lögtaka hèr á landi, og getur stjórnarherrann þess, að í því tilliti muni ekki geta komið til skoðunar önnur lagaboð en þessi:

1. Lagaboð frá 22. febr. 1855 viðvíkjandi auglýsíngum, sem að undanförnu hefir boðið verið að prenta skyldi í dagblaði því, sem heitir „*Adressecontoirets Efterretninger*“.
2. Lagaboð frá 6. apr. s. á., sem að nokkru leyti gefur frjálsa leiguupphæð af peníngaláni, og breytir hegníngunni, sem lögð var við okur, o. s. frv.
3. Lagaboð 13. sept. s. á., um leyfi fyrir danska skipherra að taka útlenda sjómenn fyrir háseta *(forhyre)*, og
4. Lagaboð 8. marz 1856, sem býður hæstarètti að gefa ástæður fyrir dómum sínum.

Þar hjá getur stjórnarherrann þess: a ð það megi álítast nauðsynlegt, að lagaboðið nr. 1 nái til Íslands, því annars muni það eptir *ýngra* opnu brèfi 9. maí 1855, með hverju lagaboð 25. apr. 1850 hefir feingið gildi hèr á landi, stundum geta orðið nauðsynlegt, að innkallanir *(Proclamata)*, stefnur, og aðrar opinberar auglýsíngar sè birtar í ofannefndu blaði, a ð það að sönnu sè líklegt,

að lagaboðið nr. 3, nú sem stendur, hafi litla þýðíngu fyrir Ísland en að það samt, ef til vill, kunni að geta feingið hana meiri, þegar verzlunin hefir náð meiri þroska hèr á landi, og að stjórnin að sönnu álíti lagaboðið nr. 4 þegar vera gildandi á Íslandi eptir inntaki þess, en þótt þó eiga við, að benda þínginu til þess, einkum af því, að opið brèf 17. febr. 1847, um málsfærslulaun verjanda fyrir hæstarètti er leitt í lög á Íslandi með opnu brèfi 9. maí 1855.

Að öðru leyti er það sjálfsagt, að það er á þíngsins valdi að taka til yfirvegunar, hvort nokkurt annað af hinum ofannefndu almennu lagaboðum fyrir Danmörku eigi við á Íslandi með eður án breytínga ellegar ekki.

Jafnskjótt og nefnd er kosin til að íhuga mál þetta, skal eg afhenda öll hin áminnztu almennu lagaboð þeim nefndarmanni, sem flest hefir atkvæði.

Forseti: Eg skal þá leyfa mèr að skora á hina heiðruðu þíngmenn að kjósa nefnd í þetta mál, sem í mörgum greinum er svo merkilegt, og ætla eg, að það sè hæfilegt að kjósa 5 manna nefnd, eins og vant hefir verið að gjöra að undanförnu.

H. G. Tordersen kvaðst ætla 3 manna nefnd nægja; en með því fleiri þíngmenn voru fyrir 5 manna nefnd, fèll hann frá uppástúngu sinni.

Alls voru gefin 23 atkvæði, og voru þessir 5 menn kosnir í nefndina: *P. Jónassen* með 22 atkv., *V. Finsen* með 21 atkv., *P. Sigurðsson* með 16 atkv., og *R. M. Ólsen* og síra *Jón Kristjánsson* hvor um sig með 15 atkvæðum.

Forseti: Þessu næst er þá eptir dagskránni uppástúnga hins heiðraða þíngmanns Snæfellínga ásamt með fylgjandi bænarskrám, sem legið hafa á lestrarsalnum þíngmönnum til eptirsjónar. Uppástúngumaður vill má ske gjöra svo vel að lesa uppástúngu sína fyrir þíngmönnum

E. Ó. Kúld: Með leyfi hins háttvirta *forseta* skal eg þá lesa uppástúnguna, og er hún svo látandi:

„Hinn frjálsi fundur að Kollabúðum 16. júní þ. á. hefir falið mèr til flutnings á alþíngi þessu 7 bænarskrár, undirskrifaðar af 228 mönnum í Þorskfirðíngaþínghá, allar þess efnis, að alþíngi sendi vorum milda konúngi þegnsamlega bænarskrá um, að hans hátign konúngurinn láti oss Íslendínga sem fyrst verða njótandi þess fyllsta rèttar, er oss ber, samkvæmt loforði hans í allrahæstu brèfi 23. sept. 1848 og auglýsíngu 12. maí 1852.

Árið 1853 sendi alþíngi konúngi þegnsamlega bænarskrá um, að skipun yrði gjörð á máli þessu, en í auglýsíngu konúngs til þíngsins 1855, 7. júní, er sagt, að það hafi ei þótt ráðlegt, eins og þá stóð á, að bera undir álit alþíngis frumvarp til laga um stöðu Íslands í alríkinu. Þetta þótti mèr nú að vísu eðlilegt svar, af því alríkislög Danaveldis voru þá ei útkljáð, en síðan þau eru ákomin 2. okt. 1855, má eg ei við það dyljast, að eg vona fastlega, að sá tími sè nú þegar kominn, að vèr megum vænta bráðrar uppfyllíngar á þeim heitorðum vors milda konúngs, sem áðurnefnt allranáðugast brèf 23. sept. 1848 birti oss Íslendíngum.

Fyrir því leyfi eg mèr, að skora á hið heiðraða alþíngi, að það nú taki þetta mikilvæga málefni til meðferðar, og sendi hans hátign konúnginum þegnsamlega bænarskrá um:

> nýtt og umbætt fyrirkomulag stjórnarinnar yfir Íslandi, sem og um að ákveða stöðu þess í fyrirkomulagi konúngsveldisins, og að jafnframt sè haft tillit til undirstöðuatriða þeirra, sem alþíngi 1853 tók fram í allraþegnsamlegastri bænarskrá 9. ágúst 1853.

Reykjavík, 2. d. júlímán. 1857.

E. Ó. Kúld[a].

Forseti: Áður en uppástúnga þessi er rædd, skal eg leyfa mèr að skýra frá bænarskrám þeim, sem uppástúngan er á byggð; þær eru þessar:

1. Bænarskrá frá Kollabúðafundi 16. júní 1857, sem hinn háttvirti uppástúngumaður hefir framlagt, um:

   > að hans hátign láti Íslendínga verða aðnjótandi þess fyllsta rèttar, er þeim getur borið samkvæmt loforði hans í allrahæsta brèfi frá 23. sept. 1848, og auglýsíngu 12. maí 1852, og leggi þar um frumvarp fyrir alþíngi, sem haldið verður 1859.

   Með þessari bænarskrá Kollabúðafundar fylgir:

2. Bænarskrá frá tveggjahreppafundi í Ísafjarðarsýslu 23. maí 1857, um:

   > að hans hátign, af landsföðurlegri umönnun fyrir sannri hagsæld vorri og vísdómi sínum, mætti þóknast, sem fyrst að efna hið allramildasta fyrirheit í brèfi hans hátignar 28. sept. 1848, og veita landi voru þau fyllstu rèttindi í stjórnarmálefnum í líka stefnu og farið var fram á af alþíngi 1853 (22 nöfn).

3. Bænarskrá frá Gufudalssveit í maí 1857, um:

   > að alþíngi með alvarlegum uppástúngum og beztu fyrirmælum komi því til vegar á næsthaldandi alþíngi, að það biðji

stjórnina sem allrafyrst, að veita Íslandi þann rètt, sem það á fyllstan í stjórnarmálefnum sínum (23 nöfn).

4. Tvær samhljóða bænarskrár frá Strandasýslu í maí 1857 um:
   að alþíngi riti konúngi bænarskrá um: að hans hátign láti Íslendínga verða aðnjótandi þess fulla rèttar, er þeim getur borið í öllum stjórnarmálefnum, og leggi þar um frumvarp fyrir alþíngi það, sem haldið verður árið 1859 (102 nöfn).
5. Bænarskrá frá Selárdalssókn, sumardag 1. 1857, um:
   að alþíngi á næsthaldandi þíngi biðji stjórnina, sem allrafyrst að ráða til lykta málefninu um stjórnarfyrikomulag Íslands í alríkinu (34 nöfn).
6. Bænarskrá frá Barðstrendíngum 29. maí 1857 um:
   að alþíngi biðji stjórnina að leiða til lykta málefnið um stjórnarfyrirkomulag Íslands í alríkinu (6 nöfn).
7. Bænarskrá frá Geiradals- og Reykhóla-hrepp 1857, um:
   að alþíngi biðji stjórnina sem allrafyrst að veita Íslendíngum sem fyllstan rètt í stjórnarmálefnum sínum (41 nafn).
8. Enn framar eru þrjár samhljóða bænarskrár, sem þíngmaður Suður-Múlasýslu hefir borið fram, frá frjálsum fundi í Suður-Múlasýslu í maí 1857, um:
   að alþíngi sendi hans hátign konúnginum bænarskrá, og óski, að hann efni sem fyrst heityrði sín frá 23. sept. 1848, endurnýjuð með auglýsíngum 1852, og leggi fyrir alþíngi sem fyrst frumvarp um stöðu Íslands í ríkinu (136 nöfn).
9. Þá er enn bænarskrá, sem varaþíngmaður Norður-Múlasýslu hefir borið fram, frá Þínghöfðafundi í Norður-Múlasýslu 3. júní 1857, um:
   að alþíngi beri fram fyrir konúng auðmjúkar bænir um það stjórnarfyrirkomulag hèr á landi, sem byggt sè á rèttindum landsins fornum og nýjum, sèr í lagi innifalið í eptirfylgjandi greinum:
   1. Að stjórnarathöfn lands vors, í löggjöf, dómsvaldi og framkvæmdarvaldi, komi sem mest í hendur þjóðar vorrar, en verði ekki í höndum annara þjóða. Af þessu flýtur, að alþíngi vort fái fullt löggjafarvald með konúnginum, fullt vald til að ákveða tekjur og útgjöld og skatta og öll þau afskipti af málum landsins, sem slík þjóðþíng hafa, sem frjálslega eru skipuð. Að allir dómar sè dæmdir í landinu sjálfu og sè ekki háðir nokkrum útlendum dómstólum. Að konúngur vor láti framkvæmdarvaldið hèr á landi

eiga aðsetur í landinu sjálfu og vera í höndum eins manns eða fleiri, sem hafi ábyrgð fyrir þjóðinni og konúnginum, og að vèr fáum erindisreka þann í Danmörku, er beri stjórnarmálefni þau fyrir konúnginn, sem fyrir hann þurfa að koma og frá honum til vor.

2. Að í málefnum þeim, sem kynni að verða sameiginleg fyrir þjóð vora við Dani, eða menn í öðrum hlutum veldis konúngs vors, verði þess gætt, að vèr í afgreiðslu þeirra mála höfum fullkomið jafnrètti við þá.

3. Að fjárhagur lands vors verði aðskilinn við fjárhag annara hluta ríkisins. Í kostnaði þeim, sem kynni að verða sameiginlegur, tökum vèr þátt eptir rèttri og sanngjarnri tiltölu (21 nafn).

10. Enn framar bænarskrá, sem þíngmaðurinn úr Dalasýslu hefir fram borið og er frá syðri hluta Dalasýslu, í maí 1857, um:

    að alþíngi biðji konúng: að hann sláí ekki leingur á frest að fullnægja sínu konúnglega heiti í brèfi 23. sept. 1848 (88 nöfn).

11. Að síðustu eru tvær samhljóða bænarskrár, sem þíngmaður Suður-Þíngeyjarsýslu hefir fram borið úr kjördæmi sínu, dagsettar í maí þ. á. sem biðja alþíngi að koma því fram við konúng, að frumvarp til stjórnarlaga fyrir Ísland verði lagt fyrir það þíng, er hafi nægt vald til að ræða málið til hlítar (196 nöfn).

E. Ó. Kúld: Eg þarf ekki að skýra hinu heiðraða þíngi frá uppástúngu minni, því hinn háttvirti *forseti* hefir nú sagt mönnum frá, hvaðan hún sè sprottin og hvernig til orðin. Eg get ekki heldur ætlað, að eg þurfi að mæla fram með henni við hina heiðruðu þíngmenn, er svo að kalla allir voru hèr á þíngi 1853 og samþykktu þá þau undirstöðuatriði, sem eg í uppástúngu minni hefi viljað láta fylgja. Híngað til þíngs hafa og núna streymt bænarskrár um þetta efni úr öllum áttum, svo menn geta ekki efazt um, að þetta sè eindreginn vilji þjóðarinnar. Eg vona og líka, að þetta sè vilji stjórnarinnar; því mælt er, að hún ætli að senda frumvarp til þíngsins, er lýtur að efni því, sem nokkuð á skylt við þetta mál. En eg hefi heyrt það á sumum þíngmönnum, að einmitt það, að menn þykjast eiga von á þessu frumvarpi frá stjórninni, en frumvarp þetta er enn ókomið, muni verða því til fyrirstöðu, að nefnd verði kosin núna strax í uppástúngu míua. Á þessa skoðun get eg

ekki fallizt, því einginn veit með vissu, hvort þetta frumvarp muni nokkurn tíma koma, og, ef það kemur, þá er og óvíst, hve nær það muni koma, því eins og það hefir dregizt hingað til, getur það dregizt hèr eptir. Annars skal eg ekki nú fara fleiri orðum um þetta mál, meðan einginn mælir á móti nefnd í málið.

Konúngsfulltrúi: Það er auðsèð bæði af hinni konúnglegu auglýsíngu til alþíngis frá 7. júní 1855 og eins af þeirri ítarlegri skýrslu, er eg samkvæmt boði hennar gaf þínginu um ástæður þær, er einkum rèðu, þá er hin einstöku atriði í bænarskrá alþíngis 1853 um stjórnarskipunarmálið voru íhuguð, að stjórnin eingan veginn hefir viðurkenut, að alþíngi væri þess umkomið að bera fram bænarskrá um stjórnarmálefni landsins, heldur látið þetta liggja milli hluta, þar eð bænarskrá þíngsins um þetta mál var svo hóflega samin; og eins virðist það mega ráða bæði af auglýsíngunni og nefndri skýrslu og eins líka af auglýsíngu konúngs 12. maí 1852, að konúngur sjálfur ætli sèr af fyllíngu valds síns að hefja máls (*tage Initiativet*) á þessari sök, og ákvarða, hverjum breytíngum stjórn landsins skuli taka samkvæmt þörfum landsins og alls ríkisins. Líka hefi eg orðið þess áskynja með fullri vissu, að stjórnin hafi í hyggju að leggja fyrir þíng þetta nú í sumar lagafrumvarp, er veiti alþíngi ályktunarvald í skattaálögumálum (*besluttende Myndighed i Skattebevillingssager*), þó frumvarp þetta sè hingað enn þá ókomið, hvers vegna mèr hefði þótt betur fara á því, að þíngið hefði frestað þessu málefni, þángað til frumvarp stjórnarinnar kæmi, að minnsta kosti fyrst fram eptir þíngtímanum. En samt sem áður vil eg ekki setja mig á móti því, að nefnd sè kosin í þessu málefni, ef þínginu er það mjög hugfast. En til þess vil eg benda hinu heiðraða þíngi, að það er mjög áríðanda, að nefnd sú, er kosin verður í þessu máli, verði vel og vandlega valin, svo að hún verði skipuð þeim mönnum, sem bæði eru hyggnir og gætnir, og bera gott skynbragð á, hvað landinu og ríkinu yfir höfuð gegnir bezt, svo að þeirri nefnd mætti fá í hendur stjórnarfrumvarpið um fjárhagsmálefnið, þegar það kemur frá stjórninni. Eg skýt þess vegna til þíngsins, hvort það nú þegar vill kjósa nefnd í málið eða ekki, en ræð til þess, að flýta ei svo mjög málinu, eður ráða því til lykta, fyr en frumvarp stjórnarinnar kemur, svo að málið komist ekki í bága við þá stefnu, sem stjórnarmálefnið miðar í.

H. G. Thordersen: Mèr finnst það vel til fallið, eins og hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* benti til, að setja þegar nefnd í þetta mál;

og það því fremur, sem menn eiga von á frumvarpi frá stjórninni um líkt efni, og nú er lítið fyrir hendi að gjöra; en eg vil samt ekki ráða til að hraða því, að leiða mál þetta til lykta, því eitt er að byrja, en annað er að enda. Eg vil leggja það til, að mál þetta sè ekki endað, fyr en annaðhvort frumvarpið kemur frá stjórninni, eða menn eru orðnir úrkula vonar um, að það muni koma; eg vil því, að málið sè dregið og beðið við eptir frumvarpi stjórnarinnar; þó er það ekki meiníng mín, að menn skuli bíða von úr viti. Eg er því samþykkur hinum háttvirta *konúngsfulltrúa*, að flýta ekki málinu, og eg vona eptir því, að frumvarp stjórnarinnar muni koma, og í því trausti vil eg gefa atkvæði fyrir því, að nefnd verði sett í málið, en þó með því skilyrði, að ekki verði flýtt að leiða það til lykta.

E. Ó. Kúld: Það getur ekki annað en glatt mig stórlega að heyra, hversu vel hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* tók undir þetta mál; eg er og samþykkur hinum heiðraða 1. konúngkjörna þíngmanni, er síðast mælti, að ei þurfi nefndin, sem kosin verður, mjög að flýta málinu. En þar sem hinn heiðraði *konúngsfulltrúi* vakti máls á því, að það mundi vel tilfallið, að hinni sömu nefnd, sem kosin yrði í þetta mál, yrði og feingið skattgjaldsmálið til meðferðar, þegar það kæmi, þá get eg þó ekki fallizt með öllu á það, því mèr finnst það ekki eiga vel við, að konúnglegu frumvarpi væri skotið til nefndar þeirrar, sem búið væri að kjósa í mál það, er komið var frá þjóðinni, að minnsta kosti hefir það ei verið vani hèr á þíngum. Að öðru leyti vil eg skjóta því til hins háttvirta *forseta*, hvort honum þyki það alls kostar eiga vel við.

Forseti: Eg ætla, að *konúngsfulltrúi* muni hafa komið fram með þessa uppástúngu vegna skyldugleika málanna, skattgjaldslaganna og þessa máls, sem nú er um að ræða, því að öðru leyti finnst mèr óviðkunnanlegt, að fá þau hinni sömu nefnd til meðferðar, og svo getur mèr ekki heldur sýnzt, að málin sè svo skyld, að þau verði feingin sömu nefnd; það er einúngis fjárhagsatriðið í þessari uppástúngu, sem skylt á við skattgjaldslögin, og gæti nefndin farið hægt í það atriðið, þángað til frumvarpið kæmi, og geta menn þá akveðið um, hvort það skyldi þá feingið sömu nefnd, er sett yrði í skattgjaldsmálið.

Konúngsfulltrúi: Af því mèr virðist sumir þíngmenn hafa skilið orð mín áðan nokkuð öðruvísi, en eg ætlaðist til, skal eg skýra meiníngu mína nokkuð betur; hún var nl. sú: að mèr þykir málefni

það, sem nú er hèr fram borið, vera eitt af þeim mest áríðandi, er hèr geta komið fyrir, og á hvers rèttu meðferð er hið mesta vandhæfi; og því ríður mjög mikið á, að nefnd sú, sem kosin verður til að yfirvega það, innilyki í sèr beztu krapta þíngsins. Skyldi það form, að vísa stjórnarfrumvarpinu til nefndar, er sett hefir verið til að íhuga uppástúngu frá einum þíngmanna, virðast miður eiga við, getur það lagast með því, að velja sömu mennina í nefnd til að yfirvega stjórnarfrumvarpið. Eg skal enn fremur geta þess, að stjórnarfrumvarp það, sem von er á, eigi mun áhræra skattalög, eður geta álitizt að vera frumvarp til nýrra skattalaga, heldur mun það miða til að veita þínginu að minnsta kosti að nokkru leyti skattaálögurètt; og er þessi rèttur einn hinn verulegasti partur af stjórnarbótarmálinu, og hefir jafnan verið álitinn sem fóturinn undir sèrhverju frjálslegu stjórnarfyrirkomulagi.

P. Pètursson: Eg get ekki gefið atkvæði mitt fyrir því, að setja strax nefnd í þetta mál, vegna þess að — eptir því sem sagt er — þá er von á frumvarpi frá stjórninni um skattaálögurètt; en allir hljóta að játa, að það mál er svo náskylt uppástúngu þessari, að þessi tvö mál verða ekki aðskilin, því skattaálögurètturinn er undirstaða undir og kjarninn úr allri stjórnarskipun. Ef nú nefnd er sett, og fjárlagafrumvarp kemur síðan frá stjórninni, þá verður annaðhvort að fá það hinni sömu nefnd til meðferðar, eður kjósa aðra nýja. Mèr þykir ekki fara vel á því, að afhenda frumvörp frá stjórninni þeim nefndum, sem búið er að setja í *privat*-málum; en ef kosin er ný nefnd, þá tel eg óvíst, að í hana verði kosnir hinir sömu menn, og ef það er feingið annari nefnd en þeirri, er nú skal kjósa, þá verður þetta mál rætt tvisvar, og getur hin fyrri umræða riðið í bága við hina síðari. Það hefir verið sagt, að þíngið þyrfti ekki að ræða strax þetta mál, þó nefnd sè nú kosin; en eg get ekki sèð, að þíngið geti neitað að ræða málið, ef ekki stendur á nefndinni og ekki er annað til að ræða; mèr finnst og heldur eingin brýn nauðsyn til að kjósa nú þegar nefnd í málið, heldur vil eg láta bíða eptir frumvarpi stjórnarinnar, og þá geta menn tekið bæði málin fyrir samsíða, eða kosið eina nefnd í bæði.

J. Kristjánsson: Mèr finnst hinn heiðraði 3. konúngkjörni þíngmaður villist mjög í þessu efni, er hann bindur svo fast saman þau tvö mál, sem hèr ræðir um, því stjórnin mun ekki ætla, að stjórnarbótin sè svo fast samteingd fjárhagsmálinu, eins og þíngmað-

urinn ætlar, að minnsta kosti eptir því sem ráða má af því, sem þegar er fram komið, eða vèr eigum, að sögn, nú í vændum.

P. Pètursson: Stjórnarbótin getur komizt því að eins á, að fè sè henni til framkvæmdar, annars ekki, hversu falleg sem stjórnarskipunin kynni að sýnast, því skattaálögurètturinn er, eins og hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, fóturinn undir allri stjórnarskipun; munurinn er einúngis sá, að skattagreiðslurètturinn verður eins og að gánga á undan, annars verður stjórnarbótin að eins til í lausu lopti og á pappírnum.

J. Kristjánsson: Mèr þykir ekki ískyggilegra, að stjórnarbótarfrumvarpið gángi á undan skattalögunum, heldur en að þau gángi á undan stjórnarlögunum, því mèr virðist í báðum tilfellum bagiinn verða hinn sami, og, ef til vill, meiri í hinu seinna tilfellinu, eptir því sem á stendur.

P. Pètursson: Þetta getur þíngmaðurinn ekki dregið út úr mínum orðum, af því eg mælti að eins á móti því, að nefnd yrði sett nú þegar.

G. Brandsson: Mèr finnst standa líkt á hèr og 1849, þegar frumvörpin vantaði frá stjórninni í byrjun þíngsins og koma þeirra drógst, þángað til hinn lögboðni tími var næstum út runninn; þar á meðal var frumvarp það til kosníngarlaga þjóðfundarins, er menn þráðu einnamest; en þegar koma þess þótti dragast, fóru menn að búa til nýtt frumvarp þessa efnis, sem þó mismunaði talsvert frá stjórnarfrumvarpinu, þegar það loksins kom, og þóttu þetta þá eingin vandræði, og held eg, að hinn 3. háæruverðugi konúngkjörni þíngmaður hafi geingið einnabezt fram með breytíngaratkvæðin, sem áttu að sameina meiníngar beggja frumvarpanna. Mèr virðist það valt, að bíða eptir því, sem enn þá er ókomið og má ske kann að koma í ótíma, og verð eg því að mæla fram með því, að nefnd sè kosin í þetta mál nú þegar, og álít eg, að ekki veiti af 7 mönnum í hana; að menn láti sèr hugfast, að velja beztu mennina, sem faung eru á, í nefnd þessa, það tel eg sjálfsagt, og eins, að þeir gæti bendíngar þeirrar, er hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* gaf mönnum í tilliti til nefndar þeirrar, er seinna kynni sett verða í fjárhagsmálinu.

Á. Einarsson: Eg vil geta þess, að mèr virðist uppástúngan og bænarskrárnar einúngis fara fram á, að frumvarp til nýrra stjórnarlaga verði lagt fyrir næsta alþíng, en sumar, að frumvarpið verði lagt fyrir þjóðfund, sem kosinn væri til að ræða það mál, og finnst

mèr góð ástæða til að hreifa málinu, þar mèr finnast ástæðurnar sannigjarnar. Mæli eg því fram með nefnd í þessu máli.

G. Brandsson: Nefndin getur lagað uppástúngur sínar, sem hún vill, hvort heldur hún biður um frumvarp, sem lagt yrði fyrir sèrstakan fund eða þá fyrir næsta alþíngi, eins, hvort hún stíngur upp á mörgum eða fáum undirstöðuatriðum í stjórnarskipuninni; allt þetta verður henni í sjálfs vald sett, og sýnist mèr því ekki vert, að tala, frekar um það í þetta sinn.

E. Ó Kuld: Mèr virðist hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður of mikið vilja binda mál þessi saman, og get eg ekki heldur fundið, að þó að þetta mál sè nú tekið fyrir, að það þá verði fremur út í bláinn eða byggt á pappír, heldur en 1853, og verð eg því að álíta þá mótbáru lèttvæga; mèr bregður annars við að heyra kvörtun yfir því, hvað lítið sè að gjöra; optast hefir þó heyrzt kvartað um, að þíngið hefði of mikið að starfa; en því minna annríki sem er, þess hægra er að gánga vel frá málunum. Þegar stórnarmálefnin koma, verða þau sjálfsagt nú, eins og vant er, látin sitja í fyrirrúmi, en þá mætti þetta mál má ske vera svo lángt á veg komið, að litlum tíma þyrfti til þess að eyða.

Ekki get eg mælt fram með því, að binda sig við að kjósa sömu mennina í þessa nefnd og þá, er seinna kynni að verða sett í skattgjaldslagamálinu, sem menn vona að komi frá stjórninni, þótt þau sè nokkuð skyld, heldur mætti þá, ef svo sýndist þínginu, taka nokkra hina sömu menn í þá nefnd. Eg skal ei mæla móti 7 manna nefnd, þó eg hefði ætlað, að 5 manna nefnd mundi nægja.

V. Finsen: Sambandið milli þessarar uppástúngu og lagafrumvarps þess, er stjórnin kvað ætla að leggja fyrir alþíngi, finnst mèr vera svo mikið, að mjög æskilegt og hentugt væri, að ekki væri nema ein nefnd í báðum þessum málum, þannig að geingið væri út frá stjórnarinnar frumvarpi, og við það teingdar þær uppástúngur, sem menn kynni frekar að vilja gjöra; en aptur væri það miður hentugt, að 2 nefndir væri settar í 2 svo skyldum málum, sem fylgdi hver sinni stefnu, og finnst mèr, að jafnvel þeir, sem leingst vilja fara í þessu málefni, mætti síður óska slíks. Eg vil því heldur óska, að nefnd ekki væri nú sett í málinu, heldur beðið eptir frumvarpi stjórnarinnar, og skal eg því skora á hinn heiðraða uppástúngumann, að hann í þessu skyni taki að svo stöddu aptur uppástúngu sína, eður fresti að bera hana fram, svo sem vikutíma, því innan þess tíma mætti í öllu falli vera von á frumvarpi stjórnarinnar.

Jón Guðmundsson: Mèr virðist menn gjöra of mikið úr stjórnarfrumvarpinu; eg veit að vísu, að dómsmálaráðherrann gjörði ráð fyrir því á ríkisþínginu í vetur, að semja þess konar frumvarp, og leggja fyrir alþíngi, en opt hafa bæði frestazt ráðagjörðir ráðherranna, og þeim jafnvel snúizt hugur; ekki er heldur að vita, hvort mál þetta verður lagt fyrir þíngið sem álitsmál eður sem frumvarp, og er mikill munur á því; mèr finnst því það vera eins og að binda sig við fugl í loptinu, ef eg mætti svo að orði komast, að byggja fast upp á frumvarp stjórnarinnar, enda virðist mèr uppástúngan og bænarskrárnar einúngis gánga út á, að biðja stjórnina að flýta því, að frumvarp um stöðu Íslands verði lagt fyrir þíngið, og óvíst er, að nefnd sú, er sett yrði, færi leingra, og allrasízt gjöri eg ráð fyrir, að hún fari leingra, en uppástúnguatriðin bentu til í bænarskrá alþíngis 1853, og því síður, að hún semji skipulegt frumvarp til stjórnarlaga. Það gleður mig að öðru leyti, hvað vel *konúngsfulltrúi* og fleiri þíngmenn hafa tekið þessu máli, og einnig það, að hinn heiðraði 3. konúngkjörni þíngmaður einúngis hefir mælt á móti málinu af ástæðum þeim, er eg nú hreifði, en ekki mælti móti málefninu sjálfu. Eg verð því að mæla fram með því, að nefnd verði kosin nú þegar.

E. Ó. Kúld: Viðvíkjandi því, er hinn heiðraði 5. konúngkjörni þíngmaður sagði, skal eg leyfa mèr að svara því, að eg er ófáanlegur til að taka aptur eða fresta uppástúngunni. Hinn háttvirti *forseti* hafði sett uppástúngu mína á dagskrána, því það var á hans valdi, en ei að eg rèði því, nær hún yrði rædd; að öðru leyti skal eg geta þess, að mèr getur ekki skilizt, að uppástúngan þurfi að komast í nokkurn bága við frumvarp stjórnarinnar, og ekki á eg heldur vissu fyrir því, að frumvarp þetta verði komið að viku liðinni; þó það annars kunni að koma einhvern tíma.

Forseti skaut því næst til þíngsins, hvort nefnd skyldi velja eður ei, og urðu 20 atkvæði með, en 1 á móti; því næst skaut *forseti* því til þíngsins, hvort velja skyldi 5 eður 7 manna nefnd, og urðu 13 atkvæði fyrir 7 manna nefnd, en 9 móti. Síðan skoraði *forseti* á þíngið, að velja 7 menn í nefndina, og voru þessir kosnir:

V. Finsen		með 22 atkvæðum
P. Pètursson og		
Jón Guðmundsson hvor	—	19 — —
E. Ó. Kúld	—	17 — —
H. Kr. Friðriksson	—	16 — —

J. Hávarðsson með 15 atkvæðum
Á. Einarsson — 14 — —

Forseti: Eg get ekki, sem stendur, ákveðið dagskrána til morguns, en hún skal verða fest upp á lestrarsalnum hið fyrsta er verður.

Fundi slitið.

---

4. júlí — þriðji fundur.

Allir á fundi.

Forseti gat þess, að hin íslenzku lagaboð, þau er út væri komin, síðan alþíngi var slitið 1855, væri lögð fyrir sæti allra þíngmanna.

Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en dagskráin er tekin fyrir, vil eg leyfa mèr að skýra þínginu frá bænarskrám þeim og uppástúngum, er síðan síðasta fund eru komnar til þíngsins, og eru það þessar:

13. Bænarskrá frá Þínghöfðafundi í Norður-Múlasýslu, framlögð af varaþíngmanni *V. Oddsen,* dags. 3. júní 1857, um, að þíngið biðji konúng að gjöra Seyðisfjörð að aðalverzlunarstað á austurlandi í stað Eskifjarðar, sem lagaboðið 15. apr. 1854 nefnir. Með 23 nöfnum.
14. Uppástúnga frá þíngmanni Dalasýslu, dags. 3. júlí 1857, um, að alþíng taki tilskipun um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, dags. 28. marz 1855, til yfirskoðunar og endurlögunar, og sendi hans hátign konúnginum bænarskrá um þær breytíngar á tèðri tilskipun, sem þíngið kann að álíta nauðsynlegar.
15. Bænarskrá frá Dalasýslu, framlögð af þíngmanninum þaðan, rituð í maí 1857, með 96 nöfnum, um, að alþíng í sumar taki tilskipun af 28. marz 1855, um sunnu- og helgidagahald, til íhugunar og umbótar, og sendi konúngi bænarskrá þar um, og sè í henni einkům og sèr í lagi tekið fram, að miðaptans-helgi sunnudagsins sè úr lögum numin, sem guðs lögmáli gagnstæðileg, og allur sunnudagurinn skipaður löghelgur.
16. Uppástúnga frá Kollabúðafundi 17. júní 1857 framlögð af þíngmanni Dalasýslu um, að alþíng sè beðið um, að taka tilskipun um sunnu- og helgidagahald frá 28. marz 1855 til end-

urskoðunar, og breyti henni á þann hátt, að tvær fyrstu greinirnar úr henni verði burt numdar, og í þeirra stað settar aðrar greinir, er ákveði, hvað nauðsynjalaust skuli á löghelgum tíðum vinna:

1. Að helgi drottinsdaga og annara löghelgra tíða skuli standa frá miðnætti til miðnættis.
2. Að á helgidögum öllum sè bannað að vinna nauðsynjalaust hvers konar vinnu, nema þá einu, er menn kunna að hafa sèr til siðsamlegrar dægrastyttíngar áreynslulaust.
3. Að drykkjuskapur allur og ósiðsamar skemmtanir sè harðlega bannaðar á helgum dögum.
4. Að dansleikar og aðrar almennar skemmtanir, þó siðsamar sè, megi ekki fram fara á helgum dögum fyr en eptir náttmál.
5. Að í fám og skilmerkilegum orðum verði til tekið, hverjar sè lögmætar nauðsynjar á helgum dögum.

17. Uppástúnga frá þíngmanni Rángvellínga, um, að alþíngi taki til meðferðar og biðji konúng að til taka með lögum, hvaða aðgáng að brauðum þeir prestar og stúdentar, sem út skrifazt hafa frá Bessastaðaskóla, skuli almennt hafa á móti þeim, er hafa tekið og framvegis taka embættispróf við háskólann, prestaskólann, eða hafa í 6 ár verið skrifarar hjá stiptamtmanni og biskupi, svo framarlega sem lagaboð um þetta efni ekki er nú þegar útgefið.

18. Uppástúnga frá þíngmanni Strandasýslu um, að alþíng vilji þegnsamlegast biðja vorn allramildasta konúng, að fjölga ölmusum við prestaskólann, og auka þannig þann styrk, er þeim er veittur, sem gánga á þenna skóla, að hann geti verið nægilegur, og að tiltölu við þann, sem veittur er í hinum lærða skóla; og að þíngið í því tilliti fari því þegnsamlegast á flot, að bætt sè 3 ölmusum við þær, sem nú eru, með sömu upphæð, og húsaleigustyrkurinn hækkaður um 20 dali fyrir hvern stúdent á prestaskólanum.

Forseti lagði því næst fyrir 1. mál á dagskránni: bænarskrá frá innbúum í Norður-Múlasýslu, sem varaþíngmaður sýslunnar bar fram, að Seyðisfjörður yrði aðalkaupstaður í staðinn fyrir Eskifjörð; var síðan bænarskráin afhent flutníngsmanni, er las hana upp, svo hljóðandi:

„Þegar verzlunarmál vort var rætt á alþíngum, var mönnum

fyrst nokkur vafi á, hver hentugastur mundi vera aðalkaupstaður á austurlandi. Þó varð það jafnan álit allra kunnugra, að Seyðisfjörður væri bezt fallinn til, og á þjóðfundinum 1851, þegar flestir voru við kunnugir, varð einginn vafi um þetta atriði. Ekki höfum vèr heldur heyrt getið um, að eitt orð hafi verið talað móti Seyðisfirði á þíngunum í Danmörku, þegar verzlunarmál vort var leitt til lykta undir síðustu aðgerðir stjórnarinnar. Því brá oss svo í brún, þegar lagaboðið 15. apr. 1854, um frjálsa verzlun hjá oss, kom út, og þar stendur Eskifjörður fyrir Seyðisfjörð. Vèr vitum ei, hvað valdið hefir þessari breytíngu, en það finnst oss, sem bezt þekkjum hèr til, að breytíngin sè óhagkvæm, þar Seyðisfjörður liggur bezt allra kauptúna á austurlandi fyrir meiri hluta allrar uppsveitaverzlunarinnar og töluverðum hluta af fjarðaverzlun. Enda hefir nú reynslan sýnt, að Seyðisfjörður hefir eflzt fram yfir hin kauptúnin á fáum árum, svo nú eru þar komnar 3 verzlanir, en annarstaðar ekki nema 1. Oss sýnist því reynslan sanna mál vort, að Seyðisfjörður eigi að vera aðalkauptún á austurlandi, og það væri næsta hagkvæmt, að utanríkisskip, sem híngað leitaði, ætti fyrst að koma þángað, sem er nú aðalverzlun austurlands. Það virðist og nauðsynlegt, að þángað kæmi sem fyrst lögreglustjórn á þetta kauptún, sem er og mun verða fjölsóttast hèr hjá oss.

Af þessum ástæðum biðjum vèr yður, heiðruðu alþíngismenn! að bera fram fyrir konúng vorn þá auðmjúka bæn vora, að Seyðisfjörður verði gjörður aðalverzlunarstaður á austurlandi í stað Eskifjarðar, sem lagaboðið 15. apr. 1854 nefnir.

Undirskrifuð á frjálsum fundi að Þínghöfða, dag 3. júním. 1857.

Eg óska, að hið heiðraða alþíngi taki bænarskrá þessa til umræðu.

Reykjavík, 3. júlí 1857.

V. Oddsen".

V. Oddsen: Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um bænarskrá þessa, mèr finnst hún mæla bezt fram með sér sjálf, og allt mæla fram með henni, en ekkert á móti.

J. Hávarðsson: Mèr er mál þetta kunnugt, og einnig er eg kunnugur kríngumstæðum og landslagi; veit eg, að það mun vera einlæg ósk landsbúa, að breytíng þessi verði gjörð, því bæði er það lèttara fyrir landsbúa sjálfa og líka fyrir útlenda, því lángtum fleiri verzla á Seyðisfirði en á Eskifirði, og er þeim því hægra að koma þángað fyrst; einnig er innsiglíng hægri á Seyðisfirði en á Eskifirði

(*P. Pèturssson*: en höfnin?); hafnirnar báðar veit eg ekki betur en sè jafngóðar, nema ef telja skal, að það eru leingri grynníngar út að marbakka á Seyðisfjarðaröldu en á Eskifirði.

Konúngsfulltrúi: Eptir þeirri þekkíngu, sem eg hefi um þetta mál, verð eg að ráða þínginu frá, að taka það til meðferðar; eg er víst eins kunnugur því, eins og hver annar þíngmaður, hvernig til hagar á Eskifirði og Seyðisfirði, þar eð eg hefi verið lángan tíma sýslumaður í Norður-Múlasýslu, og hefir það jafnan verið álit mitt, að Eskifjörður sè fullt eins hentugur til að vera aðalverzlunarstaður, sem Seyðisfjörður. Báðir þessir verzlunarstaðir liggja skammt hvor frá öðrum, og verður þess vegna í því tilliti lítill munur á vegaleingd þángað; því þó þau hèruð, sem liggja fyrir norðan Seyðisfjörð, eigi skemmra að sækja kaupstað þángað, þá eiga hin, sem liggja fyrir austan hann, aptur skemmra til Eskifjarðar. Skyldi svo fara, sem margir óttast fyrir, að Skaptafellssýslu eystri verði að leggja til austuramtsins, þá liggur Eskifjörður nær miðbiki þessa amts, og yrði þá hentugri aðalkaupstaður. Þar sem borið er fyrir í bænarskránni, að ekki hafi verið á ríkisþínginu talað á móti Seyðisfirði, þá er það eðlilegt, því þar munu ekki hafa verið viðstaddir aðrir menn, en þeir, sem ókunnugir voru landslagi og ásigkomulagi veganna hèr á landi. Þegar nú stjórnin samt sem áður breytti frumvarpinu, þá má ætla, að hún hafi gjört það eptir tillögum kunnugra og óvilhallra manna. Hafnirnar eru á báðum stöðum allgóðar, en þó má geta þess, að skip hefir strandað á Seyðisfirði, síðan þar kom verzlunarstaður, en ekkert á Eskifirði, það mèr er kunnugt. Annars á það, sem til hefir verið fært um vegaleingd frá sumum sveitum til Eskifjarðar, ekki við, því hèr er ekki spurníng um, að leggja niður Seyðisfjörð sem verzlunarstað, heldur einúngis um það, hvor vera skuli aðalverzlunarstaður á Austfjörðum, Eskifjörður eða Seyðisfjörður.

J. Hávarðsson: Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* veit, að fyrir meginpart landsbúa, er sækja verzlun á þessi kauptún, er vegurinn bæði leingri og verri yfirferðar að Eskifirði en Seyðisfirði, að Eskifirði heiðarvegur hèr um bil helmíngi leingri og vötn vond yfirferðar. Hvað það snertir, að austurpartur Skaptafellssýslu muni þurfa að sækja verzlun til Eskifjarðar, þá hafa Austur- Skaptfellíngar híngað til verzlað á Berufirði og munu framvegis gjöra, því hitt yrði þeim óbærilegt, að sækja aðra verzlun, og þegar nú hèr við bætist, að í stjórnar-frumvarpinu var Seyðisfjörður settur jafnhliða Ísafirði, Reykjavík og Akureyri, sem aðalkaupstaður, þá finnst mèr

þíngið ætti að gefa þessari almennu ósk gaum, og setja nefnd í málið.

Konúngsfulltrúi: Þar sem einn þíngmanna taldi það sem ástæðu fyrir bænarskránni, að Seyðisfjörður, en ekki Eskifjörður hefði staðið í stjórnarfrumvarpinu, þá virðist mèr sú ástæða mjög þýðíngarlítil; því það er auðvitað, að stjórnin ekki mun hafa breytt sínu eigin frumvarpi nema af gildum ástæðum.

Á. Einarsson: Það er vandi fyrir ókunnuga þíngmenn að gefa atkvæði í þessu máli, en bezta ástæðan fyrir breytíngu þessari finnst mèr vera sú, að verzlunin hefir aukizt á Seyðisfirði; eg álít ekki reynsluna enn þá hafa staðfest, að þessi verzlunarauki einúngis sè svona fyrst í stað af nýúngagirni verzlunarmanna. Eg hefi aldrei viljað tálma framförum verzlunarinnar með óhagkvæmri tilhögun, og þegar kunnugir menn mæla fram með Seyðisfirði, virðist mèr ísjárvert að fella uppástúnguna; þó að skip hafi strandað þar einhvern tíma, finnst mèr eingin sönnun móti því, að höfnin sè góð, en hitt, að verzlunin hefir aukizt, er góð og veruleg ástæða til að álíta staðinn vel fallinn til kauptúns þess, er utanríkisþjóðir komi fyrst til.

H. Kr. Friðriksson: Eg get ekki mælt fram með þessu máli, því að, þó fjölgað hafi um 2 eða 3 verzlunarmenn á einhverjum stað, finnst mèr það eingin næg sönnun fyrir, að verzlunin þar hafi aukizt svo, að þann stað skuli taka fram yfir hinn; einnig má geta þess, að á Eskifirði er lögreglustjóri, en einginn á Seyðisfirði, og þykir mèr efasamt, hvort sá lögreglustjóri, sem nú er í Norður-Múlasýslu, verði skyldaður til að flytja að Seyðisfirði. Eg vil því mæla fram með því, að máli þessu sè frestað, þángað til verzlunin hefir feingið fastari fót, og það sèst betur, hvor staðurinn dregur meir að sèr.

J. Hávarðsson: Ekki getur mèr fundizt sú mótbára mikilvæg, að eingin lögreglustjóri sè á Seyðisfirði; á Akureyri er heldur eínginn, og hvað sóttvörn á Seyðisfirði snertir, stendur lángtum betur á á Seyðisfirði en á Eskifirði, því Eskifjörður stendur, svo að segja, einstakur, þar sem á Seyðisfirði ætíð er hægt að nálgast fólk frá bæjunum Firði og Vestdal.

Á. Einarsson: Mótbára varaþíngmanns Reykjavíkur finnst mèr ekki vera fullgild; í öllu falli veit eg ekki betur (en þar um eru aðrir fróðari hèr á þíngi), en að lögreglustjóra sè gert það að skyldu, að flytja á verzlunarstaðinn, þó hann sè búsettur annarstaðar, og

þannig ælta eg sè ástatt á Eyjafirði, þó það sè ei enn þá framkvæmt.

H. Kr. Friðriksson: Mèr finnst ekki mega jafna saman Akureyri og Seyðisfirði, því sá er munurinn á, að öllum hefir komið saman um, að Akureyri væri hentugasti verzlunarstaður á öllu norðurlandi, en það hefir einmitt verið þræta um Seyðisfjörð og Eskifjörð, hvor þeirra væri hentugri.

H. G. Thordersen: Það getur verið, að eg fari of mikið eptir því, hvernig mèr leizt á, er eg ferðaðist þar eystra, því eg skal aldrei neita því, að eg hefi óvíða komið, er mèr litist ver á, eða miður hagað fyrir kaupstað, en á Eskifirði; lóð sú, er kaupstaðurinn stendur á, má ekki heita nema rönd ein eður spilda, og gnæfir þar yfir geysihátt fjall; aptur á móti leizt mèr í öllu tilliti betur á Seyðisfjörð, og hefi eg getið þess í skýrslu þeirri, er eg sendi stjórninni um vísitaziur mínar; það stóð ekki svo á fyrir mèr, þegar eg ferðaðist þar, að eg gæti verið að leita áreiðanlegra upplýsínga um höfnina á Seyðisfirði; einhver gat samt um við mig, að klettar nokkrir væri þar, og veðrasamt, og þori eg því ekki að fullyrða, að höfnin á Seyðisfirði sè betri en sú á Eskifirði. Eg mæli fram með nefnd í þessu máli.

J. Hávarðsson: Eg er öldúngis samdóma hinum háttvirta 1. konúngkjörna þíngmanni, er síðast talaði. Á Eskifirði er ekkert byggilegt svæði fyrir stóran kaupstað fyrir á, er rennur milli kaupstaðanna, er áður voru; aptur á móti má byggja mörg hús á Seyðisfirði; ekki skal eg samt neita því, að stundum er þar veðrasamt og kastvindótt, en höfnin er ei að síður góð og rúmleg, og hafa aldrei, svo eg til viti, farizt skip á henni, en skip fórst á eyri þeirri, er þeir *Örum & Wulf* hafa byggt á.

Konúngsfulltrúi: Í tilliti til þess, sem hinn háæruverðugi þíngmaður sagði, skal eg geta þess, að nóg er húsastæði á Eskifirði, þegar tekið er með bæði Lambeyrartún og Mjóeyri, sem í fyrstunni var keypt fyrir kaupstaðarstæði.

H. G. Thordersen: Hvað afstöðu kaupstaðanna snertir, þá liggur Seyðisfjörður ei síður vel við Múlasýslum, en Eskifjörður, því þótt Austurskaptfellíngar leiti höndlunar austur á bóginn, er Djúpivogur sá kaupstaður, sem liggur bezt fyrir verzlun þeirra, og þeir eiga hægt að ná til. Að öðru leyti skal eg bæta því við það, er eg áður sagði, að eptir því sem mèr var sagt, hafði hús nokkurt, nokkru áður en eg ferðaðist austur, farizt í skriðu, og 3 menn týnzt, og skriðan sögðu

menn mundi hafa tekið af annan kaupstaðinn, hefði ekki stór borðabúnki orðið fyrir henni, og skriðan við það feingið aðra stefnu; það er æði-mikill munur á Eskifirði og Akureyri, sem stendur undir blíðri brekku, sem ræktuð er upp á brún.

G. Brandsson: Mèr virðast verzunarlög vor enn þá of úng, til þess strax að fara að breyta þeim, nema brýn nauðsyn til beri, og finnst mèr ekki standa svo á hèr; hin frjálsa verzlun vor er enn þá, að kalla má, óreynd; eitt árið streymir, ef til vill, á sumar hafnir fjöldi lausakaupmanna, næsta ár má ske einginn eða fáir. Svona hefir það geingið híngað til, og svo mun verða hèr eptir; ef að nú Seyðisfjörður yrði með tímanum álitinn hentugri fyrir aðalkaupstað, heldur en Eskifjörður, þá væri víst reynanda að fá þessu breytt; það er ekki heldur svo sem utanríkismenn sè eingaungu bundnir við Eskifjörð, þó þeim sè gjört að skyldu að koma þar fyrri en í hinn kaupstaðinn. Eg vil því ráða til, að fresta máli þessu, þángað til menn með meiri vissu geta sèð, að hvorum kaupstaðanna meira sækir, og verð eg því að vera á móti, að nefnd sè sett í mál þetta.

Forseti: Fyrst einginn þíngmanna tekur framar til máls, tel eg mál þetta fullrætt, og skora því á hina heiðruðu þíngmenn, að gánga til atkvæða um, hvort nefnd skuli setja eður ei. Geingu menn þá til atkvæða, en af því *forseta* leizt atkvæðagreiðslan óljós, lèt hann fram fara nafnakall, og urðu þá 12 með, en 11 móti nefnd, þannig:

já:	nei:
Ásgeir Einarsson.	Guðmundur Einarsson.
E. Ó. Kúld.	Magnús Ólsen.
Þ. Guðmundsen.	V. Finsen.
Jón Guðmundsson.	Guðmundur Brandsson.
Jón Hávarðsson.	Halldór Friðriksson.
Jón Kristjánsson.	B. Johnsen.
Jón Sigurðsson.	Þ. Jónassen.
Kolbeinn Árnason.	Jón Samsonsson.
Páll Sigurðsson.	Magnús Andrèsson.
Stefán Jónsson.	Ólafur Sívertsen.
H. G. Thordersen.	Pètur Pètursson.
Vilhjálmur Oddsen.	

Forseti skoraði því næst á þíngmenn, að kjósa menn í nefnd, og stakk upp á 3 manna nefnd, en einginn mælti á móti; voru síðan kosnir þessir:

Jón Hávarðsson með 16 atkvæðum.
Vilhjálmur Oddsen — 16 — —
H. G. Thordersen — 11 — —

Lèt síðan *forseti* afhenda malið *J. Hávarðssyni,* sem formanni nefndarinnar, þar hann var eldri en *V. Oddsen,* er hafði feingið jafnmörg atkvæði.

Forseti: Samkvæmt dagskránni skal eg því næst leggja fyrir þíngið uppástúngu þíngmannsins úr Dalasýslu, og þar með fylgjandi 2 bænarskrár, um breytíngu á helgidaga-tilskipuninni, og skal eg um leið leyfa mèr að vekja athygli þíngmanna á tvennu: fyrst, að hèr er einúngis að tala um, hvort nefnd skuli velja eður ei, en ekki um málið sjálft; og að öðru leyti: að, þó þíngið, enn sem komið er, ekki hafi of mikinn starfa fyrir hendi, er samt bezt að fara varlega í, að setja nefndir fleiri en þarf, því vonum bráðara getur þíngið feingið nóg áríðanda að starfa.

Síðan var uppástúngan afhent uppástúngumanni, og las hann hana, og er hún svo hljóðandi:

„Síðan að tilskipun um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, dagsett 28. marz 1855, birtist almenníngi, hefir hún valdið óánægju meðal þjóðarinnar, þar eð ekki einúngis miðaptanshelgi sunnudagsins, sem í henni er tiltekin, heldur og svo sumt hvað annað, sem í henni stendur, þykir ýmist ótilhlýðilegt, eða of óákveðið, eða ónógt, o. s. frv. Kjósendur mínir og fleiri hafa því bæði í *„privat“*- og *„public“*- ávörpum hvatt mig til að mæla fram með því, að ofannefnd tilskipun væri tekin til endurskoðunar á alþíngi í ár; af þessum ávörpum læt eg fylgja hèr með bænarskrá frá syðri hluta Dalasýslu, og uppástúngu frá frjálsum fundi að Kollabúðum, hvorttveggja ritað í vor.

Þar eð það er og hefir verið sannfæring mín, að þráttnefnd tilskipun þurfi að endurskoðast og umbætast hið allrafyrsta, þá leyfi eg mèr að gjöra til alþíngis þá uppástúngu:

> að það taki tilskipun um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, dagsetta 28. marz 1855, til yfirskoðunar og endurlögunar, og sendi hans hátign konúnginum bænarskrá um þær breytíngar á tèðri tilskipun, sem þíngið kann að álíta nauðsynlegar.

Reykjavík, dag 3. júlí 1857.

Virðíngarfyllst
G. Einarsson“.

G. Einarsson: Síðan að tilskipun af 28. marz 1855 kom fyrir

almennings augu, hefir allur þorri Íslendínga, þeirra sem eg hefi haft kynni við, álitið, að hún hafi mjög illa tekizt og geti leitt með tímanum til ýmsrar ósiðsemi, á hverri nú þegar sè farið að brydda. Eg hefi því feingið ýms brèf, sem lúta að þessu máli og sýna áhuga manna, að reyna að stemma stiga fyrir siðferðisspillíngu þeirri, er hèr af kynni fljóta (því: „við upptök skal á stífla“).

Auk margra galla, sem þykir á tilskipun þessari, eru samt þrír, sem mest þykir kveða að, fyrst sá, að leyft er að vinna alla vinnu eptir miðaptan á sunnudögum; annar sá, að 2. gr. tilskipunarinnar er með svo óákveðnum orðum, að þeir, sem svo eru skapi farnir, geta farið í kríngum hana og unnið mestan hluta sunnudagsins að ósekju; þriðji er sá, að ekkert verulegt bann er lagt við drykkjuskap, slark og útreiðir, sem, því miður, tíðkast á sunnudögum. Eg vil, að svo stöddu, ekki leingja tímann með að sýna fram á það, hverju sèrhver þessara galla getur orðið ollandi í samlífinu, því eg vona, að þíngið sè mèr samdóma í því, að tilskipanin svona óbreytt sè búin þegar að eiga nógu lángan aldur, og þurfi því að takast til endurskoðunar og umbótar. Eg vona aðstoðar þíngsins þess heldur, sem málið er mikilvægara og alvarlegra; því það hlýtur öllum að vera ljóst, að það snertir guðsorð og rèttindi þess, og þess vegna virðist mèr, að sè málinu ekki tilhlýðilegur gaumur gefinn, þá veikist við það máttarstólpar trúarinnar.

M. Andrèsson: Þó að úr ýmsum áttum hafi verið skorað á mig, að bera fram bænarskrár sama efnis, hefi eg ráðið frá því vegna þess, að líkar bænarskrár hafa verið ónýttar hèr á þíngi áður; á þínginu 1855 var eg ekki svo mjög áfram um, að tilskipuninni væri breytt, af því hún þá var óreynd enn þá, og eg ekki áleit, að það gæti vanhelgað þjóðina að reyna hana um nokkurn tíma; en nú er hún reynd, og eg veit og get með sannindum borið, að hún er þjóðinni mjög óvinsæl; þannig var á fundi einum, er 37 menn voru á, í Hróarsholti í Árnessýslu 11. júní, stúngið upp á, að biðja um breytíngu á tilskipuninni, og geingið til atkvæða um, og urðu þá 36 fyrir, en einúngis 1 á móti því, að nauðsynlegt væri að breyta henni; eg verð því að mæla fastlega fram með, að nefnd verði sett í þessu máli.

G. Brandsson: Mèr virðist það standa þeim næst, sem óánægðir eru með helgidagatilskipunina, að skýra frá, af hvaða ástæðum það er, og furðar mig á, að þeir ekki skuli hafa gert það, því mèr þætti það næsta fróðlegt. Má ske þeir geti sýnt fram á það,

að siðferðið hafi spillzt, síðan tilskipanin kom út; eg fyrir mitt leyti hefi ekki heyrt það, og hvorki hjú nè húsbændur kvarta yfir illum afleiðíngum hennar; eg veit heldur ekki betur, en að hjú hafi eins eptir sem áður haft fullt frjálsræði til guðræknis-æfínga á helgum dögum, og til kirkjugaungu, þó því hafi má ske verið spáð af sumum hverjum, að svo mundi ekki verða, svo þó helgin sè nú að nokkru leyti takmörkuð við miðaptan, þá geri það hèr í einga breytíngu; þeim, sem óánægðir eru með tilskipanina, verð eg því að segja það, að það er mesti munur á því, að vera óánægður með eitthvert lagaboð, og á hinu, að segja, hvers vegna menn sè það, eða færa ástæður fyrir óánægju sinni.

G. Einarsson: Ef hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngu-sýslu ekki trúir röddum þeim, er úr öllum áttum streyma til þíngsins gegnum brèf og bænarskrár, mun hann vart trúa orðum einstaks manns; laga-sannanir get eg að vísu ekki komið fram með, en það er víst og menn vita það, að þjóðin er óánægð í mesta máta með helgidaga-tilskipunina, og mèr finnst það næsta ísjárvert að keppa við, að halda í gildi lögum þeim, sem særa þær tilfinníngar, er grípa inn í atriði trúarinnar. Þó að svo kunni nú að vera, að sumir álíti, að 3. boðorðið heyri undir mannasetníngar eingaungu, þá eru þó víst margir, og meðal þeirra er eg, sem álíta tíulaga-boðorðin guðsboð, staðfest af Kristi sjálfum. Sem þvílík eru þau og hafa verið viðurkennd, því Lúthers *Katekismus* telst meðal hinna *„symbólisku“* bóka kirkjunnar. Því getur heldur einginn neitað, að sunnudagurinn, og það allur, hefir verið heilagur haldinn frá hinum fyrstu tíðum kristninnar, og hvers vegna skal nú breyta slíku, og hvað veldur því? Eg vildi annars óska, að eg gæti orðið frí frá því, að þurfa að fara leingra út í þetta mál að sinni; því eg er hræddur um, að eg yrði þá of ör, því málið liggur mèr mjög svo á hjarta.

M. Andrèsson: Komizt hefi eg að því, að menn nú almennar leggja á stað í lestaferðir frá heimilum sínum á helgidagskvöldum; áður en tilskipanin kom út, átti þetta sèr ekki stað, og stundum fara menn á stað klukkan 5 eður 5½; yfirvöldin, sem eiga að gæta þess, að tilskipuninni sè hlýðnast, eru í vafa með hana og vita varla, hvað þau eiga til að taka; sumir vilja fara strángt, sumir ekki, og þetta fèlli allt burtu af sjálfu sèr, væri dagurinn allur haldinn helgur.

Forseti: Eg verð að ítreka það við hina heiðruðu þíngmenn,

að þeir haldi sèr til hins almenna í málinu, en ekki til sèrstaklegra hluta, er koma fyrir í daglegu lífi.

P. Jónassen: Þó mèr finnist umræður um þetta efni orðnar nógu lángar, þá vil eg þó tala fáein orð. Eg hefði vel getað skilið í því, að almenníngur væri óánægður með helgidagatilskipunina, ef hún hefði í raun og veru komið með nýmæli, en það gjörði hún ekki; því þau verk og athafnir, sem tilskipunin leyfir á sunnudögum, áttu sèr, þegar hún kom út, stað um allt land átölulaust og án þess nokkur hneyxlaðist á þeim, en þegar tilskipunin var komin út, þá hófst fyrst umræða og umkvörtun í þessu efni, og sumir tóku svo djúpt í árinni, eins og kristin trú og guðrækni væri hèr í landi komin í mesta voða, og þeir, sem sjá eða lesa þessar umkvartanir, hljóta víst að halda, að Íslendíngar sè einhver hin guðhræddasta þjóð í heimi; og að vísu er það eptirtektavert, að sumir nú vilja leiða inn aptur gömlu helgihaldslögin, og enda að herða á þeim, því þau leyfðu þó t. a. m. þeim, sem voru uppi á fjöllum, að leggja upp á sunnudag og að halda til byggða, en mèr heyrðist ekki betur, en einn af þeim heiðruðu þíngmönnum áðan vildi hafa það bannað.

Eg er fyrir mitt leyti sannfærður um, að þó þíngið, mót von minni, færi að herða á helgidagalögunum og breyta tilskipuninni, sem hèr ræðir um, í þá átt, mundi það ekki verða nema á pappírnum, en ekki komast inn í lífið, því sönn trúrækni og sannfæring verður ekki leidd með lagaboðum úr einni stefnu í aðra. Lögin laga sig eptir tímunum og þeim hugsunarhætti, sem þá er drottnandi, og hann er vissulega, eins og nú stendur, gagnstæðilegur öllu ófrelsi. Eg mæli því móti nefnd í þessu máli.

St. Jónsson: Eg er viss um, að það er til einskis, þó í þetta skipti sè neitað að setja nefnd í þetta mál, því óánægjan með tilskipunina er svo megn, að menn ekki munu láta af, að senda hverja bænarskrána á fætur annari til alþíngis, þángað til þeim verður veitt bænheyrsla, og er því undandrátturinn einúngis til þess, að þíngið missir marga tíma fyrir einn, að ræða um þetta mál. Og það er ekki af því, að mönnum hafi snúizt hugur í því efni, að eg ekki kom með bænarskrá um þetta, eins og á seinasta þíngi, heldur af því, að eg fór svo snemma í vor að heiman, að menn gátu ekki verið búnir að tala sig saman, hvorki um þetta nè annað og því kom eg með einga bænarskrá um nein málefni.

Jón Guðmundsson: Eg verð að trúa því, sem svo margir heiðraðir þíngmenn fullyrða hèr með svo miklu afli og fylgi, að

þessi nýja helgidagatilskipun sè ógeðfelld og óvinsæl alþýðu, að þessar miklu og öflugu raddir, sem skírskotað er til, sè sannar og verulegar; en mig furðar samt á því, að menn ekki skuli geta geingið úr skugga um, að mál þetta getur ekki með neinu móti feingið önnur afdrif nú, en það fèkk, þá er það var rætt og undirbúið á þínginu 1853; þá voru teknir í nefndina þeir beztu kraptar, sem þíngið hafði þá yfir að ráða: 2 hinir æðstu geistlegu embættismenn á landinu, 1 ágætur lagamaður, og að auki einn hinn frjálslyndasti geistlegur embættismaður, sem þá var uppi; eptir það þessir ágætu menn höfðu undirbúið málið í nefnd, var það mjög ítarlega rætt í þínginu, og tillögur nefndarinnar samþykktar með miklum atkvæðafjölda. Nú eru að mestu leyti hinir sömu menn á þíngi og þá, og ekki hefir þíngið yfir betri kröptum að ráða nú, en það átti þá kost á; hvernig geta menn svo búizt við öðrum eður betri málalokum eða verulegum umbótum á þessu lagaboði, þótt menn tæki það fyrir nú til endurskoðunar og endurbótar? eg skil ekki, að neitt gæti þar með áunnizt. Eg leyfi mèr að benda hinum heiðraða uppástúngumanni, — það er á hans valdi, hvort hann vill aðhyllast þá bendíngu mína eður eigi, — hvort hann vildi ekki heldur ráða af, að leggja mál þetta fyrir prestastefnu landsins *(synodus)*; þar virðist mèr vera þessa máls rètta *„forum“*; yrði málið þar rannsakað og endurskoðað, eptir því sem prestar landsins þekkja bezt til hugsunarháttar og guðræknistilfinníngar alþýðu, eptir geistlegum rètti og frá geistlegu sjónarmiði, hvort heldur væri af prestastefnunni sjálfri, eður nefnd manna, er hún til þess kysi, þá er eg sannfærður um, að þegar þar að lútandi uppástúngur kæmi fyrir alþíng, mundi það hika við að neita þeim um samþykki, heldur biðja konúng að gjöra þær að lögum. Þar sem hinn heiðraði uppástúngumaður gat þess, að í sumum bænarskránum væri það fundið að helgidagatilskipuninni, að hún sè óljós og óákvörðuð með tilliti til þess að banna drykkjuslark, útreiðir og þess konar á helgidögum, og hvaða hegníng eða sektir þar liggi við, þá mega allir sjá, að þess konar ákvarðanir eiga alls ekki heima í helgidagalögum, heldur í þeim lögum, sem áhræra lögreglu yfir höfuð að tala, og yfirtroðslur gegn henni.

P. Pètursson: Eg vil leyfa mèr að fara nokkrum orðum um þetta mál, og þó einkum um það, er hinn heiðraði *varaforseti* gat um, að 1853 hefði alþíng kosið hina beztu menn sína í þetta mál, og því væri ekki að ætlast til, að nefnd gæti nú bætt um það, þótt hún yrði kosin. Eg var nú að vísu í þessari nefnd, og verð eg að

segja það, að mèr aldrei algjörlega líkaði, hvernig frá málinu var geingið, og get eg ekki eiginlega kennt nefndinni um það, og ekki heldur alþíngi, heldur var það að kenna kríngumstæðunum og einkum því, að nefndin fór, ef til vill, fremur um of eptir dönsku tilskipuninni, sem gefin var fyrir kaupstaði í Danmörku 1845, og eptir frumvarpi því, er lagt var fram á þínginu og sem byggt var á nefndri tilskipun. Meðnefndarmenn mínir muna eptir því, að vèr vorum hræddir um, að þó þessi tilskipun hefði á sèr frjálslegan og guðrækilegan blæ, þá mundi hún þó naumast geta orðið geðfelld og átt vel bæði við kaupstaði og sveitir hèr á landi, sem hvorttveggja er ólíkt í tilliti til starfa sinna og skemmtana; en af því tíminu var svo naumur, að vèr treystumst ekki til að búa til nýtt frumvarp, þá urðum vèr að taka frumvarpið og laga oss eptir því. En þar sem hinn heiðraði varaforseti rèð til að leggja málið til *synodus,* þá vil eg reyndar ekki setja mig á móti því, en þó geta þess, að það kemur uppástúngumanni við, en ekki þínginu, hvort hann vill heldur snúa sèr til *synodus* með það eður til þíngsins. Eg játa fúslega, að það sè mikill vandi að búa til slík lög, einkum þegar ekki er nægur tími til þess; eg kannast og við það, að eg efast um góð afdrif þessa máls, ef það verður fyrst feingið *synodus,* og síðan alþíngi til meðferðar, því í þessu máli á það við, að lítið lagar og lítið aflagar, og þegar til atkvæða kemur hèr á þíngi, þá verða þau talin, en ekki vegin, eins og eðlilegt er; þess vegna er eg hræddur um, að lítið sè unnið, ef málið verður fyrst lagt fyrir *synodus,* og síðan feingið alþíngi, og það látið breyta uppástúngum *synodus.* Alþíng ræður, hvað það gjörir í þessu máli, en mèr þykir það þó nokkuð ísjárvert, að vísa málinu frá sèr, því það er auðsèð, að guðræknistilfinníng almennings hèr á landi vill láta helgina ná til alls sunnudagsins, og álít eg það varúðarvert, að löggjöfin geti gefið tilefni til að særa hana, eins og eg er viss um, að stjórnin muni verða fús á, að fullnægja þessari laungun trúrækinna landsmanna. Mèr sýnist það því vera skylda þíngsins, að gefa þessu máli einhvern gaum, og vil eg gefa atkvæði fyrir því, að nefnd verði sett í þessu máli.

H. G. Thordersen: Mèr þykir það ólaglegt, að láta ekki heyrast eitt orð frá mèr í þessu máli, með því eg átti sæti í þeirri nefnd, er í það var sett 1853, og vil eg því fara um það fáeinum orðum. Eg er því öldúngis mótfallinn, að nefnd sè kosinn í þetta mál; en ef þó svo skyldi verða, þá vil eg biðja þíngmenn góðsamlega að kjósa

mig ekki í þá nefnd, því eg vil ekki víkja frá því, er eg áður hefi gjört í þessu máli; eg hefi nefnilega aldrei sett guðrækni mína eður trú í því, hvort helgihaldið væri nokkrum stundum leingra eður skemmra, og hefir mèr þó ekki verið ámælt fyrir ræktarleysi við guðsorð eður góða siði.

Forseti: Eg vil geta þess, að það er þó ekki ætíð góð regla, að kjósa þá eina í nefnd, sem málinu eru meðmæltir, því þá er hætt við einstreingíngslegri skoðun á því; eg get þessa einúngis, ef hinn heiðraði 1. konúngkjörni þíngmaður vill halda fast á því, að mælast undan kosníngu.

H. G. Thordersen: Það var ekki meiníng mín, að setja þínginu stólinn fyrir dyrnar.

E. Ó. Kúld: Eg skal ekki leingja þíngræðurnar, og einúngis svara því með fám orðum, er hinn heiðraði varaforseti sagði áðan, að það væri ógjöranda að setja nú nefnd í þetta mál, þar eð því hefði verið hrundið frá nefnd 1855 — (*Forseti:* Hèr er nokkur misskilníngur, varaforseti nefndi 1853, en ekki 1855 —). Nú, eg skal þá svara því; hann sagði, að ógjöranda væri, að fá þetta mál aptur sömu mönnum, sem í það voru kosnir 1853, en það hefði þó verið þeir beztu menn, er þíngið átti til; til þessa get eg svarað honum, að þessir menn voru þó menn, og mun einginn þeirra, — jafnvel þó þeir væri, eins og allir vita, helztu menn þíngsins — skora sig undan hinu almenna lögmáli, að verk þeirra væri ófullkomin; nú er búið að reyna lögin, og menn eru nú komnir að þeirri niðurstöðu, að tilskipun þessi er háð þeim göllum, sem gjöra hana óhentuga og enda óhafandi. Hinn heiðraði þíngmaður fyrir Gullbríngusýslu sagði á þá leið, ef eg hefi skilið hann rètt, að hann vildi, að menn leiddi hèr rök að þessu, með því að fram færa hèr dæmi um það, að tilskipun þessi hefði valdið siðferðisspillíngu þjóðarinnar; en eg verð að frábiðja mèr að dæma um, hvort þjóð vorri hefir farið fram í siðferðislegum skilníngi eða ekki, síðan tilskipunin kom út, en einúngis segja það, sem eg þegar hefi sagt, að eg veit til, að tilskipunin hefir reynzt mjög gallamikil, ef ekki með öllu óhafandi. Eg veit ekki, hvað ætti að vera hvöt til að setja nefnd í þetta mál, ef það eru ekki raddir þær, sem streyma frá hjarta þjóðarinnar til þíngsins og biðja um breytíngu á tilskipuninni; þetta eru andlegar en ekki líkamlegar raddir, fyrir því skulum vèr ekki loka dyrum hjartans fyrir þeim, og særa þannig helgar guðræknistilfinníngar þjóðarinnar! — Hinum heiðraða 2. konúngkjörna þíngmanni fannst eig-

inlega einginn munur milli tilskipunarinnar og hinnar eldri 1744 um helgihald, þar eð hún hefði þótt svo straung, að eptir henni hefði ekki framar verið farið, og því væri eingin breytíng hèr í rauninni á orðin; en eg veit hvergi jafnmikla breytíngu; hin fyrri lög voru ákaflega straung og fyrir því óhafandi, en hin nýju þykja of lin og þess vegna óhafandi Eg get og skýrt mönnum frá því, að allur hvíldardagurinn er helgur haldinn víða í öðrum löndum, t. a. m. á Skotlandi, og þar eru helgidagalög mjög straung, og þykir mèr vel eiga við, að vèr tökum það upp eptir bræðrum vorum í öðrum löndum í því, sem betur má fara.

G. Brandsson: Eg orsakast til að standa upp, og hefði eg þó látið það vera, ef þíngmennirnir úr Dala- og Snæfellssýslum hefði eigi misskilið mig svo hraparlega; það er ekki satt, sem hinn heiðraði þíngmaður Snæfellínga bar upp á mig, að eg vildi láta dæma um siðferði manna; eg hefi ekki krafizt dóms, heldur bað eg þíngmenn þessa skýra frá, ef þeir gæti borið það, að siðferði manna hefði spillzt, síðan tilskipunin kom út. Annars vildi eg óska, að þíngmenn talaði um þetta mál með meiri stillíngu, en minni ákafa, því eg hefi einúngis óskað, að fá að vita, hvers vegna menn æpa svo mjög eptir breytíngu á optnefndri tilskipun, eða hvort hún hefir komið nokkru illu til leiðar í siðferði manna, því eg álít, að þíngmenn yrði teknir eins trúanlegir í því efni, þó þeir hefði ekki með sèr vitnisfestar eða eiðfestar skýrslur um þetta efni, eins og menn trúa þeim fyrir, að hafa ekki falsað undirskriptirnar undir bænarskránum. Dæmið, sem hinn heiðraði þíngmaður Árnesínga sagði oss um, að menn legði upp frá heimili sínu með lestaferðir á helgidagskvöldum, hlýddi þó að nokkru leyti til þess, sem eg spurði eptir, en annað mál er það, hvort menn eiga að álita það fremur siðferðisspillíngu eða hitt, að nauðsyn manna sè með þessu betur fullnægt, en áður var, og vil eg eptirláta öðrum að dæma um það.

Jón Kristjánsson. Eg er samdóma hinum heiðruðu þíngmönnum, um það, að mál þetta sè mjög mikilsvert, og eg get skilið í því, að tilskipunin sè ófullkomin, eins og öll mannaverk, en hitt hefi eg hvergi fundið í henni, að hún banni mönnum helgihald nè guðrækni, heldur hvetur hún menn til þess. Eg er hræddur um, að það lýsi sèr keppni í því, að taka þetta mál fyrir að nýju, og það einmitt, meðan sömu mennirnir eiga hèr þíngsetu, sem unnið hafa að tilskipuninni; má og vera, að breytíngin eða endurbótin bíði sèr betri byrjar, ef henni er nú frestað, og fyrir því vil eg ráða frá nefnd í málinu.

Forseti: Eg vil skjóta því til þíngsins, hvort málið sé ekki nóg rætt að sinni.

J. Hávarðsson: Eg vildi að eins leyfa mèr að gjöra þínginu grein fyrir því, hvað vakti fyrir mèr, þegar eg skorðist undan því við kjósendur mína, að taka af þeim bænarskrá um breytíngu á helgidagatilskipuninni, en það var, að þá var ekki búið að þínglýsa henni; en nú er allt öðru máli að gegna.

Forseti: Hinn heiðraði uppástúngumaður hefir beðið um nafnakall, og því er ekki þörf á því fyrir þíngmenn, að lýsa atkvæðum sínum.

G. Einarsson: Eg skal ekki tefja leingi tímann. Eg vildi einúngis biðja hinn heiðraða þíngmann Suður-Þíngeyínga að lesa rækilega 3. boðorðið í fræðunum, og biðja hann svo að athuga, hvort tilskipunin skerði ekki þetta boðorð. Eg veit það að vísu, að í 15. gr. tilsk. er prestum gjört það að skyldu, að brýna fyrir söfnuðunum nauðsyn kirkjurækni með guðrækilegu hugarfari, en þeim er jafnframt boðið að stuðla til, að breytt sè eptir tilskipuninni, og þá finnst mèr ekki betur, en að þeir verði að brjóta það aðra stundina, sem þeir byggja hina. Hinn heiðraði varaforseti kom með lögfræðislega skoðun sem ástæðu með tilskipuninni, en hann hlýtur að samsinna mèr í því, að í öðru eins máli, og hèr ræðir um, er ekki hin lögfræðislega skoðunin einhlít, heldur verður henni að vera samfara kristileg skoðun og það sannkristileg. En þar sem hinn 2. heiðraði konúngkjörni þíngmaður sagði, að lögin yrði að laga sig eptir tímunum og hinum drottnandi hugsunarhætti, þá get eg eingan veginn verið honum samdóma í því í tilliti til þeirra laga, sem nú eru umræðuefni, því þau eru byggð á guðs lögum, sem aldrei breytast. Þess vegna, þó að tímarnir breytist, og straumur tímans renni án afláts, þá verðum vèr samt að gæta vor við því, að reyna ekki til, að breyta lögum guðsorða, því annars er hætt við, að vèr berumst með strauminum þángað, sem eingum er gott að koma.

Jón Guðmundsson: Eg verð að segja, að eg óttast ekki þessar raddir, sem þíngmenn eru að tala um, og þær skulu ekki koma mèr til þess, að gefa atkvæði mitt fyrir nefnd í þessu máli. Ef það er einbeittur þjóðvilji, að fá þessu framgeingt, þá er það vel aðgætanda, að þeir þíngmenn, sem nú eiga hèr þíngsetu, eru hèr nú í seinasta skipti; til næsta þíngs eiga að fram fara nýjar kosníngar, og því geta þessar miklu og mörgu raddir, sem hèr er skírskotað til, og þessi almenni þjóðarvilji, sem menn bera fyrir sig, gjört sig gildandi, því

þá gæti ekki þeir menn, er nú gefa atkvæði sitt móti nefnd, orðið kosnir til næsta þings, heldur aðrir; þannig er eindreginn þjóðarvilji vanur að lýsa sèr í öðrum löndum um þau mál, er menn hafa á almennan áhuga; og verði það, skal eg fúslega hopa fyrir þeim vilja, ef menn fyrir þá sök vilja heldur annan kjósa; en fyr vil eg ekki hopa eitt fet frá sannfæringu minni í þessu máli, og vil, að þíngtíðindin beri það með sèr, að eg byggi atkvæði mitt móti, að nefnd sè kosin, meðfram á þessum ástæðum.

M. Andrèsson: Eg vil leyfa mèr að svara hinum heiðraða 2. konúngkjörna þíngmanni með fám orðum. Hinn heiðraði þíngmaður talaði um, að hin eldri lög hefði leyft, að leggja upp ofan af heiðum og ofan í byggðir á helgum dögum, en eg gat um, að menn legði upp heiman að frá sèr á sunnudögum, og er það auðsèð, að hèr er mikill munur á milli; en þar sem hinn sami heiðraði þíngmaður gat þess, að menn hefði gjört hið sama, áður en tilskipanin kom, hneyxlislaust, en síðan hún kom og það var ekki bannað, þá hefði menn hneyxlazt, þá finnst mèr, að þessi ástæða, sem átti að vera með tilskipuninni, sè einmitt á móti henni, því það, að tilskipunin hefir valdið hneyxli, og menn hneyxlast á því, sem þeir hneyxluðust ekki áður á, er einmitt meðmælíng með nefnd í málinu.

J. Sigurðsson: Eg var nú einn hèr á þíngi 1853, þegar þetta helgidagamál var rætt, og þá virtist mèr, að þíngið bæði tæki sèr nægan tíma til þess, og líka, að þíngmenn gerði sèr allt far um, að undir búa málefnið sem vandlegast, og þó að þíngið fari nú að taka svona nýtt og óreynt lagaboð aptur til meðferðar, þá hefi eg einga trú, að því takist það nú neitt betur, eður það gjöri lagaboðið nú svo gott, að ekki yrði að því fundið, heldur yrði það til að eyða öðrum eins tíma nú til lítils. Eg fyrir mitt leyti veit heldur ekki til í þeim byggðarlögum, sem eg þekki, að siðferði fólks hafi neitt spillzt síðan sunnudagatilskipunin kom út, og ekki heldur hefi eg heyrt neina sèrlega óánægju fólks yfir henni. Þegar þíngið undir bjó þetta mál, var eg einn á því, að sunnudagshelgin væri sem leingst, og leingri en nefndin hafði sett hana; því gjörði eg jafnsíða öðrum þíngmanni það breytíngaratkvæði, að helgin stæði til miðaptans, og þá það fèkkst, þótti mèr allt feingið sem þurfti; því frá mínum barndómi hafði eg heyrt, og það hafði ríkt fyrir mèr, að helgin mætti kallast úti á miðaptni. Virðist mèr það líka meir miða til að hepta drykkjuslark og útreiðar, að helgin sè ekki óþarflega laung, svo að húsbændur mætti á sunnudagskvöldum heldur

hafa aðhald á sumum hjúum sínum. Eg verð þess vegna á móti því, að nefnd verði sett í þessu máli, og þíngið fari upp á nýtt að eyða tíma yfir því; því eg hefi heldur einga trú á, að lagaboðið batni, þó það sè farið að gjöra það mikið ítarlegra, því menn vita líka, að ítrustu lög eru gjarnan mestu ólög.

Á. Einarsson: Eg skal ekki leingja þíngræðurnar mikið. Það er til vonar, þótt menn sè bæði heitir og kaldir í þessu máli, þar meiníngar skiptast; því það er trúarmálefni, en því er viðbrugðið, að menn sè heitir í trúarstríðum. Eg veit reyndar tvö dæmi, sem sýna, að þessi tilskipun hefir orðið til góðs. Eg fyrir mitt leyti er á því, að menn hefði átt að reyna að brúka hana leingur, áður en breytt væri; en þar þjóðin er svo áköf með þetta mál, og helzt lítur út fyrir, að hún hætti ekki að biðja um breytínguna, og almennur þjóðvilji, sem getur staðizt, á skilið meðmæli, þá þykir mèr ísjárvert að vísa málefninu frá, því það getur líka hneyxlað marga, en postulinn vildi jafnvel ekki eta kjöt, ef það hneyxlaði bræðurna. Af þessum ástæðum ætla eg ekki að setja mig móti nefnd.

P. Sigurðsson: Eg skal nú ekki vera margorður, því eg álít umræður þessar orðnar full-lángar, því eg er öldúngis á sama máli, og þíngmaðurinn, er síðast mælti; því ef þíngið nú vísar málinu fra sèr, þá munu koma bænarskrár um þetta efni til næsta þíngs, og því er eg því meðmæltur, að nefnd sè kosin í málið.

Á. Einarsson: Eg get bætt því við það, sem eg hefi áður sagt, að eg hefi opt reynt til þess heima í hèraði, að bæla niður óánægju manna með tilskipunina, en það hefir ekki dugað, og því held eg þessi óánægja muni ekki enda, fyr en málið fær einhvern enda.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, verð eg að álíta málið fullrætt að sinni. Hinn heiðraði þíngmaður Dalasýslu hefir beiðzt nafnakalls, og skal eg því láta það fram fara. Síðan fór nafnakall fram, og var samþykkt að kjósa skyldi nefnd með 15 atkvæðum gegn 8. Þessir sögðu:

já:	nei sögðu:
Guðmundur Einarsson.	Þ. Gudmundsen.
R. M. Ólsen.	Guðmundur Brandsson.
Ásgeir Einarsson.	Þ. Jónassen.
E. Ó. Kúld.	Jón Guðmundsson.
V. Finsen.	J. Kristjánsson.
H. Kr. Friðriksson.	J. Sigurðson.
B. Johnsen.	Kolbeinn Árnason.

já:	nei:
Jón Hávarðsson.	H. G. Thordersen.
Jón Samsonsson.	
Magnús Andrèsson.	
Ólafur Sívertsen.	
Páll Sigurðsson.	
P. Pètursson.	
Stefán Jónsson.	
Vilhjálmur Oddsen.	

Þíngmaður Dalasýslu hafði stúngið upp á 5 manna nefnd, en einn þíngmanna áleit, að 3 manna nefnd mundi nægja, lèt því *forseti* greiða um það atkvæði, og urðu 14 atkvæði með 5 manna nefnd, og var það því samþykkt. Í nefndina voru þeir kosnir:

P. Pètursson	með	18	atkvæðum.
G. Einarsson	—	16	— —
E. Ó. Kúld	—	10	— —
B. Johnsen	—	9	— —
H. G. Thordersen	—	8	— —

Forseti: Þessu næst er þá eptir dagskránni uppástúnga hins heiðraða þíngmanns Rángvellínga um brauðaveitíngar.

Þíngmaðurinn gjörir kann ske svo vel, að lesa hana, ef þíngmenn æskja að heyra hana. Síðan var bænarskráin afhent þíngmanninum, og las hann hana, svo látandi:

„Það munu flestir játa, að það sè nauðsynlegt, að sèrhver maður, í hverri helzt stöðu sem hann er, viti í hið minnsta nokkuð um þau rèttindi, sem hann hefir, ef hann gegnir trúlega því, sem honum er á hendur falið. Eptir öllum venjulegum hætti hlýtur þekkíng á þessu að gjöra hann athugasamari og árvakrari í köllun sinni, undir eins og það getur mjög hvatt hann til að taka framförum í því, sem er áríðandi fyrir hans verkahríng. En þó þekkíng rèttindanna, og það er af henni flýtur, sè nauðsynleg fyrir alla, þá er hún ekki sízt áríðandi fyrir embættismanninn. Hann er settur til veglegra og áríðandi starfa, á honum hvílir mikill vandi, og hann kann optsinnis að eiga og þurfa að leggja mikið í sölurnar, til þess hann gegni því, er gegna ber, eins og skyldan býður, og sökum þess kann hann opt, sem maður, að þurfa að geta haft grundvallaða von á góðu, ef hann á ekki að freistast til, að gefast upp, ef til vill, á miðri leið, eða slaka á kröptum sínum, þegar einmitt er þörf á því, að hann reyni hvað mest á þá.

Þegar litið er til prestastèttarinnar hèr á landi, þá er það alkunnugt, hvað lögin fyrirskipa viðvíkjandi því, að veita þeim brauð, er siglt hafa til háskólans í Kaupmannahöfn, og tekið þar embættispróf; líka er kunnugt það samband, sem sett er á milli þessara og þeirra, sem eru útskrifaðir úr prestaskólanum, og jafnvel eru sumir ekki ófróðir um, hvað fyrir er mælt viðvíkjandi skrifurum stiptamtmanns og biskups, þegar þeir hafa gegnt skrifstofustörfum hjá þessum embættismönnum í 6 ár; en hvað þá snertir, sem eru útskrifaðir úr Bessastaðaskóla, þá hlýt eg að játa, að mèr er með öllu ókunnugt það lagaboð eða stjórnarbrèf, er tiltekur, í hvaða hlutfalli þessum, hvort heldur þeir eru prestar eða stúdentar, skuli veitast brauð á móti hinum, hverjum fyrir sig, og eptir því, sem eg hefi litið til brauðaveitínga nokkur undanfarin ár, þá hlýt eg að ímynda mèr, að eingin föst lagaregla sè til viðvíkjandi þeirri ákvörðun, hvaða aðgáng þeir, sem út skrifazt hafa frá Bessastöðum, skuli hafa til brauða á móti þeim, sem tekið hafa embættispróf við háskólann, prestaskólann, eða hafa verið 6 ár skrifarar hjá stiptamtmanni og biskupi; þá sjá allir, að þetta getur, ef til vill, ekki sízt á þessum tíma, orðið hættulegt, að þeir, sem einúngis hafa lært í Bessastaðaskóla, og ekki eru búnir að fá nokkurn veginn lífvæn brauð, geti með nokkrum ástæðum haft þá hugmynd, að fá betri brauð, heldur að þeir hljóti að lifa á moðum, þángað til einhver sèrleg, en öldúngis óviss náð kynni að veita þeim annað fóður sem náðargáfu.

Eg leyfi mèr því að óska, að hið heiðraða alþíngi taki mál þetta til meðferðar, og biðji þess konúng vorn, að hann til taki með lögum, hvaða aðgáng að brauðum þeir prestar og stúdentar, sem út skrifazt hafa frá Bessastaðaskóla, skuli almennt hafa á móti þeim, er hafa tekið, og framvegis taka embættispróf við háskólann, prestaskólann, eða hafa í 6 ár verið skrifarar hjá stiptamtmanni og biskupi, svo framarlega sem lagaboð um þetta efni er ekki nú þegar út gefið.

Alþíngi, 3. júlí 1857.

P. Sigurðsson.

P. Sigurðsson: Eg skal ekki vera margorður um þetta mál að sinni, og því einúngis geta þess, að heima í hèraði hefir orðið umrætt um brauðaveitíngar og eptir hvaða reglum þau væri veitt; þóttust menn þá finna, að stúdentar frá Bessastöðum yrði hart út undan í samanburði við kandídata frá háskólanum eður frá prestaskólanum, og vissu menn enda dæmi til, að úngum prestaskóla-

kandídötum hefir, og það jafnvel optar enn einu sinni, verið veitt brauð fyrir 20 ára gömlum presti. Eg neita því ekki, að mönnum þótti þetta undarlegt og enda nokkuð hart, því það er þó auðvitað, að aldurinn hlýtur að gjöra mikið til, því öllum þeim embættismönnum, sem nokkuð vilja fylgja tímanum, fer stórum fram í vísindalegri þekkíngu, eptir að þeir eru farnir úr skóla, þó ekki sè þeir prófaðir í þeim lærdómi. Mönnum kemur það og svo fyrir, að brauðin sè veitt án fastra lagaákvarðana, og einúngis að vild þeirra, sem veita brauðin, og getur slíkt valdið óánægju, þó hún kunni stundum að vera ástæðulítil. Eg er nú hvorki stúdent nè kandídat, og mega því allir vita, að eg berst hèr ekki fyrir eigin hagsmunum; að svo mæltu yfirlæt eg þínginu málið til meðferðar, og vona eg, að það þyki þess vert, að setja nefnd í því.

P. Pètursson: Eg get eigi annað en álitið það óþarfa fyrir þíngið, að taka þetta mál að sèr; þar að auki finnst mèr það varla vera þess eðlis, að það eigi við, að ræða þetta mál hèr á þíngi; svo er og enn sá galli á bænarskránni, að hún nefnir að eins stúdenta frá Bessastaðaskóla, en ekki frá hinum eldri Reykjavíkurskóla, og er þó auðsætt, að þeir ætti að hafa eins mikinn rètt, eða jafnvel meiri, því þeir eru eldri, og því að líkindum forþèntari. Mèr finnst óþarfi, að fara að setja lög um rèttindi eldri presta og kandídata sín á milli, því til er stjórnarherraúrskurður um það, að gamlir prestar eigi jafnvel að gánga til jafns við háskólakandídata, ef þeir hafa sýnt dugnað. En af hinum eldri stúdentum eru flestir í prestsembættum. En þó svo hafi nú kunnað að koma fyrir, að prestaskólakandídat hafi geingið á undan gömlum presti, þá hefir það verið gjört af einhverjum sèrlegum ástæðum og kríngumstæðum, sem eg get ekki til greint. En hvað við víkur þeim stúdentum, sem verið hafa á skrifstofu hjá stiptamtmanni eða biskupi, þá eru reyndar eingin lög fyrir því, að þeir eigi að takast fram yfir hina, en þó er til kanselíbrèf, sem mælir svo fyrir, að þeir eigi að takast fram yfir aðra, þegar því verði vel við komið. Annars verð eg að álíta, að þetta mál sè ekki svo umvarðanda, því þetta ástand, sem nú er, er eiginlega ekki annað en það, sem menn kalla *„Overgang“*, og því breytist það bráðum svo, að eptir fá ár verða prestaskólakandídatar lángtum fleiri í samanburði við Bessastaðastúdenta, en nú er og hefir verið híngað til, og þess vegna geta eigi lög um rèttindi þeirra sín á milli gilt nema um tíma. Það er og athugavert, að brauðaveitíngarnar eru eiginlega ekki löggjafarverk, heldur stjórnarmál

(*Regjeringshandling*), því brauðin eru eigi veitt þeim, sem um þau sækja, af því, að þeir hafi strángan rètt til að fá, heldur er það álitið „*Naadessag*“ að veita embætti. Mèr dettur ekki í hug að vilja amast við stúdentum frá Bessastaðaskóla, en eg vil einúngis segja, að það sè öldúngis ógjöranda, að setja fastar reglur um brauðaveitíngar; þess konar verður að felast þeim mönnum á hendur, sem brauðin veita, því það verður ómögulegt að fylgja þessum reglum, vegna þess að það eru svo margar kríngumstæður og ástæður, er taka þarf til greina; það er, auk siðferðis, lærdóms og andlegra yfirburða eins fram yfir annan, einnig dugnaður hans, og það enda dugnaður til að halda við góssi staðarins, sem er svo áríðanda að gjört sè vegna tekjanna; þetta allt verður að taka til greina. En ef gefið er út lagaboð, sem til tekur útþrykkilega, hversu mörg ár þurfi til, að einn skuli tekinn fram yfir annan, þá get eg ekki betur sèð, en þessi áratala muni hafa hinar hættulegustu afleiðíngar bæði fyrir prestastèttina, góss kirknanna og tekjur prestanna, og af þessum ástæðum er eg mótfallinn nefnd í málinu.

P. Sigurðsson: Það var ekki meiníng mín, að binda allt við aldurinn einan, heldur að finna hæfilegt hlutfall milli aldurs og dugnaðar; eg vil hafa eitthvert takmark, en ekki allt eins takmarkalaust, eins og það er nú. En hvað því við víkur, að í bænarkránni er ekki getið um stúdenta úr Reykjavíkurskóla, þá held eg það geti varla staðið bænarskránni fyrir, því þeir prestar eru nú flestir komnir í gröfina, og má því heita óþarft, að taka þá til, því ef nokkrir þeirra eru enn lífs, þá munu þeir vera komnir á lífvænlegt brauð; en Bessastaðastúdentar lifa enn margir, og munu vera nú flestir prestar á landi hèr þaðan útskrifaðir, og þeir, sem út skrifuðust þaðan á nokkru ára bili, áður skólinn fluttist þaðan, eru nú á ferskasta skeiði. En þar sem hinn heiðraði 3. konúngkjörni þíngmaður gat þess, að þeir mundu allt af fjölga meir og meir, sem kæmi frá prestaskólanum, þá er það einmitt ástæða með mínu máli, vegna þess, að því ver eru þeir úr Bessastaðaskóla farnir, sem þeir hafa fleiri úr prestaskólanum að keppa við. En hvað við víkur góssunum, þá vona eg, að hinir eldri sè duglegri og reyndari en hinir ýngri, því þeir, sem koma út úr prestaskólanum, hljóta að vera óreyndir búmenn, en það eru hinir ekki; og eins og þeim, sem út skrifazt hafa frá Bessastöðum, fer búskapur misjafnt úr hendi, og umsjón kirkjufjár, svo mun það reynast eins um þá, og að líkindum eingu síður, sem út koma frá prestaskólanum hèr í Reykjavík. Eg álít, að það sè nauðsyn-

legt að fá ákvörðun um það, í hvaða hlutfalli Bessastaðastúdentar skuli eiga að standa við prestaskólakandídata.

G. Brandsson: Eg held, að það verði ómögulegt að setja lög um þetta efni, er taki út fyrir allar æsar, og taki allt smávegis til greina, sem taka þarf; mèr finnst ófært, að binda allt við áratölu aldursins, því það er minna varið í að lifa leingi, heldur en að lifa vel; en við sanna verðugleika munu þó brauðaveitíngarnar mest eiga að bindast; ef menn ekki þora að fela þess konar mál þeim á hendur, sem brauðin veita, þá veit eg ekki, hvernig á með það að fara, því eg held, að sanngjörn lög í slíku yrði mjög vandfeingin, og því er eg á þeirri meiníngu, að það standi við það, sem verið hefir. Stiptsyfirvöldunum má þó ætla bæði kunnugleika í þessu og líka sanngirni, enda þó bágt verði fyrir þau, eins og aðra, að gjöra svo öllum líki, og því er eg á móti nefnd í málinu.

E. Ó. Kúld: Mèr finnst nokkuð óljós hugsun hins heiðraða uppástúngumanns, því eg get ekki sèð, hvort hann ætlast til, að nefnd sú, er kynni verða sett í málið, eigi að búa til þessar reglur fyrir brauðaveitíngum. En eg er nú á því, að þessar reglur sè mjög vandfundnar, og lítt mögulegt að búa þær til, svo í lagi fari; því við brauðaveitíngar koma svo margar aukakríngumstæður til greina, sem fáir þekkja nema þeir, sem brauðin veita; fyrir því er eg, að svo stöddu, á móti nefnd í máli þessu.

Forseti skaut því til atkvæða þíngmanna, hvort nefnd skyldi kjósa í málið, og urðu 14 atkvæði móti nefnd, en 4 með; var svo málinu hrundið frá nefnd.

Síðan lèt *forseti* taka til umræðu uppástúngu þíngmannsins úr Strandasýslu um ölmusur og húsaleigustyrk handa prestlíngum, er var hið síðasta mál á dagskránni; lèt hann afhenda uppástúnguna þíngmanninum, er las hana upp, og er hún svo látandi:

„Síðan prestaskólinn var stofnaður 1847, er reynslan þegar búin að sýna, að sá opinberi styrkur, sem þeir stúdentar fá, sem gánga á prestaskólann, er helzt til ónógur; það er sem sè ákveðið, að dvöl þeirra á prestaskólanum skuli vara í 2 ár, eptir það þeir hafa lokið af lærdómsiðkunum sínum í hinum lærða skóla, og þeim til styrktar gefnar einúngis 3 ölmusur, auk húsaleigustyrks, sem er 30 dalir fyrir hvern. Stjórnin hefir búizt við, að á prestaskólann mundu í senn gánga allt að 10 stúdentum, og bundið húsaleigu-styrkinn við þessa tölu, og mun það líka teljast svo til, að þessi tala sè hæfilega tiltekin. Þegar nú þess er gætt, hversu dýrt er orðið að

lifa hèr í Reykjavík og hvernig efnahag manna hèr á landi yfir höfuð er varið, þá virðist það liggja í augum uppi, að það muni vera mjög torvelt, eða lítt mögulegt fyrir flesta, að halda hèr sonum sínum í 2 ár styrktarlausum við prestaskólann, og því erfiðara fyrir þá stúdenta, sem eingan eiga að, og sem, ef til vill, eru orðnir stórskuldugir, þegar þeir koma úr hinum lærða skóla, en eins og nú er ástatt um ölmusustyrkinn, hlýtur þó þetta svo til að gánga, og er það orðið mjög svo tilfinnanlegt fyrir marga, hvers vegna líka sumir hafa neyðzt til að hætta við lærdómsiðkanir sínar, og er kvíði hjá almenníngi vaknaður fyrir því, að þessari stofnan, sem hefir þegar borið heillavænlegan ávöxt, muni af áðurtöldum orsökum hljóta að fara hnignandi, nema í tíma sè viðgjört.

Það er því ósk mín og vissulega margra annara landsmanna, að hið heiðraða alþíngi vilji vekja athygli stjórnarinnar á þessu máli, og þegnsamlegast biðja vorn allramildasta konúng, að fjölga ölmusum við prestaskólann, og auka þannig þann styrk, er þeim er veittur, sem gánga á þenna skóla, að hann geti verið nægilegur og að tiltölu við þann, sem veittur er í hinum lærða skóla; og skal eg í þessu tilliti leyfa mèr að stínga upp á, að þíngið fari því þegnsamlegast á flot, að bætt sè 3 ölmusum við þær, sem nú eru, með sömu upphæð, og húsaleigustyrkurinn hækkaður um 20 dali fyrir hvern stúdent á prestaskólanum.

Reykjavík, 3. d. júlímán. 1857.

Á. Einarsson".

Á. Einarsson: Það getur verið, að sumum þyki undarlegt, að þessi bænarskrá skuli koma frá ólærðum bónda, en það er ekki svo undarlegt, ef betur er að gáð, því það erum vèr, bændamennirnir, sem eigum að hafa mest gagn af prestunum og höfum þeirra mest þörf. En eg ber hana núna fram, því þetta verður líklega í síðasta sinn, sem eg verð hèr á þíngi, en þó einkum vegna þess, að áhugi alþýðu fyrir velfarnan prestaskólans hefir aukizt mikið, síðan að hún fèkk hinar ágætu ræður frá forstöðumanni prestaskólans, því þar af getur hún sèð, að prestaefnin geta feingið næga kennslu, ef þeir geta fært sèr hana í nyt fyrir efnaleysi. Þíngmenn þekkja styrk þann, er veittur er stúdentum við prestaskólann; það eru 3 ölmusur, og húsleigustyrkur, 30 rd. handa hverjum; ölmusurnar eru nú, eins og þeim mönnum er kunnugt, er þekkja fjárhagsreikníngana, veittar úr styrktarsjóð háskólans, eður úr *Communitets*-sjóðinum, sem svo er kallaður, en ekki af stjórninni, sem þó er skyldug til, samkvæmt

ummælum sínum, að ala önn fyrir skólanum, því hún hefir tekið að sèr fjárstjórn hans, þegar stólsgóssin voru seld. Meðan skólinn var ekki nema einn, þá fylgdi honum guðfræðiskennsla, til að undir búa prestaefni; en nú hefir stjórnin skilið guðfræðiskennsluna frá lærða skólanum, með því að stofna prestaskólann, og virðist mèr því liggja á henni hin sama skylda, að styrkja þessa stofnun, sem hún hefir og byrjað á; en allir sjá, að ekki er til neins að byrja á einu, ef ekki er haldið áfram, þegar stofnunin er farin að blómgvast. Það getur vel verið, að sumum þyki farið fram á of mikið í uppástúngu minni, og aptur öðrum þyki það of lítið, en eg vonast eptir, að nefndin geti lagað það. Að síðustu vil eg geta þess, að stúdentar á prestaskólanum eru ver farnir, en skólapiltar, því prestaefnin eru ekki nema tvo vetur í prestaskólanum, og þeir, sem lángt eru að, geta varla farið heim til sín sumarið á milli, og svo í öðru lagi, þá út skrifast þeir ekki fyr en einhvern tíma í ágústmánuði, og missa því alveg atvinnu það sumar; af þessu er auðsætt, að þeir líða meira tap en skólapiltar. Eg skal þá ekki fjölyrða framar um þetta mál, heldur stínga upp á þriggja manna nefnd, sem eg ætla að muni nægja, því þíngmenn geta eigi verið í vafa um, hverja þeir eigi að kjósa, en það eru þeir menn, sem kunnugastir eru málefnum prestaskólans, og svo væri gott að hafa einn mann í nefndinni, sem kunnugur væri efnahag alþýðu, sem eg þó reyndar held að hinir sönnu menn sè.

Konúngsfulltrúi: Þegar spurníng er um, hvort kjósa skuli nefndir til að yfirvega þau málefni, er híngað koma til þíngsins, hefi eg eptir stöðu minni, sem erindreki stjórnarinnar, optast nær álitið það hlýða, að leggja lítið þar til, og það sama er tilfellið nú í þetta sinn. En sem Íslendíngur og íslenzkur embættismaður get eg ei annað en mælt fram með þessari uppástúngu og vottað uppástúngumanninum virðíngu mína fyrir það, að hann hefir borið hana fram.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, þá skal eg skjóta því til atkvæða þíngmanna, hvort nefnd skuli kjósa, og var það samþykkt með 22 atkvæðum. Síðan lèt *forseti* kjósa 3 manna nefnd, fyrst eingin önnur uppástúnga var fram komin og einginn mælti móti 3 manna nefnd, og urðu þessir fyrir kosníngum: *P. Pèturssón* var kosinn með 21 atkv., *Á. Einarsson* með 16 og *B. Johnsen* með 9 atkv.

Forseti kvaðst ekki geta ákveðið fund að svo stöddu, en sagðist mundu hið fyrsta tilkynna það á dagskránni.

Fundi slitið.

---

6. júlí — fjórði fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti gat þess, að hann hefði nú feingið frá *konúngsfulltrúa* tvö lagaboð og útbýtt meðal þíngmanna; þessi lögboð eru, 1. opið brèf, dagsett 27. maí 1857, um löggildíng verzlunarstaðar við Sauðárkrók í Skagafjarðarsýslu í Íslands norðuramti, og 2., konúngleg auglýsíng til alþíngis um árángur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástúngum á fundinum 1855, dagsett 27. maí 1857, og var hún framlögð prentuð og er hún svo hljóðandi:

„Vèr Friðrik hinn Sjöundi, af guðs náð Danmerkur konúngur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þèttmerski, Láenborg, og Aldinborg, sendum Voru trúa alþíngi kveðju guðs og vora!

Ánægjusamlegt hefir Oss verið, að sjá það af störfum alþíngismanna Vorra árið 1855, hve dyggilega þeir hafa kappkostað að efla gagn Vort og landsins.

Vèr höfum vandlega látið íhuga tillögur þíngsins um lagafrumvörp þau, sem undir það voru borin, og önnur álitsmál þess og uppástúngur, og munum Vèr nú allramildilegast skýra frá, hvað í þeim efnum hefir verið af ráðið.

I.

Þessar rèttarbætur hafa gjörðar verið um þau mál, er Vort trúa alþíngi hefir sent Oss þegnlegar tillögur um.

1) 24. nóvember f. á., opið brèf um það, hvernig greiða skuli kostnað þann, er þarf til að fram fylgja lögum 15. apríl 1854 um siglíngar og verzlun á Íslandi.
2) 6. janúar þ. á., tilskipun um breytíng á tilskipun 8. marz 1843, viðvíkjandi kosníngunum til alþíngis.
3) s. d., opið brèf, um að stofna byggínganefnd á verzlunarstaðnum Akureyri.

4) s. d., opið brèf, er lögleiðir á Íslandi, með breytíngum, lög 5. apríl 1850, um, að útlendir Gyðíngar megi setjast að í ríkinu.

Á rèttarbótum þessum getur alþíngi sèð, hversu athugasemdir þær, er það hefir gjört um lagaboð þau, er nú voru talin, hafa verið grandgæfilega íhugaðar, og hvernig lagaboðum þessum hefir eptir þeim verið breytt, nákvæmar ákvörðuð og aukin.

Auk þessa hafði alþíngi farið því á flot, að ríkiserfðalögin 31. júlí 1853 yrði lögð út og birt á Íslenzku, og að lagaboðið 10. febr. 1854, sem breytir nafninu á ríkisbánkamyntinni í ríkismynt, yrði einnig lögleitt á Íslandi, með tveimur smábreytíngum. En Oss hefir ekki þótt nauðsyn á, að gjöra frekari ráðstöfun í þessu efni, einkum vegna þess ætla má, að lagaboð þessi sè fyrir laungu birt á Íslandi.

Eptir að nefnd sú, sem sett var árið 1855 til að lagfæra jarðamatið á Íslandi 1849 og 1850, hefir nú lokið störfum sínum, verður frumvarp það, sem nefndin hefir samið til nýrrar jarðabókar fyrir Ísland, nú borið undir alþíngi.

Breytíngar þær, sem alþíngi í þegnlegu álitsskjali hefir stúngið upp á að gjörðar væri við frumvarp það til tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi, er fyrir það var lagt, voru í mörgum aðalatriðum svo lagaðar, að þær gátu ekki orðið teknar til greina, en á hinn bóginn þótti Oss ísjárvert, að gefa frumvarpið út sem lagaboð eins og það var í upphafi, og verður það því tekið til nákvæmari yfirvegunar, hvað nú sè tiltækilegast að gjöra, til að koma máli þessu fram.

Frá yfirvöldunum á Íslandi eru nýlega komnar nákvæmari skýrslur og uppástúngur viðvíkjandi barnaskóla þeim, sem stofnsetja átti í Reykjavík eptir frumvarpi, sem áður hefir verið borið undir alþíngi. En af því menn hafa ekki getað, sem stendur, með vissu vísað á, hvernig feingið yrði fè það, sem þarf til stofnunar skólans og til skólahaldsins, verður að skrifast ítarlegar á um þetta atriði við fyrtèð yfirvöld, áður málið verði á ný borið undir alþíngi.

II.

Um þegnlegar bænarskrár, er Vort trúa alþíngi hefir sent Oss, birtum Vèr alþíngismönnum allramildilegast:

1) Viðvíkjandi þegnlegri bænarskrá alþíngis um breytíng á 4. grein lagaboðsins 15. apríl 1854 um siglíngar og verzlun á Íslandi, má skírskota til laga, sem um það eru gefin út 16. febr. f. á. Þar að auki er 28. febr. f. á. komin út auglýsíng um breytíngu á auglýsíngu 4. des. 1854 um það, hvernig fá megi íslenzk leiðarbrèf, og enn fremur 2. apríl 1856 auglýsíng um auka-

gjald fyrir sum utanríkisskip, sem sigla til Íslands; 7. júlí s. á. auglýsíng um, að frakknesk skip, sem fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, sè undanþegin að greiða tèð aukagjald, og 19. nóvember s. á. auglýsíng sama innihalds með tilliti til skipa, sem eiga heima í konúngsríkinu Sikileyjum og fara kaupferðir til Íslands og Færeyja.

2) Samkvæmt þegnlegri bænarskrá alþíngis höfum Vèr löggilt verzlunarstað við Sauðárkrók í Skagafjarðarsýslu í Íslands norðuramti, og er komið út um það opið brèf dagsett í dag.

3) Alþíngi hefir í þegnlegri bænarskrá farið því fram, bæði að póstgaungum yrði til bráðabyrgða strax fjölgað á Íslandi þannig, að nýrri póstferð yrði bætt við milli Friðriksgáfu og Reykjavíkur og 3 nýjum póstferðum milli Stykkishólms og Reykjavíkur, og að samið yrði og lagt fyrir alþíngi frumvarp til almennra laga eða reglugjörðar um póstmál á Íslandi. Hin fyrstnefnda ráðstöfun er þegar komin á, þar sem þegar í fyrra var bætt við nýrri póstferð milli Akureyrar og Reykjavíkur, og einnig er búið að leggja svo undir, ekki að eins að póstgaungum verði fjölgað milli Stykkishólms og Reykjavíkur, heldur einnig að póstgaungunum innanamts í vesturamtinu verði fjölgað og komið í lag, samkvæmt því sem alþíngi hefir farið fram á, og kemst þetta, ef til vill, á þegar í ár eða þá innan skamms. En með því póstgaungurnar á Íslandi, eins og alþíngi hefir drepið á, verða að standa í sambandi við póstskipsferðirnar milli Danmerkur og Íslands, þá þarf fyrst að gjöra út um það, hvernig póstskipsferðum þessum verði hagað eptirleiðis, áður en samdar verði ákvarðanir um, hvernig póstgaungunum á Íslandi verði breytt; og með því nú er komin fram uppástúnga nokkur um, að koma á gáng gufuskipsferðum hèðan til Íslands, þá hefir þótt rèttast að gefa alþíngi færi á, að segja álit sitt um þetta mál, áður en frekari ráðstöfun er gjörð viðvíkjandi þessu málefni, sem er svo mikils varðandi fyrir Ísland.

4) Eptir bænarskrá alþíngis hefir frumvarp til tilskipunar um vegina á Íslandi verið samið og verður nú borið undir álit þíngsins.

5) Alþíngi hefir í þegnlegri bænarskrá farið þess á leit, að veittur yrði styrkur þeim manni eða mönnum, sem vildi stofna jarðyrkjuskóla á Íslandi, og fátækum lærisveinum, sem vildi gánga á þann skóla. Hefir nú um það mál verið leitað álits yfirvaldanna á Íslandi, en eptir því, sem þar er greint og sem

fulltrúi Vor mun skýra þínginu gjör frá, getur ekki, sem stendur, orðið gjört meira við þetta mál, en að öðru leyti mun stjórnin láta sèr framvegis vera einkar annt um það.

6) Málið um betri læknaskipun á Íslandi, sem alþíngi hefir sent þegnlega bænarskrá um, er nú svo vel á veg komið, að líkindi eru til, að því verði ráðið til lykta, áður lángt líður, og mun stjórnin framvegis róa að því öllum árum.

7) Út af þegnlegri bænarskrá alþíngis um, að 2 eða 3 löglærðir málaflutníngsmenn yrði skipaðir við yfirdóminn á Íslandi, hefir verið leitað álits stiptamtmanns og dómendanna í yfirdóminum bæði um það, hve mikinn styrk mundi þurfa til að koma þessu fram, og úr hverjum sjóði hann yrði greiddur. Nú er ekki neitt því til fyrirstöðu, að fyrst um sinn verði settir 2 lögfróðir málaflutníngsmenn við yfirdóminn, og álízt hæfilegt, að hver þeirra fái 3 eða 400 rd. árlegan styrk, en með því að helmíngurinn að eins, eða í mesta lagi 350 rd., verður greiddur úr hinum íslenzka sakagjaldssjóði, og þar stjórnin sèr ekki færi á, að útvega neinn meiri styrk til þessa, verður að bíða eptir ítarlegri uppástúngu frá alþíngi um það, hvernig það verði feingið, sem á vantar.

8) Oss hefir ekki þótt ástæða til, að taka til greina þegnlega bænarskrá alþíngis um, að 15. gr. í tilskipun 26. janúar 1821 verði numin úr lögum, og að settur verði kennsluskóli í Reykjavík handa íslenzkum lögfræðíngum.

9) Vèr höfum allramildilegast veitt þegnlega bæn alþíngis um, að vitnisburðir þeir, sem konúnglegur úrskurður 8. apríl 1844 áskilur, verði ekki teknir gildir, nema þeir sè frá kennaranum í íslenzku máli við háskólann í Kaupmannahöfn, eða frá þeim föstum kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, er kennir þar íslenzku, og höfum Vèr auk þessa gefið stjórn dómsmálanna á vald, að ákveða nákvæmar, hvernig próf það skuli vera, sem menn þurfa að standa í íslenzku, áður en þeir geti feingið vitnisburð um, að þeir kunni málið.

10) Alþíngi hefir í þegnlegri bænarskrá farið fram á, að greinilegur og skipulegur reikníngur yrði saminn yfir „Kollektupeníngana“ síðan um árslok 1797, og auglýstur þínginu. En með því málið um „Kollektupeníngana“, sem alþíngið hefir einu sinni áður haft tækifæri til að kynna sèr, er fullkomlega útkljáð með allrahæstum úrskurði 25. júlí 1844, er ákveður, að stærð peníngа þessara sè til þess tíma 28,165 rd. 24 sk.,

hefir ekki virzt nein ástæða til að gefa þínginu ítarlegri skýrslu um, hvernig „Kollektupeníngunum“ fyrrum hefir verið varið, en þá, sem gefin var þínginu af konúngsfulltrúa árið 1845. Þar á móti hefir svo virzt, að ekki bæri að neita þínginu um skýrslu um, hvernig hjálparsjóði þeim, sem stofnaður var með áðurnefndum allrahæstum úrskurði og vöxtum af honum hafi verið varið síðan 25. júlí 1844, og verður þess vegna í því skyni sent fulltrúa Vorum á alþíngi staðfest eptirrit af optnefndum allrahæsta úrskurði og sömuleiðis af reikníngi þeim, sem saminn hefir verið yfir tèðan sjóð, síðan hann var stofnaður, og verður um leið skýrt frá, hvernig sèð er fyrir sjóði þessum og hvar hann er geymdur.

11) Út af þegnlegri bænarskrá alþíngis um, að sýslumanninum í Skaptafellssýslu verði gjört að skyldu að taka sèr aðsetur á hentugra stað fyrir sýslubúa, en verið hefir, hefir stjórn dómsmálanna lagt svo undir, að þessu verði komið í betra lag. En að öðru leyti viljum Vèr leiða athuga þíngsins að innihaldi tilskip. 8. marz 1843, 77. gr., er alþíngi eptir henni á ekki að hafa afskipti af bænarskrám og kvörtunum einstakra manna, heldur vísa þeim til hlutaðeiganda yfirvalds úrlausnar.

Með tilliti til þess að alþíngi hafði áður beðið um, að samin yrði ný hússtjórnarlög fyrir Ísland, svo fljótt sem verða mætti, þá var það starf falið á hendur nefnd þeirri, sem sett var í Reykjavík árið 1855 til að lagfæra jarðamatið. Hefir nú nefnd þessi nýlega skýrt frá, að hún vegna hinna miklu starfa, sem hún hafði að leysa af hendi við jarðamatið, hafi enn ekki haft tóm til að semja fyrtèð lagafrumvarp, en vonar þó, að frumvarp þetta muni verða fullgjört þegar í vor eða í sumar.

Til staðfestíngar úrskurðum Vorum, þeim er nú hefir verið getið, höfum Vèr sent Yður þessa auglýsíng Vora og heitum Voru trúa alþíngi hylli Vorri og konúnglegri mildi.

Gefið í höll Vorri Kristjánsborg, 27. dag maímánaðar 1857.

Undir Vorri konúnglegu hendi og innsigli“.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til umræðu uppástúnga þíngmanns Skaptfellínga um undirskript konúngs undir íslenzk lagaboð, í því tilliti, hvort nefnd skuli kjósa í þetta mál. Var síðan uppástúngan afhent þíngmanni Skaptfellínga, og las hann hana upp, og er hún svo hljóðandi:

„Það er vart liðið úr minni hins heiðraða alþíngis, að hvert þíngið eptir annað, 1845, 1847, 1849 og 1853, hefir farið þess á leit með þegnsamlegum bænarskrám til konúngsins, að lög þau, sem hèr eptir verða sett á Íslandi, verði útgefin á íslenzku máli og staðfest með undirskript sjálfs konúngsins og þess ráðgjafa, er hann felur á hendur stjórn hinna íslenzku mála. Um þetta sama efni leyfði eg mèr einnig að bera upp uppástúngu hèr á þínginu 1855, en þíngmönnum virtist þá ekki ástæða til að hreifa því máli frekar að því sinni, og var það, að mèr skildist, mest fyrir þá sök, að í hinni konúnglegu auglýsíngu til þíngsins, 7. júní s. ár, um afdrif alþíngismálanna 1853, hafði konúngur, jafnframt og hann synjaði um bænina, virzt að taka fram, í fyrsta sinn, mildilegar ástæður fyrir því, á hverju synjunin var byggð.

En eins og konúngur vor í þessum mildilegu ástæðum sínum alls ekki ber það til baka, er bænarskrá alþíngis 1853 tók fram, að hèr væri um það mál að ræða, sem væri hin fyrsta nauðsyn og náttúrlegur rèttur bæði hverrar þjóðar sem er, og þá einnig vor Íslendínga, eins treysti eg og því, að eingum þíngmanna blandist hugur á því, fremur nú en fyrri, að svo sannlega sem það er sannmæli: „með lögum skal land byggja“, svo sannlega hljóti einnig lög hvers lands og hverrar þjóðar sem er, ekki síður okkar en annara, að vera svo úr garði gjörð, að þau hafi í sèr fólgið og beri sjálf með sèr allt það traust, áreiðanlegleik og helgi, sem landslögum er fremst auðið.

Hið milda svar konúngs vors til alþíngis 1855 tekur að vísu fram ýmsar hindranir, er væri því til fyrirstöðu, að hann gæti veitt hana, en eg vona þess staðfastlega, og mèr finnst ekki megi annað segjast, en að allir Íslendíngar teysti því staðfastlega, að eins mildur og þjóðhollur konúngur og Friðrik konúngur hinn 7. hefir sýnt sig til handa oss Íslendíngum, hvorki muni skorta vilja nè ráð til að sigrast á þessum og öðrum hindrunum, sem kynni að virðast því til fyrirstöðu, að vèr mættum verða aðnjótandi að náttúrlegum rèttindum vorum og hinum fyrstu þjóðarnauðsynjum, eins í þessu efni sem öðrum.

Eg leyfi mèr því að bera upp þá uppástúngu fyrir hið heiðraða alþíng:

> að alþíng beri enn að nýju þá þegnsamlega bæn upp fyrir konúng vorn, að þau lög, sem hèr eptir verða sett á Íslandi, verði út gefin á Íslenzku máli, og íslenzkan staðfest með

undirskript sjálfs konúngsins og þess ráðherra, er hann setur yfir hin íslenzku mál.

Reykjavík, 4. júlí 1857.

Jón Guðmundsson.

Alþíngismaður Skaptfellínga".

Jón Guðmundsson: Eg hefi getið þess í uppástúngunni, hvernig bænarskrám líks efnis, þeim er áður hafa verið sendar konúngi vorum, hafi reitt af, en eg vil leyfa mèr að taka það fram, að eins og hinir heiðruðu þíngmenn munu hafa tekið eptir, þá er niðurlagsatriðinu í þessari uppástúngu minni nokkuð breytt frá því, sem var í bænarskrá alþíngis 1853; þar var nefnilega beðið um, að lögin, sem hèr eptir verði sett og út gefin til Íslands, verði einúngis á íslenzku máli. En í svari konúngs upp á þessa bænarskrá í auglýsíngunni 7. júní 1855 er bænheyrslunni einmitt talið þetta til fyrirstöðu, því synjun konúngs er þar einkum byggð á þeim rökum, að farið hefði verið fram á, að lögin skyldi koma út á íslenzku eingaungu, en þetta talið ekki gjörlegt vegna þess, að hèr á Íslandi væri einnig danskir þegnar, sem einnig ætti að standa undir lögunum, að íslenzkir dómstólar og dómsmál lægi undir danskan hæstarètt, og að danskir ráðgjafar hefði á hendi síðustu afgreiðslu og úrslit á íslenzkum stjórnarmálum. Með því nú að gjöra þá breytíngu, sem hèr er gjörð, nefnilega: að hèr einúngis er farið fram á, að hinn íslenzki texti laganna verði staðfestur með undirskript sjálfs konúngs vors og þess ráðherra, er hann setur yfir hin íslenzku mál, finnst mèr, að öllum þeim tálmunum sè frá bægt, sem taldar eru bænheyrslunni til fyrirstöðu í auglýsíngu konúngs 1855. Mál þetta hefir opt verið rætt hèr á þíngi, og mætti má ske virðast óþarfi að fara um það fleirum orðum. En hin náttúrlegu rèttindi og augsýnilega þjóðnauðsyn, sem hèr er farið fram á að ítreka, á einnig að styðjast við ýmsar eldri lagaákvarðanir, er hèr lúta beinlínis að. Það er lögboðið, að öll frumvörp til alþíngis og uppástúngur frá því og þegnlegar tillögur, skuli vera einúngis á íslenzku máli; fyrir meir en 20 árum er það leitt í lög, að eingin lagaboð skuli gilda fyrir Ísland, sè þeim ekki þínglýst á íslenzku; þá er það einnig lögboðið, að allar dómsgjörðir og dómsmál skuli hèr á landi fara fram einúngis á íslenzku. Á síðari hluta 18. aldar staðfestu og konúngar vorir íslenzkuna á lagaboðunum með eigin undirskript sinni. Fyrirstaðan fyrir máli þessu mun fremur vera frá ráðherrunum en konúngi vorum. Slèsvíkurmönnum hafa verið gefin lög á þeirra eigin

máli, staðfest með undirskript konúngsins sjálfs; og er víst óhætt að treysta því, að konúngur vor, er ávallt hefir verið oss Íslendíngum mildur og sanngjarn, muni veita oss hin sömu rèttindi. Eg vona, að eg þurfi ekki að orðleingja þetta, og að þíngið setji nefnd í málið.

Konúngsfulltrúi: Mèr gat ekki glögglega skilizt af ræðu hins heiðraða uppástúngumanns, hvort hann ætlaðist til, að lögin kæmi út bæði á danskri og íslenzkri túngu, og óska eg því, að hann skýri þetta atriði betur fyrir mèr.

Jón Guðmundsson: Eg hefi látið það liggja milli hluta og vera á valdi löggjafans, hvort danskur texti fylgdi með lagaboðunum eður ekki; í uppástúngunni er einúngis farið fram á, að íslenzka lagaboðið verði staðfest með undirskript konúngs. Það er á hans valdi, hvort danskan fylgir með eður eigi, því þetta er ekki útilokað með því, sem í uppástúngunni er farið fram á.

Konúngsfulltrúi: Það er þíngmönnum kunnugt, að mál þetta, eins og vikið er á í uppástúngunni, optsinnis áður hefir verið borið upp á þínginu, og hefi eg, eins og þíngmönnum einnig er kunnugt, ætíð verið því mótfallinn og mælt á móti því, hvers vegna eg einnig get skírskotað til þess, er eg áður hefi þar um rætt á undanfarandi þíngum. Konúngurinn hefir jafnan neitað bæn þessari, og í hinni síðustu auglýsíngu til alþíngis eru tilfærðar ástæður fyrir því, hvers vegna konúngur ekki hefir getað bænheyrt þíngið í þessu málefni, um leið og konúngur gjörði þá skipun á málinu, að forstöðumaður íslenzku stjórnardeildarinnar skyldi staðfesta hina íslenzku útleggíngu lagaboðanna. Í slíku málefni, sem hèr er um að mæla, er það eigi rètt, sem uppástúngan bendir til, að gjöra aðskilnað milli konúngs og stjórnarherranna, því eingin ástæða er til þess að ætla, að vilji konúngsins í þessari sök hafi verið frábrugðinn áliti stjórnarherranna. Þegar nú konúngur þannig jafnvel hefir til fært ástæður fyrir neitun sinni, eður hvar fyrir hann hafi færzt undan að veita alþíngi þessa ósk, virðist það vera nokkurs konar þrábeiðni, sem eingan veginn virðist eiga vel við, að fara þessari bæn nú á flot aptur. Að öðru leyti get eg ei álitið það annað en öfgar einar, þegar menn tala svo, eins og að landið sè lagalaust, þó lögin sè ekki frumskrifuð á íslenzku, því þegar útleggíngin er nákvæm og rètt, þá er það nóg til þess, að inntak laganna verði þjóðinni kunnugt, og þá hefir hún feingið það, sem hún í þessu tilliti með sanngirni getur krafizt. Eg verð því að ráða þínginu frá, að taka þetta mál til meðferðar, eða kjósa nefnd í því.

J. Guðmundsson: Það er einúngis fáum orðum, er eg skal leyfa mèr að svara hinum háttvirta *konúngsfulltrúa.* Mèr finnst það ekki mega heita þrábeiðni, þótt endurnýjuð sè bænin til konúngs á þann hátt, sem í uppástúngunni er farið fram á, því hèr er einmitt sneitt hjá, að biðja um það sama og áður; og höggva menn því ekki í sama farið. Það er sjálfsagt, að menn nú hafa feingið vissu fyrir rèttri útleggíngu lagaboðanna, en það má heita lítið sem ekkert áunnið með því, á meðan alla vissu skortir fyrir því, að þessari útleggíngu verði fylgt; lagamenn, bæði utan þíngs og innan, hafa lýst því yfir, að greini útleggínguna í einhverju á við danska textann, þá verði danskan að ráða málsúrslitum fyrir dóminum.

Konúngsfulltrúi: Eg vil bæta því við það, sem eg sagði áðan, að flestir þíngmenn munu geta sèð, að svo er háttað stjórnarmeðferðinni og undirbúníngi laganna í Danmörku, þar sem danskir stjórnarherrar leggja síðustu hönd á þau lagaboð, sem konúngur undirskrifar, að öðru verður ekki við komið, en að frumtexti laganna sè á dönsku; og það munu menn varla geta álitið samboðið tign konúngsins, að hann staðfesti útleggíngar lagaboðanna með sinni undirskript.

Á. Einarsson: Ef mèr hefir skilizt hinn heiðraði þíngmaður Skaptfellínga rètt, var það ekki hans meiníng, að hinn íslenzki texti skyldi sem útleggíng staðfestast með undirskript konúngs, heldur sem frumtexti, og danskan fylgja með.

Forseti: Fyrst ekki fleiri ræða þetta mál, verð eg að biðja þíngið að skera úr, hvort nefnd skuli kjósa í málið eða ekki.

Var síðan geingið til atkvæða og ályktaði þíngið, að nefnd skyldi setja í málið, með 17 atkvæðum gegn 6. *Forseti* skaut því til þíngsins, hvort 5 eða 3 manna nefnd skyldi kjósa í málið.

Jón Guðmundsson: Ávallt hefir verið vani, að velja 3 manna nefnd í þetta mál

Af því einginn mælti móti 3 manna nefnd, skoraði *forseti* því næst á þíngið að velja 3 menn, og voru þessir kosnir:

Jón Guðmundsson með 20 atkvæðum
V. Finsen — 7 — —
E. Ó. Kuld — 7 — —

Forseti: Þessu næst kemur til umræðu uppástúnga varaþíngmannsins fyrir Reykjavíkurbæ, um að prentsmiðjunni á Akureyri verði gjört að skyldu að láta stiptisbókasafnið í Reykjavík fá 1 exemplar af hverju helzt því, sem þar er prentað; eg skal leyfa mèr

að geta þess við hina heiðruðu þíngmenn, að málið sjálft kemur hèr ekki til umræðu, heldur einúngis hitt, hvort nefnd skuli kjósa í það eður ei. *Forseti* afhenti síðan uppástúnguna varaþíngmanni Reykjavíkurbæjar, er las hana upp, og var hún svo hljóðandi:

„Eins og hinum heiðruðu þíngmönnum er kunnugt, var eptir konúnglegu leyfisbrèfi, dagsettu 14. dag aprílmán. 1852, fyrir nokkrum árum stofnsett prentsmiðja á Akureyri í Eyjafjarðarsýslu, og var þá jafnframt, að því er eg veit bezt, eins og á hverja aðra prentsmiðju í Danakonúngsríki, sú skylda á hana lögð, að senda 2 exemplör af hverju því, sem prentað yrði, hinu mikla bókasafni konúngs í Kaupmannahöfn, og eitt exemplar bókasafni háskólans; sama skylda hvílir og á prentsmiðjunni hèrna í Reykjavík; en auk þess er hún og skyld til, að láta stiptisbókasafnið fá ókeypis eitt exemplar, af hverju helzt, sem prentað er; en það mun eigi hafa verið gjört Akureyrarprentsmiðjunni að skyldu, því að stiptisbókasafninu hefir enn eigi verið send nein bók, sem prentuð hefir verið á Akureyri. Nú vona eg, að allir hinir heiðruðu þíngmenn sjái það, eins og eg, að bókasöfn eru næsta þörf og gagnleg, og að sumu leyti með öllu nauðsynleg og ómissandi, og þar sem ræða er um stiptisbókasafnið, sem þó er hið helzta hèr á landi, er það næsta óviðurkvæmilegt, að það skuli eigi eiga þessar fáu bækur, sem prentaðar eru á Íslandi, en er á hinn bóginn svo fèlítið, að það getur eigi keypt þær, þar sem leigur af innstæðu þess hvergi nærri nægja til bands á bókunum; en það sjá allir, að þann, sem bókina gefur út á annað borð, eigi munar neitt um, að gefa bókasafninu eitt exemplar, þar eð hann í raun rèttri eigi leggur annað í sölurnar en pappírinn.

Með því eg nú vona, að allir hinir heiðruðu þíngmenn óski stiptisbókasafninu sem mestrar eflíngar, þá dirfist eg af ofangreindum ástæðum að skora á hið heiðraða alþíngi, að það beri þá bæn fram fyrir konúng vorn:

1. að forstöðumanni prentsmiðjunnar á Akureyri verði gjört að skyldu að láta stiptisbókasafnið í Reykjavík fá eitt exemplar af hverju helzt því, sem upp frá þessu kann að verða prentað þar.
2. að sú skylda verði og lögð á prentsmiðjuna, að láta stiptisbókasafnið fá eitt exemplar af öllu því, sem þegar hefir verið prentað, að svo miklu leyti, sem það eigi er með öllu útselt.

Reykjavík, 3. d. júlímánaðar 1857.

H. Kr. Friðriksson".

H. Kr. Friðriksson: Uppástúnga þessi er í sjálfu sèr mjög

einföld, og mönnum kann að virðast í fyrsta áliti, að hún ekki sè svo mjög áríðandi. En gæti menn betur að, munu menn komast að raun um, að málið er þó ekki svo lítilsvarðanda. Stiptisbókasafnið er hið helzta bókasafn, sem til er hèr á landi, og hafa margir bæði innlendir og útlendir orðið til að styrkja það. Mèr þykir það óviðurkvæmilegt, að þetta, svo að segja, eina safn vort ekki eigi allar þær bækur, sem prentaðar eru hèr á landi. Og þótt vèr nú sem stendur, ef til vill, ekki söknum bóka þeirra, sem nú eru gefnar út, kann þó vel að vera, að eptirkomendur vorir gjöri það, því varla getur bókin verið svo aum, að ekki geti hún gefið einhverja upplýsíng í einhverju efni, til að mynda í sögu lands vors, og einkum í bókmenntasögu þess. Vèr finnum það sjálfir, að vèr nú söknum gamalla íslenzkra bóka, og eg fyrir mitt leyti get eigi feingið svo mikið sem að sjá bækur sumar, sem áður hafa verið prentaðar, og vegna hvers? vegna þess, að þá, er þær komu út, höfðum vèr ekkert bókasafn, þar sem þeim væri haldið saman. Þegar því er um það að ræða, að hlynna að þessu bókasafni, sem ekki hefir sjálft efni á að kaupa sèr bækur, því leigur af innstæðum þess gjöra ekki betur en hrökkva fyrir bókbandi, þá finnst mèr það sanngjarnt, þó prentsmiðjan á Akureyri, allt eins og prentsmiðjan hèr í Reykjavík, væri skylduð til að láta stiptisbókasafnið fá eitt exemplar af hverju því, sem þar er prentað, og er þetta í raun rèttri lítil útlát, því þegar rètt er álitið, er það ekki annað en pappírinn, sem lagt er í sölurnar, og í raun rèttri leggur prentsmiðjan ekkert í sölurnar, heldur er það sá, sem bókina kostar; en prentunarkostnaðurinn er hinn sami, hvort heldur lagt er upp 1 eða 2 exemplörum fleira. Eg vona því, að þíngið gefi máli þessu gaum, og setji nefnd í málið, og álít eg 3 manna nefnd næga.

St. Jónsson: Ólíklegt þykir mèr, að til nokkurs sè að koma fram með þessa uppástúngu hèr á þíngi. 14. apríl 1852 hefir prentsmiðjan á Akureyri feingið konúnglegt leyfisbrèf og er ekki í því getið, að þessi byrði sè henni á herðar lögð, og hefði þó verið ástæða til þess, ef til þess hefði verið ætlazt. Þykir mèr því harðla ólíklegt, að konúngur nú leggi á hana nýjar álögur. Mèr virðist, að mál þetta mætti gánga öðruvísi. Vildi prentsmiðjan í Reykjavík láta Akureyrar-bókasafn — því bókasafn er þar, þó lítið sè enn sem komið er — fá bækur þær, er hèr eru prentaðar, mundi Akureyrar prentsmiðjan ekki skorast undan að gera slíkt hið sama fyrir stiptisbókasafnið. Hinn heiðraði uppástúngumaður kvartar yfir fá-

tækt stiptisbókasafnsins; mèr ber nú ekki þar um að dæma, því eg hefi ekki fremur sèð skýrslur um fjárhag þess, heldur en prentsmiðjunnar hèr í Reykjavík. Hinn heiðraði uppástúngumaður sagði reyndar, að leigurnar af innstæðum bókasafnsins gerði ekki betur en hrökkva fyrir bókbandi; en eg vil feiginn unna honum allra þeirra bóka, sem prentsmiðjan á Akureyri getur keypt fyrir leigu af innstæðum sínum; hann hefir víst sèð reiknínga Akureyrar-prentsmiðju, því ekki er farið í launkofa með þá, og er honum víst kunnugt, hvað þar hefir komið út. Það helzta, er prentsmiðjan hefir kostað sjálf, er barnalærdómskverið, en af því mjög mikill skortur var á því, mun það nú vera útselt, og yrði því að kaupa það; flestallt annað hefir verið gefið út á kostnað einstakra manna, og yrði þá einnig að kaupa það. Góða von hefi eg samt um, að mèr kynni að takast að útvega honum Felsinborgarsögurnar og svo einhverja ritgjörð, sem er nýkomin út, en eg ekki man hvað heitir; það er í henni eitthvert hjónasamtal ásamt afkvæmi þeirra og fleira þess konar. Af þess háttar mætti kann ske útvega eitthvað. Mèr finnst ekki mál þetta svo áríðanda, að eg álíti nauðsyn að hreifa því; að minnsta kosti þætti mèr saklaust, þó það feingi að bíða, þángað til menn eru búnir að fá að sjá reiknínga prentsmiðjunnar í Reykjavík og stiptisbókasafnsins. Mæli eg því á móti nefnd í þessu máli, og það því fremur, sem eg þykist viss um, að þíngið muni fá næg verkefni meir áríðandi en þetta.

H. Kr. Friðriksson: Mèr finnst hinn heiðraði þíngmaður Eyfirðínga blanda hèr saman 2 málum, sem ekkert eiga skylt saman, það er prentsmiðjunni hèrna í Reykjavík og stiptisbókasafninu; því þetta eru tvær stofnanir, sem alls ekkert eiga skylt saman, eins og prentsmiðjan á Akureyri á ekkert skylt við bókasafnið þar; þess vegna verður í raun rèttri eigi talað um, að skuldbinda prentsmiðjuna hèrna í Reykjavík vegna einhverra hlunninda, sem bókasafnið fær. Eg hefi ekkert verið að hæla bókum þeim, sem koma út á Akureyri, og ekkert álit mitt sagt um þær, en hvernig sem þær svo eru, álít eg samt, að stiptisbókasafnið eigi að eiga þær; þær geta þó, ef til vill, komið að einhverju liði síðar meir.

M. Andrèsson: Eg hefði má ske gefið uppástúngu þessari atkvæði mitt, hefði mèr upp á nokkurn hátt líkað síðara atriði hennar. Mèr finnst eitthvað næsta ósanngjarnt í því, að skylda prentsmiðjuna á Akureyri til þess, að láta stiptisbókasafnið fá einnig þær bækur, sem þegar eru prentaðar og má ske seldar, og gefa lög, sem þann-

ig yrði að verka aptur fyrir sig. Hefði þessa verið krafizt, strax og prentsmiðjan var stofnuð, hefði eg getað fallizt á það; en nú sem komið er, finnst mèr ekki stiptisbókasafnið sú gustuka - stiptan, að eg vegna þess vilji leggja byrðar á aðrar stiptanir.

H. Kr. Friðriksson: Þó hinum heiðraða þíngmanni, er síðast talaði, ekki líki, hversu lángt uppástúnga mín fer eða hvernig hún er orðuð, finnst mèr þetta aldrei geta orðið ástæða fyrir hann, til þess að mæla á móti því, að nefnd verði sett í málið, því nefndin fyrst, og svo allt þíngið, getur lagað uppástúnguna eptir vild sinni, og sleppt hinni síðari, ef svo þykir betur fara.

St. Jónsson: Vera má, að eg hafi ekki talað samkvæmt rèttum hugsunarreglum, eptir því sem hinir lærðu heimta, en eg þykist samt hafa tekið í einu og öðru svo skýrt fram orð mín og meiníngu, að menn geti sèð, að eg veit mun á prentsmiðju og bókasafni. Mèr virðist, að máli þessu hefði mátt hreifa, strax og prentsmiðjan var stofnuð, og hefði þá verið auðveldara að fullnægja kröfunni. Verði nefnd sett í máli þessu, áskil eg mèr, að koma fram með uppástúngu um, að bókasafnið á Akureyri fái sama rètt til allra þeirra bóka, er út koma frá prentsmiðjunni í Reykjavík, og þá einnig til allra þeirra bóka, er búið er að prenta þar.

J. Kristjánsson: Eg fer nú að verða hræddur um, að umræður manna um þetta mál hèr á þínginu geti orðið landinu eins dýrar og bækur þær, er um er verið að ræða, muni verða um hálfan eða heilan mannsaldur, og væri óskanda, að málefni þetta gæti samizt öðruvísi.

P. Pèturssen: Mèr virðist einkum tvennt hafa verið haft á móti uppástúngu þessari; fyrst og fremst örðugleikinn fyrir Akureyrar prentsmiðju að útvega bækur þær, sem þegar eru prentaðar, og í annan stað kostnaðaraukinn fyrir hana. Hvað þá örðugleikann snertir, þá getur vel verið, að hann sè töluverður, en nefndin og þíngið geta þá í meðferð málsins breytt þessu í uppástúngunni, svo menn þurfa eingan veginn að binda sig við það.

Hvað kostnaðaraukann því næst snertir, get eg ekki álitið, að hann muni nema miklu fyrir prentsmiðjuna; híngað til hefir prentsmiðjan lítið sem ekkert gefið út á sinn kostnað, eptir því sem þíngmaður Eyfirðínga sagði, og mun víst fara svo, einnig eptirleiðis, svo að kostnaðurinn, ef kostnaður má heita, lendir á hverjum einstökum útgefara. Aptur á móti finnst mèr málið hins vegar mikils varðanda fyrir stiptisbókasafnið. Stiptisbókasafnið er ekki einúngis hið helzta

bókasafn hèr í landi vegna þess, að það er, nú sem stendur, hið stærsta, heldur einnig vegna þess, að það er á þeim stað, sem það er, og sem víst verður að álítast einhver hinn óhultasti, er feingizt getur hèr á landi; einnig getur stiptisbókasafnið staðið undir betri og nákvæmari umsjón og stjórn, en annarstaðar í landinu mun unnt vera, og eru því allar líkur fyrir því, að það muni lifa öll önnur slík söfn hèr á landi; virðist mèr því ástæða til, að reyna að styrkja það, sem mest má, fremur öðrum bókasöfnum. Um endurgjald það, er bókasafnið á Akureyri ætti að fá frá prentsmiðjunni í Reykjavík, get eg, að svo stödddu, ekki talað, þar eingin þar að lútandi uppástúnga enn þá er borin fram á þínginu.

Á. Einarsson: Vera má, að prentsmiðjumál þetta fái nú greiðari aðgáng hèr á þíngi en prentsmiðjumálið, sem áður hefir komið fyrir, fèkk, og er það má ske af því, að hèr eiga einstakir menn í hlut. Eg hefði má ske orðið með því, að nefnd væri kosin í málið, ef uppástúnga þíngmanns Eyfirðínga hefði verið tekin með, en annars verð eg að mæla móti nefnd. Það er líka vel mögulegt, að bæði prentsmiðjan hèr og bókasafnið sè afarríkt; það er ekki gott að vita, þar aldrei sjást skýrslur um fjárhag þessara opinberu stiptana; hver veit, nema það sè með þær eins og suma menn, sem aldrei þora að láta sjá hjá sèr einn skildíng, en liggja á þeim, eins og ormar á gulli, eða má ske sjóðirnir sè orðnir svo digrir, að eínginn reikníngsmaður treystist að þeim, til að telja þá. Að öðru leyti ímynda eg mèr, að þíngið fái nóg að starfa, sem meir er áríðanda en þetta mál.

Forseti: Eg vil leyfa mèr að ítreka við hina heiðruðu þíngmenn, að hèr á einúngis að ræða um, hvort nefnd skuli kjósa eður ei, og úrlausn þeirrar spurníngar verður ekki slegið á frest; en þíngmaður Eyfirðínga getur borið fram uppástúngu sína seinna, ef honum þóknast, og má þá vísa henni til nefndarinnar; það kemur í sama stað niður, og þarf ekki að hindra nefndarkosníngunna á nokkurn hátt.

G. Einarsson: Eg er ekki með öllu viss um, að mál þetta sè rètt borið undir alþíngi. Mèr finnst, að hèr verði að gánga inn á rèttindi einstakra manna, og þó opinber stofnan eigi hlutinn að, veit eg ekki gjörla, hvort það viðgeingst annarstaðar, að önnur eins stofnun geti skyldast til slíkrar greiðslu, sem hèr ræðir um.

H. Kr. Friðriksson: Eg skal gefa hinum heiðraða þíngmanni þá upplýsíngu, að hver og einn prentari í Danmörku er skyld-

ur til, að senda 3 exemplör til bókasafnanna, 2 til konúngsbókasafnsins og 1 til háskólabókasafnsins.

Jón Guðmundsson: Frá því eg fór fyrst að gefa út blaðið "Þjóðólf", hefi eg mátt leggja fram til þessara bókasafna og stiptisbókasafnsins 4 exemplör árlega.

Forseti: Eg skal leyfa mèr að geta þess, að þetta var fyrst lögboðið í Danmörku með tilsk. 1781 og opnu brèfi 1783, að senda nokkur expl. af öllum nýprentuðum bókum til bókasafna þessara tveggja; því þá voru menn farnir að taka eptir því, að bókasöfnin vantaði innlendar bækur, en það þótti nauðsynlegt að minnsta kosti, að 1 ex. væri til af hverri innlendri bók á þessum bókasöfnum, en þó of kostnaðarsamt fyrir þau, að kaupa allar innlendar bækur; fyrir því var þetta lögboðið, og eg ætla tilskipunin sè hèr þínglesin, og hún er látin gilda hèr á landi.

St. Jónsson: Eg vildi geta þess út af því, sem einhver sagði, að prentsmiðjan á Akureyri væri eign einstakra manna, þá er hún að vísu stofnuð af einstökum mönnum, en hún er þó eign alls norður- og austuramtsins í raun og veru. Eg játa það mjög líklegt, er hinn heiðraði 3. konúngkjörni þíngmaður sagði, að stiptisbókasafnið muni verða lánglífara, en bókasafnið á Akureyri, en þó það sè ekki eins ríkt og öflugt eins og stiptisbókasafnið, þá finnst mèr það þó ekki geta verið ástæða fyrir því, að prentsmiðjan hèrna skuli ekki gefa bókasafninu á Akureyri 1 expl., því eg hefi ætíð heyrt, að það sè meiri ástæða til að gefa fátækum en ríkum.

H. G. Tordersen: Eg vil ekki gjöra þetta að kappsmáli milli prentsmiðjanna, og því vil eg leggja það til, að prentsmiðjan hèrna sendi bækur til Akureyrarbókasafnsins, sem væri svo mikils virði, er samsvaraði verði þeirra bóka, er væri útgefnar fyrir norðan; það er eitthvað svo sanngjarnt og bróðurlegt í því, að borga verð með verði; en það þykir mèr ótækt, að prentsmiðjan hèrna skuli þurfa að senda allt það, sem hèr er prentað fyrir hið litla, sem prentað er á Akureyri, og mèr finnst, að þeir fyrir norðan megi vera ánægðir með jafnmikið verð í bókum hèðan fyrir sínar bækur.

H. Kr. Friðriksson: Það þykir mèr næsta undarlegt af hinum heiðraða þíngmanni Eyfirðínga, ef hann vill ekki, sakir uppástúngu sinnar, láta kjósa nefnd í málið, því hann má þó vita, að honum er innan handar að koma með hana, hve nær sem hann vill, og það þótt hann vilji þegar í dag.

P. Pèturssón: Eg vil að eins geta þess, að stiptisbókasafnið

var vant að senda til Akureyrarbókasafnsins annað exemplarið, þegar það átti 2 exemplör (*Doubletter*) af sömu bókinni, og þessu var haldið fram, þángað til amtmaðurinn fyrir norðan neitaði að kosta flutninginn á bókunum norður. Eg vildi taka þetta fram, einúngis til að sýna, að það hefir eingin óvild komið fram af hendi stiptisbókhlöðunnar við bókasafnið á Akureyri

St. Jónsson: Eg veit það, að það hefir eingin óvild verið á milli bókasafnanna. En eg vildi að eins svara því, sem einn þíngmanna sagði, að það væri ógjörníngur, að prentsmiðjan í Reykjavík skyldi senda til bókhlöðunnar á Akureyri 1 expl. af öllu því, sem prentað er hèr, hitt er þá eins ógjörníngur að skylda prentsmiðjuna fyrir norðan, að senda stiptisbókhlöðunni 1 expl. af öllum þeim bókum, sem þar eru prentaðar, og verð eg að taka það fram, að mèr finnst það aldrei geta verið ógjörníngur fyrir prentsmiðjuna í Reykjavík að gjöra það, sem prentsmiðjunni á Akureyri er gjört að skyldu; menn verða að hafa sanngirni móti sanngirni.

G. Brandsson: Eg get ekki varið það, að mèr finnst, að umræðurnar sè komnar á víð og dreif, þar sem menn eru farnir að ræða um viðskipti prentsmiðjanna og bókasafnanna og ýmislegt annað, sem eg held að allt ætti að geymast nefndinni, ef nefnd verður sett í málið, því hún getur lagað þá galla, sem menn nú þykjast finna á uppástúngunni, breytt henni og aukið hana eptir eigin vild, og svo geta menn aptur við undirbúníngsumræðuna komið fram með þau breytíngar- og viðaukaatkvæði, er þeim þá virðast nauðsynleg. Mèr finnst því bezt, að atkvæða sè nú þegar leitað um, hvort nefnd skuli kjósa eður ekki.

J. Sigurðsson: Það er einúngis eitt atriði, sem vekur hjá mèr nokkurn efa, hvort að málefnið sè nú af uppástúngumanni borið fram í þeim búníngi eða formi, að nefnd verði í því kosin, nefnilega það, sem hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður vakti máls á, að kostnaðurinn, sem eingan veginn verður svo lítill, og sízt sem uppástúngumaðurinn sagði, að það yrði ekki nema pappírsverðið, því það er verð eins exemplars af hverri þeirri bók, sem norðlenzka prentsmiðjan gefur út, hann lenti ekki á prentsmiðjunni, heldur á útgefendum bókanna, svo uppástúngan yrði þá ný álaga á hverjum þeim einstökum manni, sem nokkra bók vill gefa út við norðlenzku prentsmiðjuna, en er þó ekki borin fram undir því nafni, heldur verður prentsmiðjan eptir uppástúngunni að kaupa eitt exemplar af hverjum þeim, sem gefur bók út.

(*St. Jónsson:* Nei, stjórn prentsmiðjunnar greiðir að vísu exemplarið af hendi, en kostnaðurinn kemur niður á útgefendunum).

Forseti: Eg vil leyfa mèr að geta þess, að aðferð sú, sem farið er fram á í uppástúngunni, er öldúngis samkvæm formi því, sem vant er að hafa annarstaðar; menn halda sèr þar til prentarans, og hann aptur til útgefandans, svo það er ekkert óvanalegt nè óformlegt við uppástúnguna í því efni. En viðvíkjandi uppástúngu hins heiðraða þíngmanns Eyfirðínga, þá getur hún ekki í sjálfri sèr verið því til tálmunar, að nefnd sè kosin, því honum er frjálst að bera hana upp, hve nær sem hann vill, eða þá koma henni að sem viðaukaatkvæði, ef honum svo sýnist.

Fyrst eingínn tekur framar til máls, skal eg leita atkvæða um, hvort nefnd skuli kjósa, og var nefnd hafnað með 14 atkvæðum gegn 8.

Forseti: Þessu næst er þá eptir dagskránni uppástúnga varaþíngmanns Reykvíkínga um, að hver sá kaupmaður, sem sölubúð hefir hèr á landi, sè skyldaður til að vera sjálfur búsettur í landinu. Var síðan uppástúngan færð uppástúngumanni, og las hann hana upp, svo hljóðandi:

„Vèr Íslendíngar höfum nú um lángan aldur átt við þau kjör að búa, að kaupmenn vorir allflestir hafa verið og eru enn búsettir erlendis, og þótt þeir hafi í fyrstunni setzt hèr að, meðan afli þeirra var lítill, hafa þeir þó vonum bráðar flutzt hèðan búferlum, og að eins komið hèr snöggsinnis á sumrum, til að líta eptir verzlun sinni, og sumir hverjir sjaldan eða aldrei. Þannig hefir þá landið gjörsamlega misst þess fjár, sem þessir menn hafa aflað sèr með verzlun sinni, og þegar til þess er litið, hversu leingi þessu hefir geingið, þá verður öllum að vera það ljóst, að það muni eigi vera alllítið fè, og þetta er vafalaust eitt af því, sem hvað mest hefir stutt og stuðlað að því, að framfarir vorar hafa orðið svo litlar. Því mun og það, að í Danmörku mun hver sá, sem hafa vill verzlun í einhverjum bæ, vera skyldur að vera þar búsettur. Það liggur og í augum uppi, að með þessu fyrirkomulagi, sem nú er hèr á landi í þessari grein, er því nær með öllu girt fyrir, að nokkur bær geti komizt upp. Af þessu fyrirkomulagi leiðir og það, að Íslendíngar hafa eigi helmíngsnot af hinni frjálsu verzlun, sem konúngur vor hefir veitt oss með tilskipun 15. aprílmán. 1854; og hver sem íhugar þetta mál, vona eg að verði að játa, að smákaupmennirnir, sem eru búsettir í landinu og verja fè sínu í landinu, eru því til

miklu meira gagns og styðja miklu meira að framförum þess, en stórkaupmennirnir, sem búsettir eru erlendis, og verja þar fè sínu; því að þess mætti telja því nær eins mörg dæmi og kaupmennirnir eru margir. Meðan verzlun vor var bundin, var bæði síður ástæða til að ráða bót á þessu atriði, enda, ef til vill, mjög svo torvelt, en úr því búið er að koma verzlunarlögum vorum í það horf, sem nú er, með tilskipun 15. aprílmánaðar 1854, þá virðist nú tími til kominn, að kippa þessu í lag, og eingin ástæða að fresta því leingur, og því dirfist eg, að skora á hið heiðraða þíng, að það þegusamlegast beri þá bæn fram fyrir hinn milda konúng vorn:

> að hver sá kaupmaður, sem sölubúð hafi hèr í landi, sè skyldaður til, að vera sjálfur búsettur í landinu.

Reykjavík, 3. dag júlímánaðar 1857.

H. Kr. Friðriksson".

H. Kr. Friðriksson: Eg veit ekki betur, en að dönsku laga 3—3 sè enn gildandi, þar sem svo er fyrir mælt, að sá, sem vill vera borgari í einhverjum bæ, sè skyldur að hafa þar bólfestu, eða, eins og þar er að orði kveðið, hafa þar dúk og disk, það er með öðrum orðum, að hann sè skyldur til að vera þar búsettur. Hin sama ákvörðun virðist mèr liggja í allri tilsk. 17. nóv. 1786, en í tilsk. 13. júní 1787, 11. gr., er það tekið fram fremur sem ósk, heldur en skylda; en í opnu brèfi frá rentukamm., dagsettu 1. júní 1792, er sagt, að kaupmenn megi vera búsettir annarstaðar, ef þeir hafi fulltrúa, sem sè borgari í kaupstaðnum. Það er nú ekki einu sinni svo vel, að þessari reglu sè fylgt, því að þeir eru „faktórar" hèr í bænum, að eg eigi fari leingra, sem eigi eru borgarar. Á hinn bóginn sjá allir, hversu nauðsynlegt það er, að þeir menn sè búsettir í landinu, er mestan hafa fjáraflann og því geta bezt stutt að framförum landsins og orðið því að gagni. Eg skal ekki fara leingra en hèrna í Reykjavík, því þar get eg séð af dæmunum, að þeir kaupmenn, sem hèr eru búsettir, vinna landinu miklu meira gagn og sóma, en hinir, sem búsettir eru erlendis. Það er auðsætt, að frjálsa verzlunin getur aldrei orðið oss að notum, meðan eingin innlend kaupmannastètt kemst upp, því að þeir, sem sækja verzlun híngað frá útlöndum, vilja helzt selja vöru sína í stórkaupum, og vilja því eiga við kaupmenn, sem geta keypt mikið af þeim, en ekki kaupa við hvern einstakan í smákaupum, eins og menn gjöra nú; en þegar nú þessa kaupmenn vantar, þá vilja þeir ekki koma híngað til verzlunar. Aptur á mót flytja hinir búsettu kaupmenn erlendis

allar vörur sínar híngað sjálfir, og kaupa því ekki að lausakaupmönnunum. Nú er einmitt tími kominn til að kippa þessu í lag, er vèr höfum feingið verzlunarfrelsið, og til að ryðja burt öllum þeim tálmunum, sem notum hennar og gæðum eru til hindrunar. Eg vona, að hið heiðraða þíng álíti mál þetta miklu skipta og fallist á, að nefnd sè kosin til að íhuga það; það getur vel verið, að þíngmönnum geðjist ekki að fyrirkomulaginu á uppástúngunni, en það getur nefndin lagað. Eg vona, að eg þurfi ekki að mæla meira fram með uppástúngu minni að svo stöddu.

E. Ó. Kúld: Eg er ekki fullkomlega viss um, að mikið mæli með því, að kjósa nefnd í þetta mál. Eptir því sem mèr skildist ræða hins heiðraða uppástúngumanns, þá skoðaði hann það þó svo, að lög, sem enn væri hèr gildandi, mælti fremur á móti því, sem uppástúngan fer fram á, og þykir mèr ætíð aðgæzluvert, að menn hrapi ekki að því, að breyta gildandi lögum. Eg er ekki heldur sannfærður um, að það, sem uppástúngan fer fram á, muni í nokkru tilliti fremur styðja en veikja verzlunina, eins og henni, enn sem stendur, víkur við hjá oss; öllu heldur er eg hræddur um, að það muni tálma nægri og góðri verzlun; því sá, sem er búsettur erlendis, hann getur að öllum líkindum sjálfur útvegað sèr hin beztu kaup á vörum sínum þar, en aptur hinn, sem búsettur er hèr, hann verður að fá sèr mann utanlands, til að sjá um kaupin, og þannig hlýtur hann að sjá allt með annara augum, og er það sitt hvað — það sýna dæmin — en að sjá um það allt sjálfur. Að öðru leyti kom mèr það nokkuð óvænt, að uppástúnga þessi skyldi koma frá þíngmanni Reykvíkínga, því hèr á þíngi hafa einatt heyrzt raddir um, hvað dýrt sè orðið að lifa hèr í Reykjavík, en það yrði þó að líkindum enn dýrara, ef fjölgaði borgurum, sem þó eptir uppástúngunni hlýtur að eiga sèr stað, og er það undarlegt, að þíngmaðurinn skuli vilja stuðla að því, því þó kaupmenn þessir kunni að vera svo staddir, að þeir geti þolað það, þá getur það þó orðið örðugt fyrir hina, sem eru miður efnaðir, en hljóta að dansa eptir hinum. Mèr finnst nú, þegar á allt er litið, að meira mæli mót en með nefnd; fyrir því vil eg ekki greiða atkvæði með nefnd, einkum þar vèr eigum nú von á málum, sem eru miklu merkilegri og sem eiga því að sitja í fyrirrúmi.

V. Finsen: Eg get ekki verið því samþykkur, er hinn heiðraði þíngmaður, er síðast mælti, sagði, að mál þetta væri með ómerkilegri málum, því mèr finnst það þvert á móti mjög svo veru-

legt og merkilegt. Ástand það, sem nú á sèr stað, er svo óeðlilegt, að það ætti ekki að eiga sèr stað, nefnilega að íslenzkir kaupmenn sitji allan tímann erlendis, en láti að eins faktóra sína vera hèr búsetta; með þessum hætti dregst allur ábatinn af verzluninni út úr landinu og eyðíst erlendis. Hèr er um það að gjöra, að landið fái þá verzlun, er styðji og efli atvinnuvegi landsmanna, auki fjáraflann og komi upp kaupstöðum; en þetta næst ekki með því ástandi, sem nú er. Ákvörðunin í opnu brèfi 1. júní 1792, sem ekki kemur heim við hina almennu reglu í dönskum kaupstöðum, að borgarar eigi sjálfir að vera búsettir, þar sem þeir hafi atvinnu, ætla eg að sett hafi verið, vegna þess menn hèldu þá, að of fáir mundi annars byrja verzlun hèr á landi, því áður var konúngsverzlunin; en nú er allt öðru máli að gegna, því nú vita menn, að verzlunin getur fætt þá, sem að henni standa. En viðvíkjandi annmörkum þeim, er þíngmaðurinn gat um, að svo örðugt væri fyrir kaupmenn þá, sem hèr eru búsettir, að hafa sèr umboðsmann erlendis, er seldi og keypti vörur fyrir þá, þá skal eg geta þess, að nú verður ráðin bót á því, undir eins og siglíngar til landsins aukast og póstskipsgaungum verður fjölgað, því þá geta kaupmenn, sem hèr eru búsettir, hægar farið til útlanda snöggva ferð, því auðvitað er, að ekki á að banna kaupmönnum að ferðast; hún (ákvörðunin) skipar þeim ekki að vera allt af í landinu, heldur að hafa hvergi annarstaðar fast aðsetur. Mèr finnst, að það veiti ekki af þessari ákvörðun, því síðan 1852 hafa 4 kaupmenn flutt sig hèðan og hafa nú aðsetur sitt erlendis, svo að hætt er við, ef þessu fer fram, að loksins verði einginn eptir, og er víst ekkert land til, sem slíkt ástand er í. Mèr finnst því full ástæða til að kjósa nefnd í málið, til þess að athuga málefnið yfir höfuð og þar með einnig þá annmarka, sem hin umrædda breytíng gæti, ef til vill, haft í för með sèr.

E. Ó. Kúld: Eg vil ekki gefa atkvæði mitt fyrir því, að það lagaboð verði gefið, sem svo hægt verður að fara í kríngum, eins og þetta lagaboð verður; því eg er hræddur um, að kaupmenn reyni með öllu móti að fara svo í kríngum það, að enda 10 eður jafnvel 15 fá sèr einn búsettan fulltrúa í landinu, og mun afleiðíngin þar af verða hin mesta einokun, já meir enn nokkurn tíma hefir átt sèr stað, og fyrir því mun eg gefa atkvæði móti nefnd.

Forseti: Eg vil biðja þíngmenn að fara ekki út fyrir umtalsefnið; hèr er einúngis að ræða um, hvort uppástúngan sè svo al-

menns efnis og svo umvarðandi, að það sè vert að kjósa nefnd til að íhuga málið.

G. Brandsson: Mèr þykir verzlunarlög vor vera nógu úng til þess, að fara að káka við þau á ný; það var gjört hèr á þíngi 1855, og nú á að fara að gjöra það aptur. Þessi uppástúnga, sem hèr er farið fram á, kom til umræðu á þjóðfundinum, þegar verzlunarlögin voru rædd, og þótti þá óhafandi, og mun hún það þá ekki síður nú, enda munu allir sjá þvíngun þá og ófrelsi, sem í henni liggur, þó hún í aðra röndina kunni í fljótu áliti að þykja haganleg fyrir landið eða að minnsta kosti kaupstaði þess. Það er vel aðgætanda, að vèr höfum nú mörg mál og merkileg fyrir hendi, hin konúnglegu mál, sem nú eru komin, og svo fjárkláðamálið, sem eg held að muni vefjast fyrir þínginu, og, ef að vana lætur, mun því ekki veita af hinum lögboðna tíma til að ljúka þeim af, svo í lagi fari, þó ekki verði nú hèðan af bætt fleirum við. Fyrir því er eg mótfallinn því, að nefnd sè kosin í þetta mál.

St. Jónsson: Mèr finnst þessu máli ekki liggja svo mikið á, að það megi ekki vel bíða til næsta þíngs; uppástúngunni verður þá vel tekið af stjórninni, því hún kemur frá hinum sama kaupmanni!! sem sat hèr á þíngi 1855, og sem kom með uppástúngu um skipamælíng og fleira þess konar, og einmitt af því er eg viss um, að málinu verður vel tekið (sjá Ný Fèlagsr. 16. ár, bls. 177).

Konúngsfulltrúi: Eg viðurkenni, að það er í alla staði rètt, sem hinn háttvirti *forseti* nú sagði, að það hlýði ei vel, að orðleingja mjög ræðurnar, eða fara nákvæmlega inn í efnið við inngángsumræðuna, þegar einúngis er spurníng um, hvort kjósa eigi nefnd í málið, og eg skal þess vegna í þetta sinn vera stuttorður. Eg neita því ekki, að það væri æskilegt og landinu haganlegt, ef allir kaupmenn, sem eiga hèr verzlun, ætti hèr aðsetur; en á hinn bóginn er eg hræddur um, að þessu verði ekki við komið, og sízt með þvínganda lagaboði, er skerðir mjög frelsi kaupmanna. Slíks lagaboðs mundi heldur ekki verða gætt, því ekkert er hægra fyrir ríkan kaupmann, sem ekki finnur hag sinn við að búa hèr leingur, en að selja verzlunarstaði sína annaðhvort á huldu (*pro forma*) eður virkilega. Á þessum tímum taka menn frelsi fram yfir allt, en það lagaboð, sem hèr er stúngið upp á, leggur ófrelsi á kaupmennina og þar með einnig á verzlunina. Þess ber og að gæta, að það ófrelsisband, sem hèr er beðið um, einúngis legðist á þá kaupmenn, sem eru þegnar Dana konúngs, en getur ekki komið niður á utanríkiskaupmönnum,

hvar af þá aptur leiddi, að misrètti mikið yrði milli danskra og útlendra kaupmanna, sem verzlaði hèr, og að danskir kaupmenn yrði hèr þess vegna undir verri kjörum og þreingri, en útlendir kaupmenn.

Forseti lèt þíngmenn gánga til atkvæða um, hvort nefnd skyldi kjósa, og var því neitað með 16 atkvæðum gegn 6.

Forseti kvaðst eigi geta ákveðið fund að sinni, en kvaðst mundu boða dagskrá, áður fundur yrði haldinn.

Fundi slitið.

---

8. júlí — fimmti fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Varaþíngmaður Snæfellínga hefir beðið sèr hljóðs.

E. Ó. Kúld: Eg vildi einúngis leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta konúngsfulltrúa um, hve nær menn mega vænta, að málið um fjárkláðann verði lagt fyrir þíngið; mál þetta er svo mikils varðanda, að sýnilegt má vera, að nægan verður tímann að hafa, ef það skal ræða til fulls, og neita eg því ekki, að mèr þykir kynlegt, að mál þetta ekki þegar fyrir laungu er lagt fyrir þíngið. Þar sem þó nú er 8. þíngdagur og ekki mjög mikið hefir verið að gera híngað til, en nú fjölga óðum málin, og stjórnarmálin komin, sem munu taka upp mikinn tíma, og út heimta þíngsins mestu krapta.

Konúngsfulltrúi: Upp á spurníngu hins heiðraða þíngmanns skal eg svara því: að frumvarp stjórnarinnar um vegabætur er nú í prentsmiðjunni til prentunar, en jafnskjótt og það er búið, mun eg láta prenta frumvarp áhrærandi fjárkláðamálið.

Forseti: Hefir hinn heiðraði þíngmaður nokkuð frekara að segja í þessu efni?

E. Ó. Kúld: Nei!

Forseti: Samkvæmt dagskránni mun hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* leggja fyrir þíngið nokkur konúngleg álitsmál, og er ætlazt til, að þíngið kjósi nefndir í þau.

Konúngsfulltrúi: Dómsmálastjórnarráðherrann hefir í brèfi 30. maí þ. á. tilkynnt, að hans hátign konúnginum hafi eptir sínu undirlagi þóknazt 27. s. m. að úrskurða:

I. *a,* að leggja megi fyrir þessa árs alþíngi til álits frumvarp það, sem nefnd sú, er kosin var í Reykjavík árið 1855, til að lagfæra jarðamatið, sem fór fram á Íslandi 1849 og 1850, hefir samið.

b, að alþíngi síðan ákveði, hverju hundraðatali skuli jafna niður á hinar einstöku sýslur í landinu.

c, að því næst skuli alþíngi þessa sumars falið, að láta jafna hundraðatali sýslnanna á hinar einstöku jarðir um land allt, og má í því skyni, ef þörf gjörist, leingja þíngtímann um 8 til 10 daga.

d. að þessi starfi verði falinn annaðhvort nefnd þeirri, sem alþíng kýs til þess, eða hinni áðurnefndu jarðamatsnefnd.

e, að þegar jarðabókin þannig er albúin, verði hún lögð fyrir þíngið, til þess að það segi um hana álit sitt og samþykki.

f, að alþíngi loksins sè kvatt til að segja álit sitt bæði um það, á hvern hátt og á hverjum tíma hið nýja jarðamat skuli öðlast lagagildi.

II. *a,* að 500 dala þóknun sè veitt fyrst um sinn hverjum meðlim jarðamatsnefndarinnar fyrir starfa þeirra í jarðamatsmálinu, og að alþíngi segi álit sitt um, hvort og að hve miklu leyti ástæða sè til, að hækka þessa þóknun, annaðhvort fyrir einhvern einstakan nefndarmann, eða fyrir þá alla.

b, að veita megi skrifara nefndarinnar 150 rd. aukastyrk, og

c, að þessa ofannefndu þóknun og aukastyrk megi fyrirfram greiða af fè því, sem ætlað er samkvæmt fjárhagslögunum til aukaútgjalda fyrir Ísland, móti því, að fè þetta verði endurgoldið á sama hátt, sem annar kostnaður, er leiðir af jarðamatinu.

Samkvæmt þessum úrskurði konúngs hefir stjórnarherrann falið mèr á hendur að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir í þessu efni, hvers vegna eg hèr með skora nú á það heiðraða þíng, að taka mál þetta til yfirvegunar samkvæmt úrskurði konúngsins.

Forseti: Eg hefi þíngsins vegna veitt móttöku bókum þeim og skjölum, áhrærandi jarðamatsmálið, er hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hefir látið afhenda mèr, og skora eg á hina háttvirtu þíngmenn að kjósa menn í nefnd, til að undirbúa þetta mál. Kann ske einhver af hinum hattvirtu þíngmönnum vildi stínga upp á, hversu marga skuli kjósa í þessa nefnd.

E. Ó. Kúld: Eg vil stínga upp á, að kjósa 9 manna nefnd, eins og áður var gjört.

Forseti: Hèr er stúngið upp á 9 manna nefnd, eins og áður

hefir verið gjört í þessu máli, og ef einginn mælir á móti, bið eg þíngið að kjósa 9 menn í nefnd þessa.

Var þá geingið til atkvæða, og feingu þessir flest atkvæði:

Jón Guðmundsson .	22	atkv.
Á. Einarsson . . .	21	—
Ó. Sívertsen . . .	19	—
R. M. Ólsen . . .	18	—
Jón Kristjánsson . .	18	—
G. Brandsson . . .	18	—
Jón Sigurðsson . .	16	—
V. Oddsen	16	—
P. Jónassen . . .	15	—

Forseti: Um leið og eg afhendi formanni nefndarinnar bækur þær og skjöl, er hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hefir feingið mèr viðvíkjandi jarðamamtsmálinu, vil eg biðja hinn heiðraða formann að gefa *konúngsfulltrúa* skýrteini fyrir því, sem hann tekur við; hið sama vil eg og biðja hina aðra formenn nefndanna að gjöra, svo vís sè aðgángur að þeim skjölum, sem þíngið tekur við. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hefir beðið sèr hljóðs.

Konúngsfulltrúi: Stjórnarherra dómsmálanna hefir í brèfi 30. maí þ. á. tilkynnt mèr, að hans hátign konúnginum hafi þóknazt allramildilegast að úrskurða: að fulltrúi sinn á alþíngi kveðji þíngið til að taka til íhugunar og segja álit sitt um, hversu að alþíngi fyrst um sinn, þángað til fjárhagsfyrirkomulag Íslands er komið í kríng, geti gefizt kostur á, að segja álit sitt um tekju- og útgjaldaáætlun Íslands *(Budget),* annaðhvort á þann hátt, að alþíngi eitt sinn fyrir öll taki fjárhagsmálefnið til ítarlegustu yfirvegunar og meðferðar, eða á þann hátt, að málið sè reglulega lagt fyrir þíngið á vissum tímamótum; sömuleiðis hefir konúngi þóknazt allramildilegast að úrskurða: að alþíngi skuli segja álit sitt um spurníngunа viðvíkjandi hlutteknínguu Íslands í útboði til herflota konúngs, og sömuleiðis um það, hvernig koma skuli á slíkri tilhögun, ef þíngið fellst á útboðið.

Samkvæmt þessum konúngl. úrskurði bið eg nú hina heiðruðu þíngmenn að taka mál þetta til nákvæmustu yfirvegunar, og skal eg síðar, þegar nefnd er kosin í málinu, ljá henni skjöl þau, er eg hefi í höndum, viðvíkjandi útboðinu til herflotans.

Forseti: Eg hefi tekið við þíngsins vegna skjölum þessa máls, og vil eg því skora á hið heiðraða þíng, að kjósa nefnd í málið, og

væri gott, ef einhver vildi stínga upp á, hversu marga skal kjósa í þessa nefnd.

J. Sigurðsson: Eg held ekki veiti af 7 manna nefnd.

H. G. Thordersen: Mèr virðist 5 manna nefnd megi nægja.

Forseti lèt þá gánga til atkvæða, og var 5 manna nefnd samþykkt með miklum atkvæðafjölda. Síðan skoraði *forseti* á þíngið að kjósa 5 menn í nefnd, og feingu þessir flest atkvæði:

Jón Guðmundsson	.	20 atkv.
V. Finsen		20 —
E. Ó. Kúld . . .		16 —
G. Brandsson . . .		14 —
M. Andrèsson . . .		12 —

Forseti lèt síðan afhenda formanni nefndarinnar, þíngmanni Skaptfellínga, skjöl málsins.

Forseti: Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi,* hefir beðið sèr hljóðs.

Konúngsfulltrúi: Stjórnarherra dómsmálanna hefir tilkynnt mèr, að eptir undirlagi sínu 27. maí þ. á. hafi hans hátign konúnginum allramildilegast þóknazt að fallast á: að fulltrúi sinn á þessa árs alþíngi gjöri þínginu kunnuga áskorun hinnar keisaralegu frakknesku stjórnar, um, að mega stofna á Dýrafirði í Ísafjarðarsýslu fiskiverkunarhús, og kveðji þíngið í því tilliti til, að taka til íhugunar og gefa álit sitt um, að hve miklu leyti ástæða sè til, að veita þegnum útlendra þjóða leyfi til þess, að reisa á Íslandi fiskiverkunarhús, og með hverjum kjörum, ef þíngið fellst á það, samt hverjar breytíngar virtist ástæða til að gjöra í þessu skyni í löggjöf þeirri, sem nú gildir um þetta efni.

Eg skora því, samkvæmt þessum konúngsúrskurði á hið heiðraða þíng, að taka mál þetta til nákvæmustu íhugunar, og mun eg ljá nefnd þeirri, sem kosin verður af þínginu, skjöl þau, viðvíkjandi málinu, er stjórnin hefir sent mèr, í því skyni, að innihald þeirra verði þínginu kunnugt.

Forseti: Eg hefi tekið við skjölum þeim þíngsins vegna, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hefir lagt fram, og vil eg þá skora á hið heiðraða þíng að kjósa nefnd í málið, og væri gott, ef einhver þíngmanna vildi stínga upp á, hve marga á að kjósa í þessa nefnd. Einn þíngmanna stakk upp á 5 manna nefnd, og var það samþykkt.

Síðan lèt *forseti* kjósa 5 menn í nefnd, og feingu þessir flest atkvæði:

P. Pètursson . . . 18 atkv.
J. Hávarðsson . . 17 —
St. Jónsson . . . 15 —
Jón Guðmundsson . 15 —
Ó. Sívertsen . . . 14 —

Forseti lèt síðan afhenda formanni nefndarinnar skjöl málsins.

Forseti: Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hefir beðið sèr hljóðs.

Konúngsfulltrúi: Stjórnarherra dómsmálanna hefir sent mèr 3 skjöl frá forstöðumanni hins almenna danska gufuskipafèlags, stórkaupmanni *C. P. A. Kock* í Kaupmannahöfn, viðvíkjandi því, að koma á reglulegri gufuskipaferð milli Kaupmannahafnar og Íslands, og falið mèr á hendur, að leggja mál þetta fyrir alþíngi þessa sumars, til þess að þíngið gefi um það álit sitt.

Eg fel því samkvæmt niðurlagi § 3 í öðrum kafla í hinni konúnglegu auglýsíngu frá 27. maí þ. á. hinu heiðraða þíngi, að taka mál þetta til yfirvegunar, og mun eg á sínum tíma ljá nefnd þeirri, sem kosin verður af þínginu, hin áðurnefndu 3 skjöl frá stórkaupmanni Kock.

Forseti: Eg hefi tekið þíngsins vegna við skjölum málsins, og vil eg skora á hið heiðraða þíng, að kjósa nefnd í málið, og að einhver þíngmanna vildi stínga upp á, hve marga kjósa skuli í nefnd þessa. Einn þíngmanna stakk upp á 5 manna nefnd, og var það samþykkt. Síðan lèt *forseti* kjósa 5 menn í nefnd, og feingu þessir flest atkvæði:

V. Finsen . . . . 20 atkv.
Þ. Guðmundsson . 17 —
H. Kr. Friðriksson . 17 —
Jón Guðmundsson . 12 —
Páll Sigurðsson . . 12 —

Forseti lèt síðan afhenda formanni nefndarinnar skjöl málsins, og bað formenn nefndanna að snúa sèr til *konúngsfulltrúa* um skjöl þau og upplýsíngar, er hann ítarlegar gæti látið þeim í tè.

Konúngsfulltrúi: Eptir því sem ráð er fyrir gjört í hinni konúnglegu auglýsíngu til alþíngis 27. maí þ. á., 2. kafla § 10, leyfi eg mèr hèr með að afhenda þínginu staðfest eptirrit af konúnglegum úrskurði 25. júlí 1844, sem ákvarðaði, að það, sem þá eptirstæði af kollektupeníngunum, væri að upphæð 28,165 rd. 24 sk., og skyldu þessir peníngar nefnast styrktarsjóður handa Íslandi, og sömuleiðis af reikníngi þeim, sem saminn hefir verið yfir tèðan sjóð, síð-

an hann var stofnaður árið 1844. Eins og sjá má af reikníngnum, voru eptirstöðvar sjóðsins við síðustu árslok 14,265 rd. 83 sk., og standa þessir peníngar í ríkisskuldasjóðnum eptir innskriptarviðurkenníngunni *(Inskriptionsbeviset)*, nr. 1079 frá 1. júní 1853, og er þessi viðurkenníng geymd hjá gjaldkera dómsmálastjórnarráðsins ásamt peníngа-eptirstöðvunum, sem eru að upphæð 902 rd. 82 sk., svo að styrktarsjóðurinn á nú samtals 15,168 rd. 69 sk., og er þessi upphæð tilfærð á *„Justitsministeriets Fond ad deposita"*.

Forseti: Eg hefi feingið brèf frá hinum 5. konúngkjörna þíngmanni, að hann er kosinn formaður nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu, og þíngmaður Skaptfellínga skrifari hennar; einnig hefi eg feingið brèf frá hinum 3. konúngkjörna þíngmanni, að hann sè kosinn formaður nefndarinnar í helgidagamálinu, og varaþíngmaður Snæfellínga skrifari hennar.

Skjöl þau, er eg hefi tekið við af hinum háttvirta *konúngsfulltrúa,* viðvíkjandi kollektusjóðnum, skulu verða lögð fram á lestrarsalinn þíngmönnum til eptirsjónar. Eg skal, sem fyrst verður, birta dagskrá til næsta fundar.

Fundi slitið.

---

11. júlí — sjötti fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en tekið er til dagskrárinnar, skal eg leyfa mèr að skýra hinu heiðraða þíngi frá, að eg hefi feingið skýrslu frá þíngmanni Skaptfellínga, um, að hann sè kosinn formaður í nefndum þeim, sem settar voru af alþíngi í málinu um undirskript konúngs undir hin íslenzku lagaboð, og í jarðamatsmálinu; sömuleiðis, að þíngmaðurinn úr Suður-Þíngeyjarsýslu sè kosinn skrifari jarðamatsnefndarinnar; frá þíngmanni Suður-Múlasýslu hefi eg einnig feingið skýrslu um, að hinn fyrsti konúngkjörni þíngmaður, biskup *H. G. Thordersen,* sè kosinn framsögumaður nefndarinnar í Seyðisfjarðarmálinu; og frá hinum öðrum konúngkjörna þíngmanni, justitiarius *P. Jónassen,* um, að hann sè kosinn formaður og framsögumaður nefndar þeirrar, er sett var til að íhuga, hver lagaboð skuli leiðast í lög hèr á Íslandi; þess vil eg og geta, að eg hefi feingið svar frá

stiptsyfirvöldunum viðvíkjandi prentun alþingistíðindanna; hafði eg stúngið upp á 12 rd. fyrir prentun á hverri örk í stað 12 rd. og 3 marka, er heimtað var, og 40 rd. fyrir hvern „balla“ af pappír í stað 42 rd., og var fallizt á það, þó með þeim skilmála, er eg hefi mikið á móti, nefnilega að greiðast skuli 10 sk. um klukkutímann hverjum þeim verkamanni prentsmiðjunnar, sem starfar að breytíngum í handritinu, ef þeirra þarf við í eður eptir 1. próförk. Eg hefi aldrei vitað prentara þannig taka borgun í tímatali, og fór eg þess því á leit, að skilmáli þessi mætti falla burtu, en eins og sjá má af brèfi því, er eg fèkk frá stiptsyfirvöldunum, vildu þau ekki gánga að því. Eg vil samt ráða þínginu frá, að gjöra þetta að nokkru kappsmáli, og heldur gánga að kostum þessum í þetta sinn, og sjá, hverju fram vindur.

E. Ó. Kuld: Eg sè ekki betur, en þíngið neyðist til að gánga að þessum kostum, þó mèr raunar virðist þeir afarkostir og næsta einstaklegir og fáheyrðir, því það stendur í raun rèttri, eptir því sem í brèfinu stendur, í valdi prentarans, hvað mikið hann vill heimta, þegar hann á að dæma um frágánginn á handritinu. Eg vil samt leggja það til — af því eg sè ei, að öðru verði við komið — að þíngið í þetta sinn gángi að þessum kostum.

Forseti: Fyrst þíngið þá vill í þetta sinn fallast á þetta, er að taka til dagskrárinnar, og er þá fyrst, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* mun skýra þínginu frá tveim atriðum í hinni konúnglegu auglýsíngu.

Konúngsfulltrúi: Í hinni konúnglegu auglýsíngu til alþíngis er þess getið, að leitað hafi verið álits embættismanna hèr á landi um stofnun jarðyrkjuskóla á Íslandi. Í bænarskrá síðasta alþíngis um þetta efni, sem þíngmönnum mun vera í fersku minni, var beðið um 2 atriði: 1. að lèð yrði hentug jörð í suðuramtinu eða í hverju amti afgjaldslaust í nokkur ár til ábúðar þeim manni, sem vildi stofna jarðyrkjuskóla, og 2. að samþykkt yrði, að úngum efnilegum mönnum til jarðyrkju mætti veita styrk úr jafnaðarsjóðum amtanna. Í álitsskjali því, með hverju eg sendi stjórninni bæn alþíngis, mælti eg fram með 1. atriðinu þannig, að sín jörð í hverju amti mætti verða veitt til afgjaldslausrar brúkunar þeim mönnum, er stofna vildi jarðyrkjuskóla, og gat þess um leið, að í vesturamtinu mundi til vera þær jarðir, tilheyrandi því opinbera, er hentugar væri til að stofna á þeim jarðyrkjuskóla; en þar á mót væri í tèðu amti, nú sem stendur, einginn sá jarðyrkjumaður til, sem hæfur væri til að

stofnsetja og stýra slíkum jarðyrkjuskóla, og þess vegna yrði að slá á frest stofnsetníngu skólans fyrst um sinn í tèðu amti. Hvað hin ömtin snertir, þá gat eg þess, að mèr væri ekki svo kunnugt um, hvort þar væri hentugar jarðir til að setja á búnaðarskóla, þær er væri opinber eign, og ekki heldur, hvort þar væri menn hæfir til að stofnsetja og stýra slíkum skóla, þó mèr væri næst að halda, að *Guðmundur Ólafsson,* er lært hefði jarðyrkjufræði í Danmörku, en nú væri búsettur í suðuramtinu, væri þar til vel hæfilegur. Eg rèð því stjórninni til, að skrifast á um þetta við stiptamtmanninn og amtmanninn í norður- og austuramtinu, á hvað og stjórnin hefir fallizt. Skýrslan frá stiptamtmanninum, sem ráðfært hefir sig við stjórn suðuramtsins húss- og bústjórnar-fèlags, getur þess, að eingin af þeim jörðum hèr sunnanlands, sem nú eru opinber eign, sè hæfileg til að stofna á búnaðarskóla, og yrði því, ef slíkan skóla skyldi setja á stofn, að útvega slíka jörð hjá prívatmönnum annaðhvort í makaskiptum eða á annan hátt. Jarðyrkjumaður *Guðmundur Ólafsson* vildi og setja þá kosti, ef hann ætti að stofna landbúnaðarskóla, er, í það minnsta nú sem stendur, ekki verður geingið að, enda þóttist hann enn þá ekki vera orðinn svo kunnugur, að hann nú þegar gæti stúngið upp á hentugri jörðu, er hæfileg væri til að stofna á búnaðarskóla. Stiptamtmaðurinn áleit því, að af þessum orsökum flyti það nauðsynlega, að búnaðarskólastofnuninni hlyti einnig að slá á frest í suðuramtinu. Amtmaðurinn yfir norður- og austuramtinu hefir ekki einúngis fallizt á uppástúngu alþíngis um búnaðarskólann, heldur einnig óskað, að norðurland mætti fá búnaðarskóla í stærri stíl, en þíngið hafði beðið um, og að þar með yrði sameinaður undirbúníngsskóli undir hinn lærða skóla í Reykjavík; og áleit amtmaðurinn jörðina Möðruvelli í Hörgárdal og amtshúsið, sem þar stendur, vera bezt fallið til skólastofnunarinnar, eins og hann tjáði sig viljugan til, að sleppa jörðunni og húsinu, ef slíkur skóli gæti á komizt. En slíkur skóli mundi heldur ekki geta orðið stofnaður í bráð, bæði vegna þess, að byggja þyrfti amtmanninum íbúðarhús aptur inn á Akureyri, og líka af því, að nægir kennendur handa slíkum skóla mundi ekki vera fyrir hendi. Hvað síðara atriði bænarskrár þíngsins við víkur, mælti eg einnig fram með því, að svo miklu leyti að verja mætti nokkrum hluta af ávöxtum búnaðarsjóðsins fyrir vestan til að styrkja efnalitla búnaðarskólalærisveina. Af búnaðarsjóðnum fyrir norðan er ársleigan ekki hærri en 56 rd., og í suðuramtinu er einginn eiginlegur búnaðarsjóður. Þetta eru

nú þær orsakir, hvar fyrir stjórnin hefir orðið að slá því á frest, að gjöra nokkuð frekara við þetta málefni að sinni, enn þótt henni að öðru leyti sè einkar annt um það.

Það er þíngmönnum kunnugt, að stjórnin hefir tekið vel í þá bæn alþíngis að skipa 2 lögfróða málsfærslumenn við landsyfirrèttinn, og að hver þeirra fái frá 300—400 rd. styrk frá því opinbera, en þar sakargjaldssjóðurinn ekki getur lagt meira fram en í hæsta lagi 350 rd. og stjórnin ekki heldur sèr færi á, að útvega meiri styrk til þessa, væntir hún eptir ítarlegri uppástúngu frá alþíngi um það, hvernig það verði feingið, sem á vantar, og álít eg því bezt fallið, að einhver hinna heiðruðu þíngmanna gjöri um það uppástúngu til þíngsins.

Loksins legg eg fram fyrir þíngið hið nú prentaða frumvarp stjórnarinnar með ástæðum til tilskipunar um vegabætur á Íslandi.

Forseti: Eg hefi tekið þíngsins vegna við frumvarpi þessu um vegana, og er þá fyrir hendi að kjósa nefnd í þetta mál; skal eg því leyfa mèr að skora á hina heiðruðu þíngmenn, að einhver þeirra segi álit sitt um, hve marga skuli kjósa í þessa nefnd.

J. Hávarðsson: Eg held ekki muni veita af 7 manna nefnd.

E. Ó. Kúld: Eg held þíngið ekki megi missa frá öðrum málum fleiri en 5 menn, og finnst mèr það muni nægja.

Forseti: Eg verð þá að biðja hið heiðraða þíng að skera úr, hvort kjósa skuli 7 menn eður 5 í nefndina. — Var síðan geingið til atkvæða og var 5 manna nefnd samþykkt með miklum atkvæðafjölda. — Skoraði *forseti* því næst á þíngið að kjósa menn í nefndina, og voru kosnir þessir:

Þ. Guðmundsson	með	14 atkv.
St. Jónsson . .	—	12 —
M. Andrèsson .	—	12 —
Þ. Jónassen . .	—	9 —
B. Johnsen . .	—	9 —

Lèt *forseti* síðan afhenda skjöl málsins formanni nefndarinnar, *Þ. Guðmundssyni.*

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur því næst til umræðu, hvort þíngið vilji setja nefnd viðvíkjandi uppástúngu þíngmanns Rángvellínga um kollektupeníngana.

Lèt *forseti* síðan afhenda þíngmanni þessum uppástúngu hans, og las hann hana upp svo hljóðandi:

„Hið síðasta alþíngi sendi konúngi vorum bænarskrá um, að aug-

lýsa hinu næsta alþíngi greinilegan reikníng yfir kollektupeníngana, og hvernig þeim hefði verið varið frá árslokum 1797 og hvernig nú væri ástatt með sjóð þenna. Samkvæmt konúnglegri auglýsíng til alþíngis 27. maí þ. á., nr. 10, hefir nú *konúngsfulltrúinn* auglýst þínginu staðfest eptirrit af konúnglegum úrskurði 25. júlí 1844, og af reikníngi styrktarsjóðsins. Þessi er nú árángur af þegnlegri bænarskrá alþíngis 1855. Af hinni konúnglegu auglýsíng til alþíngis verður séð, að stjórnin hefir álitið, að ekki hlýddi að neita alþíngi um skýrslu yfir styrktarsjóðinn, og hefir því fundið sèr skylt að birta alþíngi greinilegan reikníng sjóðs þessa, frá því hann var stofnaður með konúngsúrskurðinum 25. júlí 1844 og til ársloka 1856. Að þessu leyti þykir mèr árángur málsins gleðilegur. En á hinn bóginn verður það og séð á auglýsíngunni, „að ekki hefir virzt nein ástæða til, að gefa þínginu ítarlegri skýrslu um, hvernig kollektupeníngunum fyrrum hefir verið varið, en þá, sem gefin var þínginu af *konúngsfulltrúa* árið 1845“, og er það borið fyrir, að málið sè fullkomlega útkljáð með allrahæstum úrskurði 25. júlí 1844.

Það er nú óbreytanleg sannfæríng mín, að málið um kollektupeníngana sè eingan veginn fullkomlega útkljáð með úrskurðinum 25. júlí 1844, og styðst sú sannfæríng mín við uppruna og hinn sèrstaklega tilgáng kollektunnar, við hina eldri konúnglegu úrskurði bæði um leyfi til að safna kollektunni, og til að setja fè hennar á leigu í ríkissjóðinum, og enn fremur við það, að lögmætar skýrslur hafa áður verið gefnar Íslendíngum um fjárhag hennar, einkum fram að árslokunum 1797. Það liggur nú í augum uppi, að enda einvaldur konúngur getur ekki tekið fè það, sem gefið er í vissum tilgángi, og sem hann hefir tekizt á hendur að geyma, ávaxta og verja, samkvæmt tilgángi þeim, sem það var gefið í, og gjört úr því annan sjóð með öðru nafni, og varið því í öðrum tilgángi, en upprunalega var til ætlazt, því það er bæði almennur lagarèttur, að einvaldur konúngur sè skyldur til, eins og hver einstakur maður, að fullnægja öllum þeim skyldum, er hann hefir undir geingizt í fjárviðskiptum við aðra, t. a. m. ef hann tekur fè að láni eður til geymslu, svo hafa og konúngar vorir látið þetta ásannast viðvíkjandi kollektunni leingi framan af, eður svo leingi, sem þeim mun hafa verið kunnugt um uppruna og tilgáng kollektunnar, og að þeir væri sjálfir geymendur hennar *(Depositarii)*. En það er nú auðsèð á konúngsúrskurðinum 25. júlí 1844, að renntukammerið hefir ekki skýrt konúngi fullkomlega frá málavöxtum, heldur að eins lagt fram

fyrir hann reikníng sinn til úrskurðar, því það er auðsætt, að hinn hásæli konúngur vor, sem var svo annt um, að efla hag lands vors, mundi ekki hafa úrskurðað þannig, ef hann hefði vitað, hvernig kollektan var tilkomin, og þekkt hina eldri úrskurði, er að henni lúta.

Þar eð nú konúngsúrskurðurinn 25. júlí 1844 ekki getur á nokkurn hátt samrýmzt við hina eldri konúngsúrskurði, við tilgáng kollektunnar og við skyldu konúngs að geyma hana og ávaxta, samkvæmt konúngsúrskurði 29. marz 1786, og þar eð reikníngar þeir, sem *konúngsfulltrúinn* hefir auglýst þínginu, eru að minni hyggju í mörgum greinum eptirtektaverðir, einkum um þá 11000 rd. sem teknir voru til skólaflutníngsins, þá leyfi eg mèr, að bera upp fyrir hið heiðraða alþíngi þá uppástúngu, að það taki allt kollektumálið og reikníngana þá, sem fram eru lagðir, til nýrrar meðferðar, og biðji síðan konúng vorn:

1. að í stað hins konúnglega úrskurðar 25. júlí 1844 verði konúngsúrskurður 29. marz 1786 lagður til grundvallar fyrir reikníngi kollektunnar.
2. að hann láti, samkvæmt 1. atriðinu, leggja fyrir hið næsta alþíngi greinilegan reikníng yfir allan fjárhag kollektunnar frá 31. desember 1797 og til þessa tíma.

Reykjavík, 10. d. júlímán. 1857.

P. Sigurðsson".

P. Sigurðsson: Á síðasta þíngi var tekið svo vel í mál þetta, og mun þíngmönnum vera það svo ljóst, að eg ekki skal eyða orðum að, að mæla fram með því nú, fyr en eg heyri einhvern mæla á móti, og vil eg einúngis vona, að þíngið gjöri góðan róm að máli þessu, og kjósi nefnd í það.

Konúngsfulltrúi: Mèr þykir bænarskrá þessi í mörgu tilliti eiga mjög illa við: fyrst held eg þíngið hafi feingið svo margbrotin og mikilvæg mál til meðferðar, að það ætti að skjóta frá sèr svo óþörfu máli, sem mèr þykir þetta vera. Þar næst getur þíngið ekki heldur vænzt þess, að uppástúnga þessi verði tekin til minnstu greinar af stjórninni; því hvorki mun hún vera svo hviklynd, að hún veiti annað svar í þessu máli, en hún áður hefir gjört, og þetta getur eigi heldur átt sèr stað, þar sem konúngur í auglýsíngunni til alþíngis lýsir því yfir, að mál þetta sè fullkomlega útkljáð með konúngsúrskurði 25. júlí 1844. Loksins er margt það öldúngis rángt, sem til er fært í uppástúnguuni, eins og það, að renntukammerið

hafi ekki skýrt konúngi fullkomlega frá málavöxtum, og að hèr verði beitt þeim rèttarreglum, er gilda um einn *privat-depositarius*. En eg skal nú ekki orðleingja með því að telja upp allt, hvað órètt er í uppástúngunni, en einúngis geta þess, að eg get ekki skilið, hvern þíngið vill kalla til ábyrgðar í þessari sök, því ekkert hefir verið út borgað af kollektupeníngum nema eptir konúnglegum úrskurðum. Eg ræð því þínginu öldúngis frá, að taka mál þetta til meðferðar eða setja nefnd í því.

P. Sigurðsson: Eg get vorkennt hinum háttvirta *konúngsfulltrúa,* þó hann vilji reyna að bera hönd fyrir höfuð stjórninni, en eg vona og þykist viss um, að innvortis skoðun hans, sem Íslendíngs, mun vera hin sama sem mín og margra annara hèr á þíngi, að peníngar þeir, er hèr ræðir um, eingan veginn hafi verið brúkaðir samkvæmt upprunalegum tilgángi þeirra. Og þó má ske virðist, sem lás hafi verið settur fyrir kollektupeníngana með konúnglegum úrskurði 25. júlí 1844, þá var lás þessi samt ekki svo traustur, að menn ei hafi getað gægzt inn fyrir fortjald þetta og sèð, að peníngar þessir ekki hafa verið brúkaðir eptir tilgángi þeirra.

Á því, er *konúngsfulltrúi* skýrði þínginu frá 1845, mátti sjá, að 2 stjórnarráð eptir margbrotna reiknínga ekki gátu komið sèr saman um upphæð sjóðsins, og er sú skýrsla, er hann þá gaf þínginu, mjög lítið upplýsandi um brúkun hans fram að þeim tíma, og þó konúngur þá veldi það, að fylgja hinni hærri upphæð, finnst mèr það ekki geta gjört annað, en gefið oss því betri von um, að vèr á endanum náum rèttíngu á máli þessu, að minnsta kosti þeirri, að höfuðstóllinn hefði átt að standa óskertur, eins og eldri úrskurðir útþrykkilega til tóku. Mèr virðist því ekki ómögulegt, að konúngur taki úr lögum úrskurðinn 25. júlí 1844, og treysti eg svo bæði mildi og rèttvísi vors góða konúngs, að hann láti oss ekki, að því leyti honum er fremst mögulegt, líða neinn rèttarhalla í þessu efni, og finnst mèr málið í alla staði svo mikils varðanda, að menn ekki ætti að þreytast á því, að knýja á, svo upp verði lokið.

P. Pètursson: Mèr virðist alþíngi ætti að veita stjórninni þökk fyrir hennar góðu og greinilegu reiknínga styrktarsjóðnum viðvíkjandi, og þætti mèr því næsta ótilhlýðilegt, ef nefnd væri sett í máli þessu til þess, að biðja um endurskoðan reiknínga þeirra, er útkljáðir eru með úrskurði konúngs, 25. júlí 1844, og jafnótilhlýðilegt virðist mèr að fara fram á breytíngu hins konúnglega úrskurðar, því þó að fè því, er hèr ræðir um, ekki hafi verið varið að öllu leyti samkvæmt

upprunalegum tilgángi þess, hefir því þó verið varið í Íslands þarfir, og hvernig sem því enda hefði verið varið, finnst mèr það mega liggja í augum uppi, að bænarskrá um þetta efni eingu getur til vegar komið, og finnst mèr því fullkomin ástæða til, að mæla móti nefnd, og það því fremur, sem þíngið hefir nóg annað að annast.

Konúngsfulltrúi: Eg vil bæta því við það, er eg sagði áðan, að konúngur getur nú ei breytt eldri úrskurðum í peníngamálum ríkissjóðnum í óhag, nema með samþykki ríkisþíngsins.

Jón Guðmundsson: Hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður lofaði stjórnina mjög svo fyrir reiknínga þá, er hún hefði af hendi leyst, en þótt nú stjórnin ætti lof þetta skilið, er það eingan veginn atkvæði hins háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanns að þakka, því í hitt ið fyrra vildi hann ekki heldur hreifa máli þessu, og spáði þá, eins og nú, síður en ekki vel fyrir því; slíkar spár ímynda eg mèr fari nú smámsaman að missa krapt sinn hèr á þíngi, og að menn sè farnir að hvekkjast á þeim. Eg get ekki sèð, að meiri fyrirstaða þurfi nú að verða fyrir því, að af taka konúngsúrskurðinn 25. júlí 1844, heldur en var 1844, þegar ónýttir voru hinir eldri skýlausu konúngsúrskurðir um kollektuna, einkum úrskurður konúngs 28. maí 1800, er bannar með skýlausum orðum að skerða innstæðu tèðs sjóðar eða að verja öðru af honum til strandmælínganna en vöxtunum. Kollektusjóðurinn er geymslufè (*depositum*), og það, að 2 stjórnarráðum (*Rentekammeret og Finantsdeputationen*) ekki bar saman um reiknínganа, heldur bar töluvert á milli um það, hve miklu hefði verið varið af sjóðnum og hvernig því hefði verið varið, og hvað miklar væri eptirstöðvar hans, þetta er ljósastur vottur um, að sjóðurinn ekki hafi verið rèttilega brúkaður, eða samkvæmt úrskurðum konúngsins. Það er auðvitað, eins og hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að eptir því sem fyrirkomulagið er nú orðið á fjárstjórn ríkisins, þá getur konúngurinn ekki bætt kollektusjóðnum aptur það mikla fè, sem af honum hefir verið vanbrúkað og eytt þvert á móti skýlausum konúngsúrskurðum, án þess að leggja það fyrir ríkisþíngið, en eg hefi, og bæði alþíng og Íslendíngar hljóta að hafa það, óhikað traust bæði til konúngs, til ríkisþíngs Dana og hinnar dönsku þjóðar, að vèr Íslendíngar fáum að njóta fulls rèttar og sanngirni í þessu máli; hèr er ekki um annað fè að ræða en geymslufè — *„depositum“*, er allir hinir eldri konúngsúrskurðir nefna svo, — sem er skotið saman í vissum tilteknum tilgángi, og feingið síðan rentukammeri og ríkisfjárstjórninni til varð-

veizlu, vaxta og ábyrgðar samkvæmt úrskurðum konúngsins. Mèr dettur því ekki í hug, að ábyrgð máls þessa geti með neinu móti lent á konúnginum sjálfum eða erfíngjum hans, eins og *konúngsfulltrúi* sagði; hún hlýtur eingaungu að lenda á ríkissjóðnum, því á ríkissjóðnum einum hvíldu hin ýmsu útgjöld, sem heimildarlaust hafa verið tekin úr kollektusjóðnum og gagnstætt tilgángi hans. Ekki get eg heldur álitið, að annir þíngsins geti nè megi verða máli þessu til fyrirstöðu, því málið er þínginu svo ljóst síðan í hitt ið fyrra, að ekki þarf lángar umræður um það, og hèr þarf nú lítils annars við, en að ítreka bænarskrá þá, er þíngið sendi konúngi vorum í hitt ið fyrra.

Forseti: Fyrst einginn þíngmanna tekur framar til máls, skora eg á þíngið að gánga til atkvæða um, hvort nefnd skuli kjósa eður ei. — Var síðan geingið til atkvæða, og urðu 16 atkvæði með því, að nefnd væri sett, en 6 á móti.

Forseti: Vill einginn þíngmanna stínga upp á, hve marga skuli kjósa í þessa nefnd?

P. Sigurðsson: Eg stíng upp á 3 manna nefnd.

Forseti: Fyrst einginn mælir móti 3 manna nefnd, vil eg biðja hina háttvirtu þíngmenn að kjósa 3 menn í nefnd þessa. Var síðan geingið til atkvæða og voru þessir kosnir:

P. Sigurðsson . með 18 atkv.
Jón Guðmundsson — 16 —
H. Kr. Friðriksson — 7 —

Lèt síðan *forseti* afhenda skjöl málsins formanni nefndarinnar, *P. Sigurðssyni.*

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur því næst til umræðu uppástúnga varaþíngmanns Reykjavíkurbæjar, um, að hèr sè stofnaður lagaskóli, og verður kosin nefnd í málinu, ef þíngið fellst á það. — Lèt síðan *forseti* afhenda uppástúngumanni málið, og las hann upp uppástúngu sína, svo hljóðandi:

„Árið 1855 kom til alþíngis, eins og hinum heiðruðu þíngmönnum er kunnugt, bænarskrá frá 17 stúdentum í Kaupmannahöfn, þess efnis, að alþíngi bæri þá bæn fram fyrir konúng vorn, að stofnaður yrði kennsluskóli í Reykjavík handa lögfræðíngum. Alþíngi tók þá þessu máli vel og ritaði um það bænarskrá til konúngs; en nú sjáum vèr, að í auglýsíngu konúngs til þíngsins, 27. d. maím. þ. á., er því máli svarað á þá leið, að konúngi vorum eigi hafi þótt ástæða til, að verða við þessari bæn þíngsins, áu þess þó, að frá

því sè skýrt, hverjar ástæður sè til synjunarinnar. Nú hefir mèr verið send bænarskrá til þíngsins frá 18 vísindamönnum í Kaupmannahöfn, þess efnis, að alþíngi ítreki bæn sína um þetta mál, og með því eg er sannfærður um, að sú kennsla, sem embættismannaefni feingi hèr í landinu sjálfu, yrði bæði haganlegri, og að því, er Ísland snertir, fullkomnari, en sú kennsla, er nú fæst við háskólann í Kaupmannahöfn, og með því líka, eptir minni skoðun, að slíkur skóli yrði eigi all-lítið að styðja að framförum landsins, þá dirfist eg að skora á hið heiðraða þíng: að það beri þá bæn enn að nýju fram fyrir konúng vorn:

1, að stofnaður verði lögfræðíngaskóli hèr í Reykjavík;
2, að þeir, sem tæki embættisprót í þessum skóla, mætti öðlast rètt til lögfræðíngaembætta hèr á landi;
3, að kostnaðurinn til þessa skóla mætti greiðast úr ríkissjóðnum.

Reykjavík, 10. d. júlímánaðar 1857.

H. Kr. Friðriksson".

H. Kr. Friðriksson: Eg vona, að eg þurfi ekki að mæla mikið fram með uppástúngu þessari, og það því síður, sem þíngið tók einkar vel í mál þetta, er það var borið upp fyrir því á hinu síðasta þíngi. Nú stendur í anglýsíngu konúngs til alþíngis 27. d. maím. þ. á., að honum hafi eigi þótt ástæða, að verða við bón alþíngis í þessu, en eingar ástæður sagðar fyrir synjuninni, og því get eg eigi hikað mèr við, að halda málinu fram að nýju. Það mun mönnum vera full-ljóst, hverja nauðsyn beri til, að slíkur skóli sè stofnaður hèr í landi, og einnig, hvaða ómetanlegt gagn hann geti gjört. Það hefir ávallt verið örðugt og verður ár frá ári örðugra fyrir fátæka menn, að afla sèr þeirrar laga-menntunar í Kaupmannahöfn, sem þeir þurfa að öðlast, til að komast í embætti, og lagamenntunin er, enn sem komið er, ekki að fá nema erlendis. Meðan því einginn lagaskóli er stofnaður hèr í landinu, er fátækum stúdentum alveg bægt frá því, að geta aflað sèr nokkurrar lagamenntunar, og þeir, sem eigi eru svo efnum búnir, að þeir geti leitað sèr menntunar erlendis, eru neyddir til, að gánga á prestaskólann, og það, ef til vill, þvert á móti geði sínu. Það munu og fáir efast um það, að kennslan, ef hún feingist hèr á landi, yrði haganlegri en kennslan í Kaupmannahöfn; því að kennslunni þar í hinni íslenzku lögfræði mun vera mjög ábótavant. Það þarf eigi annað en taka fyrirlestra, sem haldnir hafa verið núna síðustu árin við Kaupmannahafnarháskóla, og munu menn þá brátt komast að raun um, að

kennsla sú, sem þar fæst, er mjög svo ónóg, enda sýnist það mikil ástæða fyrir bæn þessari, að einmitt þeir menn, sem eru að lesa lög í Kaupmannahöfn, finna þetta sjálfir, því enn að nýju er þínginu send bænarskrá frá þeim, sama efnis og á síðasta þíngi, og eru af þeim, sem undirskrifað hafa, sumir búnir að taka embættisprót, og sumir lángt komnir með það. Enn fremur finnst mèr þ a ð mæla fram með því, að lagaskóli verði stofnaður hèr, að slík stofnun h l ý t u r, að minni skoðun, að styðja og efla menntun landsins og framfarir þess, eins og hver önnur vísindastofnun, enda finnst mèr það liggja í augum uppi, að því fleiri menntunarstofnanir eða skólar sem eru í landinu, því meir hlýtur menntun að út breiðast og verða almennari. Það þarf ekki annað, en gæta að prestaskólanum, og ef segja má um hann, eins og sagt hefir verið, og sem eg get eigi annað en fallizt á, að hann hafi þegar borið „gleðilega ávexti", þá er eg eins sannfærður um, að hið sama mætti segja um lagaskólann, ef hann yrði stofnaður, þegar fram liði stundir. Eg skal ekki fara fleirum orðum um þetta mál að sinni, en vona þess fastlega, að þíngið taki það að sèr, og kjósi nefnd í það.

P. Pètursson: Áður en geingið er til atkvæða, vildi eg tala fáein orð. Eg er öldúngis á sömu meiníngu og eg hefi áður verið um nytsemi stofnunar þessarar hèr á landi, en það er regla mín, þegar stjórnin neitar einhverju því, er alþíngi hefir farið fram á, enn þótt án þess, að gefa ástæður fyrir neitun sinni, að eg þá ekki vil fara því hinu sama á flot strax um hæl, því eg treysti stjórninni fullvel til, að hafa góðar og gildar ástæður fyrir neitun sinni, þó ekki láti hún þær í ljósi, að minnsta kosti verð eg að beiðast þess, að ef nefnd verður kosin í þetta mál, eg þó ekki verði kosinn í hana, þar eð eg í þetta sinn, eptir því sem á stendur, verð að verða málinu mótfallinn og þar með kann að spilla fyrir því.

P. Jónassen: Þetta mál var, eins og kunnugt er, borið upp á næstliðnu þíngi, og það var borið upp meir en að nafninu, því málinu var fylgt fram með svo miklum áhuga og fylgi, að eg held fá eða eingin mál hèr á þíngi hafi átt öðrum eins áhuga að fagna, en þrátt fyrir það fèkk málið, eins og vèr nýlega heyrðum í auglýsíngu konúngs, ekki áheyrn hjá stjórninni, og þar sem kríngumstæðurnar eru hinar sömu nú og þegar málið var borið upp í fyrra sinni, get eg ekki haft nokkra von um bænheyrslu í þetta skipti. Eg get heldur ekki, eins og eg lít á málið, haldið það ávinníng, þó vèr feingjum slíkri stofnun, sem hèr ræðir um, komið hèr á

fót; tel eg það fyrst til, að eg held það mundi leiða til apturfarar í lagaþekkíngu hèr á landi, ef lagafræðslan ætti að lenda við það, er slík stofnun gæti látið í tè, því það liggur í augum uppi, að það yrði ómögulegt að læra á 2 árum, eða þó heldur á 18 mánuðum (eg miða nefnilega kennslutímann við prestaskólann) nema fyrstu atriðin í lögfræðinni, og að kalla þenna undirbúníng og menntun næga handa þeim, sem síðan ætti að takast á hendur embætti í landinu, það virðist mèr lítt komi heim við það, sem þó er deginum ljósara, að það út heimtist af veraldlegum embættismönnum meiri þekkíng og menntun nú, en áður, til þess þeir geti staðið hæfilega í köllun sinni.

Þá er annað atriði, sem ei má missa sjónar á, þegar spursmál er um aðra eins stofnun og þessa, og það er það, að embættin, sem þeir, er í skólann gánga, gæti feingið á eptir, eru mjög fá að tölu (því eg gjöri ráð fyrir, að þau svo kvölluðu hærri embætti mundi verða handa þeim, sem tekið hefði embættispróf við háskólann). Það mundi því verða mjög fáir, sem í skólann geingi, ef til vill 3 - 4 um árið, og þá kalla eg of miklu til kostað handa svo fáum. Hvort kennsla í lögum við háskólann sè eins ófullkomin og gagnslítil íslenzkum lögfræðíngum og sagt er, það get eg að vísu nú ekki dæmt um, en það veit eg, að þegar eg var við háskólann, var það, sem sèrstaklegt var fyrir Ísland, tekið fram af hlutaðeigandi háskólakennurum, að vísu stuttlega, eins og í *„Forbigaaende“*, en þó þannig, að það var nóg bendíng fyrir hlutaðeigendur, til þess að kynna sèr ítarlegar þessi atriði heima hjá sèr, og að öðru leyti er eg ekki á þeirra máli, sem álíta nú á dögum svo mikið djúp staðfest milli löggjafarinnar fyrir Danmörku og þeirrar fyrir Ísland, því það er, eins og kunnugt er, að eins einstakir kaflar, t. d. landsleigu- og rekabálkur og skattgjaldslögin, sem eru sèrstaklegir fyrir Ísland, en að öðru leyti er löggjöfin hin sama, þó með þeim breytíngum, sem nauðsynlega leiða af ólíkum landsháttum þar og hèr, og sem auðvelt er að kynna sèr á stuttum tíma, en með þessari athugasemd er þeirri mótbáru hrundið, að íslenzkir lögfræðíngar læri einúngis dönsk lög við háskólann.

En nú vil eg gjöra ráð fyrir, að þessi stofnun komist á fót; má þá ekki búast við því, að kennararnir yrði þeir menn, sem menntazt hefði við Kaupmannahafnarháskóla, og má þá ekki óttast fyrir því, að kennslan fái sama blæ eða hún verði meir, en æskilegt þætti, háð þeim anmörkum, sem þykja á lagakennslunni við háskólann, og

hvað væri þá unnið í þeirra augum, sem þykir lagakennslan við háskólann, einmitt af því hún sè algjörlega dönsk, svo gagnslítil og óþjóðleg fyrir Íslendínga.

Eg ítreka það aptur, stofnan sú, sem hèr er spursmál um, mundi, þó hún kæmist á fót, eingan veginn geta orðið lagamenntun vorri til góðs, heldur leiða til hins gagnstæða, eins og það virðist að liggja beint við, að stjórnin, sem nú er nýlega búin að synja oss um bænina, mundi, þó hún nú bænheyrði oss, ætla oss sjálfum að standa straum af stofnuninni, hvað kostnaðinn áhrærir, og það yrði þó ekki all-lítið árlega.

Eg verð þannig frá mínu sjónarmiði að leggja á móti því, að nefnd verði kosin í þetta mál.

H. Kr. Friðriksson: Ekki get eg fallizt á það, að menn eigi að sleppa þessu máli nú, þó einu sinni sè búið að neita því, og furðar mig á því, að hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður skuli hafa ráðið til þess, þar sem hann þó sjálfur kemur með þá reglu „knýið á, og mun fyrir yður upp lokið verða“. Samkvæmt þessum orðum vil eg breyta.

Að því er snertir ræðu hins háttvirta 2. konúngkjörna þíngmanns, mundi fyrri hluti hennar, ef hann hefði frá mèr komið, hafa verið kallaður „að svara út í hött“; því að það hefir ekki verið minnzt á það einu orði, hversu lángan tíma þyrfti til þess, að geta öðlazt næga lagamenntun í skóla þessum. Það getur vel verið, að leingri tíma þurfi til þess, en við prestaskólann, ef til vill 3 ár eður meira; eg er ekki svo mikill lögfræðíngur, að eg þykist fær um það að dæma, enda finnst mèr ekki, að þíngið, að svo stöddu, geti talað um slíkt, heldur einúngis um hitt, hvort setja skuli nefnd í máli þessu eður ekki. Að lagakennslan í skólanum hèr, ef hann yrði stofnaður, mundi draga æði-mikinn dám af kennlunni í háskólanum í Kaupmannahöfn, með því kennararnir sjálfsagt yrði að hafa lesið lög við Kaupmannahafnarháskóla, get eg ekki skilið; og ef svo er, þá er of lítið gjört úr menntun þeirri, er menn öðlast við Kaupmannahafnarháskóla, ef menn ekki geta lagað sig eptir því, sem við á hèr á landi, og hugsað um, hvað og hvernig það er, sem menn eiga að kenna; eg þarf því að heyra betri ástæður en þær, er eg þegar hefi heyrt, ef eg á að falla frá máli þessu. Hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður áleit það sjálfsagt, að æðstu verzlegu embættin einúngis mundi verða veitt þeim, sem numið hefði lögfræði við Kaupmannahafnarháskóla, og vera má, að svo verði, og að þeir, sem

út skrifaðist úr lagaskólanum hèr, fái rètt til embætta í sama hlutfalli við þá, sem tekið hafa embættispróf í lögum við Kaupmannahafnar-háskóla, og þeir, sem út skrifast frá prestaskólanum nú, fá embætti við þá, sem tekið hafa embættispróf í guðfræði við Kaupmannahafnar-háskóla; en mèr finnst þó ekki, að hèr í öllu tilliti megi jafna saman; því þar sem guðfræðin hlýtur að vera hin sama alstaðar, þar sem sömu eru trúarbrögðin, svo að hana ætti að mega nema eins vel erlendis, sem innanlands, þá er öðru máli að gegna um lagamenntunina, því lögin eru ýmisleg í ýmsum löndum, og verður það örðugra og varla við því að búast, að lögfræðin verði eins vel keund erlendis, eins og í því landi, sem lögin eiga að gilda, enda má sjá það, eins og eg hefi áður sagt, og hver getur sèð, sem vill aðgæta fyrirlestra frá Kaupmannahafnarháskóla, að kennslan þar á íslenzkum lögum er í marga staði næsta ónóg íslenzkum lögfræðíngum

Konúngsfulltrúi: Eg er sömu meiníngar hvað uppástúngu þessa snertir, eins og eg var 1855. Eg álít lagaskóla hèr á landi, þó hann gæti orðið stofnsettur, eingan veginn nauðsynlegan af þeim ástæðum, sem eg færði á síðasta þíngi. En um þetta skal eg nú eigi fjölyrða, heldur einúngis benda þínginu til þess, að ef það álítur það hæfilegt nú strax, þvert ofan í neitun konúngsins, að fara þessari bæn á flot, hvað eg fyrir mitt leyti ekki get álitið annað en miður tilhlýðilegt, þá verður það að benda á fè til stofnsetníngar og viðurhalds lagaskólanum, því úr ríkissjóðnum mun það ekki fást.

H. Kr. Friðriksson: Eg veit reyndar ekki, hverjar ástæður hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hefir til að segja, að vèr eigi fáum peníngana til lagaskólans úr ríkissjóðnum, en mèr finnst stjórnin hafa skuldbundið sig til að sjá fyrir menntun Íslendínga, eptir því sem við þyrfti, og tíminn heimti, er hún tók undir sig allar eignir skólanna, og mèr finnst það því vera skylda hennar að kosta þenna skóla. En það er nefndin, sem á að segja, hvaðan fèð skuli taka, og þángað til að nefndarálitið er komið, finnast mèr umræður um það ekki eiga við.

Á. Einarsson: Eg vil ekki neita því, að mèr hefði þótt vel fara, ef menn hefði getað sèð ofurlítið fram á, hverja stefnu álitsmálið um skattaniðurjöfnunina hefði tekið. En eg vona samt, að einginn lái mèr, að eg mæli fram með því, að nefnd verði kosin í máli þessu; eg vona líka, að einginn muni geta sagt um mig, að eg nokkurn tíma hafi viljað mæla á móti því, að menntunarstofn-

unum væri komið á fót hèr í landi, ef nokkur vegur er til þess, því eg álít þær einmitt undirstöðu framfara vorra Íslendínga. Menn sjá opt, hvað örðugt er að sækja alla þá menntun til annara landa, sem vel má fá hèr, og það verður optast happasælla í framkvæmdinni, sem hèr er lært. Já, vèr erum aumir, Íslendíngar, þegar vèr ekki einu sinni getum læknað kláðabólu á sauðfè voru sjálfir, og svona fer um alla hluti, ef ekkert á eða má stofnast í landinu sjálfu. Eigi þekkíngin að bera oss ávexti, verðum vèr sjálfir að gróðursetja hana og hlynna að henni. Eg vil taka til dæmis sjómannakennsluna á Ísafirði; þó hún kann ske sè ófullkomnari en sú, sem kennd er í Danmörku, þá hefir þessi kennsla orðið til mikilla og verulegra nota og framfara fyrir landið, og langtum fleiri getað notið hennar, en ef menn hefði átt að sækja hana til annara landa, enda þó stjórnin hafi enn þá ekki, svo eg viti, neitt styrkt þessa þarflegu stofnun.

E. Ó. Kúld: Af sömu ástæðum og áður hafa verið taldar hèr á þíngi lagaskólanum til gildis, vil eg leyfa mèr að mæla fram með nefnd í málinu, því mótbárum þeim á móti málinu, er fram hafa komið, finnst mèr fullkomlega hafa verið hrundið í umræðunum um þetta mál 1855.

St. Jónsson: Sè ástæðan á móti lagaskólanum sú, að lagakennslan, eins eptir sem áður, muni verða dönskuleg, virðist mèr hún í alla staði lítils verð, því jafnvel þó að kennslan í lagaskólanum fyrst framan af, ef til vill, verði nokkuð dönskuleg, þá er einmitt með því að stofna lagaskóla hèr á Íslandi verið að gjöra tilraun til þess, að lagakennslan, þegar fram líða stundir, verði íslenzkuleg. Þrífist lagaskóli þessi, eins og vænta má, þá get eg ei betur séð, en að honum, eins og hverjum öðrum skóla, mætti verða mögulegt og jafnvel hægt að senda frá sèr þá menn, er síðar gæti, og það í skólanum sjálfum, látið sjá ávöxt þeirrar íslenzku lagamenntunar, er hjá þeim hefir áður verið niður sáð; eg mun því gefa atkvæði fyrir því, að mál þetta sè tekið til yfirvegunar og það því fremur, sem mótmæli þau, er hafa heyrzt hèr á þíngi, eingan veginn hafa getað sannfært mig um hið gagnstæða.

Forseti: Fyrst einginn þíngmanna tekur til máls, skýt eg því til hins heiðraða þíngs, hvort nefnd skuli kjósa í máli þessu eður ekki. — Var síðan geingið til atkvæða og urðu 16 með því, að nefnd væri kosin, en 5 á móti.

H. Kr. Friðrikson: Eg vil leyfa mèr að stínga upp á 3 manna nefnd.

Forseti: Fyrst einginn mælir á móti 3 manna nefnd, vil eg biðja hina háttvirtu þíngmenn að kjósa 3 menn í nefnd þessa. — Var síðan geingið til atkvæða og voru valdir þessir:

H. Kr. Friðriksson með 20 atkv.
B. Johnsen — 10 —
Þ. Jónassen — 7 —

Skjöl málsins voru afhent formanni nefndarinnar *H. Kr. Friðrikssyni.*

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur því næst undirbúníngsumræða í helgidagamálinu, og vonast eg til, að hinir háttvirtu þíngmenn geti orðið stuttorðir og gagnorðir í máli þessu, þar það ræður að líkindum, að það sè orðið mönnum nokkurn veginn ljóst; á dagskránni er einnig enn þá eitt mál eptir, og væri þó óskanda, að menn gæti orðið búnir með hana í tækan tíma. — Skoraði *forseti* síðan á framsögumann, að hann læsi upp nefndarálitið, og var það svo hljóðandi:

„Alþíngi hefir kosið oss undirskriíaða í nefnd, til að segja álit vort um uppástúngu þíngmannsins úr Dalasýslu, er fer því á flot, að þíngið taki tilskip. 28. marz 1855, um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, til yfirskoðunar og endurlögunar, og sendi hans hátign konúnginum bænarskrá um þær breytíngar á tèðri tilskipun, sem þíngið kynni að álíta nauðsynlegar.

Ásamt þessari uppástúngu hefir þíngið einnig feingið oss í hendur tvær bænarskrár, hvar af önnur er úr syðri hluta Dalasýslu með fjöldamörgum undirskriptum sama efnis og uppástúngan, nema hvað hún sèr í lagi tekur það fram *„að miðaptans helgi sunnudagsins sè úr lögum numin og allur sunnudagurinn skipaður löghelgur“.* Hin bænarskráin, sem er frá Kollabúðafundi, dags 17. júní þ. á., fer og hinu sama á flot, en tekur þar að auki fram nokkur atriði, er lúta að frekari breytíngum á nefndri tilskipun.

Eptir að vèr nákvæmlega höfum íhugað þetta mál, skulum vèr nú leyfa oss, að skýra þínginu frá áliti voru um það á þessa leið:

Eins og það var tekið fram af nefnd þeirri, sem 1853 var sett á alþíngi til að íhuga frumvarp stjórnarinnar til ofannefndrar helgidagatilskipunar, og seinna af sjálfu þínginu í álitsskjali sínu til konúngs, að þetta frumvarp hefði á sèr frjálslegan og guðrækilegan blæ, eins verðum vèr einnig að vera á sama máli um tèða helgi-

dagstilskipun, þegar hún er skoðuð út af fyrir sig og yfir höfuð að tala; en eingu að síður virðist reynslan þegar búin að sýna fram á, að hún ekki hefir getað náð hylli landsmanna, nè þeim tilgángi, sem löggjafinn hefir haft, og er þetta auðsèð, ekki einúngis af þeim bænarskrám, sem nú eru komnar til þíngsins um breytíngar á henni, heldur og af þeim umkvörtunum, sem strax hreifðu sèr gegn henni á seinasta þíngi, en sem þínginu þá þótti ótilhlýðilegt að gefa frekari gaum, einkum af því að lagaboðið var þá nýlega komið út og sumstaðar enn ekki þínglesið. Það, sem að vorri ætlan liggur til grundvallar fyrir óánægju almennings við optnefnda tilskipun, er einkanlega sú tilfinníng, að sunnudagurinn eigi allur að vera lögheilgur, en að tilskipunin stytti þessa helgi með því að leyfa ýmsa vinnu eptir miðaptan, — og kom þessi tilfinníng þegar í ljós á þínginu 1853 í umræðum þíngmanna — hvers vegna og þíngið fór fram á, að leingja helgina frá kl. 4 til kl. 6 e. m., sem stjórnin einnig tók til greina, þegar tiskipunin kom út. En auk þessa er tilskipunin einnig í sumum greinum vissulega miður löguð eptir ásigkomulagi þessa lands, þar eð hún talar um suma þá vinnu og skemmtanir, sem einúngis eiga sèr stað í kaupstaðalífi, án þess að gjöra greinarmun á því og sveitalífinu, en virðist þar á móti sleppa mörgu því, sem nauðsynlegt hefði verið að taka fram með tilliti til sveitalífsins, t. a. m. óþarfa útreiðar og drykkjuslark á sunnudögum, og spretta allir þeir gallar, sem á tilskipuninni þykja, eptir voru áliti af því, að hún er sprottin af og sniðin eptir þeim lögum, sem gefin hafa verið út fyrir kaupstaði í Danmörku, hvar lífernisháttum er, eins og geta má nærri, allt öðruvísi varið, en hèr á landi, einkanlega upp til sveita. Ætti slíkt lagaboð að geta orðið fullkomlega íslenzkulegt, mundi tilskipunin 28. marz 1855 þurfa gjörsamlega að breytast, og þurfa meiri og leingri undirbúnings við en svo, að nefndin sjái sèr fært, að takast þann starfa á hendur. Þar að auk eru nú svo mörg og vandasöm mál komin fyrir þíngið, að vèr álítum það lítt mögulegt að þessu sinni, að taka þráttnefnda tilskipun til ítarlegrar endurskoðunar, með því oss líka þykir það ísjárvert, að taka slíka breytíngu fyrir á svo úngu lagaboði.

En af því vèr, eins og áður er sagt, álítum þá tilfinníngu liggja til grundvallar fyrir óánægju almennings með tilskip. 28. marz 1855, að hún ekki lætur helgina ná til alls sunnudagsins, og vèr verðum að halda, að það sè skylda þíngsins, að styrkja og glæða sèrhverja þá tilfinníngu þjóðarinnar, sem í sjálfri sèr er góð og guð-

rækileg og miðar til góðs siðferðis eflíngar, eins og vèr líka sjáum af stjórnar- *(Departements)* tíðindunum 1855, bls. 627, bæði að stjórnin mjög fúslega hefir fallizt á þá uppástúngu alþíngis að helgin skyldi ná til miðaptans, þar sem hún í frumvarpinu var að eins látin ná til kl. 4, undir eins og stjórnin lærði að þekkja þessa guðrækilegu skoðun Íslendínga á sunnudeginum, og að konúngsfulltrúinn einnig hefir hlynnt að þessu máli við stjórnina, — þá viljum vèr ráða þínginu til, að senda konúngi vorum þegnsamlega bænarskrá og biðja hann:

1. Um lagaboð, sem breyti tilskipun 28. marz 1855, 1. gr., þannig: að seinasti hluti greinarinnar frá orðunum: „fyr en" — til enda greinarinnar, sè numin úr lögum.
2. Að allar þær ákvarðanir, sem í nefndri tilskipun eru bundnar við miðaptanshelgina, verði skildar þar eptir.

Reykjavík, 9. dag júlí 1857.

P. Pètursson, formaður. *G. Einarsson.* *E. Ó. Kúld,* framsögumaður. *H. G. Thordersen.* *B. Johnsen".*

Framsögumaður: Eg skal ekki leingja þíngræðurnar með því að mæla fram með nefndaráliti þessu; einúngis skal eg geta þess, að mèr finnst nefndarálitið bæði stutt og greinilegt, og mèr finnst nefndin, þó hún, svo að segja, hafi orðið að synda milli skers og báru, samt hafa breytt því atriði, sem að minni hyggju var fyrsta og helzta undirrót til óánægju þjóðarinnar með helgidagatilskipunina, með því að nefndin vildi þó gjöra allan sunnudaginn helgan. Eg skal ekki fara fleirum orðum hèr um, fyr en eg heyri, hvað á móti nefndarálitinu verður mælt.

Þ. Jónassen: Mèr þykir það eptirtektavert, sem segir í nefndarálitinu, sem nú var lesið upp, að tilskipun sú, sem nú er verið að biðja um að verði breytt, beri á sèr sannan guðræknis og frjálslyndis blæ, en hún hafi þó ekki getað áunnið sèr hylli þjóðarinnar; eg má játa, að eg skil ekki, hvernig á þessu stendur, því hverja aðra eiginlegleika á tilskipun þess eðlis, sem hèr ræðir um, að hafa, til þess að þeir, sem henni eiga að hlýða, beri lotníngu fyrir henni? En þó eg geti ekki skilið, hvernig á því geti staðið, að tilskipanin með þessum ágætu eiginlegleikum ekki hafi getað geðjazt þjóðinni, þá get eg þó skilið það, að það hljóta að vera ýkjur einar eða eintómur hugarburður, að tilskipanin hafi, eins og sumir af þíngmönnum hafa látið sèr um munn fara, spillt breytni og hugsunarhætti al-

mennings, hvað helgihald sunnudagsins snertir, og það á svo stuttum tíma, sem liðinn er, síðan tilskipanin kom út; það er í mínum augum ómögulegt, að svo gott trè hafi getað borið svo slæma ávexti.

Það er enn fremur misskilningur, þegar nefndin segir, að tilskipunin sè svo dönskuleg, það er að segja, sniðin eptir lögum, sem hafa verið gefin út fyrir danska kaupstaði, og því sè svo margt í henni, sem ekki eigi við hèr upp til sveita; þetta kemur af því, að nefndin ekki hefir haft nógu glöggan augastað á því, að það, sem hèr ræðir um, er almennt lagaboð, því ef nefndin hefði athugað þetta, hefði hún orðið að sjá það, að slíkt lagaboð hlýtur að innihalda ýmsar ákvarðanir, sem einúngis geta náð til verzlunarstaðanna og sèr í lagi til Reykjavíkurbæjar, en ekki koma sveitalífinu hèr við. Þetta er því svo lángt frá að vera galli á tilskipuninni, að það er þvert á móti fullkomlegleiki; og verði nú tilskipuninni breytt, eins og upp á er stúngið, verður nauðsynlegt, eins eptir og áður, að gæta þess, að tilskipunin er bæði ætluð kaupstaðamönnum og sveitabúum, og því yrði, að því leyti sunnudagurinn yrði helgur frá morgni til kvölds, eins og nú er komið, óumflýjanlegt, að láta í því efni aðra reglu gilda í kaupstöðunum og aðra í sveitinni, sem nefndin virðist einkum að hafa fyrir augum; en hvort slíkt gæti átt sèr stað í almennu lagaboði, vil eg láta ósagt, en jafnlaung virðist mèr að sunnudagshelgin eigi að vera um allt land. Þegar á allt er litið, er það þannig mitt álit, að tilskipunin sè góð og hagfelld og þræði rèttan meðalveg, og sè hvorki of lin nè of straung; eg álít því, að hún eigi að standa óbreytt og óhögguð. Eg er nefnilega sannfærður um, að þær tilraunir, sem mætti verða gjörðar til þess, að færa helgihald sunnudagsins undir strángari reglur, en nú gilda, fá litla eða einga þýðíngu í lífinu, en verða einúngis til á pappírnum, og slík lög eru ekki æskileg. Þyki tilskipunin allt of frjálsleg, þá vil eg leyfa mèr, að vísa til orða eins af hinum heiðruðu nefndarmönnum á næstliðnu þíngi, að það gángi með sunnudaginn eins og hvern annan helgan hlut, að þegar hann komi í samband við tímann, verði hann að laga sig eptir tímanum; og það er hèr komið fram í helgidagatilskipaninni nýju í samanburði við hina gömlu.

Um þær breytíngar, sem nefndin að öðru leyti hefir stúngið upp á, og sem eptir minni skoðun fella tilskipunina algjörlega, ef þeim yrði framgeingt, ætla eg ekki að tala að svo stöddu.

J. Hávarðsson: Þegar eg gaf atkvæði mitt með því, að nefnd yrði kosin í þetta mál, þá ætlaði eg, að hún mundi breyta öllu því,

er ábótavant hefir þótt við tilskipunina, en nú sè eg, að hún hefir eingu breytt, nema þessu eina um leingíng helgidagsins, og þykir mèr það næsta undarlegt, að hún skyldi ekki ráða til, að endurbæta fleiri galla, því eg er viss um, að fleira þarf endurbóta við, og eg get nefnt nokkur atriði, sem er meira í varið en þetta eina. Það er annars auðsèð á nefndarálitinu, að hún hefir verið í vondri klípu, eða hún hafi, eins og hinn heiðraði framsögumaður komst að orði, hlotið að sigla milli skers og báru, og játa eg, að það sè ekki þægilegt, að vera í slíkum vanda staddur, því opt kann það að verða, að sá, sem ætlar að umflýja báruna, rennir upp á skerið. En það er nú ætlan mín, að verði ekki fleiru breytt, en þessu eina atriði, þá mun ein bænarskrá koma eptir aðra til alþíngis, um að fá einu og öðru breytt, þángað til búið er að breyta allri tilskipuninni; eg sè ekki neitt gagn að þessari breytíngu; þess vegna óska eg, að nefndin taki aptur þetta málefni til ítarlegri og betri yfirvegunar.

Forseti: Fyrst þess konar uppástúnga er komin fram, að vísa málinu heim til nefndarinnar, álít eg það rètt, samkvæmt 69. gr. alþíngistilskipunarinnar, að fara ekki leingra fram í umræðurnar að sinni, heldur að biðja þíngmenn að greiða þegar atkvæði um, hvort málinu skuli vísa aptur til nefndarinnar.

Jón Guðmundsson: Eg vildi þó leyfa mèr að benda hinum háttvirta *forseta* á 70. gr. alþíngistilskipunarinnar.

Framsögumaður: Eg vildi mega benda hinum háttvirta *forseta* til þess, að það hefir og verið vani áður hèr á þíngi, að málið hefir verið rætt ítarlegar, áður en atkvæði hefir verið greitt um það, hvort málinu skyldi vísað aptur til nefndarinnar.

Forseti: Eg vildi einúngis taka það fram, að það megi þegar gánga til atkvæða um, hvort málið sè aptur feingið nefndinni. Annars skal eg láta halda fram umræðum málsins, ef þíngmönnum finnst, að sèr sè eigi nógu ljóst orðið þetta spursmál, og leita þá atkvæða fyrst að lokinni umræðunni.

St. Jónsson: Eg er sannfærður um, að það muni jafnan sannast, að lagaboð þau, er hafa á sèr danskt snið, muni aldrei eiga vel við hèr á landi; en mönnum er hætt við, að hlífast of mikið við að breyta frumvörpum til hlítar, og því verða menn óánægðir með lagaboðin á eptir. Þar að auki er mikið vandhæfi á að setja lög um helgihald, því sitt þykir hverjum við eiga, og opt þykir annað eiga við í kaupstöðum og annað í sveitum. Eg að vísu vil ekki neita, að mèr virðist nefndin hafa farið það minnsta, sem verða

mátti, fram í breytíngar á lagaboðinu; en hún hefir þó ráðið til breytíngar á því, sem alþýða var óánægðust með, því það þótti óheyrilegt og ókristilegt að stytta helgina. Eg er hræddur um það, að ekki muni mikið ávinnast við það, að fá nefndinni málið aptur, eður að það verði svo umbætt, sem þyrfti; fyrir því vil eg stínga upp á, að menn láti standa við það, sem komið er í þetta sinn, en biðja stjórnina um, að hún láti semja frumvarp í landinu sjálfu af embættismönnum, og gjöri eg ráð fyrir, að það þyrfti ekki að kosta neitt, þegar ekki þyrfti að hrapa að því í flýti, og mundi þá frumvarpið verða betur úr garði gjört.

P. Pèturssón: Eg vil svara því, er hinn heiðraði þíngmaður Suður-Múlasýslu drap á, að þegar um það var rætt í nefndinni, hvort vèr ættum að breyta tilskipuninni eptir breytíngu þeirri, er gjörð var við 1. gr., þá sáum vèr það, nefndarmenn, að ef það skyldi gjört, þá hefðum vèr orðið að taka fyrir hverja grein í fyrri hluta tilskipunarinnar og breyta þeim; en nefndin var hrædd um, að það yrði ekki annað en kák, sem gæfi tilefni til ótal breytíngaratkvæða á þínginu, og að almenníngur yrði ekki ánægðari með breytíngarnar. Enn fremur styrkti það nefndina í þeirri stefnu, sem hún tók fyrir sig, að í einni bænarskránni var einúngis beðið um, að fá breytt þessu eina atriði um miðaptanshelgina, eður hið sama, sem nefndin hefir stúngið upp á. Það er nú innileg sannfæríng mín, að þótt helgidagatilskipunin sè út af fyrir sig góð, og hafi á sèr frjálslegan og guðrækilegan blæ, þá sè hún samt ekki í eðli sínu íslenzkuleg, og geti heldur ekki vel verið það, þar sem svo mikill mismunur er á lífernisháttum í kaupstöðum og sveitum, og þó á tilskipunin að gilda jafnt fyrir alla, og þess vegna er ýmislegt í tilskipuninni, einkum um ýmisar skemmtanir, sem meintar eru til kaupstaða, misskilníngi undirorpið hjá almenníngi, vegna þess það á sèr ekki stað í sveitunum. En ef þíngmenn álíta, að tilskipunin yrði betri með því að taka alla tilskipunina fyrir til breytínga, þá verð eg að biðja þíngið að kjósa aðra menn í nýja nefnd til þess, því eg fyrir mitt leyti get ekki tekið aðra stefnu, en eg hefi gjört í þessu máli, og sama munu meðnefndarmenn mínir segja, með því eg er sannfærður um, að það sè það eina rètta, sem nefndin hefir gjört.

Jón Guðmundsson: Þegar menn eru kosnir í nefnd til að athuga eitthvert mál, þá er það gjört í því skyni, að hún annaðhvort fullnægi tilgángi þeim og ætlunarverki, sem þíngið hefir falið henni, eður hún lýsi því yfir, að hún geti það ekki, og þá verður það að

gjörast að álitum, hvort uppástúngumaður vill taka aptur uppástúngu sína. Nefndin var ekki kosin til að stytta 1. gr. tilskipunarinnar um fáein orð, heldur til að endurskoða og laga hana alla, og í einni bænarskránni eru breytíngarnar tilteknar. En í þess stað hefir nefndin farið og sett hól upp á tilskipunina fyrir kosti hennar, og sagt þó í sömu andránni, að hún væri „í mörgum greinum vissulega miður löguð eptir ásigkomulagi þessa lands“, og á öðrum stað: „en sleppir mörgu, sem nauðsyn hefði verið að taka fram með tilliti til *sveitalífsins*“. Nú stíngur nefndin upp á: 1. að niðurlag 1. greinar: „fyr en eptir miðaptan, þó með þeim nákvæmari ákvörðunum, sem til eru teknar í tilskipun þessari“, falli burt, en þó tekur hún ekki til neinar af þessum nákvæmari ákvörðunum, heldur stíngur að eins upp á, 2., „að allar þær ákvarðanir, sem í nefndri tilsk. eru bundnar við miðaptanshelgina, verði skildar þar eptir“. Eg get nú ekki betur skilið, en alþíngi yrði að athlægi í augum stjórnarinnar, ef það sendi henni slíka bænarskrá, er færi því á flot, að þessum stúf yrði kippt aptanaf 1. gr., og að allar nákvæmari ákvarðanir yrði skildar þar eptir, það er með öðrum orðum, að biðja konúng vorn að skipa mönnum, að skilja ákvarðanir eins lagaboðs eptir einhverju út í bláinn, sem þó ekki er til í lagaboðinu sjálfu. Af þessum ástæðum vil eg styðja uppástúngu hins heiðraða þíngmanns úr Suður-Múlasýslu, um, að málinu verði vísað til nefndarinnar aptur. Treysti hin heiðraða nefnd sèr ekki til, að koma fram með neitt betra en þetta, nú! þá er ekki annað, en að hún komi aptur fram á þíngið og *„erklæri sig fallit“* (ɔ: lýsi því yfir, að hún sè ráðþrota).

P. Pètursson: Mèr þykir það skrítin skoðun, sem hinn heiðraði þíngmaður hefir á ætlunarverki nefndanna, þar sem hann vill binda þær við bænarskrár þær, sem þeim eru feingnar; en eg held, að nefndinni standi frjálst fyrir, hvort hún fer meira eður minna eptir bænarskránum. En þar að auk voru þau einstöku atriði, sem hinn heiðraði þíngmaður minntist á, eingan veginn tekin fram í uppástúngu þíngmannsins úr Dalasýslu, heldur var það í fylgiskjali. Eg er og hræddur um, að ef t. d. 20 bænarskrár kæmi inn á þíngið um líkt efni og nefndin ætti að rekja þær allar og þræða, þá mundi eigi mörg mál verða útkljáð á þínginu. Hinum heiðraða *varaforseta* þótti nefndin hafa gjört litla breytíngu á tilskipuninni með því að stytta einúngis 1. gr.; en það er einmitt mikil breyting, því miðaptanshelgin geingur í gegnum *allt lagaboðið*. En þar sem hinn heiðraði *varaforseti* var hræddur um, að alþíngi yrði að at-

hlægi í augum stjórnarinnar, ef uppástúnga nefndarinnar feingi framgáng á þínginu, þá efast eg stórlega um, að hún sè svo athlægin, eins og hinn heiðraði þíngmaður ætlar hana, en eg skal ekki fylgja þíngmanninum leingra í þessu efni, því það er ekki málinu til upplýsíngar. Eg er að vísu ekki vel kunnugur dönskum lögum, en þó svo kunnugur, að þar eru til ýms lagaboð, sem þurfa að skiljast eptir seinni ákvörðunum, og ef nokkur vandi rís af skilníngi þessara laga, þá verða menn að gæta þess, að það er dómendunum sèr í lagi ætlað, að skera úr, hver sá rètti skilníngur er. Það er og höfuðástæðan til óánægju alþýðu, að helgin var stytt, frá því, sem hin eldri helgidagatilskipun frá 1746 ákveður, svo að þegar hún er leingd og látin ná til alls helgidagsins, þá verður allt annað í tilskipuninni almenníngi auðskildara. Annars hefi eg ekki heyrt í ræðu *varaforseta* framfærða eina einustu ástæðu, sem geti veikt þá sannfæríngu mína, að nefndin hafi valið hinn bezta veg, því ef hún hefði tekið alla tilskipunina, þá hefði orðið kák úr öllu og gefið tilefni til óteljandi ósamhljóða breytíngaratkvæða. Hinn heiðraði *varaforseti* skildi ekki í því, að væri tilskipunin góð, þá gæti ekki ávöxturinn verið vondur, en hann gáði ekki að því, að rótin af þessu trè er ekki hèðan, og að það eru ekki öll trè, er þrífast í loptslagi voru. Mannleg náttúra er breysk, og grípur hvert tækifæri, sem lögin gefa, til að misskilja þau á þann veg, sem miður sæmir. Grundvallarskoðunin í nefndarálitinu er greinileg, og miðar til að burt rýma óánægju alþýðu með miðaptanshelgina. Þíngið ræður nú, hvort málinu skuli vísað aptur til nefndarinnar, en mèr þykir það undarlegt, ef svo yrði gjört, áður en menn hafa hrakið nokkuð í nefndarálitinu, því það væri ekki til annars en til að meiða nefndina og setja úlbúð milli þíngmanna, og væri það hættulegt, ef slíkt yrði gjört að reglu, eður rèttara sagt að óreglu; en eg vil segja þíngmönnum það, að nefndin hefir ekki hrapað að þessu áliti sínu, heldur komizt að því eptir lánga umhugsun.

Framsögumaður: Eg hefi fáu við það að bæta, sem hinn heiðraði 3. konúngkjörni þíngmaður nú mælti, og sá dauðadómur, sem upp hefir verið kveðinn yfir nefndarálitinu, hefir ekki breytt áliti mínu, og þar sem hinn heiðraði *varaforseti* sagði, að þíngið yrði til athlægis, ef það fèllist á nefndarálitið, með að vilja breyta hinni nýju löggjöf um helgihaldið, þar eð helztu og beztu menn þíngsins 1853 hefði haft þetta mál til meðferðar, þá vil eg leyfa mèr að geta þess, að með þessum orðum hefir honum orðið það, að dæma

þíngið nokkuð hart, því viðlíka hefir átt sèr stað um verzlunarlögin. Annars held eg, að stjórnin sè ekki svo „athlægin“, að hún muni henda gaman að þínginu fyrir það, að það vill ekki kæfa niður guðræknistilfinníngar þjóðarinnar. Það er ekki til neins, að fá mèr sem nefndarmanni málið aptur, en hitt er á þíngsins valdi að fella málið, og skal eg ekki eyða mörgum orðum að því. Nefndinni hefir verið álasað fyrir það, að hún hafi eigi vandlega gætt og fylgt bænarskránum, en það er ekki rètt gjört, því grundvallaratriðið í öllum bænarskránum er sú breytíng, sem nefndin hefir gjört á 1. gr. tilskipunarinnar, og er þetta atriðið beinlínis tekið fram. Eg er ekki mjög svo mótfallinn viðaukaatkvæði þíngmanns Eyfirðínga, ef meðnefndarmenn mínir samþykkja það. Það er misskilníngur, að vèr vildum fá tilskipunina numda úr lögum, það var aldrei ætlun vor, heldur að hún yrði öll löguð eptir breytíng 1. gr. Hinum heiðraða *varaforseta* og sumum öðrum þótti þetta of mikil breytíng; aptur öðrum þykir, að nefndin hafi breytt of litlu, og er þetta ástæða fyrir að ætla, að nefndin í breytíngum sínum hafi farið mátulega lángt.

H. G. Thordersen: Eg er samdóma mínum heiðruðu meðnefndarmönnum í því, að það muni ekki verða til neins að fá nefndinni málið aptur, því eg verð að játa, að eg fyrir mitt leyti sè mig ekki færan um að breyta tilskipuninni svo, að eg sè viss um, að landsmenn verði ánægðari með hana eptir en áður. Annars vona eg, að þíngmenn sjái, að það þarf meiri tíma, en þíngtíminn leyfir, til að breyta þessari tilskipun, og það er aðgætanda, að það er örðugra að búa til lagaboð upp úr öðru, en að semja nýtt.

G. Einarsson: Hinir heiðruðu meðnefndarmenn mínir hafa nú svarað þeim þíngmönnum, sem mælt hafa á móti nefndarálitinu, og ætla eg því ekki að fjölyrða um það; einúngis vil eg geta þess, að þegar hinn mikils virti *varaforseti* var að spá fyrir forlögum nefndarálitsins, kom mèr það til hugar, er hann sagði fyrir skemmstu, að menn væri farnir að „hvekkjast á þessum spádómum“ hèr á þíngsalnum, það yrði sem sè optast lítið úr þeim. Að öðru leyti vil eg gjöra grein fyrir skoðun minni, eptir að málið kom í nefnd. Þó að eg skilyrðislaust skrifaði undir nefndarálit það, sem hèr ræðir um, af því það að vissu leyti fór í sömu átt og vilji minn var til, þá hvorki var eg eða er ánægður með afdrif málsins hjá nefndinni; en betri var þau ekki að fá með því að nefndin hèldist saman. Eg hefði að vísu getað gjört ágreiníngsatkvæði og tekið tilskipunina ná-

kvæmar fyrir, en eg þóttist sjá fyrir, að á þeirri leið mundi mèr mæta þeir erfiðleikar og mótspyrnur, sem eg yrði ekki fær um að sigrast á. Málið er svo yfirgripsmikið og vandasamt, að það verður ekki skoðað til hlítar á stuttum tíma; þó að nú sè orðið tíðrætt um það í sveitum, þá er það eingan veginn svo undir búið þaðan, sem vera skyldi; hèr eru margir af þeim þíngmönnum, sem voru á þíngi 1853, og sem víst eru ekki meðmæltir miklum breytíngum á tilskipuninni, þeim er styddi að því, að gjöra hana strángari, heldur leita fyrir sèr, og þeyta skeggbroddana í þá átt, sem þeir halda að minnst sè mótstaðan fyrir; loksins mun varla mögulegt, að laga þá nú gildandi tilskipun um helgihaldið svo, að hún verði við Íslands hæfi eður í anda þjóðarinnar. Hún er sprottin af danskri rót og verður ætíð dönskuleg. Þetta var það, sem hamlaði mèr frá að gjöra ágreiníngsatkvæði; mèr þótti líka dálítið unnið, feingist hið mesta hneyxlið afnumið, sem sè: miðaptanshelgin, með því að þar af hlýtur að leiða talsverða bót í tilliti til anda og þýðíngar tilskipunarinnar í framkvæmdarlífinu. Þíngmaður Eyfirðínga bar upp viðaukaatkvæði áðan, sem mèr þykir líklegt að nefndin hafi ekki á móti, að minnsta kosti ekki eg, því að áþekkum viðauka var hreift í nefndinni, þó að hann kæmi ekki fram í nefndarálitinu sem beint uppástúnguatriði.

J. Kristjánsson: Eg kannast við það, að á alþíngi 1853 var stefna sú, sem álitsskjalið til helgidagatilskipunarinnar tók, mèr ekki sem geðfelldust, og tilskipunin er mèr ekki heldur geðfelld núna; henni er að vísu hrósað af sumum fyrir þann guðrækilega blæ, sem hún hafi á sèr, en mèr þykir ekki nóg, að hún hafi guðrækilegan blæ, sem einúngis er á yfirborðinu, heldur ætti hún að bera í sèr guðrækilegan anda, til að blása þeim í brjóst, er eiga að hlýða henni. Eg ætla bezt, að nefndin aðhyllist breytíngaratkvæði þíngmanns Eyfirðínga, því þá eru líkur til, að frumvarpið feldi í sèr þjóðlegan hugsunarhátt, en þó eg játi, að dálítið sè áunnið við breytíngu nefndarinnar, er það eingan veginn það, sem mèr finnst, að mestu máli skipti í þessu efni.

J. Sigurðsson: Eg fyrir mitt leyti get nú ekki annað en verið samþykkur þeirri heiðruðu nefnd, að hún hafi gjört það rètta og sitt hið bezta, að fara ekkert ítarlega út í breytíngarnar við þessa tilskipun, því eins og eg gat um við inngángsumræðuna, geta mjög ítarleg lög orðið ólög, og eg er nefndinni samþykkur í því, að það eina, sem valdið hafi óánægju fólks eður svo að segja hneyxlað það

sè, að (sem kallað er) klipið hafi verið aptan af sunnudeginum, og verði hann nú gjörður löghelgur til kvölds, sè mesti gallinn lagaður, og hefði sú uppástúnga verið borin fram hèr á þíngi 1853, þá mál þetta var undirbúið, mundi eg fúslega hafa veitt því atkvæði, og mun líka gjöra það; en jafnvel þó mèr, nú sem komið var, ekki virtist nein sèrleg nauðsyn til fyrir þíngið, að fara að taka málefni þetta þess vegna til nefndar, og nýrrar umræðu og fyrirhafnar, þar mèr virtist, að lifnaðarháttur manna mundi verða og vera sá sami, þó tilskipunin stæði, eins og hún var komin, þar eg líka sá nefnd og þínginu ókleyft, jafnvel þó farið hefði verið hið ítrasta eptir öllum þeim bænarskrám, sem um það efni voru komnar, að gjöra lagaboðið svo, að öllum líkaði vel. En nú vil eg geta þess, að mèr er ekki öldúngis grunlaust um, að eptir uppástúngu nefndarinnar, með að stytta fyrstu greinina, geti sumum orðið vafasamt, hvað laung að helgin skuli vera, og er það einkum tvennt, sem eg vil benda til, *fyrst,* þar orðið, *„einkum um messutímann“,* stendur, geti sumir skapað sèr, að helgin standi ekki nema fram yfir messutímann, og *annað,* sem gæti þá stutt þá meiníngu, að 9. greinin til tekur, að bænadagurinn, og fyrstu dagarnir í stórhátíðunum skúli vera helgir til kvölds, sem ekki þyrfti að taka fram, ef allir löghelgir dagar skyldi vera það. Þess vegna, til að styðja uppástúngu nefndarinnar, áskil eg mèr rètt til, að gjöra það viðaukaatkvæði við hana, að seinni partur af 9. greininni í helgidagatilskipuninni verði líka felldur í burt; orðið *„einkum um messutímann“* mætti líka leiða í spursmál; en eg læt nóg rætt um það að sinni.

H. Kr. Friðriksson: Eg var einn af þeim, er gaf atkvæði mitt fyrir nefnd í þessu máli, og datt mèr þá ekki í hug, að hún mundi ekki gjöra aðrar breytíngar, en hún hefir gjört, heldur að hún mundi laga tilskipunina alla. Eg get ekki gjört mikið úr því, þó sunnudagurinn sè að nafninu til gjörður helgur til kvölds, meðan ekkert er lagt við afbrigðunum; því eg er viss um, að ef menn ríða út og slarka í sveitinni vegna þess, að sunnudagurinn er ekki kallaður heilagur, þá muni þeir gjöra það eins fyrir það, þótt hann sè kallaður heilagur. En mèr stendur næst að tala um þessa tilskipun að því, er Reykjavík snertir, og verður þá tilskipunin, ef uppastúnga nefndarinnar verður samþykkt, óhafandi hèr fyrir Reykjavík. Eg skal taka eitt dæmi, sem næst liggur, til að sýna, hversu óhafandi þessi breytíng nefndarinnar sè, það er 4. gr. í tilskipuninni; ef nefndaruppástúngan verður samþykkt, má ekkert veita á veitíngahúsum, og eptir því mega Reyk-

víkíngar eingan dansleik halda, hvorki á laugardags- nè á sunnudagskvöldum, en það er hið sama, sem að segja þeim, að þeir megi alls einga skemmtun hafa, og það þykir mèr of hart. Í 7. gr. tilskipunarinnar er leyft að halda sveitafundi eptir miðaptan, en samkvæmt nefndarálitinu verður það nú fyrirboðið, svo að þessi hin nýju lög verða líka hörð fyrir sveitina, en fyrir Reykjavík verða þau óhafandi og eingu betri en hin fyrri. Eg vil gefa atkvæði mitt með því, að fá nefndinni málið aptur, en annars mun eg gefa atkvæði mitt móti nefndarálitinu svona löguðu. Það er svo margt ólíkt hèr í bænum og í sveit, að það tjáir ekki að binda þetta lagaboð við hugmynd einstakra sveitamanna, það lagaboð, sem á að vera almennt, og ekki má koma í bága við það, sem nauðsyn krefur.

G. Brandsson: Eg held það ætli að verða drjúgar þíngræður í þessu máli nú, eins og þær voru 1853. Þó breytíng nefndarinnar sè ekki stór að sjá, þá virðist mèr hún samt mikil, því eptir henni mega menn nú ekki leggja af stað á helgidögum frá bæ sínum í sveitinni, eður vitja um hrognkelsanet eða önnur net við sjóinn eptir miðaptan, nema þetta verði álitin brýn nauðsyn. En það verður varla álitið svo nema má ske í stöku tilfelli, svo sem þegar brim og ógæptir hafa leingi tálmað sjósóknum, en opt getur þó svo á staðið, að hinu undanteknu, að þessa sè nokkur þörf. Áður áleit margur maður, að þetta væri ósaknæmt, úr því miðaptan væri komið, og þetta við gekkst þó, á meðan hin eldri löggjöf um helgidagahaldið var í fullu gildi; sýnir þetta eitt með fleiru, að menn álitu hana of stránga, og að hún þurfti breytínga við. Nú þykir þessi of lin, svo það er ekki hægt, að gjöra svo öllum líki. Menn hafa talað um útreiðir og slark á sunnudögum, en ekkert band er lagt á það í breytíng nefndarinnar, og það hefði þó nefndin átt að gjöra. Menn hafa og borið fyrir þjóðarviljann, en eg get ekki kallað það þjóðarvilja, þótt nokkrir menn sendi bænarskrá og æpi um breytíngu á lagaboði, sem er lítt þekkt og lítt reynt, því hver veit, nema það komi bænarskrá til næsta alþíngis, um, að stytta aptur helgina, frá því, sem nefndin hefir nú stúngið upp á. Nú hefir nefndin kippt aptan af 1. gr. og það einmitt þeim orðum, sem eru eins konar inngángar til annarar greinar, hvar undantekníngar eru gjörðar frá þeirri aðalreglu, sem tilfærð er í fyrstu grein; en má eg spyrja, hvað verður þá leyfilegt eptir 2. gr.? Eg fyrir mitt leyti vildi óska, að tilskipunin stæði óhögguð, þángað til menn gæti yrkt upp á nýjan stofn,

ef þeim ekki geðjaðist betur að henni, þegar fram liði stundir, og mun eg greiða atkvæði í þessa stefnu, þegar að því kemur.

P. Pètursson: Af því að hinn heiðraði þíngmaður Mýrasýslu var hræddur um, að sumir mundi misskilja orðin, *„einkum um messutímann“*, sem standa í 1. grein, og álíta, að helgin næði eigi leingra en messutíminn, þá vil eg geta þess, að það er tómur misskilníngur, því í orðunum *„einkum um messutímann“* liggur, að það sæti meiri hegníngu *(qvalificeret Straf)*, ef brotið er um messutímann, og þess vegna má ekki sleppa þessum orðum. Þíngmaðurinn studdi þetta álit sitt við 9. gr. tilskipunarinnar; en ef nefndin hefði átt að fara inn í sèrhvert einstakt atriði tilskipunarinnar og breyta því eptir 1. gr., þá hefði hún feingið nóg að gjöra; og sú uppástúnga nefndarinnar, að öll tilskipunin skyldi skiljast eptir 1. gr., eins og henni er breytt, virtist fullkomlega ljós, svo að það fellur burt af sjálfu sèr úr tilskipuninni, sem bundið er við miðaptanshelgina. Hinum heiðraða varaþíngmanni Reykvíkínga vil eg svara með hálfyrði; honum þótti 4. gr. óhafandi eptir uppástúngu nefndarinnar, því þá yrði allar skemmtanir og dansleikar bannaðir; en í greininni stendur ekkert um dansleikina, og því eru þeir eigi bannaðir. Hinn sami þíngmaður kvartaði yfir, að þá yrði ei sveitafundir haldnir; en eg held, að sjaldan beri svo bráðan að með þá, að ekki megi fresta þeim til næsta rúmhelgs dags. En ef það er nú satt, sem varaþíngmaður Reykvíkínga fór fram á, þá sýnir það þó ei annað, en að sín lög þurfi fyrir hvort, sveit og kaupstaði; því eg vil ekki láta 50,000 gjalda 10,000. Einn þíngmaður, sem eg ei veit hvort eg skal heldur telja með sveitamönnum eða kaupstaðarbúum, kvartaði um, að menn mætti ei vitja um hrognkelsi á sunnudagskvöldum, en umkvörtun hans er á misskilníngi byggð, því þess konar vinna er í tilskipuninni leyfð um þann tíma, sem þar er talinn helgur. Mótmæli þau, sem fram eru komin gegn nefndarálitinu, nægja mèr ei, því sitt vill hver, sumir vilja eingu breyta, og sumir vilja öllu breyta. Eg efast ei um sannfæríngu þeirra manna, sem þykir helgin nógu laung, en eg get heldur ekki efazt um sannfæríngu hinna mörgu, sem þykir helgin of stutt, og álít eg, að vèr eigum fremur að styrkja þessar guðrækilegu tilfinníngar, en veikja þær.

Jón Guðmundsson: Eg get ei sèð, að nefndin hafi fullnægt ætlunarverki sínu, og ræður þíngmanna, einkum þíngmannsins úr Mýrasýslu, varaþíngmannsins úr Reykjavík, o. fl., og hin margvíslegu breytíngaratkvæði, er menn hafa nú fundið nauðsyn á að hreifa, lýsa

því bezt, að meðferð nefndarinnar hefir ekki verið nema kák og hálfverk; eg vildi nú að vísu aldrei nefnd í þessu máli, enda veitti ekki af 30 breytíngaratkvæðum eða meir, ef vel ætti að vera, til þess að nokkurt vit gæti orðið úr nefndarálitinu; og vil eg því enn fylgja því fram, að málinu verði vísað til nefndarinnar aptur, til nýrrar meðferðar.

Framsögumaður: Eg verð að mótmæla því, sem hinn heiðraði *varaforseti* nú sagði, og sumir aðrir hafa fært til, að meðferð nefndarinnar á málinu væri kák og hálfverk, einkum vegna þess, að nefndin hafi ekki farið eptir hverri bænarskránni og uppástúngunum, sem henni voru feingnar í hendur, því þess ber að gæta, að þíngmenn eru ei skyldir til að fara eptir öðru en sannfæríngu sinni, en alls ekki að byggja álit sitt á bænarskrám, nema að því leyti sem þær samrýmast sannfæríng nefndarmanna á málunum. Eg get ei annað en samhryggzt varaþíngmanni Reykvíkínga, ef hann verður að sjá af dansleikunum á sunnudögunum — ef uppástúngur nefndarinnar fá framgáng — fyrir það, að löghelgi sunnudagsins verður leingd, úr því honum þykir svo mikið um að gjöra, að Reykvíkíngar missi ei af þvílíkum dýrgripum sjálfan sunnudaginn. En það kom mèr ei á óvart frá hinum heiðraða þíngmanni Gullbríngusýslu, eptir því sem honum áður jafnast hafa farizt orð í þessu máli, þó hann núna vildi ei gefa atkvæði sitt fyrir máli þessu eða nenfndarálitinu; mèr heyrðist hann annars núna helzt setja fyrir sig, að ei mætti vitja leingur á sunnudegi *„grásleppunetanna“*, en hann get eg þó huggað með því, að það er ei bannað að vitja um þau á helgidögum, heldur er það leyft eptir 2. gr. tilskipunarinnar. Menn hafa meðal annars, talið það tilskipuninni 28. marz 1855 til gildis, að hún hafi verið svo vel úr garði gjörð af þínginu 1853, að ei sè nú þörf á að breyta henni svona nýrri, en eg bið þess gætt, að tilskipunin kom ei eins út og uppástúngur alþíngis til hennar voru, heldur var henni breytt ytra, eptir að hún kom frá alþíngi, og sama er að segja um sum önnur lög, sem alþíng hefir beðið um breytíngu á, þó þau hafi verið nýútkomin, t. a. m. verzlunarlögin. Eg veit ei, hvers vegna hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu vill vefeingja það, að þjóðarviljinn hefði komið í ljós í bænarskránum til þíngsins, um breytíngu á þessari tilskipun, þó eingin af bænarskránum hafi verið samin í Gullbríngusýslu, eða komi saman við skoðun hans á þessu máli.

G. Brandsson: Það mun þó ekki dæmalaust, að menn hèr í bænum hafi verið sektaðir fyrir að fara fram í hrognkelsanet fyrir

miðaptan á helgidögum, enda þó sumum hafi virzt þeir þurfa að leita sèr bjargar um það leyti fyrir sig og hyski sitt. Eptir helgidagalögunum núna mega lestaferðamenn verzla eptir miðaptan; en nú geta þeir það ekki eptir uppástúngu nefndarinnar og getur þeim þó á stundum orðið þetta bagalegt ýmsra orsaka vegna; sjóvegsmenn mega það heldur ekki, hvað sem við liggur, og kaupmenn mega ekki skipa út í skip sín, hvernig sem á stendur með veðráttu og aðrar kríngumstæður, svo eg held, þegar á allt er litið, að þessi breytíng verði ekki til batnaðar.

Framsögumaður: Eg sè ekki önnur ráð, en eg verði nú að ráðleggja þessum heiðraða þíngmanni að taka sèr það breytíngaratkvæði, að helgin verði nú stytt til klukkan 4 á helgum dögum!?!

Forseti: Eg ætla nú, að málið sè orðið svo ljóst, að þíngmenn megi nú geta gefið atkvæði um, hvort því skuli vísa aptur til nefndarinnar eða eigi, eptir 70. gr. alþíngistilskipunarinnar.

Var síðan geingið til atkvæða um, hvort vísa skyldi málinu til nefndarinnar aptur, og var því hrundið með 17 atkvæðum gegn 3.

H. Kr. Friðriksson: Eg áskil mèr það viðaukaatkvæði til vara, að tilskipunin standi óbreytt fyrir Reykjavík, ef nefndarálitið verður samþykkt.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, álít eg undirbúníngsumræðu þessa máls lokið.

Eptir dagskránni kemur þá til umræðu málið um ölmusur við prestaskólann. Nefndarálitið var afhent framsögumanni, prófessor *P. Pèturssyni*, og las hann það upp, svo látandi:

„Hið heiðraða þíng hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að segja álit vort um bænarskrá frá þíngmanninum úr Strandasýslu, er fer því á flot, að alþíngi með þegnsamlegri bænarskrá til konúngs leitist við að fá ölmusum fjölgað og húsaleigustyrk aukinn við prestaskólann. Þetta mál höfum vèr tekið til nákvæmrar íhugunar og skulum nú leyfa oss að skýra þínginu frá áliti voru um það á þessa leið:

Þegar hinn nýi latínuskóli í Reykjavík var byggður, var þar ætlað svefnherbergi fyrir 10 stúdenta, er gánga kynni á prestaskólann, og ein stofa til fyrirlestra, ásamt ljósum og eldivið; en seinna var þessu þannig breytt, að prestaskólamennirnir feingu húsaleigustyrk, sem nú eru 30 rdl. fyrir hvern, og stofur voru leigðar út í bænum til fyrirlestra. Enn fremur hefir styrktarsjóður háskólans í Kaupmannahöfn gefið 3 ölmusur til styrktar fyrir þá, sem gánga á presta-

skólann. Þetta er allur sá opinberi styrkur, sem stúdentar á prestaskólanum fá, og verðum vèr að álíta hann mjög ónógan, bæði með tilliti til þess, hversu kosnaðarsamt það er að lifa í Reykjavík og til hins, hvernig efnahag landsmanna er yfir höfuð varið. Nú sem stendur, gánga 10 stúdentar á prestaskólann, og það lítur svo út, sem þessi skóli sè að verða sóttur betur og betur; af þessum 10 stúdentum geta að eins einir 3 feingið ölmusu, (sem þetta ár hafa verið hækkaðar eins og í latínu skólanum frá 80 rdl. til 100 rdl. hver), eða 6, ef hver feingi hálfa; en eptir því sem hèr er ástatt, hrökkur ekki heil ölmusa til að borga fæði og þjónustu þá 9 mánuði, sem lestrarárið varir, svo að hlutaðeigandi stúdent verður af sínum eigin ramleik, þó hann hefði heila ölmusu, að leggja sèr til föt og bækur, o. s. frv., og mun það ekki ofhermt, að hver stúdent, sem á prestaskólann geingur, verði árlega til að kosta allt að 200 rdl. Þegar nú þess er gætt, að flestir þeirra, sem nema bókmenntir og verða prestar hèr á landi, eru annaðhvort prestasynir, hvar af allur fjöldinn er fátækur og hefir í árlegar tekjur frá 200 — 300 rdl., eða bændasynir, sem ekki hafa annað við að styðjast, en arðinn af búi sínu, eða munaðarlausir únglíngar, þá liggur það í augum uppi, hversu erfitt hlutaðeigendum muni veita, eins og nú er ástatt, að lúka lærdómsiðkunum sínum af við prestaskólann. Þess ber og að geta, að þó lestrarárið ekki standi yfir nema 9 mánuði, byrjar þó ekki burtfararprófið fyr en í miðjum ágúst-mánuði, og verða stúdentarnir þannig að dvelja hèr seinna árið í nærfellt 11 mánuði og fara á mis við þá atvinnu, sem sumartíminn gefur kost á. Enn fremur skulum vèr leyfa oss að geta þess, að eptir því sem til hagar hèr í Reykjavík, er það orðið ómögulegt að fá þokkalegt húsnæði, ljós og eldivið í 9 til 11 mánuði fyrir eina 30 rdl. og það er naumast, að þessi húsaleiga geti hrokkið, þó 2 og 2 búi saman, sem ekki verður ætíð komið við; hvers vegna brýn nauðsyn virðist til, að húsaleigan einnig sè hækkuð. Eins og það mun vera satt, sem tekið er fram í bænarskránni, að sumir hafi þegar orðið að hætta við lærdómsiðkanir sínar af efnaskorti, þannig getum vèr og skilið í því, að það sè á góðum rökum byggt, sem þar segir: „að hjá almenníngi sè vaknaður kvíði fyrir því, að þessari stofnun, sem þegar hefir borið heillavænlegan ávöxt, muni af áðurtöldum orsökum hljóta að fara hnignandi nema í tíma sè við gjört“. Vèr getum ekki heldur leitt hjá oss að taka það fram sem verulegt atriði í þessu máli, að sá kostnaður, sem lærdómsiðkununum hèr á landi er samfara, stendur ekki í neinu

rèttu hlutfalli við þær sárlitlu embættistekjur, sem prestaköllunum fylgja yfir höfuð að tala.

Af þessum ástæðum er það eindregið álit nefndarinnar, að brýn nauðsyn beri til, að fjölga ölmusum og auka húsaleigustyrk við prestaskólann, eins og bænarskráin fer fram á, og treystum vèr því, að vor allramildasti konúngur og stjórn hans, sem hefir látið sèr svo annt um, að efla andlega framför lands þessa, muni mildilega veita þessu máli áheyrslu og nauðsynlegt fè til þess úr ríkissjóði, ef hið heiðraða þíng, eins og vèr fastlega viljum ráða til, sendir um það þegnlega bænarskrá; og má því fremur treysta þessu, sem prestaskólinn í raun rèttri er ekki annað en útvíkkun þeirrar guðfræðiskennslu, sem latínuskólinn veitti prestaefnum, áður en prestaskólinn var stofnaður.

Af áðursögðum ástæðum leyfum vèr oss, að ráða þínginu til, að senda konúngi þegnsamlega bænarskrá um þetta mál og beiðast þess, að ölmusum við prestaskólann verði fjölgað og húsaleigustyrkur aukinn, þannig, að:

1. þremur ölmusum verði bætt við þær, sem nú eru, með sömu upphæð, og
2. húsaleigustyrkurinn hækkaður um tuttugu dali fyrir hvern stúdent á prestaskólanum.

Reykjavík, dag 8. júlímánaðar 1857.

P. Pètursson. Á. Einarsson. B. Johnsen".

form. og framsögum.

Framsögumaður: Mál þetta er í sjálfu sèr svo einfalt og óbrotið, og þíngmenn gáfu því svo fúslega atkvæði, að nefnd yrði kosin í þetta mál, að eg álít óþarft að fara um það mörgum orðum. En eg get þó ekki annað, en látið það í ljósi, hversu mèr þykir það gleðilegt, að bænarskráin er sprottin upp hjá bóndamanni, því það er ekki að eins gleðilegt fyrir mig, heldur er það einnig gleðilegt yfir höfuð, að sjá, hvernig bændastèttin, þessi stètt, sem kalla má stofn landsins, tekur þátt með embættismönnum í kjörum menntastofnana hèr á landi. Eg finn mèr og skylt að votta hinum heiðraða uppástúngumanni þökk fyrir hönd prestaskólans fyrir þessa uppástúngu sína.

E. Ó. Kúld: Eg vildi að eins hreifa því, hvort þessi 20 dala húsleigustyrkur sè ekki heldur hátt metinn; því eptir því verður húsaleigustyrkurinn fyrir hvern einstakan stúdent 50 rd., og finnst mèr hann verða of hár í samanburði við húsleigustyrk þann, sem

veittur er embættismönnum hèr í Reykjavík, sem eiga konur og börn og sem því þurfa meir en helmíngi stærra húsnæði.

Framsögumaður: Eg get þó eigi sèð, að það sè of mikið að biðja um, að hver stúdent á prestaskólanum fái 50 rd. í húsleigustyrk, því það er ekki of mikið, eptir því sem húsleiga er nú orðin dýr hèrna í Reykjavík, því nú kostar ein stofa fyrir einn stúdent 3 rd. um mánuðinn, brenni og ljós verður og að meðaltali 2 rd. um mánuðinn, það verður því 50 rd. í 10 mánuði. Þetta væri nú reyndar lítið eitt of hátt, ef stúdentar væri ekki við prestaskólann nema 9 mánuði, eins og til er ætlazt í reglugjörðinni; en nú eru þeir 11 mánuði seinna árið og 9 mánuði hið fyrra, svo það verður einmitt 10 mánuði að meðaltali, og þess vegna get eg ekki sèð, að þetta sè of hátt metið, en það er sjálfsagt á valdi þíngmanna, ef þeim þykir húsleigustyrkurinn of hár, að koma fram með breytíngaratkvæði um það.

V. Finsen: Mèr finnst málefni þetta vera af þeim, sem venjulegast eru af embættismönnum þeim, sem næst því standa, borin fram fyrir stjórnarherrann til úrskurðar, og ímynda eg mèr, að ef svo væri að farið, mundi stjórnin hafa tekið því fúslega, eins og hún hefir nú samþykkt, að ölmusurnar bæði á prestaskólanum og latínuskólanum væri hækkaðar og þeim fjölgað við skólann. Eg leyfi mèr því að biðja hinn heiðraða framsögumann að skýra frá, hvort ekki mætti við hafa þessa aðferð við þá hèr umræddu uppástúngu.

Framsögumaður: Ef hinn heiðraði konúngkjörni þíngmaður hefði talað við mig áður um þetta mál, þá hefði eg getað frætt hann um það, að forstöðumaður prestaskólans hefir áður farið þann veg, er þíngmaðurinn gat um, og leitað til stjórnarherrans um, að fjölga ölmusum við prestaskólann. En nú er það kunnugt, að ölmusurnar við prestaskólann eru ekki veittar úr ríkissjóðnum, heldur úr styrktarsjóð háskólans; stjórnarherrann bar því þessa bæn upp fyrir háskólastjórnina, en fèkk neitandi svar frá henni. Fyrir þessa sök get eg ekki verið því mótfallinn, að málið gángi þann veg, sem það nú hefir tekið, og það því fremur, sem eg verð að álíta hann í sjálfu sèr eins löglegan og eins góðan, eins og hinn veginn, að leita til stjórnarherrans í gegnum *„Ephoratið“*, einkum nú, þar eð eg veit, að það hefir mælt fram með málinu við stjórnina og henni er því kunn meiníng þess. Stjórnarherranum má og vera þessi meðferð málsins til mikillar tryggíngar, því hèr eru margir menn á

þínginu, sem eru nákunnugir efnahag landsmanna; en eg hefi verið hèr í Reykjavík svo leingi, að eg get ekki verið því eins kunnugur og þeir. Fyrir því verð eg að álíta, að það hljóti að verða til verulegrar meðmælíngar hjá stjórnarherranum, þegar þessi bæn kemur frá þíngmönnum, sem língað eru komnir úr öllum hèruðum landsins, og að hún muni því áorka meira, en ef hún kæmi frá mèr og „*Ephoratinu*“, sem ekki þekkjum eins vel til efnahags manna út um landið, eins og þeir, því hèr er um það að gjöra, hvort stúdentar þurfi þessa styrks með eður ekki, en það er komið undir því, hvort efnum landsmanna er svo varið, að þeir þurfi styrksins við eður ekki. Eg tek það því fram aptur, að það muni verða máli þessu mjög mikið til styrkíngar, ef bænin kemur hèðan frá þínginu studd með atkvæðafjölda þíngmanna.

H. Kr. Friðriksson: Eg er samdóma nefndinni í því, að það sè brýn nauðsyn til, að bera þetta mál upp fyrir stjórnina, einkum þegar eg hefi heyrt það af hinum heiðraða framsögumanni, að þessa hafi áður verið farið á leit við stjórnina, en ekki feingizt. Það er og að minni hyggju skylda stjórnarinnar, að sjá fyrir prestaskólanum, og það er ný hvöt fyrir hana að gjöra það, þegar bænarskrá kemur til hennar hèðan frá þínginu um það, og er þá líklegt, að hún muni gjöra allt sitt til að efla þessa menntastofnun; og það því fremur, sem prestaembættin hèr á landi eru ekki svo tekjumikil, að þau sè til mikillar upphvatníngar fyrir stúdenta, að leggja mikið fè í sölurnar til að afla sèr guðfræðislegrar menntunar; enda eru tekjur prestanna svo litlar, að þeir eigi geta kostað syni sína til læríngar, en þó mætti búast við því, að það væri prestarnir, sem helzt kostaði kapps um, að synir sínir feingi skólamenntun, og miklu heldur en bændur. En annaðhvort verður nú að vera, að embættin sè svo góð, að menn geti unnið það til að læra til þeirra, eður þá, að stúdentum sè veittur sá styrkur við prestaskólann, að þeir geti neyðarlaust lært, það er með öðrum orðum: fyrst brauðin verða ekki bætt til muna, enda þótt það hafi verið reynt, þá verður að bæta við ölmusum, því annars verður sú niðurstaðan, að eingir geta komið sonum sínum til menntunar aðrir en hinir efnabeztu embættismenn, og væri það illa farið.

E. Ó. Kúld: Mèr varð ekki fullkomlega ljóst af ræðu hins háttvirta *framsögumanns*, hvort þessi 20 rd. viðbót við húsleigustyrkinn yrði ekki nokkuð of há, og getur verið, að eg áskilji mèr um það breytíngaratkvæði, því mèr finnst þó, að ef einhleypum

manni veitir ekki af 50 rd., þá sè 100 rd. húsleigustyrkur sá of lítill, sem embættismenn fá hèr í Reykjavík. Af virðíngu fyrir hinum heiðraða uppástúngumanni vildi eg votta honum innilegt þakklæti mitt fyrir uppástúngu sína, þó það geti ekki orðið eins snjallt, eins og hann á skilið.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, álít eg undirbúníngsumræðu þessa máls lokið. Eg vil skýra þínginu frá því, að eg hefi feingið skýrslu um, að hinn 3. konúngkjörni þíngmaður sè kosinn formaður í fiskiveiðamálinu, og *varaforseti* skrifari, og enn fremur, að hinn 5. konúngkjörni þíngmaður sè kosinn formaður í fjárhags- og gufuskips-málinu. Eg get ekki nú ákveðið dagskrá til næsta fundar, en eg skal láta birta hana svo fljótt sem verður.

Fundi slitið.

---

13. júlí — sjöundi fundur.

Allir á fundi nema hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, er hafði tjáð *forseta* sjúkdómsforföll sín. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur fyrst til umræðu uppástúnga varaþíngmanns Snæfellínga, um, að 2 lögfróðir málaflutníngsmenn verði settir við lands-yfirrèttinn, og þeim launað, og er ætlazt til, að nefnd verði kosin í það mál, ef þínginu svo sýnist.

Lèt síðan *forseti* afhenda varaþíngmanni Snæfellínga uppástúnguma, og las hann hana upp, og var hún svo hljóðandi:

„Eins og ráða má af hinni konúnglegu auglýsíngu til þessa alþíngis, hefir konúngur vor mildilegast samþykkt þá uppástúngu alþíngis 1855, að tveir lögfróðir málaflutníngsmenn væri fyrst um sinn settir við yfirdóminn hèr í landi, og álitið hæfilegt, að hver þeirra fái í laun 3 eða 400 rd., og er það einúngis talið til fyrirstöðu, að þessu sè ei þegar leingra á veg komið, að bíða yrði eptir ítarlegri uppástúngu alþíngis um það, hvaðan fè það ætti að taka, sem á brestur laun þessara manna, þar eð sakagjaldssjóðurinn geti að eins lagt þeim árlega 350 rd.

Jafnvel þótt eg álíti, að rèttast væri — eins og mèr skilst jafnvel að megi ráða af hinni konúnglegu auglýsíngu —, að laun þessara málaflutníngsmanna væri greidd úr sakagjaldssjóðnum, að svo

miklu leyti sem sá sjóður væri fær um að bera þau öll, þá meðan sakagjaldssjóðurinn að líkindum — því ekki hefi eg reyndar óræka vissu fyrir því — er í því ástandi, að hann ei geti lagt til öll laun þessara málaflutníngsmanna, sem eg ætla væri hæfilega ákveðin svo, að hver fái 400 rd., þá virðist mèr tiltækilegast, að þeir 450 rd., sem eptir auglýsíngunni er ætlazt til að vanti, nú sem stendur, til þeirra 800 rd., er þurfa til launa málaflutníngsmannanna, yrði fyrst um sinn greiddir úr jafnaðarsjóðum amtanna, þángað til tilhöguninni á fè sakagjaldssjóðsins og öllum fjárhag hans væri búið að koma í það horf, að hann gæti borið allan þenna kostnað.

Fyrir því leyfi eg mèr, að skora á hið heiðraða alþíngi, að það taki málefni þetta til löglegrar meðferðar á þessu þíngi, og sendi hans hátign konúnginum bænarskrá um:

1. að við yfirdóminn í Reykjavík verði sem fyrst settir tveir lögfróðir málaflutníngsmenn;
2. að hver þeirra fái í laun 400 rd. árlega, og
3. að fè þetta greiðist úr sakagjaldssjóðnum, og það, sem á vantar, lúkist fyrst um sinn af jafnaðarsjóðum amtanna.

Reykjavík, 11. júlí 1857.

E. Ó. Kuld".

E. Ó. Kúld: Eg vona, eg þurfi ekki að mæla mikið fram með þessari uppástúngu, því bæði áleit þíngið 1855, að nauðsyn bæri til, að settir væri málaflutníngsmenn við yfirrèttinn, og líka fèllst stjórnin á það, og einasta fyrirstaðan frá stjórnarinnar hálfu virðist að hafa verið sú: hvaðan taka skyldi kostnað þann, er þar af mundi leiða. Mèr finnst nú vera eðlilegast, að sakagjaldssjóðurinn standi allan þann kostnað, er hèr af leiðir, en það fer með hann, eins og með fleiri opinbera sjóði, enn þótt þeir sè hèr mitt í ljósi upplýsíngarinnar, að fjárhagur hans er allur myrkri hulinn, að menn eru jafnvissir um, að hann eigi 2 dali og kann ske 200000 rd.; hver veit þetta, nema þeir, sem reikníngana hafa sèð? En af því að stjórnin sjálf segir, að hann ekki sè fær um að greiða meir en 350 ríkisdali, verð eg að taka þetta trúanlegt, og hefi eg því fyrst um sinn stúngið upp á, að leggja kostnað þenna á jafnaðarsjóð amtanna, og yrði, ef til vill, að minni hyggju, sakagjaldssjóðurinn, þegar fram líða stundir, fær um einn að standa allan kostnaðinn. Sem stendur, launar sakagjaldssjóðurinn, að eg heyri sagt, 1 lögregluþjón að nokkru leyti og veitir honum húsaleigustyrk og við heldur upp á sinn kostnað húsi yfirrèttarins, og læt eg það

vera, en mèr finnst samt ekki, að hús þetta þurfi kauplaust að ljást fyrir þíngstofu Reykjavíkurbæjar. Því það er þó undantekníng frá reglu þeirri, er gildir um allt land, því hver sveit verður þar að kosta sitt þínghús, og hver sanngirni er í því, að landið svona óbeinlínis ljái Reykvíkíngum þínghús, sem þeir, að allir sjá, eiga að leggja sèr til sjálfir. En af því mèr, eins og eg hefi sagt, er ókunnugur efnahagur sakagjaldssjóðsins, hefi eg til bráðabyrgðar, svo málið ei dragist leingur, stúngið upp á, að leggja kostnaðinn á jafnaðarsjóðu amtanna, af því eg ekki heldur gat séð, hvaðan ætti fè að taka, en vel getur verið, að nefndin geti stúngið upp á einhverju öðru ráði, er mönnum geðjist betur að og sem betur á við.

G. Brandsson: Mèr þykir það nokkuð skrítið í hinni konúnglegu auglýsíngu í ár til alþíngis, þar sem sagt er, að nú sè ekki neitt því til fyrirstöðu, að 2 lögfróðir málaflutníngsmenn verði skipaðir við landsyfirrèttinn, er í sömu grein auglýsíngarinnar er kvartað yfir, að stjórnin sjái sèr ekki færi á, að útvega nóg fè handa þeim til launa, svo það hlýtur þó að vera málinu til fyrirstöðu, meðan ekki verður úr því ráðið. Hinn heiðraði uppástúngumaður hefir nú viljað gjöra það með því að vísa á jafnaðarsjóðina; en eg held þeir sè ekki þeir brunnar, sem aldrei verði uppausnir, enda mun fáheyrt, að þeir sè ætlaðir til launa handa embættismönnum, en það verð eg að álíta þessa málaflutníngsmenn. Nei, jafnaðarsjóðirnir hafa aldrei verið til þess ætlaðir, því tilgángur þeirra er allur annar, enda held eg það fari nú hvað af hverju að verða nóg, sem þeir hafa að bera; í hitt hið fyrra sumar var það ályktun þíngs þessa, þó með mjög litlum atkvæðamun, að kostnað þann, sem leiddi af að fram fylgja verzlunarlögunum nýju, skyldi greiða úr sjóðum þessum; nú er þetta orðið að lögum. Hvað marga skildínga fjárkláðamálið kann að draga með sèr, er ekki gott að ætla á; en víst er um það, að varðmönnum þeim, sem settir hafa verið milli hinna sýktu og ósýktu sýslna, sem svo eru kallaðar, mun verða borgað úr þeim áminnztu sjóðum. Það er mönnum kunnugt, að komið er til þíngsins frumvarp um vegabætur, og er þar farið fram á, að kostnaður til allra þjóðvega verði greiddur úr jafnaðarsjóðunum, svo mèr finnst þeir hafa nóg að bera, þó þetta bætist ekki ofan á, enda mun þínginu 1855 aldrei hafa dottið þetta í hug, þó það þá beiddi um þessa málaflutníngsmenn. Það hefir stundum verið kvartað yfir, að ýmsir menn hefði í frammi tíundarsvik, en ef þessu ætti framgeingt að verða, mundi þau varla verða minni hèr eptir en híngað til, og ef nú sauðfè fækk-

ar í landinu til mikilla muna, eins og nú horfist til, þá held eg verði fullsett á þau fáu lausafjárhundruð, sem þá verða eptir, því ríkir menn búlausir sleppa frá þessum gjöldum eins hèr eptir sem híngað til, en fátækir og frómlyndir verða harðast úti. Mèr þykir líka uppástúngan nógu stórkostleg. Eg held hverjum þessara manna hefði mátt nægja 300 dalir, því það vita allir, að þeir fá marga aukaborgun — og hana ekki ætíð svo litla — frá þeim, sem fá þessum mönnum mál sín til meðferðar, fyrir utan sitt hvað annað, sem þeir í hjáverkum gæti unnið sèr inn. Efnahagur vor sýnist vera um þessar mundir á talsverðu reiki; fjárhagsmálið liggur fyrir þínginu, og er ósèð útfall þess enn. Eg held því, að rèttast væri gjört, að slá uppástúngu þessari á frest í þetta sinn, og verð eg þess vegna að vera á móti því, að nefnd sè kosin, einkum þar nú liggja fyrir þínginu svo mörg og merkileg mál, að því mun veita fullerfitt, að fá þeim af lokið, þó þetta gángi undan.

Á. Einarsson: Eg var ekki hèr á þíngi, er mál þetta kom síðast til umræðu, en mèr virðist, að ekki eigi að gjöra aðgjörðir þíngsins að leiksopp í hendi sèr, og verð eg því að mæla fram með, að nefnd verði kosin í máli þessu, og því ekki hrundið á burtu rannsóknarlaust, og það því síður, sem þíngið í fyrra skipti fór þess utan fram á, að yfirrètturinn væri aukinn, og þetta því einúngis er minni partur bænarinnar. Nefndin kann að geta feingið einhverjar nákvæmari upplýsíngar um sjóði landsins, og fyrst stjórnin hefir tekið svo vel í mál þetta, finnst mèr þínginu því skyldara, að láta sèr ekki farast illa við það. Nefndin kynni líka, ef til vill, að stínga upp á, að laun málaflutníngsmannanna yrði minni fyrst um sinn, heldur en að málið fèllí niður með öllu.

V. Finsen: Mèr skildist hinn heiðraði uppástúngumaður ímynda sèr, að sakagjalds-sjóðurinn einn væri fær um að standa allan kostnaðinn, sem hèr ræðir um; eg man nú reyndar ekki nákvæmlega, hvað mikið sjóðurinn hefir afgángs árlega, en stjórnin fær á ári hverju eptirrit af reikníngum sjóðsins og veit því, hvernig reikníngar hans standa, og samkvæmt því hefir stjórnin þá álitið, að sjóðurinn gæti ekki greitt meira en 350 rd.; á sakagjalds-sjóðnum hvíla ýms gjöld, sem ekki er hægt að breyta, t. a. m. nokkur partur af launum 1. og 2. dómara við yfirrèttinn, laun handa þjón rèttarins. Hvað þíngstofulánið handa Reykjavíkurbæ og Seltjarnarneshrepp snertir, hefir aldrei borgun verið heimtuð fyrir það, nè fyrir það, að varðhaldshús eru í yfirrèttarhúsinu, sem Reykjavík og Gullbríngusýsla brúka; þetta á sèr

stað frá gamalli tíð, enda er það yfirrèttinum einginn bagi, þar pláss er til þess í húsinu; sömuleiðis er það í eðli sínu, að yfirrèttarþjónninn, sem einnig er fángavörður, búi í húsinu; því það er vandi um slíkar opinberar byggíngar, að einhver búi þar, sem falin er umsjón með húsinu. Það hefir aldrei komið til orða, fyr en nú, að reikníngar sjóðsins væri prentaðir; reikníngar þessir eru samdir af landfógetanum og úrskurðaðir af stiptamtmanni og eptirrit síðan sent af þeim til stjórnarráðsins, og að öðru leyti er ekki farið í meiri launkofa með reikníngna þessa, en svo, að hver þíngmaður eða annar hlutaðeigandi, er óskar að fá upplýsíngu þeim viðvíkjandi, getur feingið að sjá þá. Hvað að öðru leyti málefnið sjálft snertir, þá finnst mèr sjálfsagt, að setja nefnd í því, þar eð stjórnin í hinni konúnglegu auglýsíngu hefir að nokkru leyti hvatt þíngið til, að taka málefnið til yfirvegunar, og vil eg því mæla fram með, að nefnd verði kosin í því.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að álíta það sjálfsagt, að þíngið taki þetta mál til meðferðar og kjósi í það nefnd, því stjórnin hefir gjört ráð fyrir, að þíngið taki það til íhugunar og beri upp um það uppástúngu.

St. Jónsson: Þó að 2 hinir heiðruðu þjóðkjörnu þíngmenn, er síðast mæltu, hafi talað í gagnstæðar áttir, get eg samt samsinnt þeim báðum, því þó eg sè öðrum þeirra samdóma í því, að ekki eigi svona rannsóknarlaust að hrinda málinu frá sèr, heldur eigi að kjósa nefnd í það, verð eg samt að vera hinum samdóma í því, að mèr virðist ísjárvert, að leggja kostnaðinn á jafnaðarsjóðina, því mèr finnst, að nægar byrðir hvíli á þeim nú þegar; en vera má, að nefndin finni eitthvert tiltækilegra úrræði.

J. Sigurðsson: Ekki get eg annað en verið samþykkur því, að nefnd sè sett í þessu máli, en á hina síðuna vil eg láta það í ljósi, áður nefndin tekur til starfa, að mèr þykir mjög ískyggilegt undir núverandi kríngumstæðum bæði landsins og jafnaðarsjóðsins, ef nefndin kæmist að þeirri niðurstöðu, að bæta enn nú þessari álögu á lausafèð; en eg efast ekki um, að nefndin kunni að geta upp fundið annan gjaldstofn til þessa, og líka, að hún þá láti í bráð lenda við þá upphæð, sem sú konúnglega auglýsíng bendir til.

M. Andrèsson: Fyrst að stjórnin hefir tekið svona í mál þetta, mun eg gefa atkvæði mitt fyrir því, að nefnd verði kosin í málinu; en eingan veginn get eg fallizt á, að kostnaðurinn sè greiddur úr jafnaðarsjóðunum. Mèr finnst þegar nóg vera búið að leggja á þá,

og virðist mèr einnig tíminn, eins og nú er ástatt, ekki hinn æskilegasti til að fara að auka byrðar sjóðum þessum, þar sem virðist hætta búin bezta efnastofni landsins, nefnilega sauðfènu; en þó að nefnd verði kosin, er ekki þar með sagt, að hún vilji láta leggja kostnað þenna á jafnaðarsjóðina.

E. Ó. Kúld: Eg heyri, að mönnum er mjög svo á móti geði, að leggja kostnaðinn á jafnaðarsjóðina, og skal eg ekki fylgja því fast fram, og það því síður, sem það voru einúngis neyðarúrræði fyrir mig að leggja kostnaðinn á jafnaðarsjóðina, af því eg ekki sá, hvaðan fè þetta ætti að fást, enda man eg til þess, að mèr þótti mönnum ekki taka eins sárt til jafnaðarsjóðanna 1855, þegar kostnaðurinn við frjálsu verzlunina var lagður á þá, og þótti mönnum þá næsta áríðanda, að lögfróðir málaflutníngsmenn feingist við yfirrèttinn, þar eð það var álitið, að dómar landsins mundi stórlega tryggjast við það. Eg þori ekki að neita því, að ekki tjái að leggja meira á sakagjaldssjóðina; en ekki get eg skilið, að það ekki geti vel farið, þó borgun væri tekin fyrir lánið á þíngstofu handa Reykjavíkurbæ, og mætti með tímanum leiga sú verða til styrktar sakagjaldssjóðnum, og svo mundi verða um fleira.

P. Sigurðsson: Síðast, er lagt var á jafnaðarsjóðinn að greiða kostnað þann, er flaut af hinni frjálsu verzlun, voru mjög svo deildar meiníngar þar um hèr á þínginu, og þó málið þá færi svo, að jafnaðarsjóðurinn varð að greiða kostnaðinn, finnst mèr sjóður þessi nú hafa feingið nóg að bera, og jafnvel líta ver út fyrir honum, en nokkurn tíma áður, vegna fjárkláðans; og eptir því konúnglega frumvarpi til vegabótar, sem nú er lagt fyrir þíngið, á kostnaðurinn að leggjast á hann; og get eg því ekki gefið atkvæði mitt fyrir því, að á hann verði lagður kostnaðurinn, enn þótt eg mæli fram með, að nefnd verði sett í máli þessu.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, vil eg skjóta því til atkvæða þíngsins, hvort nefnd skuli setja í mál þetta eður ei. — Var síðan geingið til atkvæða, og fèllst þíngið með atkvæðafjölda á, að nefnd skyldi kjósa. Stakk *forseti* upp á 3 manna nefnd, en einginn mælti á móti. Skoraði *forseti* því næst á þíngið, að velja 3 menn í nefnd, og voru þessir kosnir:

E. Ó. Kúld .	með	14 atkv.
Á. Einarsson .	—	10 —
V. Finsen . .	—	8 —

Voru síðan skjöl málsins afhent formanni nefndarinnar.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur því næst til undirbúníngsumræðu málið um verzlunarrèttindi Seyðisfjarðar. — Var síðan nefndarálitið afhent framsögumanni nefndarinnar, *H. G. Thordersen,* og las hann það upp, svo hljóðandi:

„Hið heiðraða alþíngi hefir kosið oss, sem ritum nöfn vor hèr undir, í nefnd, til að segja álit vort um bænarskrá frá Þínghöfðafundi í Norður-Múlasýslu, er biður um, að þíngið fái því framgeingt, að aðalkaupstaður í Austfirðíngafjórðúngi verði lögákveðinn á Seyðisfirði, í stað þess að Eskifjörður er til þess nefndur í tilskipun af 15. apríl 1854.

Vèr höfum nú grandgæfilega yfirvegað þetta málefni, og finnst oss sem flest mæla með því, að Seyðisfjörður verði gjörður að aðalkaupstað, og leyfum vèr oss að bera upp fyrir þínginu röksemdir þær, sem þetta álit vort hefir við að styðjast, og eru þær: *fyrst,* að innsiglíng á Seyðisfjörð er bæði styttri og hættuminni; *þar næst,* að vegurinn úr flestum uppsveitunum er styttri, greiðfærari og vatnaminni; *í þriðja lagi* er hentugt, nægilegt og óhult svæði til að byggja á stóran kaupstað á Seyðisfirði. Þar á mót er það hverjum auðsætt, sem á Eskifjörð kemur, að það er varla mögulegt að fjölga þar húsum til muna fram yfir það, sem nú er, með því reynslan hefir þegar sýnt, að jafnvel kaupstaður sá, sem nú er, er eingan veginn á óhultum stað fyrir vatnsflóðum og grjótskriðum.

Loksins viljum vèr geta þess, að á þessum rökum mun það vera byggt, að stjórnin í ástæðunum fyrir frumvarpi sínu til þjóðfundarins 1851, um siglíng og verzlun á Íslandi, tók það fram, að Seyðisfjörður sè bezt fallinn til að vera aðalkaupstaður í Austfirðíngafjórðúngi, og var þjóðfundurinn því aldeilis samþykkur; á þetta fèllst og ríkisþíng Dana, þángað til allt í einu að þetta breyttist, án þess menn viti greinilega röksemdir fyrir breytíngunni; enda hefir þessi breytíng ekki áunnið nè getur áunnið það að verða Austfirðíngum geðfelld.

Að svo mæltu er það álit og uppástúnga nefndarinnar, að alþíng sendi allraþegnsamlegast bænarskrá til konúngs um það, að Seyðisfjörður verði gjörður að aðalkaupstað í stað Eskifjarðar.

Reykjavík, 11. d. júlímánaðar 1857.

J. Hávarðsson, formaður nefndarinnar. *V. Oddsen.* *H. G. Thordersen,* framsögumaður".

Framsögumaður: Þó mèr nú finnist eins og eg þurfi eingu

hèr við að bæta, þykir mèr það þó myndarlegra, eins og siður er til hèr á þíngi, að mæla fáeinum orðum, sem eitthvað snerta hið upplesna nefndarálit. Allir verða að hafa tekið eptir því, að nefndarálitið er eitthvert hið stytzta, sem nokkru sinni hefir verið lesið hèr upp, og kemur það af því, að málið er í sjálfu sèr sèrstakt, einfalt og ljóst, hvers vegna nefndarmönnum kom saman um, að haga álitinu eptir því, með því, að taka að eins fram höfuðatriðin, en sleppa allri orðamælgi, í því góða trausti, að þíngið mundi bæta því við, sem ekki væri nægilega tekið fram í álitinu.

Mál þetta hefir áður komið til orða á þessu þíngi; reyndar var því ei heilsað með þakkargjörð, svo það var með naumindum, að því heppnaðist að komast í nefnd, — en hvað heppnina snertir, þá er, ef til vill, heldur snemmt nú þegar að minnast á hana, hún verður að sýna sig seinna; — ekki ætla eg mèr samt, að svo komnu, að mæla fram með þessu nefndaráliti, með því að taka neitt upp aptur af því, sem áður er talað, eða af því, sem nú er upp lesið, fyr en þíngmenn hafa látið álit sitt í ljósi, sem eg býzt við að hvorki geti orðið lángt nè flókið, eins og þessu máli er varið. Ef einhverjum kynni að þykja það kátlegt, að eg er orðinn framsögumaður í þessu máli, þó samnefndarmenn mínir sè að öllu kunnugri, en eg, þá læt eg þess einúngis getið, að samnefndarmenn mínir eru þeir menn, að eg mundi ei geta neitað þeim um bón sína, þó meiri hefði verið, en þessi.

Þ. Jónassen: Eg get fyrir mitt leyti ekki sèð, að Múlasýsluinnbúar geti haft nokkra hagsmuni af því, þó Seyðisfjörður yrði gjörður að kaupstað í stað Eskifjarðar, því þeir kostir, sem taldir eru í nefndarálitinu Seyðisfirði til ágætis, eru þess eðlis, að þeir einúngis geta komið til greina, ef spursmál væri, sem ekki er, um annaðhvort að leggja Seyðisfjörð niður, eða um það, hvor staðurinn væri bezt fallinn til þess að stofna þar kauptún, en það er ekki því máli að gegna; það er verzlun á báðum stöðum, og enda sömu eigendurnir að nokkru leyti að verzluninni á báðum stöðunum, og það er sýslubúum innan handar, að sækja til verzlunar á hvorn staðinn sem þeir vilja og sem þeim þykir hagfelldastur, og það geta þeir, hvort heldur Eski- eða Seyðisfjörður ber kaupstaðarnafn. Þeir græða þannig ekkert á þeirri umbeðnu breytíngu. Hitt getur þar á móti vel verið, að þeir, sem vilja sigla upp austurland til verzlunar, kunni heldur að kjósa Seyðisfjörð en Eskifjörð fyrir aðalkaupstað í Múlasýslu, en þó er ekkert upplýst eða komið fram, er sanni

þetta, og eingin umkvörtun liggur fyrir, er hèr að lúti, frá kaupmanna hálfu. Það er tekið fram í nefndarálitinu, að Seyðisfjörður hafi í stjórnarfrumvarpinu, sem lagt var fyrir þjóðfundinn árið 1851, verið ákveðinn til aðalkaupstaðar, en stjórnin breytti því aptur, eptir öllum líkindum af þeirri ástæðu, að höfnin á Eskifirði hefir þótt tryggari en á Seyðisfirði, og ef svo er, sem eg reyndar ekki þori að fullyrða, rèttlætir þetta fullkomlega ráðstöfun stjórnarinnar, og þar sem ekkert nýtt er komið fram í málinu, síðan þessi breytíng fór fram, þykir mèr ekki líklegt, að stjórninni snúist hugur í þessu efni við þessa bæn, og það því síður, sem eg veit ekki betur, en að það kæmi bænarskrá frá Múlasýslu til nefndarinnar, sem að fyrirmælum *Örsteds* ráðherra fjallaði um verzlunarmálið okkar í Kaupmannahöfn, um það, að aðalkaupstaður í Múlasýslu yrði Eskifjörður, en ekki Seyðisfjörður.

Það er líka eitt atriði í þessu máli, sem nefndin ekki hefir minnzt á, en þó hlýtur að koma til greina, þegar máli skiptir um aðra eins ráðstöfun og þá, sem hèr ræðir um. Það er ætlazt til þess, og einnig í eðli sínu, að lögreglustjórinn í því umdæmi, sem aðalkaupstaðurinn liggur, búi í kaupstaðnum, og svo er þessu hagað í hinum öðrum kaupstöðum hèr, nema á Akureyri; en sýslumanninum í Norður-Múlasýslu mun eptir veitíngarbrèfi sínu vera heimilt, að búa hvar sem hann vill í sýslu sinni, nema ef honum skyldi vera gjört að skyldu, að búa þar sem hann nú er, einúngis að hann búi haganlega fyrir sýslubúa; honum verður því ekki gjört að skyldu, að flytja sig á Seyðisfjörð, nema á móti einhverju endurgjaldi, t. a. m. styrk til að koma þar upp íbúðarhúsi, og þetta endurgjald yrði að greiðast úr opinberum sjóði. Bæði þetta atriði sem og það, að hlutaðeigandi sýslubúar í eingu yrði betur farnir en áður, þó þeim veittist bæn sín, leiðir mig til þeirrar skoðunar á málinu, að þíngið eigi ekki að senda um það bænarskrá til stjórnarinnar. Að öðru leyti hlýt eg að vera hinum heiðraða *framsögumanni* samdóma í því, að Eskifjörður hefði margt hvað það til að bera, sem kaupstaður ætti ekki að hafa, en Seyðisfjörður kvað þar á móti vera vel til þess fallinn; af eigin sjón þekki eg það ekki.

Framsögumaður: Þegar eg á að svara ræðu hins háttvirta konúngkjörna þíngmanns, er nú settist niður, þá verð eg að taka það fram, að eingum manni kemur það til hugar, að Eskifjarðarkaupstaður verði lagður í eyði; spurníngin, sem hèr ræðir um, er öll á annan veg; hér ræðir ei um kaupstaðina, eins og þeir nú eru,

heldur um hitt, hvor af þeim sè bezt fallinn til þess, að verða aðalkaupstaður á Austfjörðum, og sameini við þetta augnamið þá flestu og beztu eiginlegleika, bæði hvað höfn, höndlun við innlenda og útlenda og landslag snertir, m. fl.; og verður, að því sem mèr virðist, að hafa tillit til þess, að þvílíkur kaupstaður sè svo lagaður, að það liggi í augum uppi, að því sè ekkert til fyrirstöðu, að hann sökum afstöðu og landslags og fleiri hluta, sem hèr að lúta, geti með tímanum aukizt og magnazt samt hænt að sèr útlenda verzlunarmenn; það eitt þori eg að fullyrða, að Eskifjörður getur í þessu tilliti aldrei komizt í nokkurn samjöfnuð við Seyðisfjörð. Þegar ræða skal um þetta mál, vil eg mælast til þess við þíngmenn, að þeir haldi sèr fast við nefndarálitið, og mótmæli með rökum, ef þeir geta, þeim yfirburðum, sem þar er tiltekið að Seyðisfjörður hafi um fram Eskifjörð. Þetta álít eg þann eina veg til að komast að rèttri niðurstöðu þessa máls.

Það annað í ræðu hins háttvirta þíngmanns, sem mèr fannst þurfa svars við, var það, er hann gat um, að ef Seyðisfjörður yrði að gjörast að aðalkauptúni, þá þyrfti lögreglustjórinn að setjast þar að, og yrði þá að skipa sýslumanninum í Norður-Múlasýslu að taka þar aðsetur, en lögreglustjórinn sæti nú á Eskifirði, sem er í Suður-Múlasýslu og yrði þannig að gjöra á þessu breytíng; þessu svara eg því einu, að það er þíngsins, að benda á þann stað, sem bezt sè fallinn til þess, að vera aðalkauptún, en hitt er stjórnarinnar, að sjá fyrir tilhlýðilegri lögreglu, og mundi hægt að koma henni við næstu sýslumannaskipti, ef ekki fyr, því svo hefir mèr litizt á Seyðisfjörð, að þar mundi fáum þykja frágángssök að hafa aðsetur. En þótt nú svo væri, sem á var minnzt, að sýslumaður Norður-Múlasýslu fyrst um sinn ætti að búa á Ketilstöðum, þá er eg svo kunnugur, að þaðan er ekki sá vegur niður á Seyðisfjörð, að hann ei mundi geta haft nokkurn veginn tillit með lögreglustjórninni þar, einkum meðan kaupstaður þessi ekki er orðinn stærri og fjölbyggðari, en enn er.

H. Kr. Friðriksson: Nefndarálit þetta er reyndar stutt, og er það svo lángt frá, að eg telji það galla á því, að mèr virðist það miklu fremur kostur á því, að minnsta kosti að því er mig snertir; því að mèr veitir hægra að fá yfirlit yfir ástæðurnar fyrir uppástúngu nefndarinnar; en eg get eigi betur sèð, en hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hrekti allar þær ástæður, er nefndin nú telur Seyðisfirði til gildis, við undirbúníngsumræðu þessa máls. Hann sýndi t. a. m.

fram á það, að vatnsföll væri eingu minni á leið hèraðsmanna til Seyðisfjarðar, en til Eskifjarðar. Hann sýndi og fram á það, að það væri allgott húsastæði á Eskifirði rètt hjá því, sem verzlunarhúsin nú væri, og hann sýndi fram á það, að höfnin á Eskifirði væri öllu betri en á Seyðisfirði. Hinn 2. konúngkjörni þíngmaður taldi það einnig til fyristöðu fyrir því, að Seyðisfjörður yrði gjörður að aðalkaupstað, að þar væri einginn lögreglustjóri, og finnst mèr það full ástæða fyrir þíngið, að hreifa þessu; því varla mun sýslumaðurinn, sem núna er þar, geta skyldazt til að flytja sig á Seyðisfjörð, og þótt eptirmaður hans, ef til vill, gæti orðið skyldaður til þess, getur hans verið að bíða í mörg ár; eg get því ekki enn þá sannfærzt um, að breytíng sú, er hèr ræðir um, sè svo nauðsynleg, að hennar vegna eigi að fara að breyta jafnúngum lögum og verzlunarlögum vorum, og virðist mèr einnig hagnaður sá, er af breytíngu þessari flyti, mjög lítils verður, því í raun rèttri er hèr einúngis verið að tefla um, hvort kaupmenn, sem sigla landið upp, eiga að koma fyrst við á Eskifirði eður Seyðisfirði.

Framsögumaður: Eg skildi að vísu ei til fullnustu tölu hins heiðraða þíngmanns Reykjavíkurbæjar, en er þó nær að halda, að hún upplýsi lítið þetta mál; eg hefi að vísu ekki fyrir mig að bera eins mikla þekkíng eins og sumir aðrir, en þó er eg kunnugri en hann, og vona, að eg geti borið fyrir mig hið forna máltæki, að „opt sè glöggt gestsaugað“. Þótt því sè farið fram, að Seyðisfjörður sè gjörður aðalkaupstaður, þá stendur Eskifjörður allt að einu. Til þess að sýna, að eg í þessu máli beiti eingu kappi og að eg fyrir laungu hefi haft þá sannfæríng, sem eg nú fer fram, vil eg leyfa mèr að lesa upp fáein orð úr vísitazíuskýrslu minni til stjórnarinnar árið 1850; er þar farið þessum orðum um:

1) Djúpavog:

„Þessi kaupstaður liggur sèrdeilislega vel, einkum með tilliti til Austur-Skaptafellssýslu, sem án hans mundi vera því nær útilokuð frá allri höndlun“.

2) Eskifjörð:

„Þessi höndlunarstaður er sá ljótasti og hryllilegasti, sem eg hefi sèð; hátt fjall með grjótskriðum liggur hèr næstum því fram að sjó, höndlunarhúsin standa í þessum halla, svo auganu má virðast eins og við því sè búið á hverri stundu, að skriðurnar falli á þau. Húskofi, sem að eins lá nokkrum álnum (eða föðmum) ofar en höndlunarhúsin, lagðist á þann hátt í eyði í fyrra vetur, og liðu við það

tækifæri 3 menn bana. Eg flýtti mèr burt frá þessum óyndislega stað".

3) Seyðisfjörð:

„Þegar við fórum yfir fjallið, sem liggur á milli, og hèldum niður að Seyðisfirði, fèkk eg að líta það yndislegasta haglendi og þar með marga inndæla fossa. Mèr þótti það leitt, að eg var of veikur til þess fullkomlega að geta notið hinnar miklu og margbreyttu fegurðar á þessu svæði. Í Seyðisfirði er nýlega stofnað höndlunarhús, fjörðurinn er fagur, höfnin góð, og mèr bregzt varla, að þessi staður liggur sem bezt við í Múlasýslunum, til að verða kaupstaður; en Eskifjörður er eptir minni meiníng ekki vel fallinn til þess".

Eg hefi leyft mèr að lesa þetta upp til þess, að sýna, að eg ekki nú fer fram á annað, en eg við eigin sjón áleit rètt að vera fyrir 7 árum; annars vegar má mèr þykja það kynlegt, ef þíngmenn nú skyldi verða þessari uppástúngu mótfallnir, þar sem þjóðfundurinn 1851 samkvæmt því, sem stóð í ástæðunum fyrir frumvarpi stjórnarinnar, mælti með henni. En eins og segir í nefndarálitinu, var Eskifjörður seinna tekinn fram yfir; en þótt þíngmaður hafi sagt, að stjórnin muni hafa haft góðar og gildar ástæður fyrir því, þá liggur þar til svars, að þessar ástæður, hverjar sem þær hafa verið, hafa ei verið bornar undir álit þíngsins.

H. Kr. Friðriksson: Mèr þykir það illa farið, ef eg hefi verið svo ógreinilegur í orðum mínum, að ekki mátti skilja mig, en það hefi eg hvorki viljað nè heldur gjört, að herma of mikið upp á hinn háttvirta *konúngsfulltrúa,* því hann sagði og sýndi fram á, að vatnsföll þau, er hèraðsmenn þyrfti yfir að fara til Seyðisfjarðar, væri að eingu betri, en þau, sem þyrfti yfir að fara til Eskifjarðar; sömuleiðis sýndi hann, að húsastæði væri allgott á Eskifirði, og höfnin þar fremur betri en á Seyðisfirði. Að því, er snertir ástæður þær, er þíngið kann að hafa haft 1851, þá getur vel verið, að það hefði verið rèttara að taka Seyðisfjörð upphaflega, en úr því Eskifjörður er gjörður aðalkaupstaður, þá get eg ekki sèð, að ástæður þær, sem fram eru komnar, sè svo mikilvægar, að menn þeirra vegna eigi að fara að breyta jafnúngu lagaboði og hèr ræðir um. Eg hefi reyndar ekki borið fyrir mig ástæður stjórnarinnar fyrir því, að velja Eskifjörð fremur en Seyðisfjörð; en eg ímynda mèr og treysti stjórninni of vel til þess, að geta álitið, að hún hafi gjört það umhugsunarlaust og ástæðulaust. Að öðru leyti finnst mèr ekki, að menn þurfi að vera svo nauðakunnugir, til þess að geta sèð, að Eskifjörður liggur

beinna við skipum, er koma af hafi, heldur en Seyðisfjörður; til þess þarf ekki annað, en renna auga á uppdrátt Íslands.

V. Oddsen: Þó eg hefði heldur fyrir mig kosið að sitja, hlýt eg að leyfa mèr að standa upp, til að svara hinum háttvirta öðrum konúngkjörna þíngmanni, jafnvel þó eg ekki væri svo heppinn, að skilja töluvert úr ræðu hans. Það, sem eg náði úr henni, var þetta, að hann segir, að sýslumanninum í Norður-Múlasýslu hafi verið *skipað* að sitja á Ketilstöðum. Þetta ætla eg að vera ránghermt, og fjærri því að vera satt, heldur hefir hann, eins og svo margir sýslumenn á undan honum, feingið leyfi til að sitja þar, og mèr er víst óhætt að fullyrða, að þegar sýslumaðurinn, sem nú er í Norður-Múlasýslu, ætlaði að flytja í Vopnafjörð, var honum að eins synjað um það, en ekki skipað á neinn ákveðinn stað. Í tilliti til þess, sem hinn heiðraði varaþíngmaður Reykvíkínga hefir talað í þessu máli, verð eg að játa, að mèr er forvitni á að vita, hvort honum hefir farið nokkuð fram í þekkíngunni á Seyðisfirði, síðan hann ritaði landafræði sína, þar mèr virðist hann vera neyddur til að brúka skoðun *konúngsfulltrúa* á þessu máli, að svo miklu leyti sem hann getur farið rètt með. Eg er samdóma þíngmanninum í því, að *konúngsfulltrúi* hefir sagt, að hægt væri að krækja fyrir árnar í Reyðarfjarðardölum. (Það munu líka þíngtíðindin sýna, þó eg sè hræddur um, að þeim eigi ekki að auðnast, að bera með sèr um húsfokið á Seyðisfirði). Eg er samdóma þeim báðum í, að þetta er hægt, eins og eg þykist vera sannfærður um, að þeir eru mèr samdóma í því, að þenna kost hafa flestar ár á Íslandi til að bera.

J. Hávarðsson: Þó eg standi upp, þarf eg lítið að tala í þessu máli, þar sá háttvirti *framsögumaður* hefir hrundið því flestu, sem haft hefir verið móti nefndarálitinu, þó vil eg leyfa mèr að anza fáeinu í ræðu hins heiðraða varaþíngmanns úr Reykjavík, og er það þá fyrst, að hann leggur of mikla þýðíngu í orð þess hæstvirta konúngsfulltrúa, þar eg tók ekki svo orð hans og gat ekki heldur tekið, þá málefni þetta kom fyrst til umræðu, að hann segði, að það væri jafnmörg vatnsföll til Seyðisfjarðar og Eskifjarðar; þetta vil eg sanna að ekki er heldur; því, þá farið er til Eskifjarðar úr nokkrum hreppum úr hèraðinu, svo sem Valla- Fljótsdals- og Fellahreppum, þá þarf að fara yfir 3 vatnsföll, sem heita Kaldakvísl, Eyvindará og Slenjudalsá, og er sú fyrst- og síðastnefnda mjög illar yfirferðar vegna straums og stórgrýtis, og ómögulegt fyrir þær að sneiða, nema ef telja skyldi, ef fara ætti upp á topp fjallanna, hvaðan þær spretta.

Allar þessar ár renna saman, þá leingra kemur niður eptir, og eru þær, þá í eitt eru komnar, kallaðar Eyvindará. Að sönnu verður hún vatnsmeiri, þá þessar ofannefndu ár eru runnar í hana, en það gjörir lítið til, því þar sem farið er yfir hana, þegar farið er til Seyðisfjarðar, sem er skammt fyrir ofan fljótið, rennur hún á slèttum eyrum, og verður því sjaldan ófær, en beri það við, þá er hægt að fara fyrir hana á ferju, þar sem hún rennur út í fljótið. Það hefir og verið sagt af hinum sama þíngmanni og fleirum, að það mætti einu gilda, á hvern staðinn erlendir fyrst kæmi, þar á báðum væri verzlað; þessu verð eg alveg að hrinda: fyrst er innsiglíng leingri á Eskifjörð, allt að 3 mílur, en á Seyðisfjörð vart 2 mílur, þar næst eru í Eskifjarðarmynni lág skèr, sem kallast *Brökur,* sem eru varúðarverðar, þar hjá þeim verður að sigla eður milli þeirra og Vattarnestánga, og í þriðja lagi er það í augum uppi, að það getur valdið óþægindum utanríkismönnum að neyðast til að fara þar inn fyrst, til að sýna skjöl og skilríki sín, sem þeir vita að þeir geta lítið selt vegna aðsóknarleysis landsmanna, og verða því að hverfa þaðan á þá staði, sem aðsóknin er meiri, og getur það staðizt á hálfsmánaðartíma, að þeir komast ekki á Seyðisfjörð frá Eskifirði. Það má enn fremur vera hverjum manni ljóst, að sá staður sè helzt valinn til aðalverzlunarstaðar, sem flesta kosti hefir til að bera, t. a. m. að þar sè sem stytzt innsiglíng, höfn góð, fagurt, hentugt nógu stórt og óhult svæði að byggja á mörg hús, og grösugt land í kríng og lagað fyrir jarðarrækt; þetta á sèr allt stað á Seyðisfirði, en eingan veginn á Eskifirði, því þó sá hæstvirti *konúngsfulltrúi* segði, að byggja mætti á Lambeyrartúni, þá er slíkt sprottið af minnisleysi hans. Það er auðsèð, að á þetta tún hefir einhvern tíma hlaupið stórhlaup, því upp úr því að ofanverðu standa enn nú stór björg, og er og svo mikið búnguvaxið, einkum að ofanverðu. Þetta hlaup hefir auðsjáanlega orsakazt af stíflu, sem komið hefir í lítinn læk, sem rennur innan til við túnið. — Því hefir verið hreift, að stjórnin mundi ekki fást til að gjöra þessa breytíngu, af því lögreglustjóri væri á Eskifirði, en einginn á Seyðisfirði; en mèr finnst hún ætti fyrst að líta eptir því, hvar haganlegast væri að setja aðalverzlunarstað, og þessu hefir hún og svo fylgt, því eptir ástæðunum fyrir frumvarpinu til þjóðfundarins var útnefnd Akureyri, þó þar væri ekki lögreglustjóri, af því Akureyri var álitin hentugri fyrir aðalverzlunarstað á norðurlandi. Eg skal og svo við þetta tækifæri leyfa mèr að minnast á orð hins hæstvirta *konúngsfulltrúa,* er hann sagði, að í ráði væri,

að Austur-Skaptafellssýsla yrði teingd við Suður-Múlasýslu. Ef nú að slíku ræki, þá-er sýslumanninum í Suður-Múlasýslu aldeilis ómögulegt að sitja á Eskifirði, hartnær á sýsluendanum, og eiga hins vegar að sækja yfir þá leiðu fjallvega (sem optast eru ófærir nema um hásumartímann), er liggja í Suður-Múlasýslu suður undan Eskifirði, og svo síðan fara yfir Lónsheiði, og þar eptir í Hornafjörð, hvar hvert ófært jökulvatnið bindur annað; þá yrði þó heldur takanda í mál, að sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu settist að á Seyðisfirði, þó eg ekki geti sagt það gott, hvorki honum nè sýslubúum hans. Loksins hefir því verið hreift, að stjórnin hafi haft einhverjar gildar ástæður til að breyta þessu, að taka Eskifjörð fyrir Seyðisfjörð fyrir aðalverzlunarstað. Þessum áðtæðum er eg, eins og allir, ókunnugur, en því er eg kunnugur, að þá næstum var búið að ræða verzlunarmálið út á ríkisþíngi Dana, þá setti *Örsted,* sem þá var innanríkisráðgjafi, (eg held ekki á löglegan hátt) málefnið til 5 manna nefndar, í hverri að sátu ókunnugir menn ásigkomulagi og kríngumstæðum á Austfjörðum, og þá kom það eins og upp úr þurru, að Eskifjörður var valinn fyrir aðalverzlunarstað í frumvarpi því, sem út kom frá nefndinni, og sem lögin af 15. apríl 1854 byggðust á. Eg vona, að eg nú hafi ásamt mínum háttvirta meðnefndarmanni og öðrum, sem tekið hafa til máls með nefndarálitinu, nægilega hrundið áliti þeirra og ástæðum, sem mælt hafa móti þessu málefni.

St. Jónsson: Ísjárvert þykir mèr að hrinda máli þessu frá sèr, og finnst mèr bezta ástæðan móti Eskifirði vera sú, er hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður gat, er hann var að halda fram Eskifirði, nefnilega að Eskifjörður hefði margt það til að bera, sem kaupstaður ekki ætti að hafa, því sè svo, sem eg ekki efast um, virðist mèr all-líklegt, að Eskifjarðarverzlunarstaður bráðum líði undir lok, og því ekki vera rètt að halda honum fram. Hvað það snertir, að eingin bænarskrá þessa efnis hefir komið frá kaupmönnum, þá finnst mèr óþarfi að bíða eptir henni, fyrst bænarskrá er komin frá landsmönnum, sem mèr í þessu efni finnast standa málinu eins nærri og kaupmenn, og vil eg því fremur veita máli þessu, sem eg held að sýslubúum sjálfum ekki, áður en breytíng þessi, að setja Eskifjörð í stað Seyðisfjarðar, var gjörð, hafi veitzt færi á, að segja álit sitt um mál þetta; en stjórninni er það innan handar, hvort hún vill leita álits kaupmanna eður ei.

Forseti: Eg get gefið þá upplýsíngu, að eg veit ekki betur, en breytíng þessi sè einmitt gjörð samkvæmt bænarskrá úr Múlasýslum.

J. Hávarðsson: Þó eg vilji eingan veginn reingja orð hins hæstvirta *forseta,* þá held eg samt, að hann misminni það, að bænarskrá hafi komið um þetta frá hèraðinu eður uppsveitunum, því eg hafði stundum tækifæri um þær mundir að heyra á tal þeirra, og var það einlæg ósk og von allra, sem eg átti tal við, að Seyðisfjörður væri í öllu tilliti hentugastur fyrir aðalverzlunarstað á Austfjörðum; úr fjörðunum held eg hún hafi ekki heldur komið, því það hefði verið ástæðulaust, þar svo stendur á, að hana hefði ekki getað samið nema einstakir menn, sem liti meira á sinn eiginn hag en almennings, það er t. a. m. 2 hreppar fyrir norðan Seyðisfjörð og 1 fyrir sunnan, sem sækja verzlun á Seyðisfjörð, aptur á móti er 1 hreppur fyrir norðan Eskifjörð, en 2 fyrir sunnan, sem sækja verzlun á Eskifjörð; það er og enn fremur til sönnunar, að bænarskráin gat ekki komið frá fjarðabúum nálægt þessum verzlunarstöðum, þar 2 af þjóðfundarmönnum voru úr þessum fjarðasveitum, og mundi þeir þá hafa hreift því á fundinum, ef þeim hefði fundizt ástæða til þess að halda meir með Eskifirði en Seyðisfirði.

Konúngsfulltrúi: Mèr hefir, síðan mál þetta fyrst kom fyrir, jafnan sýnzt það standa á litlu, hvort Eskifjörður eða Seyðisfjörður væri aðalverzlunarstaður í Múlasýslum, og hefi eg því ekki getað skilið, hvernig menn hafa gjört það, ef eg mætti svo segja, að kappsmáli. Væri spurníng um, að leggja niður Seyðisfjörð sem verzlunarstað, þá væri það eðlilegt, þó þeir sem skemmra eiga þángað en til Eskifjarðar, spornaði á móti því af alefli. En þegar spurníngin einúngis er um, hvort Seyðisfjörður eða Eskifjörður eigi að fá þau rèttindi, að útlend skip skuli fyrst koma þar, virðist mèr málið standa á svo litlu, að eg sè einga þörf til, að breyta því, sem nú er lögboðið. Í nefndarálitinu er það talið til gildis Seyðisfirði, að innsiglíng þar sè styttri og hættuminni en inn á Eskifjörð; það er satt, að innsiglíngin er nokkuð leingri inn á Eskifjörð, en hættumeiri mun hún vart geta kallazt, því aldrei veit eg til að þar hafi skip farizt á inn- eða útsiglíngu.

Nokkrir þíngmenn hafa skírskotað til orða minna við inngángsumræðu áhrærandi vatnsföllin á veginum til Eskifjarðar. Eg man eigi glöggt, hvernig mèr þá fórust orð, en meiníng mín var sú, að það væri einúngis úr einstöku sveitum, sem nokkuð kynni að vera vatnsfallameira, þegar farið er til Eskifjarðar; en úr þessum sveitum er mönnum þá innan handar að sækja á Seyðisfjörð. Þíngmaðurinn frá Suður-Múlasýslu gat eigi fallizt á lýsíngu mína á verzlunarstaðar-

stæðinu á Eskifirði, en eg get heldur ekki fallizt á lýsíngu hans á hinu sama, að því leyti Lambeyrartún snertir. Alþíngi ræður nú, hverju það vill fara á flot um þetta mál, en mèr virðist málið standa á mjög litlu, og það eigi vera þess vert, að því sè breytt, sem nú er.

Framsögumaður: Mèr þykir leitt, að eg get eigi orðið hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* samdóma í því, að á sama standi, hvor þessara staða sè valinn aðalkaupstaður, því eg álít það sjálfsagt, eins og eg hefi áður bent til, að sá staður eigi þar til að veljast, sem bezt liggi við innlendri og útlendri verzlun, og að öðru leyti sè svo lagaður, að hann bæði að húsum og verzlun geti tekið sem mestum framförum, og er í þessu tilliti ekki að líkja saman Eskifirði og Seyðisfirði, enda sýnir reynslan, að Seyðisfirði, sem nú er úngur kaupstaður, hefir þegar á fám árum farið svo fram, að hann tekur talsvert fram Eskifirði, sem er orðinn mjög gamall kaupstaður, án þess að geta náð nokkrum talsverðum framförum.

E. Ó. Kuld: Eg verð, eins og má ske fleiri þíngmenn, að gánga í máli þessu fram í trúnni, en ekki skoðuninni, því eg er, eins og vita má, jafn-ókunnugur báðum stöðunum. En af þeim heiðruðu þíngmönnum, sem talað hafa í þessu máli, verð eg að setja mest traust til þeirra, er mæla fram með bænarskránni, því bæði bera þeir fram bænarskrá kunnugra manna, og einnig verða menn að álíta þá sjálfa fullkunnuga. Hvað það snertir, að verzlunarlög vor enn þá sè of úng til þess að breyta þeim, skal eg einúngis geta þess, að hinn sami heiðraði varaþíngmaður Reykvíkínga, er nú sagði svo, ekki áleit það sama 1855, og voru þau þá 2 árum yngri. Af lýsíngum þeim, sem kunnugir menn hèr á þíngi hafa gefið yfir Seyðisfjörð og Eskifjörð, get eg ekki betur sèð, en að Seyðisfjörður sè í alla staði fremri bæði hvað svæði til húsabyggínga, höfn og innsiglíngu snertir, og vil eg því vera máli þessu meðmæltur, og það því fremur, sem þjóðfundurinn 1851 hafði til tekið Seyðisfjörð, en ekki Eskifjörð, og einginn hefir enn sagt oss ástæður þær, vegna hverra að stjórnin breytti uppástúngum þjóðfundarins í þessu tilliti.

M. Andrèsson: Eg get ekki annað en fallizt á breytíngu þá, er hèr ræðir um, og finnst mèr það ekki vera til annars en spilla þíngtímanum og auka landinu kostnað, að vera nú að reyna til að fella það, er við tekið var 1851, því þá var einmitt beðið um Seyðisfjörð. Mèr virðist ekki heldur breytíng þessi svo lítils verð, að hver hin minnsta mótbára ætti að geta fellt hana, og þannig sè eg ekki, hvers vegna ekki Seyðisfjörður fyrst framan af, þángað til sýslumanna-

skipti verða, getur verið án lögreglustjóra, allt eins vel og Akureyri, sem þó er aðalkaupstaður, án þess sýslumaður Eyfirðínga enn þá hafi flutt þángað; en fyrst lögreglustjórinn nauðsynlega hlýtur að búa á sjálfum verzlunarstaðnum, held eg því mætti til vegar koma við næstu sýslumannaskipti. Það eru mikil líkindi til, að þó að þetta mál væri fellt á þessu þíngi, fái það þó einhvern tíma framgáng, eins og tilfellið var með Sauðárkrók.

J. Sigurðsson: Eg er ókunnugur þessu máli, svo þó eg standi upp, þá held eg, að ræða mín verði til lítillar upplýsíngar, svo væri það nokkurt mál, í hverju eg vildi draga mig undan atkvæði, þá ætti það að vera þetta, en þar mèr hefir verið ógjarnt að færast undan atkvæði, þá vildi eg reyna til að glöggva mig á framfærðum ástæðum hinna kunnugu þíngmanna. Eg get nú gjarnan fallizt á meiníngu hins háttvirta annars konúngkjörna þíngmanns, og hins hæstvirta *konúngsfulltrúa,* að vegna vegaleingdar eður ferðalaganna megi hèraðsbúum standa á sama, hvor kaupstaðurinn sè látinn heita aðalkaupstaður, þar kaupstaður er þó á báðum stöðunum, svo menn geta þá sjálfir, hver sótt á þann kaupstaðinn, sem honum er hægara. En það eru 2 ástæður, sem nefndin hefir fram fært, og mèr virðist að enn sè ekki hraktar, en mèr virðast þó vegna landsbúa mikils verðar, nefnilega að á Seyðisfirði sè betri og styttri innsiglíng, og betra kaupstaðarstæði; þessir kostir virðist mèr að helzt hæni að sèr siglíngu, hvort heldur það er innanríkis- eða utanríkisþjóð, sem þar vill að leita, og það álít eg einmitt hag landsmanna, að geta hænt að sèr verzlun og uppsiglíngu. Þess vegna verð eg að vera meðmæltur uppástúngu nefndarinnar, ef þessar ástæður hennar verða ekki hraktar frekar en komið er.

Á. Einarsson: Það mun öllum hèr á þíngi kunnugt, að stjórnin hafði stúngið upp á Seyðisfirði sem aðalkaupstað, en ekki Eskifirði, að þjóðfundurinn fèllst á þetta 1851, og einnig ríkisþíng Dana. Það mun einnig mönnum kunnugt, bæði að nefnd síðan var sett í mál þetta af *Örsted* ráðherra, og að sögn var það hún, sem breytti þessu. Eg vona, eg þurfi ekki að fara mörgum orðum um, á hvað góðum og gildum ástæðum það hafi verið byggt, að setja nefnd þessa, það mun mönnum ljósara en svo; en stjórnin hefir með þessu breytt ofan í sjálfa sig, alþíngi og ríkisdaginn, og leitt hèr í lög breytíngu, sem ekki hefir verið lögð fyrir þíngið; en þetta hefir ekki verið venja híngað til; því jafnvel prentvillur á lagaboðum hafa verið lagðar fyrir þíngið, áður en þeim hefir verið breytt; ætti því þetta að verða venja,

finnst mèr ekki óþarfi, þó þeirri spurníngu væri hreift, hvort ekki með þessu móti væri geingið nógu nærri rètti alþíngis.

E. Ó. Kúld: Eg vil einúngis taka ítarlegar fram ástæðu þá, er mèr finnst mæla einna mest með Seyðisfirði, nefnilega að þar er gott svæði til húsabyggínga, þar sem á Eskifirði ekki verður byggður nokkur húskofi, því það getur einmitt vel verið, að útlendir kaupmenn vildi byggja þar, og ef svo fer, er auðsjáanlegt, að þeim er það hægðarleikur á Seyðisfirði, en með öllu ómögulegt á Eskifirði, og er þetta þó einmitt eitt skilyrðið fyrir frjálsu verzluninni, að hverri vèr ættum að hlynna, og þar að auki liggur Seyðisfjörður betur við verzlun sveitanna í kríng.

H. Kr. Friðriksson: Það er, nú sem stendur, ekkert því til fyrirstöðu, að það megi byggja, hversu mikið sem vera skal, á Seyðisfirði, þótt Eskifjörður sè aðalkaupstaðurinn, enda hefir hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagt, að á Eskifirði væri nægilegt húsastæði, og vona eg, að einginn geti neitað því, að hann sè þar kunnugur.

J. Kristjánsson: Það vita allir, að fleiri eiga kaupstefnu á Seyðisfirði en á Eskifirði, og virðist mèr það því næsta hart, að neyða utanríkiskaupmenn til, að krækja lángan krók inn á einhvern þann ljótasta stað, hvar eingin verzlunaraðsókn er fyrir, og, ef til vill, teppast þar, því þó kaupmaður vilji sigla, hlýtur þó einnig þar byr að ráða; en leingi mætti, ef til vill, bíða, ef menn ætla að vænta eptir bænarskrá frá kaupmönnum um þetta efni, því innanríkiskaupmenn munu aldrei biðja svo, því það er ekki þeim í hag, að breytt sè um þessa verzlunarstaði.

P. Sigurðsson: Eg skal ekki verða lángorður í þetta skipti. Það geingur fyrir mèr eins og hinum heiðraða varafulltrúa Snæfellínga, að eg verð að byggja á trúnni í máli þessu, og þegar eg þá aðgæti, að í frumvarpi frá stjórninni til þjóðfundarins, var stúngið upp á Seyðisfirði, og þeir fulltrúar, sem þá mættu hèr frá Múlasýslum, álitu þann stað hentugastan sem aðalkaupstað, og bænarskrár, sem hèr hafa komið til þíngs frá þeim, sem í þessu efni hljóta að hafa hina nákvæmustu þekkíngu, óska þess sama, þá getur mèr af ræðum manna hèr á þíngi ekki betur skilizt, en að Seyðisfjörður frá innlendu sjónarmiði í alla staði sè hentugri en Eskifjörður; verð eg því að mæla fram með nefndarálitinu.

Konúngsfulltrúi: Eg er eigi viss um, hvort mèr hefir skilizt rètt ræða hins heiðraða þíngmanns Strandasýslu. En eptir því sem mèr skildist, sagði hann, að stjórnin mundi hafa misboðið rètti al-

þíngis í undirbúníngi og meðferð verzlunarlaganna, en því verð eg öldúngis að mótmæla.

Á. Einarsson: Eg hlýt að trúa því, er hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, þó ekki hafi hann gefið ástæður fyrir því, en því þótti mèr þörf á, að hreifa spurníngu þessari, að mèr virðist, að hið sama hafi verið gjört viðvíkjandi ríkiserfðalögunum, sem ekki hafa verið lögð fyrir þíngið, og hreifi einginn annar þíngmaður þessu máli, skal eg vissulega, ef guð lofar, gjöra það fyrir þínglok.

Forseti: Bænarskrá sú, er eg gat um hefði komið frá Múlasýslu til nefndar þeirrar, er *Örsted* ráðherra setti í verzlunarmálið, var frá hèraðsmönnum.

Fyrst einginn þíngmanna tekur til máls, verð eg að álíta undirbúníngsumræðu þessa á enda, og kemur þá, samkvæmt dagskránni, málefnið um prestaskólann til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu; eg hefi látið prenta atkvæðaskrá og útdeila meðal þíngmanna. Atkvæðaskráin var svo hljóðandi:

Atkvæðaskrá

í

málinu um ölmusur og húsaleigustyrk handa prestaskólanum.

1. Að þremur ölmusum verði bætt við þær, sem nú eru við prestaskólann, með sömu upphæð.
2. Að húsaleigustyrkurinn verði hækkaður um 20 dali fyrir hvern stúdent á prestaskólanum.
3. Hvort alþíngi vill rita bænarskrá til konúngs um það eða þau atriði, sem samþykkt eru í þessu máli.

Framsögumaður: Það eru, eins og þíngmenn sjá, eingin breytíngaratkvæði komin fram við þetta mál, og fyrir því skal eg ekki leingja þíngræðurnar, og það því síður, sem eg vona, að þíngmenn muni nú gefa eins góðfúslega atkvæði sitt með málinu, eins og þeir tóku því vel, þá er kosin var nefnd í það.

E. Ó. Kúld: Eg stend upp til þess að skýra þíngmönnum frá, að eg hefi sleppt breytíngaratkvæði því, er eg áskildi mèr við undirbúníngsumræðu þessa máls, og hefi eg gjört það vegna þess, að eg hefi nú feingið nægar ástæður fyrir því, að húsleigustyrkurinn sè ekki of hátt settur, enda mundi það hafa munað svo litlu, sem eg vildi færa hann niður, að eg álít rèttara að falla frá því, en halda því fram.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, álít eg ályktar-

umræðu þessa máls lokið; skal eg því biðja þíngmenn gánga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Atkvæðin fèllu þannig:

1. uppástúnga *nefndarinnar* var samþykkt með 21 atkvæði.
2. — — — — var samþykkt með 19 atkvæðum gegn 1.
3. — — — — var samþykkt í einu hljóði.

Forseti: Það, sem þá kemur næst eptir dagskránni, er helgidagamálið, til ályktarumræðu.

Í þessu máli voru komnar eptirfylgjandi breytíngar og varauppástúngur:

St. Jónssonar viðaukaatkvæði:

Að konúngur vor vildi mildilegast fyrirskipa, að nefnd manna í landinu sjálfu verði sett, til þess að semja frumvarp til tilskipunar um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, og að þetta frumvarp verði lagt fyrir alþíngi svo fljótt sem verða má.

H. Kr. Friðrikssonar varaatkvæði:

Ef uppástúnga nefndarinnar verður samþykkt, að þá verði þó tilskipun 28. d. marzmánaðar 1855 í fullu gildi fyrir Reykjavíkurbæ.

Forseti: Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í málinu, sem eg vona að hver þíngmaður hafi við höndina, og er hún þannig:

Atkvæðaskrá

í

helgidagamálinu.

1. Uppástúnga nefndarinnar:
   að biðja konúng um lagaboð, sem breyti tilskipun 28. marz 1855.
2. Uppástúnga *St. Jónssonar:*
   að konúngur vor vildi mildilegast fyrirskipa, að nefnd manna í landinu sjálfu verði sett, til þess að semja frumvarp til tilskipunar um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, og að þetta frumvarp verði lagt fyrir alþíngi svo fljótt sem verða má.
3. Uppástúnga nefndarinnar:
   Að tilskipan 28. marz 1855 verði þannig breytt:
   a, Að seinasti hluti 1. greinar, frá orðunum „fyr en“, til enda greinarinnar, sè numin úr lögum.
   b, Að allar þær ákvarðanir, sem í nefndri tilskipun eru bundnar við miðaptanshelgina, verði skildar þar eptir.
4. Vara-uppástúnga *H. Kr. Friðrikssonar:*

Ef uppástúnga nefndarinnar verður samþykkt, þá verði þó tilsk. 28. marz 1855 í fullu gildi fyrir Reykjavíkurbæ.

5. Hvort þíngið vill senda konúngi bænarskrá um það eða þau atriði, sem samþykkt eru.

Framsögumaður er þíngmaður Snæfellínga.

Framsögumaður: Eins og þíngmenn vita, eru að eins 2 breytíngaratkvæði komin fram í máli þessu, og skal eg ekki að sinni fara um þau nema fám orðum. Eg hefði að sönnu heldur kosið, að breytíngaratkvæði þíngmanns Eyfirðínga nr. 2 hefði staðið á eptir uppástúngu nefndarinnar, því þá hefðum vèr að líkindum aðhyllzt hana; því hún var þá að álíta sem viðaukaatkvæði við nefndarinnar, en uppástúngur nefndarinnar sem bráðabyrgðarlög.

V. Finsen: Eg skil svo atkvæðaskrána, að uppástúnga nefndarinnar stafl. 3 biðji stjórnina um lagaboð strax, án þess hún búi fyrst til frumvarp og leggi það fyrir þíngið, og þykir mèr meira mæla fram með því, heldur en að biðja um, að nýtt frumvarp verði lagt fyrir þíngið, sem hefir rætt það áður svo vel og ítarlega. Það hefir allt af verið mèr ljóst, að mestur vandinn við helgidagalögin er munurinn á lífernisháttum manna til sveita og í kaupstöðum, svo að eitt á við í sveitunum og annað í kaupstöðum; en þó er næsta óhentugt að hafa tvö lagaboð um það, sem í sjálfu sèr er almenns efnis, annað fyrir kaupstaðina, og annað fyrir sveitina. Eg er nú fyrir mitt leyti sannfærður um og þykir það mikið eðlilegt, að breytíng sú, sem gjörð var á þínginu 1855, að helgin var stytt til kl. 6, hefir sært tilfinníngu manna í sveitunum, og þá tilfinníngu álít eg rètt að virða og taka til greina, með því hún er byggð á gamalli venju og siðum og hugarfari þjóðarinnar. Eg get því ekki láð mönnum, þó þeir vilji nú fá þessu breytt, en á hinn bóginn álít eg líka þessa breytíng vera það verulegasta, sem þarf til að burt rýma því úr tilskipuninni, er valdið hefir mestri óánægju með hana, og því vil eg gefa henni atkvæði mitt, þó með þeim skilmála, að það sè meiníngin, að frumvarp skuli ekki leggja aptur fyrir þíngið. Á hinn bóginn get eg ekki annað en verið hneigður til að gefa varauppástúngu varaþíngmanns Reykvíkínga atkvæði mitt, þó mèr sè það annars mjög á móti geði, að gjöra undantekníngar frá almennu lagaboði fyrir einstaka staði, einkum líka þar eð uppástúngan grípur ekki yfir alla kaupstaði; það hefði eg heldur viljað. Ef nú lagaboð kæmi út samkvæmt uppástúngunni nr. 3, þá finnst mèr það ætti heldur að orðast á þá leið, að sú vinna, sem sam-

kvæmt tilskipun 28. marz 1855, 1. gr., sbr. eptirfylgjandi greinir, hingað til hefir verið bönnuð þángað til eptir miðaptan, skuli eptirleiðis vera bönnuð til kvölds.

J. Sigurðsson: Eg vil geta þess, að eg hefi fallið frá því breytíngaratkvæði, sem eg áskildi mèr rètt til við undirbúníngsumræðuna, viðvíkjandi síðari partinum á 9. grein í helgidagatilskipuninni, því þegar eg aðgætti það, að nefndin vildi biðja um nýtt lagaboð, sem einúngis tæki úr lögum eitt orð í fyrstu grein tilskipunarinnar, svo að hún eins eptir sem áður ætti að standa óbreytt með öllum sínum orðatiltækjum, svo að hver maður gæti svona eptir sínum hugarburði moðað úr henni, hvað honum þætti löglegt, eða þá reglulega stílað, sá eg ekki gagn að gjöra út í málið fleiri grillur með breytíngaratkvæðum. Að hinu leytinu þykir mèr nefndin í uppástúngu sinni ekki hafa búið svo vel um, að ná augnamiði sínu, sem skyldi, því þó það sè tiltekið, að ónauðsynleg vinna sè bönnuð á sunnudögum, þá er það það lögmál, sem allir þekkja frá alda öðli, og einn getur sagt: „eg gjörði ekkert verk á sunnudaginn um messutímann“, en hinn segir: „það á ekkert að vinna á helgum dögum til kvölds“, en af því að einginn tók sèr breytíngaratkvæði, en eg gat það ekki, þar eg hafði ekki fyrir fram áskilið mèr rètt til þess í þá átt, þá vildi eg vekja máls á því, og nú eptir tölu hins háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanns er eg öruggari að vekja máls á því, hvort ekki mætti í bænarskrá þeirri, sem þíngið stílaði í þessu tilliti, taka það nokkurn veginn fram, að hið umbeðna lagaboð til tæki það með berum orðum, að allir þeir löghelgu dagar skuli vera sem hátíðadagarnir og bænadagurinn jafnheilagir til kvölds.

Framsögumaður: Mig minnir, að hinn heiðraði þíngmaður Mýramanna áskildi sèr breytíngaratkvæði við inngángsumræðuna, sem hann hefir síðan sleppt. En þar sem hann hèlt, að orðin: „einkum um messutímann“, gæti leitt til þess, að sumir kynni að álíta, að helgin næði eiginlega ekki nema til messutímans, þá er þetta misskilníngur hans, því meiníng orðanna er sú, að það segist meira á öllum afbrotum gegn tilskipuninni, þegar þau eru framin um messutímann. Mig gladdi mikillega að heyra tölu hins heiðraða 5. konúngkjörna þíngmanns; hann hefir skilið uppástúngu nefndarinnar öldúngis rètt, að hún vildi fá lagaboð, en ekki frumvarp. Fyrst hann var nú svo góður að vilja gefa nefndinni atkvæði sitt, þá vil

eg aptur leitast við að gjöra honum það til geðs, að fallast á 4. uppástúnguna, fyrst hann álítur hana svo ómissandi fyrir Reykjavík.

M. Andrèsson: Fyrir því, að eg tók ekki til máls áður, þegar þetta mál var rætt til undirbúnings, þá vil eg nú láta þá meiningu mína í ljósi, að mèr þykir nefndin hafa tekið einmitt þá stefnu, sem eg hefði viljað og óskað, því af hinu marga, sem hèr hefir verið fundið að tilskipuninni, þá hefi eg ekki heyrt neinn í mínu kjördæmi fara fram á, að breyta öðru nè meiru, en því, sem nefndin hefir breytt. Það hefir þó verið borið fyrir hèr á þínginu, að þjóðarviljinn sè ekki viss í þessu máli, en eg verð að vera fastur á því, að þjóðarviljinn sè hèr viss, því eg hlýt að segja, að eg get ekki komizt að, hvað þjóðarvilji sè í minni sýslu, ef það er ekki það, þegar 36 menn, sem kjörnir eru úr 12 sveitum, óska allir, að þessu eina atriði í tilskipuninni sè breytt. Þar að auki get eg bætt því við, að hinn æðsti andlegi embættismaður í Árnessýslu hefir skorað á mig að fá þessu atriði breytt á alþíngi; enn get eg talið það til, að 3 hinir helztu bændur í sýslunni hafa skrifað mèr um þetta, og einginn þeirra farið fram á meira, svo eg hefi fulla ástæðu til að álíta, að þetta sè innrætt allri alþýðu, að minnsta kosti í mínu kjördæmi. Það eru einar og aðrar ástæður komnar fram gegn uppástúngu nefndarinnar, sem mèr þykja margar hverjar lèttvægar, t. a. m. um hrognkelsanetin, auk þess að það er ekki bannað að vitja um þau, ef svo stendur á veðri eður aflabrögðum, að það megi virðast nauðsynlegt, og er þá einginn hluti helgidagsins undanþeginn því, nema sjálfur messutíminn. Það hefir verið sagt, að menn mætti halda allan daginn heilagan, ef þeir vilja; en eg vil geta þess, að það getur valdið hneyxli, ef einn skipar vinnufólki sínu í stritvinnu, en annar ekki, en segir þó, að hann geti það að lögum, en vilji ekki. Það hefir og verið sagt, að fèllist þíngið á nefndarálitið, þá mundi það missa álit sitt, ef til vill, hjá þjóðinni, en þó einkum hjá stjórninni, fyrir því, að þíngið vill breyta svo úngu lagaboði, en nú veit eg, að það hefir þó verið breytt ýngra lagaboði, en hvaða álit sem nú stjórnin fær á alþíngi fyrir þessa breytíngu, þá er eg þess viss, að þjóðin fær betra álit á þínginu, ef það lætur að bænum hennar, og lítur ekki svo stórt á sig, sem menn kalla svo, að það vilji ekki breyta tilskipuninni, vegna þess að það hefir samþykkt hana áður. Viðvíkjandi 1. uppástúngunni á atkvæðaskránni, þá vil eg geta þess, að ekki verður brýn nauðsyn til að laga alla tilskipunina, ef þetta atriði er lagað, það gæti komið síðar, þegar

búið er að laga það, sem bráðast liggur á. En hvað snertir varauppástúngu fulltrúa Reykvíkínga, þá get eg ekki gjört mikið úr henni; eg þekki reyndar ekki vel til, hversu ástatt er í kaupstöðum, nè lífernisháttu manna þar, svo að eg get ekki fullkomlega borið um, hvort þörf sè að gjöra undantekníng fyrir Reykjavík. En eptir því sem mig minnir, þá taldi hann ekki annað til, en að þá gæti menn ekki farið á veitíngahús og til dansleika, en eg held, að þetta geti ekki alveg kallazt nauðsynlegt, og svo held eg, að menn sè ekki svo iðnir hèr, að þeir ekki muni gefa sèr tíma til að dansa og gánga á gildaskála, þótt þeir geti það ekki á helgidagskvöldin.

Konúngsfulltrúi: Þegar mál þetta kom fyrir til undirbúníngsumræðu, tók eg ekki til máls, bæði af því að eg ekki var mótfallinn aðalstefnu þeirri, sem nefndarálitið fór fram, að leingja helgina til kvölds, þar eð eg ætla það rètt hermt, að það muni vera vilji flestra landsmanna, og líka af því að eg vildi geyma athugasemdir mínar, þángað til breytíngaratkvæði væri framkomin, svo eg sæi, hverja stefnu þíngið tæki í málinu. Eg skal því nú láta þínginu í ljósi meiníngu mína um þau atriði málsins, sem koma eiga til atkvæðagreiðslu.

Hvað nú 1. uppástúnguatriðið snertir, þá virðist mèr það leiða af því, að nefndin ekki hefir til tekið þær breytíngar í helgidagatilskipuninni, sem nauðsynlega leiðir af aðaluppástúngunni um leingíngu helginnar til kvölds, að það væri rèttara að biðja um frumvarp, er leggja skyldi fyrir þíngið, um breytíngu á helgidagatilskipuninni, heldur en að biðja um lagaboð, er ekki væri lagt fyrir þíngið.

Önnur uppástúngan í atkvæðaskránni virðist mèr öldúngis óþörf, enda mun stjórnin varla verða fús til, að skipa nefnd manna hèr á landi til þess að undirbúa ekki mikilvægara málefni en það er, að gjöra nokkrar breytíngar á helgidagatilskipuninni.

Hina 3. uppástúngu á atkvæðaskránni held eg þíngið geti fallizt á; það getur að sönnu vel verið, að hún að forminu til ekki sè öldúngis gallalaus (*correct*), og að bæði nefndin og þíngið hefði átt að stínga upp á þeim breytíngum, er leiðir af aðaluppástúngunni um leingíngu helginnar. En eg held samt, að ef þíngið aðhyllist uppástúngu nefndarinnar, þá mundi stjórnin geta gjört þær breytíngar, er leiðir af tèðri aðaluppástúngu, ef stjórnin annars vill fallast á hana.

Varauppástúnga varaþíngsmanns Reykjavíkur, eða nr. 4 á atkvæðaskránni, held eg sè öldúngis óhafandi, og ófært að hafa önnur lög um helgihaldið í Reykjavík en annarstaðar á landinu, en eg

álít óþarfa að orðleingja þar um, meðan ekki eru taldar merkari ástæður með því, en enn þá eru fram komnar.

St. Jónsson: Eg vil fyrst vekja máls á því, sem uppástúngu mína greinir á við hinn hæstvirta *konúngsfulltrúa;* hann vildi hafa frumvarp eins og eg, en hann vildi fá það frá stjórninni, en eg vildi, að það væri samið af nefnd manna hèr á landi. Eg vil nú ekki gjöra mikið úr þessum ágreiníngi; en það vakti fyrir mèr, að eg hafði grun um menn, sem ekki voru ánægðir með tilskipunina og heldur ekki með uppástúngu nefndarinnar; því þeim þótti hún ekki breyta nógu miklu í löggjöfinni, heldur virtist þeim margt fleira í henni, sem þyrfti umbóta við. Eg er nú sannfærður um, að opt sè betra að búa til lagaboð af nýju en fjalla um gamalt lagaboð, með því líka að hver vill breyta til eptir sínu geði; en eg hugsaði, að stjórnin fèllist ekki eins auðveldlega á þessa breytíngu nefndarinnar eins og hún, ef til vill, vildi fallast á að láta búa til nýtt lagaboð. Eg tek það fram aptur, að eg held margir vilji hafa meiru breytt í tilskipuninni, enda þótt þeir kannist við eins og eg, að þetta sè hið verulegasta, sem nefndin hefir tekið.

Framsögumaður: Ef þíngið fellst á uppástúngu þíngmanns Eyfirðínga, sem eg reyndar er ekki svo mótfallinn, þá getur það tekið uppástúngur nefndarinnar sem bráðabyrgðarlög.

Jón Guðmundsson: Mèr virðist ræður þíngmanna lýsi því fullkomlega, að það var ekki ófyrirsynju nè ástæðulaust, að eg við undirbúníngsumræðuna í gær fór fram á, að málinu væri vísað aptur til nefndarinnar, því einginn þeirra þíngmanna, sem nú hafa talað í dag, hefir gjört annað en finna að nefndarálitinu og rífa það niður og lýsa yfir vandræðum þeim, sem á því eru, að greiða nú atkvæði eptir þessari atkvæðaskrá, sem hèr liggur fyrir; þetta er órækasti votturinn um, hversu nefndin hefir leyst starfa sinn af hendi. Hinn heiðraði 5. konúngkjörni þíngmaður, sem þó gaf nefndinni rètt í því, að leingja ætti helgina, og vildi því halda 3. uppástúngu stafl. *a*, á atkvæðaskránni, fann þó nauðsyn á, að hún væri öðru vísi orðuð, nefnil. á þá leið: að öll þau verk, sem bannað væri að vinna fram að miðaptni á helgum dögum skyldi vera óleyfilegt að vinna gjörvallan sunnudaginn; eg neita því ekki, að þetta hefði verið laglegri og rèttari orðaskipan, en það verður nú ekki bætt úr því hèðan af. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hefir tekið fram verulegar ástæður fyrir því, að miklu tiltækilegra væri að biðja konúng um frumvarp frá stjórninni, en að biðja um nýtt lagaboð. Þetta sjá allir að er

eðlilegast og rèttast, en nefndin hefir ekki gætt þess að neinu, enda er mèr ekki ljóst, hvernig atkvæðaskránni verður hèðan af breytt svo, að konúngur verði beðinn um þetta í bænarskrá, og eg skil ekki, að fyrir neinni annari uppástúngu á atkvæðaskránni verði greitt atkvæði, heldur en þeirri, sem þíngmaður Eyfirðínga hefir borið upp undir töluliið 2, enda þótt sú aðferð kunni að verða nokkuð kostnaðarsöm og fresta málinu um of; en öll þessi vandræði og vandkvæði eru nefndinni að kenna. Eg skal svo ekki orðleingja frekar um þetta mál; eg vil helzt eingri þessari uppástúngu, eins og þær liggja hèr fyrir, gefa mitt atkvæði, og get ekki samþykkt neina, nema ef vera skyldi uppástúngu þíngmanns Eyfirðínga.

Framsögumaður: Hinn heiðraði *varaforseti* lætur sèr þó sannarlega annt um að reyna að fella þetta mál, og lái eg honum það ekki, fyrst sannfæríng hans er önnur en mín í þessu tilliti. En ef hann hefir ekki heyrt neinn þíngmann, sem ekki væri mótfallinn nefndarálitinu, þá hefir hann ekki heyrt rètt, eða ekki verið viðstaddur, meðan allir þíngmenn töluðu, því það er ekki satt, að einginn þíngmanna væri nefndinni meðmæltur; hinn heiðraði *varaforseti* hefir líklega ekki verið inni, meðan þíngmaður Árnesínga talaði, því hann var nefndinni öldúngis samþykkur, og þíngmaður Mýramanna henni heldur ekki mótfallinn. Hinum heiðra *varaforseta* þótti frágángurinn á áliti nefndarinnar vera svo, að hann vildi fella allt málið; þó var hann ekki fráleitur uppástúngu þíngmanns Eyfirðínga. Það hafa nú tveir lögfróðir menn rætt um málið, og sinn farið í hvora stefnu: annar þeirra var meðmæltur nefndinni og fann ekkert að uppástúngum hennar, en hinn mótfallinn, og verð eg að biðja hinn heiðraða *varaforseta* að virða mèr til vorkunar, þótt eg meti orð þess lögfræðíngsins, sem nefndinni var hlynntur, fullkomlega á eins gildum rökum byggð, en verði að álíta, að röksemdir hins lögfróða heiðraða *varaforseta* sè, ef til vill, sprottnar af misþokka hans við uppástúngu nefndarinnar.

J. Kristjánsson: Eg er nú öldúngis orðinn sannfærður um, að það sè ókljúfanda verk, að bæta svo helgidagatilskipunina á þessu þíngi, að hún geti áunnið sèr hylli almennings, og eg skal ekki ásaka nefndina fyrir aðgjörðir hennar í máli þessu; þó getur það ekki dulizt mèr, að sú verði afleiðíngin af 3. uppástúngunni *a* og *b*, að allir, úngir og gamlir, vitrir og fávitrir verði að skapa sèr sjálfum lög, en það er bæði ótilhlýðilegt, þegar um svo þýðíngarmikla tilskipun er að gjöra, eins og þessi er, og getur valdið meiri óá-

nægju, en tilskipunin hefir valdið eða getur valdið, þó hún sè nú látin vera óbreytt. Mèr þykir líklegt, að það yrði affarabezt að fara eptir uppástúngu þíngmanns Eyfirðínga, því þá feingi menn þó lög, er runnin væri af inulendri rót, en þá finnst mèr, að tilskipunin mætti standa og bíða óhögguð, þángað til hið nýja lagaboð væri samið, og sè einga hættu búna við það, því kristni er ekki svo úng hèr á landi, enda verður hún ekki skipuð með lagaboðum einúngis.

Framsögumaður: Hinn heiðraði þíngmaður, sem nú mælti, kvaðst vera sannfærður um, að það væri óvinnanda verk, að umbæta tilskipunina til hlítar, en hann færði eingar ástæður fyrir því, hvort það væri vegna þess, að hún væri svo fullkomin, eður þá svo ófullkomin, að henni væri ekki viðhjálpanda. Hann var og hræddur um, að hver einn mundi verða sinn eiginn löggjafi, en þá verð eg að segja honum, að það kemur til af því, að hann hefir líklega ekki nýlega lesið vel löggjöfina, því eptir 13. gr. á lögreglustjórinn að skera úr, þegar vafi verður um rèttan skilníng á henni.

G. Einarsson: Eg er ekki vanur að vera fjölorður, og skal ekki heldur vera það núna. Þegar málið var rætt í nefndinni, þótti mèr stefna sú, sem hún stakk upp á og fylgdi fram, ekki sem æskilegust; mèr þótti sem sè hún fara of stutt út í málið, en af því mig grunaði, hvernig fara mundi, lèt eg leiðast til að taka sömu stefnu, og eg er allt af betur og betur að sannfærast um, að nefndin hefir tekið beinasta og krókaminnsta veginn, því þegar þessi fáorða breytíng, sem nefndin stakk upp á, hefir valdið svo miklu umtali, hvílíku umtali mundi þá ekki hafa valdið aðalbreytíng á tilskipuninni? Sannfæríng mín er líka sú (en hún kann nú að vera ekki rètt), að þeir hinir sömu, sem nú skúta nefndina út fyrir það, að hún hafi farið of stutt út í málið, mundi víst hafa tekið í öfugan streinginn, hefði hún farið langt út í breytíngar sínar, og haft allar klær úti, til að tæta þær í sundur, því ætlan mín er sú (hún kann að vera raung), að sumum sè hugleikið, að málið falli.

Hvað atkvæðaskránni við víkur, þá get eg ekki komið henni fyrir mig, og mèr þykir niðurskipunin nokkuð óhagfelld; en um þetta er tómt mál að tala hèðan af; einúngis vil eg geta þess, að eg áleit hagfelldast fyrir málið, að uppástúnga þíngmanns Eyfirðínga hefði komið fram í því formi, sem hann eiginlega ætlaðist til, nefnilega sem viðaukaatkvæði og sem slíku verð eg fús á að gefa uppástúngu hans atkvæði mitt, því þá álít eg málið á hinni hagfelldustu stefnu og lifi í voninni, að breytíngin komi með tíðinni, og það til batnaðar.

G. Brandsson: Við undirbúníngsumræðu þessa máls lèt eg í ljósi þá meiníngu mína, að bezt mundi, að senda einga bænarskrá til konúngs um það í þetta sinn; að vísu tók eg mèr ekki um það breytíngaratkræði, enda gerir það lítið til; því atkvæðagreiðslan sker úr þessu, þegar til hennar kemur. Eg vil ekki bera á móti því, sem þíngmaður Dalasýslu sagði, að þó nefndin hefði farið leingra fram í þetta mál, að einhverjir þíngmenn hefði þá orðið svo breyskir, að taka sèr við það eitt eða tvö breytíngaratkvæði, og svona fer, þegar sinn vill hvað, og sumir vita ekki, hvað vilja, en finna allt að öllu. Mèr fórst nú líkt og hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* í tilliti til fyrstu uppástúngu nefndarinnar, að eg skyldi ekki vel, hvernig þíngið átti að biðja um lagaboð, sem breytti tilskipun af 28. marz 1855, þegar það gaf svo litlar sem eingar bendíngar um það, hvernig breytíngar þessar ætti að vera lagaðar, og sè eg þá ekki annað ráð, en að þíngið felli úppástúngu þessa (*Forseti:* hún stendur í sambandi við 3. lið); nær hefði verið að biðja um frumvarp líkt og þíngmaður Eyfirðínga fer fram á, ef menn hefði ekki fyrst um sinn getað unað við það, sem nú er. Annars finnst mèr nú, að sumir sè heldur frjálsir í þessu máli, og það þeir, sem breytínganna óska, og skírskota eg einkum til þess, er þíngmaður Árnesínga sagði, þegar hann vildi leyfa að vitja um hrognkelsanet og jafnvel stunda annan sjáarafla nema einúngis um messutímann, svo eg vildi feginn eiga hann fyrir lögreglustjóra til að leita hjá honum skilníngs á helgidagatilskipuninni samkvæmt 13. grein hennar. Ekki sè eg, hvernig menn geta aðhyllzt varauppástúngu þíngmannsins úr Reykjavík, ef tilskipaninni verður breytt á annað borð. Eg skal einúngis minnast á verzlunina. Eptir breytíngu nefndarinnar gæti eingir sveitamenn notað sèr hana í Reykjavík nema á rúmhelgum dögum, svo Reykjavíkurmenn yrði þá eptir miðaptan á helgidögunum að verzla einúngis við sjálfa sig. Eg skal ekki fara leingra fram í þetta mál, því eg vildi helzt óska, að tilskipunin fyrst um sinn mætti standa óbreytt og mun eg greiða atkvæði á þá leið, þegar til þess kemur.

P. Sigurðsson: Eg hefi ekki leingt umræðurnar í máli þessu, sem hefir komið af því, að mèr líkaði að nokkru stefna nefndarinnar, að leingja aptur helgidagana, því það atriði í löggjöfinni vissi eg að almennt var mesta óánægjuefni til sveita, að helgin var stytt, og því var eg ekki harður á, að vísað yrði málefninu aptur til nefndarinnar, því eg ætlaði mèr að bera upp breytíngaratkvæði í líka stefnu og fulltrúi Eyfirðínga gjörði, að frumvarp væri búið til að nýju af

landsmönnum hèr, því löggjöf þessi er mest sniðin eptir kaupstaðarbrag, en öldúngis ekki fyrir sveitalífið á Íslandi, og það sá eg strax, þegar frumvarp til þeirra var rætt áður, og nefndarmenn gjörðu þá svo litlar breytíngar til að laga það eptir þjóðaranda Íslendínga, að það ekki mundi ná hylli landsmanna til sveita, og sú hefir raun á orðið. Eg vil taka til dæmis, þar sem 5. gr. skipar, að lögreglumenn skuli handtaka þá menn, sem gjöra háreysti ekki einasta úti á strætum, heldur inni í húsum, og er þetta svo fráleitt, að þetta sè hentug lög í sveitum á Íslandi, að þau eru þar til aðhláturs, og eru þau lög, sem svo óhentuglega eru samin, sumum til aðhláturs, en hinum til ángurs, er sjá, að helgi þeirra er strax horfin. Ekki er heldur til sveita lögreglustjóri ætíð svo nálægur, að menn geti spurt hann ráða, hvort þetta eða hitt sè leyfilegt eða ekki. Eg hefði að sönnu látið mèr nægja, til bráðabyrgðar, uppástúngu nefndarinnar, að helgi sunnudagsins væri gjörð jafnlaung og áður; en eg sè nú ekki, að það geti komizt heim við atkvæði fulltrúa Eyfirðínga eptir atkvæðalistanum, því verði það samþykkt, sem eg víst gjöri, þá álít eg uppástúngu nefndarinnar fallna.

P. Pètursson: Eg get ekki neitað mèr um þá ánægju að standa upp til þess, að óska hinum háttvirta *varaforseta* til lukku fyrir það, að hann hefir feingið tvo eiginlegleika, sem menn ekki vissu af, að hann hefði til að bera; annar þessara eiginlegleika er sá, að hann heyrir ekkert, nema það, sem hann sjálfur vill heyra og honum er geðfellt; hann hefir ekki heyrt neinn mæla fram með nefndarálitinu, þó 2 eða 3 hafi þegar gjört það af þeim, sem búnir eru að tala í málinu; en hinn er sá, að hann sèr ekkert nema það, sem honum er geðfellt að sjá, og því sèr hann ekkert nýtilegt í nefndarálitinu, af því hann vill ekki sjá það. Þetta miðar að sönnu ekki til að skýra málið; eg játa það, en eg gat ekki setið á mèr að láta fögnuð minn í ljósi yfir þessari fullkomnun á skilníngarvitum hins háttvirta *varaforseta.* Það hefir verið minnzt á, að formgalli væri á uppástúngum nefndarinnar, og hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* taldi það helzt að henni; en eg get ekki betur sèð, en 13. gr. í tilskipuninni bæti úr honum, því hún skipar einmitt svo fyrir, að lögreglustjórnin skuli skera úr, þegar vafi verður á eður ágreiníngur um rèttan skilníng laganna; hefir því nefndin, að minni hyggju, ekki komið með neitt nýtt inn í lagaboðið, þótt hún vildi bæta því við til skilníngsauka, að allar ákvarðanir tilskipunarinnar væri að skilja samkvæmt og í sambandi við 1. gr. um miðaptanshelgina, sem er

undirstaðan undir lagaboðinu. Eg get heldur ekki sèð, að nokkurn misskilníng geti leitt af þessari ákvörðun, því þegar það verður lögboðið, að allur dagurinn skuli vera helgur, þá veit hver maður, að ekki má vinna neitt ónauðsynlegt eður lögbannað allan daginn, og finnst mèr þá auðsætt, að fremur muni við þetta mínka aðsókn til lögreglumanns, til að spyrja hann um þýðíngu laganna, heldur en þegar, eins og nú er, að nokkur hluti dagsins er helgur og hinn rúmhelgur, því þá er von, þótt hugsanir manna verði á reiki, og að þessi sundurskiptíng helgidagsins í helgan og ekki helgan svipti helgi drottinsdagsins þeirri tign og virðíngu, sem hún á að hafa og hlýtur að hafa, ef hún á að geta áunnið sèr staðfasta hlýðni. Eg get því ekki sèð, að þessi formgalli sè nefndarálitinu til fyrirstöðu, og það því fremur, sem menn geta, eins og hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* benti til, lagað það að forminu til í álitsskjalinu til konúngs, þegar því er ekki verulega breytt að meiníngunni. Eg felli mig vel við orðabreytíngu þá, er hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður stakk upp á, ef nauðsyn ber til að breyta því þannig. Viðvíkjandi uppástúngu þíngmanns Eyfirðínga undir stafliið 2 vil eg geta þess, að eg er hræddur um, að það frumvarp, sem samið er eptir því sem hann stíngur upp á, muni, ef til vill, ekki hafa betri afdrif, en þótt frumvarpið kæmi frá stjórninni. Hinn heiðraði 5. konúngkjörni þíngmaður hafði það móti 4. varauppástúnginni á atkvæðaskránni, að sèr þætti óviðkunnanlegt, að hafa tvö ólík lagaboð um sama efni í landinu, en eg get þó ekki fundið það, því það eru svo ólíkir lífnaðarhættir í kaupstöðum og sveitum, að það getur verið nauðsyn á ólíkum lagaboðum, og eptir því sem eg hygg, þá eru í Danmörku önnur helgidagalög fyrir kaupstaði, en önnur fyrir sveitirnar. En það tel eg sjálfsagt, að eigi lagaboðið að vera eitt, og um það sè að gjöra, hvort kaupstaðirnir eigi að laga sig eptir sveitunum, eður hins vegar, að þá eigi kaupstaðirnir að lúta í lægra haldi, eins og eg hefi áður látið í ljósi. Samkvæmt því, er eg nú hefi sagt, er eg ekki svo mótfallinn 4. varauppástúngunni, verði uppástúnga nefndarinnar samþykkt, einkum ef hún verður látin ná, ekki til Reykjavíkur einnar, heldur til allra kaupstaða á landinu.

H. Kr. Friðriksson: Það er vegna uppástúngu minnar á atkvæðaskránni, að eg nú stend upp. Það er þíngmönnum kunnugt, að eg hefi ekki verið með því, að helgidagurinn sè leingdur, en þó vil eg ekki vera því svo mjög mótfallinn fyrir sveitirnar, vegna þess að hin siðferðislega tilfinníng sveitamanna er með því, en hana vil

eg láta ráða. En viðvíkjandi því, er hinum heiðraða *konúngsfulltrúa* og hinum heiðraða þíngmanni Árnesínga þóttu eigi nægar ástæður til að gjöra undantekníng fyrir Reykjavík, þá veit eg sannarlega ekki, hve miklar ástæður þeir vilja hafa; eg hefi nefnt dansleika og veitíngar, en það er með öðrum orðum, allar skemmtanir, því í Reykjavík er ekki mikið um útreiðir, eins og í sveitinni, þess vegna hafa menn sèr það helzt til skemmtunar, að koma saman á gildaskálanum til að talast við, eður hafa dans; það kann að vera af því, að eg elski dansinn, þó eg sè nú farinn að eldast. Allt þetta yrði Reykvíkíngum nú fyrirmunað frá því kl. 12 á laugardagskvöldin til kl. 12 á sunnudagskvöldin, ef uppástúnga nefndarinnar yrði að lögum. Það er og athugavert, að í bæjum stendur allt öðruvísi á en í sveit, því í bæjum eru margar nauðsynjar, sem menn verða að útvega sèr daglega, og ekki verður hjá komizt; því þótt ekki sè nema svo sem 1500 manns í Reykjavík, þá geta þeir samt ekki byrgt sig svo upp að öllu, að þeir verði ekki t. a. m. á stundum að kaupa sèr brauð hjá bakaranum á sunnudaginn, en þetta mega þeir ekki, ef sunnudagurinn er gjörður helgur til kvölds. Af þessum ástæðum get eg ekki fallið frá varauppástúngu minni, ef uppástúnga nefndarinnar verður samþykkt. Áður en eg skilst við þetta mál, þá vil eg þó minnast á það, sem hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu sagði, að það mundi verða tilgángslaust að skilja Reykjavík undan, því ef einginn sveitamaður mætti verzla þar á sunnudögum, þá hefði kaupmenn þar eingan til að verzla við nema sjálfa sig. Eg get nú ekki neitað, að mèr þykir þetta nokkuð skrítilegt; því ef leyft er að verzla í Reykjavík á sunnudögum eptir miðaptan, og sveitamenn eru þar staddir, þá er svo sem auðvitað, að þeir mega verzla þar á þeim tíma, sem leyfilegt er, ef þeir svo vilja; því það liggur í augum uppi, að þeir eru eigi undan skildir þeim lögum, er gilda á þeim stað, þar sem þeir eru.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, álít eg ályktarumræðu þessa máls lokið. En áður en eg læt gánga til atkvæða, skal eg leyfa mèr, fyrst nokkur ágreiníngur hefir orðið um atkvæðaskrána, að skýra þínginu frá, hvernig eg skil hana, og það er þannig: 1. uppástúngan fer fram á, að biðja konúng um *lagaboð,* án þess að það sè lagt fyrir þíngið; 2. biður um *frumvarp,* og 3. fer fram á *breytíngu,* hvort sem hún svo verður gjörð með lagaboði, eður með frumvarpi. Staflíður 4. og 5. hefir ekki valdið neinum ágreiníngi. Enn fremur vil eg geta þess, að mèr finnst nauðsynlegt

að skipta tölulið 2. í tvennt og bera hann upp til atkvæðagreiðslu í tvennu lagi, af því hann hefir í sèr tvö nokkuð sundurgreind atriði, annað það, að biðja um *frumvarp,* annað hitt, að til taka hversu það frumvarp skuli undirbúa. Eg ætla því að kljúfa það, þannig:

2. *a,* að konúngur vor vildi mildilegast fyrirskipa, að samið sè frumvarp til tilskipunar um sunnu- og helgidagahald á Íslandi.

b, að nefnd manna í landinu sjálfu verði sett til að semja frumvarpið, og að það verði lagt fyrir alþíng svo fljótt sem verður.

Síðan voru atkvæði greidd, og fèllu þau þannig:

1. uppástúnga *nefndarinnar,* felld með 10 atkv. gegn 9.
2. *a,* — — *Stefáns Jónssonar,* samþykkt með 13 atkv. gegn 6.
2. *b,* — — *sama,* samþykkt með 14 atkv, gegn 6.
3. *a,* — — *nefndarinnar* samþykkt með 14 atk. gegn 6.
3. *b,* — — — — samþykkt með 14 atkv. gegn 6.
4. varauppástúnga *H. Kr. Friðrikssonar:* fallin burt, eptir atkvæðagreiðslu við 1. tölulið.
5. samþykkt með 17 atkvæðum gegn 5.

Forseti kvaðst mundu birta dagskrá til næsta fundar, svo fljótt sem yrði.

Fundi slitið.

---

14. júlí — áttundi fundur.

Allir á fundi nema hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, sem var sjúkur. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

P. Guðmundsson: Má eg leyfa mèr, áður en tekið er til dagskrárinnar, að geta þess, að nefnd sú, er kosin var í vegabótamálinu, hefir orðið fyrir því óhappi, að einn nefndarmaður, hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, hefir lagzt sjúkur og tjáð mèr, að hann ekki mundi komast á fætur um nokkra daga; vil eg því samkvæmt 65. grein alþíngistilskip. biðja hið heiðraða þíng að bæta við einum manni í nefndina í hans stað, og skal eg leyfa mèr að stínga upp á hinum heiðraða *varaforseta,* eða, ef hann ekki fæst, þá hinum heiðraða þíngmanni Húnvetníngа.

Báðir þíngmennirnir töldust heldur undan að gánga í þessa nefnd, sökum annars annríkis síns við þíngstörf, og lèt *forseti* þá kjósa mann í nefndina, og var kosinn:

R. M. Olsen . með 7 atkvæðum.

H. Kr. Friðriksson: Það stendur eins á fyrir nefndinni í lagaskólamálinu, að hinn sami konúngkjörni þíngmaður var í henni, og vildi eg því leita leyfis hjá þínginu til að taka í nefndina þíngmann Barðstrendínga, er hefir tjáð sig fúsan til þess.

Forseti: Ef þíngmaðurinn vill takast það á hendur, og þíngið samþykkir það, þá er víst ekkert á móti því.

Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hefir beðið sèr hljóðs.

Konúngsfulltrúi: Áður en eg legg fyrir þíngið frumvarp til tilskipunar um ráðstafanir til að útrýma og varna útbreiðslu fjárkláðans, er geisar á suðurlandi, samið og undirskrifað af mèr og amtmanninum í norður- og austuramtinu, skal eg leyfa mèr að lesa upp brèf stjórnarherra dómsmálanna 30. apr. til mín um þetta efni; það er svo hljóðanda:

„Af skýrslum herra amtmannsins 17. febr. og 3. þ. m. hefir stjórnarráðið með ánægju veitt því eptirtekt, hversu þèr með ýmsum hagkvæmum ráðstöfunum hafið leitazt við að sporna á móti því, að fjárkláðasýkin næði að flytjast inn í vesturamtið og breiðast þar út.

Af skýrslum þessum virðist fjársýki sú, sem gjört hefir vart við sig sumstaðar í vesturamtinu, ekki hafa verið hættulegrar eða illrar tegundar, með því hún líka, eins og hin síðari skýrsla segir frá, að mestu leyti var horfin; og eptir skýrslum frá amtmanninum í norður- og austuramtinu má ætla, að eingan veginn hafi náð til norðurlands hin næma fjárkláðasýki, sem geisað hefir á suðurlandi síðan næstliðið haust.

Aptur á mót lúta allar fregnir, sem híngað bárust með póstskipinu 20. þ. m., bæði í embættisbrèfum og brèfum til einstakra manna, að því, að hin næma fjárkláðasýki, sem í vetur hefir geingið víða í suðuramtinu, geisi enn þá og gjöri tjón einkum í Árnessýslu, og á sumum stöðum í Gullbríngu- og Borgarfjarðarsýslum.

Herra amtmaðurinn mun af auglýsíngu þeirri, sem stiptamtið 13. febr. þ. á. lèt prenta, hafa orðið áskynja um, hverjar ráðstafanir hafa verið gjörðar til að útrýma sýki þessari, en þar eð vetrarhörkur hafa bannað dýralækni *T. Finnbogasyni* að ferðast, eins og honum var boðið, til hinna sýktu hèraða, áður en póstskip fór, hafa menn til þessa tíma einga reynslu getað feingið um það, hvern árángur hinar fyrirskipuðu lækníngatilraunir muni hafa. Af þessu leiðir, að stjórnarráðinu hlýtur að þykja það ísjárvert, að grípa nú

þegar til þess ráðs, sem amtmaðurinn í norður- og austuramtinu hefir stúngið upp á, nl. að bjóða niðurskurð á öllu sýktu og grunuðu fè, einkanlega á þessum tíma árs, þegar hið slátraða fè er einkis virði, enda væri með því móti farið leingra, en boðið er í tilsk. 12. maí 1772.

Þar á mót er, eins og herra amtmaðurinn tekur fram, hin brýnasta nauðsyn í þessum kríngumstæðum til þess, að í tíma sè gjörðar hagkvæmar ráðstafanir til að reisa skorður við frekari útbreiðslu fjársýkinnar, og einkanlega til að aptra því, að fènaður úr sýktum hèruðum eigi samgaungur á afrèttum við fènað úr þeim hèruðum, sem laus eru við sýkina.

Eptir áliti stjórnarráðsins væri það hið tryggasta meðal í þessu efni, að banna streingilega öllum þeim hèruðum, þar sem hin illartaða fjárkláðasýki hefir gjört vart við sig, að reka fènað sinn þetta ár á afrètti, en að aptur á mót gjört sè hverjum bónda að skyldu, að halda fè sínu í strángri gæzlu þannig, að það geti ekki komið saman við annað fè.

Þar sem herra amtmaðurinn jafnframt þessu hefir fyrirskipað að setja skuli verði í sumar með Hvítá til að aptra því, að sjúkt eða sýkt fè frá Borgarfjarðarsýslu komist inn á afrètti Mýra- og Hnappadalssýslu, þá mun stjórnarráðið að vísu ekki mótmæla þeirri ráðstöfun, ef amtsbúar álíta hana tryggjandi og hagkvæma eptir landslagi, og ekki heldur því, að kostnaður sá, sem leiðir af ofannefndri ráðstöfun, sè fyrst um sinn greiddur á þann hátt, sem herra amtmaðurinn hefir stúngið upp á, en stjórnarráðið getur þó ekki annað en álitið það nokkuð efasamt, hvort mögulegt sè að koma við þessari tilhögun jafnvel á ofannefndum stað, og þess heldur á hinum stærri afrèttum, t. a. m. þeim, sem Rángárvalla- og Árnessýslur eiga saman við norðurland.

Til þess nú að öll hèr að lútandi atriði verði tekin til nákvæmrar íhugunar og hagkvæmustu ráðstafanir gjörðar eptir sömu reglu sameiginlega fyrir öll ömt, þykir stjórnarráðinu það ráðlegast, að allir amtmenn landsins eigi fund með sèr á þessu vori, ef því verður við komið, áður en fè er rekið á afrètti, og þar eð gjöra má ráð fyrir, að Reykjavík sè haganlegastur staður til slíks fundarhalds, einkanlega með tilliti til þess, að þar verður hægast að vera sèr úti um nauðsynlegar skýrslur viðvíkjandi ásigkomulagi sýkinnar, og um árángurinn af lækníngatilraunum dýralæknisins og aðstoðarmanna hans, eru það þènustusamleg tilmæli mín, að þèr, herra amtmaður!

sækið áðurnefndan fund, hið bráðasta þèr getið við komið. Verði þessu fundarhaldi, vegna naumleika tímans, ekki við komið, áður en fè er rekið á afrètti, álítur stjórnarráðið það rèttast, að amtið gefi út fyrirfram auglýsíngu til innbúanna í þeim hèruðum, þar sem sýkin hefir gjört vart við sig, og banni þeim að reka geldfè á afrètti, áður en nákvæmari ákvörðun verður um það gjörð á ofannefndum amtmannafundi.

Ef að öðru leyti reyndist gild ástæða til að bera kvíðboga fyrir því, að ráðstafanir þær, sem þegar eru fyrirskipaðar, muni verða ónógar til að út ryðja fjárkláðasýkinni, felur stjórnarráðið amtmönnunum á hendur að búa til sameiginlega frumvarp viðvíkjandi frekari ráðstöfunum í því skyni að sporna á móti sýkinni, og verður þar einkum íhugunarefni, að hve miklu leyti og hversu yfirgripsmikill niðurskurður skuli eiga sèr stað á hinum sjúka fènaði, og sömuleiðis það atriði, hvernig greiða eigi kostnað þann, sem leiðir af öllum hèr að lútandi ráðstöfunum; mun *konúngsfulltrúa* síðan falið á hendur, að leggja frumvarpið fyrir alþíngi þessa sumars, og þegar alþíngi hefir samþykkt það, *mun* frumvarpið, ef bráð nauðsyn þykir bera til, og fyrir tillögur alþíngis *geta feingið lagagildi* sem bráðabyrgðarlög, þángað til konúngs staðfestíng verður útveguð.

Um leið og eg enn fremur get þess, að hinum 2 amtmönnunum á Íslandi er ritað í dag hið nauðsynlega samkvæmt þessu, læt eg ekki hjá líða að endíngu að bæta því við, að stjórnarráðið hefir tekið það til íhugunar, hvort ekki væri ráðlegt að senda hèðan 1 eða fleiri dýralækna til aðstoðar við lækníngar fjársýkinnar; en þar eð þessu hefir ekki verið farið á flot af embættismönnum landsins, og sýkin, sem stendur, ekki gjörir vart við sig nema í nokkrum hèruðum á suðurlandinu, þar sem lærðum dýralækni þegar er boðið að fram fylgja lækníngum með tilsettum aðstoðarmönnum, og þar eð, eins og áður er á vikið, ekkert hefir enn þá heyrzt um árángurinn af þessum lækníngatilraunum, hefir stjórnarráðinu þótt hlýða, að bíða eptir nákvæmari skýrslum og uppástúngum um þetta efni, áður en ráðizt væri í nokkuð í þessu tilliti.

Simony.

With
Fm.

Til
amtmanns P. Melsted.

Því næst leyfi eg mèr að afhenda hinum háttvirta *forseta* hið áminnzta frumvarp með ástæðum, til útbýtíngar meðal þíngmanna. Í ástæðunum fyrir frumvarpinu er bæði skýrt nokkuð frá gángi þessa máls frá upphafi þess, og eins frá þeim rökum sem frumvarpið er byggt á, en þó skal eg á næsta fundi, málinu til frekari skýríngar, gjöra um það ítarlegri athugasemdir, þegar þíngmenn eru búnir að kynna sèr frumvarpið og ástæðurnar fyrir því. Loksins get eg þess, að stiptamtmaðurinn hefir skýrt mèr frá, að hann muni á morgun geta afhent mèr sitt frumvarp, svo að það einnig verði lagt fyrir þíngið.

Jón Guðmundsson: Eg vildi einúngis leyfa mèr að bera fram þá spurníngu fyrir hinum háttvirta *konúngsfulltrúa,* hvort hann hafi sem *konúngsfulltrúi* nokkuð meira að meðdeila þínginu.

Konúngsfulltrúi: Eg hefi ekkert annað feingið frá stjórninni þessu máli viðvíkjandi en brèf það, er eg nú las upp.

Forseti: Eg vil biðja hina heiðruðu þíngmenn að stínga upp á, hve marga skuli kjósa í þessa nefnd.

Var þá stúngið upp á 9 manna nefnd, og þar einginn mælti á móti, bað *forseti* þíngmenn kjósa 9 manna nefnd og voru þessir kosnir:

R. M. Ólsen . .	með	19 atkv.
P. Guðmundsson	—	18 —
K. Árnason . .	—	18 —
P. Pèturssson . .	—	17 —
St. Jónsson . .	—	17 —
Á. Einarsson . .	—	17 —
Jón Sigurðsson .	—	17 —
E. Ó. Kúld . .	—	16 —
Jón Guðmundsson	—	10 —

Lèt *forseti* síðan afhenda skjöl málsins formanni nefndarinnar *R. M. Ólsen.*

Forseti: Það, sem nú kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu eptir dagskránni, er málið um verzlunarrèttindi Seyðisfjarðar; eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í máli þessu, og vona eg henni sè útdeilt meðal þíngmanna, og er hún þannig:

Atkvæðaskrá

í

málinu um verzlunarrèttindi Seyðisfjarðar.

Uppástúnga nefndarinnar:

Að alþíng sendi konúngi bænarskrá um, að Seyðisfjörður verði gjörður að aðalkaupstað í stað Eskifjarðar.

Framsögumaður: Mál þetta er þá aptur komið til umræðu. Af þíngræðum þeim, er fram fóru við undirbúníngsumræðuna, finn eg einga ástæðu fyrir mig að taka upp aptur það, sem eg þá mælti fram með, og fel eg því þíngsins góðvilja og sannfæríngu málið á hendur.

Forseti: Fyrst einginn tekur til máls, álít eg ályktarumræðu þessa máls vera lokið, og bið eg því þíngmenn að gánga til atkvæða.

Síðan var geingið til atkvæða, og fèllu þau þannig, að uppástúnga *nefndarinnar* var samþykkt með 18 atkvæðum gegn 2.

Forseti: Eg hefi feingið frumvarp til bænarskrár til konúngs í prestaskóla-málinu.

Las *forseti* það upp, og var það samþykkt, svo hljóðanda:

„Til konúngs!

Fyrir alþíngið var lögð bænarskrá frá þíngmanni Strandasýslu, um, að þíngið færi þess á leit, að yðar konúnglegri hátign allramildilegast mætti þóknast að fjölga ölmusum við prestaskólann og auka þann húsaleigustyrk, sem þeim stúdentum er veittur, er gánga á þenna skóla. Til að íhuga þetta mál, kaus þíngið 3 manna nefnd, ræddi það síðan á tveimur fundum á lögskipaðan hátt, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að bera upp um það álit sitt þannig:

Yðar hátignar hásæli faðir, Kristján konúngur hinn áttundi, stofnaði með allrahæstum úrskurði 21. maí 1847 skóla í guðfræði til menntunar prestaefnum hèr á landi, og hefir skóli þessi síðan í byrjun októbermánaðar s. á. starfað hèr í Reykjavík að þessu ætlunarverki sínu og þrátt fyrir margar tálmanir, sem þess háttar stofnunum eru samfara einkum í byrjuninni, þegar náð hylli landsmanna, með því þeir, sem þaðan hafa út skrifazt og feingið prestsembætti, hafa yfir höfuð að tala reynzt góðir prestar og duglegir embættismenn. Þegar prestaskólinn var stofnaður, voru til hans lagðar þrjár ölmusur úr styrktarsjóði háskólans í Kaupmannahöfn, og nú eru 300 rdl. ætlaðir til húsaleigustyrks fyrir 10 stúdenta, sem á prestaskólann gánga, þannig að hverjum þeirra eru í þessu skyni veittir 30 rdl. árlega. Þetta er allur sá opinberi styrkur, sem stúdentar á prestaskólanum fá, og er það sameiginlegt álit þíngsins, að hann sè mjög ónógur, bæði með tilliti til þess, hversu kostnaðarsamt það er að lifa í Reykjavík, og til hins, hvernig efnahag landsmanna yfir höfuð er varið. Það er eflaust, að hver stúdent, sem á prestaskólann geingur, verður árlega

til að kosta allt að 200 rdl., en hver ölmusa hefir að undanförnu verið að eins 80 rdl. og þetta ár 100 rdl.; þar að auk eru þessar ölmusur ekki nema 3, en nú sem stendur gánga 10 stúdentar á prestaskólann og má gjöra ráð fyrir, að þessi tala hèr um bil við haldist eptirleiðis, ef fátækt hlutaðeigenda ekki neyðir þá til að hætta lærdómsiðkunum sínum. Hvað húsaleigustyrkinn snertir, þá er hann einnig of lágur, og ónógur til húsaleigu, ljósa og eldiviðar, þó 2 og 2 stúdentar búi saman, sem þó ekki verður ætíð við komið. Þegar nú þess er gætt, að flestir þeirra, sem nema bókmenntir og verða prestar hèr á landi, eru annaðhvort prestasynir, hvar af allur fjöldinn er fátækur, eða bændasynir, sem ekki hafa annað við að styðjast en arðinn af búi sínu, eða munaðarlausir únglíngar, þá virðist það auðsætt, að hlutaðeigendum muni, eins og nú er ástatt, veita mjög erfitt að lúka lærdómsiðkunum sínum af við prestaskólann, einkum þegar þess er gætt, að sá kostnaður, sem því er samfara, stendur ekki í neinu rèttu hlutfalli við þær sárlitlu embættistekjur, sem prestaköllunum fylgja yfir höfuð að tala.

Af þessum ástæðum er það eindregið álit þíngsins, að brýn nauðsyn beri til að fjölga ölmusum og auka húsaleigustyrk við prestaskólann, og treystir þíngið því, að yðar konúnglega hátign, sem, eins og yðar hásæli faðir, hafið látið yður svo annt um, að efla andlega framför þessa lands, munið allramildilegast veita þessu máli áheyrslu og nauðsynlegt fè til þess úr ríkissjóði, því fremur sem prestaskólinn, er þegar hefir borið heillavænlegan ávöxt fyrir landið, í raun rèttri er ekki annað en útvíkkun þeirrar guðfræðiskennslu, sem latínuskólinn veitti prestaefnum, áður en prestaskólinn var stofnaður.

Af áðursögðum ástæðum leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast að beiðast þess, að ölmusum við prestaskólann allramildilegast verði fjölgað og húsaleigustyrkurinn aukinn, þannig:

1. Með 21 atkv. gegn 1: að þremur ölmusum verði bætt við þær, sem nú eru við prestaskólann, með sömu upphæð, og:
2. Með 19 atkv. gegn 1: að húsaleigustyrkurinn verði hækkaður um 20 dali fyrir hvern stúdent á prestaskólanum.

Þíngið fèllst á það *í einu hljóði,* að bera þessa bæn fram fyrir yðar konúnglegu hátign.

Reykjavík, 14. dag júlímánaðar 1857.

Allraþegnsamlegast.

J. Sigurðsson. P. Pèturssonˮ.

Forseti kvaðst mundu birta dagskrá til næsta fundar svo fljótt sem yrði.

Fundi slitið.

---

16. júlí — níundi fundur.

Allir á fundi nema hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, sem var sjúkur. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en tekið er til dagskrárinnar, skal eg geta þess, að eg hefi feingið skýrlsu frá hinum 4. konúngkjörna þíngmanni, um, að hann sè kosinn formaður í nefnd þeirri, er alþíngi setti í vegabótamálið, sömuleiðis frá varaþíngmanni Snæfellínga, um, að hann sè kosinn formaður í nefnd þeirri, er sett var í málinu um að útvega lögfróða málaflutníngsmenn við landsyfirrèttinn, og enn fremur frá hinum 3. konúngkjörna þíngmanni, um, að hann sè kosinn formaður nefndarinnar í kláðamálinu og varaþíngmaður Snæfellínga skrifari hennar. Samkvæmt dagskránni mun hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* gefa þínginu ítarlegari skýrslur viðvíkjandi fjárkláðamálinu.

Konúngsfulltrúi: Eg skal fyrst afhenda hinum háttvirta *forseta* ágreiníngsfrumvarp stiptamtmannsins til útbýtíngar meðal nefndarinnar, sem kosin er í fjárkláðamálinu, og annara þíngmanna. Því næst skal eg leyfa mèr, samkvæmt því sem eg gat um á síðasta fundi, nefndinni og þínginu til leiðbeiníngar fyrirfram að gjöra nokkrar almennar athugasemdir þessu máli til skýríngar.

Eptir að amtmennirnir voru komnir saman, voru, eins og sjá má af ástæðunum fyrir frumfarpinu, einkum 3 atriði aðalíhugunar- og umtalsefni milli þeirra. *Fyrsta* atriðið var um það: hvernig helzt mætti reisa skorður við útbreiðslu sýkinnar, *annað* atriðið var það: hvernig hentugast væri að fara að, til þess að eyða henni og upp ræta hana, og *þriðja* atriðið var það: hvernig hentugast mundi að greiða þann kostnað, sem af öllum hèr að lútandi ráðstöfunum leiðir.

Hvað nú hið fyrsta atriði snertir, þá komu öll amtsyfirvöldin sèr strax saman um það, að óumflýjanlega væri það naudsynlegt, að reisa sem rammastar skorður við því, að kláðasýkin út breiddist frá þeim sveitum, sem sýktar eru, til hinna ósýktu hèraða. Amtmenn-

irnir hafa þess vegna sett verði á takmörkum milli þeirra sveita, hvar fèð er sjúkt orðið, og hinna, hvar það enn þá er ósjúkt, svo sem með allri Hvítá í Borgarfirði, á fjöllunum uppi í milli norður- og suðurlands, og með Þjórsá milli Árness- og Rángárvallasýslu.

Af brèfi stjórnarherra dómsmálanna til mín frá 30. apr. næstl., hvers innihald eg hefi tilkynnt þínginu, má ráða, að enn þótt nefndur stjórnarherra ekki hafi viljað setja sig á móti þeirri ráðstöfun, er eg hafði stúngið upp á, um að setja verði milli hinna sýktu og ósýktu hèraða, ef amtsbúar áliti hana tryggjandi og hentuga eptir landslagi, hefir hann þó heldur en hitt talið tormerki á þessari ráðstöfun. Eg hefi samt ekki hikað við að setja verði með allri Hvítá, bæði af því að það var eindreginn vilji allra þeirra amtsbúa minna, er eg hefi getað náð til, og átt tal við um þetta efni, og líka af því að það var mèr, og má vera sèrhverjum þeim, er þekkir til, hvernig á stendur, öldúngis ljóst, að sýkin nú strax í sumar mundi út breiðast vestur um alla Mýrasýslu og fleiri hèruð vesturlandsins, væri þeir verðir, sem eg hafði stúngið upp á, ekki settir, vegna þess að Borgfirðíngar nú í nokkur ár hafa rekið geldfè sitt á afrètti Mýramanna, og fè þetta þess vegna sækir ákaflega á þá. Þar eð nú af þessari varðarskipun hefir leitt og leiðir mikill kostnaður, verð eg amtsyfirvaldanna vegna að skora á hið heiðraða þíng að segja álit sitt um, hvort það eigi hafi verið öldúngis nauðsynlegt að skipa þessa verði, til að varna útbreiðslu fjársýkinnar til hinna ósýktu hèraða nú strax á þessu sumri; og til þessa lítur hið fyrsta uppástúnguatriði, er amtmenn Norðlendínga og Vestfirðínga hafa gjört í niðurlagi ástæðanna fyrir frumvarpi því, sem lagt er fyrir þíngið.

Hvað hið annað atriði áhrærir, hvernig bezt megi út rýma fjárkláðanum, þá hafa amtsyfirvöldin ekki í öllu tilliti getað komið sèr saman þar um, eins og frumvörp þau, sem þeir hafa lagt fyrir þíngið, bera með sèr. Amtmennirnir fyrir norðan og vestan hafa haldið, að kláðapestinni mundi eigi verða með öllu út rutt nema með niðurskurði alls fjárins í þeim sýktu hèruðum; hvar á móti stiptamtmaðurinn hefir meint, að það í þessu tilliti mundi nægja, ef hið sýkta fè væri á næstkomanda hausti og vetri niðurskorið. Það er nú þíngsins að yfirvega og ákvarða, hvern helzt af þessum skoðunarháttum það vill aðhyllast, eða hvort það vill fara nokkurs konar meðalveg milli þeirra. Þíngið mun finna það eðlilegt, þó skoðun allra amtmannanna ekki yrði öldúngis hin sama í þessu svo mjög efasama og vandhæfismikla atriði; því skoðun manna á því yfir höfuð

mun vera nokkuð misjöfn, og fara mjög eptir því, hverja hugmynd þeir gjöra sèr um *uppruna* og *eðli* fjársýkinnar.

Áhrærandi þriðja atriðið eða greiðslu þess kostnaðar, sem leiðir af ráðstöfunum þeim, sem gjörðar eru, og gjörðar verða til að varna útbreiðslu sýkinnar og út rýma henni, þá hafa allir amtmennirnir í þessu tilliti verið samdóma í þeim verulegustu atriðum, eins og hinir heiðruðu þíngmenn fá sèð af þeim frumvörpum með ástæðum, er þeir hafa lagt fyrir þíngið.

Eins og þíngmenn hafa heyrt, hefir stjórnarherra dómsmálanna getið þess, að þegar frumvarp það áhrærandi niðurskurð sauðfjárins, sem amtmennirnir hafa lagt fyrir þíngið, hefir öðlazt samþykki alþíngis, þá muni þetta frumvarp, *ef bráð nauðsyn þykir til bera,* og *fyrir tillögur alþíngis* geta feingið lagagildi sem bráðabyrgðarlög, þángað til konúngs staðfestíng verður útveguð. Þessi ráðstöfun stjórnarinnar er nokkuð frábrugðin því, sem vant er að eiga sèr stað, þegar bráðabyrgðalög er nauðsynlegt að út gefa. Í slíkum tilfellum er það ætíð konúngurinn, sem út gefur bráðabyrgðalögin og stjórnarherra sá, sem undir skrifar með honum, hefir alla ábyrgðina, ef þíngið eptir á ekki staðfestir þau. Þíngið yrði því, ef það álítur nauðsynlegt að fara þann veg, sem stjórnarherrann hefir bent á, að finna upp nýtt og hentugt form bæði fyrir bráðabyrgðalögin sjálf, og eins fyrir aðferðina að leita konúngs samþykkis. Hèr yrði það alþíngið, sem ábyrgðin lægi á herðum, ef konúngur eptir á eigi skyldi samþykkja bráðabyrgðarlögin. Það virðist því nauðsynlegt, að alþíngi brúki alla varúð í þessu tilliti, og bindi sig fast við það, er stjórnarherrann hefir tiltekið, að út gefa eigi bráðabyrgðarlögin, nema ef bráð nauðsyn þykir til bera, og ekki verður án mikilvægs tjóns og hættu hjá öðru komizt.

Eins og amtsyfirvöldin hèr á landi hefir greint nokkuð á um þetta málefni, eins er það nú orðið kunnugt, að mikill meiníngamunur er um það bæði milli hinna heiðruðu þíngmanna og eins milli landsmanna yfir höfuð; hins vegar er þetta mál svo mikils umvarðanda, að það má kalla, að velferð landsins sè undir því komin, hvað heppilega því verður ráðið til lykta; því eins og það er öldúngis nauðsynlegt, að sem rammastar skorður verði reistar við því, að sýkin ekki magnist eða út breiðist til hinna ósýktu hèraða, eins er það líka mjög áríðanda, að eigi sè meira þraungvað að kosti manna í þeim sveitum, hvar sýkin geingur eða hefir gjört vart við sig, en óumflýjanleg nauðsyn út krefur. Eg vona því, að þíngmenn ræði

þetta mál með þeirri vareigð og stillíngu, með þeirri alvörugefni og áhuga, sem þvílíkt mál, er snertir velferð allrar þjóðarinnar, útheimtir, og að menn láti skynsamlegar röksemdir, en ekki áhrif óljósra geðshræringa stýra orðum sínum og tillögum í þessu máli.

Forseti: Eg álít sjálfsagt, að uppástúngur þessar verði afhentar nefnd þeirri, er kosin var í fjárkláðamálinu, og að ekki verði að öðru leyti umræður um þær að svo stöddu.

Samkvæmt dagskránni kemur þá til umræðu, hvort nefnd skuli kjósa viðvíkjandi uppástúngu varaþíngmanns Reykjavíkur, um læknaskipun hèr á landi, m. m.

Lèt *forseti* síðan afhenda málið uppástúngumanni, og las hann upp uppástúnguna svo hljóðandi:

„Með því að það er kunnugra en frá þurfi að segja, hversu ófullkomin læknaskipunin er hèr á landi, þá ætla eg eigi að fara mörgum orðum um það, heldur beinlínis, án allra umsvifa, að leyfa mèr, að koma fram með uppástúngur þær, er alþíng, að minni hyggju, ætti að taka til nákvæmrar yfirvegunar, og ályktunar, eptir að þíngmenn hafa látið í ljósi álit sitt á þessum uppástúngum mínum, sem og á þessu mikilvæga málefni yfir höfuð að tala.

Uppástúngur mínar í þessu máli eru í stuttu máli þessar:

1. *Að alþíngi mætti þóknast, að gjöra sitt ítrasta, til þess að uppástúngu alþíngis 1855, um styrk við háskólann handa 3 mönnum, er leggja stund á læknisfræði, ásamt fjölgun priggja lækna hèr í suðuramtinu, fái framgáng hið allrabráðasta.*

Eg þarf eigi að skýra þínginu frá því, hversu óánægð alþýða verður, er hún sèr, að slíkar nytsamar uppástúngur, eins og sú, er hèr ræðir um, dragast úr hömlu ár eptir ár, eða hversu undarlegt almenníngi hlýtur að virðast, að eins ljóst þarfamál, og þetta er, sem hèr ræðir um, skuli verða út undan, sökum þess, að það er, ef til vill, eigi eptir allra geði eða hugsunum. Það eru nú þrír, sem lesa læknisfræði við háskólann í Kaupmannahöfn, allir efnilegir menn, og einn þeirra, sem er vel á veg kominn, hlýtur, ef til vill, að hætta við, sökum þess, að uppástúngunni hefir eigi orðið framgeingt, þar hann er efnalaus, og móðir hans ekkja, með litlum eptirlaunum. Mèr er það óskiljanlegt, að menn fá eigi leyfi til þess, að taka áðurnefndan styrk, sem fyrmeir hefir verið veittur af alþíngi til læknakennslu hèr á landi, handa þurfandi Íslendíngum, er leggja stund á læknisfræði við Kaupmannahafnar háskóla; þetta er fè landsins, og landsmenn hafa, að minni hyggju, fulla heimtíngu á,

að þeim sè hið allrabráðasta varið til lærdóms-styrks, sem er svo nauðsynlegur. Almenníngur, sem sökum læknaleysis, er í mestu nauðum staddur, er lítið bættari, þó menn *ætli að gjöra* þetta og þetta með fè þessu, er stundir líða; þeim, sem nú bráðþarfnast endurbótar á læknaskipuninni, er eingin bót að því, þó menn ætli að gjöra eitthvað í þessu efni, þegar flestir þeirra eru dánir, og þar sem miklu fleiri, í hinum menntuðustu löndum, eru á móti peníngageymslunni *(Accumulations-Principet)* en með. Menn sjá, hvernig peníngarnir lækka í verði ár frá ári, svo að það, sem menn fyrir 20 árum gátu gjört með 100 dölum, verður nú eigi gjört fyrir tvöfalt svo mikið, og eru allar líkur til, að svo muni verða eptirleiðis. Eg vona því og óska, að alþíng mætti skora á stjórnina að nýju, að áðurtèð uppástúnga verði framkvæmd hið allrabráðasta.

2. Hið annað, sem eg álít nauðsynlegt, er, *að sjúkrahúsi og læknakennslu verði komið á hèr í Reykjavík, svo fljótt sem faung eru á.*

Menn hafa leingi talað um það, hvort gjöranda væri, að hafa læknakennslu hèr á landi, og hafa menn eigi híngað til orðið á eitt sáttir í þessu efni, enda þótt reynslan hafi fyrir laungu skorið úr því til fulls. Það er sumsè alkunnugt, að landlæknir, *Bjarni* heitinn *Pálsson,* og þeir, er næst komu eptir hann, kenndu hinum fyrstu hèraðslæknum hèr á landi, og varð þessi kennsla þeirra að hinu mesta liði, því að flestir, ef ekki allir þeir læknar, er þá var kennt hèr, voru duglegir læknar, eins og sjá má af ritum þeirra. Því skyldi eigi slíkt hið sama geta átt sèr stað enn þá? menn hafa þó nú á tímum miklu betri kennslu-áhöld, og ljósari kennslubækur, en fyrir 100 árum, og með því að nú er miklu meira fjölbýlt en áður, einkum hèr um nesin, og í grennd við Reykjavík, þá mundi nú lærisveinunum hægra að sjá og reyna margt það, er þá kom sjaldnar fyrir. Það er ótrúlegt, hversu það verður notadrjúgt, ef menn þegar frá únga aldri geta vanizt á, að sjá og meðhöndla þá sjúkdóma, er menn síðan eiga að fást við alla æfina. Sjón er sögu ríkari, segja menn, og á það vel heima í þessu efni, því að þó menn með hinni beztu kennslu lesi um þá sjúkdóma, er menn eigi sjá og meðhöndla sjálfir, þá verður lestur þessi þó aldrei eins nógur og fullkominn, eins og er menn hafa vanizt sjúkdómunum í því landi, er þeir eiga heima í, og sèð kennara sína fara með þá. Ef þíngið fellst á uppástúngu þessa; þá vona eg, að það sjái, hversu það er nauðsynlegt, að *læknir verði settur á spitalann,* eða að

minnsta kosti *hèr í hèraðið,* landlækninum til hjálpar, því ókljúfanda yrði landlækninum einum, að vera bæði hèraðslæknir og spítalalæknir og bæjarlæknir, og auk þess kennari við læknaskólann.

Það þykir mèr sjálfsagt, að þeir, sem útlærðir yrði af læknaskólanum, hefði fulla heimild á að *practisera,* eða lækna, alstaðar hèr á landi, og gæti feingið sýslulæknaembætti hèr á landi. Eg ætlast til þess, að kennslutíminn sè eigi hafður mjög stuttur; eigi styttri en 3—4 ár, og að aðalprófið fram fari opinberlega, í viðurvist eins eða tveggja hèraðslækna, eða annara skynsamra manna, er alþíng mætti ákveða.

Það er snertir kostnaðinn til þessa, þá hygg eg, að hann eigi að leggjast jafnt á allt landið, ef stjórnin vill eigi kosta hann, eins og prestaskólann; því varla hygg eg spítalasjóðunum meira ætlanda, en að koma upp sjúkrahúsinu, og viðhalda því, með öllum þeim áhöldum, er til þess heyrði.

3. *Að landlækninum verði falið á hendur, að lesa fyrir lærisveinunum á prestaskólanum, yfir meðferð á vofeiflegum sjúkdómstilfellum, sem og yfir höfuðreglurnar í hinni almennu heilnæmisfræði (Hygieine), svo að útsjón yrði til, að þessi mikilsvarðandi fræði geti með tímanum feingið sem flesta áhángendur.*

Höfuðástæðan fyrir þessari uppástúngu minni er sú, að það virðist eigi unnt, að allur þorri manna geti feingið læknishjálp í bráðum og vofeiflegum sjúkdómstilfellum, sem upp á koma, nema því að eins, að prestar vorir bæri skynbragð á þá, og meðferð þeirra, því að vegaleingdin á landi voru er svo mikil, að varla virðist það unnt, að bætt verði úr þessu, jafnvel þó læknar væri í hverri sýslu. Það hefir eigi sjaldan borið við, og á sèr stað á ári hverju, að margir þeirra, er verða úti og drukkna, deyja án allra lífstilrauna, jafnvel þótt menn í öllum siðuðum löndum játi, að þær eru nauðsynlegar, og megi opt að haldi koma. Þá eru og margir, er slasast á ýmsan hátt, er annaðhvort deyja, eða lifa við æfilaung örkumsl, af því að þeim var eigi veitt hjálp í tíma. Mèr eru kunnug mörg tilfelli, að menn hafi hlotið að lifa við örkumsl, og orðið ómagar, af því einginn kunni að kippa í liðinn, þegar þörf var á, og má þó kenna hverjum einum slíkt á fáeinum stundum. Allir vita, hversu mikil og fullkomin læknaskipunin er á Bretlandi, og þó hafa Bretar bækur með myndum og uppdráttum, sem eiga að kenna menntuðum mönnum meðferð og meðhöndlan allra vofeiflegra sjúkdómstilfella. Eg þykist sannfærður um, að fjölda af prestaskólamönnum vorum

mundi þykja það tilvinnanda, að verja tómstundum sínum til slíkrar kennslu, og er eg sannfærður um, að hún gæti orðið mörgum manni að hinu mesta liði. Mótbára sú, er sumir hafa komið fram með gegn slíkri kennslu, að prestaskólamenn hafi eigi tíma til þess, þykir mèr lítilsverð, þar sem um svo þarflegan lærdóm er að gjöra, enda mætti hrinda henni, með því að leingja skólatímann um 1 eða 2 mánuði, því það þori eg að fullyrða, að með 60—100 tíma kennslu mætti gjöra mikið í þessu efni, væri tímum þessum skipt jafnt niður á allan skólatímann. Þó álít eg það nauðsynlegt, að menn tæki burtfararpróf í þessari kennslugrein, og feingi þar með leyfi til, að framkvæma það, er þeir hefði lært, þegar þörf krefur.

Hvað hinni almennu heilnæmisfræði við víkur, þá skal eg geta þess, að eg álít hana helmíngi þarfari og gagnsmeiri, en allt hið almenna og barnalega meðalakák, er nú tíðkast hér á landi meðal nokkurra presta, og sem ýmsir af leikmönnum eru því miður helzt of gefnir fyrir. Heilnæmisfræðin kennir mönnum orsakir og undirrót sjúkdómanna, og hún verður því svo happadrjúg og affaragóð, sè henni rèttilega fylgt. Lærdómar hennar eru skýrir og auðskildir hverjum menntuðum manni, og hún hefir á vorum tímum fullkomlega sannað gildi sitt og ágæti.

4. *Að útlærðum og yfirheyrðum yfirsetukonum verði fjölgað, á þann hátt, að hver hreppur í öllu landinu hafi eina yfirheyrða ljósmóður.*

Þó talan á hinum yfirheyrðu ljósmæðrum hafi farið nokkuð í vöxt hèr á landi, þá eru þær enn mikils til of fáar. Vesturamtið og norðuramtið eru hvað lakast á sig komin í þessu efni, því árið, sem leið, voru að eins 3 yfirheyrðar ljósmæður í vesturamtinu, og 10 í öllu norður- og austuramtinu. Suðuramtið hefir þar á móti 27 ljósmæður, og vantar það þó enn þá töluvert á, að hafa eina fyrir hvern hrepp.

Það er sorglegt til þess að vita, að kjör ljósmæðranna hèr á landi hafa verið mjög lítið bætt síðan 20. jan. 1766, þegar landlæknir *Bjarni* heitinn *Pálsson* útvegaði þeim þá 100 rd., sem þær — að undanteknum þeim fáu ljósmæðrum, sem eru hèr í bænum og í Vestmannaeyjum — eingaungu hafa við að styðjast allt fram á þessa tíma. Þessum 100 rd. var nú t. a. m. í ár skipt milli 38 ljósmæðra, svo að hver af þeim fèkk að eins 2 rd. 60 sk., og má það ei kalla neina þóknun, enda er nú orðið mjög torvelt, og því nær eigi unnt, að fá nokkurn kvennmann til þess að nema yfirsetukonufræðina, því

öllum dugandi kvennmönnum þykir þetta smánarboð, og verra en ekkert, þegar því fylgir kvöð og skuldbindíng. Eg ætla, að yfirheyrðum ljósmæðrum ætti eigi að bjóðast minna en 2 falt vinnukonukaup, og ætti þá hver ljósmóðir að hafa 12 spesíur eða 24 rd. í föst laun um árið. Eg er sannfærður um, að bágt mun að fá nógar yfirsetukonur fyrir minna kaup, og virðist mèr það mjög eðlilegt, og samkvæmt því, er tíðkast í öðrum löndum, að hver hreppur væri skyldaður til, að borga sinni ljósmóður þessi laun, og mundi bezt tilfallið, að hreppstjórum og prestum yrði falið á hendur, að jafna því niður á hreppana,

Hvað kennslunni við víkur, þá ætti hún að fram fara á líkan hátt, og eptir sömu kennslubók og nú tíðkast, því það er auðvitað, að hverjum lækni er fullkomlega trúanda fyrir henni; þó þykir mèr kennslutíminn híngað til hafa verið lángt of stuttur, og eg hefi því í mínu hèraði leingt hann um 2 mánuði. Eg hygg, að allvel sè tilfallið, að allar þær, er það geta, læri hèr í Reykjavík, því þær geta feingið betra tæki á að nema margt hjá hinum útlærðu ljósmæðrum, er hèr eru, sem þær ekki fá færi á, þar sem sængurkonur eru svo miklu færri; eg hefi og gjört mèr það að reglu, að láta yfirsetukonur þær, er hèr eru, vera viðstaddar við prófið, og leyft þeim, að spyrja fram í, ef þær vildi. Það er jafnan gott, að öll slík próf fari fram sem opinberast, og í viðurvist þeirra, sem vit hafa á um að dæma.

Reykjavík, 14. júlí 1857.

J. Hjaltalín.

Þessar uppástúngur ætla eg að leyfa mèr að bera upp fyrir alþíngi, og skora á það að taka mál þetta til lögboðinnar meðferðar.

Reykjavík, 14. d. júlímánaðar 1857.

H. Kr. Friðriksson[a].

H. Kr. Friðriksson: Eg vona, að eg ekki þurfi að fara mörgum orðum um mál þetta til að mæla fram með því, þar eð eg er sannfærður um, að allir verða að vera mèr samdóma í því, að þetta er eitthvert hið markverðasta mál, og að það varðar land og lýð, því heilsan og lífið eru þó hin helztu tímanlegu gæði í þessum heimi. Eg vil því ekki, að svo komnu, gjöra nokkrum það upp, að hann mæli á móti nefnd í máli þessu, því þó menn, ef til vill, ekki geti fallizt á einhverja eina eða fleiri af uppástúngum þessum, eins og þær hèr eru, getur nefndin og þíngið á eptir lagað þær eptir vild sinni, og fellt burtu þá eða þær uppástúngur, sem þíngmönnum ekki

geðjast að. Eg vona því, að þíngið kjósi nefnd í máli þessu og vildi eg helzt óska 5 manna nefndar.

Konúngsfulltrúi: Mèr kemur ekki til hugar að neita því, að uppástúnga sú, sem nú var upplesin, innihaldi margar góðar athugasemdir, eins og líka vænta mátti, þar sem hún er komin frá þeim manni, sem hvorki skortir lærdóm, reynslu nè áhuga á því, að efla framfarir læknaskipunar hèr á landi, og því kemur mèr ekki heldur til hugar, að setja mig á móti því, að nefnd verði kosin í málinu. Það eru einúngis 2 athugasemdir, sem eg nú þegar finn ástæðu til að koma fram með sem bendíngu, bæði til þeirra nefndarmanna, sem kosnir verða til að segja álit sitt um málið, og eins til allra þeirra heiðruðu þíngmanna yfir höfuð. Hin fyrri athugasemd er sú, hvort það undir þeim bágbornu kríngumstæðum, sem nú eiga sèr stað hèr á landi, sè fært að leggja þúngar álögur á jafnaðarsjóðina. Hin önnur athugasemd er sú, hvort eigi muni vera ísjárvert að brúka spítalasjóðina, sem landið allt hefir greitt gjöld í, til að koma upp sjúkrahúsi í Reykjavík, sem ekki getur orðið að notum, nema fyrir nefndan bæ og hin næstu kríngumliggjandi hèruð. Eg hefi ætíð nú og að undanförnu verið þeirrar meiníngar, að spítalasjóðina ætti að geyma óskerta, og að leigunum af þeim ætti að verja til að launa læknum, unz þeim væri svo fjölgað hèr á landi, að hver sýsla hefði sinn lækni fyrir sig. Minna dugir ekki, og læknaskortur er sú fyrsta og fremsta þörf, er vèr þurfum að fá ráðið bót á.

H. Kr. Friðriksson: Þótt eg í rauninni eigi þurfi að svara ræðu hins háttvirta *konúngsfulltrúa,* með því að hann var meðmæltur nefnd í máli þessu, skal eg þó leyfa mèr að svara honum fáeinum orðum viðvíkjandi því, er hann sagði, að ef byggt yrði sjúkrahús hèr í Reykjavík fyrir fè spítalasjóðanna, hefði einúngis Reykjavíkurbær og menn í grennd við hann gagn af því, en ekki landið allt. En þetta er eigi að öllu leyti rètt, því að þótt að vel megi vera, að Reykjavík og menn í grennd við hana hafi mest gagn af húsinu sjálfu, virðist mèr samt ekki betur, en að allt landið geti haft nokkuð gagn af því; en það er víst, að allt landið hefir gagn af því, ef læknaskóli verður sameinaður því; því að þar á að kenna þeim mönnum, sem síðar eiga að gjörast læknar og dreifast út um allt landið, og fyrir því er einmitt gjört ráð í uppástúngunni. Að öðru leyti virðist eigi eiga við að tala meira um þetta, fyr en nefnd sú, er sett verður í málið hefir kveðið upp álit sitt.

P. Pètursson: Á síðasta þíngi studdi eg að því, að bænarskrá

þessa efnis væri send konúngi vorum, og gleður það mig, að stjórnin hefir tekið svo vel í mál þetta, eins og sjá má af hinni konúnglegu auglýsíngu til alþíngis þ. á., því þar segir í 6. grein: „málið um betri læknaskipun á Íslandi, sem alþíngi hefir sent þegnlega bænarskrá um, er nú svo vel á veg komið, að líkindi eru til, að því verði ráðið til lykta, áður lángt líður, og mun stjórnin framvegis róa að því öllum árum“, og finnst mèr því mál þetta vera á þeim bezta vegi, er óskazt getur. Því þó málið ekki enn sè að fullu til lykta leitt, hlýtur það þó, eptir því sem í hinni konúnglegu auglýsíngu stendur, að nokkru leyti að vera undirbúið, og það í sömu stefnu sem alþíngi óskaði. Mèr virðist því öldúngis ónauðsynlegt, að alþíngi núna aptur setji nefnd í málinu, til þess að senda bænarskrá sama eður líks efnis, því eitt af tvennu verður að verða, annaðhvort að nefndin kemst að sömu niðurstöðunni núna, eins og áður, og er þá bænarskráin ekki til annars en að reka á eptir stjórninni, og virðist mèr það ekki tiltækilegt, eða þá hitt, að nefndin kemst að annari niðurstöðu en áður; væri það þá einúngis tilraun til að ónýta fyrir stjórninni stefnu þá, er hún þegar hefir tekið, og undirbúníng þann, er þegar er gjörður; mèr virðist því, að afleiðíng nefndar, ef hún væri sett nú, einúngis gæti orðið málinu til hindrunar, en ekki til eflíngar, og verð eg því, svo annt mèr enn er um málið, að mæla á móti því, að nefnd verði í því kosin, og það því fremur, sem mèr virðist menn hafa skýlaust loforð stjórnarinnar fyrir því, að málið, og það innan skamms, skuli verða til lykta leitt.

H. Kr. Friðriksson: Eg hlýt að játa, að eg átti ekki von á slíkri ræðu frá hinum heiðraða 3. konúngkjörna þíngmanni. Hann rèð frá að kjósa nú nefnd í þetta mál, og það af þeirri ástæðu, að stjórnin væri farin að undirbúa málið, en eg verð að játa, að eg ræð mèr fyrir kátínu, þótt eg heyri slíkt loforð frá stjórninni, og enda þótt stjórnin lofi því, að flýta fyrir málinu, þykir mèr það eigi næg ástæða fyrir því, að hrinda nefndarkosníngu í þessu máli; því að þegar mál þetta var til umræðu á alþíngi 1847, sleppti nefndin því atriði, að biðja um betri skipun yfirsetukvenna hèr á landi, vegna þess að henni var kunnugt um, að þetta mál var undir meðferð stjórnarráðanna; úrslit þessa máls hefi eg ekki enn sèð, og vera má, að það dragist enn, þángað til alþíngi fer að knýja á, og stjórnin þá fari eins að, og núna með vegabótamálið; henni var sent frumvarp um það frá embættismannafundinum 1841; síðan hefir það legið í 16 ár hjá stjórninni, þángað til nú að það er tekið rykugt ofan af hyllunni,

og lagt fyrir þíngið, eins og það kom frá höfundinum, af því að alþíngið hafði áður hreift þessu máli. Þess vegna get eg ekki sèð, að þetta geti verið ástæða til að sleppa nú málinu. Hinn heiðraði 3. konúngkjörni þíngmaður hèlt enn fremur, að annaðhvort kæmist þíngið að sömu niðurstöðu og 1855, eða það yrði að koma í bága við stjórnina. Mèr ber nú ekki um það að dæma, því mèr, og eg held eingum þíngmanni, nema hinum 3. konúngkjörna, eru alls ekki kunnugar fyrirætlanir stjórnarinnar í þessu máli, eða hvað hún hefir aðgjört; en það getur verið, að hinum heiðraða 3. konúngkjörna þíngmanni sè þær kunnari. En hitt veit eg, að uppástúngur alþíngis nú munu ekki geta komizt í bága við bænarskrá alþíngis 1855, því það gjöra þær ekki, þótt samþykkt verði að kenna almenna heilbrigðisfræði á prestaskólanum, og ekki heldur, þótt því sè farið fram, að fjölga yfirsetukonum og bæta laun þeirra, einkum ef þeim verður borgað eins og hèr er stúngið upp á. Af þessu finnst mèr það ljóst, að hinn heiðraði 3. konúngkjörni þíngmaður hefir ekki komið með neinar ástæður til að hrinda málinu frá nefnd.

H. G. Thordersen: Eg verð að mæla með nefnd í máli þessu, þó eg kunni að vera ósamþykkur einhverju einstöku atriði í uppástúngunni; en eins og hinn háttvirti *forseti* benti þínginu á, finnst mèr ekki nú tími að tala um það, heldur að eins um hitt, hvort nefnd skuli kjósa eður eigi. Mèr getur nefnilega ekki skilizt, að stjórnin geti tekið þínginu það illa upp, þó það hógværlega mælist til, að hún flýti máli þessu, sem leingi hefir dregizt, og þó er mál, sem, ef eg mætti svo segja, ekki snertir mig eða þig, heldur oss alla; því það mun öllum augljóst, að betrun læknaskipunarinnar hèr á landi er mjög svo nauðsynleg.

Jón Guðmundsson: Þegar mál þetta kom fyrst til umræðu, var eg staðráðinn í að gefa atkvæði mitt með því, að nefnd yrði kosin í mál þetta, en eg er eins og farinn að heikjast á því, síðan eg heyrði ræðu hins heiðraða 3. konúngkjörna þíngmanns, í hverri hann fræddi þíngið á því, að bænarskrá um læknaskipunarmálið nú kynni að ónýta fyrir stjórninni allan þann undirbúníng, er hún þegar væri b ú i n að hafa í máli þessu. En af því mèr er ekki kunnugt, hver þessi undirbúníngur er, sem stjórnin er b ú i n með, en eg verð að álíta sjálfsagt, að það sè hinum heiðraða 3. konúngkjörna þíngmanni kunnugt, því ellegar hefði hann ekki, svo merkur þíngmaður, farið þessum orðum, þá skora eg á hann að skýra þínginu frá því.

P. Pètursson: Eg þarf ekki að svara hinum heiðraða *vara-*

forseta með öðru en því, að biðja hann að lesa enn að nýju hina 6. grein í hinni konúngl. auglýsíng til alþíngis. En af orðum hins 1. háttvirta konúngkjörna þíngmanns get eg skilið, að orð mín kunna að misskiljast. Eg gjörði nefnilega ekki ráð fyrir, að stjórnin mundi taka þínginu illa upp, þótt það ítrekaði bæn sína um svo áríðanda málefni, og eg áleit eingan veginn, að málið væri ekki mjög áríðanda fyrir landið, og það því síður, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* mælti ekki á móti, að nefnd yrði sett í málinu, heldur gekk eg út frá málinu sjálfu og hinni konúnglegu auglýsíng, sem skýlaust lofar oss því, að stjórnin muni róa að máli þessu öllum árum, og segir, að líkindi sè til, að því verði ráðið til lykta, áður lángt líður.

E. Ó. Kúld: Eg stend ekki upp til að mæla á móti nefnd í máli þessu, því þó eitt og annað kunni að vera í uppástúngunni, er mèr ekki geðjast, þá er það nefndarinnar verk að laga það; en þó mèr finnist, að uppástúngan hefði getað farið nær uppástúngu alþíngis 1855, þá er hún samt ekki svo gagnstæð henni, að eg sè móti nefnd í málinu. Eg álít þetta mál svo mikils varðanda, að eg hefði ekki hikað mèr við núna að gefa atkvæði móti því, að þíng þetta, sem nú er orðið bundið mörgum vandamálum, tæki fleiri mál til nefnda, en einúngis af því þetta mál varðar svo miklu, og eg treysti því, að nefndin kunni að geta lagað álit sitt eptir uppástúngum alþíngis 1855, gef eg atkvæði með, að nefnd verði sett.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, álít eg umræðu þessa máls lokið, og skal eg því biðja þíngmenn að gánga til atkvæða um það, hvort nefnd skuli kjósa í málinu. Það var samþykkt með 17 atkvæðum gegn 3.

Forseti: Það hefir verið stúngið upp á 5 manna nefnd í þetta mál, og ef einginn hefir neitt á móti því, skal eg biðja þíngmenn kjósa.

Síðan var geingið til atkvæða, og voru þessir kosnir:

H. Kr. Friðriksson	með	17 atkv.
Ó. Sívertsen . .	—	12 —
H. G. Thordersen	—	11 —
Jón Kristjánsson .	—	11 —
E. Ó. Kúld . . .	—	8 —

Síðan lèt *forseti* afhenda formanni nefndarinnar, *H. Kr. Friðrikssyni,* skjöl málsins.

Forseti: Þessu næst kemur þá, eptir dagskránni, málið um

undirskript konúngs undir hin íslenzku lagaboð. Hinu háttvirti *varaforseti* er *framsögumaður.*

Síðan lèt *forseti* afhenda *framsögumanni* nefndarálitið, og las hann það upp, svo hljóðanda:

„Hiið heiðraða alþíngi hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að segja álit vort um uppástúngu frá einum okkar, — mèr, alþíngismanni Skaptfellínga, — um það, „að alþíngi beri enn að nýju þá þegnsamlegu bæn upp fyrir konúng vorn, *að þau lög, sem hèr eptir verða sett á Íslandi, verði útgefin á íslenzku máli, og íslenzkan staðfest með undirskript sjálfs konúngsins, og þess ráðherra, er hann setur yfir hin íslenzku mál*", og skulum vèr nú leyfa oss að kveða upp álit vort um þessa uppástúngu á þessa leið.

Hinum heiðruðu þíngmönnum er kunnugt, að þessu máli var fyrst hreift á alþíngi 1847, og að þíngin 1849 og 1853 endurnýjuðu um það bæn sína til konúngs; í konúngl. auglýsíngu af 7. júní 1855 um afdrif alþíngismálanna 1853 (Alþ. tíð. 1855, bls. 9) eru teknar fram þær ástæður, er hafi knúð konúng til að synja þessarar bænar alþíngis, eins og hún var orðuð 1853, en þar var því farið fram, að lög þau, sem hèr eptir væri út gefin fyrir Ísland, væri einúngis á íslenzku máli, og staðfest með undirskript konúngsins, og þess ráðherra, er hann setur yfir hin íslenzku mál.

Hinar áminnztu ástæður fyrir synjun konúngsins virðast einkum, ef ekki eingaungu, byggðar á því, að bænarskrá alþíngis 1853 fór fram á, að lögin væri útgefin *einúngis* á íslenzku. Uppástúngumaðurinn hefir nú lagað svo þá uppástúngu sína um málið, sem nefndinni er feingin til meðferðar, að tèðar ástæður hljóta að mestu eður öllu að burtfalla, og því verðum við, meiri hluti nefndarinnar, *Jón Guðmundsson* og *E. Ó. Kúld,* að ráða þínginu til, að aðhyllast uppástúnguna, eins og hún er nú orðuð, þrátt fyrir hið áminnzta afsvar vors milda konúngs.

Að öðru leyti þykjumst við, meiri hlutinn, ekki þurfa að taka fram margorðar eða ítarlegar ástæður fyrir nauðsyn og náttúrlegum rètti vor Íslendínga, til að verða sem fyrst aðnjótandi þess, sem hèr er upp á stúngið og um beðið, þar sem málið, eins og fyr segir, hefir verið ítarlega rætt, og úr garði gjört á 3 fyrri alþíngum, og það meðfram af hinum ágætustu lagamönnum þessa lands. Við leyfum okkur einúngis að taka fram: 1. að vèr Íslendíngar höfum frá fyrstu, og til þessa tíma, haft íslenzka dómaskipun, og íslenzkan rèttargáng

í öllum málum, ekki að eins á frelsistímanum, heldur einnig, eptir að landið varð háð Noregs og Danmerkur konúngum; er þetta á síðustu tímum beinlínis staðfest og lögskipað með yfirdómstilskipaninni 11. júlí 1800. 2. Að einvaldskonúngarnir í Danmörku viðurkenndu hver fram af öðrum þann vafalausan rètt vorn, að vèr ættum heimtíngu á að hafa íslenzk lög eingaungu, með því hið forna alþíngi leingi fram eptir öldunum sumpart setti lögin, sumpart staðfesti þau, er út geingu frá konúngunum, og með því, að konúngarnir á hinum seinni öldum aptur og aptur lögðu fyrir, að semja skyldi nýja íslenzka lögbók; með alþíngistilskipuninni er og lögboðið, að öll lagafrumvörp skuli leggja fyrir alþíngi til álita, umræðu og samþykkis á íslenzku, og eins skuli þíngið senda konúnginum allar uppástúngur sínar um lög og ráðstafanir, er hèr eigi að ná gildi, einúngis á íslenzku máli; með ýmsum konúngsúrskurðum, sem og tilskipun 21. des. 1831 er og lögskipað, að öll lög, er eigi að ná lagagildi á Íslandi, skuli þínglýsa á íslenzku máli. 3. Að þegnar konúngs vors í öðrum hlutum ríkis hans, sem tala öðru máli, en danskri túngu, fá lög sín á máli sjálfra þeirra undirskrifuð og staðfest af konúnginum, eins og vandi er til á frumrituðum lagaboðum. Þessa gættu og hinir fyrri dönsku einvaldskonúngar og um tíma við ýmsar tilskipanir, er út geingu til Íslands á næstliðinni öld, t. d. einkum á tímabilinu frá 1763 –1807.

Að öðru leyti leyfum við, meiri hlutinn, okkur, að skírskota til nefndarálits þess, og bænarskrár til konúngsins, sem samin var um þetta mál á alþíngi 1853, og lesa má í sama árs Alþ. tíð. bls. 221—223, og bls. 958—959, og leyfir meiri hlutinn sèr af þeim ástæðum, sem nú eru teknar fram, að leggja til, að þetta alþíngi semji þegnsamlega ítrekunarbænarskrá, um:

> að þau lög, sem hèr eptir verða sett á Íslandi, verði útgefin á íslenzku máli, og íslenzkan staðfest með undirskript sjálfs konúngsins, og þess ráðherra, er hann setur yfir hin íslenzku mál.

Reykjavík, 11. d. júlimán. 1857.

Jón Guðmundsson, formaður og framsögumaður. *E. Ó. Kúld.*

Undirskrifaður (minni hluti nefndarinnar) er samdóma meiri hlutanum í því, að það sè mjög æskilegt og samsvarandi náttúrlegum rètti Íslendínga, að lög þau, sem þeim eru gefin, sè af konúngi á íslenzku útgefin og staðfest, en eg álít ekki, að stjórninni sè mögu-

legt að veita þetta, meðan ekki má gjöra ráð fyrir, að ráðgjafar þeir, sem ásamt konúngi undirskrifa lagaboðin, skilji íslenzku; og þar eð ekki virðist ástæða til, að svo stöddu, að biðja um breytt fyrirkomulag á stjórninni í þessu tilliti, þá get eg ekki lagt til, að alþíngi semji bænarskrá um málefni þetta að sinni.

Reykjavík, d. u. s.

V. Finsen".

Framsögumaður: Af því mál þetta er svo margrætt hèr á þíngi að undanförnu, þá skal eg ekki leingja þíngræðurnar frekar með því að mæla fram með því að svo stöddu, fyr en umræður þíngmanna gefa tilefni til þess.

Þ. Jónassen: Eg get að vísu ekki annað en játað það, að það, sem beðið er um í þessari bænarskrá, sè bæði eðlilegt og sanngjarnt, því það er þó í raun og veru undirskript konúngs undir lagaboðin, sem gefur þeim sitt gildi og sönnu helgi, en þegar eg lít á málið frá hlið stjórnarinnar, virðist mèr þó vera yfirgnæfandi örðugleikar á því, að veita það, sem um er beðið, og eg er sannfærður um, að stjórnin, sem veitir oss allar sanngjarnar bænir vorar, mundi fyrir laungu vera búin að veita oss þessa bæn, ef ekki væri þessir erfiðleikar á bænheyrslunni. Mál vort, það helzta, sem vèr höfum oss til ágætis, er nefnilega, eins og kunnugt er, svo einstaklegs eðlis, að ekki er að gjöra ráð fyrir því, að ráðgjafarnir eða konúngur vor skilji það til hlítar, en ef svo er, virðist það auðsætt, að það verði ekki heimtað með sanngirni af konúngi vorum eða hlutaðeiganda ráðgjafa, sem hefir ábyrgð gjörða sinna fyrir þjóðinni og konúnginum, að hann skuli ábyrgjast með undirskript sinni, að íslenzki textinn af lagaboðinu sè öldúngis samkvæmur hinu danska frumriti; eg vil skjóta því til hvers eins tilfinníngar, hvort hèr því ekki er farið fram á meira, en vèr getum með sanngirni vonazt eptir að fá uppfyllt. Vèr heimtum þó ekki af neinum öðrum, að hann skuli skrifa undir það, sem hann ekki skilur, allrasízt í vandamálum. Mèr virðist líka, að nú sè orðin minni nauðsyn, en áður var, á því, sem um er beðið, þar sem stjórnin er búin að fela útleggíngu þeirra lagaboða, sem út gánga til þessa lands, á hendur þeim manni, sem bæði vegna stöðu sinnar og sinnar nákvæmu þekkíngar á báðum málunum, íslenzku og dönsku, er bezt allra til þess fallinn, því með þessu fyrirkomulagi er, að mínu áliti, feingin öll sú tryggíng, sem kostur er á, fyrir því, að lagaboðin sè rètt útlögð á vort

mál, og við þetta sýnist mèr vèr getum vel unað; og að þessu verði ekki komið betur fyrir með þeirri stjórnarskipun, sem nú er; því það mun í formlegu tilliti ekki vera faranda fram á það, að forstöðumaður íslenzku stjórnardeildarinnar skrifi ásamt hlutaðeiganda ráðgjafa undir íslenzku lagaboðin; en með því fyrirkomulagi hefði ráðgjafinn þó, að mèr virðist, næga vissu fyrir því, að hann með því að skrifa undir íslenzka textann af lagaboðinu ekki skrifaði undir annað, en það, sem honum væri óhætt undir að skrifa, og þá mundi vors milda konúngs undirskript einnig auðfeingin.

Eg játa að vísu, að þetta fyrirkomulag kunni að vera miður formlegt, en í raun og veru virðist mèr, að þessu máli mætti þó haga á þenna veg; en þar sem eg þó ekki þori fastlega að mæla fram með þessu fyrirkomulagi, álít eg, að þíngið, eptir kríngumstæðum þeim, sem nú eru, og sem eg hefi leyft mèr að benda á, ekki eigi að halda málinu leingra fram í þetta skipti, heldur að vèr eigum að kannast við þá örðugleika, sem eru því til fyrirstöðu hjá stjórninni, og líta á það, sem mælt er, að „nauðsyn brýtur lög“.

J. Kristjánsson: Vegna þess að mèr þykir svo bágt til þess að vita, að nefndina skuli greina á í svo áríðanda máli, þá verð eg að álíta það skyldu mína að reyna til, að burt rýma þessu ágreiníngsefni, og fyrir því vil eg bera upp það breytíngaratkvæði, að felld verði aptan af uppástúngunni orðin: „og þeim ráðherra, sem hann setur yfir hin íslenzku mál“; því mèr virðist, að hèr eigi heima: „eingan konúng höfum vèr nema keisarann“, eður með öðrum orðum: eingan löggjafa höfum vèr yfir oss nema konúnginn.

E. Ó. Kuld: Hinn heiðraði 2. konúngkjörni þíngmaður játaði, að það væri bæði sanngjarnt og eðlilegt, að menn bæði konúng að undirskrifa íslenzku lagaboðin; en nú væri það óþarft, síðan forstöðumaður hinnar íslenzku stjórnardeildar er farinn að vitna um samhljóðun íslenzkunnar við hinn danska texta. Þetta var aðalástæðan, ef eg hefi skilið hinn heiðraða þíngmann rètt; en getur hann þá ábyrgzt oss, að þessi maður lifi í dag, hvað þá heldur, þegar fram líða stundir? Ástæða þessi held eg því falli um sjálfa sig.

J. Sigurðsson: Sú styrkasta, já, einasta ástæða, sem hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður fram færði fyrir ómögulegheitum á undirskript konúngs undir lög vor var sú, að konúngur sjálfur ekki skildi íslenzkuna, en mèr fyrir mitt leyti þykir nú ekkert varið í þessa mótbáru, því þar hinn sami þíngmaður sagði, að vèr mættum

fullvel una því, að konúngur hefði nú vel búið um rètta útleggíngu laganna með því, að láta einn mann, sem væri jafnfær í báðum málunum, staðfesta íslenzkuna með undirskript sinni, þá virðist mèr, að hafi konúngur með þessu fundið fulla tryggíngu á rèttri útleggíngu fyrir oss, sem eigum að hlýða lögunum, og dæmast eptir þeim, þá hafi hann líka hèr með fundið fulla tryggíngu á útleggíngu þeirra handa sjálfum sèr, til þess að fara að skrifa undir þau, og gefa okkur þau undir sínu nafni. Vèr Íslendíngar höfum ekki borið reingjur á rètta útleggíng laga vorra, síðan þessi ráðstöfun var gjörð; en oss þykir það auka tignarlegheit og helgi laga vorra, að nafn sjálfs konúngsins standi undir þeim, og vèr þykjumst líka eiga rètt á að heimta það. Eg get heldur ekki skilið, að þessum konúngi sè þetta ómögulegra, en hinum fyrri konúngum, sem gáfu okkur lög á voru máli með sínu eigin nafni, því það mun hafa verið eins fyrir þeim, að þeir ekki ætíð hafi skilið íslenzku, og munu þeir hafa orðið að trúa öðrum fyrir, að leggja lögin rètt út á málið. Eg skil því ekki, hver meiri ástæða er fyrir þessari tortryggni konúngs á rèttri útleggíngu nú, og sízt því hann hefir hana meiri sín vegna, sem löggjafara, heldur en okkar, sem eigum að þiggja lögin; þess vegna get eg ekki annað en mælt fastlega með áliti nefndarinnar í þessu máli.

P. Jónassen: Þar sem hinn heiðraði þíngmaður Snæfellínga hèlt, að eg mundi ekki geta ábyrgzt líf forstöðumanns hinnar íslenzku stjórnardeildar, þá hefir hann að vísu rètt að mæla; lífdaga hans get eg ekki ábyrgzt, en hitt þykist eg geta ábyrgzt honum, að þó hann falli frá, þá muni þó allt af einhver góður Íslendíngur standa fyrir þessari stjórnardeild, og þannig maður koma manns í stað.

St. Jónsson: Mèr þykir það sannarlega galli við þessa tortryggnisástæðu hins heiðraða 2. konúngkjörna þíngmanns, að þegar það verður heyrum kunnugt, að konúngur, sem ekki skilur íslenzku, sè svo tortryggur, að hann trúi ekki neinum svo vel fyrir íslenzku útleggíngunni á lagaboðunum, að hann vilji skrifa undir þau, þá sè það og eðlilegt, að Íslendíngar, sem ekki skilja danska textann, trúi heldur ekki þessari útleggíngu, og finnst mèr, að þeim sè það ekki svo láanda, því að í tortryggnismótbáru þessari liggur óneitanlega viðurkenníng um, að íslenzka útleggíngin sè ekki fullkomlega tryggjandi.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, verð eg að álíta undirbúníngsumræðu þessa máls lokið.

Eg hefi feingið frumvarp til bænarskrár frá alþíngi til konúngs *í helgidagamálinu.*

Síðan las *forseti* upp frumvarpið, og var það samþykkt, svo hljóðanda.

„Til konúngs.

Fyrir alþíngið var af þíngmanni Dalasýslu lögð bænarskrá um, að þíngið bæri upp fyrir yðar konúnglegu hátign bænarskrá um breytíngu á tilskip. 28. marz 1855, um sunnu- og helgidagahald á Íslandi. Þínginu hafa og borizt tvær aðrar bænarskrár, sem að sönnu með nokkuð mismunandi orðum og uppástúngum þó stefna í hina sömu átt.

Þíngið kaus 5 manna nefnd til að íhuga og segja álit sitt um þetta mál, og hefir þíngið síðan ítarlega rætt það á tveimur aðalfundum á lögskipaðan hátt, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að bera upp fyrir yðar konúnglegri hátign álit sitt og þar á grundvallaðar bænir á þessa leið:

Þótt þíngið verði að játa, að tilskipun 28. marz 1855 hafi á sèr guðrækilegan og frjálslegan blæ, þegar hún er skoðuð út af fyrir sig og yfir höfuð að tala, þá dylst það ekki leingur fyrir þínginu, að hún hefir ei náð nægri hylli landsmanna, og má hæglega sjá þetta af bænarskrám þeim, sem nú eru til þíngsins komnar, og þeim umkvörtunum, er þegar hreifðu sèr gegn henni 1855, en sem þínginu þá ei þótti hlýða að taka frekara til greina, sökum þess að tilskipunin þá var of úng og lítt reynd. Þíngið álítur, að tilskipun þessi geti ei orðið hèr þjóðleg, einkum fyrir því að meðal almennings yfir höfuð ríkir sú tilfinníng, að sunnu- og helgidagar eigi allir að vera löghelgir, en að tilskipanin stytti þá með því að leyfa ýmsa vinnu eptir miðaptan; og þar að auki talar tilskipunin um suma þá vinnu og skemmtanir, sem einúngis eiga sèr stað í kaupstaðalífinu, án þess að gjöra greinarmun á því og sveitalífinu, en virðist sleppa sumu öðru, er nauðsynlegt hefði verið að reisa öflugari skorður við í tilliti til sveitalífsins, t. a. m. óþarfaútreiðir og drykkjuslark á helgum dögum; af þessu sýnist það ljóst, að optnefnd tilskipun 28. marz 1855 sè miður löguð eptir ásigkomulagi þessa lands. Að vísu voru nokkrir þíngmenn á því og nefnd sú, er sett var af þínginu til að íhuga þetta mál, að það mundi nægja að biðja yðar hátign allramildilegast að gefa út lagaboð, er breytti tilskipun 28. marz 1855 1. gr., þannig að helgin væri látin ná til alls sunnudagsins, og hinar aðrar

ákvarðanir í nefndri tilskipun, er lúta að miðaptanshelginni, væri lagaðar þar eptir, en þó var meiri hluti þíngmanna á því, að optnefnd tilskipun þyrfti frekari breytínga við; en með því þíng þetta hafði þá þegar feingið mörg önnur vandasöm og mikilsáríðandi mál til meðferðar, treystist þíngið að þessu sinni ei til að taka optnefnda tilskipun til fullkomlegrar endurskoðunar, heldur komst að þeirri niðurstöðu, allraþegnsamlegast að biðja yðar konúnglegu hátign allramildilegast að skipa svo fyrir, að nefnd manna í landinu sjálfu verði sett til þess að semja frumvarp til tilskipunar um sunnu- og helgidagahald á Íslandi.

Eins og þíngið álítur sèr skylt að styrkja og glæða sèrhverja þá tilfinníng þjóðarinnar, sem í sjálfri sèr er góð og guðrækileg og miðar til góðs siðferðis eflíngar, eins treystir það því og, að yðar konúnglega hátign allramildilegast viljið veita áheyrslu þeirri bæn þíngsins, sem til þessa lítur.

Þess vegna leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast, að biðja yðar konúnglegu hátign að skipa svo fyrir:

1. (Með 13. atkv. mót 6) að samið sè frumvarp til nýrrar tilskipunar um sunnu- og helgidagahald á Íslandi.
2. (Samþykkt með 14. atkv. mót 6) að nefnd manna í landinu sjálfu verði sett til að semja frumvarpið, og það verði aptur, svo fljótt sem verða má, lagt fyrir alþíngi.
3. Að í nefndu frumvarpi sè sèr í lagi haft tillit til þess, að tilskipan 28. marz 1855 verði þannig breytt:
   a, (Samþykkt með 14. atkv. mót 6) að seinasti hluti 1. gr. frá orðunum „fyr en“ til enda greinarinnar sè numin úr lögum.
   b, (Samþykkt með 14. atkv. mót 6) að allar þær ákvarðanir sem í nefndri tilskipun eru bundnar við miðaptanshelgina, verði lagaðar þar eptir.

Reykjavík, 16. dag júlímánaðar 1857.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. E. Ó. Kúld.

Forseti kvaðst mundu birta dagskrá til næsta fundar svo fljótt sem yrði.

Fundi slitið.

---

18. júlí — tíundi fundur.

Allir á fundi nema hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, sem var sjúkur, og þíngmaður Borgfirðínga, sem tilkynnt hafði *forseta,* að hann ei gæti komið á þíng í dag. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til undirbúníngsumræðu málið um hin dönsku lagaboð frá 1855 og 56. Lèt *forseti* afhenda *framsögumanni* skjöl málsins og las hann upp álit nefndarinnar, svo hljóðanda:

„Eins og á undangeingnum þíngum, hefir hlutaðeigandi stjórnarherra boðið *konúngsfulltrúa* á alþíngi að leita einnig í þetta skipti þíngsins álits um það, hver af þeim lagaboðum, sem á árunum 1855—56 eru komin út fyrir Danmörku, geti átt við á Íslandi, annaðhvort eins og þau eru, eða þá með nokkurri breytíngu, og erum vèr undirskrifaðir kosnir í nefnd til að íhuga þetta mál.

Ráðherrann hefir látið í ljósi, að í þessu tilliti mundi að eins geta orðið spursmál um lagaboð þau, sem hèr segir:

1. Lög frá 22. febr. 1855, um auglýsíngar, sem í einstöku tilfellum á að birta í blaðinu *„Kjöbenhavns Adresse-Contoirs Efterretninger“.*
2. Lög frá 6. apríl 1855, sem í vissum tilfellum gjöra leiguburð af peníngum frjálsan, og breyta hegníngu fyrir okur, etc.
3. Lög frá 13. sept. s. á., sem leyfa dönskum skipherrum að taka útlenda sjómenn á mála.
4. Lög frá 8. marz 1856, sem gjöra hæsta rètti að skyldu að birta ástæður fyrir dómum sínum.

Hvað lagaboðið nr. 1 snertir, hefir það að vísu ekki áður verið lögboðið, að birta auglýsíngar hèðan frá landi í *„Kjöbenhavns Adresse-Contoirs Efterretninger“,* en þar sem þó opið brèf frá 9. maí 1855, sem gjörir lögin frá 25. apríl 1850 gildandi á Íslandi, gjörir ráð fyrir slíkum auglýsíngum, að því leyti þær áður áttu að birtast í blaðinu *„Altonaer-Mercur“,* virðist nefndinni ástæða til að biðja um, að heimfæra þetta lagaboð til Íslands, þó leyfir nefndin sèr jafnframt að leiða hins heiðraða þíngs athuga að því, hvort ekki sè öllu heldur ástæða til, að fara því á flot við stjórnina, að eptirleiðis verði leyft, að auglýsíngar þær, sem samkvæmt lögunum frá 9. maí 1855 á að birta, annaðhvort í ofantèðu blaði eða í viðkom-

andi „*Stiftsavis*“, megi með lagagildi birta í einhverju tilteknu blaði, sem kemur út í Reykjavík, eptir ákvörðun stjórnarinnar, en komist þíngið til þessarar niðurstöðu, fellur með því í burtu löggildíng lagaboðsins, sem hèr ræðir um, á Íslandi.

Hvað lagaboðið nr. 2 snertir, er það álit nefndarinnar, að það eigi ekki að ná lagagildi hèr á landi; ber það til þess, að peníngaviðskipti eru hèr á landi, þegar ekki er lánað mót veði í fasteign, svo lítil og smágjör, að lagaboð þetta feingi hèr því nær einga þýðíngu. Enn fremur þykir nefndinni hætt við, ef þeim lögboðna leiguburði yrði breytt, og hverjum heimilt að taka í leigu af peníngum eins mikið og hann gæti feingið, að þetta mundi, án þess þó að þeir, er láta lánið úti, gæti haft nokkurn verulegan hagnað af því, þraungva kostum lántakendanna meir en góðu hófi gegndi, og hafi nefndin rètt fyrir sèr í þessu, virðist það einsætt, að ekki sè að þessu hlynnanda.

Lögin frá 13. sept. 1855 geta að vísu, eins og nú er ástatt hèr á landi, ekki haft neina verulega þýðíngu, en þar sem þetta getur breytzt og líklega breytist, eptir því sem frjálsu verzluninni fer hèr fram, leyfir nefndin sèr að mæla fram með því, að þessi lög megi öðlast hèr lagagildi.

Lögin frá 8. marz 1856, um auglýsíngu af ástæðum hæsta rèttar dóma, hlýtur nefndin að álíta að lögleiða eigi hèr á landi, þar sem áður er búið að löggilda opið brèf frá 17. febr. 1847 (um laun til talsmanna við hæsta rètt) með opnu brèfi frá 9. maí 1855, og þar eð enn fremur hæsti rèttur í Kaupmannahöfn er einnig æðsti dómur fyrir Ísland, og mörg mál hèðan finna þar hin síðustu úrslit, virðist nefndinni einsætt, að birtíng dómsástæðanna í slíkum málum sè bæði æskileg og fræðandi fyrir landsbúa.

Enn fremur þykir nefndinni ástæða til, að leiða athygli þíngsins að lögunum frá 2. apríl 1855, sem bjóða innlausn hinna svokölluðu gömlu ríkisorta eptirleiðis í Danmörku; því bæði er það, að þessi myntartegund aldrei hefir þótt hagfelld í viðskiptum manna á milli, og líka er svo komið, að kaupmenn vorir eru farnir að fella ríkisortin niður úr þeirra lögboðna gildi hèr, þar sem þeir að eins taka þau á 36 skk., eins og þau nú gilda í Danmörku, og þó þetta muni litlu, virðist það þó einsætt, að á þessu eigi að ráða bót; nefndin leyfir sèr því að mæla fram með því, að þetta lagaboð verði lögleitt hèr á landi, þó með þeirri breytíngu, að innlausnarfresturinn,

sem í Danmörku er 2 mánuðir, verði leingdur til eins árs, frá auglýsíngu lagaboðsins að telja.

Hèr að auki finnur nefndin ástæðu til að skjóta því til þíngsins yfirvegunar, hvort ekki sè tilefni til að biðja um, að lagaboðið frá 28. marz 1855, sem lækkar leiguburð af ómyndugra fè, sem komið er á vöxtu í jarðabókarsjóðnum, til 3 af hundraði, verði hèr lögleitt með sèrstöku lagaboði, og síðan auglýst almenníngi, þrátt fyrir það þó þessu lagaboði að fyrirmælum fjárstjórnarráðgjafans nú þegar sè fylgt við jarðabókarsjóðinn.

Fleiri af þeim á því að framan greinda tímabili útkomnu lagaboðum getur, að áliti nefndarinnar, ekki verið spursmál um að lögleiða hèr á landi.

Reykjavík, 14. d. júlímán. 1857.

P. Jónassen, *V. Finsen.* *R. M. Ólsen.*
form. og framsögum.
J. Kristjánsson. *P. Sigurðsson*".

Framsögumaður: Eg hefi reyndar hèr eingu við að bæta; nefndin fór, eins og álitsskjal hennar ber með sèr, eptir bendíngu hlutaðeiganda ráðherra, og tók einúngis þau lagaboð til yfirvegunar, sem hann í brèfi sínu til *konúngsfulltrúa* hafði tekið fram, sem vel fallin til að lögleiðast hèr á landi; einúngis hefir nefndin leyft sèr að leiða þíngsins athuga að tveimur öðrum lagaboðum, sem út eru komin í Danmörku á því tímabili, sem hèr ræðir um, í því skyni, að þíngið tæki þau til yfirvegunar, og til þessa hefir nefndin heimild í ráðherrabrèfinu. Fleiri orðum skal eg svo ekki fara hèr um að svo stöddu.

Jón Guðmundsson: Það er ekki margt eður mikið, sem eg hefi að athuga í máli þessu. Mèr virðist formið á nefndaráliti þessu mjög svo vafasamt, því eg sakna að öllu niðurlagsatriðanna. Þannig er með lagaboðið 22. febr. 1855, að ef breytíng sú, er nefndin vill gjöra, ætti að geta komið til atkvæða, þyrfti þar um beina uppástúngu, því hèr er geingið út fyrir sjálft lagaboðið; að öðru leyti get eg ekki verið nefndinni samdóma í tvennu, og er það þá fyrst, að nefndin ekki álítur þörf á, að leiða í lög lagaboðið 6. apr. 1855, en mèr virðist brýn nauðsyn til þess bera, því þó það, ef til vill, ekki sè óyggjanda, að hin gömlu lög um okur, tilsk. 14. maí 1754, gildi hèr á landi, er það víst á hinn bóginn mjög svo vafasamt, hvort ekki yrði dæmt eptir þeim við dómstóla vora, þar sem eptir tilsk. 24. jan. 1838 að hèr á landi á að heimfæra almennar ákvarð-

anir hinna dönsku sakamálalaga, þegar sèrstök hèr gildandi lagaboð meina það ekki, og finnast mèr það eingin hlynnindi eður eptirræskjanleg sæld, að búa undir lögum þeim, sem jafnvel Dönum sjálfum finnast óþolandi, og hafa leikið sèr að fara í kríngum daglega; enda virðist mèr það næsta óeðlilegt, að önnur lög skuli gilda hèr á landi um leiguburð af peníngum, þar sem þó myntin er hin sama sem í Danmörku og allur peníngareikníngur og peníngagildi; og mundi víst útlendum mönnum, sem kæmi híngað, virðast kátlegt, ef hèr á landi gilti í þessum efnum allar aðrar ákvarðanir, heldur en í sjálfri Danmörku. Lagaboðið 6. apr. 1855 finnst mèr bæði í sjálfu sèr svo rètt og svo frjálslegt, að eg verð að áskilja mèr breytíngaratkvæði um, að lagaboð þetta verði lögleitt hèr á landi. Hvað í annan stað snertir lagaboð 28. marz 1855, þá get eg ekki verið nefndinni samdóma í því, að lögleiða það hèr á landi, þó að lagaboð þetta í raun og veru þegar eigi að heita innleitt hèr eða uppáboðið með ráðherra-skipun, sem heimildarlaust hefir þar með upphafið hinar gagnstæðu ákvarðanir í tilskipun af 18. febrúar 1847, og sem stiptamtmaður og eptir hans skipun landfógeti heimildarlaust hafa fylgt. Mèr virðist nefnilega, að það sè jafn-ótiltækilegt, að ekki megi setja minna á vöxtu en 100 ríkisdali, eins og hitt, að ekki skuli fást meira en 3 af 100, og hvað ráðherraskipunina snertir, er hún, eins og eg hefi áður sagt, í alla staði heimildarlaus, þar sem hún stríðir í móti konúnglegum óapturkölluðum og óbreyttum lögum; hefði átt að leiða úr lögum eða breyta tilskipun 18. febr. 1847, hefði átt að bera þær breytíngar, sem hafa ætti fram, undir alþíngi, og hefði þá verið rètt að farið, þar sem nú í alla staði er rángt farið að, og þíngið gjört þýðíngarlaust með því að gánga fram hjá því í þessu efni, og jafnvel sjálf hin gildandi lög. Verð eg því einnig að áskilja mèr breytíngaratkvæði um það, að ekki sè breytt tilskipun af 18. febr. 1847, á annan hátt, en að breytíng þessi fyrst sè borin undir alþíngið.

Framsögumaður: Það getur verið, að það sè formgalli á nefndarálitinu, sem hinn heiðraði þíngmaður Skaptfellínga tók fram, en þó er við hvert af lagaboðunum gjörð sèrstök uppástúnga, sem virðist nægilegt, og ekki verði að fundið, en að lögleiða hèr lögin frá 6. apríl 1855, eins og hinn sami heiðraði fulltrúi heldur fram, get eg þar á móti með eingu móti fallizt á, en verð að halda fastlega fram nefndarinnar áliti um það, að þessi lög eigi ekki við hèr á landi, eða geti, þó þau yrði lögleidd hèr, haft nokkra verulega þýðíngu,

þar sem peníngalán, að því leyti þau ekki eru móti veði í fasteign, eru hèr svo lítil og smágjör; en að öðru leyti skal eg geta þess, að þar sem leiguburður af peníngum er hèr bundinn eptir tilskipun frá 20. marz 1815, hlýtur tilskipunin frá 1754 samkvæmt tilskipuninni frá 24. janúar 1838 að koma hèr til greina, að því leyti einhver lánar hèr peninga móti hærri leigu en þeirri þannig lögboðnu, en eg veit ekki til, að þess konar mál hafi nokkurn tíma komið hèr fyrir. Það, sem hann talaði um lögin frá 28. marz víðvíkjandi lækkun af leigunni af ómyndugra fè í jarðarbókarsjóðnum, ætla eg ekki sè á rökum byggt, því það virðist í augum uppi, að þau almennu lög, sem koma út um ríkissjóðinn, gildi og hljóti að gilda um jarðabókarsjóðinn, sem eina grein af ríkissjóðnum, og það var og nefndarinnar skoðun; einúngis áleit hún, að lagaboðið, sem hèr ræðir um, ætti að birta hèr á venjulegan hátt, þótt þegar væri búið að birta (að minnsta kosti í norðuramtinu) brèf hlutaðeiganda stjórnarherra, um þessa lækkun á leigunni af ómyndugra fè í jarðabókarsjóðnum eptirleiðis, því það virðist ekki í eðli sínu, að lög, sem hèr eiga að gilda, sè eins og þegjandi leidd hèr inn og tekin til eptirbreytnis. Að öðru leyti er þessi ráðstöfun umboðslegs eðlis, sem þíngið ekki getur haft nein áhrif á. Að þessi ráðstöfun hafi áhrif á leiguna eptirleiðis af ómyndugra fè, eptir tilskipun frá 1847, er að vísu svo, en það er nú nauðsynleg afleiðíng af þeirri ráðstöfun fjárstjórnarráðgjafans, sem hèr ræðir um, og sem hann frá sínu hærra sjónarmiði hefir álitið nauðsynlega, og sem hlýtur að vera almenn. Eg get heldur ekki ætlað annað, en að ómyndugra fè geti komizt á vöxtu hjá einstökum mönnum fyrir þá lögboðnu leigu, 4 af hundraði, og það álít eg miklu eðlilegra, en að setja slíkt fè á leigu í jarðabókarsjóðnum, þó þetta kunni að vera umsvifaminna. Hvað upphæð fjárins, sem lagaboðið ákveður, snertir, þá er hún einnig frá hærra sjónarmiði álitin nauðsynleg og hlýtur að vera almennt gildandi; og því get eg ekki ætlað, að það mundi fást nokkur breytíng á þessu atriði fyrir Ísland, þó því yrði farið á flot af þínginu. Fjárráðsstjórnin, sem vill komast hjá því að taka við þessu fè, af því það er óhagfellt fyrir hana, vegna þess það er aptur tekið út, þegar minnst varir, hlýtur að eiga frjálst, að gjöra þær ráðstafanir, sem hún í því efni álítur að eigi við og sè í hag hins gjörvalla.

E. Ó. Kúld: Eg get ekkert haft á móti því, að nefndin hefir farið fram á sem minnstar breytíngar, og hugsa eg, að hinn háttvirti *framsögumaður* hafi enn ekki tekið fram þá ástæðuna, sem að

líkindum má ske hafi átt mestan þátt í því, að nefndin hefir ei ráðizt í að stínga upp á ýmsum eða meiri breytíngum á lagaboðum þeim, sem nefndinni voru feingin, en sú er ástæðan helzta að minni ætlan, að nefndinni virtist til lítils að stínga upp á breytíngum, ef ekki er þá haft tillit til þess, þegar lagaboðunum er gefið lagagildi hèr á landi; við þurfum ekki að fara leingra en til *Pensions*-laganna, sem lögð voru fyrir þíngið 1853, og held eg menn naumast verði varir við, að mikill gaumur hafi verið gefinn breytíngum þeim, sem þíngið vildi gjöra við þau. Eg vildi því með þíngsins samþykki stínga upp á því við nefndina, að hún færi fram á það við stjórnina, að framvegis yrði meira tillit tekið til breytínga þeirra, er alþíngi fer fram á viðvíkjandi dönskum lagaboðum, sem hèr eiga að leiðast í lög. Út í sjálf lögin vil eg ekki fara, því eg er, sem allir vita, ekki lagamaður; en þó að eg vildi óska, að leiguburður af peníngum yrði frjáls hèr eins og annarstaðar, þá virðist mèr þó kann ske eins tiltækilegt, að æskja nýs frumvarps til slíkra laga, heldur en að lögleiða hèr á Íslandi lögin 6. apríl 1855, eins og þau liggja hèr fyrir oss.

Eg vildi einnig hèr hreifa því, að eins og mèr virðist það næsta óviðurkvæmilegt, að óíslenzkuð ráðgjafaskipun geti ógilt konúnglega tilskipan, eins þykir mèr það þess vert, að því sè hreift, hvernig á því geti staðið, að hin konúnglega auglýsíng til alþíngis gjörir ráð fyrir, að ríkiserfðalögin, sem ekki einu sinni eru útlögð á íslenzku, sè löggild á Íslandi.

H. G. Thordersen: Eg verð að biðja þíngið að virða vel, þó eg standi upp, og að mestu óundirbúinn tali fáein orð í máli þessu. Mèr virðist hèr standa svo ólíkt á og í öðrum löndum, þar sem um peníngа er að tala, því hèr á Íslandi má svo heita, að eingir sè peníngar manna á milli, og hafi peníngar verið lánaðir, hefir öllum þótt 4 af hundraði sanngjörn leiga; en mèr kom helzt til hugar í þetta skipti, að geta hinna opinberu stiptana, sem eru undir minni hendi, og þykir mèr það þá eiga miður við, að stjórnin á annan bóginn vill gjöra frjálsan leiguburðinn fyrir *privat*-menn, en setur um leið niður leiguna af fè opinberra stiptana, og gjörir fjárhaldsmönnum þeirra örðugra og örðugra, að koma fè þeirra á vöxtu, því ekki er það sagt, að menn allt af geti lánað peníngana *privat*-mönnum, og í jarðabókarsjóðinn er ekki veitt móttaka minna en 100 dölum og þar yfir, og þá einúngis móti 3 af hundraði.

Framsögumaður: Hinn heiðraði þíngmaður Snæfellínga hefir

rètt að mæla, að 3. greinin í lögunum frá 28. marz á hèr ekki við, en nefndinni þótti ekki þurfa að taka það fram, með því líka slíkar breytíngaruppástúngur frá þínginu hafa ekki ætíð verið teknar til greina, þó það virðist einsætt, að í hinum dönsku lagaboðum, sem heimfærð eru til þessa lands, eigi ekki að standa annað eða meira en það, sem einmitt kemur landinu við.

Að því leyti hinn sami heiðraði fulltrúi hefir bent á það, að taka ætti fram í álitsskjali þíngsins, að þær breytíngar, sem þíngið mætti biðja um í lagaboðunum, yrði teknar til greina, hlýtur þetta að vera komið undir vilja þíngsins, og skal eg þá fyrir mitt leyti ekki hafa á móti því. Nefndin hèlt sèr einúngis að ætlunarverki sínu, og af þeirri ástæðu leiddi hún þetta atriði hjá sèr. Það, sem hinn heiðraði 1. konúngkjörni þíngmaður talaði viðvíkjandi láni af opinberra stofnana fè, held eg sè sprottið af einhverjum misskilníngi, því slíkt fè má ekki lána nema á móti veði í fasteignum, og er ákveðið, að leigan skuli vera 4 af hundraði, og það getur því ekki verið spursmál um okur af slíku fè frá hálfu hlutaðeiganda forstöðumanna.

V. Finsen: Hvað okurlögin snertir, vil eg geta þess, að öðruvísi stóð á í Danmörku, þegar þeim var breytt, heldur en nú hjá oss; þrátt fyrir bann laganna viðgekkst í Danmörku leynilega hið blóðugasta okur, svo jafnvel voru teknir í leigu 40 eður 50 af hdr., og var einnig skuldbindíngabrèfum, er menn höfðu sín á milli, þannig háttað, að ekki var hægt að komast að því, hvort okrað var eður ekki; erlendis bar því brýna nauðsyn til, að breytt væri þessum lögum, með því að gjöra leiguburðinn frían og þar með gjöra þeim, sem þurftu að taka peníngа að láni, hægra að fá þá gegn hæfilegri, þótt nokkuð hærri, leigu; en mèr finnst ekki því máli að gegna hèr hjá oss, því eg veit ekki til, að hèr eigi sèr stað þvílíkt okur, og hefir mèr því ekki virzt nein veruleg þörf vera á lagaboðinu 6. apríl 1855 fyrir oss, þó eg eingan veginn sè ósamþykkur anda þess. Hvað lausu ríkisskuldirnar snertir, verð eg að játa það, að mèr ekki finnst það eðlilegt, að ráðherra-skipunin hefir gjört reglu þá, sem í lagaboðinu er fólgin, gildandi hèr, áður en það var orðið hèr lögleitt, en eg vil þó um leið geta þess, að sum lagaboð, sem út koma í Danmörku, eru svo almenns eðlis, og snerta á þann hátt almennar og fyrir oss sameiginlegar stofnanir, að vèr eptir stöðu vorri til konúngsveldisins og eðli slíkra stofnana yfir höfuð ekki getum búizt við að hafa nein áhrif á slík lagaboð,

eptir að þau eru komin í gildi; eg vil taka til dæmis lög þau, er nú eru lögð fyrir þíngið viðvíkjandi hæsta rètti; þess háttar almennum og sameiginlegum lögum þarf þíngið varla að hugsa til að breyta, eður að hafa nokkur veruleg áhrif á, og hið sama er að segja um sameiginlega mynt og stjórn hins sameiginlega ríkissjóðs; þvílík lagaboð hljóta að verða þau sömu fyrir oss og fyrir aðra þegna stjórnarinnar, sem undir þeim búa; en það er þó, hvað formið snertir, rèttara og eðlilegra, að lagaboð þessi sè lögleidd hèr, heldur en að þau þegjandi verði gjörð gild hèr á landi.

H. G. Thordersen: Þó að það kunni að vera, að margt sè sameiginlegt meðal vor Íslendínga og Dana, er þó sumt til, og verður að vera, sem vèr getum kallað vort og vèr ekki þurfum að sleingja saman við Dani. Þannig vona eg, að vèr Íslendíngar getum sagt, að til að mynda spítalasjóðurinn og fleiri sjóðir aðrir, sem eru undir minni hendi, sè vorir einúngis, og finnst mèr því vèr vel mættum gera ráðstafanir þeim viðvíkjandi, og víst er um það, að það eru orðin vandræði úr þessari reglu, er nú er tekin upp, að ekki má setja á vöxtu í jarðabókarsjóðinn minna en 100 dali í einu; því allir vita það, að peníngarnir koma inn smátt og smátt og verða þannig að liggja arðlausir og í ábyrgð fjárhaldsmanns, þángað til að búið er að reyta saman 100 dali, því varla geta menn búizt við, að nokkur fari að lána 10, 12 eða fáeina dali *privat*-mönnum og setja upp um þessi smálán, sem þó yrði að vera, laung skjöl og *„documenta“*.

G. Brandsson: Hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður sagði, að okur það, er leynilega hefði viðgeingizt í Danmörku, hefði gjört það að nauðsyn að breyta hinum gömlu okurlögum, en þar ekki stæði eins á hjá oss, þá væri hin nýju lög óþörf. En mèr skilst ekki betur, en að því minna sem hèr á landi þarf að gjöra ráð fyrir okri, þess hættuminna finnst mèr vera, þó leiguburður af peníngum væri gjörður frjáls, svo menn hefði sama vald til þess, að hagnýta sèr peninga sína, eins og hverjar aðrar eigur sínar, því það sýnist í raun rèttri eitthvað skrítið, að menn t. a. m. megi byggja jörð upp á hvaða skilmála sem mönnum þóknast og menn geta komið sèr saman um við leiguliðann, en þó ekki mega lána út peninga sína fyrir meira en 4 af hundraði, og getur þetta orðið mjög svo bagalegt, því vegna þessa getur fátækur maður opt orðið af því að geta feingið peníngalán, vegna þess sá, er lánað getur, ekki má taka meira en 4 af hundraði. Sá fátæki getur

sjaldnast boðið veðfè nema má ske það eitt, sem tapast getur snöggglega, ef til vill, svo sem er um gripi eða annað þess háttar; hinn, sem lánar, á hèr því töluvert meira á hættu, heldur en þar sem fasteign er að veði, og sýnist því ekki ósanngjarnt, þó hann áskilji sèr nokkuð hærri leigu, þar sem hann leggur peninga sína í svo mikla vogun, að vandsèð er, hvort hann geti feingið sèr þá aptur endurgoldna. Hvað við víkur lagaboðinu frá 8. marz 1856, þá finnst mèr það nú í rauninni, gjöra lítið til, hvort það verður lögleitt hèr eða ekki, því þó þeir, sem í hæsta rètti sitja, eigi að greiða atkvæði í heyranda hljóði, þá munu þeir varla kalla svo hátt, að það heyrist hingað, og þó þeir tilgreini ástæður fyrir dómum sínum, þá verður þó dómum þeirra ekki breytt, hvort sem þeir geðjast mönnum vel eða illa.

Þ. Guðmundson: Eg er nefndinni samdóma, hvað lög 6. apríl 1855 snertir, og það af sömu ástæðum, eins og hún hefir tekið fram. Vèr Íslendíngar erum ekki enn þá orðnir Gyðíngar, en hver veit, hvað vèr kunnum að geta orðið, eptir að búið er að leyfa Gyðíngunum að setjast hèr að; þeir eru í standi til að kenna okkur einhvern búhnykkinn. Hèr eru sjaldan lánaðir peníngar, að minnsta kosti ekki þegar lánið nemur nokkru, án þess að veð sè sett. Hvað snertir það fyrirkomulag, er ráðherraskipunin hefir inn leitt, finnst mèr það næsta ótilhlýðilegt, að tilskipunin 18. febr. 1847 hennar vegna skuli vera úr gildi geingin; því þegar menn ekki mega setja á vöxtu í jarðabókarsjóðinn minna en 100 dali, sem þar að auki sè eign eins ómyndugs, þá skaðar þessi stjórnarherrans tilhögun hina ómyndugu, er peníngana eiga, og er til mikils byrðarauka og ansvars fjárhaldsmönnum og yfirfjárráðendum, því þeir verða þannig að sitja uppi með mörg hundruð dali ávaxtarlausa, ef ekki hver einstakur eigandi á fulla hundrað dali, því ekki má fylla hundraðið með fleiri manna peníngum, og þegar enn fremur er aðgætt, að þess eru ekki dæmi, það eg til veit, að einstakir menn hafi viljað þiggja ómyndugra fè að láni móti veði í fasteignum, þótt það hafi verið boðið upp á manntalsþíngum, og svo hefir verið stundum ástatt, að til að mynda 5 ómyndugir hafa átt tilsamans 400 dali, þá er auðsætt, hvaða óhagnað hinir ómyndugu bíða af tèðri ráðstöfun stjórnarherrans, þar sem fè þeirra hlýtur að liggja ávaxtarlaust, og hvaða ansvari hèr er dembt upp á fjárhaldsmenn og yfirfjárráðendur svona o f a n í tilskipunina frá 18. febrúar 1847, og getur af því leitt, að fèð missist öldúngis hinum ómynd-

ugu. Eg er þess vegna með öllu mótfallinn því, að lögin frá 28. marz 1855 verði gjörð gildandi hèr á landi.

Framsögumaður: Þíngið getur ekki farið því fram, að hèr sè goldin hærri leiga af ómyndugra fè úr jarðabókarsjóðnum, en goldið er í Danmörku, og sama gildir um upphæðina á því fè, sem taka má í sjóðinn á leigu. Það er tilgángur stjórnarinnar, að þetta fè verði lánað *privat*-mönnum, og það ætla eg sè ekki hèr bundið meiri örðugleikum, en í Danmörku, og hvað sem því svo líður, vill stjórnin taka á móti sem minnstu hún getur af slíku fè á leigu, af því það er heimtað út úr sjóðnum aptur, þegar minnst varir. Það getur verið, að þessi ráðstöfun komi sèr ekki vel í einstökum tilfellum og hlutaðeigandinn hafi átt allt hægra með því fyrirkomulagi, sem á var, en þetta getur ekki komið til greina, þegar hærri nauðsyn krefur, því hagsmunir hins gjörvalla verða að vera í fyrirrúmi fyrir hagsmunum einstakra manna, og fjárgæzluráðgjafinn hlýtur að gæta hagsmuna alls ríkisins.

Þ. Guðmundsson: Eg skal enn fremur leyfa mèr að geta þess, að þó einga nauðsyn beri til þess fyrir Danmörku, að peníngum sè veitt móttaka í ríkissjóðinn til ávaxta, stendur allt öðruvísi á hèr. Í Danmörku eru bæði bánkar og sparnaðarsjóðir, og getur hver maður þar látið inn peníngа sína, en við Íslendíngar höfum eingar þess konar stofnanir, og virðist mèr því stjórnin vel mætti gjöra undantekníng, hvað oss snertir, og það því fremur, sem hjá oss enn þá gildir tilskipunin 18. febrúar 1847.

E. Ó. Kuld: Eg vildi einúngis spyrja hinn háttvirta *framsögumann,* hvort hann mundi ei fús á, að taka uppástúngu mína til greina, er hann semur álitsskjalið til konúngs, þar eð eg að öðrum kosti hlýt að biðja hinn háttvirta *forseta* að bera það undir atkvæði þíngsins.

Framsögumaður: Það er komið undir þínginu, hvort uppástúnga hins heiðraða fulltrúa, sem nú mælti, getur komið til greina; fyrir mitt leyti skal eg ekki vera því mótfallinn, að þessa atriðis sè hógværlega getið í álitsskjalinu.

G. Brandsson: Þar sem hinn 4. konúngkjörni þíngmaður minntist þess, hvað bágt væri að koma ómyndugra fè á vöxtu hjá einstökum mönnum, þá sýnir það, að menn eru ekki sèrlega gefnir fyrir eða nauðþreingdir til að taka lán, og því síður þarf að óttast okur það, sem verið er um að tala; annars held eg, að hin gömlu okurlög hafi hèr verið þýðíngarlítil, hvort sem þau hafa verið

álitin gildandi eða ekki, og víst er um það, að fáir munu hèr hafa verið dæmdir eptir þeim, svo annaðhvort hefir okur hèr ekki viðgeingizt að miklum mun, eða yfirvöldin hafa ekki farið í nákvæmar rannsóknir um slíkt, má ske líka vegna þess, að lögin í þessari grein hafi þótt heldur straung, því einginn getur neitað því, að hegníng fyrir þess konar er þó sanngjarnari í lagaboðinu frá 6. apr. 1855; því það virðist mèr náttúrlegt, að sektin sè miðuð við það, sem hinn rángfeingni ábati er meiri eða minni, og þegar ekki verður komizt eptir, hversu mikill hann er, að þá liggi hèr við fèbætur eptir málavöxtum, því það mun vera svo um okur, sem önnur afbrot, að það geti verið misjafnt að uppruna og afleiðíngum og þurfi því misjafnlega að dæmast.

P. Sigurðsson: Eg verð, eins og eg gerði í nefndinni, að álíta, að eingin þörf sè enn á, að inn leiða hèr okurlagaboðið, því þó eg játi, að það sè í frjálsum verzlunaranda, að því leyti að það gefur kost á, að þeir, sem lána, taki svo háa rentu af peníngum, sem þeir geta mest feingið, þá mun þetta lagaboð, víst upp til sveita, fremur spilla þeinkíngarhætti manna með þá góðu greiðvikni, sem hèr til hefir verið svo almenn meðal hinna efnaðri, með að lána þeim fátæku peninga, þegar þeim hefir legið mikið á, t. a. m. misst bjargargrip eða þess háttar, stundum fyrir einga og opt litla, en aldrei hærri rentu, það eg til veit, en 4 af hundraði; og byggi eg þetta álit mitt að nokkru leyti á reynslunni í líkum tilfellum. Áður en tilskipun af 18. febr. 1847 um fjárforráð ómyndugra var hèr lögleidd, þótti það sjálfsögð skylda, að hver sá maður, sem gekk að eiga ekkju með ómyndugum börnum, tækist á hendur sömu skyldur og faðir, með að ala upp börnin með sínu og móðurinnar sameiginlegu fè, en arfur barnanna stæði óskertur, og gæti heldur aukizt þeim síðar til hagsmuna. En síðan tilskipun þessi var lögleidd, hefir farið að brydda á þeim sèrdrægnisanda, að stjúpfeður vilja ekki fæða upp börnin eingaungu af sínu fè og móðurinnar, heldur að börnin legði sjálf með til uppfósturs þá litlu arfahluta, er þeim hafa hlotnazt. Það má líka segja um ofannefnda tilskipun, að hún er óhentug og illa samin eptir hugsun og þörfum Íslendínga frá upphafi til enda, því síðan hún birtist, hafa bændur verið mjög ófúsir á, að taka ómyndugra fè á rentu, og það þó þeim hafi bráðlegið á peníngum, því fyrst hafa þeir fátækari optast þurft lántökuna, sem ekki áttu til jörð að setja í veð, og svo hafa þeir látið sèr um munn fara, að öll sú bindíng og fyrirhöfn, er slík lántaka hefði í för með

sèr, væri ærið straung, og kalla það okur, og segja, að einhver kunníngi sinn hjálpi sèr með vægari kjörum, og því var eini vegurinn fyrir fjárhaldsmenn, til að láta fèð ekki liggja ávaxtarlaust, að koma því í jarðabókarsjóðinn, og því brá mönnum heldur en ekki í brún, þegar sú skipun dansks ráðherra var auglýst, að ekki yrði viðtaka veitt minna en 100 rdl., og álitu þar með spillt rètti allra þeirra ómyndugra, er ekki feingu 100 rdl. í arf, og þar til væri rentan mínkuð, og svo væri skipun þessi komin á bak við þíngið, og væri þó beint ofan í landsins gildandi lög og lánga venju, að taka á móti miklu minna fè en 100 rdl. í jarðabókarsjóðinn. Eg vonaðist eptir, að löggjöfin danska væri með í tilskipunum þeim, er nefndinni var feingið til að segja álit sitt um, en þegar eg sá, að hún var ekki meðal þeirra, þótti mèr brýna nauðsyn til bera, að aðferð sú, sem höfð hefir verið við þetta málefni, kæmist til umræðu á þínginu.

Jón Guðmundsson: Menn tala um, að inn leiða hèr okur, en mèr virðast lögin einmitt miða til þess, að einginn framar geti okrað; ef gömlu lögin stæði og ef einhverjum yrði hèr að brjóta móti þeim, þá yrði hann sjálfsagt dæmdur eptir þeim, ef til kæmi; og ef menn óttast það, að Gyðíngar, ef þeir tæki hèr bólfestu, mundi kenna landsmönnum að taka okurrentur, þá óttast eg ekki síður hitt, að þeir kenndi manni að fara í kríngum hin gömlu okurlög. Hvað það snertir, sem hinn háttvirti *framsögumaður* sagði, að það sè óhagur fyrir ríkissjóðinn að veita móttöku peníngum til að ávaxta þá, og skynsamleg ráðstöfun af ráðherranum að meina það, þá er sannarlega merkilegt að heyra slíka kenníngu til löglærðra manna; þó að eg færi gildar ástæður fyrir því, að mèr sè það hagur, að brjóta á móti gildandi lögum, og eg geti fært rök að því, að það sè skynsamlegt, þá mundi mèr lítið hjálpa það fyrir dómstólunum; eg yrði sjálfsagt dæmdur sekur í lagabroti eins fyrir það. Tilsk. 18. febr. 1847 eru enn gildandi lög hèr á landi og óröskuð; hin áminnzta ráðherraskipan um, að ekki megi taka við minna fè á vöxtu í jarðabókarsjóðinn en 100 rdl., stríðir beinlínis á móti ákvörðununum í þessari tilskipun og allri þeirri tilhögun á ómyndugra fè, sem hún fyrirskipar, svo að hèr er ekkert spursmál um, hvað sè hagur eða óhagur fyrir ríkissjóðinn, eða hvað sè skynsamleg eða óskynsamleg ráðstöfun af hendi ráðherrans; ef það er í móti gildandi lögum, þá er nóg; bæði ríkissjóðurinn og ráðherrann er háður lögunum, en ekki yfir þau settir. Hinn heiðraði 5. konúngkjörni þíng-

maður hèlt, að vèr Íslendíngar ættum bágt með að hafna lögum, sem væri almenn og sameiginleg fyrir oss og Dani og tók til dæmis lagaboðið, sem núna er lagt fyrir þíngið, um hæsta rètt; en mèr virðist ólíku hèr saman að jafna, því þetta lagaboð mótstríðir eingum eldri lögum, sem hèr gilda, en það gjörir þetta lagaboð 28. marz 1855, því tílsk. 18. febr. 1847 er enn í fullu gildi.

G. Einarsson: Hinn háttvirti *varaforseti* hefir tekið það fram, sem eg ætlaði að segja áðan, þegar eg ætlaði að standa upp, og vil eg því ekki orðleingja um það, þar eð hann tók sèr líka það viðaukaatkvæði, sem tekur af öll tvímæli um innleiðslu laga þeirra um lausar ríkisskuldir, sem nú eru meðal annars umtalsefni; en þó þori eg ekki annað en hafa þann fyrirvara, að skyldi svo ólíklega fara, að þíngið kæmist til þeirrar óheppilegu niðurstöðu, að samþykkja, að tèð lagaboð yrði hèr lögleitt, að áskilja mèr það varaatkvæði, að leigan af fè ómyndugra verði hækkuð upp í 4 af hundr., og að á vöxtu megi koma hvers einstaks manns eign, þó hún nemi ekki nema 25 dölum ríkismyntar, samt að hin síðasta greinin verði felld úr sem að öllu leyti óviðkomandi þessu landi.

P. Sigurðsson: Eg vil geta þess hèr, að mèr þótti mikil þörf á, að þíngið tæki þá auglýsíngu frá dönskum ráðherra til yfirvegunar, sem bannar að taka minna fè í einu í jarðabókarsjóðinn en 100 rd.; því þessi auglýsíng, sem hafði verið hèr auglýst, án þess að þvílíkt væri lagt fyrir þíngið hvorki fyrri eða nú, og sem spillti rètti ómyndugra til að ná nokkrum ávexti af fè sínu, sem minna væri en 100 rd., og var þvert ofan í hèr gildandi konúngleg lög, þá mundi þurfa um þetta efni að gjöra beina uppástúngu.

V. Finsen: Eg held það sè misskilníngur eður rángt að álíta, að ráðgjafaskipunin hafi breytt tilskipuninni frá 18. febrúar 1847, heldur er sú rètta skoðun sú, að stjórnin hefir geingið út frá, að þegar lögin 28. marz 1855 komu út fyrir Danmörk, þá hafi þau beinlínis, samkvæmt eðli hlutarins, breytt íslenzku lögunum; sömu skoðun hefir hún sýnt t. a. m. með ríkiserfðalögin, og virðist nokkuð að tala fyrir þessari skoðun um almenn lagaboð yfir höfuð, enda er það bágt fyrir oss, að hafa nokkur áhrif á hin almennu lagaboð, sem hljóða um sameiginleg máleíni Íslands og Danmerkur. Eg álít, að hinn háttvirti *framsögumaður* hafi rèttilega fært til þá ástæðu fyrir lögunum um hinar lausu ríkisskuldir, að ríkissjóðnum er óhagur að því, að taka á móti vaxtafè, sem má heimta útborgað, þegar minnst vonum varir, og hefir fyrir þá sök verið álitið haganlegt, að

takmarka innborganir af slíku vaxtafè; en það eru líka aðrar ástæður, er mæla fram með lagaboðinu, og það er sú skoðun, að það yfir höfuð er eðlilegri og fyrir það almenna haganlegri brúkun peninganna að lána þá út mót veði til einstakra manna, en að láta þá standa inni í opinberum sjóði, og vil eg leiða athuga þingmanna að því, að það er ekki lítið í þetta varið; að sönnu er ekki mikið um peningalán hèr í landi, en þó munu flestir játa, að því hefir farið fram nú á seinni tímum, og eru nú lán lángtum tíðari en áður, og ef nú lagaboðið gæti stuðlað nokkuð til þess, að þau geti orðið tíðari, þá væri mikið unnið; það getur verið, að það verði bagi að þessu í fyrstu, en með tímanum mun það bera góða ávöxtu, því með þeim hætti verða peningarnir að arðberanda fè fyrir landið sjálft, og munu allir hljóta að játa, að betra sè, að peningunum sè varið í landinu sjálfu, en að setja þá í jarðabókarsjóðinn eða ríkissjóðinn.

Það hefir verið sagt, að lagaboðið hafi verið þínglesið hèr á landi, en eg veit fyrir mitt leyti ekki til, að það hafi verið þínglesið nokkurstaðar, en það getur verið, að brèf ráðherrans hafi verið birt einhverstaðar í norður- og austuramtinu. Mótmæli þau, sem hafa komið fram gegn lagaboði þessu, virðast mèr helzt hafa verið umkvörtun yfir því, að það hefir náð hèr gildi, áður en það hèr hefir verið lögleitt, en hèr getur ekki verið að ræða um neina umkvörtun í þessu máli, heldur að eins um það, hvort lögleiða eigi nú lagaboðið 28. marz 1855 eður ekki. Viðvíkjandi því, er varaþíngmaður Snæfellínga sagði, að stjórnin hefði vikið frá breytíngum alþíngis á íslenzkum lagaboðum, þá verð eg að segja, að hún hefir ekki gjört það í hinu verulega, þó hún hafi gjört ýmsar smábreytíngar, það kann að vera svo sem eitt dæmi, sem eg þekki um verulega breytíngu, er þíngið hafði stúngið upp á, en stjórnin eigi tekið til greina, en þar frá get eg einga ályktun dregið fyrir mitt leyti.

Framsögumaður: Af því farið er að tala um tilskipun frá 1847, skal eg geta þess, að þetta kemur öldúngis ekki slíku máli við, því slíku atriði verður ekki hreift af þínginu nema í sèrstakri uppástúngu; að öðru leyti get eg þess, að það var ekki skylda hlutaðeigenda, að senda ómyndugra fè til leigu í jarðabókarsjóðinn, nema þeir kæmi því ekki öðruvísi út; þenna rètt hafa hlutaðeigendur enn þá, en að því leyti þeir nota þenna rètt, þá verða þeir að láta sèr lynda, að vera undir sömu kjörum og aðrir þegnar í ríkinu.

Konúngsfulltrúi: Eg skal, áður en þessari umræðu lyktar,

einúngis geta þess, að eg er hinum heiðraða *varaforseta* samdóma í því, að lög frá 6. apr. 1855, með hverjum leiguburður af peníngum í vissum tilfellum er látinn frjáls, og straffi fyrir okur breytt m. m., eigi að fá hèr lagagildi, og ástæðurnar fyrir þessari meiníngu minni skal eg síðar skýra betur, þegar málið kemur til álýktarumræðu. Þar á móti er eg því öldúngis mótfallinn, sem *varaforseti* lèt sèr um munn fara, áhrærandi lög frá 28. marz 1855 um reikandi ríkisskuldir og það að hlutaðeigandi stjórnarherra hefði gjört Íslendíngum rángt til, þegar hann, án þess að ráðgast um við alþíngi, gjörði þetta lagaboð gildandi hèr á landi. Fyrir þessari meiníngu skal eg einnig geyma mèr að koma fram með ástæðu, þángað til álýktarumræðan fram fer. Einasta vil eg geta þess, að þar sem *varaforseta* fórust þannig orð, sem gefa ætti fjárhagsráðgjafanum sök á því, hvernig hann hefði farið með þetta mál, þá verður hann að gjöra um það sèrstaka uppástúngu, því það getur ómögulega heyrt undir þetta mál, sem einúngis snertir þá spurníngu, hver af lagaboðunum frá 1855 og 1856 eigi að fá lagagildi hèr á landi.

Forseti: Eg vil leyfa mèr að leiða athuga þíngmanna að því, að í formálanum fyrir lögunum um lausar ríkisskuldir 28. marz 1855 er þess getið, að þau skuli gilda til 31. marz 1856, og er sá tími nú á enda. Viðvíkjandi breytíngaratkvæði hins háttvirta *varaforseta* um, að tilskipunin 18. febr. 1847 skuli vera í fullu gildi, vil eg geta þess, að eg efast um, að það geti komizt að í þessu máli, en álít rèttara, að um það sè gjörð sèrstök uppástúnga.

Á. Einarsson: Eg er hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* samdóma í því, að rèttara sè að gjöra sèrskilda uppástúngu um uppástúngu varaþíngmanns Snæfellínga, heldur en að geta hennar í álitsskjali þíngsins. En viðvíkjandi því, er hèr hefir verið sagt, að það stæði ekki á miklu, hvort leiga af peníngum væri látin frjáls eður ekki, þá get eg þó ekki neitað því, að mèr þykir bezt að hafa í þessu eins og öðru þá almennu reglu, að sá, sem hefir skyldu á hendi, hann hafi og rèttindi; fyrir því vil eg, að ef menn mega ekki taka meira í leigu en 4 af hundr., þá verði það og til tekið, að hann ætti ekki að hafa minni leigu en 4 af hundr.; en nú ætlar þó stjórnin að leyfa sèr að borga ekki nema 3 af hundr. Meðan jarðeigendur í Danmörku máttu ekki byggja landsetum sínum út af jörð sinni, þá máttu og leiguliðar ekki segja jörðunum lausum, meðan þeir lifðu, og mættust því hèr skyldur og rèttindi. En nú er þessu nokkuð breytt í Danmörku, og eru menn nú orðnir svo frjálslyndir, að slíkt

getur ekki átt sèr stað, virðist mèr því, að fyrst menn mega byggja jarðir sínar svo hátt, sem þeir vilja, og borga vinnufólki svo mikið kaup, er þeim sýnist, þá sè og heldur eingin þörf að binda hendur manna í svo litlu, heldur finnst mèr það hlægilegt. Það var talað um, að Gyðíngar gæti kennt oss þann búhnykk, að okra með peníngа, og það mun ekki hafa verið minnsta ástæðan til að mæla móti þeim hèr á þíngi 1853, en þessi meiníng hefir þó líklega breytzt 1855, þegar menn tóku á móti þeim báðum höndum, en nú er þó eins og óttinn sè farinn að kvikna aptur, og þykir mèr hviklyndi þetta næsta undarlegt. Hinn heiðraði þíngmaður Rángæínga gat þess, að það væri vafasamt, hvort það hefði verið ætlunarverk nefndarinnar að taka lagaboðið 6. apr. 1855 til meðferðar; en hitt álít eg ekki vafasamt, að það sè skylda þíngsins, í hverju máli sem er, að gæta að hagsmunum og rèttindum þjóðarinnar, einkum þegar þíngið er minnt á þessa skyldu sína í mörgum bænarskrám, eins og nú var. Það hafa nú tveir af hinum háttvirtu konúngkjörnu þíngmönnum sýnt fram á, hversu óhappalegar afleiðíngar muni verða af því, að ekki megi setja minna en 100 rd. á leigu í jarðabókarsjóðinn, og skal eg því ekki taka það upp, en hitt verð eg að segja, að eg get ekki sèð, hverja gagnsmuni geti leitt af þessari ákvörðun, nema ef telja skal, að það lètti á landfógetanum að taka á móti peníngum á leigu og halda reiknínga yfir þá, og held eg það sè ekki tilvinnanda, til þess að margir 99 rd. 5 mk. 15 sk. liggi arðlausir hjá embættismönnum þeim, er hafa opinbert fè undir hendi. Það skyldi annars gleðja mig, ef stjórnin vildi gjöra að máli þessu góðan róm, sem nú er borið fram með svo öruggum ástæðum af mönnum hennar hèr á þínginu.

P. Sigurðsson: Hinn heiðraði þíngmaður Strandasýslu hefir víst misskilið mig. Eg sagði einasta, að eg hefði verið í nokkrum vafa um, hvort nefndin hefði átt að taka það málefni til meðferðar, er ekki var meðal lagaboða þeirra, er henni var feingið til að segja álit sitt um. Annars er eg á því, að það sè rèttara að gjöra sèrskilda uppástúngu um þetta málefni.

P. Pètursson: Eg skal ekki leingja þíngræðurnar í þetta sinn. Eg vil einúngis geta þess, að mèr finnst það ónákvæmni eða rèttara sagt mótsögn í nefndarálitinu, þar sem nefndin á annan bóginn afsakar sig fyrir það að hafa ekki komið fram með breytíngaratkvæði við lagaboðin, með því að stjórnin hafi eigi að undanförnu tekið slík breytíngaratkvæði nógsamlega til greina, en hún hefir þó á hinn bóg-

inn stúngið upp á breytíngu þeirri við lagaboð 22. febr. 1855, að koma auglýsíngum inn í blöð hèr á landi, í stað þess að sagt er í lagaboðinu að auglýsa í *„Berlingske politiske og Avertissements-Tidende“*. En hvers vegna ætlar nefndin, að stjórnin muni heldur fallast á þessar breytíngar, heldur en þær, sem gjörðar hafa verið við önnur lagaboð? Það skil eg ekki.

En hvað snertir lögin 6. apr. 1855, þá er eg enn ekki fastráðinn í, hvort eg vil gefa þeim atkvæði mitt eða ráða frá þeim; en þó er það ekki af því, að eg haldi, að yfirvöldum vorum, sem hafa opinbera sjóði undir höndum, muni standa af þeim nokkur vandi, því þeir lána ekki út fè opinberra stiptana nema einúngis móti veði í fasteign, og þar er leigan ákveðin til 4 rdl. af 100 rdl., heldur vegna hins, að eg er hræddur um, að þau hafi áhrif á peníngaviðskipti milli ríkra og fátæklínga. Ríkir geta jafnan sett veð, en fátækir geta það ekki, og hljóta því að eiga það undir náð og miskunsemi peníngamannsins, hvort þeir fá nokkurt lán eður ekki, og þá er eg hræddur um, að sá, sem lánar, muni nota sèr neyð hins fátæka til að hækka leiguna. Af þessum ástæðum er eg ekki fastráðinn í, hvort eg vilji gefa því atkvæði mitt, að lögin verði innleidd hèr; en ef þíngið vildi fallast á þau, þá hafði eg hugsað mèr, að bezt væri, að binda leiguna við eitthvað fast.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, verð eg að álíta undirbúníngsumræðu þessa máls lokið. Þessu næst kemur þá, eptir dagskránni, málið um undirskript konúngs undir íslenzku lagaboðin til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu, og hefi eg látið prenta atkvæðaskrá í málinu, sem eg vona hver þíngmaður hafi fyrir sèr, og er hún svo hljóðandi:

Atkvæðaskrá

í

málinu um undirskript konúngs undir hin íslenzku lagaboð.

Uppástúnga nefndarinnar:

a. Að þau lög, sem hèr eptir verða sett á Íslandi, verði útgefin á íslenzku máli, og íslenzkan staðfest með undirskript sjálfs konúngsins.

b. (Breytíngar-atkvæði síra Jóns Kristjánssonar: að þessu sè sleppt):

og þess ráðherra, er hann setur yfir hin íslenzku mál.

Framsögumaður: Eg hefi einúngis fátt að athuga við þetta mál, sem svo er skammt síðan að það var rætt til undirbúníngs,

það er og heldur ekki margbrotið og öllum þíngmönnum kunnngt; það er einúngis breytíngaratkvæði þíngmannsins í Norður-Þíngeyjarsýslu, er eg vil snúa mèr að, og þá verð eg að segja, að meiri hluti nefndarinnar getur ekki fallizt á það, vegna þess oss finnst það ekki meiri vorkun fyrir ráðherrann en konúnginn að skrifa undir, og eru í nefndarálitinu teknar fram ástæður fyrir því, hvers vegna nefndin gat ekki breytt frá því, er í þessu efni var samþykkt 1853. En hvað það snertir, er hinn háttvirti konúngsfulltrúi sagði í inngángsumræðu málsins um daginn, að það mundi vart samboðið tign konúngsins að staðfesta báða textana, þá get eg ekki skilið, að konúngi vorum þyki sèr eigi sæma að gjöra hið sama við oss Íslendínga, eins og hann álítur sèr sæma að gjöra við Slèsvíkurmenn og Holseta. Eg hefi til sýnis mörg lagaboð fyrir Slèsvík á þýzku og dönsku, og stendur ýmist fyrst danskan eður þýzkan, og er hvorttveggja málið, bæði danzka og þýzka lagaboðanna, undirskrifað af konúngi og staðfest af ráðherra Slèsvíkur og af forstöðumanni stjórnardeildarinnar og formanni fyrir skrifstofu Slèsvíkurmála. Ef það er ekki ósamboðið tign konúngsins að staðfesta lagaboðin þar, hvernig getur það þá verið ósamboðið tign hans að gjöra það við íslenzku lagaboðin. Eg skal ekki tala meira að sinni um þetta mál, sem áður er svo margrætt.

J. Kristjánsson: Eg skal ekki tala margt breytíngaratkvæði mínu til gildis, úr því mèr hefir ekki tekizt með því það, sem eg ætlaði, en það var að sætta nefndina við sjálfa sig. Eg hugsaði nú svo, að nefndin, sem vissi, að oss hefir verið lofað stjórnarbót, hefði þá eins og sèð hinn íslenzka ráðherra áleingdar, en þó vèr getum ekki ímyndað oss konúnglegt loforð og uppfyllíngu þess þannig, að lángt bil verði á milli, þá vitum vèr, að það að lofa og efna fer ekki altènd samsíða, og á því höfum vèr þreifað. Vèr verðum því að hegða oss í tímanum, eins og hann er, í bænum vorum, en þó svo sè, að vèr getum ekki áskilið undirskript ráðherrans, þá held eg, að hinn gamli sáttmáli muni enn standa, og að konúngur sè samkvæmt honum skyldur til að halda oss við Íslands lög og rètt, og eg ætla að sendiför þess mikla manns, sem vèr Íslendíngar mundum kalla Hinrik Bjálka, og samníngur hans við forfeður vora hjá Kópavogi, hafi eingu breytt í þessu efni, og ekki heldur það atvik, þótt nokkrir embættismenn að sögn hafi unnið eið að því, að halda dönsku grundvallarlögin. Látum svo vera, að vèr ekki getum frá vorri hálfu heimtað, að ráðherrann skrifi undir; það atriðið lagast sjálfkrafa frá annari hálfu.

Konúngsfulltrúi: Þetta mál hefir svo opt verið rætt hèr á þínginu, og eg hefi svo opt látið í ljósi þá meiníngu, að það bæði væri ástæðulaust og óhyggilega gjört, ef þíngið hvað eptir annað væri að þeyta út bænarskrá um þetta efni, sem auðsèð er að stjórnin hvorki vill eða getur veitt áheyrn. Mèr virðist það auðsætt, að þíngið með þessari bænarskrá fer því á flot við konúnginn, sem ekki er að ætlast til af nokkrum öðrum manni, nl. að hann skrifi undir það skjal, hvers innihald hann sjálfur ekki á kost á að kynna sèr. Á hinn bóginn fæ eg eigi heldur sèð, að það færði með sèr nokkra verulega nytsemi fyrir landið, þó þessari bæn væri fullnægt, eður að rèttarástand vort yrði í raun og veru þar við nokkuð betra, en það nú er. Þar á mót virðist mèr sem þíngið, með því að fara þessari þrábeiðni fram, ekki gjöri annað en veiki og gjöri þýðíngarminni bænarrètt sinn *(Petitionsret)*; því þíngmenn geta þó ómögulega ætlazt til, að konúngur vor veiti nú þá bæn, er hann í auglýsíngunni til síðasta alþíngis færði góðar og gildar ástæður fyrir, hvers vegna hann eigi gæti veitt hana. Þessi uppástúnga nefndarinnar, sem eg nú hefi fyrir mèr, er að eins í því frábrugðin bænarskránni frá 1853, að í uppástúngunni er útilátið orðið „einúngis". Mèr er nú ekki full-ljóst, hvað þessi breytíng á að þýða; eg skil hana svo, að eptir fyrri bænarskránni hafi hinn danski texti lagaboðanna ekki mátt koma inn í landið; en eptir þessari uppástúngu virðist mèr þar á mót vera ætlazt til, að danskan, sem útleggíng íslenzka textans, eigi að fá leyfi til að fylgjast með; og á þessu virðist mèr mismunurinn ekki vera mikill. Það er þíngmönnum kunnugt, hvernig unnið er að löggjafarstörfunum, eins og nú stendur á. Lagafrumvörpin eru fyrst samin á dönsku, þar eptir útlögð á íslenzku, og rædd hèr á þínginu. Þar eptir er um hin dönsku frumvörp og þær breytíngar, er alþíngi hefir stúngið upp á, seinast fjallað, og það einúngis á dönsku máli, af stjórnarherrunum, og þar af flýtur, að danski textinn er hið eiginlega frumrit lagaboðsins. Undirskript konúngsins undir íslenzkuna getur því ekki haft eða feingið aðra þýðíngu en þá, að hann staðfestir hina íslenzku útleggíngu; og er slíkur starfi varla samboðinn tign konúngsins.

Í atkvæðaskrá þeirri, er nú liggur fyrir til atkvæðagreiðslu, hefir nefndin sleppt út seinasta hlutanum af uppástúngu sinni í nefndarálitinu, þeirri nl., að ráðherra sá, sem settur er yfir hin íslenzku málefni, skuli ásamt með konúngi skrifa undir hin íslenzku lög, og einn þíngmanna hefir þar að auki stúngið upp á því, að þessi hluti

nefndaruppástúngunnar skyldi burtu falla. En ef sú bæn fær framgáng, að stjórnarherrann ekki skuli undir skrifa með konúnginum, þá er hún á móti grundvallarlögunum *(constitutionsstridig)*; því til þess að lög og stjórnarskipanir þær, er konúngur út gefur, sè gildar, útheimtist, að þær einnig sè meðundirskrifaðar af hlutaðeiganda stjórnarherra.

Forseti: Það er, ef til vill, nauðsynlegt, að eg skýri þínginu frá, hvernig atkvæðaskráin er löguð. Eg hefi skipt uppástúngu nefndarinnar í tvo liðu *a*, og *b*, bæði vegna þess, að uppástúngan sjálf innibindur í sèr tvö atriði nokkuð sèrskild, en þó einkum vegna hins, að breytíngaratkvæðið miðar til að sleppa síðara atriðinu af uppástúngu nefndarinnar; þótti mèr því breytíngaratkvæðinu fullnægt með því að skipta uppástúngu nefndarinnar í tvennt, svo að þeir, sem fèllist á breytíngaratkvæðið, þyrfti ekki annað en greiða atkvæði móti síðara liðnum.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að játa, að eg get ei skilið atkvæðaskrána öðruvísi en svo, að bæði nefndin og höfundur breytíngaratkvæðisins ætlist til, að undirskript stjórnarherrans undir hin íslenzku lagaboð skuli burtu falla, og að nefndin sjálf hafi fallið frá síðasta hluta uppástúngu sinnar.

Forseti: Eg er hræddur um, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* misskilji nokkuð atkvæðaskrána; breytíngaratkvæðið miðar til þess, að seinni liðnum af uppástúngu nefndarinnar, eður orðunum: „og þess ráðherra, er hann setur yfir hin íslenzku mál“, sè sleppt. En eg játa, að atkvæða mætti leita þannig, að taka breytíngaratkvæðið sèr á undan, og síðan uppástúngu nefndarinnar, og þá aðferð get eg haft, ef það þykir greinilegra.

Konúngsfulltrúi: Eg verð þó að halda, að það hefði verið rèttara að forminu til, að setja uppástúnguna úr nefndarálitinu í heilu lagi til atkvæða.

Forseti: Það getur ekki látið sig gjöra, er hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sýndist að benda nú til, því sè öll uppástúnga nefndarinnar borin fyrst upp til atkvæða, þá verða þeir, sem eru með breytíngaratkvæðinu, að gefa atkvæði móti allri uppástúngu nefndarinnar, þó þeir vilji aðhyllast fyrri hluta uppástúngunnar, eins og breytíngaratkvæðið vill; uppástúngu nefndarinnar má því ekki bera upp til atkvæða í einu lagi á undan breytíngaratkvæðinu, vegna þess að það fellst á nokkuð af henni, en vill eigi hafa hana alla, og þess vegna getur það ekki komið til atkvæða á eptir, heldur einmitt á

undan; verði breytíngaratkvæðið fyrst fellt, þá kemur öll uppástúngan til atkvæða, en sè það samþykkt, þá er að gánga til atkvæða um uppástúnguna, eins og hún er þá breytt orðin eður stytt.

Konúngsfulltrúi: Eg held þó, að atkvæðaskráin hafi gefið mèr sjálf tilefni til að skilja hana á þann hátt, sem eg gjörði; en hvað atkvæðagreiðsluna snertir, þá virðist mèr hún geta komizt í gott horf, ef breytíngaratkvæðið er látið gánga á undan uppástúngu nefndarinnar, eins og hinn háttvirti *forseti* nú stakk upp á.

M. Andrèsson: Eg játa, að eg var fyrst í nokkrum vafa um, hvernig eg skyldi gefa atkvæði, en verði atkvæðaskránni breytt, eins og hinn háttvirti *forseti* benti nú til, þá er eg í eingum vafa, og því vil eg heldur, að svo verði gjört.

Forseti: Eg skal þá hafa þá aðferð, fyrst þíngmönnum þykir hún skiljanlegri.

E. Ó. Kúld: Eg er samdóma hinum háttvirta *forseta* í því, að atkvæðaskráin sè rètt, og eptir henni er, ef hin fyrri uppástúnga er samþykkt, að álíta seinni uppástúnguna sem viðauka, því uppástúnga nefndarinnar felur í sèr 2 uppástúngur, og því má teingja breytíngaratkvæðið saman við uppástúngu nefndarinnar. En hvað það snertir, er hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* mælti, að það væri ósamkvæmt stjórnarlögum (*uconstitutionelt*), að skylda ekki ráðherrann til að skrifa undir, heldur að eins konúng, þá get eg ekki fundið, að það geti komið hèr til greina, eptir því sem stjórn vorri er háttað; en eg er nú á því, að ráðherrann eigi líka að skrifa undir, því mèr getur ekki betur skilizt, en, þar eð það er ekki til tekið í uppástúngu nefndarinnar, hvort ráðherrann eigi að vera Íslendíngur eða danskur, þá sè honum ætlanda, að skilja svo vel málið, að hann geti þess vegna undirskrifað; en hvað sem um það er, þá álít eg, að þjóðin eigi vafalausan rètt á því, að lögin sè undirskrifuð af hans hátign konúnginum.

P. Pètursson: Mèr þykir öll von á því, þó Íslendíngum þyki það hátignarlegt, að sjá nafn konúngs undir lagaboðum þeim, sem þeir eiga að fylgja; en eg verð enn eins og fyr að álíta það ómögulegt, meðan stjórnarskipun í Danmörku er eins og nú er; svo held eg og, að undirskriptin hafi litla verkun, því eg veit, að meiri hluti þjóðarinnar sýnir þeim lögum, sem vèr nú fáum, svo mikla lotníngu og hlýðni, að hún hafi hvorki verið meiri áður, meðan nafn konúngs var undir þeim, nè geti orðið meiri fyrir það, þótt nafn konúngs og ráðgjafans stæði undir íslenzka textanum, því eg

álít, að vèr Íslendíngar sèum svo góðir þegnar, að þetta geti eingin áhrif haft á oss; í öðru lagi finnst mèr og, að öll tryggíng sè feingin fyrir því, að hinn íslenzki texti sè jafngildur hinu danska frumriti lagaboðsins. Þá finnst mèr og það næsta ísjárvert, hvernig uppástúnga nefndarinnar er orðuð, „að þau lög, sem *hèr eptir*“ o. s. frv., því það er með öðrum orðum, að frumvörpin frá þessu þíngi geti ekki orðið að lögum fyr en konúngur staðfestir þau með undirskript sinni, og er eg hræddur um, að það verði oss óþægilegt, og vil eg alvarlega vekja athygli þíngmanna á því, að vèr ekki stuðlum til þess, að fara á mis við lög, sem þörf er á, því það held eg sè of mikið til unnið. Eg get hvorki vegna forms nè efnis uppástúngunnar gefið henni atkvæði mitt.

P. Sigurðsson: Hinn háttvirti konúngkjörni þíngmaður, sem nú settist, hrósaði oss Íslendíngum fyrir það, að vèr værum svo góðir þegnar og hlýðnir lögunum; eg er honum nú samdóma í því, en þess meiri ástæðu höfum vèr að vona, að vor mildi konúngur láti oss njóta rèttar vors, ekki síður en aðra þegna sína. Eg get heldur ekki skilið, að það sè ómögulegt fyrir löggjafann að staðfesta lögin með nafni sínu; eður hví gæti hann það ekki nú eins og áður? því það vitum vèr, að áður hafa mörg lagaboð komið út á íslenzku. Það var sagt af einum hinna heiðruðu þíngmanna við undirbúníngsumræðuna, að konúngur vor mundi fús á að undirskrifa lögin, ef ráðherrann feingist til þess; en eg held okkur standi á litlu, þó við sèum þá lausir við undirskript dansks ráðherra. Það hefir sumum þótt ísjárvert að biðja um þetta aptur og aptur, en það getur mèr ekki fundizt, svo veit eg og, að vèr munum fremur fá það, ef vèr höldum áfram að biðja; þetta vitum vèr af reynslunni, því vèr höfum áunnið svo mikið í þessu máli, að nú vantar lítið á, að vèr höfum feingið bæn vora uppfyllta; það vantar í rauninni ekki annað, fyrst vèr höfum feingið tryggíng hins íslenzka texta, sem hinn konúngkjörni þíngmaður álítur svo fullkomlega tryggjandi, en að konúngur geti þá álitið það nóga tryggíng fyrir sig til að staðfesta lagaboðin, sem hann álítur nóga tryggíng fyrir oss til að hlýðnast þeim.

J. Sigurðsson: Viðvíkjandi ræðu hins háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanns, þá hafði eg hugsað mèr svoleiðis, að með því, ef þíngið aðhylltist breytíngaratkvæði þíngmannsins frá Suður-Þíngeyjarsýslu, væri sèð fyrir því, að undirskript konúngs undir lög vor ekki þyrfti að bíða eptir stjórnarbreytíngu þeirri, er síðar verða

kynni í tilliti til Íslands, og get eg því verið breytíngaratkvæðinu meðmæltur, að allri ákvörðun um undirskript ráðherrans sè sleppt, því ef vèr fáum nafn konúngsins undir lögin, hygg eg oss liggi í lèttu rúmi, hvort þar skrifar nokkur undir með honum eða einginn. Vil eg því ekkert ákvarða um slíkt, heldur láta konúnginn sjálfráðan um það, hvort hann lætur danskan, íslenzkan, eða eingan ráðgjafa skrifa undir. Slíkt er þá af okkar hálfu hvorki umbeðið nè afbeðið, getur þá konúngur þess vegna strax gefið okkur nafn sitt undir þau lagaboð, sem kynni að koma út á þessa þíngs ályktanir, og hagað ráðgjafaundirskriptinni rètt eptir því, sem honum í þann svipinn þætti bezt við eiga vegna stjórnarformsins, en þyrfti ekkert að bíða eptir stjórnarbótinni, sem ætti að koma fyrir Ísland. Þar sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hreifði því, að þíngið kæmi í bága við grundvallarlögin, ef það aðhylltist nefnt breytíngaratkvæði, eður vildi fella í burt undirskript ráðgjafans, þá þyrfti eg fyrir mig frekari upplýsíngar í þessu efni. Eg veit ekki, hvað hinir þíngmenn segja, en eg var nú ekki svo fróður, að eg kynni að varast grundvallarlögin dönsku, því eg hafði ekki heyrt, að þau væri lögleidd hèr á Íslandi, og veit eg svo ekki annað, en láta eins og þau komi mèr ekkert við.

Framsögumaður: Menn geta sagt það um hinn heiðraða 3. konúngkjörna þíngmann, að hann haldi fast við þá guðfræðislegu kenníngu að standa stöðugur í trúnni. Það er ekki í fyrsta sinni, að hann greiðir atkvæði móti þessu máli, en það væri óskanda, að það yrði nú í síðasta sinni. Hann lofar oss fyrir það, að vèr sèum góðir þegnar, og svo setur hann oss jafnframt á bekk með heiðíngjum, „sem gjöra það af náttúrunni, sem lögmálið skipar"; en hann verður að virða oss til vorkunar, þó vèr höldum upp á helgi laganna, því það er svo gamalt spakmæli hjá oss, að með lögum skal land byggja, og fyrir því stendur oss ekki á sama, hvort vèr höfum traust og fullgild lög eður að eins eintómt nafn þeirra.

En þar sem hann talaði um, að vèr hefðum feingið alla þá tryggíng, sem vèr þyrftum, fyrir íslenzkunni á lagaboðunum, þá er það nú orðin margslitin röksemd; en ef það er tryggíng fyrir oss, þá hlýtur það að vera eins mikil tryggíng fyrir Dani; það er og svo í Slèsvík, að þýzkan og danskan er staðfest með undirskript konúngs, og ýmist danskan fyrst eður þýzkan. En þar sem hinn heiðraði 3. konúngkjörni þíngmaður ögraði mönnum með því, að landið mundi verða lagalaust í mörg ár, ef stjórnin ætti að geta

fallizt á uppástúngu nefndarinnar, þá verð eg að játa, að eg skil það ekki, því nefndin hefir með uppástúngu sinni ekki farið fram á neina breytíngu á því stjórnarfyrirkomulagi, sem nú er; uppástúngan ráðgerir alls ekki, hvorki að vèr afsegjum konúnginn, nè að hann afsegi oss; eg veit og ekki betur, en að einhver einn ráðherrann sè settur yfir hin íslenzku mál, og uppástúngan ráðgerir heldur ekki neina breytíngu í því efni; hún fer einúngis fram á, að lögin, sem hèr eiga að ná gildi, verði undirskrifuð af konúngi og þeim ráðherra, sem hin íslenzku mál verða á hendur falin; og eg get ekki skilið, hvaða sèrstakleg breytíng þar til útheimtist. Þar sem menn eru að bera því við, að það sè ekki mögulegt fyrir konúng að skrifa undir þau lagaboð, sem hann ekki skilur, þá er það ekki nema tómur misskilníngur, að konúngur skilji allt það eða í öllu því til fulls, sem hann skrifar undir, því konúngur getur þó aldrei verið bæði beykir, múrmeistari, timburmaður, skreðari nè skóari, og þó setur hann nákvæm lög um allt það, sem þess konar iðnað áhrærir, og að koma fram með slíkar ástæður er ekki til annars en að segja eitthvað út úr vandræðum. En hvað atkvæðaskrána snertir, þá er eg samdóma hinum háttvirta *forseta* og þíngmanni Snæfellínga, og ef þíngmenn skilja það betur, að breytíngaratkvæðið sè borið upp á undan, þá er eg ekki á móti því.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, verð eg að álíta ályktarumræðu þessa máls lokið, og skal eg þá biðja þíngmenn að gánga til atkvæða fyrst um breytíngaratkvæðið, og síðan, verði það fellt, um alla uppástúnguna í einu lagi.

P. Pètursson: Má eg biðja um nafnakall?

Á. Einarsson: Má eg biðja um kúlur?

Lèt þá *forseti* gánga til atkvæða, hvort heldur skyldi nafnakall fram fara, eður atkvæði greidd með kúlum. En þar eð hvorug uppástúngan vann meiri hluta atkvæða fyrir sèr, þá skar forseti úr samkvæmt 75. gr. alþíngistilskipunarinnar, og lèt fram fara nafnakall, og bað þá segja já, sem vildi aðhyllast breytíngaratkvæðið, en hina nei, og sögðu „já“ þessir, en „nei“ þessir.

já:	nei:
V. Finsen.	Guðmundur Einarsson.
Guðmundur Brandsson.	Magnús Ólsen.
Þ. Jónassen.	Ásgeir Einarsson.
Jón Kristjánsson.	E. Ó. Kúld.
Jón Sigurðsson.	Þ. Guðmundson.

já:	nei
Pètur Pètursson.	Halldór Friðriksson.
H. G. Thordersen.	Jón Guðmundsson.
	Jón Hávarðsson.
	Jón Samsonsson.
	Magnús Andrèsson.
	Ólafur Sívertsen.
	Páll Sigurðsson.
	Stefán Jónsson.
	Vilhjálmur Oddsen.

Var þá breytíngaratkvæðinu hrundið með 14 atkvæðum gegn 7.

Síðan lèt *forseti* greiða atkvæði með nafnakalli um uppástúngu nefndarinnar, á sama hátt og áður.

„já“ sögðu:	„nei“ sögðu:
Guðmundur Einarsson.	V. Finsen.
R. M. Ólsen.	Þ. Gudmundson.
Ásgeir Einarsson.	Þ. Jónassen.
E. Ó. Kúld.	P. Pètursson.
Guðmundur Brandsson.	H. G. Thordersen.
H. Kr. Friðriksson.	
Jón Guðmundsson.	
Jón Hávarðsson.	
J. Kristjánsson.	
Jón Samsonsson.	
J. Sigurðson.	
Magnús Andrèsson.	
Ólafur Sívertsen.	
Páll Sigurðsson.	
Stefán Jónsson.	
Vilhjálmur Oddsen.	

Var þá uppástúngan samþykkt með 16 atkvæðum gegn 5.

Síðan lèt forseti greiða atkvæði um, hvort senda skyldi konúngi bænarskrá um þetta mál, og var það samþykkt með 16 atkvæðum gegn 5.

Forseti: Eg skal skýra þínginu frá því, að varaþíngmaður Reykvíkínga hefir tilkynnt mèr, að hann sè kjörinn formaður nefndanna í lagaskólamálinu og læknaskólamálinu. Þar eð ekkert nefndarálit er enn til mín komið, get eg ekki ákveðið næsta fund, en skal birta dagskrá svo fljótt sem verður.

Fundi slitið.

21. júlí — ellefti fundur.

Allir á þíngi nema hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, sem var sjúkur. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður hefir beðið sèr hljóðs.

P. Pètursson: Eptir ósk nefndar þeirrar, er sett var af þínginu í fjárkláðamálinu, skal eg leyfa mèr að skora á hinn háttvirta *konúngsfulltrúa,* að hann gefi þínginu upplýsíngu um, hvort hann frá stjórninni hefir annað eður frekara umboð fjárkláðamálinu viðvíkjandi, heldur en það, sem amtmönnunum sameiginlega var á hendur falið einkum hvað snertir stefnu þá, er þíngið ætti að taka í máli þessu, því mèr virðist þetta skipta miklu bæði hvað snertir gildi þíngstarfanna og árángur þeirra í tilliti til stjórnarinnar og þjóðarinnar.

Konúngsfulltrúi: Eptir áskorun hins heiðraða formanns fyrir nefndinni í fjárkláðamálinu skal eg skýra frá því, að eg viðvíkjandi því ekkert frekara umboð hefi feingið frá stjórninni, en getið er um í brèfi stjórnarherrans til mín um það efni. Frá inntaki þessa brèfs hefi eg þegar áður skýrt hinu heiðraða þíngi, og nefndin hefir feingið útleggíngu af því. Samkvæmt þessu brèfi hefi eg álitið mig hafa fullt umboð til þess, að leggja mál þetta fyrir þíngið, því þar er skýrt tekið fram, að frumvarp það, sem amtmennirnir semji, skuli konúngsfulltrúi leggja fyrir þessa árs alþíngi. Í danska textanum stendur nl., að frumvarp það, sem amtmennirnir semji: *„vil derefter ved den kongelige Commissarius være at forelægge det i indeværende Aar forsamlede Althing“.* Hèr af mun hið heiðraða þíng sjá, að stjórnin muni hafa ætlazt til, að þíngið ræddi og meðhöndlaði þessa sök, og að eg hafi haft fulla heimild til að skora á þíngið að taka hana til meðferðar; auk þess sem eg vona, að sèrhver hinna heiðruðu þíngmanna muni finna til þess, hversu áríðanda það er fyrir landið, að þessu málefni verði vel og haganlega ráðið til lykta, og að þessi tilfinníng muni verða þeim hvöt til þess, að leggja fram alla krapta sína til þess, að málið fái hin happalegustu endalok.

Jón Guðmundsson: Af því eg er einn af þeim, sem kosnir voru í nefnd þessa, vil eg fyrir hönd mína og meðnefndarmanna minna leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta *konúngsfulltrúa,* til hvers mundi þá heldur vera ætlazt af nefndinni, þess, að hún semdi álits-

skjal í máli þessu, eður þá heldur til hins, að hún semdi einskonar frumvarp.

Konúngsfulltrúi: Sem svar upp á spurníngu hins heiðraða *varaforseta* vil eg geta þess, að eg álít það sjálfsagt, að þíngið eigi að semja frumvarp, en ekki álitsskjal; því verði frumvarp tilbúið af þínginu og sent stjórninni með póstskipinu, getur það komið aptur frá stjórninni með póstskipinu í haust, og fyrri verða ítarlegri ráðstafanir, en nú þegar eru gjörðar, ekki óumflýjanlega nauðsynlegar. En semji nú þíngið einúngis álitsskjal, og sendi stjórninni það, hlýtur það án efa að taka leingri tíma að semja hentugt lagaboð um þær ráðstafanir, er gjörast skulu til að út rýma fjárkláðanum.

Forseti: Um þetta efni verður þá fullrætt að sinni; en eg skal leyfa mèr að geta þess, að mèr virðist það einnig samkvæmast fyrirmælum stjórnarinnar, sem hèr hafa komið fram í brèfinu til amtmannanna, að nefndin eigi að semja frumvarp til laga í máli þessu.

J. Sigurðsson: Eg vildi vekja máls á því, að þar eð sjúkdómur hins háttvirta 6. konúngkjörna þíngmanns vill leika svo leingi við, en þíng vort ekki of margmennt og má því eingan, og sízt hinna upplýstari þíngmanna missa, og allir vita, að mörg og mjög vandasöm mál eru fyrir hendi, og slík útivist eins duglegs þíngmanns getur haft mikil áhrif á upplýsíngar, útfall og atkvæðagreiðslu þeirra, þá vildi eg, segi eg, vekja máls á því, hvort þíngið ekki vildi hljóða að því við hinn hæstvirta *konúngsfulltrúa,* að hann vildi kalla inn varafulltrúann hinnar verzlegu valdstèttarinnar.

V. Finsen: Eg vil leyfa mèr að geta þess, að eg hefi fyrir skemmstu talað við hinn 6. konúngkjörna þíngmann, og hafði hann þá góða von um, að hann yrði frískur seint í þessari viku.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi meðtekið frá hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* skýrslu jarðamatsnefndarinnar, og hefi eg látið út býta henni, svo eg vona, að hver hinna háttvirtu þíngmanna hafi feingið hana. Eg skal því næst leyfa mèr að skýra þínginu frá bænarskrám, sem hafa verið sendar því viðvíkjandi málinu um fiskiverkun Frakka á Dýrafirði, og er þá fyrst bænarskrá dagsett Ísafirði 14. desember 1856, undirskrifuð af 4 mönnum, sem voru þar til kosnir í nefnd, „um að afbiðja, að frakknesk nýlenda verði stofnuð við Dýrafjörð"; hefir stjórninni verið send samhljóða bænarskrá með 392 nöfnum, dagsett Ísafirði 2. desember 1856. Sömu-

leiðis bænarskrá með 99 nöfnum, dagsett á Þíngeyri í Ísafjarðarsýslu 17. dag febrúar 1857, um, að leyfi til fiskiverkunar á Dýrafirði ekki verði leyft Frökkum nema með þessum kostum:

1. Að tollur væri með öllu aftekinn á Frakklandi á öllum þángað innfluttum fiskitegundum, að minnsta kosti þeim, er hèðan frá landi þángað flyttist, á svo vel annara þjóða sem sjálfra þeirra skipum.
2. Að Frakkar borgaði frá 3 mk. til 1 rd. af hverju því skippundi af eiginverkuðum fiski, er þeir hèðan flytti frá landinu.
3. Að þeir semdi við landeigendur um það svæði, er þeir þyrfti af fjöru og landi til fiskiverkunarinnar, og þeim sè það útmælt af viðkomanda sýslumanni.
4. Að þeim væri uppálagt að vera íslenzkum lögum háðir, einkanlegast veiðilagatilskipaninni af 20. júní 1849.
5. Að bann sè viðlagt allar óþarfaumferðir þeirra, skot eða nokkurs slags veiðiskap fyrir eður í annara landi, og
6. Að, að hverjum helzt af þessum skilmálum rofnum, skal vera þeirra hèr upphafin.

Enn fremur 3 samhljóða bænarskrár, með 124 nöfnum alls, dagsettar á frjálsum fundi í Suður-Múlasýslu í maí 1857, um, að Frökkum ekki verði leyft fiskiverkunarpláss á Íslandi af þessum ástæðum:

1. Að þjóðerni voru Íslendínga geti með því verið hætta búin.
2. Að fiskiveiðar Frakka yfir höfuð spilli atvinnuvegum Íslendínga.
3. Að Frakkar hafi að undanförnu opt gjört ýmsan óskunda, sem eingar bætur hafi feingizt fyrir, þó menn hafi borið sig upp við stjórnina, o. s. frv.

Forseti bar undir þíngið, hvort ekki ætti að afhenda nefnd þeirri, er kosin var í fiskiverkunarmálið bænarskrár þessar, og fèllst þíngið á það.

Forseti: Samkvæmt dagskránni átti einnig að koma fyrir í dag bænarskrá frá Ísfirðíngum um friðun fyrir selaskotum; en þar nokkrir þíngmenn hafa látið í ljósi, að þeir ætli að koma fram með uppástúngu hèr að lútandi, skal eg ekki leggja bænarskrána fyrir þíngið, fyr en þar til kemur.

Því næst kemur þá til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um lögleiðslu nokkurra lagaboða frá 1855—56; hefi eg látið prenta atkvæðaskrá í máli þessu og vona eg þíngmenn hafi hana fyrir sèr, sem og einnig lagaboð þau, sem hèr er um að ræða.

Atkvæðaskrá
í málinu
um lögleiðslu nokkurra lagaboða frá 1855—56.

1. Um lög 22. febrúar 1855 (um auglýsíngar):
   a, Nefndin: að þíngið biðji konúng um, að fyrirskipa, að þær auglýsíngar, sem eptir lögunum frá 9. maí 1855 eiga, auk þess að birtast í Berlíngsku tíðindum, að birtast í *Kjöbenhavns Adresse-Contoirs-Efterretninger* eða í viðkomanda *„Stiftsavis“,* megi með lagagildi birta í einhverju því blaði, sem kemur út í Reykjavík, og stjórnin ákveður.
   (Verði þetta samþykkt, fellur lagaboðið burt).
   b, Lög 22. febrúar 1855 óbreytt.
2. Lög 6. apríl 1855 (um leiguburð):
   a, Nefndin: að þetta lagaboð nái ekki lagagildi.
   b, Varaforseti: að § 2 sè felld úr lagaboðinu.
   c, Sami: að lagaboðið verði að öðru leyti gjört hèr gildandi.
   d, Lög 6. apríl 1855 óbreytt.
3. Lög 13. september 1855 (um útlenda sjómenn):
   a, Nefndin: að lagaboðið verði orðað þannig:
   „Það skal eptirleiðis, þegar skip, sem á heima í konúngsríkinu Danmörku, eða á Íslandi, er gjört út frá einhverjum stað í Danmörku eða hèr á landi, vera leyft“, o. s. frv.
   b, Lög 13. september 1855 óbreytt.
4. Lög 8. marz 1856 (um hæsta rèttar dóma):
   Nefndin: að lög þessi verði tekin óbreytt.
5. Lög 2. apríl 1855 (um ríkisortin):
   a, Nefndin: að í stað orðanna: „2 mánaði“, verði sett „1 ár“.
   b, Sama: að eptir orðin: „í konúngsríkinu“, verði sett: „og á Íslandi“.
   c, Lög 2. apríl 1855 (óbreytt eða með breytíngum).
6. Lög 28. marz 1855 (um lausar ríkisskuldir):
   a, Nefndin: að fyrri parturinn, frá orðunum: „ákvarðanir þær“, til orðanna: „1. d. aprílmán. 1855“, falli burt.
   b, Varaforseti: að § 2 falli burt.
   c, Nefndin: að § 3 falli einnig úr.
   d, Lög 28. marz 1855 (óbreytt eða með breytíngum).
7. Að formálarnir falli úr (orðabreytíng).
8. Uppástúnga *E. Ó. Kúlds:* að í álitsskjalinu til konúngs sè tekið

fram, að þíngið beiðist þess, að fylgt verði uppástúngum þess um breytíngar á hinum almennu lögum, þeim er hèr verða lögleidd.

Lèt *forseti* síðan afhenda málið framsögumanni, *Þ. Jónassen.*

Framsögumaður: Við undirbúníngsumræðu þessa máls var tekið það helzta fram, sem þurfa þótti. Nefndin hefir nú ítarlegar tekið fram uppástúngur sínar, og stúngið upp á þeim breytíngum, er henni þykir eiga við, ef lagaboð þau, sem hèr ræðir um, yrði hèr lögleidd, svo þíngið getur nú hæglega áttað sig á þeim. Nefndin verður enn að vera föst á því, að lögin af 6. apríl 1855 ekki eigi við hèr á landi og eigi því ekki hèr í lög að leiðast; sömuleiðis verður nefndin að halda fram með því, að lagaboð 28. marz 1855 með breytíngum þeim, sem nefndin hefir stúngið upp á, verði hèr lögleitt, og getur nefndin þannig ei fallizt á uppástúngu hins heiðraða *varaforseta,* um, að 3. greinin verði felld úr, því sú grein inniheldur svo almenna reglu, að ekki er við því að búast, að henni yrði sleppt, þó þess yrði beiðzt, og Ísland eitt undanþegið svo almennri ráðstöfun. Það, sem menn hafa á víð og dreif verið að tala um viðvíkjandi tilskipuninni af 18. febrúar 1847, virðist mèr liggja fyrir utan mál þetta, en vilji þíngið hreifa þessu atriði, þyrfti þar um sèrstaka uppástúngu. Hvað því næst snertir uppástúnguna nr. 8 á atkvæðaskránni, þá er eg fyrir mitt leyti ekki svo mjög á móti því, að hún verði tekin inn í bænarskrána, þó mèr fyrir mitt leyti finnist óhætt að gjöra ráð fyrir því, að stjórnin muni taka til greina breytíngartillögur þíngsins, og því óþarfi að biðja um slíkt. En þar sem við undirbúníngsumræðuna er eins og eg þegar sagði, búið að ræða mál þetta svo ítarlega í þess einstöku atriðum, álít eg það einúngis til óþarfa málaleingíngar nú aptur að fara að taka það fram með sömu eða líkum orðum, og skal eg því að svo stöddu ekki fara hèr um fleirum orðum.

Konúngsfulltrúi: Það eru einúngis 2 af þeim lagaboðum, sem spurníng er um, hvort fá skuli lagagildi hèr á landi eða ekki, sem eg finn hlýða að fara nokkrum orðum um, nl. lagaboð frá 6. apríl 1855 um frjálsan leiguburð af peníngum í vissum tilfellum og breytíngu á hegníngunni fyrir okur, og lög 28. marz 1855 um reikandi ríkisskuldir.

Þegar þetta mál var rætt hèr síðast, virtist mèr sem nokkur misskilníngur ætti sèr stað hjá sumum þíngmönnum, þar sem þeir töluðu á þá leið, sem löggjöfin um okur yrði færð hèr inn í landið, ef lagaboðið 6. apríl 1855 feingi hèr gildi; því verði þetta síðast-

nefnda lagaboð gjört hèr gildanda, þá flýtur einmitt beinlínis þar af, að löggjöfin um okur fellur að mestu leyti öldúngis burtu. Þessi löggjöf fellur eptir eðli sínu nl. öldúngis burtu í þeim tilfellum, hvar leiguburðurinn er að öllu leyti frjáls; en þar sem leiguburðurinn er fast ákveðinn, hvað eð á sèr stað um peníngalán móti veði í fasteignum, þar verður því nær sem aldrei spursmál um, að okurlögin sè yfirtroðin, því þess háttar peníngalán ná optastnær talsverðri upphæð, eru optast nær tekin fyrir leingra tímabil, og hafa svo mikla vissu á báðar síður í för með sèr, að hvorugur partanna hugsar til þess, að taka eða gefa hærri leigu en lögin leyfa. Tilskipanin 14. maí 1754 er að sönnu, að svo miklu leyti mèr er kunnugt, ekki þínglýst hèr á landi; en henni hefir þó bæði að nokkru leyti verið fylgt *in praxi,* og líka er hún nú, sem einn partur af hinum dönsku hegníngarlögum, gildandi hèr á landi eptir tilsk. 24. jan. 1838. Það yrði því hin nánasta verkun af því að gjöra hèr gildandi lögin 6. apr. 1855, að okurlöggjöfin að mestu leyti geingi hèr úr gildi, og má það álíta mikinn velgjörníng; því okurlöggjöfin er þess eðlis, að hún veikir alla tiltrú manna á milli, og gjörir menn tortryggna í öllum viðskiptum; því sá, sem tekur peníngalán, og geldur þar af hærri leigu en vera má, getur, hvað lítil sem hækkunin er, svipt sinn lánardrottin höfuðstólnum, og öðlast mikið af honum til eignar, með því að ljósta upp (*angive*) málinu. Okurlöggjöfin er þar að auki svo á sig komin, að það er hægðarleikur fyrir alla slæga og illaþeinkjandi menn, þó þeir sem mest yfirtroði okurlögin, að komast hjá þeirri hegníngu, sem þar er við lögð; hvar á móti hinir einfaldari opt verða flæktir í slíkum lögum, þó yfirsjónir þeirra sè litlar. Sú breytíng á okurstraffinu, sem 4. grein laganna 6. apr. 1855 inniheldur, er veruleg endurbót, sem þíngið ekki ætti að hika við að leiða hèr í lög.

Sumum þíngmönnum hefir þótt það óviðurkvæmilegt, að leigan hefir verið lækkuð af peníngum ómyndugra og opinberra stiptana, sem teknir eru á leigu í ríkissjóðinn. En þetta er vissulega eingin rètt skoðun. Ríkissjóðurinn hefir einga beina skyldu til, að taka slíka peninga til láns móti hærri leigu, en stjórnin finnur haganlegt að gefa, og Ísland verður í þessu tilliti að lúta þeim sömu lögum, sem aðrir partar ríkisins. Að leigan af þeim peníngum, sem hèr ræðir um, hefir verið niðursett, er grundvallað á því, að slíkar reikandi ríkisskuldir, hvar upp má segja höfuðstólnum, þegar það má ske kemur sèr sem lakast, eru mjög óhaganlegar og útdráttarsamar

fyrir ríkissjóðinn, og líka er það ósk stjórnarinnar, að slíkir peníngar verði heldur lánaðir prívatmönnum, móti lögboðnu veði, til þess að þeir þannig geti verkað til eflíngar atvinnuveganna, og með því orðið sem arðsamastir fyrir land og lýð. Það getur eigi heldur orðið þeim mönnum, er hafa opinberra stiptana fè undir höndum, að neinum vandræðum að utvega stiptununum 4 af hundraði af peníngum þeirra, því þeir geta keypt konúngleg skuldabrèf, er árlega gefa 4 af hundraði. Það er því ekki einúngis óhætt, að innleiða hèr lög 28. marz 1855, heldur mundi það verða þýðíngarlaust að neita þeim um, að fá gildi hèr á landi, því fjárhagsstjórnarherrann mundi allt fyrir það ekki taka peninga fyrir hærri leigu inn í jarðabókarsjóðinn, en nú er ákveðið.

Framsögumaður: Eg vildi einúngis geta þess, þar sem breytíng sú, er nefndin hefir farið fram á viðvíkjandi lögum 22. febr. 1855, og sem á atkvæðaskránni stendur undir tölulið 1. *a*, ef til vill, getur misskilizt; meiníng nefndarinnar var sú, að í staðinn fyrir auglýsíngar í *„Adresse-Contoirs-Efterretninger“* kæmi slíkar auglýsíngar eptirleiðis út í einhverju blaði, sem kemur út í Reykjavík og stjórnin tiltekur, en að auglýsíngarnar að öðru leyti komi eins eptir sem áður út í *„Berlíngskum tíðindum“*.

E. Ó. Kúld: Eg get ekki annað en verið ánægður með nefndina að því leyti, að hún hefir farið fram á sem fæstar breytíngar, að líkindum, eptir því sem hinn heiðraði *framsögumaður* játaði við undirbúníngsumræðuna, af því að nefndin hefir haldið, að það mundi koma fyrir ekki, þó hún gjörði þær, því stjórnin mundi ekki heldur núna, en 1853, hafa mikið tillit til þeirra. Að öðru leyti vildi eg, ef til vill, helzt, að ekkert af lagaboðum þessum, eins og þau nú liggja hèr fyrir, væri leitt hèr í lög nema lagaboðið um hæsta rètt, því þó mèr virðist lagaboð 6. apríl 1855 fremur vera vörn móti okri en heimild, þá tekur mèr samt ekki svo mjög sárt til þess, að eg kæri mig um það að sinni. Hvað uppástúngu mína nr. 8 á atkvæðaskránni snertir, þá er eg hræddur um, að hún, eins og hún er sett á atkvæðaskrána, geti orðið miskilníngi undirorpin; meiníng mín var einúngis, að því væri farið fram í bænarskránni, að meira tillit væri frá stjórnarinnar hálfu haft til breytínga þeirra við lagaboðin, er alþíngi stíngi upp á, en áður hefir stundum átt sèr stað, eins og eg tók fram við undirbúníngsumræðu þessa máls, og skal eg í þessu tilliti biðja hina heiðruðu þíngmenn að leggja ei fyllri þýðíngu í orð mín, en þau voru meint.

Jón Guðmundssson: Það væri nú fyrir mèr, eins og hinum heiðraða varaþíngmanni úr Snæfellsnessýslu, að eg væri öldúngis ánægður með nefndarálitið, ef eg vildi, eins og hann, fella það allt, því þá þarf sannarlega ekki mikið til að vera ánægður; en þar eð eg vil ekki fella öll lagaboðin, þá get eg ekki verið eins ánægður með nefndarálitið. Eg er því samþykkur, er hinn háttvirti *framsögumaður* sagði viðvíkjandi uppástúngu nefndarinnar staflið 1. *a*, að það eigi að birta allar slíkar auglýsíngar í einhverju íslenzku blaði. Þetta er fyllilega nauðsynlegt bæði í stjórnarlegum og lagalegum skilníngi, og því fellst eg á breytíngu nefndarinnar, að auglýsíngar, er geta að nokkru snert hag Íslendínga og vandi er og lögskipað að birta í blöðum, sè birtar í blaði hèr í landi, því sú breytíng er öldúngis nauðsynleg, vegna þess að fáir Íslendíngar eru erlendis, eða eiga kost á að lesa dönsk blöð; Eg er samdóma hinum háttvirta *konúngsfulltrúa,* viðvíkjandi því, er hann sagði um frjálsan leiguburð af peníngum í viðskiptum manna á milli; því það er öldúngis öfug skoðan, sem hèr á landi er svo almenn, þvert í móti því, sem er í flestöllum öðrum löndum, að álíta ekki peníngа öldúngis eins og hverja aðra vöru; þar sem þeir gánga í verzlun og viðskiptum rètt eins og hver önnur vara og eru sömu lögum bundnir, að þeir geta ekki altíð feingizt með sömu kjörum; öldúngis eins og kaupmenn selja vöru sína stundum dýrara en stundum, allt eptir þeirri vissu, sem þeir hafa um borgunina, selja sömu vöruna þeim með miklu vægara verði, sem er áreiðanlegur eða borgar hana út í hönd, og aptur með hærra verði þeim, sem líkindi eru fyrir að borgi hana seint og í slitríngi, allt að einu eiga peníngalánin, einkum veðlaus skyndilán og smálán að vera með frjálsum leiguburði á þann hátt, sem lánardrottni og skuldunaut, um semur. Það er og með öllu óviðurkvæmilegt, eins og eg lèt í ljósi við undirbúníngsumræðu þessa máls, að þar sem vèr höfum sömu mynt og Danir, að vèr skulum hafa allt önnur lög um leigu af peníngunum. Mèr þykir það annars merkilegt af nefndinni, og skoplegt, að hún skyldi ekki vilja aðhyllast lagaboðið 6. april 1855, sem er nauðsynlegt og gott fyrir oss, en vilja taka lagaboðið 28. marz 1855, sem miðar til að helga ráðgjafaskipun þá, er hefir niðurbrotið konúnglega tilskipun, sem er í fullu gildi hèr á landi; það er eins og nefndin finni sèr skylt að fá þíngið til að samþýðast allt, sem stjórnin skipar oss, hversu illt sem það er, en að hafna og fleygja frá sèr öllu því, sem stjórnin býður oss og vísar oss á, hversu gott sem það er. Eg get ekki með öllu verið hinum háttvirta *konúngsfull-*

trúa samdóma í því, er hann sagði viðvíkjandi lagaboðinu 28. marz 1855, og mæli eg þó ekki eitt orð í móti því, sem hann sagði, áhrærandi hina lækkuðu vexti af lausum ríkisskuldum, 3%, en það er eingin ástæða til að meina að setja minni upphæð í einu inn í jarðabókarsjóðinn en 100 rdl., þar sem þetta er leyft með tilskipuninni 1847, sem enn þá er í fullu gildi hèr, því ráðgjafaskipunin getur ekki löglega raskað henni; þess vegna er eg því ekki mótfallinn, að fella alveg þetta lagaboð; en færi svo, álít eg nauðsynlegt að koma fram með sèrskilda uppástúngu um, að aptur verði kölluð ráðgjafaskipunin, sem sagt er að þegar sè farið að fylgja, þvert ofan í tèða tilskipun, og er þessi aðferð má ske miklu beinni og tiltækilegri heldur en hin, að lögleiða hèr lagaboð 28. marz 1855, með því skilyrði að fella úr því 2. gr.

Viðvíkjandi 8. uppástúngunni á atkvæðaskránni skal eg að eins geta þess, en það er að eins orðabreytíng, sem leiðrètta mætti og taka til greina í álitsskjalinu til konúngs, að vekja máls á, nefnil. að það yrði tekið svo fram, að þegar þíngið stíngur upp á breytíngum við eitthvert lagaboð, sem fyrir það er lagt og samþykkir það síðan til lögleiðslu hèr með þeim breytíngum, þá sè þetta beint skilyrði af þíngsins hálfu fyrir því, að það vilji fá lagaboðið hèr lögleitt, eða með öðrum orðum, þíngið ræður frá, að lögleiða hèr lagaboðið óbreytt, en það er einmitt þetta, sem stjórnin hefir ekki viljað taka til greina, við ýms lagaboð, er hafa verið lögð fyrir undanfarandi þíng.

Þ. Guðmundsson: Eins og eg áður lèt í ljósi við undirbúníngsumræðu þessa máls, þá er eg enn fastur á því, að lögin 28. marz 1855 eigi ekki við hèr á landi, og það af hinum sömu ástæðum, sem eg þá tilgreindi. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hèlt, að það mætti ráða bót á niðurfærslu rentunnar til 3 af hdr. með því, að kaupa sèr *Obligationer* til 4%; þá er eg hræddur um, að það verði þó ekki hentugt; því eg ímynda mèr, að það sè þær svo kölluðu *„uopsigelige Obligationer“*, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* meinar, því eg skil ekki, hvers vegna þær hafi hærri rentu, en hinar, nema af því að þær eru ekki *„opsigelige“*. En þetta mun þó ekki bæta úr vandkvæðum þeirra, sem hafa opinbert og ómyndugra fè undir hendi, því þessar *„Obligationer“* munu þó varla, að eg held, vera upp á minna en 100 rdl. Svo er það og óhentugt fyrir hina ómyndugu að eiga *„uopsigelige Obligationer,“* því þeir þurfa að fá fè sitt, þegar þeir eru orðnir myndugir, og stúlkurnar, þegar þær giptast, og svo þyrfti menn þá að hafa umboðsmann í Kaupmannahöfn og gefa

honum fullmakt til að kaupa þær, og mun það verða örðugt fyrir menn upp til sveita að útvega sèr hann. Eg er því samdóma hinum háttvirta *varaforseta*, að ráðgjafaskipuninni sè kippt úr gildi.

Konúngsfulltrúi: Eg skal með tilliti til þess, sem hinn heiðraði þíngmaður mælti, geta þess, að það er eingum vandkvæðum bundið, að kaupa hin áminnztu óuppsegjanlegu konúnglegu skuldabrèf, því þó höfuðstólnum verði ekki uppsagt, þá má selja þau fyrir fullt verð, hve nær sem eigandi þarf eða óskar.

H. Kr. Friðriksson: Eg vildi að eins vekja máls á því, að mèr þykir það óljóst, hvort uppástúnga nefndarinnar, staflið 1. *a*, geti, eins og hún er hèr orðuð, skilizt sem breytíng á lagaboði 22. febrúarm. 1855, eða hún sè uppástúnga um nýtt lagaboð, og í öðru lagi, hvort það eigi að gánga til atkvæða um hana, eins og hún er hèr á atkvæðaskránni, eða eins og hinn háttvirti *framsögumaður* nú skýrði hana í ræðu sinni.

Forseti: Eg hefi skilið uppástúnguna stafl. 1. *a*, svo, að hún eigi að koma í stað lagaboðsins, svo að ef hún verði samþykkt, þá falli lagaboð þetta burt að öðru leyti. En hvað því við víkur, að uppástúngan er ekki beinlínis orðuð sem lagaboð, þá virðist mèr það ekki geta verið hèr til fyrirstöðu, því bæði er mál þetta álitsmál, og eptir alþíngistilskipuninni er það einnig nóg, að tekið sè fram aðalefnið, eins og hèr er gjört, að í stað „*Kjöbenhavns Adresse-Contoirs Efterretninger*“, eða viðkomanda *Stiptsavis*“ skuli koma blað, sem út kemur hèr í Reykjavík.

Á. Einarsson: Eg vildi fræðast á því af hinum háttvirta *konúngsfulltrúa*, hvort það verði ekki eins örðugt með að kaupa og selja þessi skuldabrèf, eins og að ná út höfuðstólnum, eða hvort menn verði ekki að koma þeim út ytra, og í öðru lagi, hvort þess konar skuldabrèf fást undir 100 rd. hvert um sig.

Konúngsfulltrúi: Mèr er það að vísu ekki vel kunnugt, hvort konúngleg skuldabrèf eru til, sem hljóða upp á minna en 100 dali (*V. Finsen:* Jú, upp á 25 dali). Já, ef svo er, sem eg eigi efa, þá falla að öllu leyti þau vandkvæði burtu, er hinn heiðraði þíngmaður talaði um.

V. Finsen: Eg skal leyfa mèr að fara fáeinum orðum um þetta mál, og ætla eg þá að snúa mèr að uppástúngu hins heiðraða *varaforseta* staflið 6. *b*. Eg er enn á sama máli, eins og eg lèt í ljósi við undirbúníngsumræðuna, að það sè ótiltækilegt fyrir þíngið, að stínga upp á þeim breytíngum, sem það verður að sjá, að ekki

geta orðið teknar til greina, og það hlýtur þínginu að vera ljóst, að svo er ástatt í þessu efni, því vèr getum ekki haft nein áhrif á lög lau, sem sett eru um leigufè í ríkissjóðnum, því yfir þeim sjóði get eg ekki álitið að við höfum neitt vald. Þar sem hinn heiðraði *varaforseti* sagði, að ráðherraskipunin hefði verið gjörð af handahófi og að hún væri í stríði við tilskipun 18. febrúar 1847, þá verð eg að segja, að eg get hvergi fundið það í henni, að leyft sè að setja undir 100 rd. inn í jarðabókarsjóðinn; eg þekki ekki annað um það efni en rentukammerbrèf, sem nú má breyta með ráðherrabrèfi. Hinn heiðraði *varaforseti* talaði margt um það, að tilskipuninni 1847 væri breytt með ráðgjafaskipun; en hún liggur ekki hèr fyrir, og því er einúngis hèr um það að ræða, hvort vèr viljum að lagaboðið verði lögleitt eða ekki. Annars vil eg benda þínginu til þess, að þar sem það er ósk manna, að alþíngi fái löggjafarvald, þá mun það fremur spilla fyrir, ef vèr sýnum oss í því, að vilja breyta þeim lögum, sem vèr ekki fáum breytt, sem eru svo almenns eðlis, að þau hljóta að vera þau sömu fyrir okkur, eins og fyrir Danmörku, og kynni menn að álíta, að vèr mundum þá fara sama fram síðar, ef við feingjum löggjafarvald. Eg get heldur ekki fallizt á uppástúngu varaþíngmanns Snæfellínga, staflið 8., því ef þíngið ræður til einhverra breytínga, þá gjörir það það með öllum þeim myndugleika, sem það hefir, og þess vegna á ekki við að biðja að auki innilega um, að þær sè teknar til greina; það er annað mál, að maður getur beðið um löggjafarvald, en þar um er ekki spursmál í þessu máli, og á meðan vèr höfum ekki annað en ráðgjafarvald, sè eg ekki betur, en að það leiði af sjálfu sèr, að stjórnin er ekki skuldbundin til að fara eptir tillögum vorum, og að hún þess vegna geti vikið frá tillögum alþíngis.

G. Einarsson: Eg get eingan veginn fallizt á það, er hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður, sem nú settist, mælti. Það væri þó merkilegt, mætti alþíngi ekki með greind og stillíngu segja álit sitt um mál þau, sem það hefir til meðferðar, hvort svo sem stjórnarherrunum eða ríkisdeginum geðjaðist að því eða ekki. Hann sagði á þá leið, að þessi hreinskilni og einurð þíngsins, sem eg svo kalla, mundi verða því, ef til vildi, til fyrirstöðu, að þíngið feingi löggjafarvald; eg fyrir mitt leyti vil nú ekki vinna það til löggjafarvaldsins, að þíngið sleppi hreinskilni og einurð. Á hinn bóginn álít eg, að stjórnin mætti hneyxlast á gúnguhætti þíngsins, bæri gjörðir þess það með sèr, að það skerti hreinskilni og einurð. Annað mál er

það, þó að vèr Íslendíngar fáum ekki allt það, sem vèr biðjum um ýmsra ástæða vegna, og þó að því kynni stundum að bregða fyrir, eins og altízka er í veröldinni, að sá yrði að lúta, sem lægra hefir valdið. En hvað því við víkur, að stjórnarherrann hefir fyrirskipað, að hèr skuli, eins og í Danmörku, veita að eins viðtöku í jarðabókarsjóðinn til leiguburðar þeim peníngaupphæðum, sem nema 100 rd. eða meiru, þá er þessi ákvörðun gagnstæð þeirri stefnu, sem geingur gegnum lögin í peníngasökum, þar sem Ísland er borið saman við Danmörku, því þar mun upphæðin, hvað Ísland snertir, vera ákveðin hálfu lægri og þaðan af meira. Hvað við víkur því, er sami heiðraði þíngmaður sagði í tilliti til uppástúngunnar undir töluliið 8 á atkvæðaskránni, þá samsinni eg því, að stjórnin er ekki skuldbundin í lagalegum skilníngi til að fara eptir tillögum þíngsins, en þíngið gjörir þó breytíngarnar í því skyni, að stjórnin taki þær til greina og hrindi þeim ekki án yfirgnæfandi ástæða; en hvekkist þíngið aptur og aptur á hinu gagnstæða, þá er hætt við, að ekki fari betur, neyddist þíngið til að grípa til þeirra óyndisúrræða að láta hart mæta hörðu og neita öllum þessum dönsku almennu lagaboðum.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, verð eg að álíta ályktarumræðu þessa máls lokið, og skal eg því biðja þíngmenn að gánga til atkvæða.

Síðan voru atkvæði greidd og urðu þau á þessa leið:

1. *a,* Uppástúnga nefndarinnar, samþykkt með 20 atkvæðum gegn einu.
   b, Fallið burt.
2. *a,* Uppástúnga nefndarinnar hrundið með 11 atkv. gegn 8.
   b, — — *varaforseta* samþykkt með 18 atkvæðum.
   c, LÖG,

   með hverjum leiguburður af peníngum í vissum tilfellum er látinn frjáls, og straffi fyrir okur breytt m. m.; dags. 6. d. apr. 1855. Lesin upp með áorðinni breytíng, þannig:

§ 1.

Sá leiguburður af peníngum, sem með tilskipun frá 20. marz 1815 § 7, samanb. opið brèf frá 22. nóvember 1820 § 2, almennt er ákveðin, fjórir ríkisdalir af hverjum hundrað dölum, skal eptirleiðis einúngis vera gildandi um lán í fasteignum, en í öðrum peníngalánum skal leiguburðurinn vera frjáls.

§ 2.

Þegar skuldunautur ekki borgar skuld sína á rèttum gjalddaga, er hann skyldur til upp frá þeim degi, sem lánardrottinn hans sækir hann löglega til skuldalúkníngar, og þángað til borgun skeður, að borga einum dal hærri leigu en lög áskilja, eða samið hefir verið um milli hlutaðeigenda, eða sem siður og venja er til milli kaupmanna.

Þessu skal einnig fylgt um lán í fasteign, þó þannig: að seinni veðhafendur ekki skulu gjalda þess, að sú algeinga leiga af slíkum lánum er hækkuð.

§ 3.

Í staðinn fyrir það okur-straff, sem dönsku laga 5. bókar 14. kap. 5. artik., og tilskipun frá 14. maí 1754 § 6 ákveður, að höfuðstóllinn skuli upptækur, ber þessu lagabroti eptirleiðis að hegna með fjársekt, er samgildi fjórum til tuttugu sinnum þeim arði, sem tekinn hefir verið ólöglega, svo framarlega upphæðin verði nákvæmlega upplýst, en ef þess ekki er kostur, liggja við því fjárbætur eptir málavöxtum.

§ 4.

Sú takmörkun í þóknuninni til milligaungumannsins, sem tilskipun frá 14. maí 1754 § 6 ákveður, skal ásamt hegníngu þeirri, sem við því lá, ef út af var brotið, vera úr lögum numin".

og samþykkt (eptir uppástúngu *varaforseta)* með 14. atkv. móti 6.

d, Fellur burt.

3. *a,* Uppástúnga nefndarinnar, að lagaboðið verði þannig orðað: „það skal eptirleiðis" — „vera leyft" einnig að taka útlenda sjómenn á mála, þó þannig: að auk skipsstjóra og stýrimanna helmíngur skipverja sè þeir menn, er eigi heima í því danska konúngsveldi, samþykkt með 14. atkv. gegn 8.

b, Fallið burt.

4. Uppástúnga nefndarinnar: að lögleiðist

LAGABOÐ,

sem fyrirskipar, að hæsti rèttur skuli gefa ástæður fyrir dómum sínum;

dagsett 8. d. marzm. 1855 (svo hljóðanda):

§ 1.

„Hæsti rèttur á að til greina þær ástæður, á hverjum dómar hans eru byggðir.

§ 2.

Það er á hæsta rèttar eigin valdi, að gjöra þetta, hvort heldur hann vill með því, að til greina ástæðurnar skriflega, eða með atkvæðagreiðslu í heyranda hljóði.

§ 3.

Sè dómsatkvæðið rèttlætt skriflega, má, ef þess þarf með, fresta því að gjöra það til næsta eða næstu daga, eptir að dómsatkvæðið er samþykkt. Þó má ekki taka neitt nýtt mál fyrir, fyr en búið er að birta dómsatkvæðið í málinu, sem dæma á, ásamt ástæðunum fyrir því.

§ 4.

Fari atkvæðagreiðsla fram í heyranda hljóði, má ráðgast um hana á undan innan luktra dyra.

§ 5.

Hæsta rètti veitist sjálfum heimild til, nákvæmar að ákveða, hvernig þessu lagaboði verði veitt fullnusta.

§ 6.

Lagaboð þetta öðlast lagakrapt með byrjun hæsta rèttar ársins 1853, og þá gánga um leið úr gildi þær ákvarðanir í lögum þeim, sem nú gilda um hæsta rètt, sem ekki geta staðizt með þessu lagaboði.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur þegnsamlegast sèr að hegða". Samþykkt með 21 atkvæði.

5. *a,* Uppástúnga nefndarinnar: samþykkt með 20 atkvæðum.
b, — — sömu: samþykkt með 20 atkvæðum.
c, — — sömu: að lögleiðist

LÖG,

um

innköllun af þeim gömlu ríkisortum eða spesíufimmtúngum;

dagsett 2. d. aprílm. 1855 (svo hljóðandi):

„Þeir spesíufimmtúngar, sem gánga undir nafninu „ríkisort" og gilda 24 skildínga í dönskum kúranti, en eptir tilskip. frá 31. júlí 1818 gánga á 38 sk. hvert, en 5 á 2 rd., eiga að falla úr gildi.

Fjárstjórnarráðherrann má ákveða það tímabil (þó ekki skemmra en 1 ár frá því auglýsing hèr að lútandi er birt almenníngi), á hverju ofannefndri myntartegund veitist, eins og hún nú geingur, móttaka í opinberar afgreiðslur í konúngsríkinu og á Íslandi. Þegar þessi tími er útrunninn, veitist ríkisortum ekki móttaka nema fyrir 36 skildínga, og þau hætta upp frá því, öldúngis að vera borgunarmeðal manna á milli, nema eptir frjálsu samkomulagi.

Eptir þessu eiga allir sèr þegnsamlegast að hegða".

Samþykkt með 19. atkv. móti 1.

6. *a,* Uppástúnga nefndarinnar, samþykkt með 13 atkv. móti 3.
   b, — — *varaforseta,* samþykkt með 17 atkv. gegn 3.
   c, — — nefndarinnar, samþykkt með 16 atkv.
   d, Lög 28. marz 1855 felld með 19 atkv. gegn 1.
7. (Orðabreytíng) samþykkt án atkvæða.
8. Uppástúnga *E. Ó. Kulds* samþykkt með 15 atkv. gegn 3.

Forseti: Eg skal skýra þínginu frá því, að eg hefi feingið frá hinum háttvirta *framsögumanni* í málinu um verzlunarrèttindi Seyðisfjarðar frumvarp til bænarskrár til konúngs í þessu máli.

Síðan las *forseti* frumvarpið upp, og var það samþykkt, svo hljóðanda:

„Til konúngs.

Varaþíngmaður Norður-Múlasýslu *V. Oddsen* flutti til alþíngis bænarskrá, undirskrifaða á fundi að Þínghöfða í Norður-Múlasýslu 3. júní þ. á. af kosnum mönnum frá 8 hreppum, með þeirri bæn, að þíngið allraþegnsamlegast færi þess á leit, að yðar konúnglegu hátign mætti allramildilegast þóknast að gjöra það að lögum, að Seyðisfjörður yrði valinn í stað Eskifjarðar til að verða aðalverzlunarstaður í Austfirðíngafjórðúngi eður í báðum Múlasýslunum. Þíngið kaus 3 manna nefnd til að íhuga þetta mál, og var það síðan rætt á 2 lögskipuðum fundum, og leyfir þíngið sèr nú allraþegnsamlegast, að bera upp álit sitt um mál þetta, og senda þar um bænarskrá, af eptirfylgjandi ástæðum:

Að þetta hið sama mál hefir áður komið fyrir þíngið og að stjórnin þá í ástæðunum fyrir frumvarpi sínu til þjóðfundarins 1851 um siglíng og verzlun á Íslandi tók það fram, að Seyðisfjörður mundi bezt fallinn til að verða aðalverzlunarstaður í Austfirðíngafjórðúngi, og var þjóðfundurinn þessu samþykkur eins og líka ríkis-

þíng Dana, þángað til allt í einu þetta breyttist með tilskipun 15. apríl 1854, og Eskifjörður var valinn í stað Seyðisfjarðar, án þess að þessi breytíng væri borin undir alþíngi;

að flestir þíngmenn voru á því, að nokkur munur væri á Seyðisfirði og Eskifirði; því á hinn fyrnefnda væri bæði styttri og betri innsiglíng;

að vegurinn úr uppsveitunum, — einhverjum hinum fjárríkustu hèr á landi — er heldur styttri, greiðfærari og vatnaminni;

að á Seyðisfirði er hentugt, nægilegt og óhult svæði til byggíngar; þar á móti er það auðsætt hverjum þeim, sem þekkir til Eskifjarðar, að þar verður ekki fjölgað húsum til muna fram yfir það, sem nú er; því reynslan hefir þegar sýnt, að þau verzlunarhús, sem þar eru, eingan veginn standa á óhultum stað fyrir vatnsflóðum og grjótskriðum;

að Seyðisfjörður á þeim fáu árum, síðan verzlun komst þar á, hefir tekið svo miklum framförum, að hann nú ber af Eskifirði, sem þó er miklu eldri verzlunarstaður.

Af þessum ástæðum leyfir alþíngi sèr með 18 atkvæðum gegn 2 allraþegnsamlegast að biðja þess, að yðar konúnglegu hátign allramildilegast mætti þóknast að breyta verzlunarlögunum af 15. apríl 1854 í § 2 þannig, að í stað Eskifjarðar verði Seyðisfjörður í Norður-Múlasýslu valinn til aðalverzlunarstaðar í Austfirðíngafjórðúngi.

Reykjavík, 21. dag júlímánaðar 1857.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. *H. G. Thordersen.*

Forseti kvaðst mundu birta dagskrá til næsta fundar, svo fljótt sem yrði.

Fundi slitið.

---

22. júlí — tólfti fundur.

Allir á fundi nema hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, sem var sjúkur. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni leyfi eg mèr að leggja fyrir þíngið nokkur skjöl og skýrslur viðvíkjandi fjárkláðamálinu, sem um stund hafa legið á lestrarsalnum, og eru þau þessi:

Ávarp frá Saurbæjarhreppi í Borgarfjarðarsýslu með 14 nöfnum, í hverju er afbeðinn algjörður niðurskurður fjárins.

Ávarp frá Grímsneshreppi, í hverju er afbeðinn algjörður niðurskurður, eptir atkvæðagreiðslu með 73 nöfnum mót 2.

Ávarp frá Hraungerðishreppi, með 42 nöfnum, sama efnis, og fylgdu því uppástúngur frá dannebrogsmanni Á. Magnússyni, í frumvarpsformi, um vörnun fjárkláðans.

Ávarp frá Gaulverjabæjarhreppi með 39 nöfnum, sama efnis.

Ávarp frá hreppstjóranum í Villíngaholtshreppi, í nafni hreppsbúa, er lýtur að sama efni.

Ávarp frá Stokkseyrarhreppi með 44 nöfnum, líks efnis.

Skýrsla frá prestinum síra G. Thórarensen, um fjárkláða-sjúkar kindur, sem fundizt hafi í Skaptafellssýslu og Rángárvallasýslu.

Ávarp frá hreppstjórunum í Ölveshreppi í nafni 50 hreppsbúenda þar, líks efnis.

Þessi skjöl leyfi eg mèr með væntanlegu samþykki þíngsins að afhenda nefnd þeirri, sem þegar er sett til að íhuga fjárkláðamálið.

Þar næst kemur, samkvæmt dagskránni undirbúníngsumræða í málinu um laun málaflutníngsmanna við yfirrèttinn; *framsögumaður* er þíngmaður Snæfellínga, og læt eg afhenda honum nefndarálitð í málinu til upplesturs. *Framsögumaður* las síðan upp nefndarálitið, svo hljóðanda:

„Hið heiðraða alþíngi hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd til að segja álit vort um, hversu að fá megi fè það, sem samkvæmt konúnglegri auglýsíngu til alþíngis vantar til launa þeirra málaflutníngsmanna, er alþíngi 1855 í þegnlegri bænarskrá fór fram á að settir yrði við landsyfirrèttinn. Eptir að vèr vandlega höfum íhugað þetta mál, skulum vèr nú leyfa oss að skýra hinu heiðraða þíngi frá áliti voru á þessa leið.

Eins og það í svari stjórnarinnar til alþ. 1855 er talin tryggíng fyrir því, að mál manna fái sem rèttvísust úrslit, að lögfróðir menn færi málin við dómstólana, eins verður nefndin enn fremur að styrkjast í áliti alþíngis 1855 um nauðsyn þá, er ber til þess að setja hèr við yfirrèttinn lögfróða málaflutníngsmenn, með því að stjórnin virðist og algjörlega samþykk áliti þíngsins í þessu tilliti, eins og sjá má á auglýsíngunni til þessa þíngs. Nefndin er því eindregin á því að ráða þínginu til, að beiðast enn á ný þess, að þessu verði sem fyrst framgeingt. Í bænarskrá alþíngis 1855 er það

tekið fram, að málaflutníngsmenn þessir sè 2 eða 3, en á auglýsíngu konúngs til þessa þíngs sýnist mega ráða, að stjórnin álítur nægilegt, að þeir sè 2, og kemur það saman við skoðun nefndarinnar, en þó álítur nefndin, að þeir þó eigi ekki að fá takmarkalaust einkaleyfi til að færa öll einstakra manna mál (*privat*- mál) við yfirrèttinn, því það virðist nefndinni of mikið þraungva rètti einstakra manna, einkum ef málaflutníngsmenn að eins verða 2. Að sönnu er það í auglýsíngunni tekið fram, að fè muni skorta til að launa þessum málaflutníngsmönnum, og skulum vèr nú skýra hinu heiðraða þíngi, hversu vèr ætlum að megi úr því ráða. Í hinni konúnglegu auglýsíngu er gjört ráð fyrir, að þessir málaflutníngsmenn fái til launa árlega 3 eða 400 rdl., og í uppástúngunni til þíngsins er þeim ætlað hverjum 400 rdl.; en þar eð stjórnin hefir álitið svo mikið fè megi ei taka úr sakagjaldssjóðnum, og nefndinni, eins og síðar skal getið, þykir ísjárvert, að svo stöddu, að taka fè úr jafnaðarsjóðunum, þá hefir nefndin hugsað sèr, að ekki væri ótiltækilegt, að ætla þeim fyrst um sinn hverjum 250 rdl., heldur en að dráttur verði á þessu naudsynlega málefni. Nefndin játar nl. að sönnu, að þessi laun eingaungu sè allt of lítil fyrir embættismenn, sem búa á í Reykjavík, en nefndin þykist aptur sjá fram á það, að óhætt muni að ætla, að þeir geti unnið sèr inn allt að því annað eins, bæði með því, að flytja hèr mál einstakra manna við yfirrèttinn og við mörg önnur störf, er þeir hèr gæti feingið fyrir utan dómstól þann, er þeir væri settir við; þess utan hyggur nefndin, að þeir mundi öðlast betra meðmæli, til sýslumannaembætta hèr á landi, ef þeir sýna sig duglega málaflutníngsmenn við yfirrèttinn.

En jafnvel þó að þessi föstu laun málaflutníngsmannanna yrði ei ákveðin hærri en 250 rdl. fyrir hvorn, þá vantar þó 150 rdl. til launa þeirra, eptir því, sem sjá má af hinni konúnglegu auglýsíngu til alþíngis, þar sem er gjört ráð fyrir, að sakagjaldssjóðurinn að eins geti árlega lagt til launa þeirra 350 rdl. Í uppástúngunni til þíngsins var farið fram á, að það, sem á brysti til þess, sem sakagjaldssjóðurinn gæti tillagt, yrði tekið fyrst um sinn úr jafnaðarsjóðum amtanna; en eins og þetta atriði mætti þegar töluverðum mótmælum við inngángsumræðu þessa máls í þínginu, eins hlýtur nefndin að ráða þínginu frá, að fara því á flot í þetta sinn, þar sem jafnaðarsjóðirnir auðsjáanlega verða óumflýjanlega fyrir lángtum meiri útgjöldum, en þeir eru færir að bera, þar eð kostnaður, sem naudsynlegur er til að út rýma fjárkláðanum, verður sjóðum þessum næsta

tilfinnanlegur, og ef fjárkláðinn nær að út breiðast meir en komið er, verða tekjur þessara sjóða að líkindum næsta litlar og óvissar, með því gjaldstofninn þannig rýrnar og eyðist. En aptur vill nefndin ráða þínginu til að fara því á flot, að laun þessara málaflutníngsmanna sè fyrst um sinn t. a. m. um 3 ár eingaungu tekin úr sakagjaldssjóðnum. Vèr höfum nú kynnt oss ástand sjóðs þessa, og þó vèr sjáum, að tekjur hans sè ei miklar, getur oss þó ei betur skilizt, en að hann um tèð tímabil geti borið 500 rd. útgjöld til launa þessara málaflutníngsmanna, án þess að skerða þurfi höfuðstól þessa sjóðs, og álítum vèr þetta fè því heldur mega úr honum taka, sem oss virðist það næsta óvanalegt, að úr honum hafi verið tekið til launa assessórum yfirdómsins 300 rdl. árlega, þar sem þvílíkir embættismenn vanalega fá laun sín úr ríkissjóðnum, og hyggur nefndin, að stjórnin muni gjöra hèr á breytíngu, þegar stundir líða fram; enn fremur hefir sakagjaldssjóðurinn fleiri útgjöld, sem í sjálfu sèr ekki er eðlilegt að hann beri.

Þegar fyrirkomulag sakagjaldssjóðsins er komið í annað og betra horf, svo að eigi liggja á honum þau útgjöld, sem eru óeðlileg og óvanaleg að slíkur sjóður beri, getur nefndin ekki sèð betur, en hann geti launað þessum málaflutníngsmönnum, og enda, meðan eins horfir við, og nú, líka lagt þeim 500 rdl. til launa, að minnsta kosti um nokkur fá ár, og þá ætlar nefndin að þíngið muni geta vísað stjórninni á annan gjaldstofn, ef sakagjaldssjóðurinn ei verður svo fljótt kominn í annað og betra fyrirkomulag, svo að af honum verði lètt þeim útgjöldum, sem hann eptir eðli sínu í raun og veru ekki ætti að bera.

Fyrir því leyfum vèr oss að ráða hinu heiðraða alþíngi til, að rita hans hátign konúnginum þegnsamlega bænarskrá, í hverri sè beðið um:

1. Að 2 lögfróðir menn, annaðhvort *Candidati* eða *Examinati juris*, sè settir við yfirdóminn á Íslandi, svo fljótt sem verða má.
2. Að hver þeirra fái til launa 250 rdl. árlega.
3. Að fè þetta sè fyrst um sinn, um 3 ár, tekið úr sakagjaldssjóðnum.
4. Að undir alþíngi sè borið síðan, hvaðan fè skuli fá til launa þeirra, ef það reynist, að sjóður þessi framvegis ei geti goldið þeim þetta fè.

Reykjavík, 18. júlí 1857.

E. Ó. Kúld, *V. Finsen.* *Á. Einarsson*".
form. og framsögum.

Framsögumaður: Eg skal ekki leingja þíngræðurnar að svo stöddu, meðan einginn annar tekur til máls um þetta nefndarálit.

P. Pèturssón: Eg get ekki að því gjört, að mèr þykir heldur lítil laun þau, sem nefndin hefir ætlað málaflutníngsmönnunum, þar sem hún hefir til tekið handa hvorum þeirra að eins 250 rd., og byggt þessi litlu laun á því, að þeir geta inn unnið sèr annað eins fyrir að flytja mál einstakra manna. En auk þess nú, að 500 rd. mega virðast helzt til of lítil laun fyrir menn í þeirri stöðu, þá hefir nefndin dregið úr þeim, með því hún hefir eigi viljað gefa þeim einkarètt til að flytja *privat*-mál, svo að það verður mjög óvíst, hvort þeir fá nokkurt af þeim málum. Þíngið getur því ekki byggt á öðru en þeim föstu launum, sem nefndin hefir ákveðið þeim, eður að eins 250 rd., og það er sannarlega of lítið. Það hefir og auðsjáanlega verið neyðarúrræði fyrir nefndina að til taka svona lítil laun, því hún hefir hvergi viljað taka þau annarstaðar frá, heldur demba þeim öllum á sakagjaldssjóðinn; eg sè heldur ekki, hvaðan þau skuli taka, því varla mun það tiltækilegt, að taka þau úr jafnaðarjóðunum. Eg vil vekja athygli manna á því, hvort launin sè ekki of lítil handa þeim, sem þó eru konúnglegir embættismenn, því mèr virðast þessi laun ekki viðunanleg, heldur næsta bágborin, og þess vegna var það mjög óheppilegt, að nefndin skyldi rýra þau fram úr því, sem stjórnin hafði stúngið upp á, og það þótt nefndinni mætti vera það kunnara en henni, hversu dýrt er að lifa hèr í Reykjavík.

H. Kr. Friðriksson: Eg er á sama máli, sem hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður, að laun þau, sem nefndin hefir ætlað málaflutníngsmönnunum, sè of lítil; því eg verð að álíta, að ef menn vilja fá duglega embættismenn, þá verði og eigi að ætla þeim viðunanleg laun, og fyrir því get eg ekki annað en álitið það apturför, að nefndin skuli stínga upp á minni launum, en stjórnin hefir gjört, eður 3—400 rd., því að það er hið minnsta, einkum þegar málaflutníngsmennirnir eiga eigi að hafa einkaleyfi til að flytja mál manna. Eg er að vísu á því, að þeir eigi ekki að fá full laun, því þeir kunna að geta gjört eitthvað sèr til styrktar, en launin ætti að vera aðalstofninn, þar sem þau geta ekki orðið meira en lítilfjörlegur styrkur eptir uppástúngu nefndarinnar, og er mesti munur á þessu tvennu, að hafa launin sem aðalstofn, eða sem aukastyrk. Eg er að vísu ekki eins kunnugur efnahag sakagjaldssjóðsins eins og nefndin, eður hvernig efnum hans er varið; en hún hefir sagt meðal annars, að landsyfirrèttinum væri launað með 300 rd. úr þessum sjóði, en

mèr virðist eðlilegast, að sömu embættismenn feingi laun sín öll úr sama sjóði, en eigi sinn hlutann úr hverjum sjóðnum, nema því að eins að einhverjar sèrstakar ástæður sè til þess, og því vil eg að dómendunum í landsyfirrèttinum sè launað úr ríkissjóðnum, fyrst þeir hafa þaðan mestan hluta launa sinna, meðan þeir hafa eingar kvaðir á hendi fyrir sakagjaldssjóðinn; fyrir því vil eg áskilja mèr það breytíngar- eður viðaukaatkvæði, samkvæmt því sem nefndin gefur sjálf tilefni til, að laun málaflutníngsmannanna verði 350 rd., og í því skyni sè lètt á sakagjaldssjóðnum þeim 300 rd., sem nú eru goldnir landsyfirrèttardómendunum úr honum, en þeim verði aptur borgaðir þessir 300 rd. úr ríkissjóðnum. Það var og annað atriði, er eg vildi minnast á, en það er reyndar ekki annað en orðabreytíng; nefndin tekur til að eins „*Canditatos* og *Examinatos juris*"; en nú er verið að ræða um lagaskóla hèr á landi, og feingi hann framgáng, þá vildi eg eigi útiloka þá, og vildi eg því, að það væri orðað á þá leið: „þeir lögfróðir menn, sem geta feingið verzleg embætti hèr á landi".

G. Einarsson. Það fer í þessu máli eins og optar, að sitt sýnist hverjum. Eg get ekki verið á máli þeirra heiðruðu þíngmanna, sem nú hafa talað á móti nefndinni, og sem hèr eru búsettir í Reykjavík; mèr þykja launin, sem nefndin hefir stúngið upp á handa málaflutníngsmönnunum, full-nóg fyrir þá að byrja með. Eg álít, að stefnan eigi að vera nokkuð áþekk yfir alla meðalembættismenn landsins, og ef að þeir 250 dalir, sem nefndin stíngur upp á handa þessum málaflutníngsmönnum, sem optar mundi verða úngir lögfræðíngar, þykja of lítil laun, og þegar þess er þar hjá gætt, að þeir fá næstum annað eins í aukalaun, hvað ætla prestarnir megi þá hugsa, sem mega búa við 100 til 200 dala laun margir hverjir? Eg læt sèrhvern skynsaman og sanngjarnan þíngmann svara sèr upp á þessa spurn, án þess að fjölyrða um hana, þar hún kemur ekki beinlínis málinu við.

Framsögumaður: Eg þarf ekki að svara því með mörgum orðum, sem hinn heiðraði 3. konúngkjörni þíngmaður og varaþíngmaður Reykvíkínga hafa fundið að nefndarálitinu, því hinn heiðraði þíngmaður Dalasýslu hefir svarað því að miklu leyti. Það er satt, að nefndinni gekk til efnaleysi, því það er skerið, sem allt strandar hèr á, að peníngana vantar, að hún til tók ekki ríflegri laun; en nefndin leit líka á hitt, að betra væri að byrja hèr með lítil laun, en draga málið og skjóta því nú fram hjá sèr, því bæði hefir þíng-

ið 1855 játað og stjórnin líka, sem sjá má af auglýsíngu konúngs til þessa alþíngis, að það sè mjög áríðanda, að fá málaflutníngsmenn við landsyfirrèttinn, og fyrir því vona eg, að þíngmenn muni nú enn þá álíta málið nauðsynlegt. Menn verða að kannast við, að landsyfirrètturinn sè æði-þunnskipaður, þar sem að eins 3 menn sitja og dæma, og svo hitt, að það muni miða til að tryggja álit hans út um landið, að við hann sè lögfróðir málaflutníngsmenn.

Nefndin hèlt, að kandídatar mundi gánga að þessum launum fyrst um sinn, þángað til þeir feingi sýslur, og heldur halla sèr að þessum litlu launum, en rölta hèr atvinnulausir, þángað til þeir kæmist í embætti; svo vissi og nefndin, að til eru þær sýslur, sem eru litlu eður eingu betri, og þar er þó meiri tilkostnaður, ferðir, o. s. frv., sem hvílir á sýslumanninum, sem þar að auki opt er fjölskyldumaður. Hinn heiðraði varaþíngmaður Reykvíkínga kallaði það apturför, að nefndin hafði til tekið minni laun en stjórnin; en þar sem stjórnin hafði ákveðið frá 300 til 400 rd. handa hverjum, þá munar það mjög litlu, ef hið minna er tekið, því þá munar að eins um 50 dali. Menn hafa og tekið það fram sem galla á nefndarálitinu, að nefndin vildi ekki láta þá hafa einkaleyfi til að flytja öll mál, en eg verð að álíta það einmitt kost, því það í sambandi við hin litlu laun er aðhald fyrir þá til að afla sèr trausts landsmanna, og til að vanda sig svo, að þeir verði teknir fram yfir aðra, og svo er ekki svo loku fyrir skotið, að þeir geti eigi feingið *„Dyrtidstillæg“*, eins og aðrir embættismenn hèr í Reykjavík, eða sótt um launaviðbót og feingið hana allt eins og þeir.

Þ. Guðmundsson: Eg er samdóma hinum háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanni um það, að 250 rd. sè of lítil laun handa málaflutníngsmönnum. Menn hafa sagt, að það vanti fè til að launa þeim, en það veit eg ekki hvort er á rökum byggt, því gæti menn að því, hvaðan fè *justiz*-kassans er komið, þá munu menn fljótt finna, að það er komið úr öllu landinu, því með tilskipun 24. jan. 1838 var það ákveðið, að allar eigur sakafallssjóðanna í hverri sýslu, sem þá voru afnumdir, og allar tekjur þeirra eptirleiðis skyldi falla í sakagjaldssjóðinn *(Justitskassen)*, og er það ei lítið fè; því verð eg að álíta, að honum standi næst að borga þessum málaflutníngsmönnum, í það minnsta 350 rd.; fyrir því vil eg, ef hinn heiðraði varaþíngmaður Reykvíkínga hefir ekki áskilið sèr það breytíngaratkvæði, að þeim skuli borgast 350 rd. úr dómsmálasjóðnum, áskilja mèr

það breytíngaratkvæði, og efast eg ekki um, að stjórnin muni finna ástæðu til að taka það til greina, ef þíngið fellst á það.

G. Brandsson: Það er nú eingin nýlunda, þó menn heyri sagt, að dýrt sè að lifa í Reykjavík, því menn eru orðnir vanir þeim sögum; en eg held það megi segja hèr um, eins og um margt annað, að það sè svo hvert mál, sem það er virt; eg held menn geti gjört sèr misdýrt lífið bæði hèr og annarstaðar, enda er það gamalt orðtak, að svo megi einn eyða að sjö geti við lifað. Eg vil nú til taka laun þau, sem lögreglumennirnir fá hèrna í Reykjavík; þau eru ekki mikil, þegar þau eru borin saman við laun annara embættismanna, sem hèr búa; þó mun þeim ætlað að lifa af launum þessum, og ekki er þeim auðvelt að gjöra mörg aukaverk, svo er stöðu þeirra varið; hvort þeir eru kallaðir konúnglegir embættismenn eða ekki, það finnst mèr gjöra minnst til; þeim er ætlað að geta lifað í Reykjavík, sem hinum, er hærri laun hafa. Þíngmaður Dalasýslu sýndi fram á, að tekjur sumra presta jafnaðist ekki við laun þau, sem nefndin hefir stúngið upp á að þessir eptiræsktu málsfærslumenn feingi; en líkt held eg megi segja um tekjur einstöku sýslumanna, þó þeir verði ekki margir; samt verða þessir hvorirtveggju meiru að kosta til embættisfærslu sinnar, heldur en þeir, sem búa hèrna í Reykjavík; menn vita, að það er sitt hvað að vera í örðugum ferðalögum, eða sitja allt af heima.

Hvað sakagjaldssjóðnum við víkur, þá er mèr nú að vísu ókunnugt um efnahag hans, en trúað gæti eg því, að honum síðan 1849 hefði goldizt minna fè en áður, vegna þess að vogrek þau, er honum höfðu áður til heyrt, voru þá af honum tekin, og getur það síðan hafa munað nokkru í tekjum hans. Eg skyldi svo nefndarálitið, sem að á sjóði þessum hvíldi mörg gjöld, sem væri ósanngjörn, þar á meðal það, sem greitt væri úr honum til landsyfirrèttardómenda; nú vildi eg fræðast um, hver fleiri ósanngjörn útgjöld hann hefir að bera, því sè þau mörg, eru líkindi til, að einhverjum þeirra og má ske öllum verði með tímanum á honum lètt, og þá gæti má ske laun málsfærslumannanna orðið hækkuð, ef þau reyndist of lítil, en núna fyrst um sinn sýnast mèr þau nóg til að byrja með; það er ekki heldur svo að skilja, að nokkrum verði nauðgað inn í þessi embætti; mèr þykir líklegt, að einhverjir verði fegnir að sækja um þau, og álíti það betra, en að rölta iðjulausir um göturnar hèrna í Reykjavík, en bregðist þessi tilgáta mín, þá sýnir það, að menn eru orðnir stórlátari, en þeir hafa verið (því margur hefir byrjað með litlum

launum), eða þá, að þörf þessara er ekki svo brýn, sem margir kynni ætla, og færi nú svo, þá stæði allt, eins og verið hefir híngað til, og yrði þá ekki um nein fjárútlát að tala, hvorki úr sakagjaldssjóðnum nè annarstaðar frá.

Framsögumaður: Hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu vildi fræðast um efnahag sakagjaldssjóðsins, og skal eg því skýra honum frá reikníngum sjóðs þessa nú 10 árin síðustu, og geta menn þá sèð á þeirri skýrslu, að mörg ónauðsynleg gjöld hafi á honum legið. Reikníngur sakagjaldsins er hèr um bil svona:

1847 voru afgángs útgjöldunum 1424 rd. 39 sk.; þetta ár var vogrek á 1419 rd. 87 sk.

1848 var skuld á móts við tekjurnar 390 rd. 20 sk.; en þetta ár var kostað upp á yfirrèttarhúsið 1246 rd. 88 sk., en vogrek voru eigi nema 206 rd. 17 sk.

1849 voru afgángs útgjöldunum 594 rd. 76 sk.

1850 skuld móts við tekjurnar 83 rd. 55 sk., en þetta ár varð breytíng á reikníngstíma sjóðsins.

1851 var afgángs útgjöldunum 1033 rd. 54 sk.;

1852 afgángs útgjöldunum 506 rd. 80 sk.;

1853 afgángs útgjöldunum 715 rd. 40 sk.;

1854 afgángs útgjöldunum 351 rd. 9 sk., en það ár voru teknir til aðgjörðar yfirrèttarhússins 454 rd. 31 sk.;

1855 afgángs útgjöldunum 661 rd. 57 sk.;

1856 afgángs útgjöldunum 419 rd. 25 sk.

Við árslokin 1856 var höfuðstóll sjóðsins 15,836 rd. 41 sk.

Af skýrslu þessari verður sèð, hvernig nefndin gat hugsað sèr, að sjóðurinn geti misst 500 rd. á ári til launa málaflutníngsmanna; en hann gæti borgað meira, ef assessórunum væri ekki launaðir 300 rd. úr þessum sjóði, sem eg vona með tímanum að verði lagfært, svo að þeir fái þá líka, eður öll sín laun úr ríkíssjóðnum, því það er bæði eðlilegast að svo sè, og dómendum yfirrèttanna mun alstaðar vera borgað úr ríkissjóðnum. Þar að auki er úr sakagjaldssjóðnum einum lögregluþjóni goldið 50 rd. og þóknun að auk fyrir frítt hús, sem hann ekki brúkar, en á að njóta á kostnað sjóðsins, í því skyni að hann einnig er þjón yfirdómsins. Mèr þykir nú eðlilegt, þótt þjóninum sè borgaðir þessir 50 rd. úr sjóðnum; en frítt hús sýnist mèr hann eiga að Reykjavík, hverri hann mest þjónar, því starfi hans við yfirdóminn hygg eg sè fullborgaður með 50 dölum, en hitt er og óeðlilegt að greiða úr sjóðnum laun assessóranna, og eins að láta hann

bera þínghúskostnað bæjarins, því bærinn á að kosta sitt þínghús sjálfur, eins og hver hreppur gjörir út um landið, því það er ekki tilhlýðilegt, að til Reykjavíkurbæjar sè þannig tollað af opinberum sjóði, eins og sveitarómaga landsins.

P. Pèturssón: Hafi eg skilið hinn háttvirta *framsögumann* rètt, þá sagði hann á þá leið, að af því stjórnin hefði eigi í konúnglegri auglýsíngu til alþíngis sagt, að alls ekki yrði tekið meira úr sakagjaldssjóðnum, þess vegna hefði nefndin ekki viljað fara of lángt; en þetta finnst mèr mótsögn, þar eð nefndin þó stíngur upp á að taka meira úr þessum sjóði. Menn hafa borið saman laun þessara málaflutníngsmanna við laun presta og annara embættismanna upp til sveita; eg skal fyrirgefa mönnum, sem ekki eru búsettir hèr í Reykjavík, heldur til sveita, þótt þeir þekki ekki, hversu dýrt hèr sè að lifa, en þó mun hinn heiðraði þíngmaður Dalasýslu, sem talaði um kjör hinna fátæku presta, og hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu, verða, eins og annars flestir menn, að játa, að 250 rd. sè hvergi viðurkvæmileg laun, og enn þótt eg fúslega játi, að prestum sè ekki launað eins og vera ber, þá verð eg þó að segja, að það batar ekki þetta mál, þótt aðrir embættismenn sè of lítt launaðir; en eg verð að biðja menn að gæta vel að þeim mismun, sem er á því að lifa í sveit og hèr í Reykjavík, því 200 rd. í sveit eru fullt eins góðir eins og 400 rd. til 500 rd. hèr í Reykjavík, og að það er einkum vegna bújarða þeirra, sem prestum eru lèntar, að þeir komast af með svo lítil laun. En viðvíkjandi því, er hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu sagði, að laun sýslumanna væri ekki betri, þá hefi eg sjaldan heyrt, að laun sýslumanna væri lítil, nema ef vera skyldi í 2 eða 3 sýslum; og það veit eg, að skrifarar hjá stiptamtmanni og biskupi hafa meiri laun en þessir málaflutníngsmenn, sem þó eru konúnglegir embættismenn, en eg get skilið, að þeim mönnum þyki laun þessara manna nægileg, sem bera þá saman við lögregluþjóna og ekki hafa neina greinilega hugmynd um mismun á þeirri stöðu, sem hvorirtveggja eiga í að standa. Með því mèr finnst, að laun þessi sè of lítil, þá þætti mèr fróðlegt að heyra, hvernig sá nefndarmaður, sem búsettur er hèr í Reykjavík, hefir hugsað sèr málið; kann ske að þessi meiníng mín þá breytist.

V. Finsen: Eg er hinum háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanni samþykkur í því, að laun málaflutníngsmanna þessara ætti ekki að vera minni, en stúngið er upp á í hinni konúnglegu auglýsíngu; og hefi eg einmitt látið í ljósi þetta sama álit áður í annari stöðu,

nefnilega að launin ætti ekki að vera minni en 3—400 rd. Á þessu var eg einnig sem meðlimur nefndarinnar, en á hinn bóginn gat eg ekki sèð, að menn gæti útvegað málsfærslumönnum þessum svo mikil laun nú sem stendur, og þótti mèr þá betra að ákveða minni laun fyrst um sinn, til þess stofnanin komist þó á, heldur en að láta það dragast; eg álít það líka í eðli sínu, að í slík embætti verði ekki settir eldri menn, heldur ýngri, sem nýlega hafa tekið próf í lögum, og sem geta látið sèr nægja minni laun, eins og þessi staða getur orðið meðmælíng fyrir þá til embætta. Nefndin varð að vera á því, að taka öll laun þessara málaflutníngsmanna úr dómsmálasjóðnum um fyrstu 3 árin, og það þótt stjórnin áliti, að hann gæti ekki misst meira en 500 rd. Nefndin gekk nefnilega út frá því, hversu mikið sjóðurinn hafði haft afgángs að meðaltali nú hin síðustu 5 ár, og var það hèr um bil 500 rd., sem samsvarar launum þeim, sem nefndin hefir stúngið upp á. Það er sjálfsagt, að það er misjafnt hvert ár, stundum meira og stundum minna, og stjórnin hefir ákveðið öldúngis rètt, hvað sjóðurinn í raun og veru gæti misst að staðaldri, því eitt af þessum 5 árum var ekki afgángs útgjöldunum meira en 350 rdl.; en eg gekk fyrir mitt leyti út frá því, og það var meiníng nefndarinnar, að sjóðurinn mundi samt, án þess að líða of mikið, þola að borga þessa 500 rdl. um 3 ár. Það er satt, sem hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu gat um, að dómsmálasjóðurinn hefði misst mikils í, þegar vogrekin voru tekin frá honum, því 1 ár t. d. komu yfir 1400 rdl. inn í sjóðinn fyrir þau. Eg tek það þannig upp aptur, að eg játa, að launin sè ekki hæfileg, en eg álít betra, að þau sè minni í fyrstu, svo sem í 3 ár, heldur en að láta málið dragast.

P. Jónassen: Það er einúngis eitt atriði í nefndarálitinu, sem eg vil leyfa mèr að minnast á, en það er það, að nefndarálitið fer því fram, að málaflutníngsmennirnir skuli ekki hafa einkaleyfi til að flytja málin við yfirrèttinn; við þetta get eg ekki fellt mig, því bæði er það, að þessir menn eru vanir að hafa einkaleyfi annarstaðar, og svo verður staða þeirra óaðgeingilegri, ef þeir ekki hafa það; það ætti líka að koma hèr til greina, og hefir verið tekið fram í umræðunum, að þau ákveðnu laun eru mjög lítil, en ef þeir hefði einkaleyfi, þá yki það til muna á launin, því þeir gæti haft ekki all-litla inntekt af *privat*-málum, þegar þeir væri einir um þau, en fyrir sakamálin fá þeir mjög svo lítið, því þau eru bæði fá, og málsfærslulaun í þeim málum af mjög skornum skamti. Eg er þeim samdóma, sem þykir þau ákveðnu laun allt of lítil, og álít eg það

mjög ísjárvert, að stofna þess konar embætti, sem hèr ræðir um, með mjög litlum launum, því þar af leiðir, að þessir menn eins og neyðast til að leita sèr atvinnu á þann hátt, sem ekki er hagfelldur fyrir almenníng, og þarf eg ekki að taka það ljósar fram, til hvers eg hèr meina.

H. G. Thordersen: Það er að vísu satt, að laun þessi eru sárlítil í sjálfu sèr, og hin minnstu, sem verða má, og það væri því æskilegt, að þau væri nokkuð betri; en hins vegar þykir mèr það miklu betra, að þessu máli verði framgeingt nú, þó launin sè lítil, því það getur þá sýnt sig, hvort nokkur verður til að sækja, eins og hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu benti til. Það var annars einkum 1 atriði, sem eg hefi ekki heyrt neinn þeirra manna hreifa, sem tóku það fram, hversu dýrt væri að lifa í Reykjavík, og það var það, að þessir menn hafa lítið að gjöra við rèttinn, og hèr er einmitt hægast að fá atvinnu fyrir mann, sem hefir tíma til að gjöra nokkuð; einkaleyfisleysið getur ekki heldur verið þessari atvinnu til hindrunar, heldur fá þeir því fremur talsverðan tíma til ofurs, og geta unnið sèr því meira inn.

Framsögumaður: Eg hefi litlu við það að bæta, sem hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður nú mælti, því hann hefir svarað flestu. En viðvíkjandi því, er hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður sagði, að málaflutníngsmenn hefði einkaleyfi annarstaðar, þá verð eg að segja, að þar sè öðru máli að gegna, því þar munu alstaðar vera fleiri en 2 málaflutníngsmenn við hvern rètt, svo menn geta valið um; en hèr verður ekki í annað skjól að venda, ef að 2 menn hafa einkaleyfi til að flytja öll mál. Að öðru leyti vildi eg og fræðast af hinum sama háttvirta konúngkjörna þíngmanni um það, hvort málaflutníngsmenn hafi nokkur laun erlendis (*Þ. Jónassen:* nei). En þar sem hinn heiðraði varaþíngmaður Reykvíkínga fann að því við nefndina, að hún hefði að eins nefnt *Candidatos* og *Examinatos juris,* en ekki haft tillit til þeirra lögfræðínga, sem koma kynni frá hinum ímyndaða lagaskóla hèr í Reykjavík, þá vissi nefndin ekki og eg veit heldur ekki um, hvort eða því síður hve nær sá skóli kunni að komast á, og því gat hún ekki tekið lögfræðínga hans til greina. En viðvíkjandi því, að launin sè of lítil, þá vil eg að vísu játa það, að það væri æskilegt, að þau væri meiri, en hitt álít eg, að nefndin hafi gjört rètt, að ákveða þau ekki hærri núna fyrst um sinn, meðan svona stendur á, að ekkert fè er meira til að vísa á hèr til, og eg verð að vera á sama máli

og hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður, að það muni vera hægt fyrir þessa málaflutníngsmenn, að fá sèr annað með til að starfa, t. a. m. flytja mál við undirrèttina hèr í kríng og fleira, og geta þeir haft af þessu talsverðar aukatekjur. Hinum háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanni þótti það ekki eiga vel við að bera málaflutníngsmennina saman við lögregluþjóna; eg get þá komið með annað dæmi, en það á nú kann ske ekki heldur vel við, og það er af prestum og handverksmönnum, og þá skulum vèr athuga, hversu margir prestar sè eins vel settir og þeir, að þeir hafi 1 rd. um daginn.

P. Sigurðsson: Það er ekki ástæðulaust, þó mönnum upp til sveita blöskri að heyra hèr svo opt þær hárómuðu raddir embættismanna hèrna í Reykjavík um, hvað dýrt og örðugt sè hèr fyrir þá að geta lifað sómasamlega, auk heldur ríkmannlega. Það er eðlilegt, þó löndum sè farið að þykja það mikið umhugsunarefni, hvort tilvinnanda sè, að hrúga þeim hèr svo mörgum saman, þar sem þvílík fóðurekla eigi sèr stað. Hinn 3. konúngkjörni þíngmaður og fulltrúi Reykvíkínga hafa verið á sama máli með það, að þessi laun, sem nefndin hefir upp á stúngið handa málaflutníngsmönnunum, væri svo smánarlega lítil handa þeim, sem væri orðnir konúnglegir embættismenn, að fyrir þvílíka menn væri ekki svoddan á borð beranda, því menn mundi þó ekki ætla þeim að fara að slá og róa; en eg veit þó enn þá embættismenn lífs á Íslandi, sem bæði hafa staðið heiðarlega í stöðu sinni sem embættismenn, og líka bæði slegið og róið í tilfellum. En síðan embættismenn vorir fóru margir að eiga hèr aðsetur, þá er því líkast, eins og þeir sè farnir að álíta sig einhvers konar forklaraðar verur, aðskilda frá öðrum, en þó ekki svo forklaraða, að þeir ekki þurfi fullkomlega sinn skerf að eta og drekka og sè þeir í því efni fullkomlega færir að ryðja diska þá alla, er þeir til ná.

Þessir heiðruðu þíngmenn finna það í öðru lagi að nefndarálitinu, að þessum svo nefndu konúnglegu embættismönnum er ekki áskilin einkarèttur til að færa öll mál, er koma fyrir landsyfirrèttinn, en þar þykir mèr þeim vera nokkuð mislagðar hendur með föðurlega umhugsun Reykjavíkurbúa, því síðan um aldamótin að yfirdómurinn var fluttur híngað í Reykjavík, þá hafa ætíð einhverjir mætt við rèttinn sem málsfærslumenn, bæði skikkaðir í opinberum málum og feingnir af hlutaðeigendum í einkamálum, og hafa nokkrir þessara haft starfa þenna á hendi mörg ár í senn; hvort menn

þessir hafa þess á milli slegið og róið, er mèr ókunnugt, en það er auðskilið, að menn þessir hafa þurft af sjálfsdáðum að afla sèr talsverðrar þekkíngar á skilníngi laganna og formi málsfærslunnar, og þó man eg mig ekki heyrt hafa svo mikið sem eitt bopps upp koma um það, að mönnum þessum væri veittur annar frekari styrkur en það, sem þeim hefir verið borgað fyrir málsfærslu, og þó hefi eg ekki frètt, að nokkur þessara manna hafi horfallið; en nú vilja þessir heiðruðu fulltrúar svipta þessu frá mönnum þeim, er þetta hafa stundað, allt í einu, og láta þá svo róa út fyrir sinn keip, með að sjá sèr sjálfir fyrir lífsuppheldi, þó þeir sè í Reykjavík, því þeir hafa ekki hlotið þá æru að nefnast konúnglegir embættismenn. Eg held því rèttast, eins og nefndin stíngur upp á, að byrja fyrst með þessa launaupphæð, og þá gefur reynslan að vita, hvort einginn lögfræðíngur verði svo lítillátur, að þiggja þetta fyrst um sinn. Það er líka hugsanda, að fyrst þeir verða nefndir konúnglegir embættismenn, þá kunni þeir með tímanum að fá dálitla sköfu til viðbótar.

St. Jónsson: Mèr getur ekki betur skilizt, en að aðalmótbáran gegn nefndarálitinu hjá þeim mönnum, sem hafa mælt á móti því, sè sú, að launin sè of lítil; en þar eð sumir þessara manna hafa ekki bent á neitt fè, er taka skyldi launaviðbótina af, þá verð eg að álíta, að það sè aðalmeiníng þeirra að mæla á móti nefndarálitinu, án þess að vita, hvernig launin verði bætt, eður með öðrum orðum, þeir vilja rífa það niður án þess að byggja það upp aptur. En mèr finnst það væri öllu hyggilegra að styðja nefndina nú, og sjá svo hvernig fer, og ef þá launin reynast of lítil, svo að einginn kemur, þá kynni menn að sjá ráð til að bæta þau svo, að þau verði aðgeingilegri.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að vera þeirrar meiníngar, að þíngið muni gjöra rèttast í því, að aðhyllast nefndarálitið. Eptir umræðum þeim, sem farið hafa fram um þetta mál, hlýt eg að álíta það óvíst, að uppástúngur nefndarinnar muni taka nokkrum verulegum umbótum af tillögum annara þíngmanna, og ræð eg því þínginu til að halda sèr til þeirra uppástúnguatriða, sem nefndin hefir gjört, og eins og þau eru borin upp.

H. Kr. Friðriksson: Eg hefi bent til í breytíngaratkvæði mínu, hvernig bæta skyldi laun málaflutníngsmannanna, svo að eg get ekki tekið það að mèr, sem hinn heiðraði þíngmaður Eyfirðínga mælti. En um orðabreytíngu þá, er eg vildi gjöra á 1. uppástúngu nefndarinnar, þá er hún reyndar ekki svo mikils verð, en hún er þó betri

en það, sem nefndin hefir sett; því að hún girðir fyrir allan misskilníng, og getur aldrei spillt fyrir málinu. En þar sem menn hafa talað um, að hèr væri svoddan ósköp til að starfa utan um, þá verð eg að játa, að eg þekki þau ekki; eg hefi nú verið hèr í 9 ár, og held eg, að eg þekki eins vel til, hvaða aukastörf fáist hèr í Reykjavík, eins og flestir þíngmanna, og veit eg eigi, að hèr sè svo mikið, sem embættismaður getur feingið að vinna utan um. Menn hafa sagt, að ef það sannast, að launin verði of lítil, þá megi bæta launin; en eg vil benda þeim á það, að ef illa er launað, þá fá menn einga aðra en þá í embættin, sem ekki eiga annars úrkostar, og það mun hægra að veita embættin þeim mönnum, sem eru lítt hæfir til þeirra starfa, sem þeim eru ætluð, heldur en að víkja þeim burtu. Ef menn álíta embættin nauðsynleg og áríðandi, og það þykir tryggjanda við landsyfirrèttinn, þá er það eins áríðanda að fá duglega menn til þess, og vilji menn fá duglega menn fyrir málaflutníngsmenn, þá verða þeir og að launa embættismönnunum svo, að duglegir menn geti unað við þau. Menn hafa og verið að staglast á launum prestanna, hversu lítil þau væri; en það væri þá merkilegt, að ef mönnum finnst, að ef einum sè of lítið launað, þá verði og að launa öðrum of lítið; mèr finnst þetta geti aldrei verið ástæða til annars, en til að bæta kjör prestanna, en ekki til að gjöra kjör annara verri fyrir þeirra skuld. Þetta er því eingin ástæða fyrir því, að laun þau, sem nefndin hefir stúngið upp á, sè nóg handa málaflutníngsmönnunum, og það því síður, sem það er nú aftekið, sem áður var lögboðið, að þeir, sem flytja sakamál, skuli fá málsfærslulaunin greidd fyrirfram úr sakagjaldssjóðnum, en þeir mega nú opt bíða í 2 eða 3 ár eptir þeim, og eg veit dæmi til, að sá, sem mál hefir varið við landsyfirrèttinn hefir orðið að bíða í 4 ár og ekkert feingið enn; fyrir því vil eg áskilja mèr það viðaukaatkvæði, að málaflutníngsmönnum greiðist borgun fyrir flutníng sakamála fyrirfram úr sakagjaldssjóðnum.

Á. Einarsson: Eg held, að þetta mál ætli að verða góður skólameistari fyrir þíngið. 1855 bað alþíngi um 2 eða 3 málaflutníngsmenn og auk þess, að landsyfirrètturinn yrði aukinn með 2 dómendum, og þóttu þeir þá ómissandi, en nú er það í stökustu vandræðum með að útvega þeim launin, og held eg því ráðlegast fyrir það, að kollhlaupa sig ekki aptur á sömu búfunni. Það hafa nú einkum 2 þíngmenn fundið að nefndarálitinu: hinn heiðraði varaþíngmaður Reykvíkínga, sem þó hafði þann kost til að bera, að hann

vildi lagfæra uppástúngu nefndarinnar, og hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður, sem fór að tala svo mikið um mótsögn hjá nefndinni, sem einginn annar hefir getað fundið. Hinn háttvirti *framsögumaður* hefir nú að nokkru leyti skýrt þíngmönnum frá, hvers vegna stjórnin hefði álitið, að sakagjaldssjóðurinn mætti eigi missa meir en 350 rd., að hún hefði nefnilega tekið versta ár sakagjaldssjóðsins til að miða við, þegar hann hafði eigi meira en 350 rd. afgángs, og skal eg því ekki tala framar um það. Hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður gat þess, að skrifarar stiptsyfirvaldanna hefði meiri laun; en þeir hafa líka meira að gjöra, og svo má ekki gleyma því, að ef þeir eru duglegir málaflutníngsmenn, þá verður það meðmælíng fyrir þá til embætta. Hinum sama háttvirta konúngkjörna þíngmanni þótti það hneyxlanlegt, að bera konúnglega embættismenn saman við lögregluþjóna; þá mun það vera litlu virðulegra að bera prestana saman við handverksmenn, eða þá saman við búðarlokur, sem eg held að hafi reyndar hærri laun, þó ólíku sè saman að jafna. Menn eru enn fremur hræddir um, að eingir muni koma til að sækja um embættin, eða að þeir muni flosna upp, ef þeir koma; en það er ekki nýtt, að menn verði hræddir; kaupmenn urðu líka hræddir, þá ræða var um verzlunarfrelsið, að þeir mundi flosna upp, en þeir hafa þó ekki flosnað upp enn þá. Eg verð því að styðja þetta mál, því fremur sem eg þykist mega treysta því, að um fá ár muni verða lagfærð stjórn sakagjaldssjóðsins, og að hið næsta þíng muni ráða einhverja bót á launaskortinum, ef einginn kemur; menn hafa og dæmin fyrir sèr, að kennararnir viðlærða skólann byrjuðu fyrst með lítil laun, en feingu smámsaman viðbót, og fyrir því vil eg halda með nefndaruppástúngunni, en ekki brjóta hana niður án þess að byggja hana upp aptur.

P. Pètursson: Eg hefi ekki haft í hyggju, að hallmæla nefndinni fyrir uppástúngur sínar, því eg veit, að hún hefir haft vandaverk að leysa, en eg ætla, að hver þíngmaður hafi frelsi og rètt til að tala siðsamlega um verk annara þíngmanna, og að eg megi láta meiníngu mína um þau í ljósi með sama rètti og aðrir. Ef vèr nú berum saman auglýsínguna við nefndarálitið, og gætum að því, að stjórnin segir, að ekki megi taka meira en í mesta lagi 350 rdl. úr sakagjaldssjóðnum til launa málaflutníngsmannanna, þá getur mèr ekki dulizt, að nefndin hafi eigi fullkomlega leyst verkefni sitt af hendi, fyrst hún ekki vísar á neinn annan sjóð en þann hinn sama, sem stjórnin hefir sagt að ekki mætti taka meira úr; það er eins og

nefndin hafi tekið fyrir sig að vefeingja og að leiðrètta reikníng stjórnarinnar, og eins og segi við hana: „þú hefir ekki reiknað rètt, sakagjaldssjóðurinn getur goldið meira“. Það er ekki tilgángur minn að fella málið, því mèr þykir ágætt að hafa löglærða fasta málaflutníngsmenn; en hitt get eg ekki álitið rètt, sem nefndin hefir gjört, að ákveða þeim svo lítil laun, að þeir geti ekki lifað af þeim sómasamlegu lífi. En til þess að ekki liggi á mèr það ámæli, að eg hafi viljað rífa niður án þess að byggja upp, þá skal eg áskilja mèr það breytíngaratkvæði, að teknir verði fyrst um sinn 200 rdl. úr jafnaðarsjóðunum til launaviðbótar handa málaflutníngsmönnunum; því eg álít, að þíngið hafi þá fyrst leyst hendur sínar, er það hefir komið með þær í t a r l e g r i uppástúngur um launin, sem stjórnin hefir beðið um.

Framsögumaður: Það hefir glatt mig að heyra, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hefir verið nefndinni samþykkur, og eins hefir hinn heiðraði þíngmaður Strandasýslu borið fram góða vörn fyrir nefndina. Hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður skilur auglýsínguna svo, að sakagjaldssjóðurinn gæti ekki borið meira en 350 rdl.; en eg get skilið hana öðruvísi, nefnilega svo, að sakagjaldssjóðurinn geti ekki þolað meira, nú sem stendur, en eg vona, að skýrsla sú, er eg gaf áður, hafi sýnt fullkomlega, að sakagjaldssjóðurinn geti borið 500 rdl. útgjöld nú í 3 næstu ár. Eg held, að stjórnin hafi ekki ætlazt til, að vísað væri á aðra sjóði, ef eða þegar sakagjaldssjóðurinn gæti misst meira, og eg er því vonbetri um, að stjórnin muni ekki taka þínginu þessa aðferð sína illa upp, sem *konúngsfulltrúinn* hefir ekki mælt á móti henni, heldur fallizt á hana. Þar sem hinn heiðraði varaþíngmaður Reykvíkínga sagði, að eg hefði ekki vísað á neinn þann starfa, er málaflutníngsmennirnir gæti haft hagnað af, þá verð eg þó að minna hann á, að eg tók eitt til, og það var, að þeir gæti flutt mál við undirrèttina; en eg get líka tekið margt annað til, t. a. m. ýmsa samníng manna á milli, sem nú að líkindum verða meiri, síðan frjálsa verzlunin er komin á, og þessir menn mundu verða beðnir um liðveizlu til, o. fl. Eg get ekki skilið, að þeir hinir sömu menn, sem sátu hèr á þíngi 1855, og gáfu einhuga atkvæði sitt með þessu máli, skuli nú láta þetta verða málinu til fyrirstöðu, því það væri sama og að biðja um það annað árið, sem maður ætlaði sèr að neita, þegar manni stæði það til boða.

M. Andrèsson: Eg ætlaði að tala einmitt á þá leið, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* og fulltrúi Eyfirðínga nú mælti. Mèr hefir

æfinlega sýnzt, að það væri góð regla fyrir oss Íslendínga, að byrja fyrst á litlu og færa oss svo heldur upp á skaptið, ef svo vildi takast, en ekki hefjast fyrst hátt á lopt og síga svo niður. Eg hefi merkt það af ræðum hins heiðraða varaþíngmanns Reykvíkínga nú í dag og áður, að hann er nokkuð stórtækur og ekki kveinkinn með peninga, og því furðar mig ekki á, að honum þyki laun þessi smáleg. Sumir þíngmenn hafa bent á, að þessir málaflutníngsmenn kynni að fá ýmislegt til að lifa við hèr í Reykjavík; en eg held, að þeir þurfi ekki að vera bundnir við að lifa hèr í Reykjavík; þeir geta, að eg ætla, búið hèr í grennd við bæinn, búið þar búi sínu og haft styrk af því, eins og prestarnir, því þeim er ekki vorkun á, fremur en prestum, að ríða híngað til landsyfirrèttarins á annexíuna. Það hefir ekki undrað mig, þó hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður vilji binda sig fastan við stjórnina og vilja hennar, hvað sem öðru líður; en því verð eg að vera alveg mótfallinn, að taka nokkur laun handa málaflutníngsmönnunum úr jafnaðarsjóðunum, því þeir hafa meiri gjöld að bera, en þeir geta borið. Eg held líka, að það sè búið að sýna, að sakagjaldssjóðurinn geti borið meira, en stjórnin hugsaði, og þá er heldur ekki loku fyrir skotið, að hann geti eigi borið enn meira seinna.

St. Jónsson: Breytíngaratkvæði hins háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanns er auðsjáanlega mesta neyðarúrræði, enda neyðist eg til að gera breytíngaratkvæði við breytíngaratkvæði hans, eða má ske rèttar orðað, varabreytíngaratkvæði við breytíngaratkvæði hans, og það á þessa leið: að ef breytíngaratkvæði hins háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanns verður samþykkt af þínginu, þá áskil eg mèr rètt til að bera fram það skilyrðisbreytíngaratkvæði, að ekki verði peníngarnir teknir úr jafnaðarsjóðunum, fyr en fjárkláðinn er læknaður og burtu, og fjárstofninn aptur að öllu eins vel á fót kominn eins og áður en vágestur þessi kom, því að vísa á peninga úr jafnaðarsjóðunum, núna sem stendur, er hið sama „sem að leita ullar í geitahúsi“.

Á. Einarsson: Það kann vel að vera, að hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður sjái betur í máli þessu en *konúngsfulltrúinn,* þó hann hafi aðra skoðun á nefndarálitinu; enda finnst honum ekki þíngið hafa leyst af hendi starfa sinn, af því það er samdóma nefndinni í því, að ekki sè til aðrir sjóðir, er vísa megi til, til þess að fá úr peninga, og virðist honum nefndin ekki hafa breytt samkvæmt ætlunarverki sínu, sem hafi verið að gefa upplýsíngar í málinu, en ekki fara inn á reiknínga. En hvernig á að vísa á sjóði, sem ekki eru

til? eða hvernig geta menn komizt hjá að reikna, þegar um peníngaútlát er að gjöra og menn ekki vilja gánga í blindni? Hinum háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanni og reyndar fleirum þíngmönnum hafa farið þau orð um munn, að menn ei gæti lifað sómasamlega af jafnlitlum launum og hèr væri gjört ráð fyrir. Eg veit ekki, hvað þeir kalla sómasamlegt, en eg vil játa það, að ef þar til heyrir að halda veizlur og heimboð, eru launin víst of lítil. Hvað loks snertir breytíngaratkvæði hins háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanns, vil eg einúngis segja, að þó eg þykist þekkja sjómenn, hefi eg eingan þeirra þekkt þann fullhuga, að hann mundi hleypa til eins auðsjáanlegs skipbrots á slíkri kænu, eins og þetta hlýtur að vera, þegar menn líta til inngángsumræðunnar.

H. Kr. Friðriksson: Hinn heiðraði þíngmaður Strandasýslu sagði, að margir bændurnir byrjuðu með lítið, og hèlt, að óhætt væri og, þótt málaflutníngsmennirnir hokruðu ofurlítið fyrst framan af líka; en hvar er loforðið fyrir því, að þeir ekki þurfi að hokra nema fyrst framan af? Nefndin hefir eigi lofað þeim launaviðbót um nokkur eða fá ár, því að það er mikill munur á, hvort stúngið er beint upp á því, að málaflutníngsmennirnir fái 250 rd. fyrst um 3 ár, en laun þeirra þá verði hækkuð, eða það er að eins stúngið upp á 250 rd., og að eins lauslega getið þess, að það megi hugsa um það síðar meir, hvort launin skuli hækka. Hinn heiðraði varaþíngmaður Snæfellínga álítur víst, að hèr sè einhver óúttæmanleg uppspretta af atvinnu; en um undirdómana hèr í grennd held eg að eg óhætt þori að segja honum, að á þeim er ekki mikið að græða, þó að eg eingan veginn efist um, að öðru máli sè að gegna í hans sýslu, fyrst hann gjörir svo mikið úr þeim hèr; hann má vera því bezt kunnugur. Mèr finnst, að menn ekki gefi því nægan gaum, að embættið á að vera aðalatvinnuvegur embættismannsins, og aukaverk hans einúngis stoð aðalatvinnunnar. Menn hafa jafnvel, að mèr hefir skilizt, viljað ráða þessa embættismenn í skiprúm; en eg vil spyrja, hvort það mundi þykja hentugt að sækja þá vestur í Kambsleiru, þegar þeir ætti að flytja mál fyrir rèttinum, og þeir hefði hlýtt formanni sínum og róið, þegar hann kallaði.

Að því leyti, sem sagt hefir verið, að þeir mundi geta feingið nokkuð að gjöra, þar sem væri að rita samníngar millum kaupmanna, og það hlyti að verða, með því verzlunin væri orðin frjáls, þá gjöri eg eigi mikið úr þeirri atvinnunni; að minnsta kosti hefi eg ekki, og eg þori að fullyrða, einginn heyrt þeirrar atvinnu getið enn. En

það kann mönnum, ef til vill, að gánga til, með að halda máli þessu áfram, að mönnum kann að þykja sómi að því, að hafa nöfn á embættum, þó einginn vilji hafa þau; en eg fyrir mitt leyti vildi þá heldur fresta málinu, þángað til menn hefði faung á, að borga embættismönnunum svo vel, að menn gæti búizt við, að fá ekki einúngis einhverja, heldur einnig duglega menn í þau. Þíngmaður Árnesínga bar mèr það á brýn, að eg kveinkaði mèr eigi, þegar til peníngánna kæmi, og er það eigi í fyrsta sinni, að það hefir verið sagt um mig, og eg játa það fúslega, að eg vil heldur borga vel og fá verkið vel af hendi leyst, en borga illa og fá verkið illa gjört eður ver en ógjört.

Framsögumaður: Nefndin hefir ekki stúngið upp á því, að málaflutníngsmennirnir skyldi róa vestur á svið eður standa að slætti. Eg verð að öðru leyti að játa, að eg ekki er svo mikill spámaður, að eg vilji fara að spá hèr á þínginu, og skal eg því ekki metast um það við hinn heiðraða varaþíngmann Reykjavíkurbæjar, en það er ekki meira eður annað en spádómur hans, að einginn muni vilja málaflutníngsmannaembættin, en bæði á spádómur þessi það eptir enn þá, að hann rætist, og þó hann nú rættist, þá þyrfti eingin laun, ef einginn vildi embættin, og vildi eg lángtum heldur, að málaflutníngsmenn við yfirdóminn ekki kæmist á af þeirri ástæðu, að einginn sækti um embættin, heldur en af þeirri, að þíngið væri nú málinu mótfallið.

P. Pétursson: Það eru einúngis fáein orð, er eg vildi tala til þess að svara því, sem að mèr var vikið persónulega. Hinn heiðraði þíngmaður Strandasýslu bar mèr það á brýn, að eg ekki væri samdóma *konúngsfulltrúanum,* og eg verð að játa, að við konúngkjörnu þíngmennirnir höfum þó verið öðru vanari hèr á þíngi en því, að út á oss hafi verið sett fyrir það; mig minnir ekki betur, en að við stunduin höfum feingið það mótsetta að heyra. Hvað breytíngaratkvæði mitt snertir, má svo heita sem þegar sè kveðinn upp dómurinn yfir því, og það dauðadómurinn, en þótt það eigi von á næsta sorglegum afdrifum, verð eg að láta mèr það lynda og hugga mig við, að það ekki er hið fyrsta breytíngaratkvæði, sem hefir mátt sæta sömu forlögum hèr á þíngi; en eg mun samt heldur gefa atkvæði mitt með nefndarálitinu, heldur en að mál þetta falli.

J. Sigurðsson: Eg hefi nú hlýtt á ræður þíngmanna um stund, og hafa sumir viljað finna sitt hvað að áliti nefndarinnar, en þó hefi eg svo gott sem einga heyrt vilja fella þetta mál; eg vildi líka

miklu fremur horfa í þá stefnu, að styðja nefndarálitið, en fella; eg veit að sönnu, að eptir því sem móður og venja er á orðin, muni laun þessi þykja heldur lág, en eg get samt ekki verið samdóma hinum heiðraða þíngmanni Reykvíkínga, að slíkt sè apturför fyrir nefndinni, eða þínginu, því það er málsháttur, að efnin hljóti að ráða, og menn verði að sníða sèr stakk eptir vexti, og get eg þá eins vel álitið það framför, að menn fari að kunna sèr hóf, og sjá fótum sínum forráð með launahæðinni; nefndin hefir glögglega skýrt frá efnahag löggæzlusjóðsins, og stjórnin hefir í auglýsíng sinni bent til þess, að þaðan feingist til þessara málaflutníngsmanna heldur lítið en mikið. Eg held þessir málaflutníngsmenn verði því fyrsta kastið að hafa lítið, og eg held þetta embætti verði ekki svo annríkt, að það þurfi að vera aðalatvinnuvegur fyrir þá og þeirra heimili; menn binda sig of fast við þá skoðun, að allir þeir, sem heita konúnglegir embættismenn, skuli búa í Reykjavík, en eg vildi leggja til, að menn vildi breyta þessari skoðun sinni og ekki álíta það neina skömm eða smán fyrir embættismenn, að búa búi sínu á jörðum, sem mögulegt er að fá hèr í kríng, eins og þíngmaður Árnesínga benti á; eg vil geta þess, að vel má bjargast bæði á Laugarnesi, Skildínganesi, Læknisnesi og víðar í grennd við Reykjavík. Menn muna það líka, að ekki málaflutníngsmaður, heldur háyfirdómari í landsyfirrèttinum, sem rækti vel embætti sitt, bjó fullgóðu búi fyrir utan Reykjavík. Sumir þíngmenn hafa viljað láta skaffa þessum málsfærslumönnum há laun, en þó fundið það að nefndarálitinu, að þeir ekki skyldi hafa einkaleyfi að flytja öll *privat*-mál, hvað ónytir sem þeir væri; og væri menn allir skyldugir að fá þeim mál sín, og skaffa þeim nóg launin, álít eg mögulega vel búið um rètt þjóðarinnar. Mig furðar ekki svo mjög, þó skrifarar stiptsyfirvaldanna ætti að fá meiri laun en þessir, því þeir hafa nóg að gjöra, svo að á meðan þeir eru í þeirrri stöðu, geta þeir einga aðra atvinnu stundað.

Eg vil því láta ákvörðun nefndarinnar standa með þessa launaupphæð, og vita, hvort eingir vilja nota þessi embætti; en ef eingir geta verið svo smálátir að þiggja embættin með jafnháum launum og landið er fært um að láta þau í tè, svo er ekki vert að kvíða þessum kostnaði, og er bezt, að þá sè eins og verið hefir með þessi embætti.

Á. Einarsson: Mèr virðist, að nefndin vilji hið sama og hinn heiðraði varaþíngmaður Reykjavíkurbæjar í því að vilja gjalda mála-

flutníngsmönnunum úr sakagjaldssjóðnum, en meðan svona er ástatt, að sjóður þessi ekki getur misst meira, vill nefndin ekki hripsa fèð án rèttar, en gæti sjóðurinn, með því að stjórn hans og meðferð á fè hans yrði löguð, útilátið meira fè, vill nefndin, þegar hún gæti með rètti, einnig hækka laun málaflutníngsmannanna.

H. Kr. Friðriksson: Frá nefndinni hefir eingin bein uppástúnga komið, um, að hækkuð yrði laun málaflutníngsmannanna eptir vissan áratíma; en fyrst nefndinni virðist svo mörg gjöld hvíla á sakagjaldssjóðnum, sem sè óeðlileg, finnst mèr tími kominn til þess fyrir nefndina, að hún fari að hugsa um, hvernig þessu mætti breyta. Menn hafa hèr talað ýmist svo mikið um atvinnu í Reykjavík, eður þá um hagnað þann, sem málaflutníngsmennirnir gæti haft af því að búa fyrir utan Reykjavík á einhverri jörðinni, en þetta er bein mótsögn, því málaflutníngsmennirnir geta þó víst því að eins haft gagn af þessum ósköpum, sem í Reykjavík er að gjöra, ef þeir búa í bænum sjálfum; því að búi þeir fyrir utan bæinn, fer vissulega að minnka um atvinnu þeirra í bænum.

J. Sigurðsson: Eg vil biðja hina heiðruðu þíngmenn að gæta þess, að jafnvel þó atvinnuvegir kunni að vera nógir í Reykjavík, þá var það ekki eg, sem benti á þá þar, heldur vildi eg benda á atvinnuveg fyrir utan Reykjavík.

Þ. Guðmundsson: Eg hefði, held eg, getað fallizt á breytíngaratkvæði hins háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanns, ef að gömlu sakafallssjóðirnir, samkvæmt uppástúngum amtmannanna og fleiri embættismanna hèr á landi, hefði 1838 verið látnir renna inn í amtssjóðina og ekki inn í *Justits*-kassann, en þar eð svona fór, og ástand landsins nú að öllu leyti gjörir slík útlát ómöguleg fyrir jafnaðarsjóðina, verð eg að mæla á móti breytíngaratkvæðinu. Mèr finnst að öðru leyti góð ástæða til þess, að minna stjórnina á, hvaðan peníngar hafa runnið 1838 og síðan inn í *Justits*-kassann, með því að fara fram á, að hann einn borgi kostnað þann, sem flýtur af því, að málaflutníngsmenn verði settir við yfirdóminn.

Framsögumaður: Eg verð að vera samdóma hinum háttvirta 4. konúngkjörna þíngmanni, er síðast talaði, hvað *Justits*-kassann og jafnaðarsjóðina snertir. Hèr hafa heyrzt ýmsar raddir bæði með og mót nefndinni, en einginn hefir samt látið sèr eins umhugað um að álasa nefndinni, eins og hinn heiðraði varafulltrúi Reykjavíkurbæjar, og skal eg ekki elta hann í alla þá króka, sem hann hefir farið út í, en eg vil einúngis leyfa mèr að geta þess, að hann ekki

ber nefndinni söguna rètt, því hún hefir ekki viljað útiloka málaflutníngsmennina frá því, að fá hærri laun, og lýtur svo út sem hann hvorki hafi lesið álitsskjal nefndarinnar nè heyrt umræðurnar hèr á þínginu; eg vil einúngis biðja hinn heiðraða þíngmann að taka eptir orðum nefndarinnar: „fyrst um sinn“, og verður honum þá víst auðskilið, hver meiníng nefndarinnar hafi verið. Ekki get eg heldur sèð, að nein mótsögn sè í því, að menn, þó þeir ekki búi í sjálfri Reykjavík þurfi að fara á mis við ýms störf, er Reykjavík gæti feingið þeim, því einginn hefir sagt, að þeir þyrfti að búa svo lángt í burtu, að þeir þess vegna þyrfti að verða af því, er þeir gæti unnið sèr inn í Reykjavík.

St. Jónsson: Mèr getur ekki skilizt, að hèr geti verið nokkur mótsögn, því eg veit ekki til, að neinn hafi ætlazt til, að málaflutníngsmennirnir, ef þeir byggi á einhverri jörðunni hèr í grennd við Reykjavík, skyldi geta gegnt miklum aukastörfum í Reykjavík, heldur að þeir með því að búa búi sínu, eins og prestarnir, sem menn voru að bera þá saman við, hefði, eins og þeir, gagn af þessum búskap, svo þeir gæti lifað við lítil laun, eins og prestarnir, og aptur í hinn staðinn, einúngis ef þeir byggi í Reykjavík, hagnýtt sèr aukastörf þau, er þar kynni fyrir að falla.

G. Brandsson: Þíngmaðurinn úr Eyjafjarðarsýslu hefir nú tekið það fram, er eg vildi sagt hafa í tilliti til mótsagna þeirra, er sumir hafa þótzt finna í áliti nefndarinnar og orðum einstakra manna, og skal eg því ekki orðleingja um það meir. En hvað því við víkur, sem fulltrúi Reykjavíkur vildi skilja á hendur nefndinni, nefnilega að hún hefði átt að ákveða fyrir fram — má ske með tugabrotum? — launahækkun þá, sem málsfærslumennirnir ætti von á að fá eptir víst árabil, þá finnst mèr nú, að henni hefði ekki verið hægt að spá svo fram í tímann, að áætlanir hennar hefði ekki getað brugðizt, að öðru leyti er það fullkunnugt, að embættismenn hafa feingið launaviðbót, þó slíkt hafi ekki verið ákveðið um leið og þeim voru veitt embættin, og svo ímynda eg mèr, að líkt gæti orðið ofan á um menn þessa, einkum ef þeir gæfist vel. Hinn 3. konúngkjörni þíngmaður talaði um, að nefndin hefði farið leingra en stjórnin hefði ætlazt til í tilliti til sakagjaldssjóðsins, en eg veit ekki betur, en hún hafi verið hèr í sínum fulla rètti, samkvæmt fyrirmælum alþíngistilskipunarinnar, því eins og hver einstakur þíngmaður má eptir 59. grein hennar stínga upp á viðaukum og breytíngum gjörðra frumvarpa, þannig ætla eg, að nefndin hafi sama

rètt, því væri ekki svo, þá væri þýðíngarlaust að fá nefndum til meðferðar nokkur frumvörp, því þá væri ekki annað að gjöra en segja já og amen til alls, sem stjórnin vildi vera láta, og væri þá rèttur þíngsins orðinn svo skertur, að hann mætti heita verri en einginn.

Forseti: Þetta mál mun vera fullrætt til undirbúníngs, og kemur þá, samkvæmt dagskránni, því næst til undirbúníngsumræðu málið um gufuskips-ferðir til Íslands.

Lèt *forseti* síðan afhenda málið *framsögumanni* nefndarinnar hinum 5. konúngkjörna þíngmanni, og las hann upp álitsskjal nefndarinnar, svo hljóðanda:

„Eptir að *konúngsfulltrúinn* á alþíngi þessu samkvæmt hinni konúnglegu auglýsíngu til þíngsins frá 27. maí þ. á., II, 3, og síðara brèfi frá dómsmálaráðherranum til hans þar að lútandi, hafði lagt fram fyrir þíngið til álita uppástúngu frá forstöðumanni hins almenna danska gufuskipafèlags, stórkaupmanni *P. C. Koch* í Kaupmannahöfn, viðvíkjandi því að koma á reglulegri gufuskipaferð milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands, hefir alþíngi kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að segja álit vort um málefni þetta.

Í áminnztri uppástúngu hefir stórkaupmaður *Koch* boðizt til að láta gufuskip, 3—400 tons (120—160 lestir) að stærð, fara reglulegar ferðir milli Danmerkur, Færeyja og Íslands 6—8 sinnum á ári, þannig að skipið á leiðinni komi við á Skotlandi, á móti því að konúngssjóðurinn greiði sèr fyrir flutníng á póstbrèfum á ári hverju í næstu 5 ár, 10,000 rdl., og er að öðru leyti gjört ráð fyrir, að skipið geti flutt af vörum sem svari 120 lestum, að pláss verði á því fyrir 30 ferðamenn, og að hver ferð verði gjörð á 7 dögum milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur, en viðstaðan í Færeyjum og Skotlandi 1—2 daga í hvorum stað. Loksins er gjört ráð fyrir, að 1 eða 2 af ferðunum verði milli *Liverpools* og Reykjavíkur.

Í ofannefndri konúnglegri auglýsíngu til alþíngis þetta ár er nú svo að orði kveðið, að fyr en ákvarðanir samkvæmt beiðni alþíngis 1855 um breytíngu á póstgaungunum hèr á landi verði gjörðar, sè nauðsynlegt að gjöra fyrst út um það, hvernig póstskipsferðunum milli Íslands og Danmerkur skuli eptirleiðis haga, þar sem póstgaungurnar hèr á landi verða að standa í sambandi við tèðar póstskipsferðir, er alþíngi einnig hafði bent til, og hefir stjórnin því álitið rèttast, með því ofannefnd uppástúnga frá stórkaupmanni *Koch*

var komin til stjórnarráðsins, að gefa alþíngi færi á að segja álit sitt um uppástúngu þessa, áður en frekari ráðstöfun væri gjörð. Nefndin getur nú ekki annað en álitið það mjög æskilegt og heillavænlegt fyrir land þetta, ef komizt gæti á slík gufuskipsferð, sem hèr ræðir um, er gæti haft ómetanleg áhrif á alla framför, velmegun og menntun þessa lands, og hlýtur nefndin því eindregið að ráða þínginu til að sínu leyti að aðhyllast þessa uppástúngu, er einnig fyrir Danmörku virðist mikilsverð, að því leyti hún mundi gjöra samband hennar við Færeyjar og Ísland nánara og stjórn hennar og eptirlit með þeim lèttari. Vèr skulum að öðru leyti geta þess, að gufuskipsferð þessi mundi koma í staðinn fyrir hinar híngað til verandi póstskipsferðir milli Danmerkur og Íslands, auk þess að hèr með er að öðru leyti komið á póstferð einnig milli Danmerkur og Færeyja, en þar á milli mun póstskipsferð eigi áður hafa verið.

Að því leyti þar næst er spursmál um, hvernig koma mætti gufuskipsferðum þessum svo fyrir, að eptir þeim mætti laga póstgaungur hèr á landi og að þær að öðru leyti gæti verið haganlegar fyrir landið, þá hefir stórkaupmaður *Koch* gjört ráð fyrir, að skipið byrjaði ferðir sínar á vorin, 1. eða 15. marz, eða þá í apríl, eptir því, hvort íslaust væri eða ekki í Eyrarsundi og við Kaupmannahöfn, og að það hèldi áfram ferðum sínum þángað til seinast í desember á ári hverju. Nefndin verður nú í þessu tilliti að geta þess, að sú póstskipsferð hèðan til Danmerkur eða útlanda, er virðist sízt mega falla burtu, eða landið vera án, er ferð sú, sem póstskipið híngað til hefir gjört í byrjun marzmánaðar á ári hverju. Með þeirri ferð eru frá embættismönnum sendar ýmsar ársskýrslur, frá verzlunarfulltrúum reikníngar þeirra fyrir hið umliðna ár og eptirstöðvaskýrslur; panta þá verzlanirnar vörur þær, er með vorskipum eigi að sendast híngað, og peníngaávísanir eru sendar til innkaupa, eins og peníngaviðskipti milli einstakra manna á Íslandi og í Danmörku eru og hljóta að vera mest með þeirri ferð. Loksins er þess að geta, að póstferðir hèr á landi um land allt hljóta að eiga sèr stað skömmu eptir nýárið sakir ársskýrslna embættismanna. Ef nú gufuskipið ætti að koma híngað stundum ekki fyr en í apríl eða maí (því dæmi eru til, að ísinn við Kaupmannahöfn hefir legið þángað til), þá leiddi þar af bæði að menn færi á mis við þá póstferðina, er á þeim tíma ekki má missast, og líka að ferðin yrði öldúngis óviss, og nefndin álítur þetta svo mikinn ókost, að hún hikar ekki við að láta í ljósi þá meiníngu, að landinu væri

meiri hagur að hinni núverandi vissu póstskipsferð, þó sjaldgæfari sè, heldur en að gufuskipsferðunum með svo óvissri tilhögun. Vèr álítum því nauðsynlegt, að gufuskipið færi híngað til landsins — hvort sem það nú legði þá af stað frá Kaupmannahöfn eða annari danskri höfn eða t. d. frá *Liverpool* — t. a. m. 20. febrúar, þannig að það ekki síðar en hèr um bil í miðjum marzmánuði gæti lagt af stað hèðan aptur, og skulum vèr geta þess, að ferðin í febr.—marz híngað gæti einnig að því leyti verið hentug, að með þeirri ferð, — er kaupmenn mundi nota til að senda vörur híngað — yrði hèr sunnanlands komið í veg fyrir skort á vörum, sem einkum er hætt við um það leyti, eins og kaupmönnum hlyti að öðru leyti að koma það vel, að fá skipið híngað um það leyti sem vertíðin byrjar. Gjöri menn ráð fyrir, að skipið fari 8 ferðir á ári, að 4 sumarferðirnar í maí—ágúst gæti átt sèr stað á 36 dögum hver, að fyrsta ferðin í febr. — marz og 2 síðustu ferðirnar í október — desember væri gjörðar hver á 42 dögum og ferðin í apríl á 39 dögum, að til hverrar ferðar þurfi 7 daga eins og í brèfi *Kochs* er ráð fyrir gjört, að viðstaðan í Kaupmannahöfn í hvert sinn yrði 6 dagar og á Færeyjum, Skotlandi og Reykjavík samtals í sumarferðunum maí — ágúst 16 dagar, í aprílferðinni 19 dagar og í ferðunum í febr. — marz og október — desember samtals 22 dagar, þá mætti gjöra ráð fyrir, að ferðir gufuskipsins yrði hèr um bil þannig:

1. ferð	frá Kaupmannahöfn	20. febr.,	frá	Reykjavík	17. marz;
2. —	— —	3. apríl	—	—	25. apríl;
3. —	— —	12. maí	—	—	31. maí;
4. —	— —	16. júní	—	—	5. júlí;
5. —	— —	22. júlí	—	—	10. ágúst;
6. —	— —	27. ágúst	—	—	15. september;
7. —	— —	2. oktbr.	—	—	27. október;
8. —	— —	14. nóvbr.	—	—	9. desember.

Af þessum ferðum eru hinar tvær fyrstnefndu einkar áríðandi, 1. ferðin af þegar töldum ástæðum, og 2. ferðin (í aprílmánuði) af því með því skipi gæti borizt fregnir hèðan til útlanda um fiskiveiðarnar, sem þá er búið að sýna sig hvort góðar muni verða eða ekki. Að öðru leyti álítur nefndin, að ekki ríði á miklu, hvernig ferðum skipsins yrði hagað, eða dagar þeir ákveðnir, er það ætti að fara frá hverjum stað, og er það í þessu tilliti að eins mjög verulegt, að ferðirnar sè fast ákveðnar, og ef breytíng á þeim á miðju ári yrði gjörð, að hún þá yrði auglýst tímanlega fyrir fram, eins og það að

öðru leyti er æskilegra, að ferðirnar verði fremur 8 en 6 á ári, þannig að samgaungurnar yrði sem mestar. Loksins skal þess í sambandi hèr við getið, að það, ef til vill, gæti verið skipseiganda í hag að fara á leið sinni inn á Eskifjörð í Suður-Múlasýslu, er eigi lægi mjög lángt úr leiðinni, en bæði ætti skipið því vissara að fá nokkurn veginn nægilegt af vörum til flutnings, sem það kæmi við á fleiri verzlunarstöðum, og einnig gæti vöruflutníngar milli suðurlands og Austfjarða þannig, ef til vill, á komizt, og samgaungur í öllu falli aukizt við þetta fjarlæga hèrað. Þetta atriði vill nefndin þannig að eins taka fram sem bendíngu, en ef að því yrði geingið, yrði ferðunum að haga samkvæmt því.

Að öðru leyti virðist nefndinni ástæða til að biðja stjórnina, ef gufuskipsferð þessi skyldi komast á næsta ár, eins og uppástúngumaðurinn hefir gjört ráð fyrir, að haga þá þegar, eptir því sem orðið gæti, póstgaungunum hèr á landi samkvæmt ferðum gufuskipsins, eins og þær yrði ákveðnar, þángað til frumvarp til reglugjörðar eða laga um póstgaungur hèr á landi yrði, eins og í hinni konúnglegu auglýsíngu frá 27. maí þ. á. II, 3 virðist ráðgjört, lagt fyrir næsta þíng. Einnig virðist ástæða til að stínga upp á, að brèfburðargjald það, sem með byrjun gufuskipsferðanna mundi verða heimtað, ekki yrði fyrst um sinn ákveðið hærra en 18 sk. fyrir einfalt brèf, þannig að gjald þetta megi greiða með 3 dönskum póstfrímerkjum (á 4 sk. hvert = 12) og að farið verði að öðru leyti, hvað reglurnar um brèfburðargjaldið snertir, eptir póstlögum 11. marz 1851, þángað til ofannefnd reglugjörð um póstmál Íslands yrði samin; þyrfti þá frímerki þessi að verða hèr til sölu í þessu skyni; hvað flutníng á bögglum, er stórkaupmaður *Koch* hefir áskilið gufuskipinu, snertir, virðist einnig eiga að taka fram, að taxti yrði ákveðinn fyrir flutníinginn. Í sambandi hèr við þyrfti þá einnig að koma sú ákvörðun, að brèf eigi mætti senda með öðrum skipum en gufuskipinu, um það leyti sem það fer, og að skipherrann á gufuskipinu eigi heldur megi taka við neinum brèfum sjálfur, nema að því leyti að á skipinu ætti að vera lokaður brèfakassi samkvæmt lögum 11. marz 1851 § 14, sem renna mætti brèfum niður í. Vèr gjörum ráð fyrir því, sem sjálfsögðu, og álítum æskilegast, að aðalpóststjórnin í Kaupmannahöfn taki að sèr póstafgreiðsluna þar, og getum vèr ekki skilið annað, en að hèr á landi í Reykjavík yrði nauðsynlegt að setja póstmeistara, þegar póstskipsferðunum og póstgaungunum þannig yrði fjölgað, eða þá að gefa hlutaðeigandi em-

bættismönnum viðbót til að hafa starfa þenna á hendi, og kynni, ef til vill, að vera nauðsynlegt að gjöra einhverja ráðstöfun í þessu tilliti til bráðabyrgða næsta ár, ef gufuskipsferðin og fjölgun póstgánga kæmist á, en hvar um nefndin álítur eigi þörf að setja fram neinar uppástúngur.

Að því leyti stórkaupmaður *Koch* hefir gjört það að skilyrði, að skipið — auk þess að hann fái 10000 rdl. borgun á ári, hver upphæð nefndin eigi getur álitið að eptir kríngumstæðunum sè of há, — verði fríað við hafnar- og lestargjald á Íslandi og Færeyjum, skal þess getið, að líkur eru til, að gufuskip þetta, sem eptir áðursögðu á að hafa hèr um bil 120 lesta rúm til vöruflutníngs í hverri ferð, muni, ef flutníngskaupið eigi yrði ákveðið of hátt, verða notað mjög af kaupmönnum til vöruflutníngs til og frá Íslandi, í fyrstu sjálfsagt minna, en smásaman meira, eptir því sem leingur liði, og mundi þá þeim mun færri skip koma til Reykjavíkur. Af þessu leiðir, að það má álíta sjálfsagt, ef geingið yrði að ofannefndu skilyrði, að gjöldin til konúngssjóðs fyrir íslenzk leiðarbrèf mundi þar við lækka að upphæð, reyndar ekki svo mikið sem svaraði gjaldinu fyrir ofannefndar 120 lestir $\times$ 8 = 960 lestir (á 2 rdl. = 1920 rdl.), en þó í öllu falli, svo talsverðu nemi. Þar eð nefndin gjörir ráð fyrir, að ef alþíngi feingi hluttekníngu í ákvörðun fjárhagsmála Íslands á líkan hátt og farið hefir verið fram á á ríkisþínginu, og einhvers konar aðgreiníngur samkvæmt því ætti sèr stað á tekjum þeim og útgjöldum, er Íslandi ætti að viðkoma sèr í lagi, gæti eigi, sem Íslandi viðkomandi, talizt meira af kostnaðinum við gufuskipsferð þessa, en landinu bæri að rèttu lagi, með hliðsjón af því, að ferðir þessar eru gjörðar einnig fyrir Færeyjar, og að samgaungur milli Íslands og Færeyja öðru megin og Danmerkur hinu megin eru einnig áríðandi fyrir stjórnina yfir höfuð og þegna hennar í Danmörku, sem hafa viðskipti við bræður sína á eyjum þessum — en um hvert atriði nefndin að öðru leyti ei skal hreifa ítarlegri athugasemdum, þar sem eigi er að sjá, að stjórnin hafi í því tilliti óskað álits þíngsins — virðist það eðlilegast, að eigi væri þannig tekinn nokkur partur af borguninni fyrir gufuskipsferðina af gjöldunum fyrir hin íslenzku leiðarbrèf, og leyfum vèr oss því að stínga upp á, að gufuskipseigandinn eigi fríist við að greiða leiðarbrèfsgjald, sem mætti ákveða t. a. m. af 80 lestum hverja ferð á 2 rdl. fyrir lestina, en að honum á hinn bóginn yrði greidd þeim mun meiri borgun, ef eigi yrði samið öðruvísi. Hvað hafnargjaldið þar

næst snertir, er einnig er farið fram á að skipið fríist við, þá eru í Reykjavík enn þá eingar eða mjög óverulegar ráðstafanir gjörðar til að bæta höfnina m. fl., en með stjórnarráðsúrskurði 12. maí 1855 hefir þar verið ákveðið hafnargjald, er venjulegast er 24 sk. af hverri lest, í því skyni að safna fè til slíkra umbóta á höfninni. Ef nú gufuskip það, sem hèr ræðir um, ætti að fríast við ofannefnt hafnargjald, mundi hafnarsjóðurinn, sem nú hefir 4—500 rdl. tekjur á ári, ef til vill, missa 100—200 rdl., en þetta gæti sjóðnum orðið svo mikill hnekkir, að honum yrði því seinna fært að koma á nokkrum verulegum endurbótum, og getum vèr því eigi lagt til, að skipið verði frítt við gjald þetta.

Að öðru leyti getur nefndin ekkert séð á móti, að gufuskipið fríist við önnur aukagjöld við skipaafgreiðslu í Reykjavík (vatnspeninga, o. s. frv.), hvar á móti það á hinn bóginn virðist sjálfsagt, að undanþága þessi gildi ei um gjald til yfirvaldsins fyrir áteiknun skipaskjala samkvæmt lögum 15. apríl 1854 § 8, er ekki virðist mega svipta hlutaðeiganda embættismann án endurgjalds.

Samkvæmt öllu framanskrifuðu leyfir nefndin sèr að stínga upp á:

I. Að alþíngi láti í ljósi það álit, að hin umrædda gufuskipsferð mundi verða mjög æskileg fyrir Ísland, og að þíngið mæli fram með við stjórnina, að tèðri ferð verði komið á, þannig:

a. Að ferðir gufuskipsins verði fast ákveðnar og fyrirfram auglýstar.

b. Að ferðum þessum verði hagað svo, að það fari hèðan í fyrsta sinni á ári hverju ekki seinna en hèr um bil um miðjan marzmánuð.

c. Að ef brèfburðargjald yrði heimtað milli Íslands og Danmerkur, verði það ei hærra en 18 sk. fyrir einfalt brèf, sem borga mætti með 3 póstfrímerkjum samkvæmt lögum 11. marz 1851.

d. Að taxti verði ákveðinn á flutníngskaupi á bögglum og sendíngum.

e. Að skipið verði laust við skipaafgreiðslugjöld í Reykjavík, nema hafnargjald og gjald fyrir áteiknun skipaskjala samkvæmt lögum 15. apríl 1854 § 8.

f. Að skipið greiði 2 rdl. leiðarbrèfsgjald, samkvæmt lögum 15. apríl 1854 § 6, fyrir 80 lestir í hverri ferð, eða $^2/_3$ lestarrúms þess, er haft verður til vöruflutníngs.

g. Að skipið, ef því verður viðkomið án þess að raska ferðunum, fari á leið sinni inn á Eskifjörð í Suður-Múlasýslu.

II. Að þingið biðji stjórnina, að póstgaungunum hèr á landi verði, að því leyti því verður viðkomið, til bráðabyrgða hagað samkvæmt gufuskipsferðunum þegar þær komast á, þángað til frumvarp til reglugjörðar um póstgaungurnar hèr á landi yrði lagt fyrir þingið 1859.

Reykjavík, 19. dag júlímánaðar 1857.

V. Finsen, form. og framsögum. *Þ. Guðmundsson. H. Kr. Friðriksson. Jón Guðmundssson. P. Sigurðsson.*

Framsögumaður: Eg skal ekki fara neinum orðum um nefndarálit þetta, meðan ekki koma fram athugasemdir við það frá þingmanna hálfu; einúngis skal eg leyfa mèr að geta þess, að eins og þingmönnum mun vera ljóst af nefndarálitinu, þá finnast í því ýmsar athugasemdir, er eigi eru teknar fram í uppástúnguatriðunum, en nefndin áleit, að ekki væri þörf á að taka þannig fram allt það, sem í álitinu stæði, heldur að það gæti komið samt inn í álitsskrá þingsins til stjórnarinnar, ef ekki mótmæli koma fram í því tilliti hèr á þinginu.

P. Pèturssón: Eg verð að játa, að það gleður mig að sjá, hvernig nefndin hefir tekið undir mál þetta, því sem Íslendíngur verð eg að óska, að samneyti vort og viðskipti við aðrar þjóðir fari sem mest vaxandi, en ekki minnkandi, og mun oss varla þar til gefast betri vegur og fljótari, en ef stöðug gufuskipsferð gæti komizt á meðal vor og útlanda; einnig verð eg að játa, að nefndin hefir verið nákvæm í áliti sínu, hvað höfuðatriðin snertir. Það eru einúngis 2 atriði í nefndarálitinu, er eg vildi hreifa, fremur til þess að fá upplýsíngar hjá nefndinni, heldur en í því skyni að setja út á, og er þá fyrst árstími sá, er nefndin til tekur, að gufuskipið ætti að leggja af stað híngað til landsins, nefnilega í febrúarmánuði; nefndin hefir sjálf getið þess, að ís geti legið í Kaupmannahöfn jafnvel fram í aprílmánuð, og er það óefað, en hvernig á þá að fara með póstferðina hèðan í marzmánuði, sem nefndinni einmitt virðist svo áríðandi? Því þó nefndin stuttlega hafi drepið á, að gufuskipið geti lagt út frá *Liverpool* í Englandi, er hvorki sýnt fram á, hvernig breytíng þessi geti komið saman við aðalferðir gufuskipsins, nè heldur hitt, hvernig því verði við komið og hver fyrir því eigi að sjá, að gaungum skipsins verði hagað á þenna hátt.

Hið annað, er eg vildi biðja nefndina að gefa mèr upplýsíngu um, er á kaupi fyrir brèf og böggla, sem flytjast eiga með skipinu. Eg veit nefnilega ekki til, að stjórnin hafi stúngið upp á, að kaup þetta skyldi greiðast, og sè svo, finnst mèr einber óþarfi fyrir oss, að vera að bjóðast til þess. Eg hefi haldið, að í þessum 10,000 ríkisdölum, sem eiga að greiðast um árið fyrir ferðirnar, einnig væri innifalin borgun fyrir póstkassann; en eins og eg hefi áður sagt, vildi eg einúngis beiðast upplýsínga hjá nefndinni.

Framsögumaður: Viðvíkjandi því, er hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður sagði, skal eg leyfa mèr að geta þess, að nefndinni ekki þótti þörf á að gjöra athugasemdir um það, hvernig eigandanum bezt gæti tekizt að láta skipið ætíð gjöra fyrstu ferð sína hèðan í marzmánuði, því sá maður, sem ætti að setja slíka gufuskipaferð í gáng, hlýtur að hafa þar til mörg fleiri og betri úrræði, en vèr hèr erum færir um að stínga upp á, og þótti því nefndinni nóg að fara fram á, að árstíminn yrði þessi, er hún til tók, og láta svo eigandann sjálfan ráða, hvernig þessu yrði bezt í lag komið. Eg vil benda til, að hann gæti t. a. m. látið skipið fara híngað frá *Liverpool* eða Norvegi. Hvað því næst snertir brèfburðargjald það, sem stúngið er upp á, þá hefir stjórnin reyndar ekki farið fram á þetta, en eg hlýt fyrir mitt leyti að álíta það sjálfsagt, að slíkt gjald muni verða heimtað, samkvæmt því, sem alstaðar í heiminum á sèr stað, enda skal eg geta þess, að eg veit ekki betur, en að þegar um árið var spursmál um breytíngu á póstgaungum og póstferðum milli Íslands og Danmerkur, og leitað var álits embættismanna hèr um þetta efni, þá álitu þeir allir sjálfsagt, að brèfburðarkaup skyldi greiða.

Mèr virðist það ekki heldur geta sagzt, að póstkassinn sè fluttur frítt, því þar fyrir eru goldnir 10,000 ríkisdalir, og virðist það þá vera í eðli sínu, að eitthvað kæmi inn í staðinn; en því stakk nefndin upp á, að upphæð brèfburðargjaldsins væri ákveðin, að hún vildi reyna að koma í veg fyrir, að borgunin yrði of há; það er annað mál, að mönnum má ske virðist, að nefndin hafi stúngið upp á of hárri borgun, og skal eg ekki vera fastur á því, að gjaldið ekki, ef til vill, mætti setjast nokkuð lægra, en nefndinni virtist nú þetta hæfilegast. Hvað bögglasendíngar þar á móti snertir, þá hefir uppástúngumaðurinn, stórkaupmaður *Koch,* með berum orðum, í brèfi sínu til stjórnarinnar, áskilið sèr rètt til að heimta borgun undir slíkar sendíngar, og virðist þá vera ástæða til, að láta ekki þessa borgun

vera undir sjálfum honum komna, heldur að taxti yrði ákveðinn, og þess vegna hefir nefndin stúngið upp á, að slíkur taxti væri settur.

P. Pètursson: Eg veit ekki með vissu, hvort mèr hefir misskilizt það, að brèfburðarkaupið sè innibundið í þeim 10,000 ríkisdölum, en hafi ekki uppástúngumaðurinn farið fram á, að sèr væri á parti borgaður brèfaburðurinn, virðist mèr það sjálfsagt, að hann sè innifalinn í þessum 10,000 dölum, og hafi stjórnin því ekki stúngið upp á brèfburðarkaupi, virðist mèr, eins og eg áður sagði, óþarfi fyrir oss að vera að bjóðast til þess, með því mèr líka virðist það eðlilegt, að brèf geti kauplaust komizt til Danmerkur, og eg tel það bezta kostinn við það fyrirkomulag á póstskipsferðunum milli Danmerkur og Íslands, sem híngað til hefir átt sèr stað, að þetta hefir feingizt borgunarlaust. En ekki skal samt þetta á nokkurn veg standa fyrir því, að eg gefi atkvæði mitt fyrir nefndarálitinu; eg vildi einúngis vekja athygli þíngsins og nefndarinnar á því, að gæti menn komizt hjá þessum gjöldum, væri óþarfi að bjóðast fram til að lúka þeim.

Jón Guðmundsson: Eg held, að hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður hafi rètt fyrir sèr í því, að brèf þau, er í póstkassann komast, eru undanþegin allri borgun eptir uppástúngu stjórnarinnar; en þar sem gufuskipaferð þessi, sem hèr ræðir um, óumflýjanlega hlýtur að auka töluvert útgjöld landsins frá því sem þau eru nú, virðist mèr því meiri ástæða til þess, að reyna að útvega eitthvað dálítið í skarðið. Það er sjálfsagt bæði hagkvæmara og þægilegra fyrir hvern einstakan mann að komast hjá útlátum, hver sem þau eru, eins og hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður sagði; en þar sem á hinn bóginn hver maður í öllum löndum Norðurálfunnar er þeirri lagaskyldu bundinn, að borga undir brèf sín, virðist mèr því minni ástæða til þess, að gjöra undantekníngu frá þessari reglu hèr á Íslandi, sem sú undanþága að mestu eða öllu leyti kæmi næsta misjafnt niður, og yrði ekki í hag nema vissum flokki, nefnilega vísindamönnum og kaupmönnum, en eingan veginn öllum landsmönnum yfir höfuð, sem þó verða að bera kostnaðinn. Um taxta á flutníngskaupi undir böggla og pakkveti er öllu öðru máli að skipta, því eins og hinn háttvirti *framsögumaður* sagði, hefir *Koch* áskilið sjálfum sèr með berum orðum rètt til að heimta flutníngskaup undir þá, og nefndin einmitt þess vegna stúngið upp á, að fastur taxti væri settur, svo að *Koch* væri það ekki á sjálfs valdi, að heimta það flutníngskaup, sem honum einum litist í þann og þann svipinn. En einkum vildi eg hafa getið þess, að vegna nýrra upp-

lýsínga, er eg hefi feingið, síðan nefndarálitið var undirskrifað, og sem eg verð að álíta áreiðanlegar, en eg ekki gat skýrt nefndinni frá áður, verð eg að áskilja mèr, að mega koma fram með breytíngaratkvæði, ef mèr og meðnefndarmönnum mínum gæti komið ásamt um það, að póstferðirnar, í stað þess er nefndin fór fram á, nefnilega 8, einúngis yrði 6, því eins og eg áður sagði, hefi eg feingið áreiðanlegar upplýsíngar, sem eg ekki enn hefi getað skýrt frá meðnefndarmönnum mínum, og eptir þeim virðist mèr að einúngis 6 póstferðir mundi verða haganlegri.

Einnig get eg skýrt frá eptir sömu upplýsíngum, að það mun ekki verða torsótt að vinna stórkaupmann *Koch* til þess, að láta gufuskipið koma við á Eskifirði í annarihvorri leiðinni, híngað eptir, eða þó heldur hèðan til Danmerkur, og það vildi eg fyrir mitt leyti helzt kjósa, og það án þess að hann krefðist sèrlegrar eða jafnvel eingrar aukaþóknunar fyrir, og er auðsætt, hvaða hagur þetta mætti verða bæði fyrir Múlasýslurnar, sem eru svo afskekktar og líka fyrir allt landið.

E. Ó. Kúld: Eg vildi einúngis leyfa mèr að biðja hina heiðruðu nefnd að skýra tvennt fyrir mèr; fyrst það, hvort nokkur afsláttur yrði gjörður af þessum 10,000 dölum, ef ferðirnar einúngis yrði 6, í stað 8, og því næst, hvaðan á að taka þessa 10,000 ríkisdali, því eigi Ísland að greiða þá, og þá einnig njóta þess, er inn kemur fyrir brèfaburðinn, vil eg ekki hafa á móti upphæð hans, en annars vil eg áskilja mèr breytíngaratkvæði brèfaburðarkostnaði þessum viðvíkjandi.

Framsögumaður: Eg held, að breytíngaratkvæði það, sem hinn háttvirti *varaforseti* áskildi sèr, sè óþarft. Nefndin hefir nefnilega einga uppástúngu gjört um það, að póstferðirnar ætti að vera 8, en í brèfi stórkaupmanns *Kochs* til stjórnarinnar er stúngið upp á 6 eður 8 ferðum, og fyrir þessar ferðir hefir hann áskilið sèr 10,000 rdl. borgun, svo það er auðsætt, að borgunin verður hin sama, hvort 6 eru ferðirnar eður 8. Nefndin hefir ekki álitið, að Ísland ætti að greiða þessa 10,000 ríkisdali einsamalt, að því leyti fjárhagur þess kynni að vera aðgreindur, og eins og ekkert bendir til, að þetta hafi verið ætlan stjórnarinnar, eins virðist það fremur óeðlilegt, ef svo væri, því ekki hefir einúngis Ísland gagn af gufuskips-ferðum þessum, heldur einnig Færeyjar og Danmörk; þessi skoðun nefndarinnar sèst líka á því, sem nefndin hefir stúngið upp á, hvort ekki ætti að fría gufuskipið frá að greiða leiðarbrèfs-gjald. Samkvæmt þessu

gjöri eg þá ráð fyrir að hagað yrði um það, sem inn kæmi í brèfburðarkaup, þannig að jafnmikill partur af því, ef fjárhagur Íslands yrði aðgreindur, mundi álítast Íslandi viðkomandi, eins og partur landsins yrði í gufuskipskostnaðinum.

E. Ó. Kúld: Það, er hinn heiðraði *varaforseti* sagði, gaf mèr tilefni til spurníngarinnar, er eg gjörði nefndinni, en þrátt fyrir svar það, er eg fèkk, verð eg að áskilja mèr breytíngaratkvæði um, að brèfaburðarkostnaðurinn verði settur niður. Einnig þætti mèr fróðlegt að vita, hvers vegna nefndin hefir stúngið upp á, að gufuskipið skuli hlaupa inn á Eskifjörð, en ekki Seyðisfjörð, þar sem það þó hlýtur að vera henni kunnugt, að þíngið ætlar að biðja konúng vorn um, að Seyðisfjörður verði valinn til aðalverzlunarstaðar í stað Eskifjarðar.

H. Kr. Friðriksson: Eg ímynda mèr, að hinn heiðraði varaþíngmaður Snæfellínga eigi hafi gætt að því, að borgunin í raun og veru er ekki nema 12 skildíngar, nefnilega 3 frímerki, sem kosta 4 skildínga hvert, og get eg ekki ímyndað mèr lægra gjald undir brèf, og ekki er þetta há borgun í samjöfnuði við það, sem menn mega borga núna á veturna fyrir brèf með póstskipinu frá Einglandi. Að Seyðisfjörður ekki var nefndur í stað Eskifjarðar, þá virðist mèr Eskifjörður hafa það fram yfir Seyðisfjörð í þessu tilliti, að bæði liggur hann beinna við og nær gufuskipsferðinni, og svo hitt, að þar er lögreglustjóri.

E. Ó. Kúld: Eg hefi vissulega tekið eptir því, að ekki átti brèfburðarkaupið að vera meira en 12 skildíngar, en eg hefi einnig tekið eptir hinu, að það verður því að eins 12 skildíngar, að menn geti útvegað sèr frímerki, og er eg hálfhræddur um, að einkum til sveita verði ekki ætíð svo hægt að útvega þau. Sè Eskifjörður valinn í stað Seyðisfjarðar, vegna þess að þángað sè minni krókur, því var þá ekki tilnefndur Berufjörður, sem þó liggur enn beinna við?

Jón Guðmundsson: Auk þess, er hinn heiðraði varaþíngmaður Reykvíkínga færði Eskifirði til gildis, skal eg enn fremur taka fram, að Eskifjörður er eitt af hinum 6 aðalkauptúnum landsins, enn sem stendur, og þó þíngið hafi beðið um Seyðisfjörð í stað Eskifjarðar, er breytíng þessi samt ekki enn þá komin í kríng, og er óvíst hún verði um 5 ár, en fyrir leingri tíma hefir ekki *Koch* fyrst um sinn tekizt á hendur að halda híngað gufuskipi. Því næst er lögreglustjóri á Eskifirði, ekki á Seyðisfirði, en það, sem þar að auki

einkanlega gekk nefndinni til að binda ferðina við Eskifjörð, er þetta, að frá Eskifirði er póstafgreiðsla og póstgaungur, önnur norður eptir beint til Friðriksgáfu til amtmanns, en hin suður eptir til sýslumannsins í Skaptafellssýslu.

J. Hávarðsson: Hvað vegamuninn til Eskifjarðar og Seyðisfjarðar snertir, virðist mèr hann næsta lítilfjörlegur, því það eru einúngis stuttar 6 vikur sjávar; eg hefði kunnað betur við, að nefndin hefði jafnt Eskifirði nefnt Seyðisfjörð, svo framt þar yrði aðalverzlunarstaður og þángað settur lögreglustjóri; þó gjöri eg þetta ekki að því kappsmáli, að eg taki mèr breytíngaratkvæði í þá stefnu.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, verð eg að álíta undirbúníngsumræðu þessari lokið. Dagskrá til næsta fundar skal verða birt á vanalegan hátt, það fyrsta orðið getur.

Fundi slitið.

---

23. júlí — þrettándi fundur.

Forseti skýrði frá, að auk hins 6. konúngkjörna þíngmanns, sem var sjúkur, hefði hinn 1. konúngkjörni þíngmaður skýrt frá, að hann gæti eigi komið á þíng í dag. Allir aðrir á fundi. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Af því eg hefi nú meðtekið æði-mörg nefndarálit og býst þess vegna við, að fundir verði hèr eptir bæði leingri og tíðari, leyfi eg mèr í þíngsins nafni að skora á hinn hæstvirta *konúngsfulltrúa,* að hann auk þeirra tveggja aukaskrifara, sem þegar eru teknir, kveðji aðra tvo til aðstoðar.

Konúngsfulltrúi: Af ástæðum þeim, sem hinn háttvirti *forseti* nú tilfærði, hefi eg auk hinna tveggja aukaskrifara, sem þegar eru teknir, tilkvatt aðra 2, nl. stud. medic. J. Thórarensen og cand. theol. Þ. Pètursson, og eru þeir nú hèr til staðar á þíngsalnum.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til undirbúníngsumræðu stjórnarbótarmálið. Lèt *forseti* síðan afhenda *framsögumanni* nefndarinnar, *varaforseta,* skjöl málsins, og las hann upp álit nefndarinnar svo hljóðanda:

„Hið heiðraða alþíngi hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd, til þess að segja álit vort um uppástúngu til þíngsins, frá undirskrifuð-

um varaþíngmanni úr Snæfellsnessýslu, þess niðurlags, að þetta alþíngi sendi konúngi þegnsamlega bænarskrá um: *„nýtt og umbætt fyrirkomulag stjórnarinnar yfir Íslandi, sem og um að ákveða stöðu þess í fyrirkomulagi konúngsveldisins, og að jafnframt sè haft tillit til undirstöðuatriða þeirra, sem alþíngi 1853 tók fram í allrapegnsamlegastri bænarskrá 9. ágúst 1855“.* Þessi uppástúnga á jafnframt að styðjast við samtals 16 bænarskrár um sama málefni, sem eru sendar þessu alþíngi, úr ýmsum hèruðum landsins, með alls 673 undirskriptum, og afhentar nefndinni ásamt uppástúngunni til meðferðar.

Nefndin hefir nú tekið þetta málefni til ítarlegrar yfirvegunar og meðferðar, eg leyfir hún sèr að bera upp um það álit sitt fyrir þínginu á þessa leið:

Nefndin venti yfirvegun sinni og umræðum fyrst og fremst að því, hverjar ástæður væri fyrir hið heiðraða þíng að senda nú konúngi bænarskrá um þetta mál, þar sem bænarskrá þíngsins 1853 um sama málefni varð fyrir synjun í konúnglegri auglýsíngu 7. júní 1855. En þegar þess er gætt, að enn eru óapturkölluð og óefnd hin mildu heityrði konúngs vors í kgsbr. 23. sept. 1848 um, að staða Íslands í fyrirkomulagi ríkisins skuli verða ákveðin, hvar með einnig er bent til, að Íslendíngar skuli verða aðnjótandi jafnrèttis í hinu frjálslega fyrirkomulagi stjórnarmálefnanna við aðra þegna hans í hinum öðrum ríkishlutum konúngsveldisins; að þessi heityrði eru ánýjuð í kgl. augl. 12. maí 1852 —, að þar að auk nátt úrlegur rèttur vor Íslendínga, og jafnvel bein nauðsyn, bæði fyrir þá, og stjórnendurna í Danmörku, og Dani sjálfa yfir höfuð að tala, virðist að krefjast þess, að ekki standi lengur svo búið í þessu máli, heldur að sem fyrst megi hverfa sá vafi, óvissa, og jafnvel tortryggni, sem af því rís, og fremur hlýtur að þróast en að rèna —, að svo leingi dregst, fremur í þessum hluta konúngsveldisins en í öðrum hlutum þess, að ráða þessu allsherjar máli til lykta —, að einnig meðal Íslendínga sjálfra viðhelzt vakandi og lifandi og almennur áhugi fyrir þessu mikilvæga málefni, eins og sýna hinar mörgu bænarskrár, sem þar um eru nú komnar til þíngsins —, þegar alls þessa er gætt, þá hlýtur nefndin að leggja til, að hið heiðraða alþíngi taki nú málefni þetta til lögskipaðrar meðferðar, og riti um það bænarskrá til konúngs, og virðist nefndinni, að því síður eigi þíngið að skoða huga sinn um þetta, sem stjórnarfyrirkomulagi gjörvalls konúngsveldisins er nú að öllu öðru leyti ráðið til lykta fyrir 2 árum síðan.

Þar á móti gátu ekki allir nefndarmenn orðið á eitt sáttir um

formið fyrir þessari bænarskrá í öllum greinum, hvorki svo, að laga hana í almennum orðatiltækjum, með tilvísun til bænarskrár alþíngis 1853, á líkan hátt, og í uppástúngunni var bent til, nè heldur svo, að taka nú sèrstaklega fram öll eða flest öll undirstöðuatriðin frá 1853, í því skyni, að þau yrði tekin til greina, þegar samið yrði frumvarpið um stjórnarfyrikomulagið á Íslandi, og stöðu þess í konúngsveldinu. Eigi að síður erum vèr allir nefndarmenn einhuga á því, að alþíngi fylgi enn að nýju sèrstaklega fram hinu 1. uppástúnguatriði í bænarskránni 1853, um, að verkahríngur og vald alþíngis verði svo aukið, að því verði veitt ályktunar- eða löggjafarvald í öllum innlendum málum, þ. e. í þeim málum öllum, sem híngað til hafa legið undir meðferð þess að lögum, og þykist nefndin ekki þurfa að fara mörgum orðum um þetta mikilvæga atriði nú, því ástæðurnar fyrir því eru greinilega teknar fram á þínginu 1853, bæði í nefndarálitunum og bænarskránum til konúngs um þetta mál (Alþ. tíð. 1853, bls. 652—653, og 1048—1049).

Aptur erum vèr nefndarmenn einnig á einu máli um það, að ráða þínginu til, að leiða hjá sèr að þessu sinni beina uppástúngu um 4. undirstöðuatriðið í bænarskránni 1853, heldur láta það vera á valdi stjórnarinnar, hvort hún vill hreifa þar að lútandi uppástúngum í frumvarpi því, er hún semur um stjórnarbótarmálið og leggur síðan fyrir alþíngi.

Því er það einkum um hin 3 uppástúngu-atriðin í bænarskránni 1853, nefnilega 2. 3. og 5. atriðið, að nefndarmenn hefir greint á. Minni hluti nefndarinnar (*V. Finsen.* og *P. Pèturssón*) verður að álíta það mjög vandasamt eptir fjarlægð landsins og stöðu þess til konúngsveldisins, að ákveða, hvernig stjórn landsins yrði bezt komið fyrir, og eins og vèr, eptir nákvæma yfirvegun, ekki getum fallizt að öllu leyti, eða í hinum verulegustu atriðum, á þá tilhögun á stjórn landsins, sem í ofannefndum greinum í bænarskránni 1853 var farið fram á, þannig treystir minni hlutinn sèr ekki til, sjálfur að gjöra beinlínis uppástúngu um þá breytíngu í því núveranda stjórnarfyrirkomulagi, er vèr gætum álitið, að mæla ætti fram með við stjórnina, enda álítum vèr þess eigi heldur neina þörf, að þíngið gjöri neina uppástúngu hèr um, þar sem vèr verðum að álíta, að af hinni áðurgreindu uppástúngu um, að alþíngi veitist ályktanda vald í löggjafarmálum, hvar um vèr erum samdóma meðnefndarmönnum vorum, leiði bæði, að sú breytíng á stjórnarfyrirkomulagi landsins yrði jafnframt tekin til yfirvegunar, er beinlínis flyti af valdi því í lög-

gjafarmálum er þínginu yrði veitt, og á hinn bóginn, að alþíngi, þegar það hefði feingið þvílíkt vald, hlyti að hafa meiri áhrif á tilhögun framkvæmdarvaldsins, en áður, og einkum á það, að yfirstjórnin yrði sem öflugust og mest samandregin, án þess að draga úr eptirlitinu með hinum einstöku landspörtum eða hèruðum. Minni hlutinn hefir því álitið nægilegt, að þíngið, í sambandi við uppástúnguna um, að alþíngi fái löggjafarvald, að eins biðji jafnframt um, að til þessa aukna valds alþíngis yrði tekið tillit við tilhögunina á stjórn landsins, og álítur minni hlutinn einnig, að bænarskrá þíngsins í þessu máli fái meiri þýðíngu, ef hún þannig að eins tæki fram hið eina atriðið, sem er það verulegasta, nefnilega löggjafarvaldið, án þess að bæta þar við fleirum einstaklegum atriðum, er geta verið mjög vafasöm. Hvað snertir 3. uppástúnguatriðið í bænarskrá alþíngis 1853, þá álítur minni hlutinn það reyndar mikilsvert, að tala dómendanna í yfirdóminum og vald rèttarins aukist, en þar svo stendur á, að vafi gæti verið um, þótt tala dómendanna feingist aukin, er stjórnin hefir látið í ljósi að eigi verði, nema þíngið bendi á fè til að launa þeim, hvort nógir lögfræðíngar mundi um stund verða til að sækja um embætti þessi, þá getur minni hlutinn ekki lagt til, að þetta atriði sè tekið inn í bænarskrá þíngsins í þetta sinn.

Vèr, meiri hluti nefndarinnar *(Ásgeir Einarsson, H. Kr. Friðriksson, Jón Hávarðsson, Jón Guðmundsson* og *E. Ó. Kúld)* erum þar á móti einhuga á því, að ráða hinu heiðraða þíngi til, annaðhvort að aðhyllast niðurlagsatriði uppástúngunnar svona í almennum orðatiltækjum, eða þó fremur að taka fram sèrstaklega, og með skýrum orðum og ástæðum undirstöðuatriði, líkt og gjört var með nálega öllum atkvæðum á þínginu 1853, — sem álíta má hyrníngarsteininn í stjórnarbót þessa lands, en það er 1. algjörð endurbót á fyrirkomulagi hinnar æðstu valdstjórnar í landinu, 2. að konúngur feli einum og sama manni að hafa á hendi öll þau mál, sem ekki geta útkljáðzt hèr í landi, heldur hljóta að liggja undir síðustu úrslit konúngsins, 3. að dómsvaldið hèr í landi og dómaskipun verði síðan smásaman svo löguð og endurbætt, að samsvari hinu aukna valdi alþíngis, og endurbótunum á fyrirkomulagi hinnar æðstu vald stjórnar. Meiri hlutinn verður því fremur að leggja til, að þessi uppástúnguatriði sè fram tekin sèrstaklega í bænarskránni til konúngs, sem stjórn hans, er falið verður að semja frumvarpið til stjórnarbótarlaga og stöðu Íslands í konúngsveldinu, skortir fullnæga sèrstaklega þekkíngu á því, hvernig hèr hagar til, og hvaða fyrirkomu-

lag hèr eigi bezt við; — enda mætti svo álíta, ef nú væri sleppt þessum undirstöðuatriðum, sem með svo ljósum ástæðum og miklum atkvæðafjölda var framfylgt hèr á þínginu 1853, einnig af sjálfum þeim mönnum, sem nú greinir á um þau í nefndinni, — að alþíngi og landsmenn væri frá þeim horfnir, og þætti þau eingu skipta, en sú mun þó ekki meiníng neinna þíngmanna.

Í bænarskrá alþíngis 1853 er það tekið fram, að breytíngin á stjórnarfyrirkomulaginu hèr á landi yrði einkum að lúta að því, að stjórn landsins yfir höfuð að tala yrði gjörð svo traust og samfelld, sem alls herjar fyrirkomulag stjórnarinnar í gjörvöllu konúngsveldinu fremst leyfði; — og enn fremur, að það geti ekki dulizt fyrir neinum rèttsýnum manni, að það er einkanlega og yfir höfuð að tala hin margskiptu valdstjórnarverk, og önnur stjórnarstörf, sumpart milli hinna ýmsu stjórnarvalda með of takmörkuðum verkahríng, sumpart milli hinna ýmsu á fjarlægum stöðum settu valdstjórnarmanna bæði hèr og erlendis, með þar af leiðandi misjafnri þekkíngu og ólíkri skoðun á málunum, er gjöra fyrirkomulagið á hinni íslenzku yfirstjórn, eins og hún er nú, bæði óhagkvæmt og ísjárvert, ekki að eins fyrir innbúa þessa lands, heldur einnig fyrir stiórnendurna í Danmörku, einkum á meðan svo fá sem eingin málefni, jafnvel þótt þau sè lítilvægrar tegundar, geta átt undir hin síðustu úrslit stjórnarvaldanna hèr á landi; heldur verði flest öll málefni hèðan, og geti, svo að segja án undantekníngar, átt undir hina síðustu úrgreiðslu hinna ýmsu stjórnarvalda í Danmörku.

Meiri hluti nefndarinnar hlýtur að álíta þessar ástæður svo ljósar og yfirgnæfanlegar, og byggðar á hinu sama ásigkomulagi þessa lands og verulegum nauðsynjum landsbúa og því, sem í raun og veru á sèr stað, að á þeim megi eingan veginn missa sjónar í þessu alls herjar máli, og þykir því ísjárverðara að draga úr þeim nú, sem nálega allir þíngmenn voru einhuga á því 1853, að taka þær sem skýrast fram, og hin áminnztu 3 undirstöðuatriði, sem þar á voru byggð. Það fyrirkomulag, sem um tíma hefir verið á hinni æðstu valdstjórn hèr innanlands, þar sem sinn er amtmaðurinn í hverjum landsfjórðúngi, í miklum fjarska hver frá öðrum, og þó allir með jöfnu valdi, án þess þó að nein æðri valdstjórn sè til í landinu sjálfu til þess að halda embættis- og framkvæmdarstjórn þeirra í einu og sama horfi, og vaka yfir, að landslögin sè skilin, og þeim framfylgt og hlýtt á einn og sama veg yfir gjörvallt landið, þetta fyrirkomulag hefir hvergi nærri fullnægt hinum sönnu þörfum lands-

manna í þeim efnum, sem hèr ræðir um, heldur verið, og á meðan það viðhelzt, hlýtur að vera, ýmsum vandkvæðum bundið. Því fremur sem nú vald og verkahríngur alþíngis ykist í öllum þeim efnum, sem snerta löggjöf og fjárhag landsins, og öðru, en þar að lýtur, því meiri augsýnileg nauðsyn yrði á því, að haga fyrirkomulagi hinnar æðstu valdstjórnar hèr innanlands þar eptir, svo að hið aukna vald alþíngis hefði í henni fulla stoð, og tryggíng væri fyrir, að gjörðir og atkvæði þíngsins yrði ekki aflvana fyrir það, að sundurskiptri og sundraðri valdstjórn víðs vegar um landið væri ætlað, að framfylgja ályktunum þess, án þess að standa þínginu neinn reikníngskap af valdstjórnargjörðum sínum, eða hafa fyrir því neina ábyrgð af þeim. Meiri hlutinn verður því fastlega að ráða hinu heiðraða þíngi til, enn að nýju að fylgja fram í bænarskránni til konúngsins hinu 2. uppástúnguatriði í bænarskránni, um: að ein verði sett, og á einum stað, í Reykjavík, þriggja manna yfirstjórn yfir Íslandi, er hafi á hendi til síðustu úrslita öll þau valdstjórnarverk og framkvæmdarvald í íslenzkum málum, sem ekki hljóti að leggja undir úrskurð konúngs eða ráðaneytis hans.

Meiri hlutinn verður að álíta rèttast að setja í sem nánast samband hèr með hið 5. uppástúnguatriði í bænarskránni frá 1853, sem þar er tekið fram, sem bendíngaratriði til konúngs, um það, að konúngur feli einum og sama manni hina síðustu meðferð þeirra mála, sem verður lögákveðið um að ekki geti útkljáðst hèr á landi.

Meiri hlutinn hyggur, að það nægi, að vísa þínginu til hinna ljósu ástæða fyrir þessu undirstöðuatriði, sem teknar eru fram í bænarskránni til konúngs frá alþíngi 1853 (Alþ.tíð. 1853, bls. 1052—1053), og sem þá var fallizt á hèr á þíngi í einu hljóði, án þess, að fara þar um frekari orðum. Einúngis viljum vèr, meiri hlutinn, vekja athygli hins heiðraða þíngs á því, til nákvæmari yfirvegunar og umræðu, án þess að vèr þó finnum fullt tilefni til, að bera upp um það beina niðurlags-uppástúngu að svo komnu máli, að oss finnst ekkert verulegt vera á móti því, að þíngið benti til þess í bænarskránni til konúngs, um málið, hvort ekki væri bæði eðlilegast í sjálfu sèr, kostnaðarminnst, og minnstum vandkvæðum bundið, að konúngur fæli forstöðumanni hinnar íslenzku stjórnardeildar á hendur sumpart hina síðustu úrgreiðslu allra íslenskra mála, er ekki mætti útkljá hèr á landi, en sumpart að bera þau mál upp fyrir konúng til úrskurðar í stjórnarráðinu.

Meiri hlutinn finnur að vísu eigi jafn-yfirgnæfandi ástæður til,

að þingið fylgi eins eindregið fram hinu 3. uppástúnguatriði frá 1853, eins löguðu og það þá var, eða með svo einskorðuðum orðatiltækjum, eins og þá var gjört, áhrærandi hinn rýmri verkahríng yfirdómsins hèr á landi og fjölgun dómenda í honum, umbót á kjörum þeirra, o. s. frv., enn þótt vèr verðum að játa það fulla sannfæríng vora, að þessum hinum æðsta dómstól landsins sè ábótavant í öllum þessum atriðum, eins og nú stendur, auk heldur, þegar svo væri komið, að alþíngi hefði öðlazt fullan atkvæðisrètt í allri löggjöf landsins, og því samsvarandi yfirstjórn væri hèr á komin. Meiri hlutinn er fyllilega á því, að þegar svo felld stjórnarbót væri á komin hèr á landi, þá gæti það ekki staðizt, að dómsvaldið í landinu væri látið halda hinu sama fyrirkomulagi, sem nú, heldur yrði að koma því í fulla samhljóðun við hin önnur stjórnarvöld, einkum að því, að æðsti dómur væri í landinu sjálfu, er mætti leggja hinn síðasta dóm á hvaða íslenzkt mál sem er, — en enda þótt meiri hlutinn áliti þetta atriði of margbrotið og yfirgripsmikið til þess, að taka fram um það einskorðaðar uppástúngur að þessu sinni í bænarskrá til konúngs, þá er þó dómsvaldið í raun rèttri í svo nánu sambandi við hin önnur atriði hins umbætta stjórnarfyrirkomulags, að eigi þykir hlýða, að þíngið gángi fram hjá því með öllu í bænarskrá sinni, og því vill meiri hlutinn ráða þínginu til, að taka það fram með almennum orðum, að dómsvaldið verði bætt svo, að það samsvari löggjafarvaldi alþíngis og hinu umbætta fyrirkomulagi á yfirstjórn landsins.

Af framanskrifuðum ástæðum leyfum vèr oss að ráða hinu heiðaða þíngi til:

A. Að rita konúngi bænarskrá um, að hann láti semja og leggja fyrir næsta alþíngi frumvarp um nýtt og umbætt fyrirkomulag stjórnarinnar yfir Íslandi, og um stöðu þess í konúngsveldinu.

B. Að í þessu frumvarpi verði tekin til greina eptirfylgjandi undirstöðuatriði:

1. Að verkahríngur og vald alþíngis verði svo aukið, að því verði veitt ályktunarvald (löggjafarvald) í öllum þeim málum, er áður hafa legið undir meðferð þess.

(Meiri hlutinn).

2. Að ein verði sett, og á einum stað, í Reykjavík, þriggja manna yfirstjórn í landi hèr, sem hafi á hendi til síðustu úrslita öll þau valdstjórnarverk, og framkvæmdarvald í íslenzkum málum, sem ekki verður lögákveðið um, að hljóti að liggja undir úrskurð kon-

úngsins, eður ráðgjafa hans; og að þessir yfirstjórnendur eigi setu á alþíngi, og haldi þar svörum uppi fyrir hönd stjórnarinnar.

3. Að konúngur feli einum og sama embættismanni hina síðustu meðferð þeirra íslensku mála, sem lögákveðið verði um, að ekki eigi undir úrslit þeirra ráðgjafa, sem þess konar mál liggja undir í gjörvöllu konúngsveldinu, eða ekki geti útkljáðst hèr á landi, og að hann beri síðan þau mál fram fyrir konúnginn, til allrahæsta úrskurðar eða samþykkis.

4. Að dómsvaldið í landinu verði svo umbætt, að það samsvari hinu aukna valdi og verkahríng alþíngis, og hinu umbætta fyrirkomulagi á yfirstjórn landsins.

Reykjavík, 21. d. júlímánaðar 1857.

Jón Guðmundsson, framsögumaður. *E. Ó. Kúld. H. Kr. Friðriksson. J. Hávarðsson. Á. Einarsson.*

Undirskrifaður minni hluti álítur rèttast, að í bænaskrá þíngsins til konúngs sè einúngis beðið um:

að alþíngi veitist löggjafarvald í þeim málum, sem áður hafa legið undir meðferð þess, og að stjórn landsins verði hagað þar eptir.

Ut supra

V. Finsen, formaður. *P. Pètursson.*

Framsögumaður: Eins og þíngið hefir nú heyrt af því, sem eg las upp, þá hefir nefndina greint á í þessu áliti sínu. Þeir sömu menn, sem nú eru í minni hlutanum, þeir voru 1853 á sama máli og meiri hlutinn er nú, og fyrir þessari breytíngu eru ástæður minna hlutans ekki fullnægjandi fyrir mig. Eg fyrir mitt leyti þekki ekki, að nein breytíng hafi orðið á sambandinu milli Íslands og Danmerkur síðan 1853, eða á stjórnarfyrirkomulagi eður öðru ásigkomulagi þessa lands, er gjöri ískyggilegt fyrir þíngið að fara nú fram hinum sömu undirstöðuatriðum, sem þíngið þá aðhylltist með svo að segja öllum atkvæðum. Eg tala nú ekkert um meiníngamuninn sjálfan, milli meiri og minni hlutans, en mèr finnst hið heiðraða þíng eigi rèttláta heimtíngu á, að minni hlutinn skýri frá hinum sönnu og verulegu ástæðum fyrir þessari breytíngu, sem orðin er á meiníngu þeirra, svo þíngið geti farið eptir því.

J. Kristjánsson: Eg vil hvorki lofa nè lasta nefndarálitið, því í mínum augum er það gott, hvað höfuðatriðin snertir, en þó það væri gott, hefir nefndin ekki gjört meir en skyldu sína. En mig furðar á því, að tveir af nefndarmönnum, og það tveir konúng-

kjörnir, ekki skuli standa við það hið sama, er þeir fóru fram á 1853, því af hugleysi getur það varla verið, þar eð hver góður dreingur verður að vita, að heldur á áfram að hníga á grúfu, en hopa af velli þeim, er skyldan býður að verja. Ekki get eg heldur ímyndað mèr, að það sè af forsjálni, því seint er að byrgja brunn auðan, þá barnið er drukknað. Vèr erum búnir að láta þessa hugsun vora þegar áður fullkomlega í ljósi, og eg er reyndar viss um, að stjórnin vill, að vèr náum rètti vorum; það getur einginn efast um það, og er vèr förum ekki fram á meira en rètt vorn, getur hún ekki neitað því eða veitt oss minna, nema því að eins að hún vilji beita afli, en það veit hin vísa stjórn, að það er siðferðislega rángt og ránglætið hegnir sèr sjálft. Stjórnin verður að vilja, að vèr stöndum í frjálsu sambandi við konúngsveldið og ekki eins og hèrað, því hún mun ekki vilja freista þess til ónýtis, að græða birkigrein á beykiviðr. Konúngur vor hefir dag 23. september 1848 gefið oss skýlaust og hátíðlegt loforð fyrir því, að fundur í landinu sjálfu skyldi haldinn til að ræða um stöðu Íslands í konúngsveldinu og þjóðarrèttindi vor. Þar sem því Íslendíngar hafa fullan rètt og konúngsloforð fyrir slíkum fundi, get eg ekki fallizt á það, að nefndin nú í þjóðarinnar nafni vill biðja konúng um, að leggja mál þetta fyrir alþíngi, sem, ef til vill, ekki hefir krapta þá, er þörf væri á, til að semja þetta mál frá þjóðarinnar hálfu, enda liggur það líka fyrir utan verkahríng þess. Eg get því ekki sætt mig við uppástúngu nefndarinnar undir *a;* þó einúngis sè um eitt orð að gjöra, þá er það þýðíngarmikið í sjálfu sèr.

Þ. Jónassen: Eg skal geta þess, að eg hefi verið í miklum efa um það, hvort alþíng gjöri í þetta skipti rètt í því, að hreifa þessu máli, en þó verð eg að álíta, að það sè rèttara að hreifa því, þar sem mikill áhugi vakir á þessu máli meðal landsmanna, og er það því í eðli sínu, að þessi áhugi sýni sig og komi fram fyrir stjórnina fyrir munn fulltrúa hennar og landsins; og það því fremur, sem hin mildu heityrði konúngs vors í allrahæstum úrskurði frá 1848 hafa sjálfsagt vegna kríngumstæðanna beðið efndanna leingur en upphaflega var tilætlað. En á hinn bóginn þykir mèr, að meiri hluti nefndarinnar hafi farið of lángt, því það liggur, að mèr virðist, í augum uppi, að fyrst verður að ákveða samband Íslands og Danmerkur, áður en nokkuð verður ákveðið um stjórnarfyrirkomulagið í landinu sjálfu, og það verður aldrei nema í lausu lopti, ef eg má svo að orði kveða, ef menn nú þegar fara að ræða um og ákveða

einstök atriði í stjórnartilhögun landsins, meðan ekkert er komið frá stjórninni um samband þess og stöðu í heild ríkisins, auk þess að þetta getur, ef til vill, bundið skoðun þíngmanna á því, þegar aðfram kemur. Menn verða og fyrst að athuga efnahag landsins og koma sèr niður á því, hvort landið geti staðið straum af þessari nýju og breyttu stöðu þess í ríkinu; þetta hefir nefndin ekki gjört, og hún gat það ekki heldur, meðan jarðamatið er ekki komið í kríng og menn því ekki geta sèð, hvort eða að hvað miklu leyti tekjur landsins verði auknar eða geti orðið auknar. Það atriði skiptir augsýnilega mestu, hvort landið hafi efni til að standast þann kostnað, sem leiðir af hinu umbeðna nýja stjórnarfyrirkomulagi, því ef það hefir þau ekki, þá verður lítið úr framkvæmdinni, eða með öðrum orðum, við verðum þá að vera án hennar. Meiri hluti nefndarinnar hefir í öllu verulegu fylgt uppástúngum alþíngis 1853, og fyrir því vildi eg ráða til, að þíngið lèti sèr nægja einúngis að ánýja þessa bænarskrá sína þannig, að það haldi sèr við 1. uppástúnguatriði minna hlutans, að biðja stjórnina um að leggja sem fyrst fyrir þíngið frumvarp um nýtt fyrirkomulag og stöðu landsins í alríkinu, en þar á móti er eg því öldúngis mótfallinn, að þíngið fari nú inn í hin sèrstöku atriði málsins, meðan menn ekki vita, hvernig fyrirkomulaginu á sambandinu milli Íslands og ríkisins verður hagað, eða hvort Ísland, þegar þar að kemur, verður skoðað sem skattland eða veitt sjálfstæðari staða; þess vegna álít eg, að ekki sè nú annað að gjöra við þetta mál en að ítreka bænarskrá alþíngis frá 1853 með þeim orðum, sem minni hlutans fyrsta uppástúnguatriði inniheldur.

V. Finsen: Hinn háttvirti *framsögumaður* áleit, að ástæður minna hlutans væri ekki fullnægjandi fyrir ágreiníngsatkvæði hans, og að það sè ekki ljóst, hvers vegna minni hlutinn er nú vikinn frá því, sem hann fèllst á 1853. Eg held nú, að minni hlutinn hafi í nefndarálitinu fullkomlega og greinilega skýrt frá sínum ástæðum, þannig að þær hljóta að vera öllum ljósar. Það er satt, að eg fyrir mitt leyti var samdóma nefndinni 1853 í nokkrum af þeim atriðum, sem eg nú ekki gat fallizt á, og lýsi eg því einlæglega yfir, að eg hefi síðan við nákvæmari yfirvegun breytt meiníngu minni í því tilliti. Þetta á sèr einkum stað um uppástúngu nefndarinnar um, að sett verði ein landstjórn á einum stað í Reykjavík, sem eg allt af hefi skilið svo, að taka skyldi af amtmannaembættin. Á móti þessu var eg ekki 1853, en við nákvæmari yfirvegun er eg

síðan kominn til þeirrar skoðunar, að mörg vandkvæði geta verið við slíka ráðstöfun og þykir mèr varasamt að gjöra þessa mikilvægu breytíngu, fyr en eg í öllu falli sæi, hvernig því yrði komið fyrir í því einstaka. Hvað það snertir, að settur væri einn ráðgjafi fyrir íslenzk mál erlendis, þá snertir þetta spursmálið um fyrirkomulagið á stjórn landsins, sem eg álít mjög vandasamt að segja hvernig bezt ætti að haga, og sem eg fyrir mitt leyti ekki treysti mèr til að gjöra fullkomna eða ánægjanlega uppástúngu um, og skal eg að eins benda til, að ef vèr hefðum þannig sèrstakan ráðgjafa, þá mundum vèr eins og Holstein og Slèsvík, hvað snertir sèrstaka ráðgjafa þeirra, verða sjálfir að launa þeim ráðgjafa, og að slíkur kostnaður yrði lagður á landið, veit eg ekki hvort ráða á til. Yfir höfuð þykir mèr mál þetta áhrærandi stjórnarfyrirkomulagið svo vandasamt, að eg álít það, ef ekki djarft, þá í öllu falli ekki rètt hugsað, í fáeinum línum að ætla sèr að taka fram uppástúngur um svo áríðanda málefni, uppástúngur, sem hljóta að vera mjög vafasamar í eðli sínu og sem menn geta ei haft fullkomlega ljósar hugmyndir um, og binda sig þannig, ef frumvarp kæmi síðar frá stjórninni. Eg álít það rètt og það er það verulegasta atriði, að þíngið biðji um löggjafarvald, og það með hreinum og berum orðum án þess að bæta við nokkrum frekari sèrstökum uppástúngum, sem mikill vafi getur verið um, og sem hljóta að draga úr aðaluppástúngunni. Eg held því, að þíngið gjörði rèttast í, að setja einúngis fram þessa einu aðalbæn um löggjafarvaldið, og eg vona þannig, að álit minni hluta nefndarinnar verði tekið til greina. Það er nóg einúngis að biðja um löggjafarvaldið, því hafi það feingizt, hefir um leið feingizt undirstaða sú, sem öllu öðru í þessu efni má haga eptir. Áhrærandi það, að dómsvaldið verði aukið, þá eru þar fyrir af minna hlutanum í nefndarálitinu gefnar nægar ástæður og skal eg því ekki fara fleiri orðum um það.

E. Ó. Kúld: Þrátt fyrir þær upplýsíngar, sem eg nú fèkk hjá hinum 5. konúngkjörna þíngmanni, verð eg því ver og miður að játa, að eg er enn svo tornæmur, að eg skil ekki ástæðu minna hlutans fyrir ágreiníngsatkvæði hans. Hann gjörir ráð fyrir frumvarpi frá stjórninni í þessu efni, og eg get ekki betur skilið, en að þíngið geti eins talað um þau seinna meir, ef einhverjir gallar kynni að vera á þeim, þó að það nú sendi stjórninni uppástúngur í þessu efni. Með tilliti til þess, sem hinn heiðraði þíngmaður úr Þíngeyjarsýslu mælti, þá skal eg játa það, að eg með meðnefndarmönn-

um mínum var leingi að sætta mig við þetta nafn alþíngi í staðinn fyrir þjóðfund; nú höfum vèr líka feingið ný og frjálslegri kosníngarlög, og nýjar kosníngar eru nú fyrir hendi. Af auglýsíngunni frá 1852 er að ráða, að stjórnin þykist vera búin að efna heit sín við oss. Þó nýjar kosníngar fari fram, munu margir þeirra, sem nú sitja á þíngi og eru orðnir vanir að fást við þetta mál, verða kosnir aptur og þeir munu ekki þá fremur en nú liggja á liði sínu í þessu mikilvæga málefni, og því get eg ekki sèð neitt á móti því, að biðja stjórnina, að leggja það fyrir alþíngi, en ekki beinlínis að biðja um þjóðfund, með því eg held, að þetta mál verði þess þíngs einasta verkefni. Í tilliti til þess, sem hinn 2. konúngkjörni þíngmaður mælti, þá finnst mèr þar í vera mótsögn, þar sem honum nú finnst nefndin fara of lángt, þó uppsátúngur hennar sè hinar sömu í þessu máli og þær voru 1853, og þá var hann því sjálfur meðmæltur; meiri hluti nefndarinnar hefir og í öllum verulegustu atriðum fylgt uppástúngu minni, sem þíngið fèkk nefndinni til meðferðar. Að hann vill ekki biðja um dómsvaldið, það kemur mèr nú reyndar ekki á óvart, því það strandar á sama skerinu, sem svo margt annað, nefnilega fátæktinni, og það er vana viðbáran. En eg sè ekki, hvers vegna menn vilja ekki flýta því svo mikið sem auðið er, því þetta kemur þó fyrir einhvern tíma, og eg hefi einga vissu fyrir, að efnahagur vor verði þá breyttur til batnaðar. Hann talaði og um, að stjórnin mundi leggja frumvarp fyrir þíngið, en mèr getur ekki betur skilizt, en það gæti komið stjórninni vel, að þíngið sendi henni uppástúngur sínar í þessu efni, svo hún geti valið um, hvað hún vill af þeim taka og hverjum hún vill hafna af þeim.

Forseti: Þar ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari undirbúníngsumræðu lokið.

Kemur þá, samkvæmt dagskránni, til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um gufuskipsferðir milli Íslands og Danmerkur. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í málinu og vona eg, að allir þíngmenn hafi hana fyrir sèr.

Atkvæðaskrá
í málinu
um gufuskipsferðir milli Íslands og Danmerkur.

Uppástúngur nefndarinnar:

I. Að alþíngi láti í ljósi það álit, að hin umrædda gufuskipsferð

mundi verða mjög æskileg fyrir Ísland, og að þíngið mæli fram með við stjórnina, að tèðri ferð verði komið á, þannig:

a, að ferðir gufuskipsins verði fast ákveðnar og fyrirfram auglýstar.

b, að ferðum þessum verði hagað svo, að það fari hèðan í fyrsta sinni á ári hverju ekki seinna en hèr um bil um miðjan marzmánuð.

c, 1. Breytíngaratkvæði *E. Ó. Kúlds:* að ekkert brèfburðargjald verði tekið fyrir brèf milli Íslands og Danmerkur.

2. Varauppástúnga *E. Ó. Kúlds:* Ef brèfburðargjald verður tekið, þá verði það ekki hærra en 4 skild. fyrir einfalt brèf, eða eitt frímerki.

3. Nefndin: að ef brèfburðargjald yrði heimtað milli Íslands og Danmerkur, verði það ei hærra en 18 sk. fyrir einfalt brèf, sem borga mætti með 3 póstfrímerkjum, samkvæmt lögum 11. marz 1851.

d, Nefndin: að taxti verði ákveðinn á flutníngskaupi á bögglum og sendíngum.

e, Sama: að skipið verði laust við skipaafgreiðslugjöld í Reykjavík, nema hafnargjald og gjald fyrir áteiknan skipaskjala, samkvæmt lögum 15. apríl 1854 § 8.

f, Sama: að skipið greiði 2 ríkisdala leiðarbrèfsgjald, samkvæmt lögum 15. apríl 1854 § 6, fyrir 80 lestir í hverri ferð, eða $^2/_3$ lestarrúms þess, er haft verður til vöruflutníngs.

g, Sama: að skipið, ef því verður við komið án þess að raska ferðunum, fari á leið sinni inn á Eskifjörð í Suður-Múlasýslu.

II. Sama: að þíngið biðji stjórnina, að póstgaungunum hèr á landi verði, að því leyti því verður við komið, til bráðabyrgða hagað samkvæmt gufuskipsferðunum, þegar þær komast á, þángað til frumvarp til reglugjörðar um póstgaungurnar hèr á landi yrði lagt fyrir þíngið 1859.

Framsögumaður (V. Finsen): Vegna breytíngaratkvæðis þess, er gjört hefir verið við uppástúngu nefndarinnar um brèfburðargjaldið, skal eg leyfa mèr að skýra nákvæmar frá, hvernig á póstfrímerkjum þeim, sem á atkvæðaskránni eru nefnd, stendur. Eptir lögunum um póstgaungur í Danmörku frá 11. marz 1851 kostar hvert einfalt brèf 6 skk., þegar borgað er út í hönd, en í stað þess að borga burðareyri með peníngum geta menn líka keypt þessi póstfrímerki, sem kosta 4 skk. hvert, og gilda sem burðargjald fyrir eitt einfalt brèf, og eru frímerki þessi litlir pappírsmiðar eða stimplar, sem póststjórnin gefur

út og selur, með límí öðru megin, svo klína má þeim á vissan stað á brèfið; getur maður feingið af þeim heilar arkir og má klippa af þeim, eptir því sem á þarf að halda, einn eða fleiri miða; fæst þetta til sölu hjá póststjórninni og í ýmsum sölubúðum erlendis, og færi þau að tíðkast hèr, er einginn vafi um, að þau mundi fást einnig hjá kaupmönnum og lausakaupmönnum hèr, því auðvitað er, að allir mundi útvega sèr þessi frímerki, þar sparnaðurinn er svo mikill. Nefndin gekk nú út frá sem sjálfsögðu, að brèfburðargjald yrði að greiða, því það mun eingin dæmi til neinstaðar, að brèf sè send með póstum kauplaust, og stakk hún því upp á þessu brèfburðargjaldi, er henni þótti hæfilegt og rètt, en þó nefndin má ske hefði getað farið fram á minna en 12 skk., virðist það þó á hinn bóginn liggja nærri, að 4 skk. er fremur of lítið. Að öðru leyti þykir nefndinni þessi uppástúnga ekki mikilsverð, því óhætt er að gjöra ráð fyrir, að stjórnin gefi hèr að lútandi ákvarðanir, svo hagkvæmar fyrir almenníng, sem fremst má verða, og er víst óhætt að gjöra ráð fyrir, að brèfburðargjald það, er stjórnin setur, verði heldur lágt en hátt, því reynslan er þegar búin að sýna, það í mörgum löndum, að þó tekjur þær, sem af brèfburðarkaupi koma inn, þar sem menn hafa sett brèfburðargjaldið mjög lágt, eða sett það mikið niður, kann ske í fyrstunni minnki, hafa þær þó síðar meir aukizt þess meir við það, að brèfburðargjaldið hefir verið sett niður, því vegna þess hafa þá þess fleiri brèf verið skrifuð. Nefndin er því fús til að taka aptur uppástúngu sína, sem stendur á atkvæðaskránni undir *c* 3, ef varaþíngmaður Snæfellínga einnig vill taka aptur breytíngaratkvæði sitt *c* 1, og varauppástúngu sína *c* 2, ef það að öðru leyti ekki liggur í hlutarins eðli, að þetta falli burtu, þegar nefndin tekur aptur uppástúngu sína, og skora eg því á hinn heiðraða þíngmann, að hann skýri frá, hvort hann undir þessu skilyrði vilji falla frá breytíngaratkvæði sínu og varauppástúngu.

E. Ó. Kúld: Eg vil ekki taka aptur uppástúngu mína undir *c*, 1., en þar á móti varauppástúngu mína *c*, 2. (*P. Pètursson:* Eg vil þá taka þessa varauppástúngu að mèr). Fyrst eg er staðinn upp á annað borð, þá vil eg lýsa því yfir, að eg vil helzt ekkert brèfagjald hafa, því eg álít það sè innifalið í þeim 5000 rdl., — ef mig minnir rètt, — sem Íslandi er talið til útgjalda til póstskipsferða milli Íslands og Danmerkur. Viðvíkjandi frímerkjunum verð eg að geta þess, að það muni verða töluvert meiri kostnaður við þau, en nefndin hefir ætlað, því þó þau væri hèr til sölu hjá kaupmönnum,

þá get eg tekið það dæmi: ef eg bý upp til sveita og veit ekki, hvort eg muni skrifa nokkurt brèf til Danmerkur eða ekki, þegar eg fer einu sinni á ári í kaupstaðinn, en nú kemur það fyrir, að eg verð að skrifa, og vilji eg setja frímerki á brèfið, þá verð eg að sækja það í kaupstaðinn, og þá vil eg spyrja, hvort það muni ekki kosta mig fulla 18 skildínga. Af þessum ástæðum kem eg til þess, að vilji eg hafa nokkurt brèfagjald, þá megi það ekki vera hærra en 4 skidíngar; eg get þá heldur ekki skilið, að tekjurnar af brèfasendíngunum verði minni fyrir það, þótt brèfburðargjaldið verði sett lágt, því reynslan hefir sannað, að því lægra sem brèfagjaldið er, því fleiri brèf verða skrifuð. En það finnst mèr eingin ástæða til að taka brèfagjald, þótt tómir kaupmenn og embættismenn sendi brèfin, því mèr finnst það vera vert að hlynna eins vel að þessum stèttum og öðrum, enda mun hvorugri veita af sínu, heldur en mönnum í annari stöðu.

Framsögumaður: Má eg spyrja hinn háttvirta *forseta,* hvort breytíngaratkvæðið *c* 1. geti staðizt, þegar nefndin tekur uppástúngu sína *c* 3. aptur?

Forseti: Fyrst nefndin kvaðst ekki taka uppástúngu sína aptur nema með vissu skilyrði, og þetta skilyrði er ekki uppfyllt, þá verð eg að álíta, að uppástúnga nefndarinnar *c* 3., meðan nefndin tekur ekki uppástúngu sína aptur skilmálalaust, standi enn, og því getur breytíngaratkvæðið *c* 1. komið til atkvæða. Eg veit ekki, hvort hinn háttvirti *framsögumaður* hefir nokkuð að athuga við þetta?

Framsögumaður: Eg hefi ekkert að athuga við það, er hinn háttvirti *forseti* sagði. Hvað því við víkur, er hinn heiðraði þíngmaður Snæfellínga sagði, að kostnaðurinn við póstskipsferðirnar nú væri 5000 rdl., þá er það ekki rètt, því kostnaðurinn nemur ekki meira en nokkuð á fjórða þúsund dali. Ekki get eg heldur ímyndað mèr, að örðugt yrði að útvega sèr frímerki, því eins og eg áður gat um, verður það hægt að búa sig út eða byrgja sig með þeim á undan, jafnvel fyrir mörg ár, og þegar frímerkin væri komin á og menn færi að venjast þeim, þá er líklegt, að eins hægt yrði að brúka þau hèr á landi, þegar reglulegar póstgaungur eru komnar, eins og annarstaðar. Það, sem farið er fram á í breytíngaratkvæði *c* 1. (atkvæðaskrá *c,* 1.), álít eg ekki rètt að biðja um, því það verður víst ekki tekið til greina, eptir því sem nú stendur á, og eg held, að menn ætti ekki að skorast undan þessu sanngjarna brèfburðargjaldi, sem alstaðar á sèr stað í öðrum löndum. Hvað því við víkur, að brèf-

burðargjaldið sè ákveðið of hátt af nefndinni, þá skal eg ekki mótmæla því, að stjórnin kunni að ákveða það lægra, jafnvel þó eg álíti, að það, sem nefndin hefir stúngið upp á, sè hæfilega tiltekið og sanngjarnt.

G. Brandsson: Jafnvel þó hinn háttvirti *framsögumaður* hafi reynt til að skýra fyrir mönnum mál þetta, þá er eg þó í nokkrum vafa um póstfrímerki þau, sem talað er um; þau eiga, segir hann, að borgast með 4 skildíngum hvert. Á sú borgun þá að lenda hjá póststjórninni í Danmörku? Mèr skilst hún geti ekki komið að haldi þeim, sem brèfin ber, því eingin inntekt getur honum verið í brèfasneplum þeim, sem límdir eru á sendibrèfin, þó þeir sè keyptir fyrir 4 skildínga hver, því fyrst mun óhægt að ná þeim af brèfunum, og svo munu þeir þaðan af úr gildi geingnir; það hlýtur því eptir minni meiníngu að vera svo, að póstmálastjórnin hafi einkaleyfi að búa þau til og selja, og er þá víst talsverður hagur að því fyrir póstmálasjóðinn, svo ef Ísland feingi hluttekníngu í slíkum ágóða, þá held eg ekkert á móti því, að þetta kæmist á hèr eins og annarstaðar, því það ætti þá að geta orðið til þess að spara mönnum peníngasendíngar með brèfum þeim, sem þannig yrði flutt, auk þess sem það, er þannig yrði borgað inn í póstmálasjóðinn, ætti að geta höggvið skarð í póstskipsleiguna.

Framsögumaður: Póststjórnin lætur búa til, gefur út og selur frímerkin. Menn kaupa þau, áður en menn senda brèfin, og rennur það fè, sem kemur inn fyrir þau, í sjóð póststjórnarinnar, og er þetta ekki annað en að menn borga brèfburðargjaldið fyrirfram. Gjaldið fyrir póstfrímerkin er þannig beinlínis sama og brèfburðargjald; það rennur í konúngssjóðinn og miðar þannig til að höggva skarð í kostnaðinn við póstferðirnar.

J. Sigurðsson: Áður en eg er krafinn til atkvæða í þessu máli, vildi eg líka glöggva mig á þessum 2 meiníngum, sem fram eru komnar í þínginu, nefnilega nefndarinnar og hins háttvirta þíngmanns Snæfellssýslu um brèfburðargjaldið, og verð eg að geta þess, að eg hefi tekið svo orð hins heiðraða *framsögumanns,* að meiníng nefndarinnar sè, að brèfburðargjaldið renni í konúngssjóð. Nú þykist eg vita, og eg býst við, að fleiri þíngmenn gjöri sèr í grun, að þegar Íslendíngum verði ætlað að sjá um fjárhag landsins og segja álit um útgjöld þess, þá verði því ætlað að bera einhvern deil af kostnaði þeim, sem flýtur af þessum gufuskips- eða póstskipsferðum. Nú hefi eg skilið svo nefndina, að hún með þessu brèfburðargjaldi

væntist að fá nokkra inntekt fyrir landið, sem gæti lètt póstskipsferðakostnaðinn að Íslands hálfu. Sè nú þessi meiníng mín rètt, þá þykir mèr ekki svo mikið varið í breytíngaratkvæðið *littera c*, eður kvöð þá, sem legðist á þá stöku menn, sem hefði gagn af, eða þyrfti að senda brèf til Danmerkur, að eg ekki vilji meta meira hag föðurlandsins og reiknínga þess, því það mun líka hafa nóg með sitt að gjöra, ekki síður en þeir, sem þurfa að senda brèfin, því það er ekki heldur nýtt, að sá, sem af einum hlut vill hafa eitthvert gagn, þurfi að leggja fram dálítinn kostnað; eptir minni meiníngu verð eg því að gefa mitt atkvæði samkvæmt nefndarinnar uppástúngu.

H. Kr. Friðriksson: Mèr finnst hinn heiðraði þíngmaður úr Mýrasýslu hafi skilið nefndina rètt, að brèfburðargjaldið komi upp í þá 10,000 ríkisdali, sem gufuskipsferðirnar kosta. Eg get ekki sèð neitt á móti uppástúngu nefndarinnar, að ákveða 12 skildínga gjald fyrir hvert brèf, því hún hefir einúngis stúngið upp á því til að girða fyrir, að það verði hærra, og í sannleika eru 12 skk. ekki of hátt. Alstaðar í Danmörku er brèfburðargjaldið jafnt, nefnilega 4 skk., en sömu lög gilda eigi fyrir hertogadæmin nema í Slèsvík. Þegar brèfið fer út úr ríkinu, er gjaldið hækkað, og eins þegar það fer til Holtsetalands. Það er ekki líklegt, að þeim mun fleiri brèf verði send hèðan, þó brèfagjaldið lækki, að það nemi nokkru til að auka tekjurnar, en það er hèr í þessu sem öðru, að menn vilja gjarnan hafa hagnaðinn, en ekkert gefa fyrir hann, og það er auðsèð, að sömu hugsun hefir hinn heiðraði þíngmaður Snæfellínga.

P. Pètursson: Mèr virðist, að nefndin heldur hefði átt að leiða hjá sèr, að stínga upp á nokkru brèfburðargjaldi, því þar til hafði nefndin einga hvöt, og var því óþarfi fyrir hana að hreifa því. Mèr virðist ekki meiri nauðsyn til þess bera, að nefndin setji vissan taxta á brèf, fremur en á böggla, og vil eg því helzt vera á móti nefndaruppástúngunni um brèfaburðarkaup, og breytíngaratkvæðinu og allri greininni um brèfaburðinn, því, eins og eg sagði, hafði nefndin ekkert tilefni til að hreifa þessu. Nefndin hefir reyndar sagt, að hún hafi stúngið upp á svo lágri borgun, sem henni var mögulegt, en þessu get eg ekki verið samdóma, því 18 skildínga kalla eg háa borgun. Mèr virðist því nefndin einúngis hafa spillt til, með því að vera að gefa bendíngu um það, hvað háa borgun mætti heimta, því eg þykist viss um, að stjórnin, ef hún á annað borð nokkurt brèfburð-

argjald vill ákveða, muni gjöra það svo lágt og sanngjarnt, sem henni er mögulegt.

Jón Guðmundsson: Mèr þykir það skrítilegt, að hinn háttvirti konúngkjörni þíngmaður skuli vera að finna að brèfburðargjaldinu hjá nefndinni, þar sem hann þó er pottur og panna að þessu öllusaman *(P. Pètursson:* nei), því hann vildi taka upp breytíngaratkvæði varaþíngmanns Snæfellínga *(P. Pètursson: c, 2.)* og 3. *(P. Pètursson:* Eg vil biðja *forseta* að skera úr því), þegar uppástúngumaðurinn sjálfur lèzt ekki ótilleiðanlegur til að taka þau aptur. Það er að vísu svo, að reiðari gufuskipsins *(Koch)* getur ekki krafizt neins flutníngskaups undir þau brèf, sem fara í póstkössunum, því fyrir að flytja þá á milli, hefir hann áskilið sèr þessa 10,000 rd.; en það má ráðgera, að hann fái þar að auki til flutnings mörg brèf utan tösku, og flutníngskaupið undir þau brèf vildi nefndin ákveða til bráðabyrgðar, þángað til frumvarp kemur frá stjórninni um póstgaungur á Íslandi, og vildi nefndin slá varnagla fyrir því, að brèfburðargjaldið yrði of hátt. Það er öðru máli að gegna með bögglana, því stórkaupmaður *Koch* áskilur sèr að taka aukaborgun undir þá, og því vildi nefndin sjá um, að hann ekki ætti kost á að ákveða það, eptir því sem honum litist sjálfum í þann og þann svipinn. Eg held það sè ekki svo mikil vandkvæði á því að eignast þessi frímerki, eins og þíngmaðurinn úr Snæfellsnessýslu gerði orð á; það mætti sjá svo um, að þau væri fáanleg í hverri sölubúð á landinu; og ekki eru menn hèr vanir því, að gjöra sèr ferðir í kaupstaðinn, í hvert sinn sem menn þarfnast einhvers smávegis, t. d. til að kaupa spil til jólanna og kaffibaun í bollann sinn, pappír í sendibrèf og þess konar, heldur byrgja flestir sig upp með slíkt strax á sumrin fyrir allt árið.

Konúngsfulltrúi: Eg hefi ekki áður tekið til máls í þessari sök, af því mèr fannst álitsskjal nefndarinnar vera svo greindarlega samið, eins og menn framast geta vænt af þessu þíngi eptir kríngumstæðum. En af umræðum þeim, sem hèr hafa orðið í dag, vil eg einúngis taka það fram, að eg held bezt fallið, að þíngið felli uppástúngurnar undir töluliið *c* 1—3 um brèfaburðargjaldið; því það má telja víst, að stjórnin muni setja það svo lágt, sem framast eptir kríngumstæðunum verður mögulegt, og umræður þær, sem hèr eru orðnar um þetta atriði, eru nóg bendíng fyrir stjórnina til þess að sjá, hver að sè vilji þíngmanna í þessu efni.

P. Sigurðsson: Eg vil geta þess, að nefndin hefir ekki beðið

um brèfburðargjald, að það yrði fast ákveðið, því það er skýrlega tekið fram í nefndarálitinu, að nefndin slær einasta þann varnagla, að ef brèfburðargjald yrði ákveðið af stjórninni, þá ætti ekki borgun fyrir þau að ákveðast hærra en nefndarálitið til tekur, en þar á móti hefir hún ekkert tekið fram, hvað það skyldi vera minnst, því þar um finnst ekkert tiltekið í nefndarálitinu. Eg er nú annars helzt kominn á þá skoðun, að þetta atriði falli öldúngis burt úr nefndaruppástúngunum, því það eigi rèttar við, að ræða um brèfburðargjald þetta, þegar frumvarp væri lagt fyrir þíngið um fyrirkomulag póstmálefna í landinu sjálfu.

Ó. Sívertsen: Mèr finnst það auðráðið, að í þessu máli er bezt að víkja öllu fram hjá sèr, þángað til frumvarp kemur frá stjórninni um póstgaungur og brèfburðargjald, því eins og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, verður gjald þetta víst ákveðið svo lágt sem mögulegt er. Ekki get eg betur skilið, en það að inn leiða frímerki sè ýmislegri torveldni undirorpið, þar sem hèr er svo strjálbyggt og víða langt í kaupstaðina, og óvíst tel eg, að menn híngað og þángað út um landið viti ætíð, hvort eða hvar frímerki þessi eru fáanleg; því mun eg ekki gefa mitt atkvæði fyrir þeim.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, álít eg þessari álýktarumræðu lokið, og bið eg því þíngmenn að gánga til atvæða.

Síðan voru atkvæði greidd og fóru þau þannig:

I. Uppástúnga nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
   a, — — — — samþykkt í einu hljóði.
   b, — — — — samþykkt með 20 atkvæðum.
   c, 1. Breytíngaratkvæði *E. Ó. Kúlds* fellt með 17 atkv. móti 2.
   2. Varauppástúnga *E. Ó. Kúlds* felld með 16 atkv. móti 3.
   3. Uppástúnga nefndarinnar felld með 14 atkv. móti 4.
   d, — — — — samþykkt í einu hljóði.
   e, — — — — samþykkt með 20 atkv.
   f, — — — — samþykkt í einu hljóði.
   g, — — — — samþykkt í einu hljóði.

II. Uppástúnga nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.

Forseti: Eg skal birta í kvöld dagskrá til fundar á morgun.

Fundi slitið.

24. júlí — fjórtándi fundur.

Allir á fundi, nema hinn 1. konúngkjörni þíngmaður, er hafði tilkynnt *forseta*, að hann ekki gæti komið á þíng í dag, og hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, sem enn þá var sjúkur. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá fyrst til undirbúníngsumræðu konúnglegt álitsmál um breytíng á hinum íslenzku fiskiveiðalögum. — Lèt *forseti* síðan afhenda skjöl málsins *framsögumanni* nefndarinnar, hinum 3. konúngkjörna þíngmanni, og las hann upp álit nefndarinnar, svo hljóðanda:

„Þegar *konúngsfulltrúinn* hafði, samkvæmt allrahæstum úrskurði 27. maí þ. á., gjört alþíngi kunnuga áskorun hinnar keisaralegu frakknesku stjórnar um, að mega stofna á Dýrafirði í Ísafjarðarsýslu fiskiverkunarhús, og kvatt þíngið í því tilliti til, að taka til íhugunar og gefa álit sitt um, að hve miklu leyti ástæða sè til, að veita þegnum útlendra þjóða leyfi til þess, að reisa á Íslandi fiskiverkunarhús og með hverjum kjörum, ef þíngið fellst á það, samt hverjar breytíngar virðist ástæða til að gjöra í þessu skyni á löggjöf þeirri, sem nú gildir um þetta efni —, kaus þíngið oss undirskrifaða í nefnd til að íhuga þetta mál og afhenti oss í því skyni síðan samtals 5 bænarskrár úr ýmsum hèruðum, áhrærandi sama málefni, með alls 579 undirskriptum, og skulum vèr nú leyfa oss að segja álit vort um málið á þessa leið:

Meðan hin íslenzka verzlun var einokuð, var þeirri reglu ávallt fylgt af Danmerkurstjórn, að eptirláta þeim fiskiveiðar undir Íslandi, sem höfðu tekið verzlunina til leigu, hvort heldur þetta voru einstakir menn, eða verzlunarfèlög; og þegar verzlunin með opnu brèfi 18. ágúst 1786 var látin laus við alla þegna Danakonúngs, var þeim einnig áskilinn rèttur til fiskiveiðanna, en öllum útlendum þjóðum bannað að fiska undir landinu sjálfu (sbr. Pl. 18. ágúst 1786, 4. gr.). Þessar ákvarðanir voru ítrekaðar í tilskipun 13. júní 1787 um verzlun á Íslandi og er þar í 2. gr. ákveðið, „að samkvæmt tilskipun 1. apríl 1776 og Pl. 18. ágúst 1786 skuli það harðlega vera bannað skipum allra útlendra þjóða, nema í nauðsyn, að sigla inn á firði, víkur og hafnir landsins, þar eð þau ella verði gjörð upptæk, og megi eingir utanríkismenn dirfast að fiska undir landinu, eða verka fisk sinn annaðhvort á landi eða á þeim eyjum

og skerjum, sem hjá landinu liggi". Með tilskipun 11. september 1816, sem leyfði utanríkismönnum með vissum skilmálum að verzla hèr á landi, er eingin breytíng gjörð á þeim ákvörðunum, sem gjörðar eru í tilskipun 13. júní 1787 um fiskiveiðar og fiskiverkun utanríkismanna, nè heldur í lögum 15. apríl 1854, um verzlun á Íslandi, sem þó leyfa útlendum fiskimönnum að fara inn á hafnir og kaupa þar nauðsynjar sínar, en banna, að utanríkismenn megi byggja skúr, tjöld, eða byggíngar á landi (sbr. 3. gr.). Af þessu er það auðsætt, að eptir þeim gildandi lögum er útlendum þjóðum gjörsamlega bönnuð öll fiskiverkun á íslenzkri lóð, hver aðferð sem til þess kynni að vera höfð. — Þegar nú spurt er um, hvort ástæða muni vera til að breyta hinni þannig gildandi löggjöf í þessu tilliti, þá ber þess að gæta, að hin áðurnefndu lagaboð frá 11. september 1816 og 15. apríl 1854 hafa haldið spurníngunni um fiskiveiðar og fiskiverkun að öllu leyti fyrir utan verzlunarmálið, og sýna þannig, að hvorki hefir stjórnin sjálf nè heldur Íslendíngar álitið raðlegt, að breyta þeim ákvörðunum, sem löggjöfin af 1786 og 1787 hefir þar um sett, og þegar vèr gætum að ásigkomulagi landsins, eins og það er nú, sjáum vèr ekki neina ástæðu til breytíngar á þeirri grundvallarreglu, sem löggjafinn hefir fylgt í þessu efni. Þegar þetta mál eingaungu er skoðað frá sjónarmiði landsins, liggur það sem sè næst fyrir að íhuga, hvort landið geti haft nokkurn verulegan hagnað af því, að það bann, sem nú liggur á útlendum þjóðum í tilliti til fiskiveiða og fiskiverkunar, sè numið úr lögum, og getum vèr ekki betur sèð, en að þetta hlyti að verða landinu til hins mesta óhagnaðar, ef það væri gjört takmarka- og skilyrðislaust. Eins og þínginu er kunnugt, eru fiskiveiðarnar næst fjárræktinni helzti atvinnuvegur landsins, og á seinni árum eru landsmenn sjálfir farnir að koma upp þiljuskipum, ekki einúngis til hákallaveiða, heldur og til fiskiveiða. Væri nú sú breytíng gjörð á hinni gildandi löggjöf, að útlendum þjóðum skyldi hèr eptir leyft að fiska á fiskimiðum undir landinu og verka fisk sinn á landi, þá eru öll líkindi til, að voldugar utanríkisþjóðir, sem nú senda skip til fiskiveiða híngað undir landið, mundi nota sèr þetta leyfi, sem þeim yrði til hins mesta hagnaðar, og jafnvel auka fiskiveiðarnar lángt fram yfir það, sem nú er, þegar þeir ætti kost á að verka fiskinn hèr á landi, og gæti sent hann verkaðan með gufuskipum og öðrum flutníngaskipum á útlenda markaði; en af þessu mundi leiða, ekki einúngis að fiskiveiðar Íslendínga á bátum minnk-

aði og smá-eyddist, heldur einnig, að hin íslenzka fiskiverzlun gjörsamlega kæmist í hendur útlendra þjóða, með því þær líka hafa betri tilfæringar, meiri kunnáttu og margfalt meiri fjárafla og vinnukrapta til að verka fiskinn, heldur en Íslendíngar, og þar að auki stór skip til fiskiveiða, hvar fiskurinn undir eins verður skorinn upp og hreinsaður, sem ekki er hægt að koma við á íslenzkum skipum; svo þó landsmenn af samneyti við aðrar þjóðir lærði að verka fiskinn betur, en þeir nú kunna, mundi slík kunnátta ekki geta komið þeim að haldi, sízt meðan þeir verða að fiska á sínum eigin smáu bátum. Að vísu kynni þeir að geta feingið atvinnu á fiskiduggum og við fiskiverkun utanríkismanna, en vèr getum ekki álitið það hagnað fyrir þá, að verða daglaunamenn annara, í stað þess að vera, eins og nú, frjálsir menn og hafa sinn eiginn atvinnuveg, sem smámsaman er að eflast. En auk þess sem það hlyti að kyrkja þenna aðal-atvinnuveg landsmanna og hafa eyðileggjandi áhrif á fiskiverzlunina hèðan yfir höfuð, ef það bann, sem nú liggur á útlendum þjóðum í áðursögðu tilliti, yrði numið úr lögum, þá gæti naumast hjá því farið, að það leiddi af sèr margfalda óreglu, eða hefði að öðrum kosti í för með sèr afarmikinn kostnað, er þyrfti til að auka lögreglustjórnina alstaðar, þar sem útlendar þjóðir byggði sèr fiskiverkunarhús við sjávarsíðuna og tæki sèr bólfestu. Því það yrði að vorri ætlun ómögulegt fyrir hina útlendu yfirmenn að reisa nægar skorður við því, að landsmenn verði ekki fyrir óskunda og yfirgángi í margföldum viðskiptum sínum við hina útlendu fiskara og fiskiverkunarmenn, auk þess sem það virðist miður sæmanda, að fela útlendum þjóðum á hendur að vernda rèttindi danskra þegna, eins og það mundi valda óþolandi óvissu og ruglíngi í rèttarástandi Íslendínga í viðskiptum þeirra við þessa útlendínga, ef þeir ætti að sækja rètt sinn í hendur þeirra eptir útlendum lögum. En af þessu mundi þá leiða, að það yrði óumflýjanlegt, að senda dönsk herskip híngað á ári hverju, sem færi til og frá kríngum landið og hefði eptirlit með utanríkismönnum, einkum þar sem þeir ætti fiskiverkunarhús, og þar að auki gjöra hina innlendu lögreglustjórn svo öfluga og kröptuga, að hún fullkomlega geti gætt rèttar landsmanna; en þetta hlyti að verða bundið ærnum kostnaði. Af framantöldum ástæðum verður nefndin að ráða þínginu frá, að biðja um, að hinum nú gildandi lögum, er leggja bann á fiskiveiðar útlendra þjóða undir Íslandi og fiskiverkun á íslenzkri lóð, sè breytt *yfir höfuð* og *skilyrðislaust*, og virðist oss því síður nauðsyn til að nema þetta

bann þannig úr lögum, sem við hliðina á því standa önnur lagaboð, sbr. tilskipun 17. nóvember 1786, er gjöra utanríkismönnum hægra fyrir hèr en í flestum öðrum löndum, að setjast hèr að og vinna innlends manns rèttindi. Og fyrir þá, sem vilja nota sèr þetta leyfi hverfur það bann, sem löggjöfin hefir lagt á fiskiverkun útlendra hèr.

En þó að nefndin ekki geti fundið ástæðu til, að þessi löggjöf verði upphafin yfir höfuð að tala, þá má þó hugsa sèr, að þau hagnaðarboð kynni að koma frá einstökum þjóðum, að það væri ástæða til að veita þeim sèrstaklegt leyfi til þessa eða undantekníngu frá lögunum með vissum skilmálum, og skulum vèr leyfa oss stuttlega að minnast á það helzta, sem oss, ef svo bæri undir, virðist sèr í lagi þá ætti að taka til greina, og er það þetta: *að* nýr og ábatasamur markaður opnaðist fyrir íslenzkar vörur í því landi og að ójafnaðartollur á íslenzkum vörum væri af tekinn í löndum þeirrar þjóðar, sem færi fram á að öðlast slíkt fiskverkunarleyfi; *að* slík fiskverkunarstofnan og fiskimenn þeirrar þjóðar, sem þetta leyfi yrði gefið, megi kaupa fisk af Íslendíngum og aðrar vörur þeirra, en opnaði þeim á móti aðflutníngs og verzlun á ýmsum vörum; *að* sú þjóð, sem leitar þessa leyfis, tiltaki fyrirfram stað, stærð og fyrirkomulag þeirrar fiskiverkunarstofnunar, er hún vill fá að reisa; *að* lögreglustjórnin á þessum stöðum væri svo efld og aukin, og aðrar þær ráðstafanir gjörðar af stjórninni, að þetta mætti virðast í alla staði tryggjanda fyrir rèttindi Íslendínga í viðskiptum þeirra við þessa utanríkismenn, án þess þetta leiddi af sèr nokkurn verulegan kostnaðarauka fyrir landið.

Þegar nú er litið til þeirrar áskorunar hinnar keisaralegu frakknesku stjórnar um að mega stofna fiskiverkunarhús á Dýrafirði, sem *konúngsfulltrúinn* hefir birt þínginu, og hún er borin saman við það, sem hèr er tekið fram, þá leiðir það þar af beinlínis, að nefndin getur ekki verið þeirrar meiníngar, að þíngið eigi að leggja það til við vorn allramildasta konúng, að svo komnu máli, í tilefni af áðurnefndri áskorun, eins og hún liggur fyrir, að gjöra undantekníngu frá hinni gildandi löggjöf um fiskiverkun utanríkismanna á íslenzkri lóð, enda eru ekki þær bænarskrár, sem til þíngsins hafa komið og fyr er getið, því meðmæltar. En að hinu leytinu viljum vèr ráða þínginu til, í álitsskjali sínu til konúngs um þetta mál, að láta það traust sitt í ljósi: að eins og stjórnin hefir nú samkvæmt alþíngistilskipuninni borið þetta mál undir þíngið, þannig muni hún og framvegis leita álits þíngsins í hverju því til-

felli, sem einhver útlend þjóð leitar sèrstaklegs leyfis til fiskiverkunar á íslenzkri lóð.

Samkvæmt áðursögðu eru tillögur nefndarinnar í stuttu máli þessar:

1. Að þíngið ráði frá því, að þeim nú gildandi lögum, opnu brèfi 18. ágúst 1786, tilskipun 13. júní 1787 (sbr. lögin 15. apríl 1854), er leggja bann á fiskiveiðar útlendra þjóða á íslenzkum miðum og fiskiverkun á íslenzkri lóð, sè breytt *yfir höfuð* og *skilyrðislaust.*
2. Að þíngið í álitsskjali sínu til konúngs um þetta mál láti það traust sitt í ljósi, að eins og stjórnin hefir nú samkvæmt alþíngistilskipuninni borið þetta mál undir þíngið, þannig muni hún og framvegis leita álits þíngsins í hverju því tilfelli, sem einhver útlend þjóð leitar sèrstaklegs leyfis til fiskiverkunar á íslenzkri lóð.
3. Að þíngið ekki sjái sèr fært að aðhyllast áskorun hinnar keisaralegu frakknesku stjórnar að svo komnu og eins og hún nú liggur fyrir.

Reykjavík, 21. júlí 1857.

P. Pèturssson, J. Hávarðsson. Jón Guðmundsson. St. Jónsson.
form. og framsögum. *Ó. Sivertsen".*

Framsögumaður: Eg skal ekki vera lángorður um nefndarálit þetta. Eins og hið heiðraða þíng getur sèð, hefir nefndin í meðferð máls þessa lagað framgángsmáta sinn eptir því, hvernig málið er borið fram af stjórninni; nefndin hefir þannig fyrst íhugað, hvort breyta skyldi hinni íslenzku löggjöf um fiskiveiðar útlendínga hèr við landið, og þó að henni fyndist það ekki ráðlegt, hefir hún í annan stað komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki væri rètt að neita því svona „yfir höfuð" og „öldúngis skilyrðislaust", því ekki er ómögulegt, að kostir þeir geti boðizt, að eigi þurfi að verða frágángssök að gánga að þeim, þó bágt sè á að ætla, hvernig þeim ætti að vera háttað, svo að tryggjanda mætti heita fyrir oss, hvað snertir rýrnun atvinnuvega vorra, og hefir nefndinni ekki getað fundizt, að hin frakkneska áskorun hafi meðferðis nokkur þau boð, er menn geti geingið að; jafnframt hefir nefndin látið í ljósi traust það til stjórnarinnar, að ef hin keisaralega frakkneska stjórn hèldi áfram máli þessu, eða einhverjir aðrir færi hinu sanna á flot, þá mundi málið borið undir þíngið, áður en nokkuð yrði útgjört um það. Það var einkum tvennt,

sem nefndinni þótti örðugt úr að ráða, nefnilega fyrst og fremst, hvaða hagnaðarboð mætti álítast samgild kostnaði þeim og rýrnun atvinnuveganna, er yrði að fljóta af því, ef leyfi þetta væri veitt, og í annan stað óvissan um, hvort ekki af þessu mundi leiða, að þá kæmi fleiri á eptir, er beiddist hins sama, en þar eð nefndin áleit, að ekki væri ómögulegt, að stjórnin gæti feingið nægilega tryggíng fyrir hvorutveggja þessu og þess vegna viljað veita einhverjum leyfi þetta, þá vildi nefndin ekki afskera stjórnina frá því, með því „yfir höfuð“ og „skilyrðislaust“ að kveða upp neitan, en áleit óhætt að treysta stjórninni til hins, að hún ekkert gjörði út um þetta efni án þess að bera það undir þíngið.

G. Brandsson: Það kann að vera, að mörgum hafi fallið vel í geð nefndarálitið, en þó segi eg fyrir mitt leyti, að mèr þykir ekki nógu skýrt tekið fram í niðurlagsatriðunum, hvort menn vilji eða ekki vilji, að Frakkar fái hið umbeðna leyfi, því þó að megi rekja spor til þess í nefndarálitinu, hver meiníngin sè, er samt dregið úr henni aptur, þegar að niðurlagsatriðunum kemur, og getur því leitt til þess, að Frakkar fari hins sama á leit á næsta þíngi og til taki þá einhverja skilmála, er menn ekki heldur gæti gengið að, og þannig getur gengið koll af kolli, en skyldi nú Frakkar gánga að einhverjum þeim skilyrðum, sem nefndin hefir stúngið upp á, finnst mèr þíngið vera búið að binda hendur sínar fyrirfram, og gæti þá síður apturkallað þau. Mèr virðist ekkert ólíklegt, að Frakkar gæti geingið að einhverjum þessum skilyrðum, t. a. m. að leyfa Íslendínguni að flytja fisk sinn toll-laust inn í Frakkland, en oss mundi lítið gagn að því tollfrelsi, þegar Frakkar væri búnir að draga allan aflann úr höndum vorum og við hefðum eingan fiskinn að flytja til þeirra. Það hefir verið gjört ráð fyrir, að allt að 10,000 Frakka yrði settir á land í Dýrafirði, og þykir mèr öll líkindi til, að það verði fleiri, þegar fram líða stundir og þeir ná meiri fótfestu, og er þá auðsèð, að þeir með þessu geta dregið sjóvaraflann að miklu eður öllu úr höndum vorum, einkum þar líka má ráð fyrir gjöra, að þeir á fleiri stöðum landsins vildi ná líkri fótfestu, og verðum vèr þá á endanum lítið annað en púlsmenn Frakka, ef svo tekst til; það er sinn hvor atvinnuvegur, að verzla við Frakka eða hleypa þeim þannig inn í landið, því það er sitt hvað að bjóða verzlunarjafnrètti eða þetta, sem hèr er um að ræða. Mèr virðist einnig nefndin hafa tekið of lítið tillit til þess, er stóð í bænarskránum, enda þótt hún gæti þess, að þær hefði verið þessu mótfallnar; þær hafa þó tekið fram ýmsa verulega annmarka.

sem væri þessu til fyrirstöðu, og skal eg stuttlega drepa á nokkra þeirra. Það er þá fyrst og fremst tekið fram, að þjóðerni voru sè hætta búin, af því ekki sè við öðru að búast, en að skipssöfnuðurinn verði því nær tómur skríll, sem Frakkar sjálfir ekki vilja hafa heima hjá sèr eða geti notað til annars en þessara fiskiveiða, og er varla við því að búast, að þeir sýni þjóðerni voru mikla virðíngu; einnig var það tekið fram í bænarskránum, að Frakkar hefði einatt gjört hèr ýmsan óskunda, sem eingar bætur hefði komið fyrir, og mundi þetta ekki batna við fjölgun þeirra; í þriðja lagi er þess getið til, að þeir ekki einúngis muni keppa við landsmenn, hvað snertir fiskiveiðarnar, heldur einnig hvað landvöruna snertir, og þegar nú þar við bætist, að hægt er að sjá fram á það, að til þessa verkunarpláss mun flykkjast allur þorri vinnandi manna úr nálægum hèruðum, þá gefur það að skilja, að ekki verður gaman að því að fá vinnufólk eða háseta t. a. m. á hákallabáta, sem nú eru farnir að tíðkast einmitt og einkum á Ísafirði, og má því með góðum rökum segja, að bæði sveita- og sjávarbúskapurinn kæmist við þetta á heljarþrömina. Vèr höfum þegar reynt, hversu vel Frakkar halda hin fornu fiskiveiðalög, þar sem þeir nú, í staðinn fyrir að fiska 4 mílur frá landi, leggja sig til veiða rètt upp í landsteinana. Einnig má geta þess, að Dýrafjörður er kirkjueign, og kunna því að vera einhver vandkvæði á að fá landið leigt eður selt; einnig vil eg geta þess, að kaupstaður stendur þar nú, og ef nýlenda þessi kæmist á fót, yrði hann líkast til að eyðileggjast. Mèr finnst því full ástæða fyrir nefndina að segja hreint og beint meiníngu sína, svo Frakkar þurfi ekki að vera í vafa um hana, nè heldur danska stjórnin. Mèr kemur í hug það, er Einar Þveræíngur sagði, þegar Ólafur helgi falaði Grímsey af Guðmundi ríka; hann sagði þann kost einan, að ljá einkis fángastaðar á sèr. Það er og gamall málsháttur vor Íslendínga: „að þar sem kötturinn komi klónni, komist hann brátt allur“, og þó fagurt kunni á að lítast í fyrstu, er opt ekki leingi að breytast útlitið. Eg vildi nú, að nefndin hefði orðað niðurlagsatriði sín nokkuð öðruvísi, en hún hefir gjört, til að mynda að þessi orð í fyrstu uppástúngunni „yfir höfuð og skilyrðislaust“ fèlli burt, og að annari uppástúngunni yrði breytt á þá leið: að eingri útlendri þjóð yrði veitt leyfi til fiskiverkunar á íslenzkri lóð nema með samþykki alþíngis; því vèr vitum, að þó þetta yrði borið undir álit þíngsins, eins og nefndin fer fram á, þá er ekki þar með sagt, að farið yrði eptir tillögum þess. Menn vita, að þíngið enn þá einúngis er ráð-

gefanda, og það er ekki dæmalaust, að tillögur þess hafi verið lítils metnar hjá stjórninni í sumum málum. Þriðja uppástúngan hefði eg kunnað betur við að komið hefði í stað annarar, enda þó það geri lítið til, og að útilátin hefði verið þessi orð hennar: „að svo komnu", o. s. frv. Af ofansögðum ástæðum verð eg því að áskilja mèr breytíngaratkæði á þá leið, sem eg nú hefi talað.

Þ. Jónassen: Mèr virðist það hyggilegt og rètt af nefndinni, að hún ekki hefir algjörlega neitað bæn þeirri frá stjórn Frakka, sem hèr ræðir um, því eg get hæglega ímyndað mèr, að þau kjör gæti verið boðin, er aðgeingileg væri, eins og líka nefndin hefir tekið fram einstök atriði, er í því tilliti gæti komið til greina. En þar eð nú nefndin þannig ekki hefir skilyrðislaust afstúngið að gefa þessu máli áheyrslu, gjöri eg ráð fyrir, að því verði hreift á ný milli frönsku og dönsku stjórnarinnar, og er þá ekki ólíklegt, að eitthvert samkomulag kunni að komast á milli þeirra um málið, en þá gæti svo að borið, að það yrði með einhverjum þeim skilyrðum, sem í einstökum atriðum ekki væri hagfelld fyrir þetta land, og því þykir mèr æskilegt, að málinu, ef svona færi, ekki yrði ráðið algjörlega til lykta, fyr en búið væri að bera það undir alþíngið til þess álits, eða þó heldur til þess samþykkis, og vil eg því leyfa mèr að spyrja hinn hæstvirta *konúngsfulltrúa,* hvort hann ekki stjórnarinnar vegna geti gefið þínginu vissu fyrir þessari meðferð á málinu, en með þessari vissu finnst mèr öll sú tryggíng feingin, er vèr getum óskað og vænzt fyrir því, að málinu verði ráðið þannig til lykta, að vèr getum látið oss vel lynda. Eg skal að öðru leyti ekki setja út á nefndarálitið, nema ef það væri það, að mèr virðist nefndin, ef til vill, hafa farið heldur lángt inn í sjálft málið, eins og það nú liggur fyrir.

M. Andrèsson: Hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu hefir þegar tekið flest það fram, er mèr virðist athugavert við nefndarálitið; mèr fèll vel við nefndina, þángað til takmark þetta kom um leyfi með skilyrði. Þegar nefndin sjálf segir, að landinu sè það til mesta óhagnaðar, að lögum þeim, er hèr ræðir um, sè breytt, til hvers er hún þá að tala um skilyrði og setja takmörk? og finnst mèr þetta því ísjárverðara, sem einhver hin voldugasta þjóð á hlutinn að, svo hún, þar sem henni er mikið um að gjöra, getur geingið að hinum óaðgeingilegustu skilmálum, því hafi kisa fyrst komið inn höfðinu, kemst búkurinn brátt inn á eptir, og ekki er að vita, nema Frakkar, þegar þeir fyrst eru komnir hèr inn, aukist og margfaldist og upp fylli jörðina okkar. Eg get ekki heldur látið mèr skiljast,

að mikið væri unnið við það, þó íslenzku fiskiverzluninni yrði gjörðir góðir kostir í landi því, er leyfið feingi til fiskiveiða og verkunar hèr hjá oss, því auk þess að leyfi þetta yrði til að kyrkja fiskiveiðar vorar, tel eg það sjálfsagt, að útlendir menn með betri tiltökum en vèr og meiri mannafla geti verkað fisk sinn betur en við, og að okkar þannig ætíð verði á hakanum. Mèr virðist það einnig óþarfi af nefndinni að tala um, að hún treysti stjórninni til að leggja málið fyrir alþíngi, áður en hún veiti útlendum þjóðum sèrstaklegt leyfi til fiskiveiða og verkunar hjá oss, ef þær hèr eptir kynni að beiðast þess; því það álít eg sjálfsagt, þar sem stjórnin núna í þetta skipti hefir fylgt þessari reglu, en eg vildi vera nefndinni öldúngis samdóma, ef „skilyrðunum“ væri með öllu sleppt.

P. Sigurðsson: Eg get verið því fáorðari um þetta efni, sem þíngmaður Gullbríngusýslu tók flest það fram, sem mèr þykir að nefndarálitinu, að niðurlagsatriðin fyrir neituninni væri ekki nógu skýrt tekin fram, og eins og þíngmaður Árnesínga er eg hræddur um, að svo geti farið með framandi þjóðir, sem leyft væri að setjast að hèr á landi til fiskiveiða og fiskiverkunar, þá mundi þeir, ef til vill, ekki verða ánægðir með lítið, svo þessi þeirra vera hèr yrði oss ekki skaðlaus. Og þó nú um einhverja vissa skilmála yrði samið við útlendínga þá, sem hèr kynni að setjast að, þá hefi eg einga sönnun fyrir, að þessir skilmálar yrði eptir á uppfylltir í öllum greinum. Eg veit t. a. m. ekki betur, en að það hafi verið ákveðið með lögum, að útlendir menn, sem væri á fiskiveiðum hèr í kríngum landið, ekki mætti fiska nær því en 4 mílur undan landi, en það veit eg þó, að þessu hefir ekki verið hlýtt, því það er alkunnugt, að frakkneskar fiskiduggur eru á veiðum á ári hverju svo að segja uppi í landsteinum, og enda inni á fjörðum og víkum. Þetta getur mèr nú ekki betur skilizt en sè hlunnindi, að þeim þannig gefst kostur á að draga frá oss auðæfi þau, sem vèr eigum með eins fullum rètti og það, sem landið sjálft gefur af sèr, og flytja heim til sín, og mèr er ekki kunnugt, að Frakkar gefi oss neina þokkabót fyrir hlunnindi þessi. Ef það ræki nú að því, að Frökkum yrði veitt leyfi til að setjast hèr að, þá er ekkert líklegra, en fleiri þjóðir vildi fara fram á það sama, ef það þætti ábatavon, og þá væri ekki meiri ástæða til að neita fremur einum en öðrum um leyfi þetta, og að leyfa útlendíngum að þyrpast svo hèr, að vèr yrðum sjálfir að flýja strendurnarnar og þannig fara á mis við allan arð af sjónum; því eg get ekki annað en álitið það þann skaða fyrir landið, sem við nú get-

um ekki metið hvað stór kynni að verða. Þessir útlendíngar mundu þannig draga allann fiskiaflann úr höndum vorum og vegna betri tilfæringa og meiri kunnáttu útlendínganna mundi hinn litli fiskur landsmanna á eingan hátt geta borizt saman við fisk þeirra. Þessir útlendu menn mundu ekki að eins spilla fiskiveiðum vorum, því reynslan hefir berlega sýnt, að þegar frönsku fiskiduggurnar koma á vorin, þá verður fiskiafli landsmanna strax miklu tregari; en það kalla eg mikil hlunnindi, sem Frakkar nú hafa, að mega fiska hèr í kríngum landið, þó þeir verði að flytja hann heim. En ef þeim væri veitt leyfi til að verka fisk þann, er þeir afla hèr, upp á landinu, þá er hætt við, að landsmenn gæti ekki staðið þeim jafnfætis með fiskverkun sína, og þá geingi sá atvinnuvegur þeirra heldur til rýrnunar, og yrði sú raun á, þá mundi það einnig verða til hnekkis hinum aðalatvinnuvegi vorum, nefnilega fjárræktinni, og hvað höfum við svo eptir? Vèr kynnum að geta geingið í þjónustu þeirra, en það getur mèr fyrir mitt leyti ekki þótt æskilegt. Frökkum stendur frítt fyrir sem öðrum, að setjast hèr að svona einn og einn og ávinna sèr innlendra manna rèttindi, og ef þeir vilja það, þá eru þeir velkomnir, því það er nærri víst, að af mönnum þeim, er kæmi hèr fra jafnvoldugri og undir eins menntaðri og siðaðri þjóð og frakkar eru, mundum við geta numið margt, bæði gagnlegt og fagurt; en mèr er ekki kunnugt, að þeir hafi farið því á flot híngað til. Þeir hafa og hafa haft hagnað á fiskiveiðum sínum, þó þeir hafi brotið með því lögin, þegar þeir veiða inni á miðum landsmanna sjálfra, en mèr er ekki kunnugt, að þeir hafi látið oss njóta neins hagnaðar í staðinn. Eg er því samþykkur hinum heiðraða þíngmanni úr Gullbríngusýslu, að það sè með berum og skýlausum orðum tekið fram, að veita ekki útlendum þjóðum leyfi það til fiskiveiða við landið og fiskiverkunar í landinu, sem hèr ræðir um.

Á. Einarsson: Af þeim þíngmönnum, er eg hefi heyrt tala í máli þessu, felli eg mig bezt við hinn háttvirta 2. konúngkjörna þíngmann, því mál þetta virðist mèr þess eðlis, að um það ætti að fara sem fæstum orðum, og sè eg ekki, að það geti orðið til annars en minnkunar fyrir þíngið, ef menn færi of smásmuglega að tala um fiskidrátt og fiskiverkun einkum í þá stefnu, sem skynsamir og reyndir menn sæi að væri hvorki eðlilegt nè rètt, og einnig nokkur hèr að lútandi orð í nefndarálitinu vildi eg óska að ekki kæmi inn í álitsskjalið, og mun eg síðar tala um það við nefndina; því þess konar álitsskjöl, sem má ske kunna að fara margra á milli, ímynda eg

mèr að geti orðið til hneyxlis siðuðum þjóðum. Eg verð einnig að vera öldúngis samdóma hinum háttvirta 2. konúngkjörna þíngmanni, að eingin álýktun verði gjörð i máli þessu án þess framvegis að alþíngi samþykki hana, og áskil eg mèr breytíngaratkvæði þessu viðvíkjandi, ef hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* getur ekki tekið ábyrgð á því, samkvæmt uppástúngu hins háttvirta 2. konúngkjörna þíngmanns. Hvað eð að öðru leyti snertir nefndarálitið, er það einkum orðið „yfir höfuð", í 1. niðurlagsatriðinu, sem mèr þætti mega falla í burtu, og einnig í 3. niðurlagsatriði orðin: „að svo komnu," en að svo stöddu skal eg ekki fara um það fleirum orðum. Mèr virðist að öðru leyti menn vera farnir að flytja nokkuð stífar ræður um það, að „afskera að öllu leyti", að fiskiverkunarleyfi skuli nokkurn tíma fást. Mèr finnst það varlega segjanda og nokkuð einstrengíngslegt að vilja taka svo út fyrir allar æsar; menn sögðu líka 1855 og það einhverjir hinir skynsömustu menn á þínginu, að mál þetta, þegar það þá var borið upp fyrir þíngið, ekki heyrði undir það, og virðist mèr þó stjórnin núna hafa sýnt, að það heyrir undir alþíngi; sem mèr líka virðist rètt, því mál þetta er sannarlega, eins og líka nefndarálitið sýnir, löggjafamál. Það er því víst rèttast að tala ofurgætilega, einkum þar sem um annað eins mál og þetta er að gjöra, því í þessu máli getur tíminn og kríngumstæður breytt hugsunarstefnu manna.

Konúngsfulltrúi: Eptir áskorun hins heiðraða 2. konúngkjörna þíngmanns skal eg geta þess, að eg frá stjórnarinnar hálfu einga skýrslu get gefið um það, hvort stjórnin muni bera mál þetta aptur undir alþíngi, því um það hefi eg einga vísbendíngu feingið frá henni. En þar eð stjórnin nú hefir lagt mál þetta fyrir þíngið, hefir hún að mínu áliti fastsett reglu þá *(etableret Præcedens)*, frá hverri hún síðar ekki mun víkja, og eg tel þess vegna eingan efa á því, að hún framvegis muni gjöra það, ef um það verður spurníng síðar meir. Eg skal einnig, með tilliti til orða hins heiðraða þíngmanns Strandasýslu, geta þess, að þó eg 1855 væri þeirrar meiníngar, eins og eg er enn, að þíngið ætti ekki að fyrra bragði að taka þetta mál til yfirvegunar *(tage Initiativet)*, hvað þíngið þá einnig í einu hljóði fèllst á, þá var það ekki og hefir aldrei verið meiníng mín, að stjórnin mundi ekki leggja þetta málefni fyrir þíngið, og heyra um það álit þess, áður en því væri ráðið til lykta, og það því síður, sem þetta mál er þess eðlis, að það grípur djúpt inn í verzlun og atvinnuvegi landsins, og snertir rèttindi landsmanna og velmegun frem-

ur en flest öll önnur mál, sem fyrir þetta þíng hafa komið. Hins vegar er eg samdóma hinum heiðraða konúngkjörna þíngmanni, sem nýlega mælti, í því, að þíngið muni gjöra rèttast í að halda sèr til nefndarálitsins, sem að mínu áliti er samið með þeirri hyggni og varhygð, sem í þessu máli er nauðsynleg, og sem eg þess vegna ætla að muni geta lagzt til grundvallar fyrir álitsskjali þíngsins til konúngsins. Það hlýtur að vera þíngmönnum ljóst, að þetta mál er þess eðlis, að meðhöndlun þess útheimtir alla varhygð og gætni, og því vona eg fastlega, að þíngmenn muni í umræðunum haga svo orðum sínum, sem að líkindum munu verða lesin ekki einúngis í Íslandi og Danmörku, heldur og víðar, að þau hvorki gjöri hinni dönsku stjórn nokkra erfiðleika, eða komi Íslandi í vanda, og vinni landsmönnum það ógagn, sem nú ekki verður fyrirsèð.

H. Kr. Friðriksson: Eg neita því ekki, að gott er að við hafa varkárni og hyggindi, en eg sè hvorugt þetta hjá nefndinni, en einúngis vafa, eins og nefndin hafi verið í vandræðum með að finna orð, sem væri nógu mjúk og þýðíngarlítil. Eg er nú svo gjörður, að eg vil helzt segja það, sem mèr býr í brjósti með berum og skýlausum orðum, en ekki svo, að einginn geti á mèr grætt, eða sèð, hvað eg vil. Mèr finnast þessi orð í niðurlagi 1. uppástúngu nefndarinnar: „yfir höfuð og skilyrðislaust“, einmitt vera bendíng til stjórnarinnar, að ef lík boð komi, og nefndin hefir bent á í álitsskjali sínu, þá geti hún ráðið málinu til lykta, án þess að leggja það fyrir alþíngi, og þetta finnst mèr verða enn ljósar, þegar 1. uppástúngan er borin saman við 2. uppástúnguna, og þess vegna vil eg hafa 1. uppástúngu nefndarinnar, nema sleppa „yfir höfuð og skilyrðislaust“; því að það er eigi fyrir það girt fyrir, að útlendar þjóðir geti komið með líkar uppástúngur og Frakkar núna; og sömuleiðis vil eg einnig sleppa 2. uppástúngunni; því að það er þýðíngarlítið, þótt menn láti það í ljósi, að menn hafi það traust til stjórnarinnar, að hún ráði eigi málinu til lykta, nema hún leiti álits alþíngis fyrst. Mèr fyrir mitt leyti þykir því 2. uppástúnga nefndarinnar óþörf og ekki eiga við; en vilji þíngið eigi fella þá greinina úr, þá verð eg að halla mèr að breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Gullbríngusýslu; því að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* gat alls einga vissu gefið fyrir því, eins og eigi heldur við var að búast, að stjórnin legði þetta mál aptur fyrir þíngið, heldur hafði hann að eins þá von til stjórnarinnar, eins og eg líka hefi, að hún muni eigi ráða neitt af um þetta mál, nema að leita fyrst álits alþíngis; en allt fyrir það er það á stjórnarinnar valdi,

hvað hún vill gjöra. Sömuleiðis vil eg fella aptan af 3. greininni: „að svo komnu og eins og það liggur fyrir“.

E. Ó. Kúld: Eg get ekki í þetta skipti verið samdóma hinum heiðraða þíngmanni, sem nú settist, í því, að 2. uppástúnga nefndarinnar falli burtu; því mèr virðist hún alveg nauðsynleg og ómissandi, en eg hefði áskilið mèr breytíngaratkvæði viðvíkjandi orðinu í 1. uppástúngu nefndarinnar: „skilyrðislaust“, og einnig við orðatiltækið: „að svo komnu“ í 3. uppástúngu nefndarinnar, hefði eg ekki heyrt, að aðrir þíngmenn þegar hafa gjört það, og skal eg því ei leingja orðræðurnar um þetta mál, hvað það snertir; en í tilliti til þess, sem hinn heiðraði þíngmaður Strandasýslu sagði, þá fannst mèr, eins og, ef til vill, lægi í orðum hans, að hann gæfi þínginu 1855 ádeilu fyrir, að það ekki tók mál þetta þá þegar til meðferðar; eg var þá einnig á þíngi og var á móti því, og held eg það hafi verið rètt, því þá kom mál þetta fyrir þíngið hvorki frá stjórnarinnar nè þjóðarinnar hálfu, en nú stendur öðruvísi á, því nú leggur stjórnin málið fyrir þíngið og er það því skylda þess að taka það til meðferðar; en eins og málið var lagt fyrir þíngið 1855, lá það að mínu áliti fyrir utan verkahríng þess; en eg skal leyfa mèr að áskilja mèr rètt að bera fram það viðaukaatkvæði, að stjórnin sè beðin að sjá til þess, að samníngarnir um fiskiveiðar útlendra hèr undir landinu sè betur haldnir, einkum hvað snertir þær 4 mílur, sem fiskiskipin eru skyldug til að vera frá landinu, þegar þau liggja á veiðum.

Á. Einarsson: Eg ætlaði mèr eingar ádeilur að gjöra þínginu, en eg vil einúngis benda þíngmanninum, er nú settist, til alþíngistíðindanna 1855, bls. 496, því þar stendur ræða *konúngsfulltrúa*, sem þíngið fèllst á (*Forseti:* Mèr finnst, að aðgjörðir þíngsins 1855 geti ekki komið hèr til umræðu). Eg ætlaði mèr ekki heldur að gjöra það, en eg tók þetta fram einúngis sem dæmi. Eptir því sem *konúngsfulltrúa* fórust orð í svari hans upp á spurníngu hins 2. konúngkjörna þíngmanns, vil eg biðja mèr geymdan rètt til að koma fram með breytíngaratkvæði við annað niðurlagsatriðið samkvæmt því, er eg áður sagði.

J. Sigurðsson: Eg skal nú ekki auka þíngræðurnar um þetta mál til muna, en samt verð eg að láta það álit mitt í ljósi, að mèr virðist nefndarálitið vel samið, og það svo snilldarlega, að eg get ei gjört mèr í grun, að stjórnin mundi vænta þeirrar kunnáttu hjá Íslendíngum eður alþíngi, að það kynni að bera svona fallega kápuna á báðum öxlunum. Eg er nú sömu meiníngar og þíngmaður Gull-

bríngusýslu, og fleiri, sem hafa talað á þá leið, að Frakkar, með því að útvega sèr þetta litla fiskiverkunarleyfi, hugsi sèr að koma svona fyrst inn höfðinu, og þá þeir sè inn komnir, að setja sig þá í bóndasætið og ráða hverju, sem þeir vilja. Þá eg sá nú þetta málefni svona frá stjórnarinnar hálfu lagt fyrir þíngið, gat eg ekki annað þeinkt, en annaðhvort vill stjórnin vera af með okkur Íslendínga, eða hún ætlar okkur að segja hreint nei við þessari uppástúngu. Eg veit nú að sönnu ekki, þó að því ræki, hvað illt kynni að verða að búa undir Frakka stjórn, og lítið þekki eg, þó eg hafi á þessum síðustu árum rennt auga til þess, hvernig hin danska stjórn fer með okkur, en það hefir verið ásetníngur minn og fyrirætlun, að við skyldum ekki að okkar leyti brjótast úr fángi Danastjórn, því mèr þykir það of mikill ættleraháttur og skömm fyrir oss Íslendínga, að halda ekki, að okkar leyti, tryggð við konúng vorn, og eins að geta ekki sagt skýlaust nei, ef okkur er boðið það, sem við ekki viljum; þessu máli viðvíkjandi vildi eg því helzt, að uppástúngu þessari hefði verið svona með fæstum orðum hæversklega neitað, einúngis vegna þess, að eingin boð væri fram komin, sem gæti ginnt okkur Íslendínga til að veita útlendum þjóðum þessi umbeðnu kjör.

Framsögumaður: Það gladdi mig að heyra, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* var nefndinni samdóma. Hèr hafa heyrzt ýmsar raddir, sumar með og sumar móti nefndarálitinu; en þeir, sem á móti hafa mælt, vegna þess að ekki væri nefndarálitið nógu skorinort, og sem að öllu leyti eins og vilja girða fyrir, hafa naumast gætt þess vel, *hvernig* mál þetta er borið undir þíngið. Mál þetta er nefnilega ekki borið undir þíngið eins og einúngis væri um Frakka að tala, en hèr er spursmálið, hvort útlendar þjóðir yfir höfuð megi fá það leyfi, er hèr ræðir um, því hèr var lagt fyrir þíngið, hvort það vildi ráða til að breyta lögum þeim, er banna slíkt; mèr finnst það því hvergi eiga við að fara svona smásmuglega í málið, hvað Frakka snertir, og er það einkum þíngmaður Gullbríngusýslu, sem hefir gjört það, því hann hefir jafnvel þulið upp úr bænarskrám, sem komið hafa til alþíngis þessu máli viðvíkjandi, ein og önnur atriði, sem kvarta yfir óskunda, er frakkneskir fiskimenn stundum hafi gjört hèr; en eigi þetta allt að koma fram í þíngtíðindunum, vil eg líka, að þau beri það með sèr, að vèr einnig viljum láta þá njóta sannmælis, því það er óhætt að fullyrða það, að hafi Frakkar gjört óskunda hèr, þá hafa yfirmenn þeirra af ítrasta megni reynt að bæta hann, svo Íslendíngar nyti síns fulla rèttar. Eg bið menn

gæta þess, að nefndin hefir ljóst og greinilega tekið það fram, að ef nokkri útlendri þjóð veittist þetta leyfi, þá þyrfti bæði frá dönsku stjórninni herskip og líka öflugri lögreglustjórn í landinu sjálfu til að sjá fyrir því, að rèttindum Íslendínga ekki verði hallað. Hvað breytíngaratkvæðin snertir, er menn hafa áskilið sèr, get eg ekki enn þá sagt álit mitt og nefndarinnar um þau, fyr en menn vita, hvernig þau verða orðuð. Eg er samdóma *konúngsfulltrúa* í því, að með einhverri varkárni verður að fara í mál þetta, og get eg ekki kallað það að bera kápuna á báðum öxlunum, þó menn ekki brúki fruntatal um Frakka, einhverja hina kurteisustu þjóð í heiminum. Eg vil biðja menn að kynna sèr betur og hugleiða nefndarálitið og stefnu þess, því mèr finnst það miklu skipta, ekki einúngis hvaða afdrif mál þetta fær, heldur einnig hvernig þessi afdrif fást. Frakkar hafa ætíð verið oss vinveittir og eg veit ekki betur, en að þeir hafi viljað gjöra oss Íslendíngum fremur gott, og hafa ætíð verið sanngjarnir við oss. Hèr er einginn að tala um að gefa í sölurnar atvinnuvegi landsmanna án hagnaðarboða, enda er hèr ekki tími til að tala um það, því þá færi menn of lángt út í málið sjálft. Hvað snertir orðatiltæki þau, er menn hafa sett út á í 3. uppástúngu nefndarinnar: „að svo komnu“, skal eg leyfa mèr að geta þess, að það er bundið við 2. uppástúnguna og við tímann. Að nefndin hafi bent stjórninni til að útkljá mál þetta án þess að leggja mál þetta fyrir alþíngi, þá álít eg ekki að slíku þurfi að svara, og vil því ekki eyða orðum að því.

M. Andrèsson: Eg ætla nú ekki framar að fara mörgum orðum um þetta mál. En viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti *framsögumaður* var að tala um Frakka eina og þeirra atfarir, þá hefi eg í ræðu minni ekki haft tillit til Frakka einúngis, því eg álít, að þeir lángt frá reyndist ver en aðrar útlendar þjóðir; það eru ekki meiri annmarkar við þá en hinar þjóðirnar, sem hafa fiskiskútur hèr undir landinu, og þeir hafa sumir meir og sumir minna sýnt hèr nokkurn óskunda. En hvað sem þessu við víkur, er eg einlægt á móti því, að útlendum þjóðum yfir höfuð sè leyft að fiska á vorum eigin fiskimiðum. Viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði þíngmaður Strandasýslu sagði um skoðun og aðgjörðir þíngsins 1855 á þessu máli *(Á. Einarsson:* Ef þessi þíngmaður má fara að tala um aðgjörðir þíngsins 1855, þá verð eg líka að fá leyfi til að koma á eptir með mitt svar) *(Forseti:* Eg verð að ítreka það, að eg get ekki leyft neinar umræður um meðferð þíngsins á málinu

1855). Jæja! þá skal eg sleppa því, og einúngis halda mèr við þessa þá skoðun mína, sem eg nú hefi látið í ljósi.

G. Brandsson: Hinn háttvirti *framsögumaður* rèð mönnum til að fara varlega í þetta mál, enda lasta eg það í eingan máta, en eins og menn geta stundum farið of óvarlega, þannig geta aðrir farið of varlega; einginn held eg taki til þess, þó einn segi hreina og beina meiníngu sína, og sízt af öllum ætla eg Frakkar gjöri það, ef þeir eru hin siðaðasta þjóð í heimi, eins og *framsögumaður* sagði. Það er einginn vafi á, að vèr viljum vera vinir Frakka eins fyrir því, þó vèr ekki viljum hleypa þeim inn í atvinnuvegi vora fremur en nú er, því það er þó víst ærinn hagur, sem þeir hafa haft af því í mörg undanfarin ár að fiska í kríngum landið, en hvaða hagsmuna höfum vèr nú notið hjá þeim aptur á móti? þeir hafa þó ekki lofað oss að flytja til þeirra fisk vorn og selja, nema með þeim afarkostum, sem eru eins og blátt bann, og þetta er nú siðaðasta þjóðin í heiminum! Hvernig munu þá þær ósiðaðri breyta? Ef menn fara að bera saman brèf það, er skrifað var frá París um þetta efni, dagsett 12. febr. í ár, og hitt, er borið var upp á þínginu hèrna 1855 af herskipsforíngja *B. Demas,* þá sèst, að þeim ber þó ekki að öllu leyti saman: í hinu fyrnefnda brèfi er sagt á þá leið, að þessir frönsku fiskiþurrkunarmenn verði sumpart dæmdir eptir frönskum og sumpart íslenzkum lögum; í hinu síðarnefnda: að sèð skuli verða um, að lögum landsins sè í *alla staði* fylgt og hlýtt. Í þessu brèfi er gjört ráð fyrir, að verzlun muni hefjast milli Frakklands og Íslands, bæði með nýlenduvarníng og annað, en í hinu brèfinu er þetta talið allólíklegt, vegna þess skipin verði svo full af salti, vistum og öðru, er fiskimenn Frakka með þyrfti, að þeir þess vegna gæti ekki flutt neinar verzlunarvörur. Mèr finnst því, og nefndinni finnst það líka, að Frakkar hafi ekki híngað til boðið nokkra þá kosti, sem aðgeingilegir geti heitið, því uppástúngurnar í brèfinu, sem eg minntist á að skrifað var frá París í ár, eru eptir mínum skilníngi þannig lagaðar, að meiníng þeirra getur orðið allt og ekkert.

Jón Guðmundsson: Eg get ekki fagnað með hinum fagnandi heiðraða þíngmanni Mýrasýslu í því tilliti, hvað nefndarálitið sè *kænlega* samið. Enda fórust hinum heiðraða þíngmanni úr Gullbríngusýslu svo orð um nefndarálitið, að hann væri mjög ófagnandi yfir því, hvernig það hefði tekizt; en eg held það sè auðráðið af ræðu þessa sama þíngmanns, að hann hefir ekki fyllilega skilið

nefndarálitið eða stefnu þess, og verð eg þó að segja og fullvissa hinn heiðraða þíngmann um, að hver meðal frakkneskur maður á hans reki mundi skilja það fyllilega. En það geingur nú svona, sá sem ekki *vill* skilja, hann skilur ekki, en hinn sem vill, hann skilur; sumir eru líka svo gerðir, að þeir halda, að afsvar það eða synjan, er þeir gefa öðrum, verði þeim ekki full-skiljanlegt, nema það sè gjört með fúkyrðum og þjósti, og sumir halda, að afsvarið verði ómögulega skilið, nema snoppúngar fylgi til að vekja skilníng þeirra. Eg vil einúngis biðja hinn heiðraða þíngmann að lesa nefndarálitið með ró og yfirvegun, því hver, sem það les á þann hátt, mun komast að fullum skilníngi um, að það inniheldur beint afsvar gegn áskoran Frakka, eins og hún liggur fyrir. Hvað því við víkur, er hinn heiðraði þíngmaður Reykjavíkur sagði, að nefndin hefði lagt það öldúngis á vald stjórninni og gefið henni fríar hendur til, hvort hún vildi leggja þetta mál síðar fyrir alþíngi eða ekki, þá hefði hann átt að kynna sèr betur nefndarálitið, áður hann sagði þetta, því álitsskjal nefndarinnar gefur honum eingan rètt og einga átyllu til að fara um það þeim orðum, og eg vildi heyra betri rök fyrir því, heldur en hann færði til, hvernig hann geti ráðið það af nefndarálitinu. Það er einmitt 2. niðurlagsuppástúngan í nefndarálitinu, og ástæðurnar fyrir því, sem gjörir það augljóst, að nefndin hefir viljað girða sem öflugast fyrir það, að eingin breytíng geti komizt á í þessu efni, nema með samþykki alþíngis, og að þess álits sè fyrst leitað. Þar sem hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu var að tala um, eptir því sem mèr gat skilizt, að honum fyndist 2. kaflinn í nefndarálitinu óþarfur, og bezt væri að fella hann úr, þá get eg ekki fundið til þess nokkur rök. Nefndinni fannst það aðalundirstaðan, hvort nema ætti úr gildi gömlu fiskilögin; en enda þótt hún kæmist til þeirrar niðurstöðu, að það ætti ekki við að breyta þeim eða taka ákvarðanir þeirra úr lögum, þá vildi hún ekki og þótti óráð að ákveða, að aldrei mætti gjöra neina undantekníngu frá þeim, hvað sem í boði væri og hversu sem kríngumstæðurnar kynni að breytast; að þessu lýtur einmitt 2. kafli nefndarálitsins, jafnframt og alþíngi er í 3. kaflanum áskilinn rèttur til að ákveða, hvort leyfið skyldi veita eða undantekníngu gjöra frá aðalreglunni í þann og þann svipinn. Við sumar smá-orðabreytíngar í niðurlagsatriðum nefndarinnar, sem ýmsir þíngmenn hafa hreift, felli eg mig ekki illa, og skal eg að mínu leyti fallast á þær.

Framsögumaður: Eg vil leyfa mèr að geta þess, að hefði

það verið meiníng nefndarinnar, að stjórnin gæti afgjört þetta máleíni, undir eins og þau tilboð væri komin, sem tilfærð eru í nefndarálitinu, án þess að leita álits alþíngis um það, þá hefði hún tekið þessi tilboð upp í niðurlagsatriðin, en nefndin hefir ekki ætlazt til þessa, og þíngmenn sjá, hvernig niðurlagsatriðin hljóða.

J. Sigurðsson: Eg skal skýra nokkuð betur meiníngu mína, viðvíkjandi því, að mèr gat ekki að öllu leyti sem allra bezt geðjast að nefndarálitinu, að mèr þótti óþarfi, að það færi að leiða þá kosti í ljós, er Frakkar gæti ginnt okkur með. Eg vildi hafa þagað um það, og beðið þess, að þeir sjálfir hefði uppfundið þau kostaboð; þá tel eg víst, að slíkt mundi verða borið undir alþíngi, þó ekki sè bent til þess svona fyrirfram. Eg get ekki heldur álitið það neitt siðleysi, þó við hefðum haft einurð á að segja hreinlega nei við þessu fiskileyfi, þar við, enn sem komið væri, ekki ættum fyrir neinu að gángast.

H. Kr. Friðriksson: Eg get ekki sèð, að það sè neitt fruntalegt í því, þó maður segi það hreint og beint, sem manni býr í hug, eg get ekki heldur sèð, að niðurlagsorðin í 1. uppástúngu nefndarinnar: „yfir höfuð“ og „skilyrðislaust“, bæti að neinu formið, eða gjöri uppástúnguna hæverskulegri. Þar sem hinn háttvirti *varaforseti* ætlaði mèr að skilja 2. uppástúngu nefndarinnar, þá hefi eg líka sannarlega skilið hana rètt, því að þótt alþíngi láti það traust í ljósi til stjórnarinnar, að hún muni eigi breyta lögum þeim, sem nú gilda í þessu máli, þá er honum fullkunnugt, að alþíngi er ekki nema ráðgefanda þíng, og að þess eru dæmi, að stjórnin eigi hefir álitið sig bundna við tillögur þess; eg er viss um, að þó eg segi við hinn háttvirta *varaforseta,* að eg voni til, að hann gjöri eigi það eða það, án þess að láta mig vita, þá álítur hann sig ekki skuldbundinn fyrir það.

J. Kristjánsson: Mèr finnst ekki, að menn hafi hèr talað af þeim frelsisanda, sem ávallt hefir látið sig í ljósi meðal Íslendínga, sem vildu vera vinir útlendra, ef þeir vildu vera þeirra vinir, allt frá því landið var byggt, ef menn vilja nú neita því öldúngis skilyrðislaust, sem kann ske gæti veitt landinu nokkra hagsmuni, þegar alls er gætt; það er ekki óhugsanlegt, að svo góð boð kynni að verða boðin seinna meir, að þau þyki aðgeingileg, jafnvel þó mèr sýnist þau nokkuð lángt í burtu að svo stöddu. Mèr er þess vegna helzt að skapi að aðhyllast uppástúngu nefndarinnar, eins og hún liggur fyrir óbreytt.

Jón Guðmundsson: Eg er að mínu leyti ekki neitt á móti því, sem hinn heiðraði varaþíngmaður Reykjavíkur stakk upp á, nefnilega, að orðin: „yfir höfuð“ og „skilyrðislaust“, falli burt, og ekki heldur móti þeim viðauka, sem þíngmennirnir úr Gullbríngu- og Strandasýslum hreifðu við 2. atr., að þess konar undantekníngar frá lögunum yrði bornar undir þíngið, ekki að eins til álita, heldur einnig til *„sampykkis“*.

G. Brandsson: Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti *varaforseti* sagði áðan, vil eg einúngis geta þess, að eg er nú orðin því svo vanur að heyra slíka palladóma, sem þá, er hann kom fram með áðan, en þeir standa og falla sínum herra; og raska ekkert sannfæríngu minni. Eg vil annars yfirláta það til annara, að dæma um, hvor okkar hafi talað með meiri kurteisi í þessu máli, eða hvort það lýsir meiri ósiðsemi að nefna fiskiveiðar og atvinnuvegi, heldur en sumt það, er honum skrapp af munni. Frakkastjórn sjálf hefir að fyrra bragði talað um þessar fiskiveiðar, og hefir henni víst eingin ósiðsemi þótt í því, og setjum svo, að hún feingi að sjá orð okkar beggja, það gildir mig allt að einu, dæmi hún um þau eptir maklegleikum; að eg hafi ekki skilið nefndarálitið, við það kannast eg ekki, heldur hitt, að eg vildi sýna, hver þess sanna meiníng var, með því að taka ljósar fram meiníngunna í niðurlagsatriðunum, en nefndin hafði gjört, og held eg, að eg ætti fremur þökk en vanþökk hjá henni fyrir þetta.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, verð eg að álíta undirbúníngsumræðu þessa máls lokið. Þessu næst kemur þá eptir dagskránni til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið *um málaflutníngsmenn við landsyfirrèttinn.* Eg hefr látið prenta atkvæðaskrá í máli þessu, sem hver þíngmaður mun hafa fyrir sèr.

Atkvæðaskrá
í málinu
um málaflutníngsmenn við landsyfirrèttinn.

a, *H. Kr. Friðriksson:* að uppástúnga nefndarinnar nr. 1 verði orðuð þannig: „að tveir málaflutníngsmenn verði skipaðir við landsyfirrèttinn, er sè þeir menn, er hafi geingið undir eitthvert það próf í lögvísi, er rèttur fylgir til lögfræðíngaembættis hèr á landi“.

b, *Nefndin,* nr. 1: að 2 lögfróðir menn, annaðhvort *Candidati* eða *Examinati juris* sè settir við yfirdóminn á Íslandi, svo fljótt sem verða má.

c, *H. Kr. Friðriksson:* að hvorum þessara málaflutníngsmanna verði nú þegar veittir 350 ríkisdalir til launa árlega.

d, *Nefndin,* nr. 2: að hvor þeirra fái til launa 250 rd. árlega.

e, *Nefndin,* nr. 3: að fè þetta sè fyrst um sinn, um 3 ár, tekið úr sakagjaldssjóðnum.

f, *Nefndin,* nr. 4: að það verði síðan borið undir alþíngi, hvaðan fè skuli fá til launa þeirra, ef það reynist, að sakagjaldssjóðurinn framvegis ei geti goldið þeim þetta fè,

g, *H. Kr. Friðriksson:* að á sakagjaldssjóðnum verði lètt þeim 300 rd., sem nú eru goldnir úr honum landsyfirrèttardómurunum.

h, *P. Pètursson:* að auk þeirra 250 rd., sem nefndin hefir stúngið upp á að hvor málaflutníngsmaður fái árlega, þá sè þeim fyrst um sinn um 3 ár greiddir 100 rd. hvorum úr jafnaðarsjóðunum.

i, *St. Jónsson:* að þessir 200 rd. úr jafnaðarsjóðunum verði ekki teknir, fyr en búið er að út rýma fjársýkinni, sem nú geisar, og fjárstofninn er aptur kominn í viðunanlegt horf.

k, *H. Kr. Friðriksson:* að þau málsfærslulaun, sem málaflutníngsmönnum verða dæmd í sakamálum og gjafsóknarmálum, verði greidd þeim fyrirfram úr sakagjaldssjóðnum.

Framsögumaður: Eg skal ekki leingja þíngræðurnar með því að tala um þetta mál, og það því síður, sem málið var ítarlega rætt á síðasta fundi. Það eru komin 6 breytíngaratkvæði fram í þessu máli, og hefir nefndin ekki getað hallað sèr að neinu þeirra. Eg skal því ekki fara fleirum orðum um þau að svo stöddu.

H. Kr. Friðriksson: Eg skal leyfa mèr að fara fáum orðum um breytíngaratkvæði mín. Fyrsta uppástúnga mín, stafliður *a,* er í sjálfu sèr ekki annað en orðabreytíng; en mèr finnst, að mín uppástúnga hafi þann kost fram yfir uppástúngu nefndarinnar, að hún tekur af allan vafa, en það má snúa út úr uppástúngu nefndarinnar, ef menn vilja, og margir eru kríngir í að snúa út úr orðum. Fyrir uppástúngu minni, stafliið *c,* skal eg ekki færa fram fleiri ástæður, en eg gjörði við undirbúníngsumræðu þessa máls; ástæður mínar voru og eru þessar. Ef það er áríðanda að hafa málaflutníngsmenn, þá er það líka áríðanda að hafa þá duglega, en til þess útheimtist, að þeim sè launað svo viðunanlega, að þeir vilji sækja um þau; önnur ástæða mín er sú, að ef menn hafa embættismenn, þá eiga menn að gefa þeim þau laun, sem sè aðalstoð, en ekki að eins styrkur. Eg þarf ekki að mæla fram með uppástúngu minni, stafliið *g,* því nefndin hefir sjálf gjört það, með því hún hefir sjálf bent á

það í nefndarálitinu, að þessum 300 rd. væri ekki rèttilega varið, svo eg er viss um, að nefndarmenn eru glaðir yfir því með sjálfum sèr, og í rauninni kunna mèr þakkir fyrir, að þessi uppástúnga er komin fram, og þykir mèr vænt um, að hafa getað orðið henni til geðs, einkum þar eð eg er líka á því, að ekki sè eðlilegt, að launa landsyfirrèttardómendum úr tveimur ólíkum sjóðum. Eg vona, að eg þurfi heldur ekki að mæla fram með uppástúngu minni, staflið *k*, því það sjá allir, að sjóðurinn getur ekkert tjón beðið af því, þótt málaflutníngslaunin sè borguð fyrirfram úr honum, en eðlilegast, að málaflutníngsmennirnir eigi aðgánginn að þeim, sem selur honum málsflutníngínn í hendur, en sjóðurinn eigi síðan við hlutaðeigendur; en á hinn bóginn er það bagi fyrir málaflutníngsmennina, að fá ekki málsfærslulaunin fyr en eptir mörg ár. Eg hefi því tekið mèr þetta breytíngaratkvæði, til þess, að það skyldi vera hvöt fyrir málaflutníngsmennina að sækja um embættin.

Framsögumaður: Eg skal með fám orðum svara hinum heiðraða varaþíngmanni Reykvíkínga. Viðvíkjandi fyrsta breytíngaratkvæði hans, staflið *a*, sem hann kallar að eins orðabreytíng, þá skal eg geta þess, að eg finn því síður ástæðu til að taka það til greina, sem það er tekið fram í nefndarálitinu, að það skuli vera meðmælíng fyrir málaflutníngsmennina til embætta, að þeir sýni sig duglega, og er þetta skýríng fyrir því, að uppástúnga nefndarinnar fer í sömu átt og breytíngaratkvæðið *a*. Hinn heiðraði sami þíngmaður vildi, að nefndin kynni sèr þakkir fyrir breytíngaratkvæði sitt, staflið *g*, en eg finn sárlitla ástæðu til þess, því eg get ekki betur sèð, en uppástúnga hans sè eins og skroppin út úr sauðarlegg, því hvaðan á að taka aptur þá 300 rd., sem landsyfirrèttardómendunum eru nú borgaðir úr sakagjaldssjóðnum, annarstaðar en úr jarðabókarsjóðnum? En er það ekki hið sama sem að vilja láta borga málaflutníngsmönnunum úr ríkissjóðnum? Jú; en það ætla eg sè á móti tilætlun stjórnarinnar um það, hvaðan laun þeirra skuli tekin, og því sè ei rètt að fara því á flot þannig, heldur hefði orðið að gjöra það með nýrri uppástúngu. En annars getur það vel verið, að nefndin hefði fallizt á breytíngaratkvæðið, ef það hefði verið öðruvísi orðað, því henni fannst það óeðlilegt, og er það tekið fram í nefndarálitinu, að landsyfirrèttardómendunum sè launað af sakagjaldssjóðnum. Viðvíkjandi breytíngaratkvæði hins heiðraða varaþíngmanns Reykvíkínga, staflið *c*, um laun málaflutníngsmannanna, þá skal eg geta þess, að eg var reyndar fyrst á því, að 250 rd. væri ekki nógu há

laun; en fèllst þó á það í nefndinni, en nú er eg á því, að þessi laun sè full-há, ef ekki of há, og á eg að þakka hinum heiðraða varaþíngmanni Reykvíkínga fyrir það, því hann hefir í uppástúngum sínum um lagaskóla hèr í Reykjavík ætlað 600 rd. til tímakennslu, og bent á, að málaflutníngsmennirnir mundi verða, et til vill, tímakennendur við skóla þenna (*H. Kr. Friðriksson:* „Ef til vill"!). Með þessu hefir hinn heiðraði þíngmaður orðið sjálfur óbeinlínis til þess að rífa niður grundvöllinn undan breytíngaratkvæði sínu stafl. *c.* Eg skal ekki fara mörgum orðum um breytíngaratkvæði hins háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanns, því öllum mun þykja það óviðurkvæmilegt, að taka laun úr jafnaðarsjóðunum, sem nú munu þurfa í mörg horn að líta; en verði það tekið, þá vil eg fallast á varabreytíngaratkvæði hins heiðraða þíngmanns Eyfirðínga. Um hið síðasta breytíngaratkvæði stafliö *k,* skal eg geta þess, að eg held, að það geti baslazt af hèr eptir sem híngað til, að málaflutníngslaunin sè borguð á þann hátt, sem verið hefir.

Þ. Guðmundsson: Eg vil leyfa mèr að vekja athygli þíngmanna á því, að það sem breytíngaratkvæðið, stafl. *k,* fer fram á, eru nú gildandi lög; það er lögboðið í tilskipun 11. júlí 1800, að borga skuli málaflutníngslaun í sakamálum fyrirfram úr *Justits*- sjóðnum, og geta menn sèð það á Klausturpóstinum, að þessarar reglu hefir verið gætt fyrst framan af. Eg vil þó gefa atkvæði mitt fyrir þessu breytíngaratkvæði, því eg álít það gott, að þetta sè tekið fram, til þess að minna á lögin, einkum þar eð eptir þeim hefir ekki verið farið núna í rúm 30 ár.

Þ. Jónassen: Eg skal nú ekki fara mörgum orðum um þetta mál, einúngis skal eg geta þess, að eg felli mig betur við breytíngaratkvæðið undir stafliö *a,* en nefndarinnar undir stafliö *b,* því það er greinilegar orðað; svo verð eg líka að aðhyllast uppástúnguna *c.,* því eg get ekki sèð, að það sè aðgeingileg eða boðleg staða fyrir þá menn, sem hèr ræðir um, að ætla þeim einúngis milli 3 og 4 hundruð ríkisdala að öllu samtöldu um árið. Eg þori því að fullyrða, að einginn dugandis maður tekur að sèr þessa köllun, nema ef það væri rètt til bráðabyrgða, og um stundarsakir, meðan hann er að koma sèr fyrir öðruvísi, og þannig er ekki að ætlast til nokkurrar staðfestu í stöðu þessara manna hèr við rèttinn. Mèr skilst heldur ekki betur, en að þíngið með því að stínga upp á svo sárlitlum launum komist í mótsögn við sjálft sig, því það gjörði þó svo mikið úr allri þeirri tryggíngu fyrir lög og rètt í landi hèr, sem

standa mundi af þessum málaflutníngsmönnum, en eg ætla þetta þó einkum að vera komið undir því, að málsfærslumennirnir sè vel menntaðir og duglegir, en slíkir menn standa ekki til boða nema fyrir aðgeingileg laun, og undir því skilyrði, að þeim sè sómi sýndur; en það kalla eg að ekki eigi sèr hèr stað, með því fyrirkomulagi, er nefndin ætlast til og stíngur upp á.

Uppástúngunni undir staflið *k* get eg ekki orðið samþykkur, því það getur opt farið svo, að breytíng verði á málsfærslulaunum, sem dæmd eru hlutaðeigendum hèr við rèttinn, í hæsta rètti, og í slíkum tilfellum getur orðið rekistefna út úr laununum, ef búið er að borga þau fyrirfram úr sakagjaldssjóðnum, og því er boðinu í yfirrèttartilskipuninni breytt með seinni ákvörðunum, er hèr að lúta.

Framsögumaður: Það vakti fyrir nefndinni, að ekki væri betra að byrja of hátt og verða svo að færa sig síðan niður, heldur en að byrja á litlu og færa sig síðan upp á skaptið; hún vissi og, að þar eð málaflutníngmennirnir eiga að verða konúnglegir embættismenn, þá muni þeir og geta feingið launaviðbót, eins og hverjir aðrir embættismenn, eða, ef sakagjaldssjóðurinn geti misst meira seinna, þá mætti auka laun þeirra úr honum. Eg held, að það sè bezt fyrir oss Íslendínga, að vera sparir á fè voru, því vèr höfum lítið fè, en nóga steina, en hver steinn er ekki dalur, og hèr er minna gull en grjót, og því er bezt fyrir oss að sníða oss stakk eptir vexti. Ef nú einginn sækir, þá höfum vèr sparað peníngana, og betra mun nú fyrir þíngið að aðhyllast málið, heldur en að ónýta það ofan í alþíngi 1855 og stjórnina, sem nú hefir gefið oss tryggíng fyrir því, að málinu verði nú sem fyrri vel tekið hjá henni. Hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður tók það fram, að launin væri svo lítil, en hann tók ekki hitt fram, hversu lítið þeir hafa að starfa, og gæti unnið sèr nokkuð utan um. Hann kvartaði og um, að þeim væri ekki sýndur nógur sómi; eg veit nú ekki fullkomlega, hvort hann meinti nóg laun (*Þ. Jónassen:* Jú), eða nógu marga krossa og teikn, því hafi hann meint það, þá vona eg sú verði raunin á, að þeir fái þenna sóma eins og aðrir, ef þeir gjöra sig verða fyrir það í stjórnarinnar augum.

G. Einarsson: Það hafa nú 2 lögfróðir menn talað fyrir skemmstu um það, hvort málaflutníngsmenn eigi að lögum heimtíngu á því, að fá laun þau, sem þeim eru ákveðin fyrir sókn eða vörn í saka- eða gjafsóknarmálum, fyrirfram greidd úr sakagjaldssjóðnum, og hafa þeir ekki orðið á eitt mál sáttir. Það er ekki mitt að meta

það, hver þeirra hafi rèttara fyrir sèr, en svo mikið sè eg, að á þesssu máli leikur vafi, og mèr þykir það leitt, þó í litlu fari, að hann sè, eins og mèr sýnist líka rètt, að sakagjaldssjóðurinn eigi að launa þeim, sem vinna fyrir hann, því hver á við sinn sala; eg mun því gefa uppástúngunni undir stafliið *k* atkvæði mitt.

Hvað áhrærir umræður þær, sem hafa orðið um stafliðina *e* og *d*, þá þykir mèr þær harðla leiðinlegar, og Reykjavíkurbúum ósæmandi að láta slíkan barlómsblæ vera á þeim. Mèr þykir það annars undarlegt, hvað menn bera sig hèr illa, og þó sýnast þeir búa svo vel, og eg dylst ekki við það, að alþýða steytir sig á þess konar, og það kemur Reykjavík út úr húsi hjá sveitafólkinu, því svo er að sjá sem Reykvíkíngar vilji sjá um sig, hvað sem öðrum líður, og í þess konar hugsunum, hvar sem þær hreifa sèr, er eins konar ójöfnuður.

P. Sigurðsson: Viðvíkjandi stafliðnum *k* getur mèr ekki betur skilizt, en að ekki þurfi að greiða atkvæði um það, ef að það eru gildandi lög, og vildi eg óska upplýsíngar hjá lögfræðíngum þeim, er sitja hèr á þíngi, um, hvort að þetta sè lög. Eg fyrir mitt leyti tek breytíngaratkvæðið nr. 1 fram yfir uppástúngu nefndarinnar, því það gefur meiri tryggíngu, að menn þessir sè menntaðir vel; en hvað launaupphæðinni við víkur, þá er eg á sömu skoðun og nefndin. Eg held líka, að embættismönnum sè það fremur gagn en skaði, þó laun þeirra um nokkurn tíma sè heldur lítil, því það kennir þeim að fara sparlega með efni sín, og þann lærdóm er öllum nauðsynlegt að læra. Það er líka miklu eðlilegra, að bæta laun embættismannsins, þegar hann fer að eldast og lýjast, og hefir staðið vel í stöðu sinni á ýngri árum, og jafnframt er það hvöt til að sýna sem mestan dugnað í stöðu sinni, ef það gæfi von um betra lífsuppheldi.

J. Sigurðsson: Eg get nú ekki annað en álitið það full-sannað með óhröktum og yfirgnæfandi ástæðum af hinum háttvirta *framsögumanni*, að þessi laun málsfærslumanna sè fullsæmileg og fullvel viðunandi, eptir því sem hèr á stendur, svo mèr er hvorki fært nè þarft þar neinu við að bæta; mèr virtist sá heiðarlegi þíngmaður Reykvíkínga fram færa það sem helztu ástæðu fyrir breytíngaratkvæði sínu stafliið *c*, að þegar þeir ætti að heita konúnglegir embættismenn, þá yrði að veita þeim stór laun. Mèr þykir nú þetta og annað eins vera mögur ástæða, því það hefir verið sýnt og sannað, að sumir konúnglegir embættismenn hèr á landi verða að lifa af öðru en háum launum. Eg vil taka til dæmis, að það hefir

einhver hinn mesti lögfræðíngur hèr á landi með ritgjörð sinni, látið það í ljósi, að hreppstjórar eigi að teljast með konúnglegum embættismönnum, og vita allir, hvaða laun að stjórnin hefir skaffað þeim, og hefir hún enn ekki fyrirorðið sig fyrir viðgjörðir á þeim, og þeir hafa líka lifað þess vegna enn sem komið er. Eg vildi heldur, að þíngmaðurinn hefði haft tillit til þess, hvað embætti þessi yrði annamikil; það hefði mèr þótt veruleg ástæða fyrir laununum. Eg held það sè nú fullsýnt, að þeir geti líka haft atvinnu af öðru, og það jafnvel aðalatvinnu, þó þeir þyrfti einu sinni í viku, eða kann ske einu sinni í mánuði, að gegna þessum málastörfum. Eg fer því ekki með mitt atkvæði fet fram yfir það, sem nefndin hefir sett með laun þessi. Hvað við víkur breytíngaratkvæðinu *g*, hins sama þíngmanns, að á sakagjaldssjóðnum verði lètt þeim 300 rd., sem nú eru goldnir úr honum landsyfirrèttinum, þá þykir mèr líka nokkuð vanskilegt að taka það svona, þar ekki var undir eins stúngið upp á því, hvaðan landsyfirrètturinn ætti þá aptur að fá þessi 300 rd.; einhverstaðar mun þó verða að fá þá frá, og þar ekki er stúngið upp á því, að fá þá úr ríkissjóðnum, þá veit eg ekki nema því yrði sleingt á jafnaðarsjóðina, eða einhverstaðar á, þar sem óhentugast væri.

G. Brandsson: Ef menn bera saman breytíngaratkvæðið *a* við uppástúngu nefndarinnar *b*, þá er reyndar lítill munur á þeim, í *a* er meiníngin einúngis ljósari; þó álít eg, að nefndaruppástúngan fari hinu sama fram, því í nefndarálitinu er gjört ráð fyrir því, að þegar málaflutníngsmennirnir eru leingi búnir að vera við þau embætti, þá sè það meðmælíng fyrir þá til að fá sýslumannaembætti, og þess vegna hefir hún auðsjáanlega ekki ætlazt til, að taka hvern einn, sem eitthvað hefir gugtað við lög, hvort sem hann er góður eða slæmur, en þó vil eg heldur breytíngaratkvæðið undir staflíðnum *a*, heldur en uppástúngu nefndarinnar í staflíð *b*, vegna þess meiníngin liggur ljósari fyrir í breytíngaratkvæðinu. Þar sem einn þíngmanna hèlt, að vèr mundum ekki fá annað en tóma ónytjúnga, þar eð launin væri svo lág, þá þykir mèr það nokkuð skrítið, eins og það sè völ á svo mörgum og góðum löglærðum mönnum, en sjón er sögu ríkari, að svo er ekki, því allt af vantar einn þó í landsyfirrèttinn; sýslumannaembættin eru ekki heldur svo vel skipuð, að nokkur verði útilokaður, sem er verðugur, og það sýnir bezt fæð hinna íslenzku lögfræðínga, að það verður að setja danska menn í embætti þessi, hvar af sumir munu ekki sèrlega vel

að sèr í lögum, eptir sem þeir vilja gefast oss. En hvað launin snertir, þá hefir *framsögumaður* skýrt það svo vel, að eg hefi eingu þar við að bæta.

P. Pètursson: Eg skal ekki mæla mikið eða leingi fram með breytíngaratkvæði mínu *h,* því það var líka kveðinn upp dauðadómur yfir því um daginn og nú mun það þegar dautt; en mèr sýnist það þó ekki svo óttalegt, að taka þessa peninga úr jafnaðarsjóðnum, því það er þó ekki meira en liðugur 1 sk. á hvern búanda mann á ári. Eg vildi leyfa mèr að leita upplýsíngar hjá nefndinni um það, hvernig hún gat farið að færa upp svo mjög fè það, sem skyldi taka úr sakagjaldssjóðnum, fram yfir það, sem stjórnin sagði hann gæti borið og þó undireins verið hrædd um, að sjóðurinn gæti ekki borið þau útgjöld leingur en í þrjú ár; þetta er að minni ætlun mikil mótsögn. Einn þíngmanna hefir hreift því, að þó laun embættismannanna sè lág, meðan þeir eru úngir, þá hækkaði þau, eptir því sem þeir eldast; eg ætla, að það sè þó ekki eins affaragott að ánafna embættismanninum há laun fyrst á deyjanda degi, eins og að láta hann hafa viðunanleg laun, meðan hann er úngur og hefir krapta og fjör til að gjöra nokkuð, ef hann gæti verið laus við áhyggjur.

Framsögumaður: Eg hugsaði ekki eg þyrfti að tala meir í þessu máli, en þó að hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður hafi fundið mótsögn hjá nefndinni, þá skal eg ei berjast við að skýra honum, að hún muni minni en hann hyggur, því eg er vondaufur um, að geta sannfært hinn háttvirta þíngmann nú, fyrst hann hefir ekki sannfærzt á skýrslu þeirri, er eg kom með við undirbúníngsumræðuna; en það þykir mèr undarlegt, að honum skuli þykja það mikið, að vèr höfum fært upp launin úr sakagjaldssjóðnum um eina 150 rd., sem eg hefi sýnt að geti borið það; en hitt þyki honum ekki neitt, að deingja 200 rd. upp á jafnaðarsjóðina, sem svo getur farið fyrir, að ef fjárkláðinn eykst meir en komið er, að þeir þá eigi minna en ekkert. Nefndin getur heldur ekki betur sèð, en að oss Íslendíngum farist þó betur við málaflutníngsmenn vora, enda þótt laun sè lítil, heldur en Dönum, því eg veit ekki til, að málaflutníngsmenn hafi þar nokkur laun, nema ef það er, sem eg þó tel óvíst, við hæsta rètt. Um uppástúnguna undir staflið *k* ætla eg mèr ekki að ræða, heldur að eins skjóta því til hins háttvirta *forseta,* hvort hún geti komið til atkvæða, þar eð hún fer því fram, sem enn nú eru gild lög um.

St. Jónsson: Það hefir ekki þótt óttalegt, að taka 200 rd. úr jafnaðarsjóðnum, því ekki kæmi nema rúmur skildíngur á mann, en það yrði þó 2000 rd. í 10 ár, og þó þetta kunni að þykja ekki svo mikið, þá verð eg þó að álíta, að ekki sè fært að bæta því á jafnaðarsjóðina, því menn verða jafnan að gá að því með álögur, að það er minna komið undir því, hversu mikil álagan er, en hinu, hvernig hún kemur niður, því hún verður jafnan þúngbær og órèttlát, ef hún leggst misjafnt á, hversu lítil svo sem hún er; en það, sem lagt er á jafnaðarsjóðina, kemur yfrið misjafnt niður og eingan veginn eptir efnum. Eg vona nú reyndar, að breytíngaratkvæði hins háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanns muni ekki fá góðar viðtökur hèr, en eg get líka vænzt þess, að mitt fái ekki harðari dóm, ef hans ekki fellur við atkvæðagreiðsluna.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, verð eg að álíta ályktarumræðu þessa máls lokið. En áður en eg bið þíngmenn gánga til atkvæða, þá vil eg leyfa mèr að geta þess viðvíkjandi staflið *k*, fyrst að umtal hefir orðið um, hvort hann gæti komið til atkvæða, að þá get eg ekki betur sèð, en að hann geti það, því þótt hið sama sè boðið í yfirrèttartilskipuninni 11. júlí 1800, sem uppástúngan fer fram á, þá hefir þessu boði ekki verið fylgt í svo lángan tíma, að það verður varla tekið upp aptur, nema þar um verði gjörð ný ráðstöfun.

Síðan var geingið til atkvæða og fèllu þau þannig:

a, breytíngaratkvæði *H. Kr. Friðrikssonar:* samþykkt með 14 atkv. gegn 2.

b, uppástúnga *nefndarinnar* var því burt fallin.

c, breytíngaratkvæði *H. Kr. Friðrikssonar:* fellt með 16 atkvæðum gegn 3.

d, uppástúnga *nefndarinnar:* samþykkt með 17 atkvæðum gegn 3.

e, — — — — samþykkt með 19 atkvæðum.

f, — — — — samþykkt með 18 atkvæðum.

g, — — *H. Kr. Friðrikssonar:* felld með 15 atkvæð. gegn 1.

h, — — *P. Pèturssonar:* felld með 19 atkvæðum.

i, viðaukaatkvæði *St. Jónssonar:* var því burt fallið.

k, uppástúnga *H. Kr. Friðrikssonar:* samþykkt með 14 atkvæðum gegn 4.

Forseti kvaðst mundu birta dagskrá til næsta fundar svo fljótt sem yrði.

Fundi slitið.

25. júlí — Fimmtándi fundur.

Allir á fundi nema hinn 1. konúngkjörni þíngmaður, er hafði tilkynnt *forseta*, að hann ekki gæti komið á þíng í dag, og hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, sem enn þá var sjúkur; þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg hefi meðtekið nokkur skjöl viðvíkjandi fjárkláðamálinu og eru þau þessi: 1. afhent mèr af þíngmanni Gullbríngusýslu:

a, ávarp frá Kjósarhrepp, er mótmælir algjörðum niðurskurði, með 45 nöfnum undir.

b, ávarp frá fjárkláðanefndinni í Vatnsleysustrandarhrepp, líks efnis.

c, ávarp frá Rosmhvalaness og Hafna hreppum sama efnis, með 55 nöfnum undir.

d, ávarp frá Hafnahrepp, sama efnis, með fjórum nöfnum undir.

e, ávarp frá hreppstjóranum í Álptaneshrepp, er mótmælir almennum niðurskurði í nafni hreppsbúa.

2. Ávarp til alþíngis frá Borgarfjarðarsýslu sama efnis, með 61 nafni undir.

3. Ávarp til *forseta* frá Þíngvallahreppi, sem óskar með 28 atkvæðum móti 1, að algjörður niðurskurður fari fram, þó með sama skilyrði, sem meiri hlutinn bar fyrir sig á fundinum í Hróarsholti 11. júní næstliðinn.

Þessi skjöl leyfi eg mèr að afhenda nefndinni í fjárkláðamálinu, eins og hin, sem fyr hafa verið framlögð.

Eptir dagskránni kemur þá til ályktar-umræðu og atkvæðagreiðslu *málið um stjórnarbót* á Íslandi; eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í máli þessu, og vona eg, að hún liggi fyrir öllum þíngmönnum.

Atkvæðaskrá
í málinu
um stjórnarbót á Íslandi.

I. Uppástúnga síra *Jóns Kristjánssonar* (að í stað II. A. verði sett þetta): að konúngur, samkvæmt allramildustu heityrðum sínum í konúngsbrèfi 23. septbr. 1848 láti sem fyrst semja frumvarp til laga um stjórnarfyrirkomulagið á Íslandi og stöðu þess í konúngsveldinu, og leggi það frumvarp síðan fyrir sèrstakan fund þjóðfulltrúa hèr í landi, er sè kosnir og að tölu eins og segir í kosníngarlögunum 28. september 1849.

II. *Nefndin:* A, að konúngur láti semja og leggja fyrir næsta alþíngi frumvarp um nýtt og umbætt fyrirkomulag stjórnarinnar yfir Íslandi, og um stöðu þess í konúngsveldinu.

B, að í þessu frumvarpi verði tekin til greina eptirfylgjandi undirstöðuatriði:

a, Nefndin: nr. 1: *Meiri hlutinn:* að verkahríngur og vald alþíngis verði svo aukið, að því verði veitt ályktunarvald (löggjafarvald) í öllum þeim málum er áður hafa legið undir meðferð þess. — *[Minni hlutinn:* að alþíngi veitist löggjafarvald í þeim málum, sem áður hafa legið undir meðferð þess].

b, Minni hluti nefndarinnar: (að í stað atriðanna nr. 2, 3 og 4 verði sett þetta einúngis): „og að stjórn landsins verði hagað þar eptir".

c, Meiri hluti nefndarinnar, nr. 2: Að ein verði sett og á einum stað, í Reykjavík, þriggja manna yfirstjórn í landi hèr, sem hafi á hendi til síðustu úrslita öll þau valdstjórnarverk og framkvæmdarvald í íslenzkum málum, sem ekki verður lögákveðið um, að hljóti að liggja undir úrskurð konúngsins, eður ráðgjafa hans; og að þessir yfirstjórnendur eigi setu á alþíngi, og haldi þar svörum uppi fyrir hönd stjórnarinnar.

d, Meiri hluti nefndarinnar, nr. 3: að konúngur feli einum og sama embættismanni hina síðustu meðferð þeirra íslenzkra mála, sem lögákveðið verði um, að ekki eigi undir úrslit þeirra ráðgjafa, sem þess konar mál liggja undir í gjörvöllu konúngsveldinu, eða ekki geti útkljáðst hèr á landi, og að hann beri síðan þau mál fram fyrir konúnginn til allrahæsta úrskurðar eða samþykkis.

e, Meiri hluti nefndarinnar, nr. 4: að dómsvaldið í landinu verði svo umbætt, að það samsvari hinu aukna valdi og verkahríng alþíngis, og hinu umbætta fyrirkomulagi á yfirstjórn landsins.

f, Hvort alþíngi vill rita bænarskrá um þau atriði, sem samþykkt eru.

Framsögumaður (Jón Guðmundsson): Þegar mál þetta var rætt hèr til undirbúníngs, þá voru það einkum konúngkjörnir herrar, er fundu ástæðu til að vekja athugasemdir gegn nefndarálitinu og niðurlagsuppástúngunum. Hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður

(*P. Jónassen*) byrjaði ræðu sína á því, að þessar uppástúngur nefndarinnar væri of snemmt upp bornar og í ótíma, einkum með tilliti til þess, að enn væri ekkert búið að ákveða um stöðu Íslands í konúngsveldinu, og svo væri í uppástúngunum ekkert tillit haft til þess kostnaðar, sem þær hefði í för með sèr, en hins vegar væri hèr enn allt óákveðið og óráðið til lykta um það, er snerti tekjur og tekjustofna landsins; jarðamatið væri enn ókomið í kríng, og allir skattar ólagaðir og óákveðnir; en þess bæri þó að gæta fyrst af öllu, hvort landið mundi geta staðið straum af því fyrirkomulagi, sem hèr væri stúngið upp á. Fyrsta mótbára hins háttvirta þíngmanns er nokkuð kátleg, þar sem honum þykir of snemmt og í ótíma að biðja um frumvarp, er ákveði stöðu Íslands í konúngsveldinu, af því, segir hann, að það er enn *ekki búið* að ákveða stöðu Íslands; mèr skilst þá, að hinum heiðraða þíngmanni þyki ótímabært og of snemmt að biðja um nokkuð það, sem er ógjört; en vilji hann um ekkert annað rita bænarskrár en það eina, sem áður er fullgjört og ráðið til lykta, eða sem eingra umbóta þarf, þá fækkaði reyndar bænarskrárnar hèðan frá þíngi og umræður um málin. Það er að vísu satt, er hann sagði um það, að jarðamatið væri ekki til lykta leitt og að skattar væri óákveðnir; en hvað kemur það þessu máli við? hèr liggur ekki fyrir til umræðu neitt skipulegt frumvarp með einstaklegum uppástúngum, er leiði með sèr neinn kostnaðarauka þann, er hèr verði fært eða eigi við að ræða; það getur meir en verið, að af umbættu stjórnarfyrirkomulagi áþekku því, og niðurlagsatriðin benda til, leiði nokkurn kostnaðar eða útgjalda auka fyrir landið; en að tala um þetta nú, það segi eg sè of snemmt og ótímabært; þegar stjórnarbótarfrumvarpið kemur hèr fyrir frá konúngi og með hinum einstöku greinum sínum lýsir yfir því fyrirkomulagi allrar stjórnar, sem hèr eigi að komast á, þá er fyrst að ræða um, hvort landið geti staðið straum af því, en fyr ekki; það mun einginn hafa ætlazt nè geta ætlazt til, að hafa hèr fram verulegar endarbætur hvorki í þessu efni nè öðrum svo, að þær ekkert kosti. Að öðru leyti verð eg að leyfa mèr að minna hinn háttvirta 2. konúngkjörna þíngmann á það, að í þessu nefndaráliti er ekki farið fram á neitt annað eða meira heldur en í bænarskránni til konúngs frá þínginu 1853; og þegar málið var þá rætt hèr í salnum, fór svo fjærri að hinn sami háttvirti þíngmaður áliti þessar uppástúngur of snemmt uppbornar eða í ótíma, að honum þótti þá, að nefndin hefði ekki farið nógu lángt í uppástúngum sínum; þetta má bezt sjá af þíngræðum hans um málið 1853; en honum

hefir láðst það eptir í mótbárum sínum að þessu sinni, að sýna og færa rök að, hvers vegna eða hvernig á því standi, að nú, 1857, sè of snemma og í ótíma uppbornar þær sömu uppástúngur, sem hèr voru á rèttum tíma og af gildum ástæðum viðteknar 1853.

Það kann sumum að hafa virzt svo, sem þær mótbárur væri miklu verulegri, er hinn háttvirti meðnefndarmaður í minna hlutanum, hinn 5. konúngkjörni hreifði í undirbúníngsumræðunni gegn uppástúngum meira hlutans. Hann taldi það sem eina hina verulegustu ástæðu fyrir því, að hann hefði ekki nú getað aðhyllzt skoðun og uppástúngur meira hlutans, eins og hann þá gjörði 1853, að sèr væri nú, eptir nákvæmari yfirvegun, orðið það móthverft, að amtmannaembættin væri lögð niður. En eg verð að vekja athygli hins heiðraða þíngmanns og allra, er hèr sitja, að því, að það er ekki með einu orði ráðgjört hvorki í umræðunum nè uppástúngunum 1853, og heldur ekki í þessu nefndaráliti, að aftaka gjörsamlega amtmannaembættin, t. d. svo, að ekki yrði einhver sá valdsmaður í hverjum fjórðúngi eður amti, er hefði nokkra yfirstjórn þess landshluta á hendi; breytíngin eptir uppást. II. *c* er einkum í því fólgin, að yfirvaldstjórnarmenn fjórðúnganna stæði undir annari æðri stjórn á einum stað hèr á landi, í stað þess að allir amtmennirnir hafa nú jafnmikil völd svona sinn á hverju landshorninu, og standa undir eingri æðri valdstjórn hèr á landi. Út af uppástúngu meira hlutans II. *d.* áhrærandi að konúngur feli einum og sama manni hina síðustu meðferð þeirra mála, sem liggja undir úrgreiðslu konúngs, sagði hinn sami háttvirti þíngmaður, að af því mundi leiða óbærilegan kostnaðarauka fyrir landið, en meiri hlutinn hefði alls ekki bent til, hvaðan þann kostnað ætti að taka. Það er nú blessað athvarf til viðbáru í vandræðunum, þessi orð: *„kostnaður“*, *„óbærilegur kostnaðarauki fyrir landið“*. Þegar í öll skjól er fokið með ástæður, þá grípa menn æfinlega til þessa og veifa því sem grýlu til að blekkja þíngmenn og landsmenn; að öðru leyti láðist hinum heiðraða þíngmanni eptir að sýna þínginu, hvernig á því stæði, að meiri kostnað mundi leiða fyrir landið af þessari uppástúngu nú, heldur en 1853, þegar hann sjálfur fylgdi fram hinni sömu uppástúngu og hafði alls ekki á orði kostnaðinn, sem af henni gæti leitt. Að öðru leyti verð eg að vekja athygli hins heiðraða þíngmanns að því, að í nefndarálitinu er bent til fyrirkomulags á þessu uppástúnguatriði, — meiri hlutinn vildi ekki að svo komnu taka fram um það niðurlagsuppástúngu, — sem ekki hafi í för með sèr neinn

verulegan eða teljanda kostnaðarauka fram yfir það fyrirkomulag í þessu efni, sem nú er, — nefnilega ef konúngur vildi fela forstöðumanni hinnar íslenzku stjórnardeildar hina síðustu úrgreiðslu þeirra mála, sem fyrir konúng verða að gánga eða ráðgjafastjórnina; þessari bendíngu hefir hvorki hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður mótmælt nè aðrir, og því álít eg ekkert í móti því, að hún verði tekin inn í álitsskjalið til konúngs. En áhrærandi kostnaðinn, sem þessi og aðrar uppástúngur meira hlutans kynni virðast að hafa í för með sèr, þá bið eg þess enn sem fyr vel gætt, að það er nægur tími að ræða um hann, þegar komið er frá stjórninni frumvarpið sjálft, er sýni hver þessi kostnaður verði í raun og veru. Hinn sami háttvirti þíngmaður sagði, að það væri mjög vafasamt og varhugavert, að gjöra nú uppástúngur um fyrirkomulag stjórnarbótarinnar; en hèr eru hjá meira hlutanum eingar beinlínis uppástúngur gjörðar, heldur að eins hin helztu undirstöðuatriði, er þínginu þætti mest um vert að tekin yrði til greina, þegar frumvarpið verður samið; — hann sagði, að þess konar uppástúngum væri ekki kastanda fram með fáum orðum, og þó hefir minni hlutinn ætlað sèr að gjöra það í margfalt færri orðum en meiri hlutinn. En menn hafa nú hèr á þíngi talandi dæmi upp á það, hvað stjórninni geðjast vel að uppástúngum, sem eru með líkum frágángi og stefnu, eins og minna hluta uppástúngan II. *b*, og í hvað mikil vandræði þíngið getur komizt síðar meir út af slíkum uppástúngum. Það fór samkynja uppástúnga frá alþíngi 1853 um hið æðsta úrskurðarvald í sveitastjórnarmálum; stjórnin var beðin að haga þessu (í lagafrumvarpi því, er hún semdi um sveitastjórn) samkvæmt hinum lægri völdum, er stúngið var upp á í sveitastjórnarmálinu, og samsvarandi því fyrirkomulagi, sem ákveðið yrði um æðstu valdstjórn landsins; þíngið ætlaði þá að fara sem varlegast í þessu; en hvernig fór? í ástæðunum fyrir frumvarpinu í sveitarstjórnarmálinu ber stjórnin þínginu á brýn, að það hafi ekki getað eða treyst sèr til að koma fram með neinar uppástúngur áhrærandi yfirstjórnina í sveitarmálum; stjórnin gefur í skyn, að hún þess vegna hefði verið í vandræðum og vafa um þetta atriði og gjörir síðan þær uppástúngur um það í frumvarpinu, sem ekki neinn þíngmanna gat aðhyllzt; svona reiddi þeirri uppástúngu alþíngis af, þó hún væri í sama sniði, sem minna hlutans uppástúnga í þessu máli; — og þar af má læra það, að stjórninni kemur betur að fá einhverjar ákveðnar bendíngar í þess konar efnum um, hvað alþíngi vill eða ekki vill; stjórnin fellst kann ske ekki á það; og

setur ekkert í staðinn; gott og vel! það er miklu betra svo búið, heldur en að stjórnin komi út úr vandræðum, og sakir einurðarleysis þíngsins, með þær uppástúngur, sem þíngið getur með eingu móti fallizt á, heldur neyðist til að greiða atkvæði í móti þeim. Hinn sami háttvirti þíngmaður hèlt, að það leiddi beint af hinu aukna valdi alþíngis, sem um er beðið, að þíngið geti haft áhrif á fyrirkomulag hinnar æðstu valdstjórnar í landinu og því væri óþarft og ískyggilegt að gjöra um það sèrstakar uppástúngur nú. En eg vil mega spyrja hinn heiðraða þíngmann, hvort það liggi ekki beint við eptir uppástúngu minna hlutans II. *a* um hið aukna vald alþíngis, að þíngið getur aldrei átt nein ráð á því, hvernig hin æðsta valdstjórn verði skipuð, heldur einúngis hvað mikið hún eigi að hafa til launa; minni hlutinn fer nefnilega einúngis fram á, að alþíngi verði veitt löggjafarvald í þeim innlendum málum, sem áður hafa legið undir meðferð þess; nú hafa embættaskipanir og embættaveitíngar aldrei legið undir meðferð þessa þíngs, enda munu fá sem eingin löggjafaþíng eiga rètt á slíku, því það er konúnganna einna og hinnar æðstu landstjórnar að skipa valdstjórnarembættin og veita þau; eg held því auðsætt, að þessi viðbára hins heiðraða þíngmanns bjóði eingum svörum.

Það er að eins eitt breytíngaratkvæði fram komið við uppástúngur nefndarinnar, þetta, sem stendur á atkvæðaskránni undir töluliið I.; eg vildi helzt þurfa að mæla sem minnst móti þessu breytíngaratkvæði; eg verð að játa, að mèr fyrir mitt leyti er það ekki mótfallið, en annað mál er það, að eg hvorki sjálfur nè í nafni nefndarinnar get ráðið þínginu til að aðhyllast það, eins og nú stendur. Það er ómótmælanlegt, að í kgsbr. 23. sept. 1848 hefir konúngur heitið að af ráða ekkert um stöðu Íslands í konúngsveldinu eða stjórnarbót hèr, fyr en búið væri að leggja það undir álit sèrstaks fundar í landinu sjálfu, en þessu, *hvernig* konúngur ætli að leita álits landsmanna, hefir hann nú breytt með auglýsíngu 12. maí 1852, þar sem segir, að konúngur ætli að leita um málið álits *alþíngis;* þar með eru alls ekki apturkölluð eða röskuð sjálf hin konúnglegu heityrði frá 1848, og því verð eg að álíta, að nefndin hafi í þessu efni farið hinn rèttasta og hyggilegasta veg.

J. Kristjánsson: Mönnum kann að virðast, að um smá-muni sè að tefla, þar sem ágreiníngurinn er á milli uppástúngu minnar töluliið I. á atkvæðaskránni og uppástúngu nefndarinnar II. A., þar einúngis er orðamunur á þessu tvennu, að eg nefnilega hefi stúngið

upp á, að málið ætti að berast undir sèrstakan fund þjóðfulltrúa hèr í landi, en nefndin hefir stúngið upp á því, að málið ætti að leggjast fyrir næsta alþíngi. En mèr virðast þetta eingir smámunir. Nefndin mun að vísu þykjast hafa allmikið fyrir sèr, þar sem hún hefir auglýsínguna af 12. maí 1852 fyrir vonarakkeri sitt í uppástúngu sinni; en eg met konúngsbrèfið af 23. sept. 1848 svo óbrigðult orð, að eg þori og vil byggja uppástúngu mína á því. Eg get ekki heldur skilið, að auglýsíngin hafi breytt konúngsbrèfi þessu eða ónýtt þau fornu konúnglegu loforð, sem í því standa, og enn síður get eg fundið það í auglýsíngunni, að hún auki lögformlega vald og verkahríng alþíngis, eða gjöri neina breytíngu á tilskipaninni 8. marz 1843, og á meðan hefir þíngið ekki meira vald en hún gefur því. eg leyfi mèr að vekja athuga þíngmanna á því, að vèr erum skuldbundnir til að láta hátigninni sannfæríngu vora í ljósi um þetta mikilsverða málefni ekki síður en hvert annnað mál, sem þíngið hefir til meðferðar. Þá skyldu hefir og hver maður við sjálfan sig, að varðveita, eins og honum er unnt, óskerta samvizku sína. Þjóðinni eigum vèr loksins að standa reikníngsskap, en hvernig getum vèr afsakað það fyrir þjóðinni, ef vèr nú biðjum vorn allramildasta konúng þess, að þetta helgasta málefni, sem henni liggur svo mjög á hjarta, verði lagt fyrir alþíngi, sem bæði er of fámennt og valdlítið til að meðhöndla þvílíkt mál. Þó eg viti, að sagan ekki geymi mitt nafn, þá samt veit eg, að þeir menn eru nokkrir hèr inni, hverra nöfn hún muni geyma, og vildi eg, að hún geymdi þeirra með heiðri.

Það getur ekki verið vel eða hyggilega hugsað af oss, ef vèr stuðlum til, að alþíngistilskipaninni sè breytt, hvort heldur það væri til að ræna eða auka vald þíngsins, því hún er það eina, sem vèr höfum við að styðjast, meðan ekkert semst um stöðu lands vors í konúngsveldinu; og stjórnin yfir oss er svo óviss og reikandi, sem hún nú er, eins og eg hefi heyrt útlendan mann að orði komast, að hún væri eins konar viðrini.

Forseti: Eg álít ekki, að þíngmaðurinn hafi rètt til að brúka þessi orðatiltæki.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að ráða þínginu frá, og það af innilegri sannfæríngu, að senda bænarskrá um þetta mál, sem stjórnin hefir áskilið sèr sjálf að koma fram með uppástúngu um að fyrra bragði. Af skýrslum frá stjórninni til hins síðasta alþíngis er það fullkomlega ljóst, að sú hefir verið skoðun stjórnarinnar, að alþíngi ekki bæri rèttur til, að koma fram með bænarskrá að fyrra bragði (*tage*

Initiativet) í málefninu um stjórnarskipun Íslands, því það er auðvitað, að bænarrèttur þíngsins er bundinn við þau sömu takmörk, sem rèttur þess yfir höfuð til að meðhöndla og segja álit sitt um málefnin eptir tilsk. 28. maí 1831. Menn mega líka vera fullvissir um það, að stjórnin muni taka málefnið um stjórnarskipun Íslands fyrir, og leggja það fyrir þíngið svo fljótt sem mögulegt er og kríngumstæður leyfa. Nefndin hefir að sönnu viljað álíta svo, sem nú væri kominn tími til, að taka málefni þetta fyrir, vegna þess að stjórnarfyrirkomulag gjörvalls konúngsveldisins væri nú komið í gott horf og því málefni ráðið til lykta með alríkisskránni *(Fællesforfatningsloven)* frá 2. okt. 1855; en þessi ætlun nefndarinnar er eingan veginn áreiðanleg, því alríkisskráin er að sönnu, eins og menn vita, komin á pappírinn; en, eins og menn vita, er þetta málefni þar með ekki að öllu leyti til lykta leitt, því það er kunnugt, að bæði Holsetar og eins hin þýzku stórveldi hafa ekki, að svo komnu, viljað viðurkenna gildi alríkissrárinnar, og fyr en þetta málefni er komið í kríng, og allir eru í því tilliti orðnir á eitt mál sáttir, getur það eigi virzt ráðlegt að ákvarða að fullu og öllu stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins.

Hvað nú snertir uppástúngurnar á atkvæðaskránni, þá hefir hinn heiðraði *varaforseti* nægilega svarað henni, því hann hefir rèttilega farið því á flot, að málefni þetta eigi eptir auglýsíngu konúngs 12. maí 1852 að koma fyrir alþíngi, en ekki fyrir neinn þjóðfund. Uppástúngur meiri og minni hluta nefndarinnar undir 2, *a* eru að sönnu þess eðlis, að eg ekki beinlínis vil setja mig á móti þeim, því það má ráða af ýmsum táknum tímanna, að stjórnin ekki muni vera því fjarlæg, þegar fram líða stundir, að veita Íslandi meira vald, en það nú hefir. En eins og kríngumstæðurnar eru nú, virðist mèr þó uppástúnga þessi vera of snemma fram borin. Það er auðvitað, að því meiri gætni og stillíngu, því meiri þekkíngu og kunnáttu sem alþíngi lætur í ljósi í meðferð málanna, því fúsari mun stjórnin verða til þess að rýmka það vald, sem alþíngi nú er veitt. Í tilliti til uppástúngunnar *c* skal eg geta þess, að eg eins og þíngmenn vita, áður hefi verið á því máli, að betur mundi fara, að fela yfirstjórn landsins á hendur 3 mönnum, er allir væri á einum stað, og ynni í sameiníngu, en að láta hana, eins og nú á sèr stað, vera í höndum 3 manna, er búa svo að segja hver á sínu landshorni, og ekki geta náð hver til annars, ekki borið sig saman um, hvernig bezt mundi vera að ráða málefnunum til lykta. En

á hinn bóginn sè eg mörg vandkvæði á því, að biðja um eina sameinaða yfirstjórn í landinu, því bæði er það, að stjórnin er þessu mótfallin, að því leyti eg frekast til þekki, og líka kynni það að verða mjög torvelt, að fá þvílíka 3 menn inn í slíka stjórn, er ætti svo vel saman, að þeir gæti með góðu samlyndi unnið að stjórnarmálefnunum í sameiningu, og undir því er þó komin haganlegleiki og affarasæld slíkrar stjórnar, sem þar að auki mundi verða töluvert kostnaðarsamari fyrir landið en sú, er nú á sèr stað. Hvað *littera e* álræri, sem fer því á flot, að landsyfirrètturinn skyldi verða æðsti dómstóll í íslenzkum málum — því það álít eg að vera meiningu uppástúngunnar — þá er þetta að minni hyggju eingin rèttarbót, heldur rèttarmissir. Það hefir þó ætíð verið álitið mikil tryggíng í því innifalin, að landsmenn hèr hafa átt kost á því, að skjóta málum sínum til hæsta rèttar, og er það eðlilegt, þar sem landsyfirrèttur inn er svo þunnskipaður, bæði hvað dómendur og málaflutníngsmenn snertir, en hæsti rèttur þar á móti er skipaður mörgum hinum ágætustu lögvitríngum, eins og málin líka eru flutt við þenna rètt af hinum skarpvitrustu og æfðustu lögfræðíngum.

V. *Finsen:* Hinn heiðraði *framsögumaður* fór mörgum orðum um ræðu mína við undirbúníngsumræðu þessa máls. Hann áleit, að hin helzta ástæða fyrir ágreiníngsatkvæði minna hlutans væri sú, að meiri hlutinn hefir stúngið upp á, að amtmannaembættin ætti að leggjast niður. Eg hefi nú allt af skilið og það liggur beint við að skilja uppástúngu meira hlutans nr. 2 á þá leið, að amtmannaembættin eigi að leggjast niður, og var eg reyndar 1853 á þessari meiningu, en skoðun mín á því efni hefir breytzt síðan, eins og eg áður hefi frá skýrt. En þetta er ekki hin verulegasta ástæða mín móti uppástúngu meira hluta nefndarinnar, heldur er það hitt, að mèr virðist það mjög svo örðugt og vandasamt, að til taka nákvæmar reglur um stjórnarfyrirkomulag Íslands, þannig að slíkar reglur sè rètt hugsaðar og geti orðið samkvæmar kríngumstæðum þeim og ásigkomulagi, sem eigi sèr stað, og vil eg því fyrir mitt leyti heldur eingin undirstöðuatriði um stjórn landsins taka fram, heldur en að hafa þau ófullkomin og vafasöm, meðan menn ekkert vita enn þá um, hvernig alríkisstjórninni verður hagað. Mèr virðast líka uppástúngur meira hluta nefndarinnar lýsa því, að hugmyndirnar um þetta atriði ekki eru alls kostar ljósar, því eg get t. a. m. ekki fyrir mitt leyti sameinað það, að 3 manna yfirstjórn sú, er nefndin vill hafa hèr í Reykjavík, skuli hafa setu á

þínginu til að halda uppi svörum fyrir stjórnina, hvað eð sýnist að benda til mjög rýmkaðs valds, og þó um leið skuli vera farið fram á, að í Kaupmannahöfn sè settur ráðgjafi yfir hin íslenzku mál, og þannig mætti tilgreina fleira. Eg segi ekki þetta til að finna að uppástúngum meira hlutans, því eg get ekki ætlazt til þess, að menn sè hèr á þínginu færir um að gjöra uppástúngur um atriði þetta. Eg verð að álíta, að slíkar lausar uppástúngur spilli heldur fyrir aðaluppástúngunni um löggjafarvaldið, og finnst mèr, að þíngið ætti þess vegna að sleppa þeim. Hinn heiðraði *framsögumaður* áleit, að alþíngi, þó það feingi löggjafarvald, samt sem áður ekki gæti feingið mikil áhrif á valdstjórnina hèr á landi, en eg get ekki verið honum samdóma í því; því feingi alþíngi löggjafarvald, þá mundi það að líkindum einnig fá ályktanda vald áhrærandi fjárhag landsins, og þar af leiddi þá að minni hyggju beinlínis, að þíngið feingi mikil áhrif á fyrirkomulag valdstjórnarinnar.

J. Sigurðsson: Það er nú ekki í fyrsta sinni, sem menn fá að heyra það, að þíngið eigi ekki með að vekja þetta stjórnarbótarmál, og þá, að það sè í annan stað of snemmt. Það er þó varla að furða, þó menn færi nú að nunna að því, að það yrði farið að taka það fyrir, því nú verður því ekki við barið, að ekki sè búið að ráða til lykta stjórnarbótinni í heimaríkinu, og hvað opt sem eg heyri það, að við eigum ekki að hreifa þessu máli, trúi eg því ekki, og get ekki ætlað það konúngi eður nokkri stjórn, að reiðast eður víta þíngið, þó það hreifi því, sem þjóðinni er svo áríðanda. Eg hefi líka reynsluna fyrir mèr, því þetta sama klíngdi hjá sumum 1853, og fram færði þíngið samt málefni þetta fyrir konúng, og fann hann ekkert að því, þó hann ekki gæti bænheyrt í það sinni. Hinn annar háttvirti konúngkjörni þíngmaður gat þess við undirbúníngsumræðuna, að honum hefði þótt nefndin fara of lángt, þar fyrst þyrfti að vita, hver efni að landið hefði, svo mèr virtist þá meiníngin verða, að nefndin hefði farið of skammt, að hún ekki hefði líka stúngið upp á því, að um leið væri aðskilinn fjárhagur Íslands og Danmerkur, en hvort sem nefndin hefir farið of lángt eða of skammt, og hvernig sem fjárhagnum líður, sýnist mèr, að nauðsynlegt væri, að benda á nokkur atriði í stjórnarskipuninni, og mèr sýnist, að stjórninni sjálfri megi koma það vel, en ekki illa, að fá einhverjar meiníngar frá þjóðinni við að styðjast, þegar hún semdi frumvarp í svo mikilvægu máli. Það mun vera margra meiníng, að ef þriggja manna yfirstjórn yrði sett hèr á landi, þá

mundi bresta fè til að halda við amtmannaembættunum, en ef þau yrði aftekin, þá yrði það óhagræði fyrir fólk að koma málum sínum fram vegna vegaleingdar til landstjórnarinnar. En mèr finnst þetta mikið geta komið undir því, hvernig hagað yrði póstgaungunum, þegar það mál verður tekið fyrir, og væri þær hentuglega auknar, þá finnst mèr, að þessi örðugleiki kann ske geti horfið, og amtmannaembættin mega missast. Viðvíkjandi breytíngaratkvæði því, er hèr stendur fyrst á atkvæðaskránni, þá held eg nú, að við höfum fullan rètt til þess að biðja um það, sem þar er fram á farið, samkvæmt loforði konúngs af 23. september 1848, og eg álít framhald af þessu heityrði, lögin af 28. september 1849, sem ákveða fjölda þeirra manna, sem höndla skulu um þetta málefni, svo mèr finnst vèr bæði höfum rètt til að biðja um þá sömu tölu, og líka þörf á því, því það er sannarlega ískyggilegt að leggja annað eins vandamál og þetta undir eins fámennt þíng og alþíng er, sem sjaldan getur haft fleiri en 20 atkvæði, og sèrdeilis þegar aðgætt er, að þíngið yrði nýkosið, hvernig sem kosníngarnar kynni að lukkast eptir þessum frjálsu kosníngarlögum, þá svo að segja allur skríll getur komizt að að kjósa, svo það gæti vel skeð, að margir þíngmenn yrði óvanir, og ekki vel inni í eiginlegleikum þessa málefnis. Eg veit, að margir hugsa, að bæði sè þetta kostnaður, og svo geti menn ekki vænt eptir svo fljótum aðgjörðum, að geta feingið þjóðfund að sumri, og konúngur hafi líka með auglýsíngunni af 12. maí 1852 sagt, að málefni þetta skyldi heyra undir alþíngi; en eg get þá sagt, að Íslendíngar hafa ekki þáð þessa breytíngu að sínu leyti, og geta haldið við hið fyrra loforð, og ekki þarf nú að vera leingi að semja lögin, því kosníngarlögin frá 1849 eru tilbúin; en eg get líka hugsað mèr, að konúngur þurfi ekki að upphefja þessa ákvörðun af 12. maí 1852, heldur geti hann látið þjóðfund þenna koma í stað alþíngis 1859 og kallað hann þá alþíngi, þó hann væri svona fjölmennur. Svona var það haft með þjóðfundinn 1851, að hann var látinn koma í stað alþíngis það árið, og nú stendur eins á og þá, að það er á milli kosníngа. Eg segi nú ekkert um, hvernig eg gef atkvæði í þessu máli, fyr en eg heyri fleiri manna meiníngar hèr um.

P. Sigurðsson: Eg ætlaði, að eg með eptirtekt hefði hlustað á ræðu hins háttvirta *konúngsfulltrúa,* en eg get samt ekki verið honum samdóma í því, að ekki eigi að ræða málið nú sem stendur, og finnst mèr það ekkert gjöra til í þessu efni, þó ekki sè kláruð

alríkislögin, því fyrst og fremst er það tvísýnt, hvort og hve nær þau komast á í þeim hlutum konúngsveldisins, þar sem ekki er búið að samþykkja þau, en eins og tilfinníng mín segir mèr, að alþíngi hafi fullkomin uppástúngu- og bænarrètt, eins get eg ekki betur sèð, en að þetta beinlínis standi í alþíngistilskipaninni; eg vil fara varlega og hógværlega í máli þessu, enda höfum við Íslendíngar sýnt þolinmæði vora í að líða, og ekki erum vèr uppstökkir, en mèr virðist, að vèr Íslendíngar, eins og aðrir þegnar Danakonúngs megum hógværlega tala og biðja án þess nokkur geti tekið oss það illa upp. Eg get því ekki látið alríkisskrána, sem nú er brugðið fyrir, eins og nokkurs konar grýlu, fæla mig frá að hafa fullt málfrelsi, heldur verð eg miklu fremur, að álíta það skyldu þíngsins að fara fram á rèttarbót. Hvað snertir breytíngaratkvæðið, sem stendur á atkvæðaskránni undir tölulið I, þá get eg ekki sagt, að eg sè í vissu um, hvort eg á að gefa því atkvæði mitt eður ekki, því þó það að forminu til má ske væri eins rètt eður rèttara, að leggja málið fyrir alþíngi, finnst mèr, að ekki standi á svo litlu fyrir oss Íslendínga, að fá sem mest afl og vit í fund þann, sem ræða ætti mál þetta, og það yrði menn að fá meira, ef málið væri lagt fyrir þjóðfund, því betur sjá augu en auga, og verð eg einnig að ímynda mèr, að stjórninni sè þetta eins kærkomið, því með því mótinu, getur hún betur og ljósar sèð, hver þjóðarviljinn er, og held eg því, að eins rètt væri fyrir oss, að halda með breytíngaratkvæðinu undir tölulið I.

E. Ó. Kúld: Þegar mál þetta hèrna um daginn, kom til undirbúníngsumræðu, varð það ekki margrætt, og bjóst eg því við að það sama yrði nú, en mèr virðist annað ætla að verða ofan á, því nú fyrst er farið að ræða málið fyrir alvöru. Eg skal samt ekki vera lángorður í þetta sinn, því eg ímynda mèr líka, að menn ekki hèðan af muni snúa huga sínum um mál þetta. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* rèð til þess, að láta málið sofna nú út af í þetta sinn; eg skal nú ekki spá neinu um það, hvernig stjórnin tekur í málið, en ekki get eg ímyndað mèr, að hún taki þínginu það illa upp, þó það biðji um það, sem stjórnin sjálf hefir lofað; eg verð því að vera með meira hluta nefndarinnar, þrátt fyrir tillögur hins háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanns, því hèr ræðir ekki um, hvort alþíngi skuli semja frumvarp, heldur að biðja um frumvarp, og uppástúngur nefndarinnar eru að álíta sem bendíngaratriði til þessa frumvarps. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* kallaði það

heldur rèttarmissi en rèttarbót, ef vèr ekki ættum undir hæsta rètt að sækja, því þar hefði margur feingið leiðrèttíngu síns máls, en þó eg verði að játa, að þetta er mál, sem honum verður að vera ljósara en mèr, get eg þó ekki verið honum samdóma í þessu, því auk þess að sum mál aldrei geta komizt fyrir hæsta rètt, er það öllum kunnugt, að bæði fátækt, fjarlægð og ýmsir aðrir annmarkar gjöra manni það ómögulegt, að leggja mál sín undir dóm hæsta rèttar, og virðist mèr því einasti útvegurinn sá, að bæta yfirrèttinn hèr á landi og styrkja hann svo, að full tryggíng, eða þó í öllu falli meiri fáist fyrir því, að dómar hans sè sem allramest áreiðanlegir. Hvað snertir breytíngaratkvæði hins heiðraða þíngmanns Þíngeyjarsýslu, þá skal eg játa það, að eg í nefndinni leingi gekk í tvær sveitir og skoðaði huga minn um, hvort væri betra, að málið yrði lagt fyrir alþíngi, eður fyrir þjóðfund, og verð eg að álíta, að rèttara sè að fara fram á, að málið sè lagt fyrir alþíngi, því stjórnin kann að álíta, að hún þegar hafi uppfyllt loforð sitt með því að leggja málið um stjórnarbreytínguna fyrir þjóðfundinn 1851, og kynni það því að verða málinu til fyrirstöðu, ef nú væri farið fram á að leggja það fyrir þjóðfund, og hvað það snertir, að menn kvíða því, að nýir og óvanir fulltrúar fái mál þetta til meðferðar, þá get eg vel ímyndað mèr, að stjórnarmálið, þegar það verður lagt fyrir þíngið, verði það eina verkefni, er þíngið þá fær, svo að nægur verði tíminn til að ræða það, en tefjist ei frá við önnur mál.

Á. Einarsson: Eg ætla að leyfa mèr að tala nokkur orð, einkum með tilliti til þess, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* talaði áðan í máli þessu, þar sem hann eggjar þíngið á að hætta nú við mál þetta og semja ekki í því neina bænarskrá til konúngsins; eg efast nú ekki um, að hann hafi bezta tilgáng með bendíngum sínum til þíngsins, en mèr þætti það nokkuð undarlegt, ef þíngið færi að fella mál þetta núna fyrst. *Konúngsfulltrúi* fann það helzt til, að enn þá væri ekki kominn hentugur tími til að senda stjórninni bænarskrá í þessu málefni, þar sem enn þá væri ekki komið í kríng stjórnarfyrirkomulagið í alríkinu, heldur væri eins og á reiki t. a. m. í hertogadæmunum, en af hverju kemur það, að stjórnin þar er enn þá ekki búin að ná neinni festu? nema af því mönnum hefir sýnzt, að hertogadæmunum hafi verið gjört órètt, og þau eru öflugri en vèr Íslendíngar, til að hrinda órèttinum frá sèr. Getur stjórninni verið það hagur, að þraungva rètti Íslendínga eða uppfylla ekki heit

konúngsins 23. september 1848? Skyldi það „hnýta þau bönd“, er sameina konúngsættina við þjóðina, ef ekki er farið rèttilega með þjóðina. Þegar mál þetta var meðhöndlað hèr á þíngi 1853, var spáð vel fyrir því, en nú er spáð illa, en vel getur verið, að spárnar ekki rætist betur nú en fyr, og hvernig sem fer, þá getur það þó aldrei orðið verra en illt, nefnil., að ekkert verði við málið gjört, en eins og það er rèttur þíngsins að bera fram bænir sínar fyrir konúnginn eptir beztu samvizku, svo að hann fái að vita vilja þess, eins er það skylda þíngsins, og það ekki einúngis við konúnginn, heldur einnig við samvizku sína og við þjóðina, hverri vèr eigum að standa reikníngsskap vorrar ráðsmennsku. Hvað uppástúnguna nr. 1 á atkvæðaskránni snertir, þá finnst mèr mikið tala fyrir því, er hún fer fram á. Eg hreifði henni við umræður á nefndarfundum, en vildi þó ekki gera um það ágreiníngsatkvæði, þó mèr virtist ekki rèttur sá, er gefinn var með konúngsbrèfi 23. sept. 1848, vera skertur við konúngsbrèfið 1852. Hvað snertir uppástúngu nefndarinnar II. *c*, þá virðist mèr hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hafi talið henni það til gildis, sem hverri góðri stjórn verður bezt talið til gildis, þar hann sagði, að sú stjórn mundi verða sjálfri sèr samkvæmari og kröptugri en sú, sem nú er, og veit eg ekki, hvort landstjórn vorri er í nokkru meira ábótavant en þessu. Vel kann að vera, að þessi stjórn verði kostnaðarmeiri, en eg vil heldur tryggjandi stjórn kostnarsama en ónýta, þó hún væri gefins. Ef menn líta á ákvarðanir þær, sem gjörðar hafa verið fjárkláðanum viðvíkjandi, þá þori eg að fullyrða að þær hefði orðið meira samverkandi, hefði amtmennirnir allir unnið að þeim í sameiníngu, og á sama stað frá byrjuninni, enda sýnist allt miða til þess, að nauðsynlegt sè að draga landstjórnina betur saman, þegar að einhverju verulegu kemur; þannig skipaði stjórnin amtmönnunum að safnast öllum saman í Reykjavík, og menn eru einnig farnir að viðurkenna, hve nauðsynleg sýslu- og sveitastjórnin sè, þar amtmennirnir eru farnir að setja þess háttar nefndir, þegar mest þykir á liggja. *Konúngsfulltrúi* taldi það ekki rèttarbót, heldur rèttarmissi, að menn ekki gæti borið mál sín undir hæsta rètt í Danmörku, en auk vandkvæða þeirra, sem eru á því að sækja rètt sinn þessar 300 mílur út yfir pollinn, held eg að vèr Íslendíngar höfum reynsluna fyrir oss í þessu efni, því hvernig reiddi forfeðrum vorum af, sem þótti hlunnindi og rèttarbót í því að geta borið mál sín undir dóm konúngs í öðru landi? Þeir misstu við það rètt sinn og frelsi, og það er satt máltæki, að hollt er heima hvað, og betra er sjálfur

að hafa en barn sitt eða bróður að biðja. Eg vona nú, að þíngmenn greiði atkvæði sín með þeirri greind og gætni, er svo umvarðanda máli er samboðið. Eg vona líka, að konúngur vor taki mildilega svo sanngjörnum óskum vorum.

Ó. Sívertsen: Eg er nú ekki vanur að vera svo margorður hèr á þíngi; en eg vil einúngis leyfa mèr að geta þess viðvíkjandi 1. breytíngaratkvæðinu, að eg er ekki svo fastur á, að það fái framgáng, með því eg líka álít, að stjórnin með þjóðfundinum 1851 þykist hafa efnt heiti sitt; og vil því heldur snúa mèr að uppástúngu nefndarinnar II. *A*: „að konúngur láti semja og leggja fyrir næsta alþíngi frumvarp um nýtt og umbætt fyrirkomulag stjórnarinnar yfir Íslandi, og um stöðu þess í konúngsveldinu“, og óska, að hún verði samþykkt af þínginu; eg vil því leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta *forseta*, að, ef 1. breytíngaratkvæðið móti von minni yrði samþykkt, hvort þá ekki mætti taka uppástúngu nefndarinnar II. *A*. sem *vara*-uppástúngu. Það var einúngis þetta, sem eg vildi tala um.

Forseti: Af því það hefir ekki komið til orða fyr, hvorki frá nefndinni nè öðrum, að uppástúnga nefndarinnar mætti takast sem varauppástúnga, þá sýnist mèr ekki það geti orðið, að minnsta kosti þá get eg ekki fyrir mitt eindæmi leyft það.

Konúngsfulltrúi: Eg held, það sè rèttast að leita atkvæða eptir atkvæðaskránni.

G. Brandsson: Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* gat þess í hitt eð fyrra hèr á þíngi, að ekki mundi til neins að hreifa við þessu máli, á meðan stjórnin ekki væri búin að koma í lag stjórnarskipuninni í alríkinu. Sama segir hann enn, og þó áttu þessi svo nefndu alríkislög að vera fullbúin núna, en eins og hann segir, munu þau ekki vera samþykkt af innbúum hertogadæmanna, nè heldur viðurkennd af útlendum stjórnendum. En hvað kom til, að þetta þótti ekki vera til neinnar fyrirstöðu 1851, þegar frumvarp um nýja stjórnarskipun landsins var lagt fyrir þjóðfundinn hèrna? Allir vita þó, að þessi alríkislög voru skemmra á leið komin þá en nú; annars get eg ímyndað mèr, að konúngur vor má ske bindi svo með þeim hendur sínar, að hann þess vegna geti ekki veitt oss þá stjórnarbót, sem hann gjarnan vildi og vèr eptir æskjum, hvað getur þá verið á móti því, þó alþíngi nú ítreki það, er það beiddi um 1853? Konúngur vor og stjórn hans sèr þá, að mönnum er ekki horfinn hugur um þetta mál.

Hvað við víkur uppástúngunni nr. 1. á atkvæðaskránni, þá

mismunar henni töluvert frá uppástúngu nefndarinnar nr. 2. Mismunurinn er sá, að hin fyrri nefnir frumvarp, er eigi að semjast sem fyrst og leggjast fyrir sèrstakan fund í landinu; en hin síðari, að þetta frumvarp verði lagt fyrir næsta alþíngi, þeim mismunar allt svo í því, að í uppástúngunni nr. 1 er tímabilið að nokkru leyti óákveðið, þar sem það í hinni síðari er bundið við næsta alþíngi, en hver uppástúngan sem aðhyllzt yrði, þá mundi stjórnin eins fyrir því fara sinna ferða með tíma þann, sem henni þætti hentugur til að bera mál þetta undir oss.

Það hefir verið talað um, að ef hið eptiræskta frumvarp yrði lagt fyrir næsta alþíngi, þá mundi margir, er þar sæti þá, verða óvanir þíngstörfum; en eins gæti líka farið, þó þetta frumvarp yrði lagt fyrir sèrstakan fund; annars er bágt á að gizka, hverjir fyrir kosníngum verða í næsta skipti. Það geta orðið nokkrir hinir sömu og nú eru, og nokkrir ekki, og líkt gæti farið, þó þjóðfundur yrði samankallaður, nema sá væri munurinn, að á honum yrði fleiri menn, og væri það víst ekki þýðíngarlaust; líka gæti menn ímyndað sèr, að alþíngi yrði má ske búið að koma saman einu sinni eða tvisvar, áður en frumvarp þetta yrði lagt fyrir það, og þá væri ekki fulltrúarnir leingur óvanir, þó þeir yrði aðrir, en þeir eru nú.

Hvað við víkur uppástúngu nefndarinnar nr. 2, þá er eg í nokkrum vafa um hana; eg dylst þess ekki, að undir henni mun liggja sú meiníng falin, að amtmannaembættin verði lögð niður, þegar þessi þriggja manna stjórn í Reykjavík verði á komin, en eg held, að um þetta megi segja, eins og um fleira, að menn viti, hverju þeir sleppi, en ekki hvað þeir hreppi; eg held að telja megi amtmannaembættunum margt til gildis og að margt gott hafi af þeim leitt; það, sem helzt hefir verið að þeim fundið, er að meiníngar amtmannanna í ýmsum málum hafi verið sundurleitar, svo sinn hafi skipað hvað, en skeð gæti að þriggja manna stjórnin yrði ekki heldur ætíð samdóma. Allir vona eg játi, hversu miklu hægra er að ná til amtmannanna, heldur en, ef stjórnin væri hèr að öllu leyti, að ná til hennar, og þó menn segi, að vegabætur og póstgaungur eigi að komast í betra horf, þá er auðvitað, að eins og það hægir mönnum að ná til stjórnarinnar hèr, eins, og ekki síður, gjörir það í tilliti til amtmannanna; það færi má ske bezt, að þriggja manna stjórnin kæmist á og amtmannaembættin hèldist líka; en eg held, að það yrði nú æði-kostnaðarsamt fyrir landið. Þar sem beðið er um, að vald alþíngis verði aukið, þá finnst mèr nú, að stjórnin sè að þoka því

máli heldur áfram en aptur á bak; sýnir það meðal annars álitsmál það eitt, sem lagt hefir verið fyrir þíngið núna, svo ef alþíngi feingi hèr eptir að ákveða tekjur og útgjöld landsins, þá er strax mikið unnið, og það eitt af því, sem oss varðar hvað mest um, enda sýnist á þessu, sem stjórnin sè allt af að nálægjast óskir vorar, og mun hún þá ekki síður gjöra það hèr eptir, þegar hún heyrir almennan áhuga þíngsins á þessu máli. Má ske stjórnarbót vor skapist svona smátt og smátt, og getur skeð það verði eins affarasælt, eins og þó hún komi öll í einu.

St. Jónsson: Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hreifði því, að bezt væri að fresta málinu enn í þetta sinn, vegna þess að alríkislögin væri ekki enn komin nema á pappírinn, eins og hann kallaði það; en þetta finnst mèr geti ekki verið gild ástæða nú gegn málinu, einkum fyrst það er komið svona lángt, það hefði þá aldrei átt að koma í nefnd. Þessi mótbára er heldur ekki gild í sjálfu sèr, því alríkislögin geta verið komin í kríng, þegar þetta mál kæmi fyrir þíng hèr á landi, þó ekki sè nú útgjört um þau, og sè eg ekki, að það geti verið til fyrirstöðu að málið verði lagt hèr fyrir þíng. Það hefir verið margrætt um uppástúngurnar I. og II. A, en eg verð að segja fyrir mitt leyti, að mèr stendur á sama með nafnið, hvort það er svo kallað alþíngi eður þjóðfundur; það er einúngis þíngmannafjöldinn, sem um er að gjöra, því verði þíngið eins fámennt, eins og alþíngi er nú, og það missi marga af sínum gömlu þíngmönnum, þá er að minni hyggju áhætta að leggja það undir alþíngi. En ef vèr getum feingið þjóðfund álíka fjölmennan eins og síðast, þá er mikil tryggíng feingin, og því vil eg gefa atkvæði mitt fyrir I. uppástúngunni.

P. Jónassen: Hinn heiðraði *framsögumaður* fór mörgum orðum um mín fáu orð við undirbúníngsumræðuna í þessu máli, og hann komst, eins og reyndar var við að búast, til þeirrar niðurstöðu, að það, sem eg hefði sagt, væri hvað á móti öðru og rángt í alla staði. En eg verð samt að játa það, að hans orð ekki hafa getað breytt skoðan minni á málinu. Meðan ekkert liggur fyrir um stöðu landsins í ríkinu, og ekkert enn þá er komið í kríng með fjárhag landsins, verð eg að halda það, að það sè allt of snemmt að hreifa þessu máli, eins og nefndarinnar meiri hluti hefir gjört, eða að fara að ræða stjórnarfyrirkomulag þessa lands í þess einstökum greinum. Ef þíngið því skyldi komast til þeirrar niðurstöðu að senda konúngi í því bænarskrá, vil eg innilega ráða þínginu til, að fara ekki leingra, en

minni hlutans fyrsta uppástúnguatriði nær eða inniheldur; eg get ekki haldið, að stjórnin muni láta sèr það miðnr líka, þó málið þannig yrði borið upp af þínginu, en að fara leingra fram í málið álít eg mikinn ábyrgðarhluta fyrir þíngið.

Í tilefni af orðum hins hæstvirta *konúngsfulltrúa,* út af nefndarinnar 4. uppástúnguatriði, skal eg geta þess, að eg að vísu er samdóma því, er hann mælti um það, að það væri *rèttarmissir* fyrir Ísland, ef ekki mætti skjóta málum hèðan til hæsta rèttar, og á fyrri þíngum mælti eg því fram með því, að áfríunarrèttur í sakamálum væri hinn sami hèr og í Danmörku, en eg stóð þar einn uppi. Að því leyti hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* þar á móti fór þeim orðum, að margur hèðan hefði náð rètti sínum við hæsta rètt, vil eg leyfa mèr að taka það fram, að það er ekki ástæða til að fella rýrð á landsyfirrèttinn fyrir það, þó dómum hans stundum sè breytt í hæsta rètti, því það eiga allir yfirrèttir til brunns að bera; dómaraverk eru, eins og hver önnur verk, mannaverk, og sem slík ófullkomin, en það ræður að líkindum, að úrslit málanna í hæsta rètti, sem skipaður er landsins beztu lagamönnum, sè áreiðanlegri og rèttari, en þess er kostur við hina lægri dómstóla, sem ekki eiga öðru eins mannvali að fagna.

Framsögumaður: Eg hefi þó ekki getað skilið þánkagánginn í ræðu hins háttvirta 2. konúngkjörna þíngmanns. Hann sagðist ekki vilja biðja um frumvarp, sem hann eigi vissi hvað kostaði, en hann vill samt biðja um frumvarp, allt svo um frumvarp, sem ekkert kostar! en eg skil ekki, að hann geti gengið að því vísu, úr því hann vill fá frumvarp til stjórnarbótar, og eg get heldur ekki sèð, eða átt víst, að vægari kostnað leiði af uppástúngum minna hlutans, staflið II. B. *b,* heldur en af uppástúngum meira hlutans. Aðrir þíngmenn hafa nú svarað fyrir mig mörgum mótbárum þeim, er fram hafa komið móti nefndarálitinu, svo eg þarf ekki að svara nema fáeinu. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* gat þess, að ráðgjafinn hefði í brèfi sínu, er birt var alþíngi 1855, vakið efasemdir um, hvort alþíngi hefði rètt á að hefjast máls á stjórnarbótarmálinu. Það er öldúngis satt, að ráðgjafinn hefir rètt að mæla í þessu, ef ræða væri um það, hvort alþíngi ætti að byrja á að semja frumvarp til stjórnarbótar; en þess ber að gæta, að hèr er ekki að tala um, eins og hinn heiðraði varaþíngmaður Snæfellínga sagði svo rèttilega fyrir skemmstu, að *byrja,* heldur að *biðja* stjórnina um frumvarp, og það vona eg vèr höfum fullan rètt til að gjöra eptir alþíngistilskipuninni. Hinn háttvirti *kon-*

úngsfulltrúi sagði og, að stjórnarlögin 2. október 1855 væri að sönnu til á pappírnum, en ekki í gildi, og mun hann hafa meint til þess, að sumir væri *óánægðir* með þau; en eg er hræddur um, að vèr mættum leingi bíða eptir því, að *allir* verði *ánægðir* með þau, og þá ekki sízt þessi góðu hertogadæmi. Það var og mjög merkileg ástæða, sem hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu kom með, að frumvarp til stjórnarskipunar Íslands hefði verið lagt fyrir þjóðfundinn 1851, og voru þó alríkislögin þá leingra frá, en þau eru nú; því þá voru þau óráðin og órædd að öllu, nú eru þau þó að minnsta kosti til á pappírnum. Það var í sannleika góð athugasemd, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* kom með viðvíkjandi uppástúngu nefndarinnar, staflið II. B. *c*, að það væri mikið undir því komið, að það feingist góðir og duglegir menn í þessa 3 manna yfirstjórn í Reykjavík, en þetta hið sama má segja um öll stjórnarvöld og alla embættismenn, og þá hvað helzt um amtmennina, er hafa yfirstjórn á hendi yfir öllum veraldlegum málum, er ráðið er til lykta hèr á landi. En viðvíkjandi uppástúngu nefndarinnar, staflið II. B. *e*, um endurbót á dómsvaldinu hèr á landi, þá er þess getið í nefndarálitinu, að nefndin vildi ekki fara lángt í það að tiltaka hin einstöku atriði viðvíkjandi dómsvaldinu, því hún vonaðist eptir, að það mundi umbætast af sjálfu sèr *smámsaman*, og því lèt hún sèr nægja, að stínga upp á því, að það yrði smámsaman umbætt svoleiðis, að það samsvaraði hinu aukna valdi alþíngis og hinu umbætta fyrirkomulagi á yfirstjórn landsins; og því á ekki við að fara að tala um landsyfirrèttinn, eða bera hann saman við hæsta rètt. Meiri hluti nefndarinnar hefir hvorki í þessari grein nè öðrum viljað fara smásmuglega inn í hin einstöku atriði, eður ætlað sèr að ákveða allt; hann hefir að eins afmarkað aðalgrundvöllinn undir allri stjórn landsins í uppástúngu sinni, nl. *litr.* B. *c* og *d*.

Eg skal þá ekki tala fleira um þetta mál, heldur fela það þíngmönnum á hendur með því trausti og þeirri vissu von, að allir greiði atkvæði sín með þeirri skynsemi, stillíngu og alvörugefni, er þessu máli sè samboðið.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, verð eg að álíta ályktarumræðu þessa máls lokið, og skal eg því biðja menn að gánga til atkvæða.

Síðan voru atkvæði greidd, og var það á þessa leið:

I. Uppástúnga *Jóns Kristjánssonar:* felld með 13 atkvæðum gegn 6.
II. A, — *nefndarinnar:* samþykkt með 18 atkv. gegn 2.

B, *a*, nr. 1: *meira hlutans:* samþykkt með 16 atkv. gegn 5.
minna hlutans 1 var þá burt fallinn.
b, *minna hlutans:* fellt með 14 atkv. gegn 5.
c, *meira hlutans:* samþykkt með 14 atkv. gegn 6.
d, — — — — 15 — — 4.
e, — — — — 16 — — 3.
f, — — — — 17 — — 4.

Forseti: Þá kemur næst, eptir dagskránni, til inngángsumræðu uppástúnga hins háttvirta *varaforseta, um að rita konúngi ávarp.*

Síðan var uppástúngan afhent uppástángumanni, og las hann hana upp, svo hljóðandi:

„Eg leyfi mèr að vekja athygli hins heiðraða alþíngis að því, að þíngseturèttur og þíngsetutími vor allra þíngmanna, sem nú sitjum hèr í þessum sal, er á enda, þegar þessu alþíngi er slitið.

Vèr höfum allir unnið hèr saman á þessum 3 þíngum, sem þegar eru liðin, og allir vafalaust viljað af fremstu kröptum styðja að og efla sem mest innan laganna takmarka sannar heillir fósturjarðar vorrar, framfarir hennar og þjóðrèttindi, með stöðugum augastað á því og ugga um, hvað vorum milda konúngi af sinni landsföðurlegri umönnun fyrir heillum og framförum vor Íslendínga mætti verða framast unnt að láta oss verða aðnjótandi.

En þessi starfi vor þíngmanna, er hèr sitjum, er nú á enda. Mörgum bænum vorum frá hinum undangeingnu þíngum hefir konúngur vor veitt mildilegustu áheyrn; tek eg til dæmis um það hinn ómetanlega og um aldir varanda minnisvarða, er Friðrik konúngur hinn 7. hefir reist sèr einmitt á þessu tímabili með gjöf hinnar alfrjálsu verzlunar á Íslandi. Mörgum mikilsvarðandi málefnum, er vèr höfum fram borið fyrir hann og landsmenn hafa álitið hvað mestu varða fyrir þetta land og fylgt fram með miklum áhuga, hefir konúngurinn heitið nákvæmri yfirvegun sinni og mildri tilhlutun um, að þeim skuli verða til lykta ráðið á þeim tíma og á þann hátt, sem vísdómi hans þykir bezt haga; og hverri bæn vorri sem var hefir hann tekið með landsföðurlegri mildi og hógværð, enda þótt afsvörum hafi mætt.

Fyrir því virðist mèr það vel hlýða, að þetta alþíngi, um leið og vèr, sem hèr sitjum, leggjum niður starfa vorn og rýmum sessina í þessum sal fyrir nýjum fulltrúum, riti konúngi allraþegnsamlegast ávarp í þá stefnu, sem nú var bent til, þakkarávarp fyrir konúngs vors landsföðurlega umönnun Íslendíngum til handa, fyrir þá hina

mildilegu áheyrn og undirtektir, er hann hefir veitt bænum næst undanfarinna alþínga, — ávarp, er lýsi því, að hverjum aðalframförum lands vors vèr fulltrúarnir, sem nú sitjum hèr, einkum höfum stefnt, er lýsi yfir því óbifanlegu allraþegnsamlegasta trausti voru og allra Íslendínga, að konúngur vor muni í vísdómi sínum sjá ráð til að veita mildilegustu áheyrn bænarskrám þessa alþíngis, einkum í þeim aðalmálum, er óskir og bænir og áhugi vor þíngmanna og allra hinna vitrari landsmanna hefir fremur öllu öðru stefnt að, nefnilega að land vort verði smámsaman aðnjótandi allra þeirra rèttinda og jafnrèttis við aðra þegna konúngsveldisins, sem grundvallast á hinum fornu og óröskuðu landsrèttindum vorum, auglýstum viðurkenníngum hinna fyrri konúnga, og heityrðum sjálfs þessa vors milda konúngs 23. sept. 1848, — í sèrstakri löggjöf og stofnunum hèr á landi, hvar um alþíngistilskipanin sjálf og þetta alþíngi ber ljósastan vottinn, — rèttindi, sem sèrstakt þjóðerni vort, er um margar aldir hefir haldizt, frábrugðið ásigkomulag þessa lands og hin mikla fjarlægð þess frá veldisstóli konúngsins útheimtir.

Því leyfi eg mèr að bera fram þá uppástúngu fyrir hið heiðraða alþíngi,

> að alþíngi riti konúngi allraþegnsamlegast ávarp, er bæði lýsi yfir lotníngarfyllsta þakklæti fyrir landsföðurlega náð hans og mildi til handa Íslendíngum, og jafnframt þeim áhuga og óbifanlegu trausti, er alþíng og Íslendíngar eru gagnteknir af áhrærandi, að landsrèttindi þeirra verði fyllilega viðurkennd og verndist, og jafnrètti veitist þeim á við aðra þegna konúngsveldisins í öllum stjórnarmálum þessa lands.

Reykjavík, 24. júlí 1857.

Jón Guðmundsson,

Alþíngismaður Skaptfellínga".

Jón Guðmundsson: Eg finn einga ástæðu til að fjölyrða um uppástúngu þessa að svo komnu, því hún er ekki margbrotin, en óska einúngis, að þíngið kjósi nefnd.

H. Kr. Friðriksson: Mèr virðist því meiri ástæða til að mæla með nefnd í þessu máli, sem nú eiga að fara fram nýjar kosníngar eptir nýjum kosníngarlögum.

J. Sigurðsson: Þar eg ímynda mèr, að þetta þíng sè það síðasta, er eg láti til mín heyra í þessum sal, og eg hefi verið þess einhuga, að halda trú og hollustu við konúng vorn, og líka að setja fullt traust til hans, að hann vilji vera oss góður og náðugur kon-

úngur, og fús til að vernda lög vor og rèttindi, hefi eg látið þetta í ljósi bæði í innanþíngs- og utanþíngsræðum, þar sem mèr hefir gefizt tækifæri til þess, og mèr virðist, að uppástúnga þessi fari í sömu átt, þá vil eg vera henni meðmæltur, og fús á að leggja það til, að það sè sett nefnd í þessu máli, því mèr þykir það tilhlýðilegt, að vèr sendum konúngi ávarp að skilnaði, þá menn rýma sæti hèr.

Konúngsfulltrúi: Mèr getur ekki annað en fundizt það nokkuð undarlegt, að þessi uppástúnga kemur nú fram, þar sem svo er orðið liðið á þíngtímann og mörg málefni enn þá óútkljáð, sem bæði eru vandasöm og margbrotin; þar að auki hefir það ekki verið vandi hèr á þínginu, að koma fram með þess konar ávörp, og eg get þess til, að konúngur vor muni ekki vænta eptir þess konar þakkarávarpi. Samt sem áður mundi eg ekki mótmæla þessari uppástúngu, ef hún miðaði einúngis til þess að færa konúngi þakklætisávarp; en af því uppástúngan einnig lýtur að því að bera konúngi á brýn — þó það sè óbeinlínis —, að hann eigi hafi ætíð orðið við bænum þíngsins, þá virðist þar í liggja bæði nokkurs konar óánægja og vantraust. Líka eru orðatiltæki uppástúngunnar, þar sem hún vænist þess, að konúngur muni láta oss njóta jafnrèttis við aðra þegna sína eptir vorum *fornu landsrèttindum,* svo óákveðin, að það verður eigi með vissu sagt, hvað þar í á að innibindast. Sè þar með meint endurbót á stjórnarskipunarmálinu, þá er það mál, eptir sèrstaklegri uppástúngu, nú til meðferðar á þínginu; en sè þar með meint eitthvað annað, þá er þetta svo óljóst, og svo á huldu, að það virðist ekki vel hlýða að koma fram með það í ávarpi til konúngs.

Jón Guðmundsson: Hvað það snertir sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði um það, að ávarp þetta mundi taka allt of mikinn tíma frá þínginu, þá getur mèr nú ekki skilizt það, því hèr er ekki um neitt flókið málefni að ræða, það getur vel verið satt, sem *konúngsfulltrúinn* sagði, að konúngur ætlist víst ekki til neins ávarps frá þessu þíngi, en þó svo sè, vona eg það megi vera með þeim frágángi, að konúngi misþóknist það eigi. Þar sem í uppástúngunni er drepið á, að vèr látum í ljósi traust vort til konúngsins, um að hann muni framvegis vernda landsrèttindi vor, þá hafði eg hugsað mèr, að þetta gæti komið fram í ávarpinu í mjög almennum orðum. Mèr getur þó ekki annað en fundizt það eiga vel við, að vèr, nú að þínglokum, um leið og vèr leggjum niður starfa vorn á þíngum, ritum konúngi vorum ávarp í þá stefnu, sem í uppástúngunni er

farið fram á, að vèr nú kunnum konúnginum þakkir fyrir undirtektir hans á málum þeim, sem vèr höfum haft til meðferðar og síðan hafa komið fyrir hann, hèðan af þíngi, að vèr gjörum konúnginum grein fyrir stefnu þeirri, sem vèr höfum fylgt í þíngstörfum vorum, og tjáum konúnginum þann áhuga, er vèr og allir landsmenn höfum á þeim aðalmálum, er vèr höfum haft til meðferðar, og vonir þær og traust, sem vèr og allir landsmenn höfum til hans eigi síður hèr eptir en híngað til. Eg ætlast eingan veginn til, að í ávarpinu sè talað um þessi atriði smásmuglega, heldur með almennum orðatiltækjum, og held eg, að það geti ekki orðið lángt mál, nè þurfi að misþóknast konúnginum.

P. Pètursson: Eg vildi spyrja hinn heiðraða uppástúngumann, hvort nefndin, ef sett yrði, væri bundin við seinni hluta uppástúngunnar, nefnilega að fara nákvæmlega út í það, að vèr látum í ljósi traust vort til konúngsins um að vernda landsrèttindi vor, því atkvæði mitt í þessu máli er að miklu leyti komið undir því, hvort ætlazt er til, að nefndin væri bundin við uppástúnguna í þessu tilliti eða ekki.

Jón Guðmundsson: Það er víst öllum kunnugt, að nefnd, sem sett er, í hverju máli sem er, á það frjálst, að víkja málefninu nokkuð við eða víkja að nokkru frá því, sem í uppástúngunni er farið fram; en á hinn bóginn hygg eg, að nefnd geti varla með öllu hleypt fram hjá sèr neinu atriði, eins og t. a. m. seinni hluta uppástúngu þessarar, og eg áliti mjög óheppilegt, ef nefndin kæmist til þeirrar niðurstöðu, enda þótt eg geti ekki sett nefndinni nein lög í því efni. Að það væri ekki meiníng mín, að tala neitt nákvæmlega um þetta atriði í ávarpinu til konúngsins, því hefi eg þegar áður svarað. Eg held, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* og hinn 3. konúngkjörni þíngmaður hafi ekki skilið mig alveg rètt: konúngurinn er nefnilega ekki beðinn beinlínis að vernda landsrèttindi vor Íslendínga, heldur hitt, að hann sjái fyrir því hèr eptir sem híngað til, að þau „verndist“. Það er heldur alls ekki meiníng mín, að það sè þess vegna nauðsynlegt, að vèr látum í ljósi traust vort til konúngsins í þessu efni, að hann muni ekki vilja sjá um, að landsrèttindi vor Íslendínga verndist, og að vèr því þurfum að biðja hann.

Á. Einarsson: Í tilliti til þess, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að þetta mál mundi taka upp of mikinn tíma af þíngtímanum, sem nú væri farið að halla út, þá sýnist mèr ekki mál þetta svo margbrotið, að það þyrfti mjög lángan tíma til að

semja slíkt ávarp til konúngsins. Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður spurði um, hvort nefndin þyrfti að binda sig alveg við uppástúnguna, þá álít eg það ekki vera; að minnsta kosti er það óvanalegt hèr á þíngum, að nefndir bindi sig algjörlega við uppástúngur þær, er þær eiga að segja álit sitt um. Eg verð að mæla með nefnd í þessu máli, því eg saknaði þess í þíngtíðindunum seinast, að eg sá þar ekki þakkarávarp til konúngsins fyrir verzlunarfrelsið, sem hann þá var nýbúinn að veita, því þó að mönnum kunni að virðast, að ávextirnir af þessari mikilvægu gjöf sè ekki farnir að sýna sig enn sem komið er, þá er vonanda, að það ár frá ári veiti oss meiri og meiri hagnað; að minnsta kosti var gjöfin svo fögur, að hún var og er í alla staði þakkar verð.

J. Sigurðsson: Eg vildi fá að fræðast um það, hvort sú er meiníngin, að nefndin semji ávarp til konúngsins undir nafni alls þíngsins, eða það, að nefndin segi álit sitt um, hvort semja eigi þvílíkt ávarp og senda konúnginum eða eigi.

Jón Guðmundsson: Það er ætlunarverk nefndarinnar, að semja ávarp til konúngsins, sem síðan verður borið undir þíngið á eptir til samþykkis þess, einúngis eptir eina umræðu, eins og hèr var gjört á þínginu 1845.

G. Einarsson: Eins og eg kalla það ekki fagurt af barni eða þjóni, að biðja opt, en þakka aldrei, eins þykir mèr það eiga mjög vel við, að alþíngi, sem opt biður og opt fær bænheyrzlu, sendi konúnginum þakkarávarp í þá átt, sem hèr ræðir um.

P. Sigurðsson: Eg verð að mæla með nefnd í þessu máli, og mèr getur ekki fundizt neitt á móti því, að vèr Íslendíngar látum traust vort til konúngsins í ljósi og allar góðar vonir, bæði þakklæti fyrir það, sem hann hefir veitt mildilega áheyrn nokkrum bænum vorum, og eins þá von vora, að hann framvegis vilji vernda þjóðrèttindi vor Íslendínga, eins og annara þegna sinna.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, verð eg að álíta inngángsumræðu þessa máls lokið, og skal eg þá biðja þíngmenn gánga til atkvæða um, hvort nefnd skuli sett í þetta mál.

Var það samþykkt með 15 atkvæðum gegn 4. Síðan stakk *forseti* upp á 3 manna nefnd, og þar eð einginn mælti á móti, lèt *forseti* kjósa 3 menn í nefndina, og voru þessir kosnir:

Jón Guðmundsson með 14. atkvæðum,
P. Pètursson — 10. — —

en þeir *Ó. Sívertsen* og *H. Kr. Friðriksson* feingu sín 6 atkvæði hvor, og varð *Ó. Sívertsen,* sem eldri, nefndarmaður.

Síðan lèt *forseti* afhenda formanni nefndarinnar, *Jóni Guðmundssyni,* uppástúnguna.

Forseti: Þessu næst kemur, eptir dagskránni, til inngángsumræðu uppástúnga varaþíngmanns Snæfellínga *um fè ómyndugra.*

Síðan var uppástúngan feingin uppástúngumanni, og las hann hana upp, svo hljóðandi:

„Eins og hinu heiðraða þíngi varð kunnugt af umræðunum í lagaboðamálinu, þá er fyrir svo sem 2 árum útgeingin ráðherraskipun, er bannar að setja á vöxtu inn í jarðabókarsjóðinn minni peníngaupphæð en 100 rdl. í senn. Þessu hefir og um 2 eða 3 næstliðin ár verið fylgt, svo að einginn erfðahluti ómyndugra, eða innstæða opinberra stofnana, er ekki hefir náð 100 dala upphæð, hefir feingizt tekin á vöxtu í jarðabókarsjóðinn. En af því þetta er mótstríðanda tilskip. 18. febr. 1847, og því fyrirkomulagi á fjárforráðum ómyndugra, sem lögleitt er hèr á landi með þeirri tilskipun, og raskar þeirri tryggíngu, sem þessi löggjöf hefir grundvallað fyrir því, að fjármunir ómyndugra, eins hinir smærri — sem hèr á landi er mest af — eins og hinir stærri, megi sem óhultastir vera og ávöxt bera, þá finnst mèr hin brýnasta nauðsyn vera fyrir þíngið, að það gjöri allt, er í þess valdi stendur, til þess, að hin gildandi og óapturkölluðu landslög yfir höfuð og einkum þau lög, er snerta svo mjög veruleg rèttindi og hagsmuni gjörvallra landsmanna, haldist í fullu og óröskuðu gildi, allt svo leingi þeim er ekki breytt eða þau apturkölluð á formlegan og löglegan hátt.

Fyrir því leyfi eg mèr, að bera upp þá uppástúngu fyrir hið heiðraða alþíngi:

> Að þíngið riti hans hátign konúnginum þegnsamlega bænarskrá um, að ráðherraskipanin 17. apríl 1855, að því leyti hún bannar að setja minna fè á vöxtu í jarðabókarsjóðinn en 100 dali í senn, verði apturkölluð, og verði í því efni fylgt fyrirmælum tilskip. 18. febr. 1847 eins hèr eptir og híngað til.

Reykjavík, 24. d. júlímánaðar 1857.

E. Ó. Kúld".

E. Ó. Kúld: Eg skal ekki mæla fram með þessari uppástúngu minni að svo stöddu, heldur láta mèr nægja að skírskota til ræðu

hins háttvirta 1. konúngkjörna þíngmanns, þegar rætt var lagaboðamálið, og vona eg, að hinu heiðraða þíngi sè í fersku minni það, sem hann sagði um það, hversu illa það kemur sèr með fè ómyndugra og opinberra eigna, að mega ekki setja á vöxtu í jarðabókarsjóðinn minni upphæð en 100 rd. Menn kunna nú að segja, að það sè ekki nægur tími nú fyrir hendi til að taka þetta mál að sèr, en eg get þó ekki sèð það, því bæði er málið mjög einfalt og svo þíngmönnum kunnugt, og svo mætti kjósa þá menn í nefndina, sem búnir eru með flest nefndarálit sín.

Þ. Guðmundsson: Eg er meðmæltur nefnd í þessu máli, og skal eg leyfa mèr að skírskota til þess, er eg talaði um þetta atriði í lagaboðamálinu.

Þ. Jónassen: Eg vil þar á móti ekki gefa mitt atkvæði fyrir nefnd í þessu máli, því eg get ekki ætlazt til þess, að stjórnin muni, þó um það væri beðið, gjöra undantekníngu frá almennu lagaboði. Eg get heldur ekki gjört mikið úr þeim vandkvæðum, sem hèr hafa komið til orða, viðvíkjandi því, hvað örðugt það væri að koma út ómyndugra fè á leigu hjá *privat*-mönnum. Eg held líka það megi leggja saman fè frá fleirum, til þess að ná upp upphæðinni, sem setja má á vöxtu í jarðabókarsjóðinn, að minnsta kosti hefi eg sèð það glöggt að undanförnu.

Upphæðin er ekki beinlínis tekin fram í tilskipaninni frá 1847, því hún heldur sèr í því efni við það, sem áður viðgekkst, og hún rekur sig því ekki á lagaboðið, sem hèr er verið að ræða um.

Þ. Sigurðsson: Eg skal mæla fram með því, að nefnd verði kosin í þetta mál, því mèr þykir öll nauðsyn á að hreifa þessu máli, vegna þess að það miðar til þess, að ráðgjafaskipunin verði aptur kölluð, er gjörð hefir verið ofan í gildandi lög. Menn hafa sagt, að tilskipunin 18. febrúar 1847 leyfði ekki með berum orðum að setja minna en 100 rd. inn í jarðabókarsjóðinn í einu; en eg held þó, að eg hafi lagastaf tilskipunarinnar fyrir mèr í því, að það sè leyft; þar segir, að fjárhaldsmaður skuli geyma fèð, þángað til það eru orðnir 25 rd., en þegar það er orðið svo mikið, þá er hann skyldur að bjóða það til leigu móti veði, en ef einginn vill taka þessa peninga á leigu, þá á hann að koma þeim í jarðabókarsjóðinn. Nú er það auðvitað, að þegar hann er skyldur að koma þeim í jarðabókarsjóðinn, undir eins og það nemur 25 rd., þá hlýtur hann og að eiga rètta heimtíngu á, að við þeim sè tekið, eða með

öðrum orðum, að jarðabókarsjóðurinn er skyldugur til að taka á móti þessari upphæð. Hinn 2. konúngkjörni þíngmaður hèlt, að ráðgjafaskipunin gjörði eingan verulegan baga, því að sá, sem hefði margra fè undir hendi, hann gæti æfinlega slegið því saman til að fylla 100 rd.; eg skal nú ekki tala um, hvort þetta er leyfilegt eða ekki, því mèr eru ekki kunn lög um það, en þó held eg, að það sè ekki leyfilegt, og að minnsta kosti þótti hinum 1. konúngkjörna þíngmanni það ekki tiltækilegt.

Jón Guðmundsson: Vèr höfum nú heyrt, að tveir hinir frægustu lagamenn hèr á þíngi hafa sagt, að ráðgjafabrèfið væri *ekki* í neinu stríði við, eða, eins og hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður sagði, „ræki sig alls ekki á“ tilskipunina 18. febr. 1847, og snertir mig það að nokkru leyti sjálfan, því eg er þar með gjörður að ósannindamanni fyrir það, er eg sagði við umræðuna í lagaboðamálinu, nefnilega að ráðgjafabrèfið væri þvert ofan í tilskipunina 18. febr. 1847, sem enn væri gildandi lög. Eg þekki nú svo vel velvilja þessara manna til mín, að eg veit, að þeir hafa ekki sagt þetta til að lýsa mig ósannindamann, eg ber of mikla og sanna virðíngu fyrir þeim báðum til þess að gjöra þeim gersakir um það, heldur af því, að þeir hugsa, að danskur ráðgjafi geti ekki gefið úrskurð, sem er ofan í gildandi lög. En til þess nú að sýna, að eg hefi haft skýlausan lagastaf fyrir mèr í tilskipuninni, þá skal eg með leyfi hins háttvirta *forseta* lesa upp kafla úr 5. gr. tilsk. 18. febr. 1847, og verð eg að gjöra það á dönsku; kaflinn er þá þannig:

„Den övrige Deel af Overskuddet bliver, saasnart det udgjör 25. Rbd., at gjöre frugtbringende efter de Regler som nedenfor ville blive givne angaaende Umyndiges Capitalers Anvendelse“.

Hèr af leiðir nú beinlínis eptir þeim ákvörðunum, sem síðar eru í tilskipaninni, og sem eg vona að þeir 2 lögfróðu herrar ekki beri í móti, — enda get eg lesið þeim það, ef þeir bera í móti því, — að konúngur hefir heitið að taka á vöxtu í jarðabókarsjóðinn alla ómyndugra fjármuni, sem eru 25 rd. að upphæð eða meira, þegar þeim verður ekki komið á vöxtu gegn jarðarveði.

Eg get nú ekki betur skilið, en að hverjum og einum megi vera það ljóst af þessu, að ráðgjafabrèfið og tilskipunin „rekist á“; eg get nú heldur ekki betur skilið, en hèr sè annaðhvort fyrir oss að gjöra, að halda oss við lögin eður gefa oss á vald lagaleysinu,

annaðhvort er, að biðja um, að ráðgjafaskipunin verði tekin aptur, eður að láta ráðgjafana ónýta lög vor með úrskurðum sínum. En út af þessu vildi eg nú einkum vekja athygli þíngmanna að því, hvað þessar skipanir ráðherranna geta óskiljanlega villt sjónir fyrir mönnum, því það er ótrúlegt, að 2 lögfróðustu embættismenn vorir skuli hafa blekkzt-svo, að þeir geti staðið hèr upp á þíngi og sagt, að eingin beinlínis ákvörðun sè til í tilskipuninni 18. febr. 1847 er sè mótstríðandi ráðherrabrèfinu, eða heimili að setja minna fè á vöxtu en 100 rd., eins og með því brèfi er fyrirskipað.

J. Sigurðsson: Eg held það sè flestir og jafnvel allir, sem hafa ómyndugra tilskipunina undir höndum, þeirrar meiníngar, að hún skyldi fjárhaldsmenn til að setja fè ömyndugra á vöxtu, þegar það er orðið 25 rdl., og einu sinni átti eg það yfirvald, sem áleit, að fjárhaldsmaður væri skyldur til að koma á vöxtu, hvað lítið sem væri, jafnvel 10 eða 12 ríkisdölum. Eg var honum nú að sönnu ekki samdóma, þar eg ekki þóttist finna í tilskipuninni tiltekið minna en 25 rdl.; en hann vísaði mèr til, að tilskipunin staðfesti eldri lög um þetta efni, þar sem hana vantaði ákvörðun, nefnilega dönsku laga þriðju bókar 17. kapítula, sem gjörði fjárhaldsmönnum að skyldu að halda fjármunum hins ómynduga honum til hins allra bezta, án þess að til taka, hvað litlir þeir væri eður stórir. Nú vil eg spyrja: „hvernig geta lögin gjört mönnum að skyldu að halda fènu á vöxtum, ef einginn er vaxtarstaðurinn til?“ Menn eiga að sönnu að koma peníngunum hjá löndum sínum, ef menn geta, á vöxtu, en nú geta menn það ekki, og lögin skylda menn þó til að vaxta fèð; þá hlýtur að vera til einhver viss vaxtarstaður, og það er líka jarðabókarsjóðurinn eptir sömu lögunum, og vegna þess að það er undarlegt, að ráðherraráðstafanir gángi svona fyrir gildandi landslögum, þá get eg ekki verið á móti því, að sett sè nefnd í þessu málefni.

V. Finsen: Það hefir aldrei verið nokkur ágreiníngur um það, að það áður hefir verið leyft að setja 20 rd. eða 25 rd. í jarðabókarsjóðinn, en hitt hefi eg sagt, að það væri eingin beinlínis ákvörðun um það í tilsk. 18. febr. 1847, og eg get heldur ekki enn þá fundið það í henni, þrátt fyrir það, sem hinn háttvirti *varaforseti* hefir nú sagt. Á fyrri staðnum eður í 5. gr. er að eins sagt, að fjárhaldsmaður skuli koma fènu á vöxtu, þegar það er orðið 25 rdl., eptir þeim reglum, er síðar eru tilgreindar í 7. gr. *c.* Í þessari grein er nú sagt, að peníngar ómyndugra skuli vera boðnir upp einstökum mönnum til láns móti fullu veði; en ef einginn tekur þá að láni, verða þeir sendir stiptamt-

manninum, sem þá sèr um, að þeir verði settir inn í jarðabókarsjóðinn *á þann hátt, sem venja hefir verið til.* Þessar ákvarðanir tilskipunarinnar hefi eg aldrei skilið eins og hinn háttvirti *varaforseti* nú skilur þær, og eg get ómögulega í þeim fundið neina beinlínis ákvörðun um, að konúngssjóðurinn skuli taka á móti þeim, ef það nær 25 rd. Eg get þannig ekki sèð, að ráðgjafaskipunin sè í beinlínis stríði við þessar ákvarðanir, því ef t. d. upphæðinni yrði breytt með nýju lagaboði, þannig að upphæðin yrði 100 rd., þá yrði að skilja tilskipunina svo, að ákvörðunin um 25 ríkisdalina skuli gilda þá, er peníngarnir verða lánaðir út móti jarðarveði, en ekki um hið síðara, þegar þeir eru settir inn í jarðabókarsjóðinn. Þá get eg eingan veginn kannazt við, að eg hafi látið ráðherraskipunina villa sjónir fyrir mèr, því eg hefi einmitt sagt, að mèr þætti það ekki öldúngis í eðli sínu, eður miður eðlilegt, að lagaboðið, sem hèr ræðir um, skuli hafa verið sett í gildi hèr með slíkri ráðherraskipun, en eg get heldur ekki verið eins mikið á móti þessari uppástúngu eins og eg var á móti uppástúngunni, sem gjörð var um þetta atriði við umræðurnar í málinu um lagaboðin; því þá kom uppástúngan fram sem umkvörtun yfir ráðgjafaskipuninni, og sem breytíngaratkvæði við lagaboðið, en nú kemur hún fram í bænarskrá til konúngs um að hinar eldri ákvarðanir megi gilda hèr; en því hefi eg aldrei verið mótfallinn, þó það reyndar geti verið vafasamt, hvort hún fái mildilega áheyrslu, en það er nú, eg játa það, eingin ástæða. Viðvíkjandi því, er sagt hefir verið um að leggja mætti vaxtafè saman, til þess það næði 100 rdl., þá skal eg geta þess, að það má ekki, því til er ákvörðun frá fjárhagsstjórn ríkissjóðsins, er bannar það, og hefir hún látið borga það fè aptur út úr sjóðnum, er þannig var inn komið.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, verð eg að álíta inngángsumræðu þessa máls lokið, og skal eg biðja þíngmenn gánga til atkvæða um, hvort nefnd skuli kjósa í þetta mál.

Var það samþykkt með 19 atkvæðum. Síðan stakk *forseti* upp á 3 manna nefnd, og þar eð einginn mælti á móti, þá var geingið til atkvæða, og voru þessir kosnir:

E. Ó. Kúld	með	13	atkvæðum
Þ. Guðmundsson	—	11	— —
V. Finsen	—	9	— —

Forseti kvaðst mundu birta dagskrá til næsta fundar svo fljótt sem yrði.

Fundi slitið.

---

27. júlí — sextándi fundur.

Allir á fundi nema hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, sem enn þá gat ekki mætt vegna veikinda; þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal fyrst geta þess, að eg hefi feingið tilkynníngu frá hinum 4. konúngkjörna þíngmanni um það, að hann sè kosinn formaður í nefnd þeirri, sem sett var til að segja álit sitt *um inntöku ómyndugra fjár* o. s. frv. *í jarðabókarsjóðinn.*

Eptir dagskránni kemur þá fyrst fyrir að leggja fram bænarskrá frá Ísafjarðarsýslu *um friðun sela á Ísafjarðardjúpi og Jökulfjörðum,* og er hún svo hljóðandi:

„Vèr undirskrifaðir innbúar Reykjarfjarðar og Nauteyrar hreppa í Ísafjarðarsýslu biðjum fulltrúa vorn að bera fram fyrir hið heiðraða alþíngi og styðja þessa ósk vora, sem vèr nú látum í ljósi.

Veiðilög Íslands (20. júní 1849) eru að vísu, eptir því sem kostur var á, vandlega úr garði gjörð, og all-lángur var undirbúníngur þeirra, en þó liðu einúngis 4 ár, þángað til bænarskrár komu til alþíngis um breytíngu á þeim (nefnilega næst þegar alþíngi átti setu), og urðu þau málalok þá, sem kunnug eru, að Breiðifjörður allur milli Bjargtánga og Önverðarness varð friðaður fyrir selaskotum öllum (opið brèf 22. marz 1855); þótti þínginu þá líka mega friða með sama hætti töluvert af Faxaflóa, en stjórnin kvaðst ekki að svo stöddu geta fallizt á það. Að landselur allur yrði friðaður, hefir mjög opt komið til umræðu og hafa ekki allfáir merkir menn mælt með því og álitið hann (látursel og útsel) að miklu leyti eins og annan arðberanda peníng jarðarnotanda, og verður því varla neitað af neinum, sem glögglega þekkir selakyn þessi, atferli þeirra og arð. Að fyrnefnd veiðilög ekki hafi getað orðið víða hvar að tilætluðum notum, er þrásamlega viðurkennt, og megum vèr undirskrifaðir sanna það, því þó flestir á meðal vor, síðan nefnd lög urðu þjóðkunn, á hverju ári höfum friðlýst lögnum, sem hèr eru og hafa allvíða verið

og sumir hafið málasóknir margsinnis út af skotunum, hefir enn þá lítt tekizt að hepta sjálfræði skotmanna, með því mjög opt er óhægt að þekkja mennina og þó enn þá óhægra, að geta staðhæft á það, hve lángt frá landi er skotið, eða hvert selakyn fyrir verður; af þessu hefir leitt, að málin stundum hafa orðið lángvinn og mæðusöm, en stundum orðið að falla eða því nær falla. Uppidráp er hèr ekki, en lagnir víða, og væri enn í dag víðar notaðar, sannlega með töluverðum arði, ef friður fyrir skotmönnum feingist; en á meðan svona er ástatt, er eingin von, að bændur, margir fèlitlir, fari að kosta selanætur, sjáanlega nær því til einkis; þetta á sèr stað hèr í nyrðri hluta Ísafjarðarsýslu, við Ísafjarðardjúp og á Jökulfjörðum, hvar víða hafa verið lagnir og mætti enn verða, en þar hafa skotmenn fullt eins mikið spillt veiðinni og við Djúpið sjálft, með því landráðendur, öllu fremur þar en hèr, hafa leyft skot og látið skjóta fyrir löndum sínum. Vèr getum því ekki annað sèð, en að þessi arðsama veiði, sem var á báðum þessum svæðum, bráðum eyðileggist, og er það því sárara og skemmdarlegra, sem skotmenn að tiltölu eru farnir einnig að afla minna, en missa opt fullan helmíng af selum þeim, er þeir skjóta til, sem enn þá meir fælir allan samkynja sel burtu, og þar hjá er þetta yfir höfuð til baga fyrir útgjörendur hákallaþilskipa — þó þeir opt láti sjálfir skjóta — og þillausra leguskipa, því við það er skorturinn á beitu orðinn töluverður og hún opt lítt fáanleg, nema með ærnum kostnaði lángt að.

Vèr biðjum yður því, heiðraði fulltrúi vor! að bera þessa svo felldá bæn vora fram fyrir yður, háttvirtu alþíngismenn! og væntum yðar öruggu og skynsamlegu aðstoðar, þannig:

> Að öll byssuskot verði framvegis bönnuð, með sama hætti og tiltekið er í opnu brèfi 22. marz 1855 innan þessara takmarka: á Ísafjarðardjúpi öllu frá hamrinum fyrir innan Arnardal í Snæfjallabryggju; og á Jökulfjörðum öllum frá Nesi í Grunnavík í Slèttu í Aðalvík.
>
> Skrifað á tveggja hreppa þíngi í Reykjarfirði 12. maí 1857".

(12 nöfn).

Sem alþíngismaður Ísfirðínga hefi eg leyft mèr að leggja þessa bænarskrá fyrir hið heiðraða alþíngi, fremur til þess að þíngtíðindin beri það með sèr, að hún hafi komið til skila, heldur en í því skyni að eg geti mælt með því, að þíngið taki það mál, sem bænarskráin fer fram á, til meðferðar, eða setji nefnd um það í þetta sinn. Aðalástæðan fyrir mèr er sú, að bænarskráin er einúngis frá nokkr-

um mönnum úr tveimur hreppum, og fer þó fram á að banna skot um mestallt Djúp og um Jökulfjörðu, fyrir landi margra hreppa. Þessu þykir mèr ísjárvert að fylgja fram í slíku máli, sem þetta er, þar sem svo margir eiga hlut að, og eg veit, að meiníngar manna eru mjög tvískiptar. Ef þetta, sem bænarskráin fer fram á, er í raun og veru nytsamt, og þörfin svo almenn og ríkt, eins og beiðendur segja, þá geta þeir búið undir almennar bænarskrár um þetta til næsta þíngs, og þá gæti orðið ljóst fremur en nú, hversu almennur vilji sýslubúa það sè, að fá því framgeingt, sem hèr er nú að eins beðið um af nokkrum einstökum mönnum. Eg gat þess fyrir nokkrum dögum síðan, að nokkrir þíngmenn hefði í áformi að koma fram með uppástúngu í sömu stefnu og bænarskráin fer fram, en nú hefi eg feingið að vita, að þeir hafa horfið frá því aptur af sömu ástæðum og eg nú gat um, að þeim þykir rèttara, að mál þetta verði undirbúið til næsta þíngs, því eg hefi nú ekki viljað draga leingur að leggja þessa bænarskrá fram, þó það sè, eins og eg gat um áður, einkum til þess, að menn geti sèð, að bænarskráin hefir komið til skila. Mèr virðist því, að ekki sè frekari umræðu þörf í þetta sinn um málið, og ef hinir háttvirtu þíngmenn eru því samdóma, getum vèr tekið til næsta máls á dagskránni.

Á. Einarsson: Mèr finnst þó nauðsynlegt, að þíngmenn taki til máls um þessa bænarskrá, svo það líti ekki svo út í augum landsmanna, þegar þeir fara að lesa þíngtíðindin, sem þíngmenn hafi þegjandi og eins og í blindni fallizt á tillögur *forseta* í þessu máli. Eins og þíngmönnum er kunnugt, þá hefi eg ávallt verið því meðmæltur hèr á þínginu, þegar um það hefir verið rætt, að selurinn væri friðaður, hvar sem það svo hefir verið, en samt get eg ekki mælt með, að nefnd sè kosin í þessu máli, þar sem rætt er um að friða selinn á einhverjum vissum bletti; mèr finnst þar á móti mjög æskilegt, ef menn gæti komið sèr svo saman heima í hèruðum, að margar bænarskrár, sem lyti að þessu máli, safnaðist í eina heild og að það væri þá beðið um friðun selsins á stóru svæði. Það er t. a. m. að þíngmaður Húnvetníngа og eg, við búum þarna hvor á móti öðrum, sinn hvoru megin við Húnaflóa, og við viljum báðir víst friða selinn á því svæði, sem liggur milli okkar, en þó höfum við ekki treyst okkur til að koma fram með neina bænarskrá í því efni, af því menn hafa ekki getað komið sèr saman um það, hver takmörkun skyldi vera á friðuninni, og svo kann nú að vera víðar. Mèr sýnist því varlega gjöranda að taka til greina bænarskrár frá

einstökum mönnum, þegar mönnum er ekki ljós vilji almenníngs í því efni; eg vildi samt fremur, að *forseti* lèti greiða atkvæði um, hvort alþíngi vildi taka bænarskrá þessa til meðferðar í þetta sinn.

J. Sigurðsson: Það kynni kann ske að þykja tilhlýðilegt, að eg lèti eitthvað til mín heyra, þá talað er um þetta málefni, og eg geing ekki móti því, að eg hefi áður hèr á þíngi verið á þeirri meiníngu, að á öllum þeim fjörðum og flóum við landið, sem lagna- og uppidrápsselveiðin yfirgnæfir skotmannaveiðina, ætti að vera algjörleg friðhelgi á sel fyrir öllum byssuskotum, og fyrir allri Mýrasýslu hygg eg að ráðstöfun þessi ætti vel við; og eg hygg, að menn muni það, að 1853 hafði eg til flutnings hèr á þíngi bænarskrá þess efnis frá nokkuð mörgum mönnum í Mýrasýslu, og alþíngi fèllst á málið með 12 atkvæðum móti 5, að sama friðhelgi á sel, sem á Breiðafirði, væri líka nauðsynleg frá Öndverðarnesi eða fremstu jökultá, innan beinnar sjónhendíngar á Skipaskagatá á Akranesi; nú, árángurinn af þessu varð það, sem konúngleg auglýsíng til alþíngis 1855 segir, að ekki hafi fundizt ástæða til að veita þetta, en getur ekkert um, vegna hvers. Mýrasýslubúar hafa síðan ekki sent neina umkvörtun um þetta, og mun það vera af því að þeir hugsi, að það, sem konúngur vilji svo vera láta, verði menn að hafa; þar tjáir ekki um að tala. En þó eg sè nú sömu meiníngar og fyrri, þá lít eg nú til þess, að það er nú næsta liðið á þíngtímann, og eg held flestir sè nú á því máli, að alþíngi hafi svo vandasamt og mikið ógjört, að það varla sjáist, að það geti komið því af, þó ekki sè hèðan af í þetta sinn fjölgað málum eða settar fleiri nefndir, og þar eg ekki heldur hefi feingið neina nýja áskorun um þetta frá sýslubúum mínum, þá ætla eg í þetta sinn að láta mèr nægja að halla mèr að þeirri meiníngu, sem hinn heiðraði *forseti* hefir látið í ljósi, að þeir, sem vilji og þurfi, geti þá útbúið sig með þess slags bænarskrár til næsta þíngs, og fell eg svo frá að framfæra nokkra uppástúngu um þetta mál að þessu sinni.

Ó. Sívertsen: Þótt eg að vísu sè á sömu meiníngu og hinn háttvirti *forseti,* að bænarskrá þessi geti ekki meðhöndlazt hèðan af á þíngi þessu, þá er það samt ekki af því, að mèr þyki ei mikils umvarðanda innihald hennar. Eg ætla fullkomlega víst, að beiðendur eigi það skilið, að málefni þeirra sè gaumur gefinn. Þeir eru einir af þeim meðal Ísfirðínga, sem með alúð og dugnaði hafa lagt stundun á framfarir bjargræðisveganna með selaveiðina, og það þeirra sela, sem mest eru notin að. Leingi hafa þeir lagt sig eptir að skutla

vöðuseli (eður veiða þá á rás), og þótt skyttur kynni að geta skotið 3 eða 4 landselskópa, svo er 1 aflaður vöðuselur betri en hinir 3 eða 4 á stundum. Byssuskot á vöðusel hafa undanfarin ár gjört má ske mikið meira til að spilla fyrir selaskutlun, heldur en að skotaveiðin hafi vegið upp á móti því. Nú hafa beiðendur selaskotabannsins með ærnum kostnaði farið að leggja sig eptir vöðuselaveiði, þegar skotin munu hafa verið búin að styggja svo mjög farsel þenna, að torvelt var að veiða hann á rá. Og ef nótnaveiði þessi yrði nú happadrjúg mönnum þessum, virðist mèr þá væri hægðarleikur hjá þeim að fá beitusel til hákallaveiða; en það er borið fyrir, að selaskot verði við að hafa til að fá hákallabeitu, en skot þessi hafa þó aldrei reynzt mjög arðsöm, sízt að þau geti komizt í nokkurn samjöfnuð við þann mikla hnekki, er hún ollir allri annars slags selveiði af styggðinni, sem selurinn fær af skotunum á flestöllum fjörðum og víkum. Það, sem mèr þykir á vanta, að bænarskrá þessi fái nú framgáng, er eiginlega tvennt: *a,* að henni var ei hreift á Kollabúðafundi, nema hvað menn feingu að vita, að hún var samin á 2 hreppa fundi að Reykjarfirði; en Kollabúðafundur hefði getað tekið málið — ef undir hann hefði borið verið — til umræðu og skoðað þar bæði meðhald og mótspyrnur málefnisins, sem er þess eðlis, að vert er að heyra bæði sókn og vörn *(Audiatur et altera pars)*; *b,* að bænarskráin grípur yfir svo lítið svæði, en eg veit til, að úr nokkrum fleiri stöðum er fast í huga manna að biðja um bann móti selaskotum, eins og nú heyrðist af munni tveggja þíngmanna, og vildi eg leggja til, að menn þeir allir, sem breyta vildi veiðilögunum í þessa átt, kæmi fram síðar meir sem fyrst í sameiníngu með bænarskrá um það; því eins og eg upphaflega sagði, þykir mèr málefnið mikils umvert og selaskotabannið, sem feingið er á Breiðafirði, hefir þegar sýnt og mun betur sýna, að það komi að góðum og gagnlegum hèraðsnotum.

Forseti: Þar eð nú ekki taka fleiri til máls, skal eg leita atkvæða um, hvort ekki skuli taka til þess máls, sem næst stendur á dagskránni.

Var þá geingið til atkvæða, og það samþykkt að taka til næsta máls, með 19 atkvæðum.

Því næst var tekin til umræðu uppástúnga þíngmannsins úr Gullbríngusýslu *um sölu opinberra eigna.* Var síðan uppástúngan afhent þíngmanninum úr Gullbríngusýslu, og las hann hana upp, svo hljóðandi:

„Einginn sá, sem lætur sèr annt um almennan hag lands þessa, getur látið sig litlu varða, hvernig stjórnað er hinum opinberu eignum, sem á því eru, hvort heldur það er því í hag eður óhag, því þó svo kynni að verða álitið af sumum, að stjórnin ein bæri umönnun fyrir slíku, og ábyrgðist þann halla, sem landið kynni að verða fyrir af óhyggilegri eða misjafnri meðferð á opinberum eignum, þar fjárstofn landsins sè sameinaður Danmerkur, þá kann það þó að vera tvísýnt, og því heldur virðist, sem Íslendíngum, og þá sèr í lagi alþíngi beri að hafa áhuga á þessu máli nú, þar eð stjórnin hefir lýst því yfir, eins og álitsmál það vottar, sem lagt hefir verið fyrir þíngið, að sá sè vilji hennar, að alþíng fái fjárráð landsins, og landið svo beri sig sjálft eptirleiðis. Hinar opinberu eignir eru nú helzti partur þeirra fjármuna, sem landið þá hefði við að styðjast, þegar það ætti að sjá sjálfu sèr farborða, og hlýtur því alþíngið að hafa vakanda auga á, hvernig með þær er farið. Það er nú öllum kunnug hin gamla stólsjarðasala og einkum konúngsjarðasalan, og álízt landið við þær að hafa misst æríð fè, sem runnið hefir inn í ríkissjóð Danmerkur, og hvers endurgjald er undir hælinn lagt. Á þessari síðustu tíð er það sala á tveimur opinberum eignum, sem einkum hefir vakið athuga manna á þessu efni, sú fyrri er salan á laxveiðinni í Elliðaá fyrir 1200 dali, sem meta má miklu meira virði, hin síðari er salan á biskupssetrinu Laugarnesi, bæði jörð og steinhúsi, sem byggt er fyrir einum 30 árum fyrir ærna peninga, en sem nú kostaði eina 5500 dali, og fór sala þessi fram, að sögn kunnugra manna, með miklum hraða, og ekki eptir reglum þeim, sem venjulegar eru við uppboð slíkra eigna til tryggíngar hinu opinbera.

Þar eð fjárhagur landsins bíður auðsjáanlega ómetanlegt tjón við slíka þjóðeignasölu, sem þessa og aðrar slíkar, og ekki er að vita, nema fleiri aðrar eins kynni fram að fara án vitundar og vilja landsmanna, þegar minnst vonum varir, þá leyfi eg mèr að fram bera fyrir alþíngi þá uppástúngu:

Að það riti konúngi vorum þegnlega bænarskrá, og óski þess í henni, að eingin opinber eign í landinu verði seld nema með samþykki alþíngis.

Reykjavík, 20. júlí 1857.

Guðmundur Brandsson".

G. Brandsson: Eg ætla ekki að vera fjölorður um uppástúngu þessa, því eg veit, að allir þíngmenn munu finna til þess, að hèr er ekki um neitt hègómamál að ræða, þar sem um þjóðeignirnar er

að gjöra. Það er líka lángt síðan áhugi manna fór að vakna á þessu mikilvæga málefni og mönnum fór að gánga það til hjarta. Þetta sjá menn t. a. m. á 3 ritgjörðum eptir prófast síra *Tómas* sáluga *Sæmundsson,* sem einginn hefir enn þá hnekkt, svo eg viti, hvorki í ræðu nè riti. Þegar nú er farið að gjöra ráð fyrir, að landið eigi að bera sig sjálft, þá getur mèr ekki betur skilizt, en að það einnig hlyti að eiga fullt ráð á þjóðeignunum, og ef að því kæmi, mundi menn sjá, þó það þá kynni að vera um seinan, að helzt of mikið er farið út úr landinu af þeim. Eg fer ekki um þetta fleirum orðum, því eg veit, að þínginu þykir þetta mál svo mikilsvarðanda, að nefnd skuli kjósa í því.

V. Oddsen: Eg hefi ekki neitt á móti uppástúngu þessari í sjálfu sèr, en, eins og þíngmönnum er öllum kunnugt, þá er nú svo mjög liðið á þíngtímann, að eg get ekki gefið atkvæði mitt fyrir, að þíngið taki fleiri mál til meðferðar, en komið er, jafnvel hversu nauðsynleg sem þau kynni að virðast. Hvað sölu Laugarnesseignarinnar snertir, þá er það auðvitað, að ef salan hefir farið ólöglega fram, eins og mèr skildist á uppástúnguuni, hvort sem það hefir nú verið rètt skilið eða ekki, þá má apturkalla hana, en sè hún þar á móti lögleg, þá er um þetta eins og svo margt annað, sem kemur einum tíma of seint.

G. Brandsson: Eg hefi ekki talað eitt orð um það, hvort salan á Laugarnesseigninni væri gild eða ógild, heldur einúngis tilfært hana sem dæmi, en ef mál þetta kemst svo lángt, sem eg vona, að nefnd verði kosin í því, þá mun eg ekki meina hinum heiðraða varaþíngmanni úr Norður-Múlasýslu að gjöra þar um breytíngar- eða viðaukaatkvæði, ef honum svo sýnist.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að styðja orð þíngmannsins úr Norður-Múlasýslu, og vera á því máli, að nefnd ekki verði kosin til að yfirvega þessa uppástúngu. Eg álít þetta, og eins uppástúnguna sjálfa, öldúngis ónauðsynlega, því eg veit ekki til, að opinberar eignir á Íslandi sè nú seldar, að minnsta kosti hefir það ekki átt sèr stað í vesturamtinu, síðan stjórnarbreytíngin komst á í Danmörku. Þar eru síðan opinberar eignir ekki seldar, nema það sè borið undir ríkisdaginn, og lög um það útgefin. Hvað söluna á Laugarnesi snertir, tjáir ekki eptir á að vera að tala um hana. Kríngumstæðurnar voru hèr einstaklegar, og eg fyrir mitt leyti verð að álíta það vel tilfallið, að eign þessi var seld, úr því hún ekki leingur var biskupssetur; því hefði hún beðið leingur óseld, og verið í eign og umsjá hins opin-

bera, þá hefði auðveldlega getað svo farið, að lítið hefði úr henni orðið. Hèr að auki álít eg ekki tíma til, að taka þetta mál til meðferðar, þar sem svo mjög er liðið á þíngtímann. En verði nefnd kosin, þá vil eg geta þess, að þau orð í uppástúngunni eru miður valin, þar sem svo kveður að orði, að opinberar eignir ekki megi selja „nema með samþykki alþíngis“. Þessi orð ætti því að eins við, ef að þíngið hefði löggefanda og ályktanda vald; en hèr, þar sem þíngið einúngis er ráðgefanda, ætti einúngis að biðja um, að málið væri borið undir álit alþíngis.

Jón Hávarðsson: Þó eg geti ekki annað en verið hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* og hinum heiðraða varaþíngmanni úr Norður-Múlasýslu, samdóma í því, að nú er mjög liðið á hinn ákveðna þíngtíma og mikið eptir af því, sem þínginu er ætlað að starfa, þá er eg á hinn bóginn fastlega á því, að nefnd verði sett í þetta mikilsvarðanda málefni, því þó að sala opinberra eigna hafi ekki átt sèr stað í austur- og norðuramtinu um nokkurn tíma, líklega af viturlegum tillögum amtmannsins þar, og þetta eigi sèr og svo stað í vesturamtinu, þá sè eg, að hún á sèr stað í suðuramtinu, og held eg það sè í mörgu tilliti óhagkvæmt oss, og vil eg einasta taka það atriði fram, að nú er einmitt vaknaður álugi manna um allt land á því að bæta jarðræktina, en þá hún er komin í betra horf, en nú á sèr stað, þá er auðvitað, að jarðirnar taka miklu meira verði, en á meðan þær eru óræktaðar.

G. Brandsson: Mèr líkaði það vel, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði um sölu þjóðeignanna í Danmörku, nefnilega það, að þjóðeignirnar þar væri ekki seldar nema eptir þar um gildandi lögum, en ekki veit eg til, að það eigi sèr stað viðvíkjandi íslenzkum þjóðeignum, og ekki hefi eg heyrt, að Laugarnesið hafi verið selt eptir neinum slíkum lögum, þó þau annars væri til, hvað mèr er að öllu leyti ókunnugt um. Eg veit nú vel, að þíngtíminn er orðinn stuttur, en það hefir stundum komið fyrir hèr á þíngum, einkum á hinum fyrri, að þó nefnd hafi verið kosin í mál, hefir þeim þó ekki orðið lokið, tímans vegna, og það jafnvel þó búið hafi verið að ræða þau við undirbúníngsumræðu. Í tilliti til þessa máls þykir mèr nú þetta mikið betra en ekki neitt, og eg get heldur ekki sett þínginu takmörk í þessu efni, því við umræðurnar skýrist málið ætíð nokkuð, og því vildi eg fremur, að þau forlög lægi fyrir þessu máli, en að það yrði gjört út af við það við inngángsumræðu þessa.

P. Sigurðsson: Þegar eg sá fyrst uppástúngu þessa, þá hèlt

eg, að eg mundi ekki gefa mitt atkvæði fyrir, að nefnd yrði sett í þessu máli, enda þó mèr þætti það strax mikilsvarðanda í sjálfu sèr, einmitt vegna þess, hvað tíminn er nú orðinn naumur. En af ræðu hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* sannfærðist eg algjörlega um, hve nauðsynleg nefnd væri í þessu máli, því ef danskar þjóðeignir eru ekki seldar nema eptir lögum, því þá ekki íslenzkar líka?

Konúngsfulltrúi: Mèr virðist af þíngræðunum, sem að nokkrir af hinum heiðruðu þíngmönnum hafi misskilið mig, og skal eg því skýra nokkuð betur meiníngu mína. Í ríkislögum Danmerkur er það ákveðið, að opinberar eignir ekki megi selja nema eptir sèrstöku lagaboði; og þessu hefir líka verið fylgt í Danmörku, síðan stjórnarbreytíngin varð 1849, að eingin opinber eign er seld í Danmörku nema um það út komi í sèrhverju tilfelli sèrstaklegt lagaboð. Samkvæmt þessari grundvallarreglu hefir því einnig síðan hèr á landi verið fylgt sem aðalreglu bæði af stjórninni og yfirvöldunum að selja hèr ekki opinberar eignir, meðan ekki er útgjört um það, hverja hlutdeild alþíngi eigi að fá í löggjafarvaldinu.

P. Jónassen: Eg skal ekki verða lángorður, því eg ætla mèr einúngis að hreifa við misskilníngi þeim, er þíngmenn sumir hafa látið í ljósi, og hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hefir skýrt, nefnilega að það eru eingin almenn lög til í Danmörku um sölu opinberra eigna þar, en það koma út lög í hvert skipti um hverja einstaka sölu. Að öðru leyti finnst mèr mál þetta liggja fyrir utan verkahríng alþíngis, því mèr virðist mál þetta algjörlega umboðslegs eðlis, en eins og það er rèttur þíngsins að hreifa öllum þeim málum, sem undir það heyra að rèttu lagi, eins virðist mèr í annan stað skylda þess að gánga ekki út fyrir það svið, sem því er afmælt eptir alþíngistilskipuninni.

G. Brandsson: Það er nú satt bezt að segja, að manni ekki þarf að verða illt við, þó menn heyri, að menn ekki megi koma nærri þessum blessuðu umboðslegu málefnum, því það er sannarlega ekki ný bóla, þó þetta heyrist; en eg skal þó leyfa mèr að minna hinn háttvirta 2. konúngkjörna þíngmann á það, að hèr á þíngi á að ræða mál, sem að öllu leyti eru eins, ef ekki meira umboðslegs eðlis en þetta mál, og skal eg sem dæmi taka til fjárhagsmálið, fjárkláðamálið og svo mál það, sem þegar er rætt hèr á þíngi, að jafnaðarsjóðirnir greiði kostnað þann, er leiðir af hinni frjálsu verzlun, auk annara fleiri, sem eg gef ekki um að tilgreina að þessu sinni.

St. Jónsson: Það mun nú reyndar, ef að er gætt, ekki vera nema 1 dagur eptir af þeim lögboðna tíma, er alþíngi á að standa,

og menn hafa einga vissu fyrir því, um hvað lángan tíma þíngið kann að verða leingt, nema það, sem tiltekið var af stjórninni og *konúngsfulltrúi* gat um við þíngið, nefnilega 8 eður 10 daga vegna jarðamatsins, og kann mönnum því að virðast, að ísjárvert sè að taka við fleiri málum og kjósa nefndir í þau, þar nóg mun fyrir vera; en eg verð samt að vera á því, að nefnd sè kosin í máli þessu, því mèr virðist það svo mikils varðanda, að það vel væri þess vert að það væri betur yfirvegað, en kostur er á að það verði við inngángsumræðuna eingaungu, og ekki get eg gjört svo mikið úr mótbárunni um umboðslegt eðli málsins, að eg þar fyrir ekki vilji, að það komi til nefndar, þó aldrei komist það leingra, og mun eg því gefa atkvæði mitt fyrir því, að nefnd verði kosin í málinu.

Á. Einarsson: Það þótti mèr nú lakara, að hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður fór að hreifa því, að málið væri of umboðslegs eðlis, því til þess að svara því, þarf ekki annað en benda honum til tilskipunar 28. maí 1831 5. grein, samanborinnar við alþíngistilskipanina, 1. grein, og vona eg þá, að hann sannfærist um, að málið heyri undir meðferð þíngsins.

E. Ó. Kúld: Eg efast ekki um, að svo sè, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að síðan að hann hefði komið vestur, hefði þar eingar opinberar fasteignir verið seldar, en þetta hefir samt átt sèr stað þar áður, og eg get ekki heldur sèð betur, en að menn, ef til vill, megi búast við því, að þess konar sala eins geti átt sèr stað fyrir norðan og vestan, eins og menn sjá, að hún hefir farið fram hèr syðra. Eg vil því mæla fram með því, að nefnd verði kosin í málinu, enn þótt tíminn sè orðinn næsta naumur.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, vil eg skjóta því til atkvæða þíngsins, hvort nefnd skuli kjósa í máli þessu eður ei.

Var síðan geingið til atkvæða, og fèllst þíngið með 16 atkvæðum gegn 6 á, að nefnd skyldi kjósa. *Forseti* stakk því næst upp á 3 manna nefnd, og þar einginn mælti á móti, skoraði *forseti* á þíngið að velja 3 menn í nefnd, og voru í hana kosnir þessir:

G. Brandsson með 19 atkvæðum.
E. Ó. Kúld . — 8 — —
P. Sigurðsson . — 7 — —

Lèt *forseti* síðan afhenda málið formanni nefndarinnar, *G. Brandssyni.*

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur því næst til umræðu *uppástúnga þíngmanns Árnesínga viðvíkjandi jarðakúgildum þeim,*

er falla kynni sökum fjárkláðans, og verður rætt um, hvort taka skuli mál þetta til meðferðar, og annaðhvort vísa því til nefndarinnar í kláðamálinu, eða kjósa nefnd í það sèr í lagi.

Lèt *forseti* síðan afhenda uppástúnguna þíngmanni Árnesínga, og las hann hana upp, svo hljóðandi:

„Af því nú þykja æríð ískyggilegir tímar í tilliti til sauðfènaðar viðhalds hèr í landi, þá er mjög víða komið í umræður hjá búandi mönnum, hvernig fara eigi með ásauðarkúgildi jarðanna, og hvort þau á nokkurn hátt, þegar svona á stendur, geti verið í ábyrgð landsetanna, ef þeir sökum fjársýkinnar missi allan þorra sauðkinda sinna, eða yrði að neyðast til að lóga þeim. Í kláðaveiku hèruðunum er nú þegar fallið töluvert af sauðfènaði, og út lítur fyrir, að meira falli, en orðið er, og má ske reki að því, að lóga verði öllum fènaði í sumum sveitum og má ske heilum sýslum. Á seinastliðnu hausti og vetri hafa nokkrir leiguliðar í mínu kjördæmi skilað ásauðarkúgildum heim til landsdrottna sinna, þegar kláðasýkin lagðist á sauðfènað þeirra; hafa jarðeigendur sumir með góðu, en líka nokkrir með tregðu tekið við þeim, og ýmislega samið um þau við landsetana, eptir því sem hver var lyndur til. Líka veit eg til, að umtal hefir risið út af ásauðarkúgildum á *Mensal*jörðum milli yfirráðenda þeirra jarða og ábúendanna um sama efni, en eingin málalok eru mèr kunn í þeim atriðum, hitt veit eg, að nokkrir prófastar hèr í suðurumdæminu hafa skrifazt á við stiptsyfirvöldin hèrna um þetta málefni, og feingið þau andsvör, sem hvorki landsdrottnum nè leiguliðum hafa verið geðfelld. Eg verð því að álíta, að hèr sè um mikið vandamál að gjöra, sem nauðsynlegt væri að feingi bráða leiðbeiníngu í þá átt, sem löglegast og sanngjarnast væri á allar síður.

Eg leyfi mèr því að gjöra það að beinni uppástúngu minni, að hið heiðraða alþíngi taki málefni þetta til yfirvegunar og tjái álit sitt um:

> Hver ráðstöfun muni bezt við eiga um ásauðarkúgildi í landinu, einkum opinberra eigna, ef sauðpeníngur fellur, eða þar sem hann fellur fyrir fjárkláðafaraldrinu.

Reykjavík, 25. d. júlímán. 1857.

M. Andrèsson".

M. Andrèsson: Eg skal ekki fara mörgum orðum um uppástúngu þessa, allrasízt fyr en eg heyri menn á móti henni mæla;

en eg vil þó stuttlega gjöra grein fyrir því, er mèr gekk til að koma fram með hana núna. Allt virðist að benda til þess, að fellir verði á sauðfè og það, ef til vill, gjörfellir. Menn vita, að áður, þegar fjárkláðinn geisaði hèr um landið á 18. öld, komu fram margar spurníngar um ásauðarkúgildin, og út úr þeim urðu miklar misklíðir; svöruðu þá embættismennirnir hver í sína áttina og þetta gekk í mörg ár; þetta hið sama virðist mèr ekki svo ólíklegt að geti komið fyrir aptur. Nú höfum vèr reyndar alþíngi, og sitja þar bæði lögfróðir menn, og einnig þeir, sem undir höndum hafa eignir opinberra stiptana, jafnvel þó þeir sè úr þeim hèruðum, sem ekki eru enn inntekin af kláðasýkinni, en þegar náúngans veggur brennur, er hinum hætta búin. Helzt vildi eg, að máli þessu yrði vísað til nefndar þeirrar, er þegar er sett í fjárkláðamálinu, því eg hefi til hennar hið bezta traust, hún er skipuð mörgum vitrum mönnum. Tíminn er að vísu orðinn naumur, en eg hefi ekki heldur ætlazt til, að samin yrði bænarskrá til konúngs, nema ef þínginu þykir svo betur fara, heldur einúngis, að menn gæti sèð, hvað álit þíngsins er um þetta mikilvæga og vandasama málefni.

P. Pètursson: Þar eð hinn heiðraði uppástúngumaður hefir látið í ljósi, að mál þetta væri svo náskylt öðru máli, sem komið er fyrir þíngið, nefnilega fjárkláðamálinu, að hann helzt vildi vísa málinu til sömu nefndarinnar, skal eg sem formaður nefndar þessarar leyfa mèr að vera þessu mótmæltur; því auk þess að nefnd þessi nú þegar hefir feingið nóg að starfa, virðist mèr ekki málið vera svo skylt, heldur virðist mèr það annars eðlis. Nefnd sú, sem kosin er í fjárkláðamálinu, á að íhuga, hvort lóga skuli sauðfè nú þegar í haust, en uppástúngan virðist mèr að snerta innbyrðis rèttindi jarðeigenda og leiguliða og vera því allt annað mál.

Vilji því þíngið gefa máli þessu frekari gaum, vil eg leggja það til, að sèrstök nefnd sè kosin í máli þessu, og stendur henni þá eins frítt fyrir að bera sig saman við nefndina í fjárkláðamálinu, ef þörf þykir.

H. Kr. Friðriksson: Eg verð þó að vera samdóma hinum heiðraða uppástúngumanni í því, að mèr finnst mál þetta beinlínis heyra undir nefndina í fjárkláðamálinu, þar sem hún á að ræða eigi einúngis um, hvernig fara eigi að með kláðafèð, heldur og, ef niðurskurður verður, hvernig endurgjaldinu eigi að haga.

St. Jónsson: En eg verð að vera beinlínis á móti hinum heiðraða varaþíngmanni Reykjavíkurbæjar, því mèr finnst, að mál

þessi ekki geti sameinazt, og verð eg því að vera á því, að sèrstaka nefnd verði að kjósa í máli þessu, ef á annaðborð nokkuð á við málið að eiga, og það vildi eg þó leggja til, en mèr virðist sèrstök nefnd verði alveg að fjalla um málið, því uppástúngan snertir rèttindi einstakra manna innbyrðis eða þá einstakra manna og opinberra stiptana, sem eiga saman.

P. Pèturssón: Eg vildi einúngis bæta því við það, er eg áður sagði, að stjórnin hefir boðið þínginu og þíngið aptur nefndinni að kveða upp álit sitt um fjárkláðann, en þessu máli er ekki að gegna, hvað uppástúnguna snertir, og virðist mèr því, að það einúngis væri til þess að spilla fyrir henni að fleygja hènni í nefndina, sem getur sett hana til hliðar, því það er öldúngis undir kasti komið, hvort nefndin gefur henni nokkurn gaum, því aðalstarfi nefndarinnar er annar.

E. Ó. Kúld: Eg verð að vera öldúngis samdóma hinum heiðraða 3. konúngkjörna þíngmanni, því mèr virðist uppástúnga þessi í raun og veru lítið eður ekkert eiga skylt við fjárkláðamálið, og hèr finnst mèr að menn komist inn á sameign einstakra manna innbyrðis eður við opinberar stiptanir, og að þetta sè næsta *„administrativt“* fyrir þíngið. Mèr væri annars forvitni á að vita, hve miklu hinn heiðraði varaþíngmaður Reykjavíkurbæjar vill fleygja á nefndina í fjárkláðamálinu, eins og einhverja ruslakistu; virðist honum ekki þessi litli baggi, sem hjá mèr liggur hèrna á borðinu og alltsaman eru kláðaskjöl, vera nógu stór fyrir nefndina? eg held það, sem búið er að hlaða á nefndina, sè fullerfitt að rannsaka til hlítar og átta sig í, svo í lagi fari, þó máli, sem ei beinlínis á skylt við hana, sè ekki hlaðið á hana líka. Eg vil samt ekki mæla á móti nefnd í máli þessu, en eg vildi einúngis mælast til, að nefndarmönnunum í fjárkláðamálinu væri hlíft við vali í þá nefnd, því þeir hafa sannarlega nóg á sinni könnu.

M. Andrèsson: Af þeim, sem talað hafa í máli þessu, virðist mèr einginn hafa mælt á móti nefnd í málinu, en þar eg heyri, að menn eru á móti því, að vísa málinu til nefndar þeirrar, sem sett var í fjárkláðamálinu, skal eg ekki vera svo fastur á því, með því eg heldur ekki öfunda nefndina af starfa þeim, er henni er á hendur falinn, þó ekki bætist við hana; en hvað það snertir, að hlífa þeim, sem í henni eru, frá því að veljast í nefnd þá, er kynni að verða kosin í máli þessu, þá get eg ekki mælt fram með því, og þætti mèr það skaði, því málið er þeim að nokkru leyti kunnugra en

öðrum, því það á svo skylt við sjálft kláðamálið. Eg vona því, að hið heiðraða þíng gefi máli þessu þann gaum, að nefnd verði kosin, því eg held einnig, að það yrði mjög óvinsælt, ef þíngið vildi ekkert skipta sèr af því.

P. Sigurðsson: Þó mèr ekki litist sem aumlegast á kláðaskjöl þau, er hinn heiðraði varaþíngmaður Snæfellínga veifaði, væri kann ske óhætt að bæta einu við hann enn þá, svo þó eg mæli fram með því, að málinu ekki sè vísað til kláðanefndarinnar, kemur það til af því, að mèr finnst málið ekki vera svo skylt, að menn geti sagt, að það heyri undir nefndina; en eg verð jafnframt að mæla fram með því, að máli þessu sè gaumur gefinn. Til stiptisyfirvaldanna hafa komið spurníngar þessu viðvíkjandi, og mun svar það, er þau gáfu, þó má ske sè það rètt í grundvallarreglum sínum, ekki hafa mörgum geðjazt, og mundi víst verða harðsótt, ef því skyldi fram fylgja; en eins og eg áður sagði, vil eg ekki vísa málinu til nefndarinnar í fjárkláðamálinu, heldur vil eg kjósa sèrstaka nefnd í því.

J. Hávarðsson: Eg vildi leyfa mèr að spyrja einhvern af hinum lögfróðu þíngmönnum um það, hvort ekki væri ákvarðanir um þetta málefni í tilskipun af 1772, því sè svo, virðist mèr eingin nauðsyn bera til að vísa máli þessu til nefndar.

H. Kr. Friðriksson: Eg vildi hafa svarað hinum heiðraða varafulltrúa Snæfellínga því, að þar sem hann kvartar yfir skjalagrúanum um fjárkláðann, þá eru skjöl þessi öll til að skýra málið, og finnst mèr hann mætti óska, að bagginn hans væri sem stærstur. En eg veit eigi til, að nein aukauppástúnga sè komin til nefndarinnar. Einnig verð eg að álíta, að mál þetta sè náskylt fjárkláðamálinu, því nefnd sú, sem sett er í fjárkláðamálinu, á ekki einúngis að yfirvega kláðann sjálfan, heldur og, hvort endurgjalda skuli fèð og hvernig; og þá getur líka komið til álita, hvort ríkissjóðurinn eigi að taka nokkurn þátt í kostnaðinum, að því leyti er snertir kúgildin á þeim jörðum, sem eru opinber eign. Því að um kúgildi á jörðum einstakra manna verður, að eg held, ekkert sagt; því að það er vonanda, að á þessum fjárkláða verði ráðin einhver bót, áður en lög um það efni gæti komið út.

Jón Guðmundsson: Eg skal að vísu ekki mælast til skófna fyrir nefndina í fjárkláðamálinu, en mèr finnst þó, að máli þessu, ef því á að gefa nokkurn gaum á annað borð, einmitt eigi að vísa til hennar, því mèr finnst stefnan í þessu máli áhrærandi ásauðar-

kúgildin og það, hverjum þau eigi að falla úr kláðasýkinni eða fyrir það, ef að niðurskurði ræki, einmitt vera komin undir því, til hvaða niðurstöðu nefndin í fjárkláðamálinu kemst, einkum hvað snertir niðurskurðinn, og finnst mèr því málið hvorki óskylt nè hjáleitt, og virðist mèr því, að nefndin í fjárkláðamálinu megi ekki og eigi ekki að færast undan að taka þetta mál til meðferðar, enda þótt hún hafi æríð að starfa.

E. Ó. Kúld: Eg verð þó enn að vera á því, að aðra menn eigi að kjósa í nefnd þessa enn þá, sem eru í fjárkláðanefndinni, og vil eg einkum benda til þeirra, sem skrifazt hafa á um þetta mál. Það, er hinn heiðraði varaþíngmaður Reykjavíkurbæjar minntist á ríkissjóðinn, verð eg að álíta að sè gripið úr lausu lopti, því einginn í nefndinni hefir enn búizt við fè úr þeim sjóði, til að bæta upp niðurskurð fjárins hèr. Viðvíkjandi því, er hinn heiðraði *varaforseti* sagði, vil eg einúngis geta þess, að nefnd þeirri, er kosin yrði í máli þessu, stæði það með öllu opið að bera sig saman við nefndina í fjárkláðamálinu, ef nauðsyn virtist bera til.

G. Einarsson: Eg verð einnig að mæla fram með sèrstakri nefnd í máli þessu. Þó, ef til vill, einhverjir einstakir úr fjárkláðanefndinni væri í hana kosnir, og álít eg að ekki veiti af 5 manna nefnd, og þó áliðið sè og nóg að starfa, þá er þó ekki nema helmíngur þíngmanna, sem hefir nú mjög mikið að gjöra; en mèr virðist málið svo áríðanda og vandasamt, að það þurfi að sæta nákvæmri yfirvegun og athygli þeirra manna, sem það taka til meðferðar, og því þurfa þeir að vera lausir við hið umfángsmikla fjárkláðamál.

Á. Einarsson: Eg ætla einúngis að fara nokkrum orðum um þessa uppástúngu. Fyrir mitt leyti get eg ekki verið með því, að þessi uppástúnga verði feingin nefndinni, sem kosin er í fjárkláðamálinu, til meðferðar. Mèr finnst hèr ekki sè að ræða um þær innbyrðis skyldur, sem eru milli leiguliða og landsdrottins, því mèr sýnist, að dómstólarnir eigi og geti afgjört þann ágreiníng, sem kynni að verða þeirra á milli, og annaðhvort verður þó þessi ágreiníngur að koma upp þar, sem hið opinbera eða einstakir menn eiga í hlut, og þar er um tvennt ólíkt að gjöra. Þar að auki yrði það kann ske niðurstaðan, að þó bænarskrá yrði send um þetta mál til konúngsins, yrði líklega ekkert svar komið frá stjórninni aptur, fyr en má ske öll kúgildin væri fallin.

M. Andrèsson: Eg vil benda hinum heiðraða þíngmanni á, að eg hefi meint einkum til opinberra eigna. Mèr hefir ekki þótt

fært að fara fram á þann ágreiníng, sem kynni að koma fyrir milli einstakra manna, en eg ímyndaði mèr einúngis, að ef eitthvað yrði afgjört viðvíkjandi kúgildum opinberra eigna, þá gæti einstakir menn haft stuðníng af því og hagað sèr í sumu tilliti þar eptir.

Á. Einarsson: Eg meinti ekki uppástúnguna, heldur svaraði eg einúngis einstökum þíngmanni.

St. Jónsson: Mèr getur ekki skilizt, að þetta mál sè svo bundið við fjárkláðanefndina, að nokkuð geti verið á móti því, að kosin sè sèrstök nefnd í það. Menn munu hafa dæmi til þess, að kúgildin sè þegar fallin á sumum opinberum stiptunum. Eg er því öldúngis á móti, að þessi uppástúnga sè feingin fjárkláðanefndinni til meðferðar, því þau mál eiga mjög lítið skylt saman.

J. Sigurðsson: Það eru 2 atriði, vegna hverra eg hika mèr að gefa atkvæði mitt fyrir því, að nefnd verði sett í þessu máli; það er fyrst og fremst, að þíngtíðin er þegar útrunnin, svo eg sè varla, til hvers það er að fara að fjölga nefndum eður taka ný mál inn í þíngið hèðan af; hitt annað atriði er það, að þessari bænarskrá, sem núna er uppborin, fylgir eingin bein uppástúnga, heldur er þíngið beðið að segja álit sitt um jarðarkúgildin svona rètt út í loptið sjálfsagt upp á það bezta og hagkvæmasta, sem það getur, svo eg get varla skilið, að nefnd vissi, hvað sèr væri ætlað að gjöra, ef hún yrði sett í þessu máli, og alþíng er ekki skyldugt til að taka við þeim bænarskrám, sem ekki fylgir bein uppástúnga. En af því, að mál þetta er, nú sem stendur, mikils vert, og eg vil ekki spilla fyrir því, þá vil eg þó leiða þíngsins athuga að því, hvort það muni þó ekki geta átt nokkuð skylt við fjárkláðamálið. Eg veit það að sönnu, að nefnd sú hefir feingið nóg af skjölum að horfa í, og á nógu örðugt með það mál, þó það væri nú ekki gjört margbrotnara, en það er orðið. En það er þó eitt ætlunarverk hennar, að ákvarða fjáreigendunum að gjöra í haust eitthvað við sitt kláðasjúka fè, til að uppræta, ef mögulegt væri, hættuna, og þá má álíta landsdrottnana eigendur að kúgildunum, hvort sem það eru bænda eignir eða opinberar eignir, og þyrfti það kann ske ekki að auka nefndinni svo mikla töf, þó hún með fáum orðum fram tæki, hvað landsdrottnarnir skyldi gjöra við ásauðarkúgildi sín, á jörðunum, sem annars yrði að skera eður farga fènu á.

Forseti: Af því það, sem hinn heiðraði þíngmaður sagði, snertir að nokkru leyti mig, þar eð eg, sem *forseti,* átti að sjá um, að taka ekki við uppástúngu, sem ekki væri í rèttu formi, þá vil eg

leyfa mèr að geta þess, að mèr þótti uppástúnga þessi óaðfinnanleg, þegar hún var bundin við þann skilmála, sem uppástúngumaður ætlaðist til, að vísa henni til nefndarinnar í fjárkláðamálinu. Eg skal að vísu ekki neita því, að eptir mínu áliti er uppástúnga þessi of snemma upp borin, þar eð mál þetta um kúgildin liggur nú ekki fyrir, en mèr þótti hún snerta svo mikilvægt mál, að eg vildi ekki fyrir mitt leyti afskera hinum heiðraða þíngmanni veg til að leggja hana undir álit alþíngis, einkum þegar hann fór ekki fram á annað en að vísa henni til nefndarinnar í kláðamálinu. Nefndin gæti þá, ef hún vildi, valið nokkra af nefndarmönnum til að íhuga þessa uppástúngu sèr í lagi.

Konúngsfulltrúi: Eg get ekki annað en álitið það rètt, að hinn háttvirti *forseti* hefir veitt móttöku þeirri uppástúngu, sem hèr liggur fyrir, því hún snertir það málefni, sem mjög áríðanda er fyrir landið að komizt geti í rètt horf, enda var mèr þess einnig von af þíngmanni Árnesínga, að hann ekki mundi koma með aðra uppástúngu en þá, er væri í sannar þarfir landsins. Þó verð eg að vera samdóma þíngmanninum í Mýrasýslu í því, að uppástúngan sè ekki svo fast ákvörðuð, að hún að öllu leyti fullnægi boðum alþíngistilskipunarinnar í 62. grein. Uppástúngan fer nl. ekki fram á annað, en að alþíngi tjái álit sitt um, hver ráðstöfun muni bezt eiga við um ásauðarkúgildi í landinu, þar sem sauðpeníngur fellur fyrir kláðafaraldrinu. Þessi uppástúnga ber málið upp fyrir þínginu, sem nokkurs konar álitsmál *(Betænkningssag)*, en tekur ekki fram eða bendir á þau atriði, er vera ætti aðalatriði í lagaboði um skyldur og rèttindi leiguliða og eigenda í tilliti til ásauðarkúgildanna, og þetta hefði þó þurft að vera, ef að uppástúngan eptir anda og orðum alþíngistilskipunarinnar hefði átt að geta heitið viss *(bestemt Forslag)*. Eg verð að styðja mál þeirra þíngmanna, sem álíta það miður eiga við, að vísa þessu málefni til fjárkláðanefndarinnar. Hennar verkefni er, að ákveða þær opinberu ráðstafanir, sem bezt þykja við eiga, til þess að útrýmt verði fjárkláðasýkinni úr landinu, en þessi uppástúnga miðar til að ákvarða hin innbyrðis rèttindi og skyldur leiguliða og landsdrottna áhrærandi ábyrgðina á þeim ásauðarkúgildum, sem falla kunna í fjársýkinni. Þetta málefni verður bezt yfirvegað af sèrstakri nefnd, og hennar verkefni ætti að vera, að semja reglur um, í hverjum tilfellum og að hve miklu leyti skaði sá, er leiðir af falli ásauðarkúgildanna, eigi að lenda á landsdrottni eða leiguliða eður deilast á milli þeirra. Það er að sönnu til eldra lagaboð um þetta

efni, er út kom eptir kláðafaraldrið á síðastliðinni öld, og sèrstaklegar ákvarðanir í vissum tilfellum, en það getur verið, að lagaboð þetta eigi ekki sem bezt við nú á tímum, svo að því þyrfti nokkuð að breyta, og því vil eg fyrir mitt leyti, þó nokkur formgalli kunni að vera á uppástúngunni, ekki vera því mótfallinn, að nefnd sè kosin í málinu, ef þínginu þykir það fært vegna tímans naumleika.

H. G. Thordersen: Tveir af þíngmönnum hafa talað um brèf frá stiptsyfirvöldunum viðvíkjandi þessu kúgildamáli. Þetta er nú satt, að nokkrir *Beneficiarii* hafa gjört fyrirspurn til stiptsyfirvaldanna, hvað ætti að gjöra, ef kúgildin fèlli á kirkjueignum. Annar þessara þíngmanna er ekki ánægður með svar stiptsyfirvaldanna, en hinn hermir ekki alls kostar rètt frá, líklega hefir hann ekki sèð brèfin; til allrar óhamíngju tók eg ekki brèfin með mèr híngað á þíngið (*Forseti:* Eg vildi biðja hinn háttvirta þíngmann, að fara ekki nú leingra inn í efni málsins en þarf, þar eð hèr er einúngis umræða um, hvort nefnd skuli setja). Eg skal þá ekki gjöra það, en einúngis geta þess, að eg er á móti því, að nefnd verði kosin í þessu máli.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, vil eg skjóta því til atkvæða þíngmanna, og mun eg leita atkvæða um þrjú atriði: 1. hvort þíngið vill, yfir höfuð að tala, taka þessa uppástúngu til meðferðar, 2. hvort henni skuli vísað til fjárkláðanefndarinnar, og 3. hvort nefnd skuli kjósa í það sèr í lagi.

Síðan var geingið til atkvæða, og var 1. atriði samþykkt með 17 atkvæðum gegn 4, 2. fellt með 13 gegn 8, og hið 3. samþykkt með 13 gegn 8. — Því næst var ákveðið, að 3 menn skyldi setja í nefnd þessa, og voru þessir til kjörnir: *M. Andrèsson* með 12 atkvæðum, *V. Finsen* með 7; og 5 atkvæði feingu þessir 6 þíngmenn hver um sig: *H. G. Thordersen, Þ. Jónassen, Þ. Guðmundsson, Jón Guðmundsson, J. Samsonsson* og *P. Sigurðsson;* þar *H. G. Thordersen* var elztur þessara 6 þíngmanna, varð hann nefndarmaður.

Forseti: Þessu næst kemur þá, eptir dagskránni, *lagaskólamálið* til undirbúníngsumræðu.

Síðan lèt *forseti* afhenda nefndarálitið *framsögumanni, H. Kr. Friðrikssyni,* og las hann það upp, svo hljóðanda:

„Hið heiðraða alþíngi hefir kosið oss, sem hèr ritum nöfn vor

undir, í nefnd til að segja álit vort um bænarskrá og uppástúngu til þíngsins frá einum af oss, *H. Kr. Friðrikssyni,* um að rita konúngi bænarskrá þess efnis:

1. að stofnaður yrði lögfræðíngaskóli hèr í Reykjavík,
2. að þeir, sem tæki embættispróf í þessum skóla, mætti öðlast rètt til lögfræðínga embætta hèr á landi,
3. að kostnaðurinn til þessa skóla mætti greiðast úr ríkissjóðnum;

og var oss einnig afhent bænarskrá, dags. 22. dag maímánaðar þ. á., frá 18 vísindamönnum í Kaupmannahöfn um sama efni, og er það álit vort um málefni þetta, sem nú skal greina.

Til alþíngis 1855 kom bænarskrá um mál þetta, og rèð þá alþíngi af með 15 atkvæðum gegn 6, að senda konúngi bænarskrá um atriði þau, sem fram eru tekin í uppástúngunni til þíngsins núna; en konúngur vor hefir í auglýsíngu sinni til þíngsins 27. dag maím. þ. á. að eins svarað því, að honum eigi hafi þótt ástæða til að verða við ósk þíngsins í þessu máli, án þess þó að skýrt sè frá, hverjar þær ástæður sè, sem aptri honum frá að verða við bæninni, og meðan eingar koma ástæðurnar fram fyrir synjuninni, getur meira hluta nefndarinnar, *Ó. Sívertsen* og *H. Kr. Friðrikssyni,* ekki virzt ástæða til að hætta við þetta mál að svo gjörvu, en verður að ráða þínginu til að ítreka bænir sínar um þetta mál við konúng vorn.

Meira hluta nefndarinnar er það ljóst, eins og nefnd þeirri, sem sett var í máliö á alþíngi 1855, að með því hinir „dönsku júristar", sem svo eru kallaðir, eigi þykja hæfir til dómara í Danmörku, hversu vel sem þeir annars kynni að vera að sèr, þá njótum vèr Íslendíngar eigi jafnrèttis við Dani í þessu efni, því þótt mörgu hverju sè ólíkt varið þar og hèr, þá verða þó dómarastörfin að okkru áliti að vera eins vandasöm hèr og þar, og þegar því er barið við, að þeir Íslendíngar, sem taka hið fullkomnara próf í lögfræði við Kaupmannahafnarháskóla, sè svo fáir, að eigi sè ávallt nógir í embættin, og danskir menn, er tekið hafi hið fullkomnara próf í lögfræði, eigi vilji sækja um þau, vegna þess að þeir fái betri embætti í Danmörku, auk annars, og stjórnin því neyðist til að veita hinum svo nefndu „dönsku júristum" dómaraembættin hèr á landi, þá virðist oss sú ástæða næsta lèttvæg og ósamboðin góðri stjórn, er lætur sèr jafnan annt um rèttindi og velferð þegna sinna, því að það liggur í augum uppi, að það getur eingin ástæða verið til að fela dómarastörf hèr á landi á hendur þeim mönnum, er Dönum ekki þykja hæfir til þess, það að launin sè svo lítil, eða embættin einhverra or-

saka vegna óaðgeingileg; þetta getur að eins verið ástæða til að bæta embættin og gjöra þau aðgeingilegri, og til þess virðist oss beinastur og rèttastur vegur, eptir því sem hèr er ástatt, að gjöra mönnum sem hægast fyrir með námið, það nám, sem nauðsynlegt virðist til þess, að hver og einn geti staðið sómalega í dómarastöðu sinni, og aflað sèr trausts undirmanna sinna; en til þess að gjöra mönnum sem hægast fyrir með námið, verður meiri hlutinn að álíta beinasta og rèttasta veginn, að stofna lagaskóla hèr í landinu sjálfu. Með þessum skóla verðum vèr að telja það áunnið, að kennslan yrði að verða hagkvæmari fyrir embættismanninn á eptir, er hann kæmi í embætti, heldur en sú kennsla, er nú fæst við Kaupmannahafnarháskóla, því að það er svo sem auðvitað, að auk þess, sem í skóla þessum verða kenndar hinar almennari greinir lögfræðinnar, t. a. m. hin heimspekilega lögfræði *(Retsphilosophie)*, og þær greinarnar, sem að mestu eru sameiginlegar fyrir Danmörku og Ísland, t. a. m. málarekstur, þá ætti sèr í lagi að kenna íslenzk lög og íslenzkan rètt, og mundi þá kennslan í hinum íslenzku lögum verða fullkomnari, heldur en hún nú er við háskólann í Kaupmannahöfn, sem má heita því nær alls eingin, og þar sem því nær alls ekki er haft tillit til þeirra laga, er gilda fyrir Ísland, og alls ekki í kennslu hinna „dönsku júrista“, og enda þótt kennslunni í lagaskólanum hèr kynni að verða ábótavant í fyrstu, mundi það lagast smátt og smátt. Það virðist okkur og að hverjum og einum gefi að skilja, að slíkur skóli, eins og vísindastofnanir yfir höfuð, muni eigi all-lítið styðja að framförum landsins, því að því fleiri vísindastofnanir sem í landinu eru, því fremur verður og menntun í ýmsum greinum og með ýmsu móti að útbreiðast um landið.

Þeir, sem í skólann geingi og vildi sækja um embætti hèr á landi á eptir, ætti sjálfsagt einúngis að vera stúdentar, og ætti þeir þá sjálfsagt að gánga undir próf í forspjallsvísindum, áður en þeir tæki embættispróf, eins og nú á sèr stað í prestaskólanum.

Þegar við nú snúum oss að fyrirkomulaginu, þá erum við að öllu leyti samdóma nefnd þeirri, sem sett var í mál þetta á alþíngi 1855, að 2 kennendur geti hæglega lesið það í 3 ár, sem hver þyrfti að nema til þess að verða hæfur til embættismanns á eptir, en þó getum vèr vel ímyndað oss, að eins haganlegt yrði, og þó kostnaðarminna, að hafa að eins *einn fastan* kennara við skólann, en það, sem hann kæmist eigi yfir að lesa, mætti vel fela á hendur öðrum lögfróðum mönnum hèr í bænum að kenna, og mundi hægt

að fá menn til þess, einkum dómarana í landsyfirrèttinum, sem og líka, ef til vill, málaflutníngsmenn þá, sem nú er þegar í ráði að setja við landsyfirrèttinn, og, ef þetta fyrirkomulag yrði á haft, teljum vèr kostnaðinn þenna árlega:

til forstöðumannsins	1250 rd.
til tímakennara	600 —
til húsaleigu og eldiviðar	200 —
til bókakaupa	100 —
til ýmislegra annara útgjalda	100 —
samtals	2,250 rd.,

og getum við eigi betur sèð, en hèr sè ríflega ílagt. Nú kynni einhver að segja, að bæta mætti úr kennsluskortinum við háskólann með því, að setja þar sèrstakan kennara í íslenzkum lögum, þá mundi hann að minnsta kosti kosta 1600 rd. á ári; en þá yrði og að leggja á lögfræðínga þá, er verða vildi embættismenn hèr á landi, nýjan kostnað til námsins, svo að sú tilhögun mundi verða jafnvel töluvert kostnaðarmeiri en lagaskóli hèr. Ef vèr nú enn fremur teljum, að hver stúdent, sem les lög við háskólann í Kaupmannahöfn, þurfi á ári 400 rd., og hann með iðni og atorku þurfi eigi nema 5 ár til að taka embættispróf, eða hver þurfi alls til veru sinnar við háskólann 2000 rd., en hèr í Reykjavík að eins 250 rd. á ári í hæsta lagi, eður í 3 ár 750 rd., þá sparast auðsjáanlega fyrir hvern þann, sem tekur embættispróf hèr á landi, 1250 rd.

Nú er þá að eins eptir að minnast á, hvaðan fè það skuli taka, er þarf til lagaskóla þessa, og verðum við þá að játa, að með því konúngur í auglýsíngu sinni til alþíngis 27. d. maím. þ. á. eigi hefir borið það fyrir sem ástæðu til synjunarinnar um stofnun skóla þessa, að alþíngi 1855 hafi eigi vísað á neinn nýjan tekjustofn handa skólanum, þá virðist okkur eingin ástæða til að vísa á annað fè en ríkissjóðinn, enda er kostnaður þessi eigi svo mikill, að hann geti fælt stjórnina frá stofnun skólans, og allrasízt þegar hann er borinn saman við það, hversu mikið gott getur af skólanum leitt fyrir landið. Okkur virðist og, að stjórnin með konúngsbrèfi 29. dag aprílmánaðar 1785 og 2. d. októberm. 1801 hafi í raun rèttri tekið að sèr að kosta þá kennslu af ríkissjóðnum, sem nauðsynleg þykir fyrir hvern einn til að geta feingið embætti hèr á landi, hvort heldur verzlegt eður prestlegt, og stjórnin hefir líka í verkinu geingið við þessari skyldu sinni, er hún á kostnað ríkissjóðsins hefir stofnað prestaskólann, og enda þótt einhverjum þætti þessi skylda vafa-

söm, þá verður þó með eingu móti öðruvísi álitið, en að stjórnin sè skyld til að leggja fè af ríkissjóðnum til þeirra vísindastofnana, er oss eru með öllu ómissandi, og ein af þeim er lagaskólinn, á meðan fjárhagur Danmerkur og Íslands er með öllu óaðgreindur.

Af ástæðum þeim, er við þegar höfum til greint, verðum við að ráða hinu heiðraða alþíngi til, að rita vorum milda konúngi allraþegnsamlegasta bænarskrá um:

1. að 15. grein í tilsk. 26. d. janúarm. 1821 verði úr lögum numin, að svo miklu leyti hún ákveður, að hinir „dönsku júristar", sem svo eru kallaðir, geti orðið embættismenn á Íslandi, svo að sýslumannaembættin hèr á landi eigi verði veitt neinum, sem hèr eptir les að eins dönsk lög.
2. að sem allrafyrst verði stofnaður kennsluskóli í Reykjavík handa lögfræðíngaefnum, er áður hafi lokið burtfararprófi við lærðan skóla, og taki þeir próf í forspjallsvísindum, áður en þeir taka embættispróf við skóla þenna, og að í skóla þessum verði veitt kennsla í heimspekilegri lögfræði og íslenzkum lögum og rètti.
3. að lögfræðíngar þeir, sem tæki embættispróf í skóla þessum og reyndist hæfir, mætti öðlast rètt til lögfræðíngaembætta hèr á landi, þó með þeim nákvæmari ákvörðunum, er þurfa þætti.
4. að kostnaðurinn til fyrtèðs lagaskóla allramildilegast mætti verða greiddur úr ríkissjóðnum.

Reykjavík, 20. d. júlím. 1857.

H. Kr. Friðriksson, Ó. Sívertsen. Þ. Jónassen.
formaður og framsögum.

Minni hlutinn *(Þ. Jónassen)* getur ekki verið meira hlutanum samdóma í því, að sú stofnun, sem hèr er verið að biðja um, sè nauðsynleg, eða að hún, þó hún kæmist upp, mundi geta orðið landinu að því gagni, sem í bænarskránni er gjört ráð fyrir.

Stofnun þessi er ekki *nauðsynleg,* því íslenzk lög eru ekki svo sèrstakleg eða svo frábrugðin þeim dönsku, að af þessari ástæðu sè þörf á að stofna hèr lagaskóla handa íslenzkum lögfræðíngum, því þeir, sem numið hafa dönsk lög við háskólann, geta á stuttum tíma komizt niður í því, sem hèr á landi er frábrugðið eða sèrstaklegt í löggjöfinni, að því leyti þeir ekki hafa feingið kost á að fræðast í þessu við háskólann, sem eg gjöri ráð fyrir þeir geti í öllu verulegu, eða þá að sú tilhögun verði gjörð á háskólakennslunni, að þeir íslenzku lögfræðíngar geti það eptirleiðis.

Lagaskólinn getur með því fyrirkomulagi, sem bænarskráin ætl-

ast til að verði á honum, ekki látið þá menntun í tè, sem fullnægi þörfum og kröfum tímanna, og það mundi því leiða til apturfarar í lagaþekkíngu hèr á landi, ef lögfræðíngar og verzlegir embættismenn hèr ætti ekki að kunna nema íslenzk lög, auk þess að það virðist óviðurkvæmilegt, að þekkíng í dönskum lögum og rètti skuli vera álitin ekki einúngis óþörf fyrir íslenzka lögfræðínga, heldur útilokuð að lögum, þar sem svo margt og mikið er sameiginlegt og umvarðanda að þekkja í fyrirkomulagi, lögum og tilskipunum Dana.

Skólinn getur ekki, þó hann komist á, feingið hæfilega aðsókn *(Freqvents)*, því bænarskráin áskilur, og að vísu með góðum rökum, að þeir, sem þar vilja nema lögfræði, skuli vera skólageingnir menn eða stúdentar, en nú geta menn ekki gjört ráð fyrir, að fleiri skrifist út úr latínuskólanum en í mesta lagi 6 á ári, en þegar þeim er skipt niður á presta- og lagaskólann, jafnt á báða, er það einsætt, að aðsóknin getur ekki orðið slík, að ástæða sè til að kosta upp á sèrstaka lærdómsstofnun handa 2 eða 3 mönnum, því frá þeim 6, sem út skrifast árlega, má aptur draga 1 eða 2, sem annaðhvort sigla, eða taka sèr aðra lífsstöðu.

Að stjórnin sjálfsagt eigi að greiða kostnaðinn til lagaskólans úr ríkissjóðnum, um það skal eg ekki þrátta við meira hlutann, en ekki ætla eg, að stjórnin hafi viðurkennt þetta viðvíkjandi prestaskólanum, þótt kostnaðurinn til þessa skóla híngað til hafi verið greiddur úr ríkissjóðnum, en þó svo væri, þá er allt öðru máli þar að gegna, því prestaskólinn er miklu nauðsynlegri stofnun en lagaskólinn, svo þar er ólíku saman að jafna.

Þar eð nú minni hlutinn ekki getur álitið, að lagaskóli sá, sem hèr er beðið um, sè nauðsynlegur, eða að hann, þó hann kæmist á fót með ærnum kostnaði, geti orðið að verulegum og sönnum notum, kemst hann að þeirri niðurstöðu:

að þíngið eigi einga bænarskrá að senda um þetta mál.

Reykjavík, 21. júlí 1857.

Þ. Jónassen".

Framsögumaður: Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta mál, því eg vona, að nefndarálit meira hlutans sè svo greinilega samið, að öllum þíngmönnum sè ástæður hans svo ljósar, að þeir sjái, því þeir vilja halda málinu áfram, en það er einkum um kennsluna í lagaskólanum, að eg vildi fara fáeinum orðum. Það kynni að vera nokkur vafi á, hvort sú tilhögun á kennslunni, sem

meiri hlutinn hefir stúngið upp á, sè hin bezta, en með því að 1855 voru kosnir hinir beztu menn þíngsins, og meðfram einhver hinn löglærðasti í nefnd þá, er skipuð var þá í skólamálið, og hún stakk upp á þessari tilhögun á kennslunni, þá vildi meiri hlutinn ekki víkja frá þeim uppástúngum, fyrst hún hafði eingar brýnar ástæður til að gjöra það. Minni hluti nefndarinnar hefir, að því er mèr virðist, fært 2 aðalástæður til þess, að hann vilji ráða þínginu til, að senda konúngi einga bænarskrá um þetta mál; önnur ástæðan er sú, að skóli þessi sè *ekki nauðsynlegur,* en hin, að það horfði til *apturfarar* í lagakennslunni, að fá slíkan skóla stofnaðan. Hinn háttvirti meðnefndarmaður minn hefir nú ekki komizt vel frá hinni fyrri ástæðu sinni, því hann hefir ekki svo mikið sem með einu dæmi sýnt, að næg kennsla væri í íslenzkum lögum við háskólann; hann hefir ekki heldur getað sýnt, að nógir löglærðir menn kæmi þaðan, svo að ekki þyrfti að grípa til þeirra óyndisúrræða, að taka „dönsku júristana" í embættin, vegna örðugleika þeirra, sem á því eru, að nema lög við háskólann; hann hefir ekki borið á móti því, og getur heldur ekki, að lagamenntunin hèr í landinu væri æskileg og til ómetanlegs gagns fyrir landið; það virðist, að það eina hafi vakað fyrir honum, að fyrst það hefir baslazt svona híngað til, þá geti það og baslazt svona hèðan af; þetta mun hafa verið aðalástæðan, sem vakað hefir fyrir honum. Það hafa nú svo margir tekið það fram, hversu ónóg kennslan sè við háskólann í hinum íslenzku lögum, að það er óþarfi fyrir mig að taka það upp, eg get og líka vísað mönnum til fyrirlestra þeirra, sem haldnir hafa verið nú við háskólann, og liggja hèr frammi á lestrarsalnum. Af fyrirlestrum þessum geta menn sannfærzt um, að þeir, sem koma frá háskólanum, þekkja lítið sem ekkert til þeirra laganna, sem eru sèrstök fyrir Ísland, fyrir háskólakennsluna; og er það heldur eingin von, eptir því sem kennslunni er þar hagað núna. En þar sem hinn háttvirti meðnefndarmaður minn áleit, að það mundi horfa til *apturfarar,* að setja lagaskóla hèr í landi, þá get eg ekki skilið í því, hvernig hann getur leitt sèr það í hug, hvort svo sem kennslan verður falin sèrstökum kennendum á hendur, eður þeim mönnum, sem hafa æðstu lagaembætti hèr og eru álitnir manna lögfróðastir; eg er viss um, að hinn háttvirti meðnefndarmaður minn bæði treystir sèr til og getur kennt lögfræðíngaefnum svo vel lög, að því nær öllum dómum þeirra verði eigi á síðan vísað frá við landsyfirrèttinn, vegna dómgalla, eins og nú þó finnast dæmi; eg er sannfærður um, að hann getur kennt svo

vel lögin, að sá, sem hann kennir, eigi þurfi að sitja við sama dóminn í 2 ár, og dæma hann 4 eða 5 sinnum hvað eptir annað, og þó loksins komist að með mestu herkjubrögðum; ef hann treystir sèr ekki til að kenna þeim svo vel lög, segi eg, þá get eg trúað honum til þess, að lagakennslan hèr muni leiða til *apturfarar,* en treysti hann sèr að kenna lögin svo vel, að slík dæmi ekki eigi sèr stað, þá segi eg það leiði til framfarar. Þá getur hann og þess, að ekki muni nóg *aðsókn* verða að skóla þessum, vegna þess að svo fáir læri í latínuskólanum, en hvers vegna er þá lærði skólinn svo fámennur? Eg vil eigi og mèr þykir það eigi við eiga, að telja upp allar ástæður til þess og orsakir; en á meðal þeirra er sannarlega ein sú, að menn geta sèð það fyrirfram, að þeir hafi ekki efni til að halda áfram náminu við háskólann á eptir, og eru því útilokaðir frá því námi, sem mest væri eptir þeirra geði, og þannig líka frá embættunum. Eg er viss um, að því greiðara sem mönnum er gjört fyrir með námið til þess að komast í embættin, því meir fjölgar í lærða skólanum. Þá hefir og hinn háttvirti meðnefndarmaður minn gjört athugasemdir sínar við það, er meiri hlutinn stakk upp á, að kostnaðurinn skyldi greiddur úr ríkissjóðnum, en hann segist ekki vilja þrátta við meira hlutann um það, og eg skal heldur ekki þrátta við hann um það, að kostnaðurinn muni *ekki* verða greiddur úr ríkissjóðnum; enda fulltreysti eg því, að hinn mildi konúngur vor, sem lætur sèr svo annt um, að styðja allar menntir og framfarir vor Íslendínga, muni ekki láta einna 2250 rd. útgjöld fæla sig frá að koma þeirri menntastofnun á, sem er svo nauðsynleg og ómissandi fyrir landið, og það því heldur sem hèr er svo ríflega í lagt, að varla þarf að óttast fyrir, að kostnaðurinn verði meiri. Af þessu, sem eg nú hefi sagt, get eg ekki tekið ástæðu hins háttvirta meðnefndarmanns míns til greina. Þegar það er sagt án þess að koma með neinar ástæður fyrir því, að fèð muni eigi fást úr ríkissjóðnum, þá tek eg þann spádóm eigi gildara en minn.

Eg legg þá málið á þíngsins vald, fullviss um, að það muni styðja það og styrkja.

Þ. Jónassen: Þar eð mig, eins og nefndarálitið ber með sèr, hefir ágreint við meira hlutann í þessu máli, ætla eg að fara fáum orðum um þessa frábrugðnu skoðun mína á málinu, enda þó eg ætli, að eg hafi tekið ástæður mínar fram í ágreiníngsáliti mínu svo skiljanlega, sem þurfti. Hinn heiðraði *framsögumaður* hefir með mörgum orðum leitazt við að hrekja ástæður mínar, og niður-

staðan verður hjá honum að lyktum, að þær sè einkis verðar og óhafandi; hann segir, að eg hafi álitið skóla þenna ónauðsynlegan og spáð því, að hann, ef hann kæmist upp, leiddi til apturfarar í lagaþekkíngu; þetta hefi eg sagt, og fært sönnur á það, með því að benda á það, að eptir hans uppástúngu ætti að útiloka frá kennslunni í íslenzka lagaskólanum alla kennslu í dönskum lögum; þetta eina atriði sýnist mèr vera nóg sönnun fyrir þeirri apturför í lagaþekkíngunni, sem eg í ágreiníngsáliti mínu hefi sagt að ekki yrði komizt hjá með því fyrirkomulagi á kennslunni, sem meiri hlutinn hefir tekið fram, og þetta held eg ekki verði rekið, auk þess hvað það er óviðurkvæmilegt að útiloka íslenzka lögfræðínga frá þekkíngu í dönskum lögum, en það eru þó ekki þessi 2 atriði, sem eg einkum byggi á. Eg byggi ágreiníngsálit mitt sèr í lagi á því, að skólinn gæti ekki feingið neina aðsókn, því þar sem meiri hlutinn ætlast til, að einúngis skólageingnir menn eigi aðgáng að lagaskólanum, en ekki útskrifast nema í mesta lagi 6 á ári, og þessir 6 skiptast á milli prestaskólans, háskólans og lagaskólans, þá kæmi í mesta lagi 2 í hlut handa lagaskólanum, og þegar svo væri ástatt, þótti mèr og þykir það ekki takanda í mál, að stofna aðra eins stofnun og þessa handa jafnfáum mönnum, og það því síður, sem hún mundi kosta miklu meira, en meiri hlutinn gjörir ráð fyrir, að vísu allt að 4000 rd. um árið, eða á borð við prestaskólann. Þessi kostnaður, þegar ekki er meiri nauðsyn, en eg ætla, á stofnuninni, var það, sem einkum rèð skoðun minni á málinu, en eingan veginn sú ástæða, sem *framsögumaður* leggur mèr í munn, nefnilega sú, að fyrst við höfum *baslað* svona lagaskólalausir híngað til, getum við eptirleiðis baslað við sömu kjör. Um lagakennsluna við háskólann ætla eg ekki að vera margorður; eg þekki hana ekki nógu vel til þess, en verð þó að halda, að hún sè miklu betri, en hinn heiðraði *framsögumaður* segir, og raun ber líka vitni um, að svo sè. Að kostnaðurinn til lagaskólans, sè sjálfsagður úr ríkissjóðnum, get eg ekki fullyrt með þeim heiðraða *framsögumanni,* því þar sem stjórnin, eins og auglýsíng konúngsins til þíngsins 1847 vottar, ekki áleit þetta sjálfsagt um prestaskólann okkar, get eg ekki vonazt eptir því fyrir lagaskólann, en eigi landið að bera kostnaðinn, álít eg honum miklu betur varið til margs annars, sem oss nauðsynjar um að biðja og koma á fót hjá oss. Hvernig sem eg því lít á þetta mál, get eg með eingu móti sannfærzt um það, að það sè gild ástæða til þess að fara því á flot við stjórnina; enda er áður búið

að hreifa því árángurslaust; í stuttu máli: eg sè einga nauðsyn og ekkert verulegt gagn fyrir landið af slíkri stofnun, ætla eg því ekki að eyða fleirum orðum um þetta mál.

Framsögumaður: Eg þarf ekki að svara hinum háttvirta konúngkjörna þíngmanni mörgu, því þar eð hann hefir ekkert sannað, þarf eg ekkert að hrekja. Hann sagði, að meiri hlutinn hefði ætlazt til, að ekkert væri kennt í skólanum nema hin sèrstöku lög, sem á Íslandi gilda, en eg vil biðja hann að gá betur að, og þá mun hann sjá, að við ætlumst til, að kennd verði öll þau lög, sem eru sameiginleg fyrir Danmörku og Ísland. Þetta er tekið fram með berum orðum. En eg vil þá spyrja hinn háttvirta þíngmann, hvort það sè rètt, að hinir íslenzku embættismenn nemi hin sèrstöku lög fyrir Danmörku, en ekki hin sèrstöku lög fyrir Ísland? Eptir hverju eiga dómendur vorir að dæma, íslenzkum eður dönskum lögum? Eg ætla, eptir íslenzkum, og því verð eg að álíta, að það sè óþarft fyrir þá að vita hin sèrstöku dönsku lög, og að minnsta kosti eingu þarfara, en að læra sèrskild lög á Einglandi eður Frakklandi. Hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður getur þó ekki borið á móti því, að það sè heilir kaflar í lögum vorum, sem eru sèrstakir fyrir oss, t. a. m. rekabálkur, landsleigubálkur, eður rekalögin og landbúnaðarlögin, erfðalögin að nokkru leyti, og öll skattalögin, og þó er íslenzkum lögfræðíngum ekki gefin nein leiðbeiníng í þessu við háskólann. Þá sagði og hinn háttvirti þíngmaður það, að þar sem við hefðum stúngið upp á 2250 rd. til kostnaðar skólans, þá mundi ekki veita af 4000 rd. En hvar er sönnunin? Hinn háttvirti þíngmaður hefði þó átt að sýna fram á, að meiri hlutinn hefði annaðhvort gleymt einhverju atriði, eða ætlað of lítið fyrir eitthvað; en það hefir hann ekki gjört, svo ekki verður sèð, hvernig hann fer að leggja þenna kostnað niður; þegar hann því segir, að hin árlegu útgjöld skólans muni verða 4000 rd., þá getur annar með eins miklum rètti sagt, að þau verði 30,000; aptur á mót hefir meiri hlutinn lagt niður fyrir þínginu greinilega áætlun yfir allan kostnað skólans, og þann reikníng hefir minni hlutinn ekki hrakið. Hinn háttvirti þíngmaður sagði, að prestaskólinn kostaði meira; þessu trúi eg dável, en þar eru líka 3 kennarar; einn þeirra er kennari í forspjallsvísindum, en hann gæti kennt forspjallsvísindin í báðum skólunum, og því þarf ekki að telja neinn nýjan kostnað fyrir kennslu í þeim við lagaskólann, og því hlýtur og lagaskólinn að kosta minna en prestaskólinn. Þá þótti hinum háttvirta þíngmanni það áhorfsmál, að

biðja um að greiða kostnaðinn úr ríkissjóðnum. Þetta er nú eitt af því gamla, sem vèr höfum svo opt heyrt; en eg held, að á meðan stjórnin hefir ekki talið það sem ástæðu til synjunar lagaskólans, að kostnaðurinn yrði að takast annarstaðar frá, en úr ríkissjóðnum, og alþíngi 1855 eigi hafi vísað á neitt fè, annað en ríkissjóðinn, og það gjörir hún alls ekki í auglýsíngunni til alþíngis þ. á., þá sè og heldur eingin ástæða fyrir oss að gjöra það. Eg held og fyllilega, að stjórnin hafi með tilsk. 1785 og 1801, þegar hún lèt selja skólagóssin, tekið að sèr, að kosta alla skólamenntun handa þeim, sem gjörast vilja embættismenn hèr á landi; og hinum háttvirta þíngmanni mun það ekki ókunnugt, að fyrrum voru þeir, sem útskrifaðir voru úr skólum hèr, gildir til allra embætta í landinu.

P. Sigurðsson: Eg var einn þeirra nefndarmanna, sem 1855 ræddu þetta málefni, og eins og eg þá, jafnt og aðrir meðnefndarmenn mínir, var á þeirri skoðun, að sú mundi kennslan verða okkur Íslendíngum hollust og þjóðernislegust, í hverri vísindagrein sem væri, að hún gæti feingizt hèr í landi, þá hefi eg ekki breytt skoðun minni enn í þessu efni. Meiri hluti nefndarinnar vill fá skóla þenna híngað í Reykjavík, og það er líklegt, að hèr yrði hæg-ast að koma áfram kennslunni. Minni hlutinn er mótfallinn þessum skóla hèr, og færir þær ástæður fyrir, að svo fáir muni gánga í skóla þenna, að þvílík stofnun muni ekki svara kostnaði. En skyldi það koma fyrir, sem eg vona, að fjárhagur vor yrði aðskilinn frá Danmerkur, þá er mèr spurn, hvort kennsla íslenzkra lögfræðínga mundi verða kostnaðarminni í Danmörku, því væri þar ekki sá maður, sem sèr í lagi kenndi íslenzk lög, þá mun sú menntun, sem Íslendíngar ná þar, þó hún annars verði mikil, verða samt óþjóðleg og þess vegna ekki koma okkur að þeim eptiræsktu notum. En yrði þar settur sèrstakur kennari okkar vegna, þá get eg ímyndað mèr, að hann verði okkur ekki kostnaðarlaus, og því get eg ekki látið ástæðu þá, sem minni hlutinn hefir tekið fram telja mèr hugþvarf í þessu. En það getur líka verið önnur ástæða, sem sá háttvirti konúngkjörni þíngmaður (minni hlutinn) hafi bak við eyrað, en vilji ekki kveða upp, með því hann er bæði greindur og roskinn embættismaður og hefir leingi verið búsettur hèr í Reykjavík; það er ekki lángt, síðan að hèr á þíngi heyrðust hárómaðar raddir yfir því, hvað laun þeirra tilhuguðu málsfærslumanna, sem nefndin kvað upp með, væri forsmánarlega lítil, til að bjóða slíkt konúnglegum embættismönnum; hèr væri svo dýrt að lifa, launin yrði að vera

mikil. Þá mun honum þykja mikið ísjárvert, og það þykir mèr líka, að vera þá að búnka hvern embættismann þessa lands ofan á annan í þenna harðindaskekil, hana Reykjavík, því sè hèr eins dýrkeypt og örðugt að draga fram líf sitt, eins og embættismennirnir hèrna lýsa því, sem víst mega vera því kunnugir, þá er hún rètt nefnd sultarkompa, og held eg sè því aðgæzluvert, að vera að fjölga þeim hèr. En fái Íslendíngar fjárráð sín í hendur, og þeir svo sjá, að þeir með því tillagi, sem þeir framast eptir kröptum sínum geta tillagt, muni þó ekki geta varið þá embættismenn sína, sem búa í Reykjavík, fyrir horfalli, þá munu þeir verða fúsir til, að hleypa þeim út á einhver sinuborðin í sveitunum, til að láta þá þar líða ljúft og leitt með sjálfum þeim, og í því trausti og með þeirri von ætla eg að aðhyllast álit meira hluta nefndarinnar.

Á. Einarsson: Eg hefi fáu að bæta við það, er hinn háttvirti *framsögumaður* hefir nú sagt. Hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður gat þess, að stjórnin hefði ekki viðurkennt, að það væri skylda hennar að kosta prestaskólann, heldur mundi kostnaðurinn á síðan koma niður á landið. Í konúnglegri auglýsíng til alþíngis 1847 er að eins sagt: „Má það að sönnu kalla rètt og sanngjarnlegt, að landsmenn endurgjaldi kostnað þann, sem til þess (að flytja latínuskólann til Reykjavíkur, bæta kennsluna í honum og stofna prestaskólann) hefir verið borgaður úr vorum sjóði; en vèr munum þó allramildilegast skjóta á frest fjárheimtu þessari, þángað til vèr getum skýrt alþíngi nákvæmlega frá, hve miklu fè varið hafi verið til stofnunar beggja skólanna, og hversu mikið muni þurfa um árið þeim til viðurhalds, *fram yfir það,* sem tekjur skólans hrökkva til“. Þó nú auglýsíngin virðist benda til þess, að stjórnin kunni að bera málið síðar undir alþíngi, þá hefir hún hvorki gjört það enn, og svo held eg megi fullyrða, að auglýsíngin geti ekki lètt þeirri skyldu af stjórninni, er hún hefir áður tekizt á hendur með fyrri lagaboðum. Um kostnað til skóla þessa vil eg að eins segja, að meiri hlutinn hefir sýnt, hversu mikill hann yrði, og þann reikníng hefir minni hlutinn eigi hrakið. Mèr þykir það og eptirtektavert í þessu máli, að bænarskráin hefir hvorttveggja skiptið komið frá þeim einum, er lært hafa í latínuskólanum, og síðan í Kaupmannahöfn, og þeir vita þó manna bezt, bæði hvað það kostar að halda áfram lærdómi sínum í Kaupmannahöfn, og hversu ágætur lærdómurinn sè við háskólann. Reynslan hefir og sýnt, að flestir gánga á prestaskólann, sem ætla sèr að nema guðfræði; hið sama mundi og reynsl-

an sýna um lagaskólann. Menn hafa enn fremur talað um það, hverjar orsakir væri til þess, að svo fáir komi í latínuskólann; eg held, að þetta megi skoða ýmislega; það kemur að vísu ekki við þessu máli, hvernig menn eigi að koma í veg fyrir, að svo fáir læri, en eg vil þó leyfa mèr að geta þess, að það yrði bezt gjört, að ætlun minni, með því, að betri undirbúníngskennsla gæti feingizt heima í hèruðum, og skal eg að vísu ekki í þetta sinn skýra frá því, hvernig eg ímynda mèr að henni yrði bezt komið á, heldur hefi eg kastað þessu fram þíngmönnum til íhugunar framvegis. Eg verð enn að vera fastur á því, að menntun í lögum vorum geti ekki verið of hátt metin á rúma 2000 rd., eg held og, að það væri næsta þarflegt, að vèr ættum hèr á landi fleiri lögfróða menn en embættismennina eina; svo var það hjá forfeðrum vorum, og það væri eins þarflegt nú, og höfum vèr haft þess nokkra raun hèr á þíngi, bændurnir, þegar einhver hefir dembt á oss lagastafnum, að þá væri gott að kunna að bera hönd fyrir höfuð sèr, einkum ef lögfræðíngnum hefði orðið mismæli; svo að, þótt kostnaðurinn aldrei yrði greiddur úr ríkissjóðnum, þá vil eg þó leggja til þess að mínum hluta, að skólinn gæti samt komizt á, því lagamenntunin er oss nauðsynleg; en að menn geti numið lög hèr í landi, getum vèr meðal annars sèð á því, hversu vel margir af þeim verða að sèr, er leingi hafa verið skrifarar hjá embættismönnum vorum, og hefir þeim opt geingið þá vel að ná embættisprófi á eptir.

E. Ó. Kúld: Nú hefir bæði meiri og minni hluti nefndarinnar tekið fram sínar ástæður. Hjá minni hlutanum finnst mèr það vera hin helzta ástæða, að það sè naumast tilvinnanda að hafa þenna lagaskóla, einkum þar eð kostnaðurinn ekki samsvari þeim hagsmunum, sem af honum leiðir, með því ekki yrði nema 2 eða 3 menn, sem kæmi til lagaskólans á ári. Þetta er nú minna hlutans aðalástæða; eg læt nú hana liggja á millum hluta; það er svo hvert mál sem það er virt. Aptur finnst mèr það galli hjá meira hlutanum, að það mega ekki allir, sem vilja, gánga á skólann, því eptir því sem mèr skilst, eru það einúngis stúdentar frá lærða skólanum, sem lagaskólinn er ætlaður, en allir aðrir eru útilokaðir; að minnsta kosti var það 1855, eptir því sem mig minnir, ekki beinlínis tekið fram, að ekki aðrir en stúdentar frá hinum lærða skóla gæti tekið embættispróf við lagaskólann. Eg er nú ekki öldúngis þessu samþykkur, og ef ekki greindir bændur, sem hefði alla þá hæfilegleika til að bera, sem þyrfti til náms við lagaskólann, gæti komizt að honum og þannig

aflað sèr betri menntunar, veit eg ekki, nema eg komi með viðaukaatkvæði í þá stefnu.

Framsögumaður: Það stendur hvergi hjá meira hluta nefndarinnar, að allir sè útilokaðir frá lagaskólanum, nema stúdentar frá hinum lærða skóla. Álit meira hlutans er einúngis það, að ekki eigi aðrir að fá embætti, en stúdentar; en þrátt fyrir það geta þó aðrir, þótt þeir sè ekki stúdentar, numið íslenzk lög við skólann eptir vild sinni, og það er líka víst, að skólinn með því móti mundi útbreiða menntun um landið meðal almennings. En þar sem minni hlutinn sagði áðan, að ekki kæmi nema 5 til 6 menn frá lærða skólanum á ári, þá hefir hann þar ekki reiknað rètt; því skólatíminn er 6 ár, og ef í honum væri jafnaðarlega 40 til 50 piltar, þá ætti að útskrifast eptir rèttum reikníngi 7 til 8 stúdentar á ári, því það verður þó ætíð víst, að sex sinnum 7 eru 42 og sex sinnum 8 eru 48.

Forseti: Fyrst einginn tekur nú til máls, álít eg þessari undirbúníngsumræðu lokið. Eg vil geta þess, að eg hefi feingið *frumvarp til álitsskjals til konúngs í lagaboðamálinu,* og skal eg leyfa mèr að lesa það upp fyrir þínginu.

Síðan las *forseti* upp frumvarpið og var það samþykkt af þínginu, svo hljóðanda:

„Til konúngs.

Fulltrúi yðar konúnglegu hátignar á alþíngi hefir, eptir því sem segir í allrahæstum úrskurði frá 10. nóv. 1844 og að fyrirmælum löggæzluráðgjafans í brèfi hans frá 20. maí, er næst leið, borið upp á alþíngi í þetta skipti og beiðzt þíngsins álits um, hvort og að hvað miklu leyti nokkur lagaboð, sem af stjórnarherranum eru tilgreind, geti átt við á Íslandi, annaðhvort eins og þau eru, eða þá með þeim breytíngum, sem þínginu mætti virðast nauðsynlegar; eins og stjórnarherrann jafnframt hefir látið í ljósi, að það væri þínginu sjálfsagt heimilt, að taka til yfirvegunar, hvort nokkur fleiri lagaboð, en hann hefði tekið fram og tilgreint, væri þess eðlis, að það gæti átt við að lögleiða þau breytt eða óbreytt hèr á landi.

Þíngið kaus 5 manna nefnd til að íhuga þetta mál, og því næst var málið, eins og lög standa til, rætt á 2 aðalfundum og leyfir nú þíngið sèr allraþegnsamlegast að láta í ljósi það álit sitt á málinu, sem hèr segir.

Ráðgjafinn hefir að eins tilgreint 4 lagaboð sem líkleg til að ná lagagildi hèr á landi, nefnilega:

1. Lögin frá 22. febr. 1855, áhrærandi þær auglýsíngar, sem í vissum tilfellum áður voru uppáboðnar í *„Adresse-Contoirets Efterretninger“*.
2. Lög frá 6. apr. s. á., sem gjöra leiguburð af peníngum frjálsan í vissum tilfellum, og breyta hegníngu fyrir okur, etc.
3. Lögin frá 13. sept. s. á., sem leyfa dönskum skipherrum að taka útlenda sjómenn á mála.
4. Lögin frá 8. marz 1856, sem bjóða hæsta rètti að skýra frá ástæðum fyrir dómum sínum, en þíngið hefir enn fremur tekið til yfirvegunar:
5. Lagaboð frá 2. apr. 1855 um innköllun hinna gömlu ríkisorta.

Þíngið leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að skýra frá áliti sínu um sèrhvert af þessum lagaboðum, sem eptir fylgir.

Hvað fyrst lagaboðið nr. 1 snertir, hlaut þíngið að vera ráðherranum öldúngis samdóma í því, að lögleiða það hèr á landi vegna lagaboðsins frá 9. maí 1855, sem löggildir lögin frá 25. apr. 1850, en þíngið komst, við að ræða málið, til þeirrar niðurstöðu, að það yrði miklu hagkvæmara fyrir þetta land, að auglýsíngar þær, sem eptir því tilvitnaða lagaboði ætti eptirleiðis að birtast í *„Adresse-Contoirets-Efterretninger“*, yrði birtar hèr í einhverju blaði, sem kæmi út í Reykjavík og stjórn yðar konúnglegu hátignar nákvæmar ákvæði, en þar af leiddi aptur, að auglýsíngar þær, sem hèr ræðir um, ætti þá einúngis að birtast í *Berlíngsku* tíðindunum og því dagblaði, sem hèr kæmi út í Reykjavík og nákvæmar yrði ákveðið, en löggildíng lagaboðsins, eins og það er, fèlli þá í burtu hèr á landi sem óþörf; þetta aðhylltist þíngið með 20 atkvæðum gegn einu, eða svo að kalla í einu hljóði.

Um löggildíngu lagaboðsins frá 6. apríl 1855 urðu á þínginu umræður bæði með og mót, en með 11 atkvæðum gegn 8 komst þó þíngið til þeirrar niðurstöðu, að þetta lagaboð ætti að gjörast hèr gildanda, og urðu 18 atkvæði gegn 5 fyrir því, að önnur grein þess yrði felld úr, að því leyti Ísland snertir, og 14 atkvæði gegn 6 fyrir því, að biðja yðar hátign um að lögleiða lagaboðið með þessari breytíngu.

Um lögin frá 13. sept. 1855 hlaut þíngið að viðurkenna, að þau, eins og nú standi hèr á landi, ekki gæti haft neina verulega þýðíngu, en þar sem þó þíngið á hinn bóginn hlaut að vera ráð-

gjafanum samdóma í því, að þetta kynni að breytast og að líkindum breytist, þegar stundir líða fram, og frjálsa verzlunin hefði náð hèr þroska, þótti þínginu gild ástæða til allraþegnsamlegast að biðja um löggildíngu lagaboðsins hèr á landi, með þeirri breytíngu í upphafinu, er þannig sè hljóðandi:

„Það skal eptirleiðis, þegar skip, sem á heima í konúngsríkinu Danmörku eða á Íslandi, er gjört út frá einhverjum stað í Danmörku eða hèr á landi, vera leyft, o. s. frv.“, sömuleiðis í niðurlaginu, að sett verði „konúngsveldinu“ í staðinn fyrir „konúngsríkinu“; og með þessari breytíngu aðhylltist þíngið með 14 atkvæðum gegn 8, að lagaboðið ætti að öðlast hèr lagagildi.

Lögin frá 8. marz 1856 um birtíngu af ástæðum hæsta rèttar dóma áleit þíngið væri sjálfsagt að öðlast ætti hèr lagagildi, þar sem hæsti rèttur í Kaupmannahöfn einnig er æðsti dómur fyrir Ísland, og mörg mál frá Íslandi finna þar sín síðustu úrslit. Þíngið aðhylltist þannig í einu hljóði, að þetta lagaboð ætti, eins og það er, óbreytt að lögleiðast hèr á landi.

Lögin frá 2. apr. 1855, sem innkalla gömlu ríkisortin í Danmörku, þótti þínginu ástæða til allraþegnsamlegast að biðja um yrði lögleidd á Íslandi, bæði vegna þess að þessi myntartegund hefir geingið og geingur hèr manna á milli eins og í Danmörku, og líka vegna þess, að ríkisortin, án þess fyrir því sè beinlínis lagaheimild, eru í verzluninni fallin niður úr þeirra lögboðna gildi, því þau eru nú allvíða ekki tekin nema á 36 sk., eins og í Danmörku.

Af þessum ástæðum leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast að biðja um, að lagaboð þetta verði lögleitt á Íslandi, þó þannig, að í stað orðanna „2 mánuðir“ verði sett „*eitt ár*“ og að eptir orðin „í konúngsríkinu“ verði sett „og á Íslandi“ og þetta aðhylltist þíngið með 20 atkvæðum.

Að öðru leyti gjörir þíngið ráð fyrir, að formálum lagaboðanna verði breytt, á sama hátt og vant er, þegar þau eru lögleidd hèr á landi.

Að lyktum leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast að leiða yðar konúnglegu hátignar athuga að því, að nokkur af þeim almennu lagaboðum, einkum þau, sem lögð voru árið 1853 fyrir þíngið, eru komin út, án þess teknar hafi verið til greina þær uppástúngur til breytínga í þeim, sem þíngið, að þess meiníngu, með gildum rökum, hafði allraþegnsamlegast leyft sèr að benda á að þyrfti að gjöra, en þar sem það þó virðist eðlilegast, að þau lagaboð, sem yðar

konúnglega hátign gefur Íslandi, ekki innihaldi annað eður meira en það, sem einmitt kemur landinu við, og þar getur átt heima, hefir þíngið með 15 atkvæðum móti 3 ályktað allraþegnsamlegast að bera þetta atriði fram fyrir yðar hátign, í því trausti, að því allramildilegast verði gefinn gaumur við heimfærslu hinna almennu lagaboða til þessa lands eptirleiðis.

Reykjavík, 27. júlí 1857.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. *P. Jónassen.*

Því næst las *forseti* upp *frumvarp til bænarskrár til konúngs í undirskriptarmálinu* og var það einnig samþykkt, svo hljóðanda:

„Til konúngs.

Einn alþíngismannanna kom að þessu sinni með uppástúngu um það fyrir alþíngi, að það ítreki en af nýju þá bæn: að lög þau, sem hèr eptir verða sett á Íslandi, verði útgefin á íslenzku máli, og að yðar hátign mildilegast staðfestið íslenzku lagaboðanna með undirskript sjálfs yðar og þess ráðherra, sem hlut á að máli.

Alþíngi fól málið 3 manna nefnd til meðferðar, og eptir það hún hafði borið upp um það álit sitt, var það ítarlega rætt á 2 aðalfundum, og leyfir nú þíngið sèr að bera upp um það fyrir yðar hátign álit sitt og bænir á þessa leið:

Nokkrum sinnum áður hefir alþíngi dirfzt að bera fram fyrir yðar konúnglegu hátign samkynja bæn, og að vísu hefir hátign yðar veitt áheyrn bænarskránni frá alþínginu 1853, að því leyti að þèr, herra konúngur! hafið með allramildastri auglýsíngu til alþíngis 7. júní 1855, II, 4. veitt forstöðumanni hinnar íslenzku stjórnardeildar umboð og vald til að staðfesta hina íslenzku útleggíngu laganna.

Það dylst eingan veginn fyrir alþíngi, að með þessari mildilegu fyrirskipun sè nokkur bót á ráðin úr því sem áður var, einkum að því, að þar með virðist stigið feti nær til að bæta úr þeim aðalannmarka á lögum þeim, er hèr eiga að ná gildi, sem híngað til hefir átt sèr stað; en þíngið getur samt ekki dulizt við, heldur en neinn þegna yðar hátignar á Íslandi, að lög þau, sem út gánga til þessa lands, skorti allt um það mjög svo mikið á þá tryggíngu og trúverðugleika, tign og helgi, sem bæði sjálfum hinum gildandi lögum og þeim, sem eiga eptir þeim að breyta, er nauðsyn á eins

hèr sem annarstaðar. En alþíngi væntir allraþegnsamlegast, að eins og yðar konúngleg hátign hafið veitt mildilegustu áheyrn bænum alþíngis um þetta mál og þegar sèð ráð til þess að láta á komast nokkra umbót í þessu efni, svo muni og yðar hátign fyrir vísdóm yðar og landsföðurlegu umönnun fyrir náttúrlegum og vafalausum rèttindum og nauðsyn vor Íslendínga sjá smámsaman veg til að ráða málefni þessu algjörlega til lykta, svo að einnig innbúar þessa afskekkta ríkishluta yðar, eins og allir aðrir þegnar konúngsveldis yðvars, megi innan skamms tíma öðlast þann rètt og þann fögnuð að sjá landslögin á máli feðra vorra helguð og staðfest með nafni og undirskript sjálfs vors allramildasta konúngs.

Því enn vakir sú óbifanleg sannfæríng í brjósti allra þegna yðar konúnglegu hátignar hèr á landi, að eins og hið forna alþíngi Íslendínga leingi fram eptir öldunum sumpart setti lögin, en sumpart staðfesti þau lög, er út geingu frá konúngunum á íslenzku, eins hafi sú verið tilætlun yðar hátignar hásælu feðra, og sè enn tilætlun yðar, vor mildi konúngur! að öll löggjöf hèr á landi eigi að vera á íslenzku máli helguð og staðfest með undirskript löggjafans sjálfs; því á þann hátt voru úr garði gerð mörg lagaboð, er út geingu til Íslands á 18. öld og framan af þessari; á næstliðinni öld, sem og hinn fyrra part þessarar aldar út geingu ýmsar fyrirskipanir frá yðar hásælu konúnglegu feðrum til ýmsra lagamanna hèr á landi, um, að semja nýja aðallögbók fyrir þetta land á íslenzka túngu; og frá hinum síðari einvaldskonúngum hafa sömuleiðis út geingið beinar lagaskipanir um það, að lögin eigi að gánga út á íslenzku og megi ekki þínglýsa nè lögleiða þau hèr nema á íslenzku máli (tilsk. 11. júlí 1800, konúngsúrsk. 31. okt. 1831 og tilsk. 21. des. s. á.), hvað eð einnig er staðfest með ýmsum hæsta rèttar dómum á þessari öld; og eins ákveður alþíngistilskipunin, að ekkert frumvarp megi ræða á alþíngi til lögleiðslu hèr, nema það sè á íslenzku, og að allar tillögur og bænarskrár þíngsins til yðar hátignar skuli vera á íslenzku máli.

En eins og þíngið varð að álíta þær ástæður yfirgnæfandi, sem í auglýsíngunni 7. júní 1855 voru teknar fram gegn því, að lögin yrði útgefin og staðfest *„einúngis“* á íslenzku máli, eptir því sem beðizt var í bænarskrá þíngsins 1853, eins verður þíngið að leyfa sèr allraþegnsamlegast að treysta því og vona, að yðar hátign muni vinnast að rýma í burt þeim öðrum hindrunum, er kynni hafa virzt því til fyrirstöðu híngað til, að einnig hinn íslenzki texti laganna

yrði staðfestur með undirskript löggjafans sjálfs; byggir þíngið þá von sína og traust með fram og auk hins fyrtalda á því, að aðrir samþegnar vorir, þeir er tala öðru máli en danskri túngu, t. a. m. Slèsvíkurmenn, hafa feingið og fá enn lög sín jafnframt á máli sjálfra þeirra með undirskript konúngsins (kóngsbr. 14. maí 1840).

Samkvæmt framanskrifuðum ástæðum leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast að treysta því, að þèr, vor allramildasti konúngur! lítið í náð á rètt vorn og miklu þjóðnauðsyn í þessu efni, og með 16 atkv. gegn 5 að beiðast þegnsamlegast enn á ný:

> að þau lög, sem hèr eptir verða sett á Íslandi, verði útgefin á íslenzku máli og íslenzkan staðfest með undirskript sjálfs yðar hátignar og þess ráðherra, er þèr setjið yfir hin íslenzku mál.

Reykjavík, 27. d. júlímán. 1857.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Jón Guðmundsson.

Forseti kvaðst mundu birta dagskrá til næsta fundar svo fljótt sem yrði.

Fundi slitið.

---

28. júlí — seytjándi fundur.

Allir á þíngi nema hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, sem var sjúkur. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal leyfa mèr að geta þess, að eg hefi tekið á móti *skjölum viðvíkjandi fjárkláðamálinu,* sem *Árni* hreppstjóri *Magnússon* á Stóra-Ármóti hefir sent til þíngsins, nefnilega: 1. frá Sandvíkurhrepp, dagsett 20. júlí 1857; hafði þar verið leitað atkvæða með og móti almennum niðurskurði, og urðu 9 atkvæði með, en 26 á móti, og hafa hvorirtveggja fært nokkrar ástæður til síns máls; 2. frá Gnúpverjahrepp, með 19 nöfnum, og hafa þessir allir verið með almennum niðurskurði, en einginn á móti. Skjöl þessi skal eg með þíngsins samþykki afhenda nefndinni í fjárkláðamálinu, eins og áður hefir verið gjört. — Samkvæmt dagskránni kemur þá til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu *konúnglegt álitsmál um fiskiveiða- og fiskiverkunarleyfi útlendra þjóða;* eg hefi látið prenta at-

kvæðaskrá í máli þessu, og vona eg, að hver þíngmanna hafi hana fyrir sèr.

Atkvæðaskrá
í málinu
um fiskileyfi útlendra þjóða, m. m.

a, *Ásgeir Einarsson* og *Guðmundur Brandsson* (samþykkt af nefndinni):

Að orðin „og skilyrðislaust“ í uppástúngu nefndarinnar nr. 1 falli úr.

b, *Nefndin,* nr. 1: að þíngið ráði frá því, að þeim nú gildandi lögum, opnu brèfi 18. ágúst 1786, tilskipun 13. júní 1787 (sbr. lögin 15. apríl 1854), er leggja bann á fiskiveiðar útlendra þjóða á íslenzkum miðum og fiskiverkun á íslenzkri lóð, sè breytt yfir höfuð og skilyrðislaust.

c, *Guðmundur Brandsson* (tekið aptur af uppástúngumanni): að uppástúnga nefndarinnar nr. 2 verði orðuð þannig: að þíngið í álitsskjali sínu til konúngs óski þess, að eingri útlendri þjóð verði veitt leyfi til fiskverkunar á íslenzkri lóð, nema með samþykki alþíngis.

d, *Ásgeir Einarsson* og *Guðmundur Brandsson* (samþykkt af nefndinni), að uppástúnga nefndarinnar nr. 2 verði þannig orðuð:

að eingri útlendri þjóð verði veitt undanþága frá lögunum eða sèrstakt leyfi til að verka fisk á íslenzkri lóð, án þess það verði borið áður undir álit alþíngis.

e. *Nefndin* nr. 2 (tekið aptur af nefndinni): að þíngið í álitsskjali sínu til konúngs um þetta mál láti það traust sitt í ljósi, að eins og stjórnin hefir nú, samkvæmt alþíngistilskipuninni, borið þetta mál undir þíngið, þannig muni hún og framvegis leita álits þíngsins í hverju því tilfelli, sem einhver útlend þjóð leitar sèrstaklegs leyfis til fiskiverkunar á íslenzkri lóð.

f, *Ásgeir Einarsson* og *Guðmundur Brandsson* (samþykkt af nefndinni):

að orðin „að svo komnu og“ í uppástúngu nefendarinnar, nr. 3, falli úr.

g, *Nefndin,* nr. 3: að þíngið ekki sjái sèr fært að aðhyllast áskorun hinnar keisaralegu frakknesku stjórnar að svo komnu og eins og hún nú liggur fyrir.

h, Viðauka-atkvæði *E. Ó. Kúlds:* að þíngið biðji konúng, að láta hafa nákvæmt eptirlit með því eptirleiðis, að fiskimenn útlendra þjóða ekki fiski hèr nær landinu en lög og samníngar leyfa.

Lèt *forseti* síðan afhenda málið *framsögumanni* nefndarinnar, hinum 3. konúngkjörna þíngmanni.

Framsögumaður: Eg skal að sinni því síður fjölyrða um mál þetta, sem flestöll breytíngaratkvæði þau, er hafa komið fram við nefndarálitið, voru þess eðlis, að nefndin gat fallizt á þau, án þess að breyta grundvallarskoðun sinni á máli þessu, því breytíngarnar tóku einúngis fram með skýrari og greinilegri orðum, uppástúngur nefndarinnar. Það varð því einúngis eptir uppástúnga þíngmanns Gullbríngusýslu á atkvæðaskránni undir staflið *c*, en eins og sjá má á atkvæðaskránni hefir hann tekið hana aptur, og því næst viðauka-atkvæði varaþíngmanns Snæfellínga undir staflið *h*, en þetta, er viðauka-atkvæðið fer fram á, áleit nefndin að lægi fyrir utan hennar verkahríng, því þó nefndin í áliti sínu fari fram á, að bætt verði lögreglu-stjórn hèr á landi, ef fiskiverkunarleyfi gefist, þá er það annað en það, sem viðauka-atkvæðið undir staflið *h* fer fram á, nefnilega „að þíngið biðji konúng að láta hafa nákvæmt eptirlit með því eptirleiðis, að fiskimenn útlendra þjóða ekki fiski hèr nær landinu, en lög og samníngar leyfa, því viðauka-atkvæði þetta hefir einkum tillit til *fiskiveiðanna.*

V. Finsen: Eg álít málefni það, sem hèr ræðir um, það vandasamasta og verulegasta, sem nokkurn tíma hefir komið fyrir þetta þíng, og eg álít mèr því skylt að segja skýlaust og einlæglega, hvernig eg ætla að greiða atkvæði í því. Eg get ekki fundið ástæður til að breyta lögum þeim, sem banna fiskiveiðar útlendra á íslenzkum fiskimiðum og fiskiverkun þeirra á íslenzkri lóð. Eg er þannig samdóma nefndinni og uppástúngumönnum þeim, sem borið hafa upp breytíngaratkvæði, í því, að það eigi að gefa neitanda svar upp á spurn stjórnarinnar um þetta málefni, en þar á móti er eg ekki samdóma nefndinni í því, hvernig svar þetta eigi að koma fram, hvernig það á að vera orðað. Tilefnið til málefnis þessa er áskorun frá frakknesku stjórninni um, að fá leyfi til fiskiverkunar hèr á landi; eg hefi í stöðu minni haft tækifæri til að kynnast allmörgum af þessari heiðarlegu og frægu þjóð; eg hefi persónulega innilega vini meðal þeirra, og menn, sem eg lít til með ást og virðíngu, eins og það er kunnugt, að hjá Íslendíngum er mjög bróðurlegur andi við hina frakknesku þjóð, er hefir sýnt Íslendíngum mörg merki upp á velvild og áhuga á högum vorum. En eg álít, að einmitt vegna þessa bróðurlega hugarfars, þá eigum vèr að fara að, eins og vandaður maður fer með vin sinn í dag-

legu lífi; ef hann biður mann um eitthvað, sem maður getur ekki gjört fyrir hann, þá gefur maður honum ekki óákvarðað svar, maður vekur ei hjá honum tælandi von, sem maður ætlar aldrei að uppfylla, heldur segir maður honum strax einlæglega og með hreinum orðum, að maður geti ekki gjört það, að það sè ómögulegt. Mèr finnst nú hèr vera nokkuð líkt ástatt. Eptir því sem umræðurnar hafa bent til og kunnugt er um anda þíngmanna, þá er það víst ei ofsagt, að eingum dettur fyrir alvöru í hug, að þíngið muni nokkurn tíma samþykkja þá breytíngu á fiskiverkunarlögunum, sem hèr er spursmál um, en þegar svo er, þá er líka rèttast, að segja það hreint út, að maður finni ei ástæðu til neinnar breytíngar, þannig að hvorki stjórnin ímyndi sèr nè hin útlenda þjóð fái von um, að þegar málið komi aptur fyrir þíngið, þá muni það hafa aðra meiníngu en nú. Slíkt beinlínis svar finnst mèr nú ekki vera í uppástúngunum á atkvæðaskránni. Eptir minni meiníngu á álitsskrá þíngsins til stjórnarinnar í þessu máli að eins að gánga út á það, að þíngið ráði frá því, að þeim hèr umræddu fiskiverkunarlögum verði breytt, eins og í tölulið *b* á atkvæðaskránni er stúngið upp á, en án þess að bæta neinu þar við. Eg vil því að eins gefa atkvæði fyrir tölulið *b*, aptur að orðinu „yfir höfuð", en sleppa svo þessu orði og öllu hinu á atkvæðaskránni. Með þessu er svarað beinlínis eptir spursmálinu frá stjórninni; stjórnin hefir spurt, hvort breyta eigi lögunum, og þá liggur það beint við að svara einúngis, að maður óski þeim ekki breytt; þar á móti hefir stjórnin ekki spurt, hvort nokkra undanþágu ætti að gjöra fyrir einstaka þjóð, það gat stjórnin ekki spurt um, því það er auðvitað, að ef einni þjóð væri leyfð fiskiverkun á íslenzkri lóð, þá mundu allar hinar þjóðirnar koma strax og biðja um það sama og það væri ómögulegt að neita þeim um það. Að sönnu gæti menn nú ímyndað sèr, að hèr fyrir mætti girða með því að setja skilyrði fyrir leyfinu, en það er vandi að ákveða slík skilyrði; nefndin hefir í áliti sínu tilfært nokkur; en það verulegasta af þeim, að hin útlenda þjóð veiti Íslendíngum jafnrètti til verzlunar, er af því tægi, að eg vil ímynda mèr, að t. a. m. Einglendíngar gæti undir eins veitt það, og meðal skilyrðanna er þar að auki sleppt því allraverulegasta, nefnilega því, að þeir útlendíngar, sem híngað koma til fiskiverkunar, eða setjast hèr að í því skyni, sè að *öllu leyti* undir íslenzkum lögum og stjórn, þannig að ekki sè spursmál um að álíta þann hluta af landinu, sem þeir nota, sem heyrandi undir aðra útlenda þjóð, eða

sem part af útlendu ríki. Eg álít því, að hèr geti ekki verið spurs-mál um undanþágu fyrir neina einstaka útlenda þjóð, og þess vegna finnst mèr vera órètt fyrir þíngið að fallast á breytíngaratkvæðið *d*, og á orðið „yfir höfuð“ í *b*, hvar gjört er ráð fyrir slíkri undanþágu. Þvílíka undanþágu er eg viss um að þíngið hefir aldrei í huga að veita, og hvers vegna vilja menn þá vekja hugsun á því? Eg skal minnast með fám orðum á breytíngaratkvæðið *d*. Mèr finnst það vera mjög illa tilfallið, að biðja um, að málefni þetta verði aptur lagt fyrir alþíngi, því þegar *beðið* er um slíkt, þá er það eins og vèr ekki hefðum rètt til þess; en þar að auki er aðgætanda, að í atkvæði þessu er talað um tvennt, annaðhvort undanþágu frá lögunum *eða* þá sèrstakt leyfi; þetta síðasta finnst mèr liggja mjög nærri að skilja um *Privilegia* af því tægi, sem konúngur opt einkum áður hefir veitt, án þess að leggja málið áður fyrir fulltrúaþíngin, og liggur í augum uppi, hvað hæpið það er að gjöra ráð fyrir slíkri aðferð. Atkvæði þessu ætti því að sleppa alveg, af öllum þeim tilgreindu ástæðum. Breytíngaratkvæðið *g* finnst mèr óþarft, því ef þíngið ræður frá að breyta lögunum um fiskiverkun, þá liggur þar í einnig, að þíngið ekki aðhyllist áskorun frakknesku stjórnarinnar; en eins og breytíngaratkvæðið er nú uppborið af nefndinni, nefnilega svoleiðis, að þíngið ekki sjái sèr fært að aðhyllast þá umræddu áskorun, *eins og hún nú liggur fyrir*, þá finnst mèr það vera óhafanda, því þetta er sama og að segja: „ef þið komið með það aptur í öðru formi, þá skulum við leyfa það“; það er ekki rètt að vekja þannig von, sem vèr getum ei uppfyllt, þrátt fyrir allt vinalegt og bróðurlegt hugarfar; vèr getum það ekki, af því það snertir heilög rèttindi vor. Þessu breytíngaratkvæði ætti því að sleppa. Eg vil ítreka það, eg álít hreinlegast, að segja með berum orðum, að þíngið ráði frá, að lögunum sè breytt, en minnast á eingar undanþágur, og vil eg því skora á hinn háttvirta *forseta*, að við atkvæðagreiðsluna sè orðið *yfir höfuð* í töluliið *b* borið upp sèr í lagi, svo þeir, sem vilja fallast á mína meiníngu, geta sleppt þessu orði og öllu því, sem kemur þar á eptir á atkvæðaskránni.

Forseti: Fyrir mitt leyti sè eg því ekkert til fyrirstöðu, að skipta þannig greinunum við atkvæðagreiðsluna.

Framsögumaður: Hafi mèr skilizt rètt, fór hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður fram á það, að seinni partur nefndarálitsins falli burtu, og virðist mèr það undarlegt, að hann skuli koma fyrst núna fram með það og þá ekki hafa gjört breytíngaratkvæði

(*V. Finsen:* Aðrir höfðu gjört það) og geingur það yfir mig, að honum skuli þykja nefndin hafa farið út fyrir verkahríng sinn, þar sem það þó í álitsmálinu, sem lagt er fyrir þíngið, er tekið fram, að áskorun hinnar keisaralegu frakknesku stjórnar hafi gefið tilefni til, að þetta mál sè lagt fyrir þíngið, *konúngsfulltrúanum* er boðið að birta hana þínginu og þínginu aptur að taka hana ásamt fiskiveiðar- og fiskiverkunarlögunum til yfirvegunar. Nefndin varð því fyrst og fremst að íhuga, hvort gömlu fiskilögunum skyldi breyta eður ei, og því næst gat nefndin ekki sleppt því að minnast *á tilefnið,* því að öðrum kosti hefði hún ekki leyst af hendi ætlunarverk sitt, og því hlaut hún að minnast á beiðni hinnar keisaralegu frakknesku stjórnar. Mig furðar einnig á því, að hinn sami heiðraði þíngmaður ásakar nefndina fyrir, að hún hafi sleppt verulegasta skilyrðisatriðinu, nefnilega því, að ef útlend þjóð feingi fiskiverkunarleyfi hèr, þá yrði þeir, sem að þessu starfaði hèr í landi, að standa undir íslenzkum lögum; en nefndin hefir aldrei ætlað sèr og áleit það fyrir utan ætlunarverk sitt, að fara að telja upp *öll* þau skilyrði, er setja ætti fyrir leyfinu; nefndin hefir einúngis bent á nokkur skilyrði, en það verður að álítast sjálfsagt, og stjórninni er trúanda fyrir því, ef slík fiskiverkunarstofnun ætti að komast hèr á, að sjá um, að staða hennar og fyrirkomulag væri öndverðlega nákvæmlega tiltekið, og á þetta er einnig drepið í nefndarálitinu. Eg skal ekki reyna til að hafa áhrif á atkvæði þíngmanna í máli þessu, því eg þykist vita, að hver þegar hefir sína sannfæríngu, en, eins og eg sagði við undirbúníngsumræðu þessa máls, stóðu nefndinni einúngis 2 vegir opnir, annar sá, að þverneita og þar með þvergirða fyrir, að leyfi þetta nokkurn tíma geti gefizt; hinn vegurinn sá, að gjöra það ekki með öllu ómögulegt, að leyfi þetta gæti gefizt, ef aðgeingilegir kostir kynni að bjóðast. Nefndin hefir nú valið hinn síðara veginn, en hvort betra kunni af honum að hljótast en hinum, getur hvorki nefndin nè neinn enn þá sagt.

Konúngsfulltrúi: Áður en þíngræðurnar fara leingra fram, vil eg geta þess, að eg frá minni stöðu hefi ekkert á móti uppástúngum þeim á atkvæðaskránni, sem nefndin og uppástúngumennirnir hafa komið sèr saman um, nl. *litera a, d,* og *f.* Þar eð eg ætla, að stjórninni komi það vel, að fá það glöggt sèð af atkvæðagreiðslunni, hver sè meiníng þíngmanna um þau einstöku atriði málsins, skal eg leyfa mèr að biðja hinn háttvirta *forseta,* að uppástúnguatriðinu *litera b* verði skipt þannig: að fyrst sè leitað atkvæða

um fyrri kafla þess fram að orðunum: „yfir höfuð“ og síðan um þessi orð, og hvað þá meira kann að standa af greininni; og eins að uppástúngunni *litera g* verði skipt á þann hátt: að fyrst sè leitað atkvæða um fyrra hluta hennar fram að orðunum „að svo komnu“; en þar á eptir um þessi orð, og þann hluta greinarinnar er þar á eptir fylgir. Hvað viðaukaatkvæðið *litera h* snertir, þá áhrærir það að vísu í straungum skilníngi ekki málefni þetta, en þó stendur það að því leyti í nokkru sambandi við málið, þar sem það snertir fiskiveiðaaðferð Frakka hèr undir landi, og vil eg því láta hinu heiðraða þíngi á sjálfs valdi, hvort það vill styðja viðaukaatkvæði þetta eða fella.

E. Ó. Kúld: Eg skal ekki fara mörgum orðum um, að mæla fram með viðaukaatkvæði mínu, einkum vegna þess að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* þegar hefir gjört það, en eg vil einúngis skýra frá því, að það, sem kom mèr til að bera það fram, eingan veginn var grunsemd, heldur reynsla sú, er vèr þegar höfum haft fyrir því, að ekki hafa verið ítarlega haldnir samníngar þeir, er gjörðir hafa verið við útlenda um, hvað lángt frá landi þeir megi fiska. Eg held nú ekki, að mikinn sjómann þurfi til þess að sjá, hvert óhagræði oss er það, að þessir útlendu fiskarar annaðhvort dragi fiskinn á fiskimiðum vorum eða þá rètt fyrir utan miðin, slægi strax fisk sinn og beri niður slógið, og dragi þannig fiskinn, sem sækir að niðurburðinum, frá því að gánga inn á fiskimið vor; því bátum okkar er svo háttað, að ei getum vèr á þeim fiskað í þeim veðrum, sem Frakkar geta verið á miðunum eða rètt við þau; en eg er sannfærður um, að þetta kemur meir af ókunnugleika en af því, að þeir vilji skaða oss, því vèr Íslendíngar verðum að bera þessari hraustu, siðuðu og frægu þjóð það, að hún ekki hefir til vor lagt nema gott eitt, og hinar voldugustu þjóðir hafa jafnan verið oss sem vinir, því hið sama má segja um Eingla, því þeir hafa nú þegar sýnt, að þeir gjöra sèr að skyldu að bæta upp skaða þann, er vèr höfum liðið frá samlanda þeirra hálfu, og hins sama vona eg við megum treysta af hendi Frakka, sem í mörgu tilliti hafa sýnt sig oss velviljaða sem bræður. Enn fremur virðist mèr það mæla fram með viðaukaatkvæði mínu, að eg veit, að annað mál er hèr fyrir þínginu í smíðum, nefnilega fjárhagsmálið, og mun þar vera farið fram á, að 1 eða jafnvel 2 herskip sè sett hèr við strendurnar. Að endíngu skal eg leyfa mèr að biðja hinn háttvirta *framsögumann* að skýra mèr betur, hvort eg hafi misskilið, hann í því, hvort

með ójafnaðartollinum, sem farið er fram á í skilyrðunum, sem nefndin hefir hugsað sèr í nefndarálitinu að yrði að niðurleggjast, ekki er meint, að hann sè tekinn af við skip undir dönsku flaggi.

Framsögumaður: Meiníng nefndarinnar var sú, að skip undir dönsku flaggi með íslenzkum vörum skyldi fríast frá ójafnaðartolli þessum.

G. Brandsson: Mèr þótti það skrítið, sem hinn heiðraði varaþíngmaður Snæfellínga gat til, að þó Frakkar bryti fiskiveiðalögin, mundi þeir gjöra það af ókunnugleika; þetta þykir mèr nú ólíklegt, en þó það væri nú svo, þá yrði það þó að vera annaðhvort dönsku stjórninni eða þá frönsku stjórninni að kenna, að lögin væri þá ekki birt svo sem vera ber; þetta er mèr nú ókunnugt, en það veit eg, að Vestfirðíngar hafa kvartað yfir, að Frakkar hlýddi ekki lögum þessum, þeir gæti líka hèr eptir komizt hjá að brjóta lög þessi, ef þeir, eins og nefndin hefir stúngið upp á, vildi fyrst ávinna sèr hèr innlends manns rèttindi og setjast hèr að, og mundi oss þá ekki þykja góðum liðsmönnum of aukið. Það hefir verið talað um það hèr, að það væri óviðurkvæmilegt, að kaupmenn, sem verzlun hafa hèr á landi skuli hafa bólfestu erlendis og eyða þar því, sem þeir ábatast hèr; þetta er nú alls ekki gott, en þó er hitt enn þá lakara, að þessir fiskimenn komi svona hreint upp undir landið og dragi fiskinn úr greipum vorum, og fari svo, án þess vèr höfum nein frekari viðskipti við þá; en þessa verst væri þó það, ef þeir feingi að verka fiskinn á landi og með því margfalda afla sinn, án þess vèr hefðum þar neitt gott af; við erum nú ekki þeir einu, sem viljum banda á móti fiskiverkunarstofnunum Frakka; þjóðfulltrúarnir á Nýfundnalandi gjörðu það líka hjá sèr, og er auðsèð af því, að þeir hafa ekki álitið það neina hagsmuni fyrir sig, að stofnun þessi kæmist þar á.

Það var talað um það í nefndarálitinu, að vèr mundum ekki hafa kunnáttu til að verka fiskinn eins vel og Frakkar. Eg læt nú þá setníngu liggja á milli hluta, því eg held, að oss sè ókunnugt um, hversu vel eða illa þeir verka fisk sinn; hèr á landi held eg einginn hafi sèð fiskiverkunaraðferð þeirra, en heima hjá þeim er slíkt hulinn helgidómur öllum nema þeim sjálfum. Hversu ábótavant sem fiskiverkun vorri kann að vera, þá vita menn þó svo mikið, að á Spáni þykir fiskur vor betri heldur en sá, sem þángað flyzt frá Noregi. Eg skal nú lítið eitt minnast á breytíngaratkvæði þau, sem eg áskildi mèr, þegar mál þetta var rætt til undirbúnings. Eins og sjá má af atkvæðaskránni, þá hefir nú nefndin geingið inn á þau, og eins líka

þíngmannsins úr Strandasýslu, sem stefndu öll í sömu átt; munurinn á þeim og niðurlagsatriðum nefndarálitsins var ekki annar en sá, að í breytíngaratkvæðunum var skýrara tekin fram meiníng sú, sem lá í nefndarálitinu, svo neitunin er því auðskildari; en auðvitað er, að Frakkar geta farið hins sama á leit seinna meir, ef þeim svo sýnist, þó þeir feingi nú afsvar, og fyrir það var ómögulegt að girða; en þá er sú bót í máli, að óskað er eptir, að slíkt verði lagt fyrir þíngið til álita, því svo bera menn gott traust til konúngs vors, að tillögur þess verði teknar til greina, enda væri þýðíngarlaust að leggja fyrir það nokkurt mál, ef menn mætti ekki treysta þessu. Fái nú þíngið ályktanda vald, eins og óskað er eptir í bænarskránni um stjórnarbótina, þá verður það að eins í þessu máli sem öðrum, ef það verður optar lagt fyrir þíngið; en fáist það ekki, þá fer um þetta mál sem önnur, er meðhöndluð eru af ráðgefandi þíngum.

Framsögumaður: Eg vildi vekja athygli þíngsins á því, að hinn heiðraði þíngmaður úr Gullbríngusýslu hefir gjörsamlega misskilið þetta í nefndarálitinu; þar er ekki talað um, að Íslendíngar kynni að læra að verka fisk af útlendum þjóðum, heldur er það sagt, „að útlendar þjóðir mundi með betri tilfæríngum, meiri kunnáttu, meiri fjárafla og vinnukröptum geta gjört fiskinn að betri verzlunarvöru en við Íslendíngar“ (*G. Brandsson:* þá hefi eg skilið það rètt), og er þetta í nefndarálitinu eitt meðal annars talið sem ástæða fyrir því, hve ísjárvert það sè að gefa útlendum þjóðum fiskiverkunarleyfi hèr, þar eð það yrði íslenzkri fiskiverzlun til hnekkis (*G. Brandsson:* Eg veit, að eg má ekki svara).

Á. Einarsson: Hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður talaði um, að konúngurinn hafi áður upp á sitt eindæmi veitt ýms einkaleyfi, án þess að bera það undir fulltrúaþíng. En samkvæmt tilskipun 28. maí 1831 § 4, sem liggur til grundvallar fyrir alþíngistilskipuninni, get eg þó varla ímyndað mèr, að konúngurinn veiti nokkurri þjóð slíkt einkaleyfi, sem það er, sem Frakkar hafa hèr beiðzt, þar sem þeir vilja fá leigða eða keypta lóð á Dýrafirði til að verka á fiskinn, því lóðinni finnst mèr hljóta að fylgja eigindómsleg rèttindi, sem tilskipunin 1831 nefnir í 4. gr. og konúngur hefir lofað að breyta ekki, án þess að bera það undir þíng. Þar sem sami háttvirti þíngmaður sagði, að bezt mundi vera, að þíngið þverneitaði leyfi þessu nú strax, þá verð eg heldur að mæla með uppástúngu þeirri, sem nefndin hefir fallizt á í því tilliti; mèr finnst einmitt, að það yrði að vera miklu þægilegra fyrir stjórnina að fá það frá þínginu svona

núna, því annars kynni hún ekki að finna ástæðu til að bera uppástúngur í þessu efni undir þíngið framar. Þar sem hinn 5. konúngkjörni þíngmaður var hræddur um, að þessar undirtektir þíngsins á málinu, sem nefndin hefir fallizt á, mundi verða hvöt fyrir stjórnina til að veita leyfið, ef bænin kæmi fram í öðru formi, þá get eg þó ekki annað en ímyndað mèr, að stjórnin muni láta alþíngi njóta þess fulla rèttar síns, að gjöra ekki út um neitt þvílíkt mál, fyr en það hefir verið borið undir alþíngi, því maður getur hugsað sèr, að Frakkar eða aðrar þjóðir bjóði einhver þau hagnaðarboð, að stjórninni fyrir sitt leyti þyki ástæða til að verða við bæninni einhverra hluta vegna, og vèr getum ekki heldur nú sèð fyrir, hvaða áhrif tími og kríngumstæður kunna að hafa á þetta mál, þegar fram líða stundir.

H. Kr. Friðriksson: Eg skal nú að eins tala fátt eitt um þetta mál; en eg verð þó að vera á máli hins háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanns, og vil, eins og eg gat um við hina fyrri umræðu þessa máls, helzt sleppa öllu, sem á atkvæðaskránni er, nema staflið *b*, aptur að orðunum „yfir höfuð og skilyrðislaust," vegna þess að með því móti er beinlínis svarað spurníngunni, sem stjórnin hefir lagt fyrir þíngið og sömuleiðis áskorun hinnar keisaralegu frakknesku stjórnar. Eg get ekki skilið, að þó að málinu sè þannig svarað nú af þínginu, þá sè þar með aftekið, að þetta leyfi fáist nokkurn tíma, þvert á móti liggur spurníngin opin fyrir eins eptir sem áður, og bæði Frakkar og aðrar þjóðir geta leitað þessa leyfis aptur og komið fram með þau hagnaðarboð, er þeir vilja bjóða oss í móti. Það, sem hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður sagði, að það hefði illa farið, að hinn 5. konúngkjörni þíngmaður ekki flutti ræðu þá við undirbúníngsumræðuna, sem hann flutti nú, þá getur mèr ekki skilizt, að það gjöri neitt til, því það er auðvitað, að það er ekki nefndarálitið, sem á að breytast, heldur verður álitsskjalið til konúngsins að lagast eptir þeim niðurlagsatriðum, sem þíngið samþykkir. Þar sem nefndin er að stínga upp á ýmsum skilyrðum, sem alþíngi kynni að vilja veita þetta leyfi með, þá finnst mèr það mjög þýðíngarlítið og óþarft, fyrst nefndin, eins og eigi heldur var við að búast, gat ekki talið upp öll þau skilyrði, sem ætti að vera fyrir leyfinu. Að því er einkaleyfin snertir, þá eru þau einkum veitt ýsmum iðnaðarmönnum, og eru í því fólgin, að þeir einir megi vinna það eða það, en ekki aðrir, og eru slík einkaleyfi víst veitt af stjórninni, án þess það sè áður borið undir þíngin, og slík einkaleyfi mætti telja fiskiverkunarleyfi þetta (*Jón Guðmundsson:* Nei). Eg veit nú öllum þykir

þetta mjög áríðanda málefni, og því virðist mèr, að menn ætti eigi að gefa stjórninni neitt undir fótinn; og það er hyggilegast að fara varlega, og eg sè einga velvild eða hyggindi í því, að gefa nokkurt vilyrði fyrir því, sem menn treysta sèr ekki til að uppfylla á eptir, ef til vill. En þíngið er líka alveg óbundið, ef Frakkar eða aðrar þjóðir færi fram á þetta mál síðar meir og byði oss einhver hagnaðarboð.

Jón Guðmundsson: Eg er samdóma hinum háttvirta *framsögumanni* í því, að það var mjög svo óheppilegt, að hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður ekki skyldi taka til máls við undirbúníngsumræðu þessa máls, því að þá hefði nefndin haft tækifæri til að bera sig saman og taka ástæður hans til greina, enda þótt eg reyndar ætli, að hún hefði ekki getað fallizt á þær, eða breytt fyrir þær skoðun sinni, að minnsta kosti ekki í því verulega; en hèðan af er nefndinni og jafnvel þínginu ómögulegt að gefa athugasemdum hins heiðraða þíngmanns neinn verulegan gaum. Eg get heldur ekki að því gjört, að mèr finnst það nokkuð undarlegt, að hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður, sem er vanur að fara svo varlega og finnur svo vafasamt og athugavert að segja skorinort af eður á í öllum hinum vandasamari málum, skuli nú vilja höggva þenna hnút yfir þvert, og taka svo hreint af skarið, að hann t. d. vill láta fella burt allar uppástúngurnar, nema hina fyrstu, þá sem er undir stafl. *b.* Hinum háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanni þótti það nóg, að fara ekki leingra, en fyrsta uppástúngan bendir til; en hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu og hinn heiðraði þíngmaður Strandasýslu hafa sýnt fram á, hvernig færi, ef ekki væri leingra farið, nefnil. að þá gæti að því rekið, að danska stjórnin neyddist til að leyfa Frökkum fiskiverkun á Íslandi, ef þíngið hefði ekkert annað gjört við málið, heldur en það, að segja að gömlu lagaákvarðanirnar, er banna útlendum mönnum fiskiverkun, skyldi standa óbreyttar um aldir og æfi, og hvað sem í boði væri, og því mætti það aldrei leyfast neinni þjóð að verka hèr fisk, hvað sem væri í boði; og sæi þá bæði stjórnin og Frakkar af því, að ekki væri til neins að bera málið aptur upp fyrir þíngið. Það hefir verið fundið að því, að nefndin skyldi tiltaka nokkra skilmála, sem hvorki væri heilt nè hálft, og sem vèr hvorki vildum nè gætum geingið að, ef til kæmi; en nefndin hefir ekki tekið þessi skilyrði fram í því skyni, að henni þætti þau nóg, eða yfirgripi allt, sem þau vel mætti yfirgrípa, eður til þess, að vèr geingjum að þeim eintómum, svona eins og þau liggja nú fyrir,

heldur tók nefndin þessi skilyrði fram svona til dæmis og að eins til bendíngar fyrir stjórnina og útlendar þjóðir, til þess að gefa í skyn, að þau væri meðal þeirra skilyrða, sem vèr kynnum að fallast á; að þessu leytinu get eg eingan veginn álitið þessar bendíngar þýðíngarlausar, eins og þíngmaðurinn úr Reykjavík sagði. Hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður vildi, að það hefði verið tekið fram meðal skilyrðanna í nefndarálitinu, að hinir útlendu menn hlyti að verða þegnar Dana konúngs og íslenzkum lögum þegnlega háðir; eg hefi ekkert á móti því, að svo hefði verið gjört, og álít betra, að þetta verði tekið inn í álitsskjalið til konúngs, því mèr þykir þetta verulegt atriði. Þá vildi hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður, að nefndin hefði ekkert minnzt á áskorun Frakka (*V. Finsen:* Nei!) jú, hann sagði það (*V. Finsen:* Í uppástúngunum!), já já, að nefndin hefði sleppt fram af sèr að tala um það, og taka það atriði inn í niðurlagið til atkvæða; en þá hefði nefndin leitt hjá sèr aðalkaflann af því ætlunarverki, sem stjórnin lagði fyrir þíngið; því í brèfi ráðherrans stendur, að það eigi að segja álit sitt um, fyrst áskorun hinnar keisaralegu frakknesku stjórnar, og þar næst um það, hvort hinar eldri lagaákvarðanir, er banna útlendum mönnum að verka hèr fisk, eigi að nema úr lögum; stjórnin hefir þannig beinlínis lagt það fyrir þíngið, og eg skil ekki, að þíngið geti átt rètt á að leiða það hjá sèr. Það hefir verið sagt, að í uppástúngunni, staflið *d*, lægi sú meiníng, að vèr álitum, að vèr hefðum eingan rètt á því í raunínni, að málið verði borið undir álit alþíngis; en þetta er helber misskilníngur; það er meðfram viðurkenníng fyrir það, að stjórnin hefir borið málið undir þíngið, sem mörgum þótti nokkuð vafasamt eptir atkvæðagreiðslu þíngsins um frakknesku uppástúnguna 1855; en að öðru leyti getur einginn, sem þekkir alþíngistilskipunina, verið í vafa um það, eins og þíngmaðurinn úr Strandasýslu benti til, að þar sem er að ræða sumpart um að breyta gildandi lögum, en sumpart um veruleg rèttindi og atvinnuvegi landsmanna, þá getur konúngur eða stjórn hans ekkert af ráðið um slík mál, fyr en búið er að leita um þau álits alþíngis. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* vildi láta gánga sèr í lagi til atkvæða um orðin undir staflið *g*: „eins og hún nú liggur fyrir"; það hefi eg ekkert á móti, en eg vil þó, að þessi orð haldist, þrátt fyrir mótbárur hins 5. konúngkjörna þíngmanns, því þau benda til þess, að þó menn geti ekki fallizt á áskorun Frakka, eins og hún er nú, þá gæti það þó komið fyrir einhvern tíma seinna, eptir því sem uppástúngan í stafl *d.* bendir til. Að öðru leyti er

mèr óskiljanlegt, hvernig þíngið með nokkru móti getur samrýmt þá kröfu hins 5. konúngkjörna þíngmanns og þíngmannsins úr Reykjavík, að samþykkja einúngis stafl. *b.*, en fella allar hinar uppástúngurnar, — við það ætlunarverk, sem stjórnin sjálf hefir lagt fyrir þíngið; hún hefir ekki að eins nè fyrst og fremst beðizt álits þíngsins um, hvort hinar eldri lagaákvarðanir ætti að gilda eður ekki, heldur fyrst og fremst um áskorun hinnar keisaralegu frakknesku stjórnar, og þar næst um lögin; á þessu má hið heiðraða þíng með eingu móti missa sjónar; og eg sè ekki, hvaða vit eða samanheingi gæti orðið hèðan af í álitsskjalinu til konúngs, ef atkvæðin fèlli eptir því sem þessir 2 þíngmenn leggja til.

Framsögumaður: Eg vildi einúngis benda til þess, að ef uppástúngan undir staflið *d* yrði samþykkt, en orðin undir staflið *g:* „eins og hún nú liggur fyrir", felld, þá gæti svo farið, að sumum þjóðum yrði leyft að verka fisk sinn á íslenzkri lóð, en að áskorun frá Frökkum gæti þó ekki tekizt til greina, og það er þó víst ekki meiníng þíngsins.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, verð eg að álíta ályktarumræðu þessa máls lokið, og skal eg því biðja þíngmenn gánga til atkvæða, samkvæmt atkvæðaskránni.

Síðan voru atkvæði greidd, og fór það á þessa leið:

a, *Á. Einarssonar* og *G. Brandssonar:* samþykkt með 21. atkvæði.

b, *Nefndarinnar* (aptur að orðunum: „sè breytt"): samþykkt í einu hljóði með 22 atkvæðum.

— — orðið „yfir höfuð" sè við bætt: samþykkt með 11 atkvæðum gegn 9.

c, *G. Brandssonar:* tekið aptur; og þar eð einginn annar þíngmanna tók það að sèr, fèll það niður.

d, *Ásg. Einarssonar* og *G. Brandssonar:* samþykkt með 20 atkvæðum gegn 2.

e, *Nefndarinnar:* tekið aptur, og þar eð einginn þíngmanna tók það að sèr, fèll það niður.

f. *Ásg. Einarssonar* og *G. Brandssonar:* samþykkt með 20 atkvæðum.

g, *Nefndarinnar* (aptur að orðunum: „frakknesku stjórnar"): samþykkt með 20 atkvæðum.

— — orðin: „eins og hún nú liggur fyrir": samþykkt með 17 atkv. gegn 5.

h, Viðaukaatkvæði *E. Ó. Kúlds:* samþykkt með 19 atkvæðum gegn 3.

Forseti: Þessu næst kemur þá, eptir dagskránni, *lagaskólamálið til ályktarumræðu.*

Atkvæðaskrá
í málinu
um stofnun lagaskóla á Íslandi m. m.

a, Nefndin, nr. 1: að 15. gr. í tilskipun 26. janúar 1821 verði úr lögum numin, að svo miklu leyti hún ákveður, að hinir „dönsku júristar", sem svo eru kallaðir, geti orðið embættismenn á Íslandi, svo að sýslumannaembættin hèr á landi eigi verði veitt neinum, sem hèr eptir les að eins dönsk lög.

b, Nefndin, nr. 2: að sem allrafyrst verði stofnaður kennsluskóli í Reykjavík handa lögfræðíngaefnum, er áður hafi lokið burtfararprófi við lærðan skóla, og taki þeir próf í forspjallsvísindum, áður en þeir taka embættispróf við skóla þenna, og að í skóla þessum verði veitt kennsla í heimspekilegri lögfræði og íslenzkum lögum og rètti.

c, E. Ó. Kúld: að kennslan í lagaskólanum fari fram í heyranda hljóði, svo að óskólageingnum mönnum gefist kostur á að afla sèr þar lagalegrar menntunar, að því leyti þeir hafa faung á.

d, Nefndin, nr. 3: að lögfræðíngar þeir, sem tæki embættispróf í skóla þessum og reyndist hæfir, mætti öðlast rètt til lögfræðínga embætta hèr á landi, þó með þeim nákvæmari ákvörðunum, er þurfa þætti.

e, Nefndin, nr. 4: að kostnaðurinn til fyrtèðs lagaskóla allramildilegast mætti verða greiddur úr ríkissjóðnum.

f, hvort þíngið vill senda konúngi þegnlega bænarskrá um þau atriði, sem samþykkt eru [uppástúnga *minna hluta nefndarinnar:* að þíngið eigi einga bænarskrá að senda um þetta mál].

Framsögumaður: Eg get verið fáorður um þetta mál, með því svo lítil mótmæli komu fram gegn áliti meira hluta nefndarinnar við undirbúníngsumræðu þessa máls í gær, nema frá hinum háttvirta 2. konúngkjörna þíngmanni, en sem eg vona, að eg hafi hrakið fyllilega, og það svo, að hann hafi enda sjálfur fundið það. Það hefir komið að eins eitt viðaukaatkvæði við nefndaruppástúngurnar frá hinum heiðraða varaþíngmanni Snæfellínga. Það má geta því nærri, að eg tek það nærri mèr, að geta eigi fallizt á viðaukaatkvæði hins heiðraða þíngmanns; en það tjáir nú ekki að tala um

það; en ef hinn heiðraði þíngmaður hefði látið svo lítið, að sýna mèr viðaukaatkvæði sitt, áður en það kom á atkvæðaskrána, þá hefði eg getað, ef til vill, lagað það svo, að það hefði getað komizt að; en nú er það svo úr garði gjört, að eptir því getur hver maður komið inn í skólann leyfislaust, og setið þar hálfan tíma og labbað síðan burt, svo eg vildi óska, að hinn heiðraði uppástúngumaður vildi taka viðaukaatkvæði sitt aptur; en eg vil gjarnan lofa honum því í nafni meira hlutans, og það finnst mèr eiga vel við, að taka það fram í ástæðunum fyrir bænarskránni til konúngs, að öðrum en stúdentum gefist kostur á að nema lög í skólanum, þó með leyfi forstöðumanns, og að maður dvelji þar, ekki hálfan tíma, heldur heilan vetur; en hitt get eg ekki fallizt á, að það standi sem niðurlagsatriði; því að það á alls eigi við.

E. Ó. Kúld: Ef hinn háttvirti *framsögumaður* hefði haldið, að eg stæði nú upp til að halda mikla lofræðu yfir breytíngaratkvæði mínu, þá hefir honum skjátlazt, álíka eins og ef eg hefði haldið, að, ef eg hefði sýnt hinum háttvirta *framsögumanni* viðaukaatkvæði mitt, áður það var prentað, að það þá hefði komið í sèrlega mjúkar móðurhendur. Mèr gekk það eitt meðal annars til, að eg vildi bera sættarorð milli meira og minna hluta nefndarinnar en þessi tilraun mín hefir nú ekki getað tekizt. Minni hlutinn tók fram kostnaðinn — og það verður heldur ekki varið, að skólinn kostar ærna peninga, í samanburði við það, hversu fáir í hann geingi, þar eð ekki mundu útskrifast fleiri en 5 eður 6 úr lærða skólanum á ári; hinn heiðraði *framsögumaður* hefir nú reyndar þótzt finna galla á þessum reikníngi og sagt það gæti komið 7 til 8 stúdentar úr lærða skólanum ár hvert. En ef vèr nú tví-, þríeður fjór-skiptum þessari tölu, nl. að nokkrir fari á prestaskólann, aðrir á lagaskólann, hinir á læknaskólann, og þá enn aptur sumir á háskólann í Kaupmannahöfn, þá koma ekki fleiri en svo sem 2 í lagaskólann árlega, eins og minni hlutinn hefir ætlað, og þá verður hann æði-fámennur; og lagavizka þessara tveggja kostar þá í raun og veru mikið fè. Ef vèr því fáum þenna skóla, þá vil eg, að vèr höfum öll þau not af honum, sem af honum má hafa, og fyrir því vil eg, að fleirum gefist kostur á að læra í honum, en stúdentum einum; eg ætlast að vísu ekki til, að þessir menn fái lagaembætti fyrir það, en samt geta þeir haft hin mestu not af þessari lagamenntun sinni til svo margs annars, t. a. m. sem alþíngismenn, því það mundi hinum heiðraða *framsögumanni* víst ekki þykja

galli á alþíngismanni, þó hann hefði nokkra þekkíngu á lögum. Hinum heiðraða *framsögumanni* hefir orðið það á, að misskilja öldúngis orðin í viðaukaatkvæði mínu, og það skyldi menn sízt ætla honum, sem svo er vel að sèr í öllum málfræðisreglum. Eg hugsaði ekki, að þessi skóli hefði eingar reglur eða skólalög, svo að allir mætti gánga út og inn um skóla þenna; en hitt ætla eg, að hann mætti standa opinn fyrir hverjum almennilegum manni, eins og alþíngissalur vor, að minnsta kosti verður hann ei helgari í mínum augum, þó hann komist á, en þessi salur er og á að vera í augum allra sannra Íslendínga, og mun hinn heiðraði *framsögumaður* eingan veginn ætlast til, að honum sè lokað, svo einginn megi heyra á það, sem hèr fram fer. En mèr er ekki svo annt um þetta viðaukaatkvæði mitt, að eg ætli að verja það leingur, einkum þegar hinn heiðraði *framsögumaður* lofaði svo hátíðlega, að taka það inn í ástæðurnar fyrir bænarskránni til konúngs, því eg trúi svo vel loforðum hans, að eg er viss um, að hann fóstrar það vel upp og ber það á örmum sèr, þar til hann hefir komið því á framfæri.

Konúngsfulltrúi: Þegar eg seinast sendi konúngi bænarskrána frá alþíngi 1855 um stofnun lagaskóla hèr á landi, skrifaði eg ekki annað með henni en það, að eg vísaði til ræðu þeirrar, er eg hèlt það ár á þínginu, í hverri eg taldi þau tormerki, er mèr virtust vera á því, að stofnsetja hèr slíka stiptun. Stjórninni hefir nú ekki, eins og þíngmönnum er kunnugt af auglýsíngu konúngs til þíngsins, virzt ástæða til þess, að verða við bæn þíngsins í þessu efni; og verð eg að telja það víst, að stjórnin hafi fallizt á þær ástæður, sem eg hafði tekið fram, jafnvel þó eg heyri nú, að hinn heiðraði *framsögumaður* vilji gjöra lítið úr þeim ástæðum, sem færðar hafa verið móti stofnun lagaskólans. Stjórnin mun nú víst ekki hafa breytt meiníngu sinni um þetta málefni, og mun eigi heldur breyta henni af ástæðum þeim, sem taldar eru í nefndarálitinu, því þær eru í eingu tilliti kröptugri eður meira sannfærandi, en þær, sem framfærðar voru í bænarskránni frá þínginu 1855. Fyrir mitt leyti verð eg að játa, að mín meiníng er eins mótfallin stofnun lagaskólans nú, eins og hún var 1855, og nefndarálitið hefir fremur styrkt en veikt þessa meiníngu mína. Eg get ekki heldur annað en talið það merkilegt, að sá af nefndarmönnum, er samið hefir ágreiníngsálit mótfallið skólastofnuninni, er sá eini lögfróði maður af nefndarmönnunum. Einginn mun með rèttu geta borið honum á brýn, að hann ekki beri gott skynbragð á lögfræði, og hvað til

góðrar lagakennslu heyrir, og því vona eg að hinum heiðruðu þíngmönnum ekki muni þykja það tiltökumál, þó eg fallist heldur á meiníngu hans, heldur en hinna 2 meðnefndarmanna, sem eg ekki veit til að hafi lagt sig neitt eptir lögum og rètti, svo að þeirra meiníng sè sèrlega takandi til greina í þess háttar málefnum. En hvað sem um þetta allt er, þá verður það málefni þessu til fullkominnar fyrirstöðu, og gjörir bæn þíngsins um það öldúngis þýðíngarlausa, að meiri hluti nefndarinnar ekki hefir getað bent á fè til að stofna skólann fyrir. Meiri hlutinn hefir að sönnu farið því á flot, að fè þetta yrði tekið úr ríkissjóðnum, en eg vil benda þíngmönnum til þess, að fyrir þessum sjóð er rammgjör lás, sem meiri hlutinn ekki hefir lykilinn að. Þíngmenn gæti hèr í þessu máli dregið dæmi af búnaðarskólamálinu. Stjórnin vildi gjarnan styrkja það málefni, en þó vildi hún ekki veita fè til búnaðarskólastofnunar úr ríkissjóðnum; þar á móti tel eg eingin líkindi til þess, að hún vilji styrkja að stofnun lagaskólans, eða álíti hann þarflegan, og því mun hún enn síður verða fús til þess, að leggja nokkurt fè til hans úr ríkissjóðnum, og þess vegna tel eg það bæði árángurs- og tilgángslaust, að þíngið sendi konúngi bænarskrá um þetta málefni. Menn hafa álitið það mæla fram með lagaskólastofnuninni, að uppástúngan um hana er komin frá íslenzkum vísindaiðkurum í Kaupmannahöfn; en þetta álit er eingan veginn almennt; því margir hafa lagt það svo út (þó eg fyrir mitt leyti ekki vilji gjöra það), eins og þeir metti lítils bæði þá menntun, er þeir feingið geta við Kaupmannahafnar háskóla, og eins þann styrk, sem þeim er veittur til að iðka þar vísindi; og yfir höfuð held eg, að þeir ætti að líta til þess, að þeir af löndum vorum, sem unnið hafa landi voru og þjóð vorri mest gagn og mestan sóma, hafa feingið menntun sína við Kaupmannahafnarháskóla.

Framsögumaður: Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* kvaðst verða að meta minna tillögur meira hlutans en hins minna, vegna þess, að minni hlutinn væri lögfróðari. Það er satt, að hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður er lögfróðari en eg og hinn meðnefndarmaður minn; en 1855 var einn af hinum lögfróðustu mönnum lands þessa *framsögumaður* þessa máls, og hann stakk einmitt upp á hinu sama, sem meiri hlutinn fer nú fram, og get eg sannarlega ekki skilið, að það sè nein meiri ástæða til að treysta tillögum hins háttvirta 2. konúngkjörna þíngmanns nú, en embættisbróður hans 1855, og því sè eg eigi, hvers vegna meiri hlutinn ætti heldur að

fylgja skoðun hins háttvirta 2. konúngkjörna þíngmanns, þar sem hann að eingu hefir hrakið ástæður þíngsins 1855. Þá gat hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* þess, að stjórnin mundi eigi vilja kosta lagaskólann, og dróg dæmi af búnaðarskólanum, sem vèr beiddum um að fá; en dæmi þetta er eigi heppilega valið, því það er mikill munur á því, að stjórnin kosti búnaðarskóla að öllu, sem er fyrir almenníng, og ætti að veita bændum almenna menntun, en sem eigi verður talin óumflýjanleg fyrir þá í sinni stöðu, eður lagaskóla, sem stofnaður er til að útvega næga *embættismenn,* er landið þarf á að halda; svo að eg held, að vèr þessa vegna þurfum eigi að kasta voninni frá oss, því eg er viss um, að stjórnin muni líta vel á þetta mál, þegar hún sèr, að Íslendíngum er alvarlega um það hugað. Það hefir verið sagt, að bænarskrárnar kæmi jafnan frá stúdentum í Kaupmannahöfn, og það væri eigi næg ástæða, til að halda málinu fram; en meiri hlutinn verður að álíta, að þótt það sè eigi einhlít ástæða fyrir nauðsyn lagaskólans og nytsemi hans, þá verði það fremur að styrkja en veikja málið.

St. Jónsson: Mèr sýnist hinn heiðraði þíngmaður Snæfellínga verða fyrir of hörðum dómi af hinum heiðraða *framsögumanni,* sem víst hefir lagt aðra þýðíng í uppástúngu hans, en hann hefir til ætlazt. *Framsögumaður* skilur hana svo, að hverjum einum, sem vill, sè heimilt að hlaupa inn á lagaskólann og heyra þar á kennsluna og hlaupa svo aptur burt, þegar honum sýnist; en þetta getur mèr ekki fundizt rètt meiníng. Þar á móti ímynda eg mèr, að það sè dálítil prentvilla í uppástúngunni eins og hún er prentuð á atkvæðaskránni; eg held nefnilega að komman standi ekki rètt, þar sem hún er sett á undan „svo“, en ef hún stæði á eptir „svo“, finnst mèr meiníngin verða ljósari, og uppástúngan gæti þá ekki orðið misskilin og menn gæti þá ekki útlagt hana svo, að hver einn, sem það kynni að detta í hug, gæti hlaupið inn og út af lagaskólanum eptir þeirra eigin velþóknan, nema uppástúngan væri því meir rángskilin og hártoguð. Eg vil því styðja þessa uppástúngu og mun gefa henni mitt atkvæði, með því mèr líka finnst, að samkvæmt henni gefist óskólageingnum mönnum tækifæri til að nota sèr af kennslunni í einn eða hálfan vetur eptir þeirra eigin vild, sjálfsagt eptir samkomulagi við forstöðumann skólans. Það er líka augljóst, að þetta verður að vera misskilníngur, því í uppástúngunni stendur, að það leyfist einúngis þeim, sem hafa „faung á“ því, að neyta kennslunnar við skólann; það sjá þó allir, að ef menn

hafa tíma til þess, þá hafa menn faung á því, að skreppa inn í hús og hlaupa svo út úr því aptur, en það er öðru máli að gegna um þá, sem ætla að menntast af kennslunni. Eg get því ekki fundið neina ástæðu móti því, að þessi uppástúnga sè tekin inn í nefndarálitið.

Framsögumaður: Mèr finnst það öldúngis óþarft að taka þessa uppástúngu sem niðurlagsatriði, heldur hefði það átt við, eins og eg sagði áðan, að hún væri tekin fram í ástæðunum; þar hefði hún átt vel við. Skólinn verður fremur að vera ætlaður þeim mönnum til náms, sem skólageingnir væri og tæki þar próf til þess síðar að verða embættismenn, heldur en öðrum, sem að eins vildi fræðast, og að kenna embættismannaefnum verður að vera aðaltilgángurinn með stofnun þessa skóla; en það er jafnframt ekkert á móti, eptir því sem nefndarálitið liggur fyrir, að aðrir geti líka aflað sèr þar lagalegrar þekkíngar; í nefndarálitinu er eingin sèrstök ákvörðun á móti því, eptir samkomulagi við forstöðumann skólans. Aptur á móti sýnist svo eptir orðum uppástúngunnar, að allir geti skroppið inn á skólann svo sem hálfan tíma, og komið þar aldrei síðan. Eg ætla ekki að svo stöddu að fara fleirum orðum um þetta, einkum þar eð mèr skildist svo, sem hinn heiðraði þíngmaður ætlaði að taka sína uppástúngu aptur. Ef þíngið fellst á, að uppástúngan verði tekin upp í ástæður nefndarinnar, þá hefi eg, fyrir mitt leyti, ekkert á móti því.

G. Brandsson: Í hitt hið fyrra komst nefndin, sem þá var sett í þessu máli, að líkri niðurstöðu og nú; þá átti kostnaðurinn, sem geingi til lagaskólans, að borgast annaðhvort úr ríkissjóðnum eða jafnast niður á landið, en stjórnin gekk inn á hvorugt. Mèr finnst það samt einginn skaði, að senda bænarskrá enn þá einu sinni um þetta efni; stjórnin mun hafa vit á, að játa eða neita, eptir því sem henni þóknast. Á þínginu 1855 sagði hinn 1. konúngkjörni þíngmaður, sem þá var konferenzráð *Sveinbjörnsson*, að þó kostnaðurinn við lagaskólann væri ákveðinn 2500 ríkisdalir, þá mundi hann stíga til 7000 dala, þegar allt kæmi til, og bar hann fyrir sig reynsluna, eptir því sem aðrar opinberar stofnanir hefði dregið til sín. *Framsögumaðurinn* í þessu máli í hitt hið fyrra var lögfræðíngur, og var hann á sama máli og meiri hluti nefndarinnar er nú, en hinn 2. konúngkjörni þíngmaður er á annari meiníngu; báðir þessir menn eru lögfræðíngar og báðir hafa þeir menntazt í Kaupmannahöfn og hljóta því að tala af reynslu og geta borið um menntunina þar ytra. En

kann ske það sè orðin umfángsmeiri og erfiðari kennsla nú við háskólann en áður, svo það sè einúngis afbragðsgáfumönnum fært að komast þar áfram, og þá með því móti að þeir hafi nokkur efni til að styðjast við, því margir tala um að vera þeirra í Kaupmannahöfn sè kostnaðar- og útdragssöm. Eg held enda kunni að vera margar afvegaleiðslur og freistíngar fyrir stúdenta þar, sem gjöri þeim lesturinn torveldari og seinni, svo þeir kæmist betur á fram hèr, þar sem þessar afvegaleiðslur ekki eru svo miklar. Mèr sýnist nú t. a, m. hvað guðfræðíngana snertir, að nú hafi reynslan sýnt, að allgóðir prestar hafa komið frá prestaskólanum, og munu þeir þó vera misjafnir að gáfum; menn muna þó eptir, að sumir þeir, sem fóru áður til háskólans til að nema guðfræði, riðu ekki feitum hesti þaðan, heldur en lögfræðíngarnir gjöra núna, og hafi nú guðfræðiskennslan heppnazt betur hèr en þar, hvað er þá á móti því, að lagakennslan geti það líka. Eg er líka einlægt á því, að þótt lagamenntunin yrði kann ske minni hèr en ytra, þá yrði hún samt haganlegri og þjóðlegri. Það mun og gjöra stúdentum ytra töluverða fyrirstöðu sumt, sem þeir eiga að læra þar og öldúngis ekki getur snert Ísland, t. a. m. landbúnaðarlög Dana, og höfum vèr heyrt, að það hafi nægt til að gjöra suma íslenzka stúdenta ræka, ef þeir hafi ekki kunnað þau reiprennandi, enda þó þeir hafi verið vel að sèr í öllum öðrum greinum lögfræðinnar, og er von, þó mönnum sárni þetta og því um líkt. Eg vildi því mikið óska eptir, að vèr gætum feingið íslenzkan lagaskóla hèr, og að hann gæti staðizt, sem eg líka vildi vona að yrði, því núna geta menn ekki fyrirsagt, hvað margir eða fáir í honum mundi læra. Eg vil nú vona, að stjórnin taki vel undir þetta mál, ef hún getur orðið sannfærð um nytsemi skólans, og láti sig ekki muna, að leggja fè til hans; um hitt vil eg minna tala, hvort hún getur orðið skylduð til þess, þó að stólsgóssaverðið rynni inn í ríkissjóðinn, því það vitum vèr, að lögfræðin var ekki sameinuð kennslunni á Hólum eða í Skálholti; öðru máli var að gegna um guðfræðiskennsluna; en hvað sem um þetta er, þá finnst mèr eingin hætta að fara þessu á leit; við erum þá ekki sèrlega óvanir neitun, ef ekki tekst betur til.

Á. Einarsson: Hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu hefir nú talað í þessu máli og gleður það mig, að eg heyri bónda mæla fram með innlendum menntunarstofni. Þar sem talað er um, að kostnaðurinn skuli greiðast úr ríkissjóðnum, þá er eg ekki svo hræddur um, að stjórnin muni hlaupa af sèr hornin, hvað þessi fjárútlát snertir,

og þíngmaðurinn býst ekki heldur við því; mèr finnst sú meiníng hafa heldur rutt sèr til rúms hèr á þínginu, að menn sè heldur að sannfærast um þörf þessarar stofnunar. Á þínginu 1855 var nefndin, sem þá var kosin í þetta mál, á því, að annaðhvort skyldi þessi kostnaður greiðast úr ríkissjóðnum eða þíngið jafna honum niður á landið. Nú hefir þó stjórnin sent álitsmál til þíngsins viðvíkjandi því, að þíngið feingi meira skattaniðurjöfnunarfrelsi, en verið hefir. Kann ske þetta og því um líkt mál hafi gefið stjórninni nokkurskonar bendíng og hvatt hana til þess að senda þínginu hið áminnzta álitsmál. Það gleður mig að heyra, hve mikið traust hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hefir til minni hluta nefndarinnar, en í hitt eð fyrra var þó annar lögfróður maður á gagnstæðri meiníngu í þessu máli; báðir hafa tekið embættispróf í Kaupmannahöfn og feingið að reyna kennsluna við háskólann þar, og lítur svo út, sem hún hafi breytzt til hins lakara, eptir það sá fyrri var þar. Eg man, þegar skólamálið var hèr borið upp fyrst á þíngi 1845, að þá saknaði assessor J. Pèturssón þess mjög, að uppástúngan um lögfræðiskennsluna fèkk ekki framgáng.

Það hefir ætíð verið hans lifandi sannfæríng, að lögfræðiskennsla yrði stofnuð á Íslandi. Það er nú í þessu efni, eins og í öðru, að menn horfa í kostnaðinn. Það er satt, að kostnaðurinn er nokkuð ískyggilegur, en það er vonanda, að það geti greiðzt úr mörgu þess háttar, ef við sjálfir fáum að ráða fjárhag okkar, og fáum það, er okkur ber með rèttu. Satt er það, að vèr berjum okkur, en hver maður verður þó að sjá, að í mörgu tilliti er þessi barlómur ekki um skör fram; en af hverju er þessi fátækt komin? menn segja, að hèr um bil 100,000 dala sè eytt í landinu í vínfaung ár hvert, og ef 4—500,000 væri þar að auki eytt í öðrum munaðarvörum, mætti spyrja, hvort ekki væri gjörlegt að draga við sig fóðrið svo sem um einn sjötta part, og verja þessu fè til einhvers, sem væri gagnlegt fyrir land og lýð? Vèr tölum einlægt um fátækt, en ekki um fávizku. *Forseti* þíngsins, sem var 1855, skrifaði brèf út um landið að ósk þíngsins þetta mál áhrærandi, en eg held, að flest standi við sama í þessu sem fleiru, sem von er, því þeir, sem vilja gjörast oddvitar að einhverju, verða sjálfir að vera í broddi fylkíngar, en þeim dugir ekki að segja: „farið þèr! vèr ætlum að sitja eptir“, heldur verða þeir að segja: „vèr förum, komið þèr með oss“.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, er álýktarumræðu þessa máls lokið, og skal eg því biðja þíngmenn gánga til atkvæða.

Síðan var geingið til atkvæða, og fóru þau á þessa leið:

a, Nefndarinnar: samþykkt með 15 atkvæðum gegn 6.
b, — — samþykkt með 16 atkvæðum gegn 5.
c, E. Kúlds: samþykkt með 12 atkvæðum gegn 8.
d, Nefndarinnar: samþykkt með 18 atkvæðum gegn 4.
e, — — samþykkt með 17 atkvæðum gegn 4.

Eptir uppástúngu hins 5. konúngkjörna þíngmanns lèt *forseti* fram fara nafnakall um uppástúngu *meira hlutans,* undir stafliið *f,* og sögðu þessir

já:	nei:
Guðmundur Einarsson.	R. M. Ólsen.
Ásgeir Einarsson.	V. Finsen.
E. Ó. Kúld.	Þ. Gudmundsson.
Guðmundur Brandsson.	Þ. Jónassen.
H. Kr. Friðriksson.	Jón Samsonsson.
Jón Guðmundsson.	P. Pètursson.
Jón Hávarðsson.	Vilhjálmur Oddsen.
J. Kristjánsson.	
J. Sigurðson.	
Kolb. Árnason.	
Magnús Andrèsson.	
Ólafur Sívertsen.	
Páll Sigurðsson.	
Stefán Jónsson.	
H. G. Thordersen.	

Var þá stafliðurinn samþykktur með 15 atkvæðum gegn 7; en uppástúnga *minna hlutans* var þá fallin.

Forseti las því næst bænarskrá til konúngs *um laun málaflutníngsmanna,* og var hún samþykkt, svo hljóðandi:

„Til konúngs!

Í yðar hátignar auglýsíngu 27. maí 1857, II. 7. er alþíngi birt, „að nú sè ekki neitt því til fyrirstöðu, að fyrst um sinn verði settir 2 lögfróðir málaflutníngsmenn við yfirdóminn, og að það álítist hæfilegt, að hver þeirra fái 3 eða 400 rdl. árlegan styrk, en með því, að helmíngurinn að eins, eða í mesta lagi 350 rdl., verði greiddur úr hinum íslenzka sakagjaldssjóði, og þar stjórnin sjái sèr ekki færi á að útvega neinn meiri styrk til þessa, verði að bíða eptir ítarlegri uppástúngu frá alþíngi um það, hvernig það verði feingið“. Í

tilefni hèr af bar varaþíngmaður Snæfellínga upp fyrir alþíngið uppástúngu um þetta mál, og kaus þíngið þegar 3 manna nefnd, til að taka málefnið til yfirvegunar, ræddi það síðan á 2 aðalfundum og leyfir sèr nú að bera upp fyrir yðar hátign álit sitt um það á þessa leið:

Fyrst athugaði þíngið, hvort ei mundi vera faranda því á flot, að málaflutníngsmenn þessir yrði 3, en þíngið getur ei annað en aðhyllzt þá skoðun stjórnarinnar, að þeir verði að eins 2, að minnsta kosti fyrst um sinn, meðan svo tregt veitir að fá nægilegt fè til launa þeirra, en þó álítur þíngið, að ei megi veita málaflutníngsmönnum þessum ótakmarkað einkaleyfi í einstakra manna málum (*privat*-málum), þar eð það þykir um of þraungva rètti einstakra manna, sem eiga mál sín undir dómstóli þessum, einkum þegar málaflutníngsmennirnir eru ei nema 2.

Jafnvel þó þíngið álíti, að þau laun, sem í tèðri auglýsíngu yðar hátignar eru ætluð málaflutníngsmönnum þessum, í raun og veru ekki sè of mikil, þegar litið er til kríngumstæðanna hèr, einkum þess, hve dýrt er að lifa í Reykjavík, þá vill þó þíngið heldur ráða til, að laun þessi sè lægra ákveðin, en að dráttur verði á þessu nauðsynlega máli, með því að þíngið treystist ei til að vísa á fè til launa málaflutníngsmönnum þessum úr öðrum sjóðum en sakagjaldssjóðnum. Að sönnu var því farið á flot, að taka fè til viðbótar launa þeirra úr jafnaðarsjóðum amtanna, en þíngið áleit það ógjöranda eins og nú horfir við, þar eð sjóðir þessir auðsjáanlega verða fyrir meiri útgjöldum, en þeir eru færir um að bera, þar eð kostnaður sá, sem nauðsynlegur er til að útrýma fjárkláðanum, verður sjóðum þessum næsta tilfinnanlegur, og ef fjárkláðinn nær að út breiðast meira en komið er, verða tekjur þessara sjóða næsta litlar og óvissar, með því gjaldstofninn þannig rýrnar og eyðist. Þar á móti komst þíngið að raun um, eptir að það hafði kynnt sèr ástand sakagjaldssjóðsins, að á honum liggja sum útgjöld, sem virðast fremur óeðlileg, að slíkur sjóður beri, t. a. m. það, sem úr honum er goldið til að launa dómendum landsyfirrèttarins, þar eð laun þeirra embættismanna eptir almennum reglum sýnast eiga að greiðast úr ríkissjóðnum; enn fremur liggur nú sem stendur það á sakagjaldssjóðnum, að hann leggur Reykjavíkurbæ til þínghús, sem einnig álízt ekki vera fullkomlega rètt; þessum útgjöldum vonar þíngið að bráðum muni verða lètt af sakagjaldssjóðnum, þó það að þessu sinni leiði hjá sèr að beiðast hèr á breytíngar, sèr í lagi af því að þínginu virtist sjóður þessi

mundi fá ár geta — án þess að þurfa að skerða höfuðstól hans — lagt þessum málaflutníngsmönnum árlega 150 dölum meira, en til er ætlazt í auglýsíngunni til þíngsins. — Þíngið komst þannig að þeirri niðurstöðu að beiðast þess, að yðar konúngl. hátign vildi skipa svo fyrir, að laun þessara málaflutníngsmanna sè þeim goldin fyrst um sinn um 3 ár úr sakagjaldssjóðnum eingaungu, þannig: að hver þeirra fái til launa árlega 250 rdl. — Þó að laun þessi í sjálfu sèr sè næsta lítil, þá þykist þíngið sjá fram á, að þeir hèr geti aflað sèr nokkurra launa með ýmsum störfum fyrir utan þann dómstól, sem þeir eru settir við; en þar hjá álítur þíngið nauðsynlegt að gjöra þeim sem hægast að fá þá peninga, sem þeim bera að lögum, og þess vegna af því tilsk. 11. júlí 1800 hefir ei verið ætíð ítarlega fylgt, svo á stundum hefir orðið dráttur á greiðslu málsfærslulauna í sakamálum og gjafsóknarmálum, þá þykir nauðsynlegt að taka það fram, að þessi laun verði málafærslumönnunum fyrirfram greidd úr sakagjaldssjóðnum.

Af framanskrifuðum ástæðum leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast að bera þá bæn fram fyrir yðar konúnglegu hátign, að þèr allramildilegast vildið skipa svo fyrir:

1. (með 14 atkv. gegn 2.) að tveir málaflutníngsmenn verði skipaðir við landsyfirrèttinn, er sè þeir menn, er hafi geingið undir eitthvert það próf í lögvísi, er rèttur fylgir til lögfræðíngaembættis hèr á landi.
2. (með 17 atkv. mót 3) að hver þeirra fái til launa 250 rdl. árlega.
3. (með 19 atkv.) að fè þetta sè fyrst um sinn, um 3 ár, tekið úr sakagjaldssjóðnum.
4. (með 18 atkv.) að það verði síðan borið undir alþíng hvaðan fè skuli fá til launa þeirra, ef það reynist, að sakagjaldssjóðurinn framvegis ei geti goldið þeim þetta fè.
5. (með 14 atkv. mót 4.) að þau málsfærslulaun, sem málaflutníngsmönnum verða dæmd í sakamálum og gjafsóknarmálum, verði greidd þeim fyrir fram úr sakagjaldssjóðnum.

Reykjavík, 28. júlí 1857.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. *E. Ó. Kúld*".

Forseti kvaðst mundu birta dagskrá til næsta fundar svo fljótt sem yrði.

Fundi slitið.

---

31. júlí — átjándi fundur.

Allir á fundi, nema hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, sem var sjúkur.

Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Það er nú eins og þíngmönnum er kunnugt, að hinn lögskipaði þíngtími er nú liðinn, en mörg mál eptir og það einhver hin merkilegustu, sem vèr allir munum óska að gæti orðið afgreidd. Þetta getur þó einginn kennt þínginu, því það er öllum kunnugt, að þíngið hefir neytt allra þeirra krapta, sem það hefir kost á, heldur er þetta kríngumstæðunum að kenna. Auk þess, að vèr erum ætíð fámennir, og að opt hleðst á einstaka meira, en þeir geta afkastað á svo stuttum tíma, þá hafa einnig sèrstaklegar kríngumstæður borið til nú á þessu þíngi. Eg vil nefna fyrst það, að einúngis 1 af málum þeim, sem stjórnin lagði fyrir þíngið, var komið híngað við byrjun þíngsins, en hin komu ekki til þíngsins fyr en svo, að ekki urðu kosnar nefndir í þau, fyr en rúm vika var liðin af þíngtímanum. Þannig voru ekki settar nefndir í fjárhagsmálið og jarðamatsmálið fyr en 8. júlí, og í fjárkláðamálið, sem þó, ef til vill, er hið vandasamasta málið, varð ekki kosin nefnd fyr en 14. júlí. Þegar þess er gætt, að þíng hefir áður verið leingt til 10. ágúst, þó ekki hafi verið neitt til tálmunar í upphafi þíngtímans, og þegar þar að auki er hugleitt, að ekki allfá af málum þeim, sem hèr eru komin fram, eru ærið umfángsmikil og vandasöm, þá virðist mèr, sem góðar og gildar ástæður sè fyrir, að leingja þíngtímann í þetta skipti jafnvel fram yfir það, sem hann hefir verið vanalega leingdur. Til þess að geta komizt sem næst um, hversu mikla leingíng muni þurfa, hefi eg að gætt, hversu lángt helztu málin muni vera komin, og er það einkum fjárkláðamálið, sem örðugast veitir. Eptir því sem eg kemst næst, getur ekki nefndarálitið í þessu máli orðið búið fyr en seinast í næstu viku eða 8. ágúst; það getur því ekki komið til umræðu fyr en 11. ágúst, og þegar síðan skal ræða það á tveimur

fundum, og má víst búast við, að það verði margrætt, og þar eptir að semja í því álitsskjal eður frumvarp, sem, ef til kæmi, gæti orðið að bráðabyrgðarlögum, þá er hætt við, að vafníngar verði svo miklir um mál þetta, að því verði varla lokið fyr en 14—15. ágúst. Eg leyfi mèr því að snúa mèr til hins háttvirta *konúngsfulltrúa* og spyrja hann, hvort umboð það, sem hann hefir af hendi konúngs vors, ekki leyfi honum að leingja þíngtímann, og ef svo er, hvort hann þá ekki, með tilliti til þess, sem eg hefi skýrt frá, finni ástæðu til, að leingja þíngtímann til hins 14. eða 15. í næsta mánuði.

Konúngsfulltrúi: Til andsvars upp á spurníngu hins hátvirta *forseta* skal eg geta þess, að eg hefi leyfi til að leingja þíngtímann um 8—10 daga, eins og þíngmenn þegar áður hafa feingið ávísun um. Eg játa nú að vísu, að ástæður þær, sem hinn háttvirti *forseti* taldi fram með leingíngu þíngtímans eru fullgildar, en jafnframt verð eg að geta þess, að þíng þetta hefir tekið að sèr fleiri uppástúngur frá einstökum mönnum, en góðu hófi gegnir, og hafa þau mál, þó ekki sè þau umfángsmikil, hlotið að tefja tíma þíngmanna. Þar að auki verður það til fyrirstöðu, að þíngtíminn verði leingdur, eins og hinn háttvirti *forseti* hefir stúngið upp á, að málin geta þá ekki komizt með póstskipinu, sem fara á hèðan þann 15. í næsta mánuði, en af þeirri ferð vil eg ekki missa málanna vegna, þar hana má álíta einhverja þá tryggustu og áreiðanlegustu, þar sem bæði er skip gott, og skipsstjóri reyndur og kunnugur sjómaður. Loksins skal eg geta þess, að mèr getur ekki betur skilizt, en að hin heiðraða nefnd í fjárkláðamálinu, sem nú þegar hefir unnið svo lángan tíma, og haft í höndum sèr allar þær skýrslur; sem komið hafa fram til leiðbeiníngar í þessu máli, ætti að vera svo á veg komin, að nefndarálit hennar gæti orðið tilbúið næsta fimmtudag eða þann 6. í næsta mánuði. En með tilliti til þess, að hin konúnglegu mál komu svo seint til þíngsins, sem hinn háttvirti *forseti* hefir talið, vil eg upp á væntanlegt samþykki stjórnarinnar leingja þíngtíman til hins 12. næstkomanda mánaðar.

Forseti: Hinir heiðruðu þíngmenn hafa nú heyrt svar hins háttvirta *konúngsfulltrúa.* Eg veit, að vèr allir viljum sem mest flýta þíngstörfunum, og gæti nefndarálitið í fjárkláðamálinu orðið búið á fimmtudaginn eða föstudaginn í næstu viku, gæti, ef til vill, tími sá, er hann tiltók, orðið nægur. Eg sè því ekki, að vèr getum komizt nær, en að gjöra oss að sinni ánægða með tíma þann, er hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* tiltók, og það því fremur, sem mèr skildist

á ræðu hans, að hann álíti það eigi frágángssök, að bæta við 1 eða 2 dögum, ef á lægi.

Samkvæmt dagskránni kemur þá til undirbúníngsumræðu uppástúnga þíngmanns Gullbríngusýslu, *um sölu opinberra eigna hèr á landi.*

Lèt *forseti* síðan afhenda skjöl málsins framsögumanni, varaþíngmanni Snæfellínga, og las hann upp álit nefndarinnar, svo hljóðanda:

„Alþíngi hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að segja álit vort um uppástúngu nokkra, sem þíngmaður Gullbríngusýslu bar fram, svo látandi:

> að þíngið riti konúngi vorum þegnlega bænarskrá, og óski þess í henni, að eingin opinber eign í landinu verði seld, nema með samþykki alþíngis,

og skulum vèr nú stuttlega segja álit vort um hana.

Eins og í uppástúngunni er tekið fram, þá getur einginn látið sig það litlu varða, hvernig farið er með eignir lands þessa, einkum nú, þar eð sá tíminn sýnist vera fyrir höndum, að vèr eigum að fara að hafa meiri afskipti af högum vorum, en verið hefir híngað til. Það er nú líka talsverður tími liðinn, síðan *Kristján* konúngur áttundi sagði svo fyrir, að landið skyldi sjálft bera kostnað þann, er leiddi af stjórn þess, enda þó það hafi geingið svo híngað til, að fjárhagur vor hafi verið sameinaður fjárhag Danmerkur, og að Dönum teljist svo til, eptir reikníngum sjálfra þeirra, að þeir verði að tolla oss á ári hverju. Vèr skulum nú ekki að þessu sinni fara lángt fram í slíka reikníngа; allir vita um stólsjarðasöluna, og það, að stjórnin eða konúngur skuldbatt sig þá um leið til, að annast allar þarfir skólans, af því andvirði jarða þessara gekk inn í ríkissjóðinn; en út af þessu hefir þó borið, þar sem 11,000 rd. hafa verið teknir úr kollektusjóðnum, til að standast kostnað þann, er leiddi af flutníngi skólans frá Bessastöðum til Reykjavíkur. En enn ver hefir tekizt til með jarðir þær, sem seldar voru ríkisaðmírál *Hinrek Bjelke,* og sama er að segja um þjóðjarðirnar, eður þær svo nefndu konúngseignir, hverra andvirði allt hefir runnið í ríkissjóðinn, án þess menn viti, til hvers því fè hefir síðan verið varið. Það er hörmulegt til þess að vita, hversu sumar af eignum þessum hafa verið seldar með litlu verði, eptir að stjórnin hefir þó verið búin að kosta til þeirra ærnu fè. Tökum vèr til dæmis Læknisnes

og nú seinast biskupssetrið Laugarnes. Vèr játum það að vísu, að það hefir verið borið sem ástæða fyrir þjóðjarðasölunni, að með henni fjölguðu sjálfseignarbændur, og að jarðyrkjunni mundi með þessu fara fram; en ekki hefir alstaðar sú viljað raun á verða. Margir þeir, er á jörðunum bjuggu, gátu eigi keypt ábýli sín, svo hinir efnugri urðu hlutskarpari, færðu þessir víða hvar leigumálann upp úr forngildunni, og þýngdu þannig á hinum fátæku, sem nú höfðu við miklu lakari kjör að búa en áður, meðan jarðirnar voru þjóðeignir. Að jarðyrkjunni hafi á seinni árum nokkuð farið fram, því neitum vèr ekki, en vèr eignum það meir framförum tímans yfir höfuð, heldur en þjóðjarðasölunni, því bæði getum vèr talið nokkur dæmi þess, að sumar jarðir voru mikið endurbættar, bæði með þúfnaslèttun og túngarðahleðslu, á meðan þær voru þjóðeignir, og svo er hitt eins víst, að síðan jarðyrkjan fór heldur að lifna, þá hefir hún ekki komið fram á bændaeignum einum saman, heldur bæði á kirkna- og klaustrajörðum. Af þessu er það ljóst, að þó þjóðjarðirnar hefði nú verið óseldar, þá mundu þær á þessum tímum hafa tekið álitlegum framförum og þá undir eins meiru verði en áður.

Það er nú orðin venja að borga öllum hinum hærri embættismönnum laun sín í peníngum, og jafnvel hefir verið stúngið upp á, að prestar sætti sömu kjörum; en eptir sem vèr höfum komizt að, þá munu þeir álíta þetta miklu óhagfelldara en landauratekjurnar. Það segir sig líka sjálft, að eptir sem landaurar hækka í verði, eptir því vaxa tekjur þessar, en peníngarnir falla að því skapi, þarf þess vegna að bæta við launin smátt og smátt, ef embættismennirnir eiga ekki að verða fyrir of miklum halla. Menn hafa opt heyrt kvartað yfir, hversu dýrt væri að lifa í Reykjavík, og liggur orsökin til þess hèr í að miklu leyti. Skyldi nú þeim embættismönnum, sem hèr eru, einhvern tíma koma til hugar, að flytja burt úr Reykjavík, fá sèr jarðir og fara að búa, hvar eru þá þær jarðir hèr nálægt, sem fáanlegar væri? eru þær ekki flestallar orðnar að bændaeignum, svo að stjórnin yrði í vandræðum að ráða fram úr þessu? Hefir ekki sumum sýslumönnum geingið fullerfitt að fá sèr hæli, síðan þjóðjarðirnar voru seldar, og það svo, að þeir hafa næstum orðið á flækíngi millum sýslubúa sinna? Það hefir verið talað um, að fjölga læknum, svo sinn yrði í hverri sýslu, og gjörum vèr ráð fyrir því, að þeir vildi heldur búa en vera búlausir; hvar væri þá jarðir fáanlegar handa þessum? Það hefir

verið talað um að koma upp sjúkrahúsi í Reykjavík, eður nálægt henni; sumir hafa sagt, að það væri vel tilfallið, að hafa það í Laugarnesi, af því að húsið þar væri haganlegt til þess, en jörðin góð til afnota fyrir stofnun þessa. En nú er Laugarnes farið, eins og allir vita, og ekki víst, að það feingist aptur keypt til þessa augnamiðs, nema með margfalt meira verði, en það var selt fyrir. Sama er að segja um ýmsar jarðir, sem nú eru orðnar bændaeignir, að það er mjög óvíst, hvort þær feingist keyptar aptur, ef embættismenn vorir þarfnaðist þeirra, nema má ske með afarháu verði. Það hefir verið talað um, að stofna búnaðarskóla, og þyrfti hann því sjálfsagt að vera á haganlegri og góðri jörð, enda hefir þessa og verið farið á leit við stjórnina, og hún tekið dauflega undir það, má ske af þeim orsökum, að hún þykist ekki hafa ráð eður völ á mörgum góðum og haganlegum jörðum, og yrði þær þó því færri, sem meira væri selt. Hingað til hefir nú stjórnin hagað sölunni á þessum eignum sumpart eptir sínum eigin hugarburði og sumpart eptir uppástúngum einstakra manna, og mun það þá optast hafa verið svo, bæði fyrir henni og þeim, að líta á einhvern, má ske ímyndaðan, stundarhagnað, án þess að skoða, hverjar afleiðíngarnar gæti orðið í framtíðinni.

Þar sem nú konúngur hefir falið alþíngi á hendur, að hafa afskipti af sèrhverju því málefni, er landsins hag varðar, og þjóðin ber það traust til þess, að það gæti rèttinda hennar í einu sem öðru, þá getum vèr ekki annað en ráðið hinu heiðraða þíngi til, að taka til greina framanskrifaða uppástúngu, og að það riti konúngi vorum þegnlega bænarskrá, í hverri þess verði óskað:

> að eingin sala á opinberum eignum í landinu fari fram, nema áður sè um það feingið álit og samþykki alþíngis.

Reykjavík, 29. d. júlí 1857.

G. Brandsson, formaður. *E. Ó. Kúld,* framsögumaður. *P. Sigurðsson*".

Framsögumaður: Eg skal því síður leingja þíngræðurnar með því að fara mörgum orðum um mál þetta, sem eg vona, að allt það sè tekið fram í nefndarálitinu, sem nauðsynlegt er til að sýna, að málið sè svo mikils varðanda, að um það eigi þíngið að senda konúngi vorum allraþegnsamlegasta bænarskrá.

Konúngsfulltrúi: Við inngángsumræðu þessa máls gat eg þess, að eg áliti uppástúnguna um það óþarfa, því hvorki mælti yfirvöldin nú fram með sölu opinberra eigna, og ekki heldur veitti

stjórnin leyfi til hennar, nema má ske í einstöku tilfellum, þegar kríngumstæðurnar gjörðu það nauðsynlegt; en samt sem áður vil eg nú, fyrst málið er svo lángt komið, ekki vera því mótfallinn, að það fái hèr framgáng. Þó vil eg geta þess, að í nefndarálitinu eru margar greinir, sem eg ekki get verið samdóma; en af því greinir þessar eingin áhrif hafa á málið sjálft, vil eg ei tefja tímann með því að taka þær nákvæmar fram. Einasta vil eg óska þess, að orðin „og samþykki" verði felld úr uppástúngu nefndarinnar; því orðið „samþykki" ætti einúngis við, ef þíngið hefði ályktanda vald, en ekki nú, þar sem það ekki er nema ráðgefanda. Eg vona, að nefndin og þíngið fallist því heldur á þetta, sem hin sama bendíng er tekin til greina í öðru máli, sem nýlega er útkljáð.

Framsögumaður: Í tilliti til þess, er hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að hann vildi hafa felld úr orðin: „og samþykki", þá hefi eg sem nefndarmaður ekkert á móti því, fyrir mitt leyti, meðan þíng þetta einúngis er ráðgefanda þíng, en fái það löggjafarvald, breytist þetta sjálfkrafa með öðru fleiru. Að öðru leyti virtist mèr hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* ekki mæla annað á móti bænarskrá í þessu máli en þetta eina, að honum þótti hún óþörf, þar eð hvorki stjórnin vildi, nè heldur embættismenn hennar legði til, að opinberar eignir væri seldar, án þess, að sèrdeilislegar kríngumstæður mælti fram með því, og skal eg þar til einúngis svara, að mèr finnst bænarskráin þá ekki vera óþörf, því hún sýnir þá stjórninni, að þíngið er einmitt á sömu meiníngu og hún og embættismenn hennar; og því heldur getum vèr vænt bænheyrslu í þessu máli.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, verð eg að álíta undirbúníngsumræðu þessa máls lokið, og kemur þá, samkvæmt dagskránni, til undirbúníngsumræðu *Kollektumálið.*

Lèt *forseti* síðan afhenda málið framsögumanni, *P. Sigurðssyni,* og las hann upp nefndarálitið, svo hljóðanda:

„Út af uppástúngu einni til þessa alþíngis frá hèr undirskrifuðum þíngmanni Rángvellínga, *Páli Sigurðssyni,* með þeim niðurlagsgreinum, 1. að í stað hins konúnglega úrskurðar 25. júlí 1844 verði konúngsúrskurður 29. marz 1786 lagður til grundvallar fyrir reikníngum kollektunnar; 2., að hann (konúngurinn) láti samkvæmt 1. atriðinu leggja fyrir hið næsta alþíngi greinilegan reikníng yfir allan fjárhag kollektunnar frá 31. des. 1797, — hefir hið heiðraða

þíng kosið oss undirskrifaða í nefnd til að segja álit vort um þetta mál, og leyfum vèr oss, eptir ítarlegri yfirvegun, að kveða upp álit vort á þessa leið:

Alþíngið 1855 ritaði konúngi bænarskrá um, að greinilegur og skipulegur reikníngur yrði saminn yfir kollektupeníngana síðan um árslok 1797, og auglýstur þínginu, og að vísu hefir konúngur svarað þessari bæn í auglýsíngu til þessa alþíngis 27. maí þ. á. á þá leið: að málið um kollektupeníngana sè fullkomlega útkljáð með konúngsúrskurði 25. júlí 1844, er ákveður stærð peninga þessara; en nefndin hlýtur allt um það að vera óbifanlega sannfærð um, að mest öll tilhögunin með fè kollektunnar frá 1797, enda þótt eingin þar að lútandi greinileg og áreiðanleg skilríki liggi opin fyrir, er gefi mönnum kost á, að benda sèrstaklega á hina ýmsu misbrúkun fjárins, sè gagnstæð bæði uppruna og tilgángi kollektusjóðsins og hinni konúnglegu stofnsetníngu þessa fjár frá upphafi. Eins og ber með sèr sjálft nafnið kollekta (þ. e. samansöfnuð fríviljug samskot einstakra manna í tilteknu sèrstaklegu augnamiði), þá varð þetta fè eptir eðli sínu og lagalegum skilníngi yfir höfuð aldrei brúkað til neins annars en hins upprunalega augnamiðs, en eingan veginn til neins þess, sem áhrærir almennar ríkisþarfir, eða til að standast kostnað af þeim framkvæmdum og fyrirtækjum, sem ríkissjóðnum í öllum öðrum tilfellum er og hefir verið ætlað að standa straum af. Þetta hefir og sjálfur konúngurinn fyllilega viðurkennt og lýst yfir frá upphafi, eigi að eins með leyfisbrèfunum 10. des. 1783 og 15. júlí 1785 til að safna kollektunni í því sèrstaka augnamiði, að þessi með konúngsleyfi samsöfnuðu almennu samskot skyldi vera til þess að bæta úr bágindum og fjártjóni því, er bæði Skaptafellssýslubúar og aðrir landsmenn, einkum hèr í suðuramtinu, hefði orðið fyrir af völdum jarðeldsins úr Skaptárjökli 1783, heldur einnig með tveimur konúngsúrskurðum 29. marz og 18. október 1786, því báða þessa úrskurði verða menn að álíta hin eiginlegu stofnunarbrèf *(Fundats)* kollektusjóðarins, og segir svo fyrir um hann í hinum síðari úrskurði: *„Ere indkomne og i den kongelige Kasse deponerede til de Skadelidte i Ísland, saavelsom hvad endnu til disse indkommer og til bemeldte Kasse indbetales, maa godtgjöres 4% aarlig Rente fra den Dag af, de derudi ere deponerede“.* Af þessum ástæðum hlýtur nefndin að vera fyllilega sannfærð um og álíta auðsætt, að það geti ekki staðizt með hinum sèrstaka uppruna og fyrirfram ákveðna tilgángi kollektusjóðsins nè

með hinum konúnglegu stofnunarbrèfum hans, að verja honum, eins og gjört hefir verið, til hvers sem vera skyldi, móthverft augnamiði og stofnun sjóðarins, og nefndin verður að álíta, að enda sjálfir konúngarnir hafi ekki getað það.

Reikníngurinn yfir kollektusjóðinn fram til ársloka 1797 var auglýstur á prenti að tilhlutun stjórnarinnar í lögþíngisbókinni sama ár, og var þá:

a, sjóðurinn, sem safnað hafði verið samkvæmt konúnglegu leyfisbrèfi 10. desemb. 1783 handa þeim Skaptafellssýslubúum, sem urðu fyrir skaða af jarðeldinum, 8,761 rd. 86 sk.

b, almenni sjóðurinn, sem safnað hafði verið samkvæmt konúnglegu leyfisbrèfi 15. júlí 1785 handa þeim á Íslandi, sem höfðu orðið fyrir tjóni af eldgosi, jarðskjálftum o. fl., 39,060 rd. 64 sk.

Kollektusjóðurinn var þannig um árslokin 1797 samtals 47,822 dalir 54 sk. Til þess tíma vita menn og ekki til, að neinu af þessu fè hafi verið varið beinlínis gagnstætt hinum upprunalega tilgángi þess og stofnunarbrèfum konúngsins. En með konúngsúrskurði 28. maí 1800 var leyft að verja af vöxtum kollektusjóðarins jafnmiklu og þyrfti að kosta til að mæla upp strandir og hafnir á Íslandi, en þegar búið var að halda þeim starfa áfram um þrjú ár, þóttist fjárstjórn ríkisins komin að raun um, að auka þyrfti við bæði strandmælíngamönnum og kostnaði til þess, að verki þessu yrði framgeingt, en rentukammerið áleit, að þann kostnaðarauka yrði að taka beinlínis úr konúngs sjóði. Út af þessu kom konúngsúrskurður 9. marz 1804 (*Lovsaml. for Ísland,* bls. 668—669), er segir með berum orðum, að það, sem þurfi meira til strandmælínga á Íslandi en 1700 ríkisdali árlega, því þetta fè megi taka af vöxtum kollektusjóðarins, skuli greiða (*„udredes“*) úr konúngssjóði.

Upp á bænarskrá alþíngis 1855 um þetta mál hefir nú konúngur vor í auglýsíngu sinni 27. maí þ. á. virzt að svara á þá leið: „að málið um kollektupeníngana sè fullkomlega útkljáð með allrahæstum úrskurði 25. júlí 1844, er ákveður, „að stærð peníngaþessara sè til þess tíma 28,165 rd. 24 sk.“ Í hinni konúnglegu auglýsíng segir enn fremur, að ekki hafi virzt nein ástæða til, að gefa þínginu ítarlegri skýrslu um, hvernig kollektupeníngunum hefir fyrrum verið varið, heldur en þá, sem þínginu var gefin af *konúngsfulltrúa* 1845. Þar á móti hefir konúngur mildilegast hlutazt til um, að fulltrúi hans á þessu þíngi legði fyrir þíngið greinilega skýrslu um, hvernig hjálparsjóði þeim, er stofnaður var samkvæmt áður-

nefndum konúngs úrskurði 1844 hafi verið varið síðan, og má meðal annars sjá það af þeirri skýrslu, að til byggíngar skólahússins í Reykjavík hefir verið, varið auk 7,500 rdala af mjölbótasjóðnum, fyrst 4,500 ríkisdölum, og enn fremur 11,000 dölum samkvæmt konúngs úrskurði 2. maí 1845, að tiltöldum öðrum útgjöldum, er á þessum svo nefnda styrktarsjóði hafa verið látin lenda síðan 1844, en þau útgjöld þykir nefndinni hvorki þörf nè fært að rannsaka, þá er sjóður þessi ekki nú talinn í tèðri skýrslu stjórnarinnar þar yfir meir en samtals 15,168 rdl. 49 sk. við árslokin 1856. Að öðru leyti ber skýrslan með sèr, að þetta sè þær einu eptirstöðvar kollektusjóðarins og þó geymslufè *(Depositum)* í fjárhirzlu ríkisins.

En þrátt fyrir tèða konúngsúrskurði 28. maí 1800, 9. marz 1804, 25. júlí 1844 og 2. maí 1845 hlýtur nefndin að vera óbifanlega sannfærð um og álíta auðsætt, sem fyr er sagt, að hvorki hinn sèrstaki uppruni og ákveðna augnamið kollektusjóðsins, nè hin konúnglegu stofnunarbrèf hans, er segja með berum orðum, að hann sè og skuli vera *geymslufè* á vöxtum í fjárhirzlu ríkisins, heimili í nokkurn máta að breyta þar út af, enda ekki konúnginum sjálfum, að því leyti breytíngin er eða hefir verið móthverf augnamiði sjóðsins og stofnunarbrèfum hans.

Að öðru leyti má það virðast auðráðið af skýrslu *konúngsfulltrúa* á alþíngi 1845, sem vísað er til í auglýsíngu konúngs til þessa alþíngis 27. maí þ. á. áhrærandi hversu kollektusjóðnum hafi verið varið frá 1799 til 1835, að konúngs úrskurðanna af 28. maí 1800 og 9. marz 1804 hefir ekki verið gætt, þegar frá leið. Þessir úrskurðir leyfa að vísu báðir, að verja vöxtum kollektusjóðsins til strandmælínga á Íslandi, og hinn síðari bindur það, sem verja megi, til 1700 ríkisdala upphæðar, en hvorugur úrskurðurinn heimilar, að skerða til þess höfuðstólinn, enda má sjá það af tèðri skýrslu *konúngsfulltrúa* 1845, að vextir sjóðsins gátu ekki numið meiru, allrasízt frá árunum 1806 til 1810 heldur en 1700, til 2000 ríkisdala árlega. Þegar nú þess er gætt, að þessir 1700 ríkisdalir um þau 16 ár, sem strandmælíngarnar stóðu yfir, þá þeim var lokið, eptir því sem næst verður komið, 1816, ekki nema meiru en samtals 27,200 rdl. en í tèðri skýrslu 1845 segir, að til strandmælínganna hafi verið varið samtals . . . . . 84,111 —
þá er þar af auðráðið, sem og líka af konúnglega úrskurðinum 25. júlí 1844 og hinni fyráminnztu skýrslu um eptirstöðvar kollektusjóðsins við þau árslok, að margfalt meira fè hefir verið varið af

kollektusjóðnum til strandmælínganna, heldur en vöxtunum einum, eða með öðrum orðum, að innstæða sjóðsins hefir verið stórum skert til þeirra starfa, þvert í móti konúngsúrskurðinum af 1800 og 1804.

Af framanskrifuðum ástæðum verður nefndin að leyfa sèr að ráða hinu heiðraða þíngi til, að rita konúngi þegnsamlega bænarskrá um:

a, að konúngur leggi fyrir stjórn sína, að láta semja og auglýsa á prenti nýja reikníngа yfir kollektusjóðinn frá árslokum 1797, byggða á þeim skýrslum og reikníngum rentukammersins um fjárhag sjóðsins, sem þá voru auglýstir.

b, að öllum þeim útgjöldum, sem frá árslokum 1797 hafa verið tekin af kollektunni, en sem ekki geta komið henni við eptir hennar sèrstaklega uppruna og augnamiði og hinum konúnglegu stofnunarbrèfum hennar frá 29. marz og 18. október 1786, verði haldið fyrir utan þá reikníngа.

c, að konúngur allramildilegast hlutist til um, að kollektusjóðurinn, samkvæmt þannig löguðum reikníngum, verði með fullum skilum viðreistur á kostnað ríkissjóðsins.

Reykjavík, 29. júlí 1857.

Jón Guðmundsson, formaður. *H. Kr. Friðriksson.* *P. Sigurðsson,* framsögumaður".

Framsögumaður: Eg skal því heldur vera fáorður, sem eg vona, að nefndarálitið hafi skýrt svo vel fyrir þíngmönnum ástæður þessa máls, eins og unnt er; það tekur skýrt fram, hver höfuðstóll kollektusjóðsins hefir verið og augnamið hans fram að síðustu aldamótum. En eptir skýrslum þeim, er stjórnin hefir nú birt þínginu og sem allar eru byggðar á konúngsúrskurðinum 25. júlí 1844, þá hefir fokið mikið burt af höfuðstól sjóðsins, og það þvert ofan í konúngsúrskurðr þá, er nefndin hefir vitnað til í áliti sínu. Það var óheppilegt, að *konúngsfulltrúi* skyldi segja í skýrslu sinni hèr á þíngí 1845, að auk þeirra útgjalda, sem hann var þá búinn að skýra þínginu frá, að brúkað hefði verið af fè kollektunnar til ýmsra útgjalda, og margt var fjarstætt upprunalegri ákvörðun, sem fènu var safnað til, hafi verið teknar renturnar af kollektupeníngunum til strandamælínganna á Íslandi. Þetta var sandur í augun á þíngmönnum, en af því þeir flestu voru þá svo óvanir þíngdeilum, lètu þeir málið detta niður í það skipti. Menn kunna að segja, að ekki sè til neins að hreifa þessu máli, sem stjórnin hefir sagt að nú væri *„útkljáð"*, en eg vona, að það sè þó eigi *svo útkljáð,* að þjóðin megi ekki leita rètt-

ar síns, eða konúngsúrskurðurinn 25. júlí 1844 sè svo harðlæstur í lás, að Íslendíngum sè ekki full nauðsyn, að fá fram til skoðunar, hvernig stjórnarráð Danmerkur hefir meðhöndlað þetta geymslufè vort. Frá 1797 og til þessa tíma er mönnum með öllu ókunnugt um það, hvernig höfuðstóllinn hefir fokið burt; eg hefi að sönnu feingið nokkrar skræður — ekki veit eg nú hvaðan þær eru, hvort þær hafa komið til Vestmannaeyja með læknunum dönsku og hafi slæðzt síðan þaðan upp á land, þar sem landsmenn eiga mesta heimtíng til þessa fjár. — Af þessum skræðum getum við samt sèð, að fljótt hefir verið hætt að fylgja skýlausum konúngsúrskurðum með umhirðíng fjár þessa, og menn sjá einnig, að dönskum kaupmönnum hefir verið gefin *premía* til að verzla á Íslandi, en því var þá ekki Einglendíngum og Ameríkumönnum veitt þaðan *premía* líka, þegar þeir hèldu lífinu í oss skömmu eptir aldamótin á hinum herskáu tímum, er þá voru? því þó við þá mættum deyja fyrir dönskum kaupmönnum, var hinum harðlega bannað að hjálpa okkur um bráðustu lífsnauðsynjar, en ekki getum við þakkað það Dönum, þó hinir hjálpaði landinu í forboði þeirra. Sumum kann nú að þykja fremur djarft af oss að beiðast þess, að úrskurðurinn frá 1844 sè settur til hliðar, en eg vona samt, að konúngur vor, og hver sú stjórn, sem vill vera rèttlát, gefi þessari bæn góðan gaum. Það er og dæmi til þess, að konúngsúrskurðum hefir verið breytt, t. a. m. Möðruvallarèttarbótin, sem var staðfest af konúngi, en þó ógilti annar konúngur hana, þegar honum var fullkomlega sýnt, að hún var ólöglega undir komin, svo að þrátt fyrir það, sem *konúngsfulltrúi* hefir sagt, álít eg það einga vonarleysu, að ætlast til, að úrskurðinum verði breytt; 1855 sagði sá háttvirti *konúngsfulltrúi,* að ekkert fè mundi hafa verið greitt úr kollektusjóðnum nema því að eins, að konúngsúrskurðir væri fyrir því. Við erum þá báðir á sömu skoðun, hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* og eg, að stjórnarráð Danmerkur muni aldrei hafa leyft sèr slík stjórnarafglöp, en þá úrskurði hefi eg ekki sèð, og meðan þeir eru ekki auglýstir oss, eigum vèr fulla heimtíng á, að fènu sè varið samkvæmt hinum sèrstaka tilgángi kollektunnar.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, verð eg að álíta undirbúníngsumræðu þessa máls lokið.

Síðan las *forseti* upp *frumvarp til álitsskjals frá þínginu til konúngs um fiskileyfismálið,* og var það samþykkt, svo hljóðanda:

„Til konúngs.

Samkvæmt allrahæstum úrskurði 27. maí þ. á., hefir fulltrúi yðar konúnglegu hátignar gjört alþíngi kunnuga áskorun hinnar keisaralegu frakknesku stjórnar um, að mega stofna á Dýrafirði í Ísafjarðarsýslu fiskiverkunarhús, og kvatt þíngið í því tilliti til, að taka til íhugunar og gefa álit sitt um, að hve miklu leyti ástæða sè til, að veita þegnum útlendra þjóða leyfi til þess, að reisa á Íslandi fiskiverkunarhús og með hverjum kjörum, ef þíngið fèllist á það, samt hverjar breytíngar virtist ástæða til að gjöra í þessu skyni á löggjöf þeirri, sem nú gildir um þetta efni.

Í tilefni hèr af kaus þíngið 5 manna nefnd til að íhuga þetta mál og fèkk henni jafnframt í hendur 5 bænarskrár um sama efni, með alls 579 undirskriptum, sem þínginu voru sendar úr ýmsum hèruðum landsins. Síðan var málið rætt á 2 aðalfundum á lögboðinn hátt, og skal nú þíngið allraþegnsamlegast leyfa sèr að láta um það álit sitt í ljósi á þessa leið.

Þær lagaákvarðanir, sem gefnar eru í opnu brèfi 18. ágúst og í tilskipun 13. júní 1787, og sem harðlega banna utanríkismönnum bæði að fiska undir landinu sjálfu og að verka fisk sinn á íslenzkri lóð, standa enn í fullu og óröskuðu gildi og hefir hin seinni löggjöf um íslenzka verzlun, bæði tilskipun 11. sept. 1816 og lög 15. apríl 1854 haldið spurníngunni um fiskiveiðar og fiskiverkun utanríkismanna fyrir utan verzlunarmálið og þannig sýnt, að hvorki hefir stjórnin sjálf nè heldur Íslendíngar álitið ráðlegt, að breyta þeim ákvörðunum, sem löggjöfin frá 1786 og 1787 hefir þar um sett. Það er líka eindregið álit þingsins, að með tilliti til landsins núveranda ásigkomulags sè ekki nein ástæða til að breyta þeirri grundvallarreglu, sem löggjafinn hefir fylgt í þessu efni, eða nema það bann úr lögum, sem þannig liggur á útlendum þjóðum í tilliti til fiskiveiða og fiskverkunar, heldur hlyti það að verða landinu til hins mesta tjóns og óhagnaðar, ef það væri gjört takmarka- og skilyrðislaust.

Fiskiveiðarnar eru semsè næst kvikfjárræktinni helzti atvinnuvegur landsins; en væri hið áminnzta bann numið úr lögum, þá eru öll líkindi til, að voldugar utanríkisþjóðir, sem nú senda skip til fiskiveiða undir landið, mundi nota sèr hið þannig gefna leyfi og jafnvel auka fiskiveiðarnar lángt fram yfir það, sem nú er, þegar þær ætti kost á að verka fiskinn hèr á landi og gæti jafnóðum sent hann verkaðan með gufuskipum og öðrum flutníngaskipum á útlenda markaði. Þegar nú þess enn fremur er gætt, að þessar þjóðir hafa

betri tilfæringar, margfalt meiri fjárafla og vinnukrapta til að verka fiskinn, og þar að auk stærri og hentugri skip til fiskiveiða en Íslendíngar, þá er ekki annað sýnna, en að af þessu mundi leiða, ekki einúngis að fiskiveiðar Íslendínga á bátum minnkaði og smáeyddist, heldur einnig, að hin íslenzka fiskiverzlun gjörsamlega kæmist í hendur útlendra þjóða.

En auk þess sem það hlyti að kyrkja þenna aðalatvinnuveg landsmanna og hafa eyðileggjandi áhrif á hina íslenzku fiskiverzlun yfir höfuð, ef það bann, sem nú liggur á útlendum þjóðum í áðursögðu tilliti, yrði numið úr lögum, þá gæti naumast hjá því farið, að það leiddi af sèr margfalda óreglu, eða hefði að öðrum kosti í för með sèr afarmikinn kostnað, er þyrfti til að auka lögreglustjórnina alstaðar, þar sem útlendar þjóðir byggði sèr fiskverkunarhús við sjávarsíðuna og tæki sèr bólfestu; því það yrði ómögulegt fyrir hina útlendu yfirmenn að reisa nægar skorður við því, að landsmenn yrði ekki fyrir óskunda og yfirgángi í margföldum viðskiptum sínum við hina útlendu fiskara og fiskiverkunarmenn, auk þess sem það virðist miður sæmanda, að fela útlendum þjóðum á hendur, að vernda rèttindi danskra þegna, eins og það líka mundi valda óþolandi óvissu og ruglíngi í rèttarástandi Íslendínga í viðskiptum þeirra við þessa utanríkismenn, ef þeir ætti að sækja rètt sinn í hendur þeirra eptir útlendum lögum.

Af þessum ástæðum verður alþíngi allraþegnsamlegast að ráða frá því, að hinum nú gildandi lögum, er leggja bann á fiskiverkun útlendra þjóða á íslenzkri lóð, sè breytt yfir höfuð, og virðist því síður nauðsyn til að nema þetta bann þannig úr lögum, sem við hliðina á því standa önnur lagaboð (tilsk. 17. nóv. 1786), er gjöra utanríkismönnum hægra fyrir hèr en í flestum öðrum löndum, að setjast hèr að og vinna innlends manns rèttindi, og fyrir þá, sem vilja nota sèr þetta leyfi, hverfur það bann, sem löggjöfin hefir lagt á fiskiverkun útlendra hèr.

En þó þíngið ekki geti fundið ástæðu til, að hin áminnzta löggjöf verði upphafin yfir höfuð að tala, má þó hugsa sèr, að þau hagnaðarboð kynni að koma frá einstökum þjóðum, að það væri ástæða til að veita þeim sèrstaklegt leyfi til þessa, það er að skilja: undanþágu frá lögunum, með vissum skilmálum. Að vísu sèr þíngið sèr ekki fært nú þegar, að tiltaka alla þá skilmála, sem slíkt leyfi yrði að vera bundið, þar eð þeir að nokkru leyti eru undir því komnir, hve stórkostleg sú fiskiverkunarstofnun ætti að vera, sem

beðið væri um að mega reisa; en þó skal þíngið, samkvæmt yðar hátignar allramildasta boði, leyfa sèr að minnast á nokkur atriði, sem, ef svo bæri undir, sèr í lagi mundi þurfa að taka til greina, og eru þau þessi: *að* nýr og ábatasamur markaður opnaðist fyrir íslenzkar vörur í því landi, og að ójafnaðartollur á íslenzkum vörum, fluttum á innanríkisskipum, væri aftekin í löndum þeirrar þjóðar, sem færi fram á að öðlast slíkt fiskiverkunarleyfi; *að* slík fiskiverkunarstofnun og fiskimenn hlutaðeigandi þjóðar mætti kaupa fisk af Íslendíngum og aðrar vörur þeirra, en opnaði þeim á móti aðflutníngа og verzlun á ýmsum vörum; *að* sú þjóð, sem leitar þessa leyfis, tiltaki fyrirfram stað, stærð og fyrirkomulag þeirrar fiskiverkunarstofnunar, er hún vill fá að reisa; *að* slíkir fiskiverkunarmenn yrði að öllu leyti undirgefnir íslenzkum lögum og stjórn; *að* lögreglustjórnin á þessum stöðum væri svo efld og aukin og aðrar þær ráðstafanir gjörðar, að þetta mætti virðast í alla staði tryggjanda fyrir rèttindi Íslendínga í viðskiptum þeirra við þessa utanríkismenn, án þess þetta leiddi af sèr nokkurn verulegan kostnaðarauka fyrir landið.

Þegar nú er litið til þeirrar áskorunar hinnar keisaralegu frakknesku stjórnar um að mega stofna fiskiverkunarhús á Dýrafirði, sem fulltrúi yðar hátignar hefir birt þínginu, og hún er borin saman við það, sem hèr er tekið fram, þá leiðir það þar af beinlínis, að þíngið getur ekki ráðið til þess, að það verði í tilefni af áðurnefndri áskorun, eins og hún liggur fyrir, gjörð undantekníng frá hinni gildandi löggjöf um fiskiverkun utanríkismanna á íslenzkri lóð, enda eru ekki þær bænarskrár, sem til þíngsins hafa komið og fyr er getið, því meðmæltar. En að hinu leytinu treystir þíngið því, að eins og yðar hátign hefir nú samkvæmt alþíngistilskipuninni borið þetta mál undir þíngið, þannig muni líka yðar hátign framvegis leita álits þíngsins í hverju því tilfelli, sem einhver útlend þjóð leitar sèrstaklegs leyfis til fiskiverkunar á íslenzkri lóð.

Loksins leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast, að biðja yðar hátign, allramildilegast að láta hafa nákvæmt eptirlit með því eptirleiðis, að fiskimenn útlendra þjóða ekki fiski hèr nær landinu, en lög og samníngar leyfa.

Samkvæmt áðursögðu leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast:

1. Að ráða frá því, að þeim núgildandi lögum, opnu brèfi 17. ágúst 1786, tilskipun 13. júní 1887 (sbr. lögin 15. apríl 1854), er leggja bann á fiskiveiðar útlendra þjóða á íslenzkum miðum,

og fiskiverkun á íslenzkri lóð, sè breytt (með samhljóða 22 atkv.) yfir höfuð (með 11 móti 9 atkv.).

2. Að beiðast þess, að eingri útlendri þjóð verði veitt undanþága frá lögunum eða sèrstaklegt leyfi til að verka fisk á íslenzkri lóð, án þess það verði borið áður undir álit alþíngis (með 20 móti 2 atkv.).
3. Að lýsa því yfir, að þíngið sèr sèr ekki fært að aðhyllast áskorun hinnar keisaralegu frakknesku stjórnar (með 20 atkv.), eins og hún nú liggur fyrir (með 17 móti 5 atkv.).
4. Að biðja yðar konúnglegu hátign að láta hafa nákvæmt eptirlit með því eptirleiðis, að fiskimenn útlendra þjóða ekki fiski hèr nær landinu en lög og samníngar leyfa (með 19 móti 3 atkv.).

Reykjavík, 31. júlí 1857.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. P. Pèturssonˮ.

Því næst las *forseti frumvarp til álitsskjals frá þínginu til konúngs í gufuskipsmálinu,* og var það samþykkt, svo látanda:

„Til konúngs.

Yðar hátign hefir allramildilegast þóknazt að láta bera undir álit alþíngis uppástúngu frá forstöðumanni hins almenna danska gufuskipafèlags, stórkaupmanni *P. C. Koch* í Kaupmannahöfn, viðvíkjandi því að koma á reglulegri gufuskipaferð milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands.

Til að íhuga þetta málefni setti þíngið 5 manna nefnd; síðan var það rætt á 2 aðalfundum, og leyfir þíngið sèr nú allraþegnsamlegast að segja um það álit sitt á þessa leið:

Í ofannefndri uppástúngu hefir stórkaupmaður *Koch* boðizt til að láta gufuskip, 3—400 *tons* (120—160 lestir) að stærð, fara reglulegar ferðir milli Danmerkur, Færeyja og Íslands 6—8 sinnum á ári, þannig að skipið á leiðinni komi við í Skotlandi, á móti því að konúngssjóðurinn greiði sèr fyrir flutníng á póstbrèfum á ári hverju í næstu 5 ár 10,000 rd., og er að öðru leyti gjört ráð fyrir, að skipið geti flutt af vörum, sem svari 120 lestum, að pláss verði á því fyrir 30 ferðamenn og að hver ferð verði gjörð á 7 dögum milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur, en viðstaðan í Færeyjum og Skotlandi 1—2 daga á hvorum stað. Loksins er gjört ráð fyrir, að 1 eða 2 af ferðunum verði milli *Liverpools* og Reykjavíkur.

Í allramildustu auglýsíngu yðar hátignar til alþíngis frá 27.

maí þ. á. II, 3, er nú svo að orði kveðið, að fyr en ákvarðanir, samkvæmt beiðni alþíngis 1855, um breytíngu á póstgaungunum hèr á landi verði gjörðar, sè nauðsynlegt að gjöra fyrst út um það, hvernig póstskipsferðunum milli Íslands og Danmerkur skuli eptirleiðis haga, þar sem póstgaungurnar hèr á landi verða að standa í sambandi við tèðar póstskipsferðir, er alþíng einnig hafði bent til, og hefir yðar hátign því álitið rèttast, með því ofannefnd uppástúnga frá stórkaupmanni *Koch* var komin til stjórnarinnar, að gefa alþíngi færi á að segja álit sitt um uppástúngu þessa, áður en frekari ráðstöfun væri gjörð.

Þíngið getur nú ekki annað en álitið það mjög æskilegt og heillavænlegt fyrir land þetta, ef komizt gæti á slík gufuskipsferð, sem hèr ræðir um, er gæti haft ómetanleg áhrif á alla framför, velmegun og menntun þessa lands, og hlýtur alþíngi því að sínu leyti allraþegnsamlegast að aðhyllast þessa uppástúngu, er einnig fyrir Danmörku virðist mikilsverð, að því leyti hún mundi gjöra samband hennar við Færeyjar og Ísland nánara og eptirlit stjórnarinnar með þeim lèttara. Gufuskipsferð þessi mundi að öðru leyti koma í staðinn fyrir hinar híngaðtilverandi póstskipsferðir milli Danmerkur og Íslands, auk þess að hèr með væri einnig komið á póstferð milli Danmerkur og Færeyja, er eigi mun hafa verið áður.

Að því leyti þar næst er spursmál um, hvernig koma mætti gufuskipsferðum þessum svo fyrir, að eptir þeim mætti laga póstgaungur hèr á landi og að þær að öðru leyti gæti verið haganlegar fyrir landið, þá hefir stórkaupmaður *Koch* gjört ráð fyrir, að skipið byrjaði ferðir sínar á vorin, 1. eða 15. marz eða þá í apríl, eptir því hvort íslaust væri eða ekki í Eyrarsundi og við Kaupmannahöfn, og að það hèldi svo áfram ferðum sínum þángað til seinast í desember á ári hverju. Þíngið verður nú í þessu tilliti að geta þess, að sú póstskipsferð hèðan til Danmerkur eða útlanda, er virðist sízt mega falla í burtu, eða landið vera án, er ferð sú, sem póstskipið híngað til hefir gjört í byrjun marzmánaðar á ári hverju. Með þeirri ferð eru frá embættismönnum sendar ýmsar ársskýrslur, frá verzlunarfulltrúum reikníngar þeirra fyrir hið umliðna ár og eptirstöðvaskýrslur; panta þá verzlanirnar vörur þær, er með vorskipum eiga að sendast híngað, og peníngaávísanir eru sendar til innkaupa, eins og yfir höfuð peníngaviðskipti milli einstakra manna á Íslandi og í Danmörku mega álítast að vera mest með þeirri ferð. Enn fremur er þess að geta, að póstferðir hèr á landi um

land allt hljóta að eiga sèr stað skömmu eptir nýárið, einkum vegna ársskýrslna embættismanna, og væri það þá miður hentugt, ef þessar póstferðir eigi gæti jafnframt staðið í sambandi við ferðir póstskipsins hèðan. Ef nú gufuskipið ætti að koma hingað stundum ekki fyrri en í apríl eða maí (því dæmi eru til, að ísinn við Kaupmannahöfn hefir legið þángað til), þá leiddi þar af bæði að menn færi á mis við þá póstskipsferðina, er sízt má missast, og líka að ferðin yrði öldúngis óviss, og þíngið álítur þetta svo mikinn ókost, að það hikar ekki við að láta allraþegnsamlegast í ljósi þá meiníngu, að landinu væri meiri hagur að hinni núverandi vissu póstskipsferð, þó sjaldgæfari sè, heldur en að gufuskipsferðunum með þvílíkri og svo óvissri tilhögun. Þíngið álítur því nauðsynlegt, að gufuskipið færi hingað til landsins — hvort sem það nú legði þá af stað frá Kaupmannahöfn eða annari danskri höfn eða t. d. frá *Liverpool* — t. a. m. 20 febrúar, þannig að það ekki síðar en hèr um bil í miðjum marzmánuði gæti lagt af stað hèðan aptur, og skal þess getið, að ferðin í febrúar—marz hingað gæti einnig að því leyti verið hentug, að með þeirri ferð — er kaupmenn mundi nota til að senda vörur hingað — yrði sunnanlands komið í veg fyrir skort á vörum, sem einkum er hætt við um það leyti, eins og kaupmönnum einnig hlyti að koma það vel, að fá skipið hingað þannig í fyrra parti vetrarvertíðarinnar. Gjöri menn ráð fyrir, að skipið fari 8 ferðir á ári, að 4 sumarferðirnar í maí — ágúst gæti átt sèr stað á 36 dögum hver, að fyrsta ferðin í febr. — marz og 2 síðustu ferðirnar í október — desember væri gjörðar hver á 42 dögum og ferðin í apríl á 39 dögum, að til hverrar ferðar þurfi 7 daga, eins og í uppástúngunni er gjört ráð fyrir, að viðstaðan í Kaupmannahöfn í hvert sinn yrði 6 dagar, og á Færeyjum, Skotlandi og Reykjavík samtals á sumarferðunum maí — ágúst 16 dagar, í aprílferðinni 19 dagar, og á ferðunum í febr. — marz og október — desember samtals 22 dagar, þá mætti gjöra ráð fyrir, að ferðir gufuskipsins yrði hèr um bil þannig:

1.	ferð	frá	Kaupmannahöfn	20 febrúar,	frá	Reykjavík,	17	marz;
2.	—	—	— —	3 apríl	—	— —	25	apríl;
3.	—	—	— —	12 maí	—	— —	31	maí;
4.	—	—	— —	16 júní	—	— —	5	júlí;
5.	—	—	— —	25 júlí	—	— —	10	ágúst;
6.	—	—	— —	27 ágúst	—	— —	15	sept.;

7. ferð frá Kaupmannahöfn 2 október, frá Reykjavík, 27 október;
8. — — —— 14 nóvemb. — —— 9 desemb.;
Af þessum ferðum eru hinar 2 fyrstnefndu einkar áríðandi, 1. ferðin af þegar töldum ástæðum, og 2. ferðin, í aprílmánuði, af því með því skipi gæti borizt fregnir hèðan til útlanda og Danmerkur um fiskiveiðarnar, sem þá er búið að sýna sig hvort góðar muni verða eða ekki. Að öðru leyti álítur þíngið að ekki ríði á miklu, hvernig ferðum skipsins yrði hagað, eða dagar þeir ákveðnir, er það ætti að fara frá hverjum stað, og er það í þessu tilliti að eins mjög verulegt, að ferðirnar sè fast ákveðnar, og ef breytíng á þeim á miðju ári yrði gjörð, að hún þá yrði auglýst tímanlega fyrir fram, eins og það að öðru leyti er æskilegra, að ferðirnar verði fremur 8 en 6 á ári, þannig að samgaungurnar yrði sem mestar. Loksins skal þess í sambandi hèr við getið, að það, ef til vill, gæti verið skipseiganda í hag, að fara á leið sinni inn á Eskifjörð í Suður-Múlasýslu, er eigi lægi mjög lángt úr leiðinni, en bæði ætti skipið því vissara að fá nokkurn veginn nægilegt af vörum til flutníngs, til og frá Íslandi, sem það kæmi við á fleiri verzlunarstöðum og einnig gæti vöruflutníngar milli suðurlands og Austfjarða með þessu móti, ef til vill, á komizt og samgaungur í öllu falli aukizt við þetta fjarlæga hèrað. Þetta atriði leyfir þíngið sèr þannig allraþegnsamlegast að eins að taka fram sem bendíngu, en ef að því yrði geingið, yrði ferðunum að haga samkvæmt því.

Að öðru leyti hefir þínginu virzt ástæða til að bera þá þegnlegu bæn fram fyrir yðar hátign, ef gufuskipsferð þessi skyldi komast á næsta ár, eins og uppástúngumaðurinn hefir ráð fyrir gjört, að þá þegar verði, eptir því sem orðið getur, hagað póstgaungunum hèr á landi samkvæmt ferðum gufuskipsins eins og þær yrði ákveðnar, þángað til frumvarp til reglugjörðar eða tilskipunar um póstgaungur hèr á landi yrði, eins og í allrahæstri auglýsíngu 27. maí þ. á. II 3, virðist ráðgjört, lagt fyrir næsta alþíngi. Alþíngi gjörir ráð fyrir því sem sjálfsögðu og álítur æskilegast, að aðalpóstmálastjórnin í Kaupmannahöfn taki að sèr póstafgreiðsluna þar, þegar gufuskipið kemst á, og getur þíngið ekki álitið annað, en að hèr á landi í Reykjavík yrði nauðsynlegt að setja póstmeistara, þegar póstskipsferðunum og póstgaungunum þannig yrði fjölgað, eða þá að gefa hlutaðeigandi embættismönnum viðbót til að hafa starfa þenna á hendi, og kynni, ef til vill, að verða nauðsynlegt að gjöra einhverjar ráðstafanir í þessu tilliti til bráðabyrgða næsta ár, ef

gufuskipsferðin og fjölguð póstgánga kæmist þá á, en hvar um þíngið eigi álítur þörf að bera fram neinar uppástúngur.

Hvað hin sèrstöku skilyrði eða uppástúngur snertir, er í brèfum stórkaupmanns *Kochs* eru frambornar, er þess að geta, að hann hefir áskilið sèr, að smábögglar eða sendíngar, er híngað til hefir verið veitt móttaka í póstkassann eins og brèfum, verði afhentar skipherranum á gufuskipinu til flutníngs á móti flutníngskaupi, og hefir þínginu í þessu tilliti virzt ástæða til, að stínga upp á, að taxti yrði ákveðinn á flutníngskaupi þessu. Að því leyti uppástúngumaðurinn enn fremur hefir gjört það að skilyrði, að skipið, auk þess að hann fái 10,000 rdl. borgun á ári, hver upphæð þíngið eptir kríngumstæðunum eigi getur álitið að sè of há, verði fríað við hafnar- og lestagjald á Íslandi og Færeyjum, skal þess getið, að líkur eru til, að gufuskip þetta, sem eptir áðursögðu á að hafa hèr um bil 120 lesta rúm til vöruflutníngs á hverri ferð, muni, ef flutníngskaupið eigi yrði ákveðið of hátt, verða notað mjög af kaupmönnum til vöruflutníngs til og frá Íslandi, í fyrstu sjálfsagt minna, en smámsaman meira, eptir því sem leingur liði, og mundu þá þeim mun færri verzlunarskip koma til Reykjavíkur. Af þessu leiðir, að það má álíta sjálfsagt, ef geingið yrði að ofannefndu skilyrði, að gjöldin til ríkissjóðsins fyrir íslenzk leiðarbrèf mundi þar við lækka að upphæð, reyndar ekki svo mikið, sem svaraði gjaldinu fyrir ofannefndar 120 lestir $\times$ 8 = 960 lestir (á 2 rdl. = 1920 rdl.), en þó í öllu falli svo talsverðu nemi. Þar eð þíngið gjörir ráð fyrir, að ef alþíngi feingi hlutteknínguí ákvörðun fjárhagsmála Íslands á líkan hátt og farið hefir verið fram á á ríkisþínginu, og einhvers konar aðgreiníngur samkvæmt því ætti sèr stað á tekjum þeim og útgjöldum, er Ísland ætti að snerta sèr í lagi, gæti eigi sem Íslandi viðkomanda talizt meira af kostnaðinum við gufuskipsferð þessa, en landinu gæti álitizt að bera að rèttu lagi, með hliðsjón af því, að ferðir þessar eru gjörðar einnig fyrir Færeyjar og að samgaungur milli Íslands og Færeyja öðru megin og Danmerkur hinu megin eru eins áríðandi fyrir stjórnina yfir höfuð og þegna hennar í Danmörku, sem hafa viðskipti við bræður sína á eyjum þessum — en um hvert atriði þíngið að öðru leyti ei skal hreifa ítarlegri athugasemdum, þar sem eigi er að sjá, að í því tilliti hafi verið óskað álits þíngsins — þá virðist það eðlilegast, að eigi verði þannig tekinn nokkur partur af borguninni fyrir gufuskipsferðina af gjöldunum fyrir hin íslenzku leiðarbrèf, og leyfir þíngið sèr því allraþegnsamlegast að stínga upp á, að gufuskipið

eigi verði fríað við að greiða hið umrædda leiðarbrèfsgjald, en að þetta samt ekki verði ákveðið af allri stærð skipsins, heldur t. a. m. af 80 lestum hverja ferð, eða $^2/_3$ lestarrúms þess, sem haft er til vöruflutninga, á 2 rdl. fyrir lestina, en að gufuskipseigandanum þá á hinn bóginn verði greidd þeim mun meiri borgun, ef eigi tækist að semja við hann öðruvísi. Hvað hafnargjaldið þar næst snertir, er einnig er farið fram á að skipið fríist við, þá eru í Reykjavík enn þá eingar eða mjög óverulegar ráðstafanir gjörðar til að bæta höfnina m. fl., en með hafnartaxta, útgefnum af innanríkisráðherranum 12. maí 1855, er þar ákveðið hafnargjald, er venjulegast er 24 sk. af hverri lest, í því skyni að safna fè til slíkra umbóta á höfninni. Ef nú gufuskip það, sem hèr ræðir um, ætti að fríast við ofannefnt hafnargjald, mundi hafnarsjóðurinn, sem nú hefir 4—500 rdl. tekjur á ári, að líkindum missa 100—200 rdl. á ári, en þetta gæti sjóðnum orðið svo mikill hnekkir, að honum yrði því seinna fært að koma á nokkrum verulegum endurbótum, og getur þíngið því eigi allraþegnsamlegast lagt til, að skipið fríist við gjald þetta. Þar á móti virðist ekkert vera því til fyrirstöðu, að gufuskipið verði laust við önnur aukagjöld við skipaafgreiðslu í Reykjavík (vatnspeninga, o. s. frv.); þó virðist sjálfsagt, að undanþága þessi gildi ei um gjald til yfirvaldsins fyrir áteiknun skipaskjala, samkvæmt lögum 15. apríl 1854, § 8, er ekki virðist mega svipta hlutaðeiganda embættismann án endurgjalds.

Samkvæmt því, er hèr að framan er talið, leyfir alþíngi sèr allraþegnsamlegast.

I. Að láta í ljósi það álit, að hin umrædda gufuskipsferð mundi verða mjög æskileg fyrir Ísland, og að mæla fram með því við yðar konúnglegu hátign, að tèðri ferð verði komið á, þannig:

a, að ferðir gufuskipsins verði fast ákveðnar og fyrirfram auglýstar.

b, að ferðum þessum verði hagað svo, að skipið fari hèðan í fyrsta sinni á ári hverju ekki seinna en hèr um bil um miðjan marzmánuð.

c, að taxti verði ákveðinn á flutníngskaupi á bögglum og sendíngum.

d, að skipið verði laust við skipaafgreiðslugjöld í Reykjavík, nema hafnargjald og gjald fyrir áteiknan skipaskjala, samkvæmt lögum 15. apríl 1854, § 8.

e, að skipið greiði 2 ríkisdala leiðarbrèfsgjald samkvæmt lögum

15. apríl 1854 § 6 fyrir 80 lestir í hverri ferð, eða $^2/_3$ lestarrúms þess, er haft verður til vöruflutninga.

f, að skipið, ef því verður við komið án þess að raska ferðunum, fari á leið sinni inn á Eskifjörð í Suður-Múlasýslu.

II. Að bera þá bæn fram fyrir yðar konúnglegu hátign, að póstgaungunum hèr á landi verði, að því leyti því verður við komið, til bráðabyrgða hagað samkvæmt gufuskipsferðunum, þegar þær komast á, þángað til frumvarp til reglugjörðar um póstgaungurnar hèr á landi yrði lagt fyrir þíngið 1859.

Niðurlagsatriði I. *a, c, e, f,* og II. eru samhljóða samþykkt með 21 atkvæðum; og I. *b,* og *d* með 20 atkvæðum.

Reykjavík, 31. d. júlímán. 1857.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. V. Finsen".

Forseti kvaðst mundu birta dagskrá til næsta fundar.

Fundi slitið.

---

1. ágúst — nítjándi fundur.

Allir á þíngi nema hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, sem var veikur. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur í dag fyrst til álykturumræðu og atkvæðagreiðslu málið *um sölu þjóðjarða hèr á landi.* Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í máli þessu, og vona eg, að allir þíngmenn hafi hana fyrir sèr.

Atkvæðaskrá
í málinu
um sölu þjóðjarða.

a, uppástúnga *nefndarinnar:* að eingin sala á opinberum eignum í landinu fari fram, nema áður sè um það feingið álit (og samþykki) alþíngis.

b, hvort alþíngi vill senda konúngi þegnlega bænarskrá um þetta atriði.

Framsögumaður: Eg finn nú einga ástæðu til að leingja þíngræðurnar um mál þetta. Það einasta, sem mælt var á móti máli þessu í gær við undirbúníngsumræðuna, nefnilega að orðin: „og samþykki", væri felld úr, vill nefndin ekki fara svo fast fram á, eins

og sjá má af atkvæðaskránni, því orð þessi eru þar nú sett millum sviga, og ætti þá að sleppa þeim, þegar uppástúngan er borin upp til atkvæðagreiðslu; eg vona því, að umræðurnar um mál þetta ekki verði lángar í dag heldur en í gær við undirbúníngsumræðuna.

V. Finsen: Eg fyrir mitt leyti verð að álíta bænarskrá þessa efnis óþarfa, því á seinni árum hefir stjórnin fylgt þeirri reglu, sem einnig er úttöluð í fleiri en einu stjórnarbrèfi, að yfir höfuð ekki skuli selja neinar opinberar eignir hèr á landi, og hefir slík sala eigi heldur átt sèr stað nema í mjög fáum tilfellum, þar sem einhverjar sèrstaklegar kríngumstæður hafa talað fyrir því, og er mèr enn fremur kunnugt, að optar en einu sinni hafa nokkrir af amtmönnunum farið fram á slíka sölu, en stjórnin ekki fallizt á, og virðist mèr því ekki mikil þörf á því að biðja um þetta. Það kynni enn fremur virðast að mæla á móti bænarskrá í máli þessu, eins og það nú liggur fyrir, að með henni er eins og gjört ráð fyrir, að landið beri sig sjálft, en eg get reyndar ekki fyrir mitt leyti álitið, þó aðgreiníngur á fjárhag landsins ekki eigi sèr enn stað, að það sè neitt á móti því, að líta samt að nokkru leyti í þá áttina, og þar að auki getur það undir öllum kríngumstæðum ekki annað en verið til tryggíngar, að slík mál sè yfirvegnð sem bezt, og fyrir þessa sök ætla eg að gefa atkvæði fyrir uppástúngunni, þegar orðunum „og samþykki“ er sleppt úr, en samt því að eins að eg jafnframt gjöri ráð fyrir, að bænarskráin verði orðuð nokkuð gætilegar og hógværlegar en nefndarálitið, og sumu hverju úr nefndarálitinu sleppt, sem mèr finnst ónauðsynlegt til þess að færa ástæður fyrir uppástúngunni, sem í því verulega á að miða til að útvega tryggíngu við sölu opinberra eigna.

Framsögumaður: Eg þarf ekki að svara hinum háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanni mörgu upp á ræðu hans. Mèr virtist hún fara í líka átt og ræða hins háttvirta *konúngsfulltrúa* í gær, því einnig hinum háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanni þótti bænarskráin óþörf; en eg get ekki í dag, heldur en í gær, látið mèr skiljast, að svo sè, því, eins og eg sagði við undirbúníngsumræðu þessa máls, getum vèr því fremur vænzt bænheyrslu hjá stjórninni, sem bænarskráin fer fram á það sama, er hún vill. Að amtmennirnir hafi farið fram á, en stjórnin ekki fallizt á opinberra eigna sölu, efast eg um að sè rètt hermt, að minnsta kosti hefir þó nýlega orðið undantekníng frá þeirri reglu hèrna nálægt, og er hinum háttvirta þíngmanni það eins kunnugt og mèr. Það er ekki sprottin upp hjá nefndinni sú hugsun, að landið beri sig sjálft, heldur hefir stjórn-

in sjálf gefið tilefni til þess, með því að bera undir þíngið mál, sem miðar að því, og er þessi hugsun einnig byggð á orðum hins hásæla konúngs Kristjáns 8., enda eru þess háttar raddir svo fáheyrðar hèr á þíngi, eins og eg líka ímynda mèr, að Danir mætti verða fegnir að sleppa frá því, að tolla til okkar Íslendínga árlega, eins og þeir nú þykjast og segjast gjöra. Hvað það snertir, að bænarskráin verði orðuð gætilega og hógværlega, finnst mèr það fyrst og fremst sjálfsagt, og því næst ætla eg, að óhætt sè að trúa *forseta* fyrir því, sem, eins og allir vita, líka skrifar undir bænarskrána.

G. Brandsson: Hinn háttvirti *framsögumaður* tók flest það fram, er eg vildi hafa sagt, svo eg skal einúngis leyfa mèr að drepa á eitt atriði í ræðu hins háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanns. Hann sagði, að stjórnin ekki vildi sölu opinberra eigna, nema einhverjar sèrlegar kríngumstæður knýði hana til þess, en mönnum hefir nú sjaldnast híngað til verið ljóst, hverjar þessar sèrlegu kríngumstæður hafa verið, og væri þá víst ekki of gott að fá að vita þær hèr eptir, ef slíkar bæri að höndum; eg hefi reyndar heyrt, að stjórnarherra *Bang* hafi 1849 látið þann vilja sinn í ljósi, að hann væri mótfallinn sölu opinberra eigna, en vèr vitum þó, að frá því tímabili hafa verið seldar nokkrar slíkar, og þurfum vèr ekki að fara leingra en til sölunnar á Lambastöðum hèrna í Seltjarnarneshrepp, á veiðinni í Helliránum, og nú alls fyrir skömmu á biskupssetrinu Laugarnesi. Sannast því hèr, að það sjá augun sízt, sem nefinu er næst, því mönnum mætti þó þetta vera fullkunnugt. Virðist mèr því eingu tilspillt, þó bænarskrá um þetta efni sè send stjórninni, því sè hún samkvæm vilja stjórnarinnar, verður hún að vera stjórninni kærkomin, en sè hún ekki samkvæm vilja stjórnarinnar, finnst mèr það skylda þíngsins að láta í ljósi sína meiníngu. Vèr vitum, að stjórnarherrarnir hljóta að vera ókunnugir því, hvað bezt hagar hèr á landi, og fulltrúarnir á ríkisþínginu hafa kvartað yfir hinu sama, og þess vegna lagt það til, að alþíngi feingi meira vald, en það hefir, til að ákveða tekjur og útgjöld landsins, og finnst mèr það nú vera í nánu sambandi við það, sem hèr er um að ræða; mætti þeim því vera kærkomin beiðni þessi. Hvað orðin „og samþykki“ snertir, þá hefir nefndin komið sèr saman um það, að vel megi fella orð þessi burtu, því hún telur sjálfsagt, að verði það, sem hèr er stúngið upp á, lagt fyrir alþíngi eptirleiðis, þá muni tillögur þess verða teknar til greina af stjórninni.

P. Pètursson: Hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu drap

á, að stjórnin ekki mundi selja opinberar eignir nema vegna einhverra sèrlegra tilknýjandi kríngumstæða, og af því eg er á sama máli, þá verð eg að vera á móti því, að bænarskrá sè send stjórninni í máli þessu, því eg get vel ímyndað mèr, að stjórnin sjái sèr einhvern hag með að selja eignir strax, sem kynni að missast, ef stjórnin ætti að bíða með söluna, þángað til búið væri að bera málið undir alþíngi, sem þó yrði að taka nokkurn tíma, meðan alþíngi einúngis safnast annaðhvort ár.

Framsögumaður: Það er auðvitað, að það er hryggilegt fyrir nefndina að missa atkvæði hins háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanns, og vonast eg ekki eptir því að geta náð í hans atkvæði, þó eg reyni að svara honum. Af þeim sèrdeilis ástæðum, er hann hèlt stjórnin kynni að geta haft til þess að selja opinberar eignir án þess að bera það undir álit alþíngis, nefndi hann alls einga, og verð eg því að álíta mótbáru þessa lítilvæga, og hvað hitt snertir, er hann sagði, að stjórnin mundi missa af hag á sölunni með því að bíða eptir því, að geta borið söluna undir alþíngi, þá getur það, að mèr virðist, aldrei staðið á laungu, í hæsta lagi rúmt ár, þar sem alþíngi þó kemur saman annaðhvort ár, og væri þá bið þessi einúngis til þess, að landsmenn út um landið feingi að vita, að salan hefði átt að fara fram, og held eg vèr þurfum ekki að fara leingra en til Laugarnessölunnar, til þess að sjá, að einginn skaði væri að því, þó þess háttar sala á opinberum eignum fari ei fram með sèrlegum hraða.

H. G. Thordersen: Að eg stend upp, kemur einúngis af því, að mèr er farið að leiðast, hve opt er verið að minnast á Laugarnessöluna, og læt eg þess þá getið, að áður en þessi jörð var boðin upp í fyrsta sinni, þá var það auglýst í Landstíðindunum 2. árg. bls. 155 og bls. 204 s. á. um allt land, og kom auglýsíngin svo tímanlega, að hverjir, sem hefði viljað kaupa, gátu snúið sèr til fulltrúa sinna, sem um sumarið fóru til alþíngis, því uppboðið var ei ákveðið fyr en um það leyti, er þeir allir voru komnir; en þótt eg ei minnist þess, að nokkur jarðasala hèr í landi hafi verið auglýst svo ítarlega, sem þessi, þá reyndist samt svo, að einginn maður kom til uppboðsins, en uppboðshaldarinn mátti hverfa svo frá, að ekkert boð var gjört í jörðina, og má af þessu sjá, að ekki er allt komið undir þeim umtöluðu auglýsíngum.

G. Einarsson: Eg álít nú, að ekki sè til neins að vera að elta ólar um þetta mál aptur á bak og áfram, því að með því virðist mèr einúngis að menn komist inn á það umtalssvið, sem ekki er

unnt að sjá út yfir takmörkin á. Með tilliti til þess, sem hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður talaði áðan, í þá átt að bera hönd fyrir höfuð stjórnarinnar, þá fannst mèr þar sá höggva, er hlífa skyldi, því það, sem hann bar fram, gjörir fremur að veikja en styrkja málstað stjórnarinnar í mínum augum.

J. Sigurðsson: Þar sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi*, og hinir konúngkjörnu þíngmenn hafa talað á þá leið, að bæði stjórnin og háyfirvöldin hafi það augnamið, að selja sem minnst af þjóðeignum landsins, þá þykir mèr það bera vel í veiði, að alþíngi styðji að því sama, því þá þykir mèr bezt á horfast, þegar alþíngi hittir upp á, að biðja um það, sem stjórnin vill veita, því þá vona eg, að málið fái góða áheyrslu. En hvernig nú sem álit yfirvaldanna eða stjórnarinnar hefir verið á þessu, þá vita menn þó, að jafnan, og eins á þessum seinustu árum, hefir sala á þjóðeignum framfarið, hvaða kríngumstæður sem því kunna að hafa valdið; það er þó meiníng mín, og mun vera fleiri þíngmanna og annara skynsamra manna, að sala á þjóðjörðunum hafi aldrei verið til ábata fyrir fjárhag landsins yfir höfuð að tala, og landið gat eins vel og betur staðið kostnað af stjórn sinni og stiptunum, meðan þjóðjarðirnar voru allar óseldar, en nú því síður held eg það gæti nokkurn tíma orðið ábati að selja svo fljótlega þjóðjörð, að ekki mætti bíða eptir áliti alþíngis, því í því tilfelli mun vera, sem optar, að betri er biðlund beðin en brátt ráðin. Þar sem hinn háæruverðugi 1. konúngkjörni þíngmaður sagði, að hinu síðasta alþíngi hefði verið það kunnugt, að salan á Laugarnesi stæði til, þá kannast eg nú lítið við það, því eg vissi ekki til, að það mál væri neitt borið hèr undir þíng, og þó menn hefði heyrt um þetta einhverjar óvísar spár fyrirfram, þá hèlt eg, að þíngmenn ætti lítinn rètt á, að fara að taka sèr ræðu um slíkt; því kalla eg svoddan vitneskju fyrir alþíngi sem aðra markleysu; en eg verð að vera á því, að þetta ætti ekki svo til að gánga, heldur að eingin þjóðjörð yrði seld, nema með ráði og samþykki alþíngis, ef fáanlegt væri.

Þ. Jónassen: Eins og eg talaði í þá átt hèr um daginn við inngángsumræðu þessa máls, að mèr þætti það of umboðslegs eðlis til þess að þíngið tæki það til meðferðar, eins verð eg enn að láta sömu skoðun í ljósi og ítreka það, að eg álít málið liggi fyrir utan verkahríng þíngsins. Það er nefnilega öllum kunnugt, að alþíngi er að eins ráðgefanda þíng, en hefir ekkert vald í neinu, sem viðkemur fjárhag landsins, og meðan svo stendur, kemur þjóðjarða-

salan ekki þínginu við; en fái nú þíngið með tímanum rýmri verkahríng og því verði gefinn atkvæðisrèttur viðvíkjandi fjárhag landsins *(Skattebevillingsret)*, þá flýtur það af sjálfu sèr, að það fær vald og atkvæðisrètt í slíkum máleínum og það er, sem hèr er um að ræða, og það án þess að biðja um það; því sala á þjóðjörðunum heyrir þá rèttilega undir afskipti og samþykki þíngsins. Það á ekki við í þessu máli að vitna til Danmerkur, þar er allt öðru máli að gegna, þar sem ríkisdagurinn hefir þar löggjafarvaldið í höndum sèr, og því er það í eðli sínu, að sala opinberra eigna þar er borin undir þíngið, en hèr hjá oss er allt öðruvísi ástatt. Alþíngi hefir ekki öðlazt þenna rètt, og getur því ekki neytt hans. Eg get þess vegna ekki gefið því mitt atkvæði, að konúnginum verði send bænarskrá í máli þessu, og það því síður, sem mèr getur ekki betur skilizt, en þíngið með því móti fari fram yfir það, sem það hefir lagaheimild til, það er að segja, út yfir sinn lögákveðna verkahríng.

P. Sigurðsson: Mig furðar reyndar mikið að heyra þvílíkar ræður, sem hèr hafa nú verið fluttar og einkum núna seinast af hinum háttvirta 2. konúngkjörna þíngmanni, og eg skil ekki, hvers vegna hann skildi ekki taka sèr breytíngaratkvæði í gær við undirbúníngsumræðu þessa máls. Það er nú ekki alveg spánýtt, þó þeir sè að prèdika oss lagamennirnir, að það eða það málið sè of umboðslegs eðlis til þess að þíngið taki það til meðferðar, og það hefir líka komið fyrir, að þó þeir hafi spáð illa fyrir afdrifum slíkra mála, þá hafa nú þess konar spár ekki ávallt rætzt. Þar sem sagt hefir verið, að það væri nógur tími að hreifa þessu máli, þegar þíngið væri búið að fá vald á fjárhag landsins, þá er eg nú ekki á því máli, enda er eg ekki búinn að sjá það vald enn, sem þínginu verði gefið, og veit ekki, nær að því muni koma. Mèr getur ekki skilizt, að það geti verið skaðlegt, þó vèr biðjum um þetta núna, að stjórninni geti annað en verið það sönn ánægja, þegar vèr stefnum einmitt í sömu átt og hún gjörir sjálf, eða þó að vèr látum í ljósi, að vèr líka hugsum um eignir landsins og segjum álit vort um það, sem landið varðar. Mèr getur ekki skilizt, hvernig því verður komið heim, að stjórnin muni ekki sinna þessu máli, en gefa því þó góðan róm, og í þeirri von, að það geti þó skeð, að konúngur vor taki mildilega undir þetta mál, þótt það sè nú kallað umboðslegs eðlis, mæli eg fastlega með því, að bænarskrá sè send konúngi í þessu máli.

Á. Einarsson: Það er reyndar hryggilegt, að þíngið hefir nú þegar misst 2 atkvæði, sem út sèð er um, að ekki verða með máli þessu. Mig furðaði stórum á því að heyra, að hinum háttvirta 2. konúngkjörna þíngmanni skyldi virðast mál þetta svo umboðslegs eðlis, að það lægi fyrir utan verkahríng þíngsins, en eg hugga mig við það, að hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* þótti þó ekki frágángssök, að þíngið tæki málið til meðferðar, og hygg eg þó, að einginn fari nær um þess konar en hann. Eg man það, að fyrir nokkrum árum kom hèr mál til þíngsins, og það var erfðafestumálið, sem mèr getur ekki betur skilizt, en sè í mesta máta umboðslegt, og því máli var þó hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður meðmæltur, og því finnst mèr hann nú ekki sem bezt sjálfum sèr samkvæmur, þar sem hann nú vill hrekja þetta mál út fyrir verkahríng þíngsins; enda finnst mèr það liggja beinlínis í tilskipun 28. maí 1831, 5. gr., að alþíngi megi taka mál til meðferðar, enda þótt umboðslegs eðlis sè; þetta sèr hver heilvita maður, og sem kann að lesa, á 5. gr., sem eg nefndi, þar sem þessi orð standa: „eða innrèttíngunum forstaða veitt“, og því get eg ekki skilið, hvers vegna menn eru að staglast á því, hvað sè svo umboðslegt, að þíngið megi ekki taka það til meðferðar, og hvað ekki, nema ef umræðurnar um þetta eiga að vera æfíngaskóli fyrir þíngmenn, til að læra að koma fyrir sig orði. Eg ætlaði ekki að svara hinum háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanni, þar sem hann sagði, að þær kríngumstæður gæti að borið, að stjórnin kynni að sjá sèr *hag við að selja opinberar eignir hèr á landi* án þess að bera það undir þíngið, því honum hefir líklega orðið mismæli, og hann vill líklega eins og eg, að salan sè landinu í hag.

Þ. Guðmundsson: Það veit eg þó ekki, hvort hinum háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanni hefir orðið mismæli, að minnsta kosti er eg fyrir mitt leyti á því, að drátturinn á sölunni geti, ef til vill, orðið skaðlegur, því einmitt fyrir biðina, getur vel verið, að kaupandi hiki við að borga eignina eins háu verði, og hann hefði annars gjört, hefði hann mátt gánga að kaupunum strax. Þar sem menn hafa furðað sig á því, að hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður ekki hafi tekið sèr breytíngaratkvæði um, að eingin bænarskrá verði send til konúngs, þá finnst mèr það nú ekkert undarlegt, því eptir atkvæðaskránni stendur enn við *b* opið fyrir að segja já eða nei um þetta atriði, eptir því sem hver vill. Eg ætla mèr að greiða atkvæði mitt gegn uppástúngu nefndarinnar.

Framsögumaður: Það heyrist þá ein röddin enn, sem lætur það á sèr skilja, að þeir sè að smá-týna tölunni, sem gefa muni uppástúngum nefndarinnar í þessu máli atkvæði sitt, og þó þetta sè nú í sannleika hryggilegt, verður samt nefndin að bera þenna kross, sem á hana er lagður, og uppástúngur hennar verða að standa og falla sínum herra, eins og hvað annað. Eg skal játa það, að eg ætlaði nú ekki að svara optar í máli þessu, því mèr þykir eitthvað leiðinlegt að tala yfir dauðum, að eg komist svo að orði, því þeir, sem talað hafa nú við ályktarumræðu málsins, mega ei svara mèr, samkvæmt alþíngistilskipuninni, og þess vegna skal eg nú ekki vera fjölorður. Ástæðu hins háttvirta 4. konúngkjörna þíngmanns er hrundið í nefndarálitinu. Hvað snertir ástæður hins háttvirta 2. konúngkjörna þíngmanns, nefnilega þær, að málið sè of umboðslegs eðlis til þess að þíngið fjatli um það, þá hefir nú hinn heiðraði þíngmaður Strandasýslu, þó hann sè bóndi, bent honum á lagastað fyrir því, að það muni þó ekki vera svo fjarlægt, að þíngið megi taka önnur eins mál, og þetta er, til meðferðar. Mig furðaði annars á því, að þessi háttvirti þíngmaður skyldi núna fyrst eins og vakna af draumi, og fara nú fyrst að reyna til að hrinda þessu máli einnig með svo lèttvægri ástæðu, að alþíngi hafi enn ekki feingið neitt vald eða yfirráð yfir fjárhag landsins, en þessar ástæður eru nú lèttvægar og lítt brúkandi nema fyrir þá, sem vilja, að þjóðeignir sè seldar á sama hátt og að undanförnu hefir við geingizt, og sè það vilji þeirra þíngmanna, sem mælt hafa á móti þessu máli, þá skal eg játa, að eg get ekki ætlazt til, að þeir hinir sömu gefi uppástúngum nefndarinnar atkvæði sín.

St. Jónsson: Það hefir verið talað um, að þjóðeignir muni ekki verða seldar, nema einhverjar sèrstaklegar kríngumstæður komi fyrir, og að þær hafi ekki heldur verið seldar með öðru móti að undanförnu, nú á seinni árunum; en þessar sèrstaklegu kríngumstæður eru ekki tilteknar hverjar sè, en fyrst þær hafa komið fyrir og valdið sölunni, svo getur það allt eins átt sèr stað enn, og því finnst mèr sú ástæða á móti því, að senda bænarskrá til konúngsins, ógild. Mèr getur annars ekki skilizt, að svo brýna nauðsyn beri til að selja neina þjóðeign, eða maður þurfi að hrapa svo að því, að það megi ekki dragast milli þínga, því þegar þíngið kemur þó saman annaðhvort ár, þá gæti drátturinn aldrei orðið leingri en hálft annað ár, og hygg eg það varla muni geta orðið skaðlegt fyrir landið. Hvað því við víkur, að bænarskráin til konúngs verði hógværlega orðuð, þá álít eg það

nú bæði æskilegt og sjálfsagt, en mèr virðist ekki tími til að tala um það núna, því menn verða að gefa atkvæði sitt, áður en búið er að semja bænarskrána; það kemur þá fyrst til að tala um það, þegar búið er að semja hana og *forseti* ber hana undir þíngið til að leita samþykkis þess um það, hvernig bænarskráin eigi að vera orðuð.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður nú geingið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var síðan geingið til atkvæða og fèllu þau þannig:

a, uppástúnga nefndarinnar (eptir að orðin „og samþykki" voru tekin aptur af nefndinni og þar með burt fallin, þar eð einginn tók þau upp) samþykkt með 19 atkvæðum gegn 3.

b, sömuleiðis, samþykkt með 19 atkvæðum gegn 3.

Forseti: Þessu næst kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu *málið um kollektusjóðinn.* Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í málinu, og vona eg hver þíngmaður hafi hana fyrir sèr.

Atkvæðaskrá
í málinu
um kollektusjóðinn.

a, Nefndin: að konúngur leggi fyrir stjórn sína, að láta semja og auglýsa á prenti nýja reiknínga yfir kollektusjóðinn frá árslokum 1797, byggða á þeim skýrslum og reikníngum rentukammersins um fjárhag sjóðsins, sem þá voru auglýstir.

b, sama: að öllum þeim útgjöldum, *sem frá árslokum 1797* hafa verið tekin af kollektunni, en sem ekki geta komið henni við *eptir hennar sèrstaklega uppruna og augnamiði,* og hinum konúnglegu stofnunarbrèfum hennar frá 29. marz og 18. oktbr. 1786, verði haldið fyrir utan þá reiknínga.

c, sama: að konúngur allramildilegast hlutist til um, að kollektusjóðurinn, samkvæmt þannig löguðum reikníngum, verði með fullum skilum viðreistur á kostnað ríkissjóðsins.

d, hvort alþíngi vill senda konúngi þegnlega bænarskrá um þau atriði, sem samþykkt eru.

Framsögumaður: Eg get verið því fáorðari að svo komnu máli, sem einginn mælti móti nefndarálitinu við undirbúníngsumræðuna, og eingin breytíngaratkvæði eru fram komin, svo að uppástúngur nefndarinnar eru einar og óbreyttar á atkvæðaskránni.

Þ. Guðmundsson: Mèr heyrðist í gær við undirbúníngsumræðu þessa máls, sem hinn heiðraði *framsögumaður* beri kvíðboga fyrir

því, að konúngur mundi eigi vilja breyta úrskurðinum 25. júlí 1844; eg verð nú líka að bera kvíðboga fyrir því, að konúngur muni eigi álíta tign sinni samboðið, að ógilda verk síns hásæla föður, sem þar að auki var einvaldskonúngur, og eg vil spyrja hina heiðruðu þíngmenn, hvort þeim þyki tilhlýðilegt, enn á ný og þrátt fyrir auglýsínguna af 27. maí þessa árs til alþíngis að biðja konúng vorn um að breyta úrskurði þeim, sem er handaverk föður hans, og þess hins ágæta konúngs, er gefið hefir oss þíng þetta? Mèr finnst þetta með öllu ótilhlýðilegt, og fyrir því get eg ekki gefið atkvæði með nokkurri uppástúngu á atkvæðaskránni.

Þ. Jónassen: Þetta mál er eitt af þeim, sem borið hefir verið upp á hverju þíngi að undanförnu, þrátt fyrir það þó stjórnin allt fram á þenna dag ekki hafi getað veitt því áheyrslu, og málið er þannig, að mèr virðist, orðið eins konar kappsmál. Það getur nú vel verið, að þíngið hafi frá sínu sjónarmiði, og eins og það lítur á málið, ástæðu til að hreifa málinu, það geta vel verið deildar meiníngar um það, hvort meðferðin á kollektusjóðnum hafi yfir höfuð, eða í einstökum greinum, verið samkvæm hans upprunalega tilgángi, t. a. m. hvort hinn mikli kostnaður til strandamælínganna hafi rèttilega átt að greiðast úr þessum sjóði, o. s. frv.; en hvað um það, það er nú búið að ráða öllu þessu til endilegra lykta með konúngsúrskurðinum frá 1844; getum vèr nú búizt við, að þessum allrahæsta úrskurði konúngs verði nú fyrir bænastað alþíngis breytt frá rótum, reikníngur sjóðsins gjörður upp að nýju, og honum bætt það upp, sem þínginu kynni að virðast sjóðnum ekki hafa komið við að greiða, en hann þó hefir greitt? eg held ekki, og eg held þar á sè raunin orðin, enda held eg það dæmalaust, að reikníngsmál, sem búið er að rannsaka og ráða til lykta af hlutaðeigandi stjórnarráðum, hafi verið tekin fyrir aptur og gjörð upp að nýju, og hvað þá, þegar konúngur hefir lagt sitt allrahæsta samþykki á málið. Mèr virðist því auðgeingið að því, að slík krafa sem sú, er hèr ræðir um, muni, þó hún verði borin upp, verða algjörlega árángurslaus, eins og hún er, að mínu áliti, svona hvað ofan í annað, óviðurkvæmileg. Það hefir verið sagt, að seinni konúngsúrskurðir hafi opt breytt þeim eldri og þá megi líka breyta úrskurði frá 1844; eg neita því eingan veginn, að slíkar breytíngar hafi optlega orðið, en þetta hefir ekki átt sèr stað í reikníngsmálum, sem búið var algjörlega að ráða til lykta með eldri konúngsúrskurðum, slíkt mál hlýtur að sitja við svo búið.

Eptir minni beztu sannfæríngu get eg því ekki fallizt á, að í

þessu máli verði send nokkur bænarskrá til konúngs, eptir að þíngið er nýbúið að fá afsvar; að öðrum kosti er eg hræddur um, að þíngið fái á sig þann blæ, eins og það vilji halda málinu til streitu við stjórnina, og þá er nokkurn veginn hægt að sjá fyrir, hverjar málalyktir muni verða.

Framsögumaður: Eg þyrfti nú ekki sem bóndamaður að skammast mín fyrir það, þó eg kunni að bera kvíðboga, þegar hinir hálærðu og háæruverðugu konúngmerktu þíngmenn, þessir oddvitar og höfðíngjar landsmanna, verða hræddir um, að það muni allt komast í uppnám, ef Íslendíngar biðja konúng sinn aptur að láta stjórn sína umbæta þær misfellur, sem þeim þykir vera á reikníngsfærslu kollektusjóðsins; en eg ber þó það traust til konúngsins, að eg þori að bera þetta mál fram fyrir hans hátign og að hann muni taka því vel, þegar hann sèr, að vèr höfum á rèttu máli að standa, og hætta ekki við, þó við fáum ver en hálfgjörða reikníngs, því slíkt er mótstætt öllum náttúrurètti og dönskum lögum. Vèr höfum að vísu orðið að dúsa við þetta ástand, meðan vèr höfum einga reikníngs sèð, og því ekki getað vitað, hvernig peníngarnir hafa verið brúkaðir, og á meðan gátum við vonazt eptir, að þetta okkar geymslufè væri í góðum stað geymt í ríkissjóði Danmerkur samkvæmt skýlausum konúngsúrskurðum. Hinir háæruverðugu konúngkjörnu þíngmenn hafa því enn ekki með þessum spádómum sínum hrakið í hinu minnsta ástæður nefndarinnar, sem ljóslega taka það fram, að Íslendíngar hafi orðið fyrir halla við þessa reikníngsfærslu, því eg treysti því fastlega, að konúngur vor muni rètta hluta vorn, og eg treysti því líka, að ríkisdagurinn muni taka vel í þetta mál, með því hann hljóp svo vel undir bagga með oss í verzlunarlögunum, og lifa nöfn þeirra dönsku heiðursmanna, sem af frjálslyndi sínu og rèttsýni gjörðust oddvitar að því, að máli því væri ráðið til lykta, og hèldu ágætlega svörum uppi fyrir rèttindum vorum, hjá oss Íslendíngum í þakklátri endurminníngu, og hefir þeim þó ekki verið ókunnugt um, hversu daufar undirtektir hinna konúngkjörnu þíngmanna vorra höfðu verið í því máli. Eg vona því, að hinir háæruverðugu þíngmenn muni ekki fá talið öllum þíngmönnum hughvarf með þessum vonarleysisræðum sínum.

J. Sigurðsson: Eg ber nú eingan kvíðboga fyrir þessu máli, og eg held víst, að það fái góð úrslit, því eg treysti því, að hafi eitthvað missýnzt með meðferð á þessum kollektupeníngum, muni stjórnin eða konúngur vor fús til að rètta það, sem rángt hefir ver-

ið, og þó eg sjái konúnginn þarna, eins og sá háttvirti 4. konúngkjörni þíngmaður sagði, og væri mynd þessi rètt afmálun hins hásæla konúngs vors, Kristjáns hins 8., þá virðist mèr það á bragði hans, að hann hafi þó haft það vit, að kunna að álíta sig sem manneskju, og úrskurð sinn sem mannlegt verk, sem við betri undirrèttíngar kynni að geta þurft umbreytíngar, því manneskjunnar börn þurfa opt að sjá sig um hönd. Eg vil taka til dæmis: einn dómari dæmir rángan dóm eptir fölsku vitni, dómarinn er saklaus, en þó er ekki dómur hans rèttur, og þarf því að ógildast. Eg vil nú ekki geta þess til, að svona sè ástatt með þenna konúngsúrskurð af 1844, heldur vil eg geta hins til, að stjórnarráð Dana hafi farið vel og reiðilega með þessa kollektupeníngа, og þessi tortryggni okkar sè sprottin af vanþekkíngu og ókunnugleika vorum á málefninu, en sè svo, þá er ætíð gott til hreins að taka, og veit eg, að bæði konúngi vorum og stjórnarráðum hans verður mjög kært að veita okkur þá bæn, að sýna okkur hreinar og greinilegar skýrslur og reiknínga yfir alla meðferð þessa sjóðar frá upphafi; veit eg, að stjórninni er kært að geta með þessu feingið tækifæri að ljúka upp á okkur augunum, og sannfæra okkur; fái nú málið þessi afdrif, þykir mèr það líka hafa unnið fullan sigur bæði á okkar síðu og stjórnarinnar. Eg tók því í gær við undirbúníngsumræðuna þögn hinna háttvirtu konúngkjörnu manna og sjálfs hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* fyrir samþykki, að þeim ásamt með okkur væri kærkomið konúngsins vegna, að bænarskrá kæmi fram í þessu efni, og að allir þeir mundu með sjálfum sèr, bæði sem Íslendíngar, og líka konúngs vinir, finna fullan fögnuð yfir því, að málefni þetta mundi fá svo góðan enda, að allur vafi og grunsemd gæti horfið, og ef eitthvað hefði á stjórnarráðanna síðu missèzt í þessu efni, mundi konúngs vors rèttlæti leiðrètta það, en láta oss ná rètti vorum. Eg þykist líka vita, að honum þykir það þarft og tilhlýðilegt, að Íslendíngar á þessari tíð fari að gæta að eignum sínum og efnum; þar hèr til þíngsins er komið eitt konúnglegt mál, sem gefur oss hvöt til þess, og bendir til þess, að vèr þá þegar eigum að taka við fjárhag vorum, er það líka konúnglegt fyrir hann, að styðja til rèttar fjárhags vors mál vort.

V. Finsen: Eg þarf því síður að vera margorður um þetta mál, sem hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður hefir nú svo ljóslega og með svo góðum rökum tekið það helzta fram af því, er eg vildi segja. Það er að vísu æskilegt, eg játa það, að sjóður þessi væri sem stærstur, og feingi allt aptur, því vèr þurfum allra vorra

muna með, einkum eins og nú lítur út fyrir; en hitt er annað mál, hvort vèr eigum að fara því fram, sem gjört er í uppástúngum nefndarinnar á atkvæðaskránni. En það var einkum við stafliö *b*, sem eg vildi gjöra nokkrar athugasemdir; þar stendur „að *öllum* þeim útgjöldum, sem frá árslokunum 1797 hafa verið tekin af kollektunni, en sem ekki geta komið henni við eptir hennar sèrstaklega uppruna og augnamiði — verði haldið fyrir utan þá reikníngа". Þetta þykir mèr of lángt farið, því það mun óhætt að fullyrða, að í öllu falli miklum hluta af útgjöldum kollektusjóðsins hafi verið svo varið, að þau hafi miðað til gagns fyrir landiö, þó að sumt hafi ekki verið brúkað beinlínis eptir hinum sèrstaka tilgángi kollektunnar, en þetta ætti þó allt að endurborgast eptir uppástúngunni. Það er mesti munur á því, ef þíngiö hefði t. a. m. beðizt, að það yrði tekiö undir nákvæma yfirvegun, hvort einhver viss af útgjöldunum hafi verið borguð, að rannsaka, hvort einhverju hafi eigi verið varið fullkomlega eptir tilgángi kollektunnar, eður á hinu, að heimta, að ríkissjóðurinn skuli borga allt það, sem greitt hefir verið úr kollektusjóðnum, ef það hefir ekki verið gjört í hinum sèrstaklega tilgángi hans. Auk þessa verð eg að álíta það miður rètt af þínginu, að taka upp aptur þá sömu beiðni, sem stjórnin hefir gefiö afsvar. Það er og jafnan eitthvað meiðanda í því, að biðja um reikníngа án þess að segja, hvað maður ætli að setja út á þá, því það er hiö sama, sem að krefja einn til reikníngsskapar fyrir ráðsmennsku sína.

G. Brandsson: Hinum háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanni þótti ekki faranda fram á það, að biðja konúng um að breyta úrskurðinum frá 1844; en eg má þá spyrja, hefir ekki konúngsúrskurðurinn 25. júlí 1844 breytt eldri konúngsúrskurðum, einum frá 1800 og öðrum frá 1804, og því má þá ekki breyta þessum úrskurði? Þá sagði hinn háttvirti sami konúngkjörni þíngmaður, að öllum útgjöldum úr kollektusjóðnum hefði verið varið samkvæmt tilgángi kollektunnar og í þarfir landsins (*V. Finsen:* Sumt!); þá vildi hann og rèttlæta strandamælíngarnar og útgjöld þau úr tèðum sjóði, sem til þeirra hefir verið varið, en eg held, að þær hafi verið fremur í þarfir kaupmanna og Dana, heldur en Íslands, einkum á meðan verzlunin var bundin við eittsaman Danaríki. En það eru líka fleiri en Danir, sem hafa mælt strandir hèr, t. a. m. Frakkar, og hefir landiö ekki þurft að kosta einum skildíngi til slíkra mælínga. Eg verð og að álíta, að það sè ekki rètt, að verja fè úr þessum sjóði til hvers þess, sem Danir einir álíta að sè í þarfir landsins, eins og t. a. m. flutníngur

skólans, sem er alls annars eðlis en þetta, því eg vil spyrja: er ekki kollektan geymslufè, sem gefið var í vissum tilgángi? og ef svo er, hvernig geta menn þá varið því í allt öðrum tilgángi? Eg held menn geti ekki breytt svo tilgángi gjafarinnar, og það furðar mig, að hinn háttvirti konúngkjörni þíngmaður skuli nú koma með þessa kenníng, þar sem hann hafði þó gagnstæða skoðun, þegar tilrætt var um *Thorchilliis*sjóðinn á alþíngi 1855, og kemst hann því hèr í mótsögn við sjálfan sig. Menn hafa sagt, að rentukammerið hafi hlotið að fara eptir konúngsúrskurðum, en eg held það hafi getað verið, að það hafi gripið fyrst til peninganna og feingið síðan konúng til að staðfesta með úrskurði þessi óskil sín. Það er að minnsta kosti ekki dæmalaust, þótt svona hefði verið farið með kollektuna, því ekki er lángt á að minnast, síðan eitthvað þessu líkt hefir farið fram utanlands Íslandi viðkomandi, og má sjá það í ríkisþíngstíðindunum, þar sem verið er að tala um sendíngu dátanna híngað sumarið 1851 og kostnað þann, sem til þess þurfti. Af því, er eg nú hefi sagt, þá get eg ekki verið vonarlaus um, að úrskurðinum verði breytt, þegar konúngur fær að vita, að hann sè ekki samkvæmur hinum sèrstaka tilgángi sjóðsins, og því vil eg gefa þessu máli atkvæði mitt.

P. Pètursson: Hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu kvaðst vera vongóður um, að úrskurðinum 25. júlí 1844 verði breytt, en eg verð þó að álíta, að það sè sárlitlar líkur til þess, einmitt vegna þess, að hin konúnglega auglýsíng til alþíngis 27. maí 1857 staðfestir þenna úrskurð, þar sem hún segir, að hinir eldri reikníngar sè allir „útkljáðir“ eða kollektumálinu lokið með konúngsúrskurðinum 25. júlí 1844; en það er líka einmitt hið sama, sem konúngsúrskurðurinn fór fram á, nefnilega að leiða alla eldri reikníngar til lykta; svo að úrskurðurinn 25. júlí 1844 er nú eins og staðfestur með öðrum nýjum úrskurði. Eg verð því að álíta, að það sè að höggva ofan í sama farið, að fara enn þá að biðja um breytíngu á þessum úrskurði, og hlýt eg því að gefa athvæði mitt móti þessu máli, þó mèr að öðru leyti þætti það mjög gleðilegt, að sjóðurinn væri sem mestur og blómlegastur.

Framsögumaður: Hinum háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanni þótti það meiðanda, að biðja mann um reikníngar; það get eg nú ómögulega sèð, að það sè nokkuð meiðanda í því að gánga eptir sínu, og eg er sannfærður um, að hinn háttvirti sami konúngkjörni þíngmaður tekur það ekki í minnsta máta illa upp, þó menn bæði hann um reikníngar þá, er hann þyrfti að gefa í viðskiptum við hvern ein-

stakan mann; þvert á móti, honum þætti vænt um, að geta sýnt manninum skilvísi og rèttskiptni; en hitt getur verið, að hinn háttvirti þíngmaður ímyndi sèr, að stjórnin sè öðruvísi sköpuð en hann er sjálfur. Þá þótti mèr og fremur vera dauft hljóðið í hinum háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanni; hann var ekki grand vonbetri en hinir, hann var með sama vonarleysið; en þetta þykir mèr því fremur tiltökumál um hann en aðra, af því það er svo skammt, síðan að hann hefir í prèdikunum sínum látið hljóma yfir land allt hin fögru orð postulans: „veiklizt ekki í voninni"; því vonin lætur aldrei til skammar verða, og „verið stöðugir í bæninni". Eg vil því stínga upp á því nú, að því sè skotið inn í postillu hins háttvirta konúngkjörna þíngmanns, eins og rèttarbótum Noregskonúnganna var hleypt inn í texta lögbókarinnar, að þessi sannleiksorð eigi þó ekki við, þegar menn biðja dönsku stjórnina. Eg er nú reyndar viss um, að eg feingi þessu ekki komið inn í prèdikanirnar fyrir alþýðu manna, og vildi það heldur ekki sjálfur. Mèr þykir það undarlegt, að hinir háæruverðugu konúngkjörnu þíngmenn sè með þetta vonarleysi núna, þessir hinir útvöldu ríkisins synir frá þjóðfundinum; mèr þykir þetta vonarleysi því undarlegra af þeim, sem þeir eru vanari við að snúa kvakandi bænarávörpum sínum til stjórnarinnar til að fá hjá henni launaviðbót úr sjóði ríkisins. Eg veit nú reyndar ekki, hversu leingi þeir hafa legið á bæninni, nè hversu hátt í þeim hefir krimtað; en hitt veit eg og aðrir góðir menn, að launaviðbót hafa þeir feingið. Það er undarlegt, segi eg, ef stjórnin vill eigi fallast á þetta mál vort, þegar hún fær að vita, að vèr höfum á rèttu máli að standa. Þrátt fyrir þetta undarlega vonarleysi hinna háæruverðugu konúngkjörnu þíngmanna, skal eg þó ekki verða vonarlaus.

Konúngsfulltrúi: Þegar þetta mál kom fyrir til inngángsumræðu, var eg því að öllu leyti mótfallinn. Eg tók þá fram, að mèr virtist það öldúngis ótilhlýðilegt fyrir þíngið, og ekki annað en að höggva niður í hið sama sár, að hreifa á ný því máli, sem konúngurinn hefir sagt að væri útkljáð að fullu. Eg benti þá til, að fè það, sem tekið hefði verið af kollektusjóðnum, hefði verið útborgað eptir konúnglegum úrskurðum, sem ekki yrði raskað, og ekki mundi heldur ríkisþíngið gefa samþykki sitt til, að það fè yrði borgað úr ríkissjóðnum og endurgoldið kollektusjóðnum, er útborgað hefði verið úr þeim síðarnefnda sjóð eptir úrskurðum einvaldra konúnga, hverjir úrskurðir þá voru góð og gild heimild fyrir slíkri útborgun. Eg hefði nú álitið þetta næga bendíngu frá mèr til þíngsins, ef eg

hefði ekki heyrt nú á þíngræðunum, að sumir þíngmenn vilja útleggja það, að eg ekki tók til máls við undirbúníngsumræðuna, eins og eg hefði samþykkt nefndarálitið; og til þess að slík útleggíng ekki geti átt sèr stað, vil eg því nú fara nokkrum orðum um málefnið.

Eg vil samt ekki hreifa mikið við umræðum þeirra þíngmanna, sem meðmæltir eru nefndarálitinu, því þeir hafa einúngis farið í kríng um málið, en ekki inn í það, og því skal eg snúa mèr að nefndarálitinu, sem nú liggur fyrir. Þetta nefndarálit ber einkanlega fyrir 2 ástæður til stuðnings málefni því, sem hèr er farið fram á. Hin fyrri er sú, að kollektusjóðurinn hafi verið eitt *„depositum“*, sem stjórnin hafi ekki mátt hreifa við, en sem hún hefði átt að standa skil á, hve nær sem krafizt yrði. En þetta er fullkomin lögvilla. Eptir þeirri rèttu *juridisku* hugmynd um *depositum* er það þvílíkt fè, er einn tekur til geymslu af öðrum með þeirri skuldbindíngu, að skila því aptur, nær sem þess er krafizt, en þessi hugmynd getur eingan veginn heimfærzt upp á það samband *(Forhold)*, er átti sèr stað milli konúngsins og Íslands. Það er auðsèð af öllum skjölum í þessu máli, að stjórnin hefir tekið að sèr umsjón og yfirráð yfir kollektupeníngunum, og álitið hann sem sjóð, er konúngurinn ætti frjálst að verja í Íslands þarfir, eptir því sem honum þætti bezt henta, og því er það líka, að konúngurinn í landsins þarfir bauð, að lagaleiga skyldi svarast af kollektupeníngunum, en þetta á sèr ekki stað, þar sem um *depositum* er að gjöra, enda veit eg ekki, hverjum rèttur hefði getað borið til þess, að krefjast kollektusjóðsins sem geymslufjár af konúngsins eða stjórnarinnar hendi.

Hin önnur ástæða, sem nefndarálitið tilfærir, er sú: að konúngurinn hafi eigi mátt breyta sínum fyrri úrskurðum áhrærandi kollektusjóðinn, þeim úrskurðum nefnil., sem nefndarmönnum hefir þóknazt að kalla stofnsetníngarúrskurði, eður *„Fundatser“* fyrir kollektusjóðnum. En fyrst er það að athuga, að þeir úrskurðir, sem nefndin miðar til, eingan veginn geta álitizt sem *„Fundatser“*, hvorki eptir orðatiltækjum þeirra eða innihaldi, og þar næst er sá lærdómur, að konúngurinn hafi ekki getað breytt þessum úrskurðum, fullkominn villulærdómur. Það fylgir nefnil. bæði af hugmyndinni um ótakmarkaðan einvaldskonúng, og eins af ákvörðunum hinna dönsku konúngalaga *(Kongelov)*, að vorir einvaldskonúngar höfðu hinn fullkomnasta rètt til, að breyta öllum lagasetníngum, bæði sínum eigin og formanna sinna, nema konúngalögunum einum, og því gátu konúngarnir einn-

ig með fullum rètti breytt, hve nær sem þeim þótti það bezt haga, sínum og formanna sinna fyrri úrskurðum áhrærandi kollektupeníngana. Þetta þíng hefir þess vegna eingan rètt til þess, að krefjast þess af konúngi, sem nefndarálitið fer fram á, og það því síður, sem konúngurinn í auglýsíngu sinni til þessa alþíngis hefir lýst því yfir, að mál þetta skuli vera fullkomlega útkljáð með úrskurðinum 25. júlí 1844, og þar með á ný staðfest þenna úrskurð.

Framsögumaður talaði mikið um þá góðu von, er hann hefði um árángurinn af þessari bænarskrá, en hann hafði eins góða von, og eg held betri, um uppástúngu sína áhrærandi kollektusjóðinn 1855. En má eg nú spyrja hann, hvað áunnizt hefir með bænarskránni, sem send var frá þínginu um þetta efni umgetið ár? ekki annað en það, að konúngurinn nú hefir lýst því yfir, að mál þetta sè útkljáð, og þar með bent þínginu til svo skiljanlega sem nægja hefði átt, að ekki sè til neins að fara fram á þetta mál optar. Það er því mín innileg sannfæring, að þíngið breytti bæði ótilhlýðilega og óforsjállega, ef það sendi konúngi nokkra bænarskrá í þessu málefni.

Jón Guðmundsson: Nú hafa fjórir af hinum háttvirtu konúngkjörnu þíngmönnum talað í máli þessu í dag, og bætt mönnum fyrir brjósti, þar sem þeir þögðu allir, þegar málið var til undirbúníngsumræðu, en eg verð að játa það, að mèr var farið að leiðast að heyra þessar miklu ræður þeirra, án þess þeir kæmi með neina vitund af ástæðum fyrir, íhugaði eða legði út af sjálfu efni málsins, nefnilega hvort undirstaða þess væri rèttvís og ástæður þær rèttar, sem álit og uppástúngur nefndarinnar er byggt á; þetta er þó sannarlega aðalumtalsefni þessa máls, en ekki hitt einúngis, hvort það væri tilhlýðilegt eður ótilhlýðilegt að fara þessa á leit við stjórnina, hvort nokkuð mundi koma út af því, eður ekki, og hvort stjórninni muni geðjast að því eður eigi. Þeir neituðu ekki, þessir fjórir herrar, með einu orði, vafalausum rètti vorum í þessu máli; en ef vèr höfum á vafalaust rèttu máli að standa, hvað vildu þeir þá með ræðum sínum, að það sè ótilhlýðilegt fyrir oss og óþægilegt fyrir stjórnina, og að það hafi ekkert upp á sig? — Má eg spyrja: vilja þeir herrar þá prèdika mönnum, að það sè ótilhlýðilegt að leita rèttar síns hjá konúngi, því að þar sè eingan rètt að fá? er þetta tilhlýðileg kenníng, hvort sem litið er til konúngsins eða landsmanna? En eg skal ekki dvelja leingur við þetta ástæðuleysi hinna konúngkjörnu þíngmanna, og það því síður, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* tók á allan annan veg í málið, með því hann tók fram hina

rèttu undirstöðu og efni þess, og skal eg því leyfa mèr að svara ræðu hans stuttlega. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að kollektan væri ekki geymslufè eður *depositum* í lagalegum skilníngi (*Konúngsfulltrúi: Deponeret*); hann sagði og, að það væri ekki geymslufè, sem goldnir væri vextir af, en eg held, að hvorttveggja eigi sèr almennt stað, bæði að gjalda vexti af „*deposito*", eins og kunnugt er að ótal bánkar gjöra, og líka að greiða þá ekki, einkum af smærri summum, sem seldar eru fram til geymslu að eins um stuttan tíma; eg skal því ekki þrátta um þetta við hinn háttvirta *konúngsfulltrúa*, því það raskar í rauninni ekki ástæðum málsins hvorki til nè frá, og því getur sýnzt dálítil átylla fyrir því, sem *konúngsfulltrúi* sagði, eða að minnsta kosti gæti vakizt um málið dálítill vafi, þegar einúngis er byggt á konúngsúrkurðum 29. marz og 18. október 1786, og þessir úrskurðir lesnir sèr í lagi, en sè þeir lesnir í sambandi við leyfisbrèf konúngs 1783 og 1785, því þessi leyfisbrèf eru undirstaða úrskurðanna og verður því að lesa þá í sambandi við leyfisbrèfin, þá hugsa eg, að því verði ekki neitað, að kollektan sè geymslufè eður *depositum* í hinum eiginlega og bundnasta skilníngi, því þessi leyfisbrèf sýna, að þetta fè hefir verið gefið og konúngur leyft að safna því til þess því yrði varið í vissum fyrirfram ákveðnum tilgángi, og þess vegna skortir alla heimild til að verja því í nokkrum öðrum tilgángi, heldur en þeim eina, er konúngur leyfir að það sè gefið í. Ef að aptur á mót svo hefði verið til orða tekið í leyfisbrèfunum 1783 og 1785: „Ísland er fátækt og bágstatt land, þar þarf mörgu að kippa í lag, mörgu að koma á stofn til framfara, þess vegna leyfum vèr, að Danir skjóti fè saman handa því, til þess að bæta úr þörfum landsmanna *yfir höfuð*, efla atvinnuvegi, koma upp stofnunum", þá hefði mátt verja fè kollektunnar til alls, sem landinu var gagn að, til vegabóta, til skólaflutníngs, til strandmælínga, til að styrkja nytsama og nauðsynlega aðflutníngs kaupmanna og hvers annars, er vera skyldi; en þessu er ekki svona varið, konúngur sagði í leyfisbrèfi sínu 1783: „menn í Skaptafellssýslu hafa orðið fyrir miklu tjóni og fjármissi af eldgosi úr Skaptárjökli. Vèr leyfum, að safnað sè gjöfum handa þeim til að bæta úr bágindum þeirra;" þarna er hinn sèrstaki og vissi tilgángur kollektunnar fólginn og fast ákveðinn. 1785 sagði og konúngurinn: „Það eru fleiri, sem hafa orðið fyrir ómetanlegu tjóni af jarðeldinum og afleiðíngum hans, bæði margir prestar og aðrir landsmenn; fyrir því leyfum vèr, að líka sè safnað gjöfum handa þessum mönnum yfir gjör-

völl ríki vor og lönd"; hèr kemur þá aptur fram hinn vissi tilgángur kollektunnar. Nú leyfir konúngur 1786, að fè kollektunnar verði sett inn í ríkissjóðinn til geymslu *(deponeret)*, og af því skuli gjalda lögákveðna vexti, en þetta leyfi getur þó með eingu móti heimilað það, sem eptir sjálfri stofnun fjárins var heimildarlaust, að verja fènu síðan í öðrum tilgángi, en þeim, sem konúngur hafði frá upphafi ákveðið. — Það hefir verið sagt, að konúngur mundi ekki vera fáanlegur til að breyta úrskurðinum 25. júlí 1844; en ástæðum þeirra þíngmanna, er þetta hafa sagt, þarf eg reyndar ekki að svara, þessi úrskurður hefir upp hafið úrskurðina 28. maí 1800, og 9. marz 1804, eða rèttara sagt, lagt samþykki á þá brúkun kollektupeníngannna, sem stríddi þvert í móti skýlausu boði þessara 2 úrskurða, en þeir voru sjálfir þvert ofan í hin konúnglegu leyfisbrèf af 1783 og 1785 og þá tvo úrskurði af 1786; þannnig hefir einn konúngsúrskurðurinn upphafið annan, og sè eg því ekki, hvað er í móti því, að eins fari fyrir þessum úrskurði 1844, enda gaf *konúngsfulltrúi tvívllaust* í skyn, að ýngri konúngsúrskurður gæti upphafið annan eldri; það var því býsna mögur ástæða, er hinn 3. konúngkjörni þíngmaður kom með, að konúngsúrskurðurinn 1844 væri *staðfestur* með hinni konúnglegu auglýsíngu til alþíngis 27. maí 1857; eg held, að slík ástæða sè fremur til þess að hlæja að. En ef þess er nú gætt, að það er hvorki Friðrik konúngur nè Kristján konúngur faðir hans, sem hafa liðið hina hèrfilegu misbrúkun þessa fjár eða eru sekir að því, heldur hin eldri fjárstjórn ríkisins, þá sè eg ekki, hvað konúnginum eða þeim stjórnendum hans, sem nú eru, getur tekið það sárt, eða álitið — svo að eg brúki orð *konúngsfulltrúa*, — „að þíngið höggvi ofan í sama *sárið*" við konúng og stjórn hans með því að leita rèttíngar á þessu máli. Það kann að vísu að þykja óþægilegt, að þurfa að borga úr ríkissjóði 200,000 rd., til þess að viðrètta kollektuna, en ótilhlýðilegt er það ekki að fara því fram, úr því rètturinn er vafalaus; ef þess er enn fremur gætt, að misbrúkunin er frá eldri tímunum, að það einmitt er þessi í alla staði heimildarlausa misbrúkun, sem úrskurðurinn 1844 hefir staðfest, — því það nægir ekki að segja oss, að hún sè byggð á ýngri konúngsúrskurðum, þegar þeir verða ekki nefndir og dagsetníng þeirra, — þá held eg ekkert sè á móti því, að biðja um breytíngu á þessum úrskurði, og stjórnin er svo rèttlát, því treysti eg, og eins ríkisþíng Dana, sem sjálfsagt verður að gera út um þetta mál, að bæði hann og stjórnin taka þessu máli vel og þykkjulaust, þegar öllum má vera

auðsætt, að vèr stöndum á rètti vorum. Það hefir verið sagt, að nefndin hafi farið of lángt út í þessa reiknínga og byrjað frá ofsnemmum tíma, en það get eg þó ómögulega sèð, eða viðurkennt, því vèr höfum einga skýrslu feingið frá því 1797 til 1844, vèr höfum ekki einu sinni feingið neina greinilega skýrslu um það, hversu miklu var varið úr kollektusjóðnum til strandmælínganna eptir úrskurðunum 1800 og 1804; þessir úrskurðir leyfa að eins að verja af vöxtum kollektunnar 1700 rd. árlega til strandmælínganna hèr á landi; þær stóðu yfir í samtals 16 ár, og hefði eptir því átt að gánga til strandmælínganna, eptir þessum úrskurðum, einúngis 27,200 rdl. en í þess stað hefir til þeirra geingið af kollektusjóðnum, eptir því sem *konúngsfulltrúi* 1845 skýrði þá frá á þíngi hèr, 84,111 rd., og sèst ljósast af því, hvað dyggilega þessum 2 konúngsúrskurðum 1800 og 1804 hefir verið fylgt kollektusjóðnum í hag.

Framsögumaður: Eg hefi nú fáu að svara, því hinn háttvirti *varaforseti,* sem bæði hefir svo gott vit og svo mikla þekkíngu á öllu þessu málefni, hefir ljóslega hrakið ástæður þær, er hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* var að leitast við að veikja með ástæður nefndarinnar; eg vildi einasta svara því, er hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að eg mundi líka hafa haft 1855 góða von um, að fá þessu máli framgeingt, en von þessi hefði ekki rætzt, og svo mundi fara í þetta sinn; en eg verð að segja hinum háttvirta *konúngsfulltrúa,* að eg hefi þó áunnið nokkuð, þar sem vèr höfum feingið reikníng yfir styrktarsjóðinn frá 1844, og hafa menn stundum mátt bíða leingur, til að sjá auglýsta reiknínga opinberra stiptana hèr innanlands, þó vèr höfum óskað, að þeir væri auglýstir landsmönnum, og fyrst stjórnin hefir veitt oss þetta eptir bæn vorri frá alþíngi 1855, þá uppfyllir hún, ef til vill, hinar meiri vonir, sem vèr nú setjum til hennar, þegar hún sèr, að vèr höfum þor og stöðuglyndi til að framfylgja rètti vorum.

G. Einarsson: Það liggur atkvæðaskráin í máli þessu fyrir mèr eins og öðrum, og nú mun að því komið, að eg eigi að kallast til að greiða atkvæði mitt um atriði hennar. Það vita nú allir, að eg er einginn lagamaður, en þetta mál virðist mèr vera svo vaxið, að talsverða lagaþekkíngu þurfi til að gjöra sèr skýra hugmynd um það, en það er einlægur vilji minn í þessu máli, eins og öðrum, að hafa svo ljósar ástæður með sjálfum mèr, sem mèr er unnt, fyrir atkvæðum þeim, er eg greiði. Það hafa nú 3 lögfróðir menn af hinum konúngkjörnu talað í þessu máli, og verð eg að segja

fyrir mig, að eg græddi ekkert á ræðum þeirra; mèr fannst, að þær væri að eins einhverjir málaflutníngsmanna hnykkir, og þó að einn þeirra væri að tala um ljósleik þeirra, þá varð það ljós að myrkri fyrir mèr, eins og með fram rèð að líkindum, því að hið svo nefnda ljós rann upp úr vestri (kom frá vestari hlið þíngsalsins). Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* talaði hins vegar hreint og beint og skiljanlega um hin verulegu atriði og ástæður málsins, en mèr fannst ræða hans vera hrakin af hinum heiðraða *varaforseta,* svo eg er litlu nær; eg leyfi mèr því að skora á hinu hæstvirta *konúngsfulltrúa* að taka til andsvara enn að nýju, ef málið kynni fyrir hið sama að skýrast betur fyrir mèr.

Konúngsfulltrúi: Eg finn einga þörf á því að rekja alla ræðu hins heiðraða *varaforseta* eða svara henni, enda man eg lítið af henni. Það geta að sönnu verið misjafnar meiníngar um, hvað vel það hafi átt við, eða hagað, að fè hefir verið varið úr kollektusjóðnum til sumra þeirra fyrirtækja, er hann hefir verið látinn leggja kostnað til. En þar þetta hefir verið ákveðið með úrskurðum einvaldra konúnga, hverjum einginn hafði þá rètt til að mótmæla, þá er nú ekki mögulegt að finna að því eptir á, eða fá viðreisn á því máli. Eg skal að síðustu geta þess, að ríkisdagurinn í Danmörku ætíð hefir látið standa við úrskurði hinna einvöldu konúnga, allt fram að hinni síðustu stjórnarbreytíngu hvað peníngaútgjöld af opinberum sjóðum snertir, og því þykir mèr þíngið reisa sèr hurðarás um öxl, ef það vildi fara fram á það, að slíkum úrskurðum yrði breytt.

Framsögumaður: Mèr hefir aldrei dottið í hug að neyða konúnginn; en hitt hefir mèr komið til hugar, að hann muni, einkum þegar hann er nú enn þá einvaldur yfir oss, sem eg þekki ekki annað en hann sè, sjá ráð til að breyta eldri konúngsúrskurði. Það hefir verið sagt, að sá konúngur væri dauður, er úrskurðinn gaf, og ríkisráð það, er ráðið hafi brúkun þess, væri líka liðið undir lok; það er satt, en ríkissjóðurinn er ekki dauður, og vèr eigum málið við hann, en ekki við konúnginn persónulega, eins og sá háttvirti *konúngsfulltrúi* vildi fara að benda þínginu til við inngángsumræðuna; hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* þótti nefndin reisa sig heldur hátt með kröfur í þessu efni, og beindist einkum að mèr, sem uppástúngumanni, en eg vil segja honum það, að mèr þykir ekki neitt veglegra að verða með rèttu talinn sá örkvisi ættar vorrar, sem ekki hefði þor eða þreklyndi til að bera upp það mál, sem eg

þættist sannfærður um að væri byggt á góðum ástæðum, og það við sjálfan konúng vorn, því eg get heldur ekki skilið, að hann eða hver annar danskur maður virði minna dreinglyndi, heldur en þó þeir sæi, að við værum orðnir þeir hjálenduhjáræníngar, sem ekki hefðum þor til að beiðast þess í heyranda hljóði, sem vèr þó í pukri þættumst eiga rètt til.

Á. Einarsson: Það er einúngis fáein orð í ræðum hins háttvirta *konúngsfulltrúa,* sem eg vildi minnast á, er eg hefi ekki tekið eptir að *framsögumaður* hafi svarað. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að úrskurðum konúngs þess, sem væri einvaldur, yrði ekki breytt, og færði það til síns máls, sem orðtækið segir: „hver kann að segja við konúnginn, hvað gjörir þú“! Eg verð þó að álíta, að sá konúngur, sem setur oss þau lög, er skylda oss til að borga öðrum skuldir sínar, hann muni og vilja, að vèr fáum skuldir vorar hjá öðrum; eg er sannfærður um, að hinn hásæli konúngur vor *Kristján* hinn áttundi vildi láta oss njóta rèttar vors í öllu því, er honum var *sjálfum* kunnugt um hagi vora, og vèr fremst áttum tilkall til; en margur má sjá stundum með annara augum, ekki sízt konúngar, og eg er líka viss um, að konúngur vor, sem nú er, muni geta leiðrètt úrskurði þá, er faðir hans gaf, ef þess þyrfti, án þess að láta það lenda á erfíngjum þess hásæla konúngs, eins og *konúngsfulltrúinn* hèlt, þegar mál þetta var borið upp fyrst núna á þínginu. Það er reyndar satt, að *Kristján* konúngur 8. er dáinn, en við erum ekki konúngslausir samt. Eg held hèr eigi við það, sem danskur *konúngsfulltrúi* sagði hèr á þíngi, við eitt tækifæri: „konúngurinn deyr aldrei“, og þá deyr ekki heldur hans konúnglega rèttlæti. Þetta má því heldur heimfærast til okkar Íslendínga, sem svo má virðast sem konúngurinn sè einvaldur yfir oss, meðan vèr höfum ekki tekið þátt að tiltölu í þeirri stjórnarbót, er hann gaf. Eg get þess ekki til, að vèr þurfum að komast í mál við ríkissjóðinn út úr fjárheimtu þessari, til að ná rètti vorum, því eg treysti því, að stjórnin viti, að konúngur tók að sèr umsjón skólans við stólsgóssasöluna; mun hún því sjá, að það hefir ekki átt við, að byggja þetta skólahús og flytja skólann frá Bessastöðum og híngað á kostnað kollektusjóðsins, eins og það getur ekki heldur hafa verið rètt, að verja nokkru úr kollektusjóðnum til nokkurra útgjalda án konúnglegs úrskurðar. Eg vil ekki svara fleiri atriðum í ræðu hins háttvirta *konúngsfulltrúa,* því það er nógsamlega búið, en af þessu má sjá, fyrir hverju eg vil gefa atkvæði mitt.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, er ályktarumræðu þessa máls lokið, og skal eg því biðja þíngmenn gánga til atkvæða.

Síðan voru atkvæði greidd, og fóru þau á þessa leið:

a, uppástúnga *nefndarinnar:* samþykkt með 17 atkv. gegn 5.
b, — — — — samþykkt með 17 atkv. gegn 5.
c, — — — — samþykkt með 17 atkv. gegn 5.
d, samþykkt með 17 atkv. gegn 5.

Forseti: Þessu næst kemur þá eptir dagskránni til undirbúníngsumræðu *vegabótamálið.* Síðan var nefndarálitið feingið *framsögumanni, P. Guðmundssyni,* og las hann það upp, svo látanda:

„Hið heiðraða alþíngi hefir kosið oss, er hèr ritum nöfn vor undir, í nefnd, til að segja álit vort um konúnglegt frumvarp það til tilskipunar um vegina á Íslandi, er konúngsfulltrúinn fyrir hönd stjórnarinnnar hefir borið undir þíngið, sem árið 1855 hafði allraþegnsamlegast beðið vorn milda konúng að láta semja og leggja fyrir þetta þíng þvílíkt frumvarp.

Eptir að vèr höfum nákvæmlega íhugað og grannskoðað þetta mál, leyfum vèr oss að láta álit vort um það í ljósi á þessa leið:

Nefndin verður að viðurkenna, að hið konúnglega frumvarp sè í mörgum og verulegum atriðum, einkum með tilliti til þess, að skylduvinna við vegabætur á aukavegunum ei er numin úr lögum, endurbætt af stjórninni frá því sem alþíng 1855 stakk upp á, og að það eigi, eins og það nú liggur fyrir, næsta vel við hèr á landi, sem byggt á sanngjarnari og eðlilegari undirstöðu, en þau nú gildandi vegabótalög, eptir hverjum hver hreppur heldur þeim vegum við, sem liggja í gegnum hann, án alls tillits til þess, hvort að innbúar hreppsins mestmegnis hafa not þessara vega, eða þeir eru sameiginlegir þeim og annara sveita og enn þá stærri hèraða innbúum, og skylduvinnan til vegabótanna, sem nú á þjóðvegunum eptir frumvarpinu er breytt í peníngagjald, hefir komið svo ójafnt niður á þá ýmsu hreppa og hèruð, að hún auðsjáanlega hefir orðið að standa í vegi fyrir eptiræskjanlegri og tilhlýðilegri endurbót veganna, hvað aptur hefir haft mjög skaðleg áhrif á samgaungurnar milli innbúanna í hinum einstöku hèruðum og landsfjórðúngum og á öll viðskipti landsbúa innbyrðis. Álítur nefndin, að þessi vandkvæði muni, þegar fram líða stundir, ef ei með öllu hverfa, þá samt svo minnka, að stórkostlegur verði mismunurinn, feingi hið fyrirliggjanda frumvarp

til tilskipunar um vegina að ná lagagildi hèr á landi, að minnsta kosti með nokkrum litlum breytíngum á því fyrirkomulagi, sem það ætlast til að á komi í tilliti til þessa mikilsvarðanda málefnis.

En þótt frumvarp stjórnarinnar sè þannig úr garði gjört, sem á var vikið, og nefndin haldi, að það yfir höfuð að tala eigi að aðhyllast af þínginu, hefir oss eingu að síður þótt ástæða til að gjöra eptirfylgjandi athugasemdir við nokkrar greinir þess, nefnilega:

2. grein.

Af því að póstarnir fara annaðhvort þjóðvegina eða aukavegina, og eingir sèrstaklegir póstferðavegir gefast hèr á landi, — því það virðist ei vera næg ástæða til að rýmka hugmyndina, líka vegna kostnaðaraukans, þótt póstarnir híngað til hafi einstaka sinnum, helzt á vetrardag, vegna ófærðar, eða annara sèrlegra kríngumstæða, orðið sumstaðar, kann ske stuttan kafla, að fara aðra leið en alfaravegina —, leyfir nefndin sèr að stínga upp á, að orðin í enda greinarinnar: „og eins hina almennu póstferðavegi", verði felld úr, og að grein þessi að öðru leyti sè óbreytt.

3. grein.

Nefndin álítur, að sýslumenn sè ei einfærir um að bera upp við amtmenn uppástúngu um, hverja vegi skuli álíta sem þjóðvegi í sýslum þeim, sem þeim er trúað fyrir, og hverja sem aukavegi, sökum ónógs kunnugleika á öllum vegum í sýslum þeirra, einkum þegar þær eru víðlendar og margir vegir liggja yfir um þær og eptir þeim; því þess sè dæmi, að sumir sýslumenn, sem þó eru búnir að vera um mörg ár í sömu sýslunni, aldrei hafi haft tækifæri til að ferðast í sumar sveitir í sýslunni og þekki því ekki vegina þar, og þá ekki heldur, hverja ástæða væri til að álíta sem þjóðvegi og hverja sem aukavegi, en sèr í lagi hljóti þetta yfir höfuð að eiga sèr stað, þar sem svo á stendur, að sýslumanninum nýlega er veitt sýslan, og sè því með öllu ógjörníngur að láta sýslumennina ráða því, hvernig vegunum skyldi flokkað í sýslum þeirra, þeim einstöku hreppum sýslnanna, og millum sýslna og fjórðúnga, þar sem það á hinn bóginn liggur í augum uppi, að amtmennirnir, sem eptir þessari grein er falið æðsta úrskurðarvald í tilliti til flokkunar veganna, hljóta, eins og náttúrlegt er, að vera lángtum ókunnugri vegunum í öllu amtinu eða í einhverri sýslu þess, en sýslumennirnir hver í sinni sýslu. — Nefndin álítur því öldúngis vera nauðsynlegt, að í svo mikilsvarðanda efni sem því, að ákveða, hvað álíta skuli þjóðvegi og hvað aukavegi, sýslumönnum yrði gjört að skyldu, að tilkalla 2 menn

úr hverjum hreppi sýslunnar, sem þá væntanlega kunnugustu vegunum þar í hreppi, til að gjöra ásamt sèr uppástúngu til hlutaðeiganda amtmanns um þá greindu tvíflokkun veganna þar; og finnst eðlilegast, að hreppsbúendur, hverjir í sínum hreppi, kjósi þessa tvo menn á hreppskilaþíngi, þar kostnaðurinn til endurbótar og viðurhalds þjóðveganna á, eptir 15. grein, að greiðast úr jafnaðarsjóðunum, er allir amtsbúar, sem tíundarbært lausafè eiga, greiða á peninga að tiltölu við þenna gjaldstofn hvers einstaks, og ei verður ætlazt til þess, að nokkrir 2 menn geti verið eins kunnugir öllum vegum í sömu sýslunni, og 2 greindir sveitarbændur eru vegunum þar í hreppnum. Þar að auki mundi það bundið miklum umsvifum og vandkvæðum, að kjósa einúngis 2 menn úr *allri* sýslunni sýslumanni til ráðaneytis við samníng greindrar uppástúngu, og ber þess enn fremur að geta, að nefnd sú, sem vèr stíngum upp á að stofnuð sè til þess starfa, einúngis þyrfti að gefa álit sitt í *eitt* skipti um flokkun veganna, og væri hægast og umsvifaminnst að semja það á manntalsþíngum, við hverja tilhögun samnefndarmönnum sýslumannanna sparaðist leingri ferðalög heim til þeirra.

Þegar nú enn fremur er haft tillit til þess, að á uppástúngu þeirri, sem hèr ræðir um, grundvallast peninga-útgjöld af hendi landsmanna til jafnaðarsjóðanna, þykir ísjárvert að gefa sýslumönnunum eins óbundnar hendur, og frumvarpið til ætlast, til að leggja skatt ekki einúngis á sýslubúa sína, heldur einnig á alla amtsbúana, að því leyti þeir eiga tíundarbært lausafè; þar sem naumast mun verða ráð fyrir því gjöranda, að amtmennirnir, sökum ókunnugleika þeirra á vegunum í öllu amtinu, breyti til muna uppástúngu sýslumannanna, við hverja því yfir höfuð að tala mun verða að lenda.

Nefndin leggur því til, að 3. grein stjórnarfrumvarpsins sè breytt á þessa leið:

„Þriggja manna nefnd skal vera í hverjum hreppi, til að ákveða, hverja vegi álíta skuli sem þjóðvegi, og hverja sem aukavegi í hreppnum. Sè sýslumaður ætíð einn nefndarmanna og 2 innsveitisbúendur, þeir er tíundarskylt lausafè eiga, sem hreppurinn þar til kýs á hreppskilaþíngi. Annast hreppstjórar um kosníngu þessara manna, og að nýir sè kosnir, þegar nefndarmaður deyr eða hefir forföll.

Sýslumaður skal bera upp við hlutaðeiganda amtmann uppástúngur nefndanna um það, hverja vegi álíta skuli sem þjóðvegi í sýslunni, og hverja sem aukavegi, samkvæmt reglunni í 2. grein;

leggur amtmaður síðan úrskurð á málið og birtir auglýsíngu um það, til eptirbeytni fyrir alla þá, er hlut eiga að máli.

4. grein.

Til þess að amtmanni vinnist nægur tími til að gegnumgánga og leggja úrskurð á uppástúngur sýslumannanna um þau verk, er vinna skal hið næsta sumar við þjóðvegi þá, er liggja um hverja einstaka sýslu, ætti sýslumenn á ári hverju innan nóvembermánaðarloka að hafa sent amtmanni sínum uppástúngur þessar, en amtmaður innan loka marzmánaðar að hafa gefið sýslumanninum til vitundar úrskurð sinn hèr að lútandi, til þess að sýslumenn í tíma gæti ráðstafað hinu nauðsynlega hèr að lútandi, áður en líður að undirbúníngi þeirra undir manntalsþíngin og vorannir þeirra byrja. — Því ætti í upphafi greinarinnar, í stað orðanna: „innan loka janúarmánaðar", að setjast: „innan loka nóvembermánaðar", og aptur í niðurlagi greinarinnar fyrir: „innan loka aprílmánaðar", að standa: „innan loka marzmánaðar", en greinin að öðru leyti vera óbreytt.

6. grein.

Það álítum vèr eiga vel við, af þeim ástæðum, sem til eru færðar við 3. grein, að nefnd sú, sem þar er stúngið upp á, semji og sendi amtmanni uppástúngu um að breyta stefnu þjóðvega, eða um að leggja nýjan þjóðveg, þegar sýslumanni þykir nauðsyn til bera. Því ráðum vèr til, að í staðinn fyrir: „Þá skal hann", komi: „Þá skal nefnd sú, er getur í 3. grein, um þetta senda uppástúngu til amtmanns" etc.

10. grein.

Hèr þykir betur tilfallið og íslenzkulegra, að í staðinn fyrir: „fasta braut", í fyrsta kafla, standi: „fastan veg"; er það líka samkvæmt hinum danska texta stjórnarfrumvarpsins.

11. grein.

Af því það er ókljúfanda fyrir sýslumann að geta verið nálægur við allar vegabætur þjóðveganna í sýslu sinni, sem þar að auki fara fram um sama tímabil alstaðar í sýslunni, ætti hann að geta falið umsjónarmönnum sínum, sem stjórnarfrumvarpið nefnir í 5. grein, að ákveða, hvar ræsar skuli gánga þvert yfir veginn, og hvort gjöra skuli brýr yfir þá, annaðhvort úr steini eða trè, ellegar hvorutveggja saman. Viljum vèr því, að í næstseinasta kafla greinarinnar verði eptir „sýslumaður" skotið inn „eða sá, er hann kýs þar til", og kafli þessi orðist þannig: „Yfir ræsa þá, er gánga þvert yfir veginn, skal gjöra brýr, annaðhvort úr steini eða trè, ellegar hvoru-

tveggja saman, eptir því sem sýslumaður eður sá, sem hann kýs þar til, ákveður nákvæmar á hverjum einstökum stað", — og ræður nefndin hèr til sömu orðabreytíngar, sem við næst undangángandi grein, nl. að í staðinn fyrir orðin: „föst braut" setjist „fastur vegur", og í stað orðanna: „skal leggja veginn hærri", komi: „skal hækka veginn".

12. grein.

Að því leyti stjórnarfrumvarpið ákveður, að torfbrýr þær, sem lagðar eru yfir mýrlendi, skuli vera $1\frac{1}{2}$ danskri alin hærri til hliðanna en grundvöllurinn, er þar að liggur, en í miðju 2 eða $2\frac{1}{2}$ al. hærri, að því skapi sem torfbrúin er breið, fær nefndin ei betur sèð, en að þessi hæð sè óþarflega mikil yfir höfuð að tala, því það liggur í augum uppi, að því hærri sem brúin er, þess kostnaðarmeiri og örðugri er byggíng hennar og viðurhald, með því lika með þessu fyrirkomulagi optsinnis getur vantað hentugan og nægan torfvöll til brúargjörðarinnar, en sèr í lagi til endurbótar brúarinnar. Vèr höldum því, að þessar brýr þyrfti ei að vera hærri til hliðanna en 1 al. og $1\frac{1}{2}$ al. í miðju. Nefndin álítur líka, að brýr yfir mýrlendi sè lángtum varanlegri úr torfi og streingjum, en úr torfhnausum. Því stíngum vèr upp á, að í staðinn orðanna: „brýr úr torfhnausum" verði sett: „torfbrýr", og fyrir: "$1\frac{1}{2}$ danskri alin hærri", verði sett „1 danskri alin hærri", samt fyrir orðin: „en í miðju 2 eða $2\frac{1}{2}$ danskri alin hærri", komi: „en í miðju $1\frac{1}{2}$ danskri alin hærri".

13. grein.

Nefndinni virðist of óákveðið í frumvarpi stjórnarinnar, yfir hverjar litlar ár og læki skuli skylt að gjöra steinbrýr eða trèbrýr, þar sem það þó naumast getur álitizt, að stjórnin hafi ætlazt til, að allar litlar ár og læki skyldi brúa, heldur einúngis þær smá-ár og læki, sem, þótt litlar sè, geta fljótt vaxið, og orðið vegfarendum til tálmunar. Til frekari skýríngar í þessu tilliti leyfir nefndin sèr að stínga upp á, að upphaf greinarinnar sè þannig orðað: „Yfir litlar ár og læki, sem illt er yfirferðar", etc.

15. grein.

Nefndinni virðist það bæði sanngjarnt og rèttvíst, að þar eð vegabætur á þjóðvegum ei hvað sízt eru til mikils hagnaðar fyrir verzlanirnar, hverjum þar með eykst aðsókn, sè þær í hverju amti látnar á móts við jafnaðarsjóðina taka hæfilega hlutdeild í kostnaði þeim, sem ris af endurbót og viðhaldi þjóðveganna, og það því heldur, sem kaupmenn vorir yfirhöfuð að tala sjaldan eiga

tíundarbært lausafè, og jafnaðarsjóðunum á hinn bóginn er gjört að skyldu að standa straum af þeim kostnaði, er leiðir af hinni frjálsu verzlun. Þessa hluttöku ætlar nefndin amtmanninum að ákveða eptir verzlunarskýrslunum, og þannig: að aldrei komi meira niður á verzlanirnar í amtinu, en fjórði partur af þeirri upphæð, sem árlega er jafnað niður til þjóðveganna í amtinu.

Vèr leyfum oss því að stínga upp á, að greinin orðist þannig í upphafinu: „Útgjöld til allra vegabóta, sem nefnd eru hèr að ofan, skal greiða úr jafnaðarsjóði hvers amts og af verzlunum þeim, sem eru í amtinu, í því hlutfalli, að þrír fjórðu partar greiðist að minnsta kosti úr jafnaðarsjóðnum, en allt að einum fjórðúngi af öllum verzlunum í amtinu, eptir því sem amtmaður ákveður í hvert skipti".

Það virðist ei alls kostar vel tilfallið, sem stjórnarfrumvarpið ákveður, að þegar í einhverri sýslu þarf stórkostnað til að leggja nýja vegi eða til að gjöra stórkostlegar vegabætur, þá megi, ef amtmanni þykir ástæða til þess, eptir að hafa leitað álits um það, jafna allt að 1 skildíngs tillagi meira fyrir hvert lausafjárhundrað á þessa sýslu, heldur en á hinar aðrar sýslur, nema því að eins, að það liggi ljóst fyrir, að sýlsan sjálf hafi sèr í lagi not af tèðum vegabótum. Þess vegna álítum vèr, að milli orðanna: „stórkostlegar vegabætur — þá má", í seinasta kafla greinarinnar, beri að skjóta þessari klausu: „sèr í lagi ef það má álítast, að þær helzt sè í sýslunnar eigin þarfir".

16. grein.

Í þessari grein er það ákvarðað, að það framvegis skuli vera skylda innbúanna í hverjum hreppi, að gjöra við og viðhalda hinum almennu aukavegum, er liggja um hreppinn og nauðsynlegir eru til almennings þarfa, og að vinna sú, sem útheimtist í tèðu tilliti, sè skylduvinna, en þó er hreppsbændum, eða meira hluta þeirra, leyft heldur að kjósa, að einhver takist á hendur að láta gjöra verkið, eða menn sè leigðir til þess, og er eptir frumvarpi stjórnarinnar gjörður á skylduvinnunni, sem einúngis framvegis mun eiga sèr stað með tilliti til aukaveganna, lángtum meiri jöfnuður, en híngað til hefir átt sèr stað, með því henni er skipt jafnt niður á alla verkfæra karlmenn í hreppnum, hvers stands sem þeir eru, frá 18. til 60. árs, og eru auðsjáanlega eptir öllu samanheingi greinarinnarinnar eingar aðrar persónur háðar skylduvinnunni, en þar eð orðatiltækin í enda greinarinnar „börn og vinnufólk" geta valdið misskilníngi,

stíngum vèr upp á, að í staðinn fyrir: „húsbóndinn greiðir borgun fyrir börn og vinnufólk, sem er á hans heimili“, verði sett: „húsbóndinn greiðir borgun fyrir syni sína, er hjá honum eru, og vinnumenn“.

17. grein.

Af því að hreppstjórarnir ekki geta vitað um nýársleytið, hver breytíng verður á ábúðum jarða í hreppnum, með öðrum orðum, nöfn bændanna í hreppnum í næstu fardögum, því síður nöfn vinnumannanna hjá hverjum bónda, því þótt flestir bændur hafi um jól ráðið vinnumenn sína fyrir hið næstkomanda krossmessuár, getur af ótal orsökum orðið stór breytíng hèr á, og ber margt til þess, t. a. m. slysfarir á sjó eða landi um hávetrartímann, annaðhvort með fiskiveiðar, verferðir, fjárhirðíngu eða ferðalög, en um sumarmálaleytið er sem optast orðið útsèð um, hverjir vinnumenn verði hjá hverjum búanda í sveitinni, eins og þá líka er komið í kríng um allar jarðabyggíngar í hreppnum, álítur nefndin, að hreppstjórum sè ómögulegt fyr en um sumarmál að senda sýslumanni, ásamt uppástúngunni um þær vegabætur, er gjöra þarf á næsta sumri við aukavegina í hreppnum, nafnaskrána yfir þá menn í sveitinni, sem verkfærir eru og vegabótavinnuskyldir eptir 16. grein; en þar af leiðir aptur, að sýslumaður getur ei, fyr en í miðjum maí, lagt úrskurð sinn á uppástúngur þessar.

Samkvæmt þessu leyfir nefndin sèr að stínga upp á:
að í upphafi greinarinnar verði í staðinn fyrir: „innan loka janúarmánaðar“, sett: „innan sumarmála“. Enn fremur, að í staðinn fyrir: „sem skyldir eru að leggja vinnu til samkvæmt næstu grein á undan“, komi: „sem verkfærir eru og vegabótavinnuskyldir eptir 16. grein“, og í stað „loka aprílmánaðar“, verði sett: „innan miðju maímánaðar“.

19. grein.

Aukavegir skulu eptir þessari grein vera 5 álu. á breidd, og má amtmaðurinn einn leyfa, að brugðið sè út af þessu, þegar landslagi er svo háttað, að óumflýjanleg nauðsyn dregur til þess. Það virðist nú bundið allt of miklum umsvifum og örðugleikum í hvert skipti að útvega amtmanns leyfi til að víkið sè frá þessari aðalreglu; því þykir bezt við eiga, að sýslumanni, sem sjálfsagt hlýtur að vera kunnugri landslaginu en amtmaðurinn, sè gefinn myndugleiki til að gefa þetta leyfi. Því leggjum vèr til, að í staðinn fyrir: „amtmaður“, í upphafi greinarinnar, komi: „sýslumaður“.

21. grein.

Þessi grein ákveður, að sýslumaður tiltaki, á hvaða dögum skuli vinna að vegabótum á aukavegunum, en þær skuli þó yfirhöfuð að tala ei fara fram á öðrum tíma en í maí eða júnímánuði, nema svo sèrstaklega sè ástatt á einhverjum stað, eða eitthvað annað beri til, að óumflýjanlegt sè að bregða út af þessu, og skuli, þegar svona á stendur, sýslumaður nákvæmar ákveða verkdaginn. Það liggur nú í augum uppi, að sýslumanninum er ómögulegt að vita, hvaða dagar eru hentugastir í hinum einstöku hreppum sýslunnar til vegabótavinnunnar, eða hvert fólk þá eða þá er heima eða í ferðum til aðdrátta úr fiskiverum og kaupstöðum, eða hvernig veðráttu hagar í hinum ýmsu hreppum sýslunnar, því hèr á getur opt verið mikill mismunur í víðlendri sýslu; þar á móti hlýtur þetta að vera hreppstjóra hverrar sveitar kunnugra. Getur hann því sætt lagi, þegar bezt á stendur fyrir hreppsbúum hans til að vinna að vegabótunum, og er bezt tilfallið, að hann ætíð ákveði daginn, á hverjum vegavinnan byrji. Vèr viljum því stínga upp á, að í staðinn fyrir „sýslumaður“ komi „hreppstjóri“.

22. grein.

Það getur svo staðið á í víðlendum hreppum, að þeir vinnuskyldu eigi að ferðast svo lángan veg til vegavinnunar, að þeim ekki veiti af 1 degi til ferðarinnar, til hverrar þeir þó þurfa að hafa nokkurn undirbúníng. Sá skriflegi seðill, með hverjum hreppstjórinn kallar fólkið saman til vegavinnunnar, ætti því að vera kominn á þíngboðsleiðarenda svo tímanlega, að einginn hinna vinnuskyldu gæti borið fyrir sig ofnauman fyrirvara.

Því viljum vèr, að skotið sè inn í grein þessa, á milli „á enda“ og „einum degi“ orðunum „að minnsta kosti“.

23. grein.

Í þessari grein er fyrirskipað, að verkamaður skuli vera kominn á þann tiltekna stað á miðjum morgni og vera við vinnu til miðaptans. Þessi ákvörðun þykir ei allskostar vel tilfallin, því það er ómögulegt fyrir þá, sem lángt eiga að, að vera komnir svo snemma, nema þeir ferðist nóttina á undan, og mundu þeir þá koma ósofnir að verkinu til skaða fyrir vinnuna. Virðist því auðsætt, að of snemmt er, að þeir byrji vegabótavinnuna á miðjum morgni, heldur er lángtum tiltækilegra, að verkið byrji á dagmálum, og því sè haldið áfram til náttmála; við þessa tilhögun tapast ekkert af vinnutíman-

um, en þar á móti vinnst það, að verkmennirnir verða lángtum hressari og ötulli við vinnuna.

Vèr leyfum oss því að stínga upp á, að í staðinn fyrir klausuna: „skal hann vera kominn á hinn tiltekna stað innan sjöundu stundar að morgni og vera við vinnu til sjöundu stundar að kvöldi“, verði sett: „skal hann vera kominn á hinn tiltekna stað ekki seinna en á dagmálum, og vera við vinnu til náttmála“.

Samkvæmt þessu ræður nefndin alþíngi til að senda konúngi vorum þegnsamlegasta álit sitt og bæn um, að hið fyrirliggjanda frumvarp stjórnarinnar til tilskipunar um vegina á Íslandi verði gjört að lögum á landi hèr með eptirfylgjandi breytíngum og viðauka, er nefndin stíngur upp á:

1. Við 2. grein: að orðin: „og eins hina almennu póstferðavegi“ verði felld úr.
2. Við 3. grein: að greininni sè breytt á þessa leið:
   „Þriggja manna nefnd skal vera í hverjum hreppi, til að ákveða, hverja vegi álíta skuli sem þjóðvegi, og hverja sem aukavegi í hreppunum. Sè sýslumaður ætíð einn nefndarmanna og 2 innsveitarbúendur, þeir er tíundarskylt lausafè eiga, sem hreppurinn þar til kýs á hreppaskilaþíngi. Annast hreppstjóri um kosníngu þessara manna, og að nýir sè kosnir, þegar nefndarmaður deyr eða hefir forföll.

   Sýslumaður skal bera upp við amtmann sinn uppástúngur nefndanna um það, hverja vegi álíta skuli sem þjóðvegi í sýslunni, og hverja sem aukavegi, samkvæmt reglunni í 2. grein; leggur amtmaður síðan úrskurð á málið og birtir auglýsíngu um það til eptirbreytni fyrir alla þá, er hlut eiga að máli.
3. Við 4. grein: að í upphafinu í staðinn fyrir: „innan loka janúarmánaðar“, setjist: „innan loka nóvembermánaðar“, og í niðurlaginu í staðinn fyrir „innan loka aprílmánaðar“ komi: „innan loka marzmánaðar“.
4. Við 6. grein: í staðinn fyrir: „þá skal hann“, komi: „þá skal nefnd sú, er getur í 3. grein, um þetta senda uppástúngu til amtmanns“ etc.
5. Við 10. grein: orðabreytíng í staðinn fyrir: „fasta braut“, komi: „fastan veg“.
7. Við 11. grein: að í næstseinasta kafla sè eptir: „sýslumaður“, skotið inn: „eða sá, er hann kýs þar til“ og kafli þessi verði orðaður þannig: „yfir ræsa þá, er gánga þvert yfir veginn, skal

gjöra brýr, annaðhvort úr steini eða trè, ellegar hvorutveggja saman, eptir því sem sýslumaður, eða sá, er hann kýs þar til, ákveður nákvæmar á hverjum einstökum stað".

Orðabreytíng sem við 10. grein; og í staðinn fyrir: „skal leggja veginn hærri", komi: „skal hækka veginn".

7. Við 12. grein: í stað orðanna: „brýr úr torfhnausum" komi: „torfbrýr"; fyrir: „1½ danskri alin hærri" setjist: „1 danskri alin hærri", samt fyrir orðin: „en í miðju 2 eða 2½ danskri alin hærri", komi: „en í miðju 1½ danskri alin hærri".

8. Við 13. grein: að upphaf greinarinnar sè þannig orðað: „Yfir litlar ár og læki, sem illt er yfirferðar, skal etc.

9. Við 15. grein: að greinin orðist þannig í upphafinu: „Útgjöld til allra vegabóta, sem nefnd eru hèr að framan, skal greiða úr jafnaðarsjóði hvers amts og af verzlunum þeim, sem eru í amtinu, í því hlutfalli, að þrír fjórðu partar greiðist að minnsta kosti úr jafnaðarsjóðnum, en allt að einum fjórðúngi af öllum verzlunum í amtinu, eptir því sem amtmaður ákveður í hvert skipti". Að milli orðanna „stórkostlegar vegabætur, — þá má", sè skotið þessari klausu: „sèr í lagi ef það má álítast, að þær helzt sè í sýslunnar eigin þarfir.

10. Við 16. grein: að í staðinn fyrir: „húsbóndinn greiðir borgun fyrir börn og vinnufólk", verði sett: „húsbóndinn greiðir borgun fyrir syni sína, er hjá honum eru, og vinnumenn" og að orðin: „sem eru á hans heimili", falli burt.

11. Við 17. grein: að í upphafi greinarinnar verði, í staðinn fyrir „innan loka janúarmánaðar" sett: „innan sumarmála". Enn fremur: í staðinn fyrir: „sem skyldir eru að leggja vinnu til samkvæmt næstu grein á undan", komi: „sem verkfærir eru og vegabótavinnuskyldir eptir 16. grein"; loksins í stað „innan loka aprílmánaðar" verði sett: „innan miðju maímánaðar".

12. Við 19. grein: að í staðinn fyrir „amtmaður" í upphafi greinarinnar komi: „sýslumaður".

13. Við 21. grein: að í staðinn fyrir „sýslumaður" verði sett: „hreppstjóri".

14. Við 22. grein: að skotið sè inn á milli: „á enda — einum degi", þessum orðum: „að minnsta kosti".

15. Við 23. grein: að í staðinn fyrir klausuna: „skal hann vera kominn á hinn tiltekna stað innan sjöundu stundar að morgni og vera við vinnu til sjöundu stundar að kvöldi", verði sett:

„skal hann vera kominn á hinn tiltekna stað ekki seinna en á dagmálum, og vera við vinnu til náttmála“.

Reykjavík, 29. d. júlímán. 1857.

Þ. Guðmundsson, formaður og framsögum. *St. Jónsson. M. Andrèsson. R. M. Ólsen. Þ. Jónassen*“.

Framsögumaður: Eg vona, að umræðurnar ekki verði lángar í máli þessu, þó það sè næsta mikilsvarðanda; því mèr virðist, að stjórnarfrumvarpið hafi endurbætt uppástúngur alþíngis 1855 í mörgum verulegum atriðum; eg skal því ekki fara leingra út í innihald þess, fyr en eg heyri, hvernig mönnum geðjast breytíngar þær, er nefndin hefir gjört við stjórnarfrumvarpið.

Jón Guðmundsson: Eg er hræddur um, að vonir hins háttvirta *framsögumanns* um stuttar umræður ekki uppfyllist; eg fyrir mitt leyti get að minnsta kosti ekki lofað neinu góðu um að vera fáorður. Strax eptir að eg lauslega hafði rennt augum yfir frumvarp stjórnarinnar fann eg á því marga og mjög verulega galla, og að nefndin, sem kosin yrði í málið, hefði mjög vandasamt verkefni fyrir höndum, því mèr þykir frumvarpið eingan veginn aðgeingilegt, og er því laust við, að eg geti slegið því gullhamrana, þó nefndingjöri það, og heldur ekki nefndinni sjálfri fyrir það, hvað vel henni hafi tekizt að bæta úr göllum frumvarpsins; en gullhamrar nefndarinnar eru þar að auki byggðir á fölskum grundvelli, því þíngið 1855 stakk einmitt upp á því, að skylduvinnan væri ekki alveg úr lögum tekin. Mál þetta er svo vafasamt, það játa eg, að varla var við því að búast, að nefndin á jafnstuttum tíma gæti leyst starfa þenna af hendi, svo vel væri. Eg skal nú ekki þreyta þíngið með því að fara út í smáatriði eður smá-orð, heldur skal eg einúngis halda mèr til aðalstefnu og aðalefnis frumvarpsins, og svo hefði nefndin einnig átt að gjöra.

Nefndin hefir þá fyrst og fremst rekið sig á það, að aðalgrundvöllur undir máli þessu, nefnilega sá, hvaðan taka skuli fè það, er þarf til að standast kostnað þann, er af vegabótunum leiðir, er bæði órèttlátur og ónógur; og hefir hún, eins og sjá má á breytíngu þeirri, er hún hefir farið fram á við 15. grein, álitið það ránglátt, að jafnaðarsjóðirnir skyldi greiða allan kostnaðinn, en mèr virðist, að nefndin hafi bætt lítið úr, þar sem hún hefir viljað grípa til annars eingu rèttlátara stofns, með því að vilja láta hinar föstu verzlanir í landinu bera mikið af kostnaðinum, því mjög margir verða samt þeir, sem verða lausir við að greiða

neitt til vegabóta, þó þeim bæri það, eins og öðrum, því undan sanngjarnri greiðslu eða skylduvinnu til vegabóta ætti einginn, sem á löglega með sig sjálfur, að vera þeginn; þíngið 1855 fór líka fram á það, að kostnaðurinn og skylduvinnan við vegabæturnar skyldi berast jafnt af öllum, en stjórnin hefir alls ekki skeytt því í aðalefninu nefnilega með tilliti til þess mikla kostnaðar, sem útheimtist til þjóðveganna, heldur einúngis fallizt á þetta í hinu óverulega, nefnilega hvað aukavegina snertir, eins og sjá má á 16. grein frumvarpsins; þar hefir stjórnin aðhyllzt rètta grundvallarreglu, en, sem sagt, einúngis í því, sem óverulegast er og minnst um vert. Þetta hefir nefndinni yfirsèzt, sem þó var auðgefið að sjá, enda þótt ekki muni hèðan af auðunnið að breyta þessu í aðra stefnu samkvæmt 16. gr. Samt sem áður skal eg leyfa mèr að benda til, hvernig eg hefi ímyndað mèr að vegabótakostnaðurinn sem jafnast og rèttlátast gæti komið niður. Eg vildi þá fyrst og fremst ekki leggja þetta mikilsvarðanda mál um vegabætur einúngis í hendurnar á valdstjórninni; hún hefir haft allar vegabætur þessa lands á hendi síðan 1776, og höfum vèr því nú undir það 100 ára reynslu fyrir því, hvernig þetta hefir gefizt; vegirnir víðsvegar á Íslandi eru þegjandi vottar og sýna það bezt sjálfir; ef sýslumaðurinn og amtmaðurinn hafa verið duglegir menn, þá hefir eitthvað dálítið verið gjört að vegabótum; en hafi sýslumaður ekki verið duglegur, en amtmaðurinn linur í sóknum, hefir alls ekkert verið aðgjört; mèr virðist því næsta kynlegt, að menn skuli vilja læsa sig utan í þetta fyrirkomulag, sem hefir reynzt ónægilegt og aflvana til að hafa fram neinar vegabætur, og halda fast við það; það er sannarlega fullbúið að sýna sig! Nauðsynin á nefndum í öllum almennum sveitamálum ryður sèr hèr á landi meir og meir til rúms, einkum í öllum þeim málum, sem þurfa yfirgripsmikillar alúðar og framkvæmda við; og eg álít óumflýjanlega nauðsynlegt í þessu almenna landsmáli, að það yrði einkanlega falið sýslunefndum og hreppanefndum kosinna manna, bæði hvað snertir framkvæmd vegabótanna, til þess í því efni að vera valdstjórninni til aðstoðar og ráðaneytis, einkum hvað snertir alla niðurjöfnun á kostnaðinum til vegabótanna á almenníng, til hverra vegabóta þeim væri varið og hvernig. Hèr að lútandi 2 greinir eða 3 nýjar vildi eg stínga upp á milli 2. og 3. gr. frumvarpsins, þess efnis.

Hver sýsla ætti eptir efnahag sínum og ásigkomulagi að greiða víst ákveðið gjald til aðal- eður þjóðveganna. Skyldi sýslu-

nefndin innan ársloka hvers árs gefa amtmanni áætlan sína og skýrslur fyrir því, hvaða vegabóta á þjóðvegum nauðsynlega við þurfi, hvað mikið fè til þessara vegabóta þyrfti, og hvað sýslan gæti borið næsta ár til kostnaðarins, sem af þeim flyti; úr skýrslum þessum frá öllum lögsagnarumdæmum amtsins ætti síðan amtmennirnir að gjöra eina heild eða aðalyfirlit, og þó víst mætti gjöra ráð fyrir, að heimtaðar yrði miklar og kostnaðarsamar vegabætur, en hins vegar vísað á lítið fè úr hverri sýslu að tiltölu til að koma þeim fram, þá má ætlast til, að amtmennirnir geti lagað þetta og eptir vissu og eðlilegu hlutfalli jafnað niður kostnaðinum sem og líka dregið nokkuð úr þeim vegabótum, sem upp á var stúngið, og þegar svo sýslunefndin fær aptur frá amtmanni þessa niðurjöfnun amtmanns, þá jafnar hún kostnaðinum niður á hreppana, á þann hátt, sem stúngið var upp á í sveitastjórnarlagafrumvarpinu, um niðurjöfnun þess kostnaðar á hreppana, er þyrfti til almennra sýsluþarfa, en hreppanefndirnar jafna síðan því vegabótaútsvari, sem hverjum hreppi er gjört, eptir þeim grundvallarreglum, sem gilda fyrir niðurjöfnun á aukaútsvörum til sveita, á hvern þann mann í hreppnum, sem á löglega með sig sjálfur. En þegar sýslunefndin ákveður þá upphæð, sem kemur á hvern hrepp, þá ber henni jafnframt að hafa tillit til þess, hvort miklir eru aukavegir eða ekki í hreppnum, því það er mesti munur á þessu, og er sanngjarnt að hlífa þeim hreppunum fremur við vegabótagjaldi, sem hafa mikla og kostnaðarsama aukavegi, en auka að því skapi heldur gjaldið á þeim hreppum, sem hafa litla sem einga aukavegi. Því þess ber vel að gæta, bæði með tilliti til þessa atriðis, og einkum með tilliti til þess, hvaðan kostnaðinn eigi að taka til vegabótanna, að það er mjög svo ránglátt, eins og stjórnarfrumvarpið fer fram, að sum hèruð að mestu eður öllu skuli sleppa við hvorttveggja, bæði vegabótakostnað að mestu og skylduvinnu við vegabætur á aukavegum, eins og til að mynda einkum mjög víða með fram sjónum; þar tíunda fáir, og flestallir lítið, og eru þó opt eins efnaðir og efnaðri en sveitabóndinn; gjalda þeir þannig eptir stjórnarfrumvarpinu lítið sem ekkert til almennra vegabóta, þegar kostnaðinn til þeirra á að taka úr jafnaðarsjóði; aptur eru sjaldnast við sjávarsíðuna miklir aukavegir, og sleppa þeir þá einnig fyrir skylduvinnunni líka. Það virðist augljóst, að þetta fyrirkomulag er óhafanda, enda hefir nefndin sjálf fundið þetta og út úr vandræðum hlaupið í verzlunina. En eptir því, sem eg hefi nú bent til um uppástúngur mínar, verður kostnaði þessum jafnað niður á alla að eingum und-

anteknum, eptir grundvallarreglunum um auka-útsvar. Mèr virðist þannig 2 hin verulegustu atriði þessa máls, nefnilega kostnaðurinn og umsjónin yfir vegabótunum, óhafandi á þann hátt, sem nefndin samkvæmt frumvarpi stjórnarinnar hefir fallizt á, og þessu verður óumflýjanlega nauðsynlegt að breyta, og vildi eg til þessa hafa skotið inn, eins og áður er sagt, 2 eða 3 greinum, er þá kæmi milli 2. og 3. gr., en breyta 3. og einkum 4. gr. í þá stefnu, og svo öllu frumvarpinu.

Einnig er stjórnarfrumvarpinu mjög svo ábótavant með tilliti til formsins, því þar er grautað saman lagaákvörðunum og erindisbrèfum verkamanna í belg og hvað innan um annað; eða hvað kemur það vegabótalögunum við, hvort byggja skuli brýr úr torfhnausum eða streingjum, grjóti eður trè, hnullúngum eða hellum, eða hvar og hvernig leðjunni eða sandinum eigi að moka upp í? Þess háttar á einúngis heima í skilmálum þeim, sem settir eru starfamönnunum, og þeim skilyrðum, með hverjum þeim er feinginn sá og sá veguriun til aðgjörða, en það mætti æra óstöðugan að tína til allt þess konar inn í sjálft lagaboðið, svo að alstaðar gæti átt við á landinu, hvar sem væri og í hverju einstöku tilfelli.

Eg gæti strax, ef eg ekki væri hræddur um að breyta hið heiðraða þíng, tekið fram breytíngar þær, er eg álít nauðsynlegar á hinum ýmsu greinum stjórnarfrumvarpsins, eptir því sem eg nú hefi tekið fram um aðalatriðin, er breyta þurfi, því eg hefi þegar hugsað mig um öll þessi einstöku breytíngaratkvæði við hverja einstaka grein, en eg skal ekki gjöra það að sinni, og það því síður, sem mèr er það mjög vafasamt, hvort mèr takist að koma breytíngaratkvæðum þessum svo vel fyrir og orða þau svo skipulega, að þíngið treystist til að samrýma þau við frumvarpið og gánga til atkvæða um þau eptir einúngis eina umræðu, og því væri eg fyrir mitt leyti, ef ekki væri svona lángt liðið á tímann, í nokkrum vafa um það, hvort ekki væri rèttast að skora á nefndina, að hún tæki aptur álit sitt um nokkra daga, og reyndi að laga það í þá stefnu, er eg nú hefi bent til.

Framsögumaður: Hinum heiðraða *varaforeeta* geðjast þá hvorki að nefndarálitinu nè að stjórnarfrumvarpinu; en breytíngar þær, er hann vill gjöra, eru svo stórkostlegar, að hann víst hefir rètt fyrir sèr í því, að tíminn sè of naumur til þess að koma þeim fram, því hann þyrfti þá fyrst að kippa frumvarpinu úr lið, og síðan aptur í liðinn. Einkum var það samt tvennt, sem hann fann að, og var það þá fyrst, hvernig umsjóninni með vegabótunum væri fyrirkomið,

og undrast eg það, að íslenzkur maður, sem sjálfur hefir verið í sveit, skuli láta sèr detta í hug, að vilja setja nefndir til þess að hafa umsjónina á hendi; eg er hræddur um, að fyrirkomulag þetta yrði örðugt til sveita og einúngis til að gjöra umsjónina „klúsaða“, að hafa marga menn, sem þyrfti að vera að ríða hver til annars og allt af halda fundi og aptur fundi, og það um málefni, sem í sjálfu sèr sýnist einfalt, ef undir einn mann heyrði, og held eg það væri einúngis til að draga kraptinn úr umsjóninni; mèr virðist eins og hann hafi fyrir sèr á borðinu hjá sèr sveitastjórnarmálið sitt með öllum þess nefndum, yfir- og undir-nefndum, sem, eins og allir vita, er fallið, en sem hann þó víst ætlar að reisa aptur á fót, ófreskjuna þá, og hafa það hèr til fyrirmyndar. Eg get ekki sèð, að þessa þurfi, þó eg fyrir mitt leyti helzt vildi, að sýslunefnd væri sett, ef eg þá mætti vera fyrir utan hana. Eg get ekki sèð gagnið, sem af þessu fyrirkomulagi geti hlotizt, enda hefir hann ekki enn þá sýnt fram á það.

Hitt annað, sem hinn heiðraði *varaforseti* helzt hafði á móti stjórnarfrumvarpinu, var það, að kostnaðurinn til þjóðveganna skal greiðast úr jafnaðarsjóðunum, eða af lausafènu einu, og vill hann, að allir búsettir menn greiði gjald til þjóðveganna viðurhalds, hvort sem þeir eiga lausafè eða ekki, og þessu gjaldi sè jafnað niður af sýslunefndum og hreppanefndum á alla búendur eptir hvers efnahag og ástæðum, og að vegabótasjóðir sè stofnsettir. Með því hann þannig vill koma á óbeinlínis skatti, sem altènd þykir ísjárverður, en sleppa með öllu gjaldstofni þeim, lausafènu, sem stjórnarfrumvarpið hefir tiltekið, þá raskar hann þar með öllum grundvellinum í stjórnarfrumvarpinu, og tætir það allt í sundur, svo eingin heil brú verður í því, og hlýt eg öldúngis að mótmæla þessari aðferð, og fæ eg ekki skilið, að nefndinni sè mögulegt að gánga inn á þessar hans stórkostlegu breytíngar, eða að honum vinnist nægur tími til að semja nýtt frumvarp, er taki stjórnarfrumvarpinu fram.

E. Ó. Kúld: Þrátt fyrir tölu hins háttvirta *framsögumanns* verð eg þó að halla mèr í þessu máli í þá sömu átt og hinn heiðraði *varaforseti,* því undir eins og eg sá frumvarp stjórnarinnar, fannst mèr eg finna á því ekki allfáa galla, og þá svo stórkostlega, að eg fann strax, að eg mundi ekki geta aðhyllzt, að það yrði lögleitt eins og það er, heldur þyrfti að breyta því, og það meira en minna, og sú breytíng fann eg strax að var mjög mikið vandaverk, enda hefir nefndinni ekki tekizt að leysa þetta vandasama starf svo af hendi, að henni tækist með þeim breytíngum, er hún fer fram á, að sætta

mig við frumvarp stjórnarinnar. Stjórnin hefir byggt þetta frumvarp sitt á býsna-gömlum stofni, því það eru nú liðin víst ein 17 ár, síðan máli þessu var fyrst hreift, og mèr finnst, að nefndin hefði fremur átt að reyna að hrista ryðið af því, en hún hefir gjört, og ummynda það dálítið eptir tímanum og kríngumstæðunum og þeim anda, sem nú lifir hjá þjóðinni. Hinn háttvirti *framsögumaður* taldi ómögulegt tímans vegna, að taka svo mörg og umfángsmikil breytíngaratkvæði til greina, sem hinn heiðraði *varaforseti* að öllum líkindum hefir hugsað sèr við nefndarálit þetta; en þó eg nú játi fúslega bæði það, að tíminn er nú orðinn naumur, og mörg, og það mjög merkileg mál, eru enn óleidd til lykta, þá vildi eg fyrir mitt leyti þó fremur, að nefndin tæki að sèr nefndarálitið aptur og reyndi að koma sèr saman við hinn heiðraða *varaforseta* um breytíngaratkvæði hans, einkum þegar eg lít til þess, að þetta mál er komið frá stjórninni og þar að auki næsta mikilsvarðanda mál, og er þess vegna því nær óhugsanda, að hætta við það svona án þess að útkljá það; nefndin gæti líka feingið tvo menn til, sèr til styrktar, og það því fremur, sem sumir þíngmenn eru nú farnir að losast úr nefndum, þótt sumir hafi enn, ef til vill, meira en nóg að starfa. Eg vil að eins taka eitt dæmi þess, hversu frumvarpið, enda með athugasemdum nefndarinnar, er alls óhafanda og óbrúkanlegt. Það er nefnilega gjört ráð fyrir í frumvarpinu, að brúa skuli smá-ár og læki, sem geti orðið illir yfirferðar, en á hinn bóginn verður ekki gjört ráð fyrir meiri tekjum á ári, eptir því sem mèr skilst, en 1200 rdl; nú þori eg að fullyrða, að hèr á landi eru til margar smá-ár og lækir, sem sannarlega geta orðið mjög illir yfirferðar, og eru þó svo lagaðir, að ekki verður gjörð yfir einn eða tvo læki gagnleg brú fyrir minna fè en 1200 rdl., ef þeir hrykki þá til þess, og þá ætti eingar vegabætur að eiga sèr stað það árið, nema þessi eina brú, og sjá allir, hvað mikið yrði ágeingt með þessu móti. Eg vil því styðja að því, að nefndin taki málið aptur til meðferðar því hitt finnst mèr reyndar ekki aðgeingilegt, að leggja út í það, að ræða málið með allri þessari trossu af breytíngaratkvæðum, sem vèr eigum í vændum; eg held það mætti segja um það eins og sagt var um stóra skjalið hèrna um árið í sveitastjórnarmálinu, að það yrði heldur til mikill „frúkostur“, þegar það kemur fram á þessi borð.

H. Kr. Friðriksson: Það er einkum um 15. gr. að eg vil leyfa mèr að fara nokkrum orðum, eða það, hvaðan fèð skuli taka til vegabótanna. Þegar til þess er litið, að í frumvarpi stjórnarinnar er

gjört ráð fyrir, að jafnaðarsjóðir amtanna borgi fè þetta, þá er það sannarlega ekki aðgeingilegt; því það munu allir verða að játa; að lausafèð hefir nóga byrði að bera, og það sè alls eigi sanngjarnt að leggja meiri álögur á það. Epir þeirri niðurstöðu, sem skattanefndin komst að hèrna um árið, þá var lausafèð í landinu 50—60,000 hundraða, en eptir jarðatali Jóhnsens er það talið 69—70,000 hundraða, og sú upphæð gefur af sèr árlega 1458 rd., ef 2 skildíngar eru lagðir á hvert lausafjárhundrað, en ef tekin er meðaltala af hinu fyrra, eða 55,000 hundraða, þá gefur sú upphæð af sèr að eins 1146 rd., og yrði það þá allt, sem verja mætti til vegabóta á ári hverju um land allt. Í suðuramtinu var lausafjárhundraðatalan árið 1846 20,540 hundraða, eptir því sem stendur í skýrslu stiptamtmanns *Hoppes* um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðanna það árið, og eptir því yrði allt gjaldið til vegabóta í suðuramtinu 428 rd., sem er hèr um bil hið sama og það fè, sem Reykjavík ein ver til vegabóta árlega í þessu hinu stóra umdæmi sínu, og þetta ætti þá að nægja í öllu suðuramtinu. Það getur nú hver maður sèð, hversu þessi áætlun er alls óhafandi, því að með þessu móti yrði vegabæturnar á aðalvegunum miklu minni en að undanförnu, meðan skylduvinnan var við höfð. Nefndin hefir fundið til þess, hversu ósanngjarnt þetta gjald væri á lausafènu, og þess vegna gripið til þeirra óyndisúrræða, að sleingja nokkru af vegabótakostnaðinum yfir á verzlunina; hún hefir nógu breitt bakið; en mèr virðist nefndin hafi komizt frá því miður heppilega, því hún hefir nefnilega að eins lagt kostnaðinn á föstu kaupmennina, en eingan á lausakaupmenn, og vita þó allir, að þeir geta haft allt eins mikinn hagnað af aðsókninni, eins og föstukaupmennirnir, og mig furðar mjög á þessu hjá hinni heiðruðu nefnd, þar sem í henni eru tveir lögfróðir menn, því allir sjá, að þetta er einginn jöfnuður, og sannarlega undarlegt, úr því þeir hèldu gjaldstofni frumvarpsins, að þeir skyldi fara að skjóta þar inn í með öllu ólíkum gjaldstofni, sem kemur mönnum fyrir sjónir eins og fallinn úr skýjunum; og þegar menn bera saman bændur við kaupmenn, kemur sami ójöfnuðurinn fram, því hver sá bóndi, er tíundar 50 hundruð, á að greiða 1 rdl. 4 sk. til vegabóta, en á hinn bóginn skal hver kaupmaður, hversu aumur og vesall sem hann er, gjalda 9—10 rdl. árlega; auk þess er það og alveg fráleitt, að fleygja öðrum eins kostnaði, og hèr er um að ræða, upp á verzlunina; annað mál er það, þótt kaupmenn taki þátt í honum, sem meðlimir sveitarinnar. Mèr getur ekki betur skilizt, en að sá grundvöllur, sem

stjórnin byggir það á, hvaðan vegabótakostnaðinn skuli taka, gjöri frumvarpið alveg að eingu, og eg er þess vegna yfir höfuð á sama máli og hinn heiðraði *varaforseti*, að það væri æskilegast, ef nefndin vildi taka nefndarálitið aptur nokkra daga, og gjöri það að beinni uppástúngu minni; því að annars kostar verður þíngið að öllu leyti að treysta því, að hinn heiðraði *varaforseti* komi breytíngaratkvæðum sínum svo haganlega fyrir, að þau eigi alls kostar við nefndarálitið; því að eg get eigi ætlað, að menn geti áttað sig á öllum þeim fjölda af breytíngarkvæðum, sem hann mun koma með, svona við umræðuna, og munað þau svo, að þeir þá geti komið með önnur breytíngaratkvæði við þau; og þó því verði eingan veginn neitað, að tíminn sè naumur orðinn og margt að starfa, hygg eg samt, að ekki væri óvinnanda verk, að nefndarálitið kæmi aptur frá nefndinni síðast í næstu viku, og yrði þá rætt að nýju.

Forseti: Eptir því sem þetta mál er vaxið, get eg ekki að svo komnu sett það til atkvæða, hvort vísa skuli því til nefndarinnar aptur, heldur álít eg nauðsynlegt, að umræðunum verði haldið áfram leingra, að minnsta kosti um hríð.

G. Einarsson: Það verður þó einhver að tala nefndinni líknarmál, og verð eg í því skyni að telja henni það til málbóta, að hún hafði að mínu áliti ekki góðan grundvöll að byggja ofan á, þar sem var frumvarpið frá stjórninni; það er sannarlega ekki haganlega lagað handa Íslandi. Mèr stendur á sama, hvort það er að upprunanum til gamalt eða nýtt; en hitt liggur mèr ekki í lèttu rúmi, að stjórnin skuli ekki gefa verulegan gaum uppástúngum alþíngis í þeim málum, sem beinlínis koma Íslandi við. Hefði stjórnin lagt til grundvallar fyrir frumvarpinu bænarskrá þá, er send var frá alþíngi 1855 í því máli, sem hèr ræðir um, þá mundi betur hafa farið. Hvað sveita- og sýslunefndunum við víkur, þá munu þær bráðum ryðja sèr til rúms og eru nú þegar farnar að gjöra það, t. a. m. í fjárkláðamálinu, hvað mikið sem sumir hinna konúngkjörnu manna spyrna á móti þeim. Á eitt vil eg benda þínginu, sem eg tel aðalgalla á frumvarpinu, og hann er sá, að þjóðvegirnir verða út undan öllum aðalumbótum, en sveitavegirnir fá mesta viðgjörðina, t. a. m. bóndi, sem tíundar 10 hundruð lausafjár, á samkvæmt frumvarpinu að greiða 20 skk. til þjóðveganna, en að minnsta kosti hefir þessi sami maður 2 menn verkfæra, og á því samkvæmt sama frumvarpi að leggja 2 manna verk til sveitaveganna og jafngildir það hèr um 2 dölum. Eg er *varaforseta* samdóma í því, að þetta frumvarp geti

ekki lagzt til grundvallar fyrir vegabótalögum, sem hèr eiga að gilda, nema því sè að kalla umsteypt; annars fáum við áþekk lög og helgidagatilskipunina, og er ekki óskanda eptir mörgu þvílíku; af tvennu illu er betra, að allt hvíli við hið gamla, heldur en að nýtt komi eingu betra, eða rèttara sagt, lakara í mörgu verulegu.

St. Jónsson: Mèr þykir það hafa tekizt mjög ólánlega til, að þeir menn ekki komust í nefndina, sem mest og bezt gjöra sèr far um að ámæla henni fyrir aðgjörðir sínar, en eg er hræddur um, að þó svo hefði verið, að aðrir hefði farið með þetta frumvarp en nefndin, þá mundi þeir ekki hafa gjört það nefndarálit, sem ekki hefði orðið eitthvað að fundið, eins og eg er líka viss um, að þó nefndin nú tæki málið til sín aptur og færi að fjalla um það á ný, þá mundi menn finna einhvern galla á því, þegar það kæmi frá nefndinni í annað sinn. Það væri kann ske öðru máli að gegna, ef hinn háttvirti *varaforseti* og varaþíngmaður Snæfellínga feingi málið í hendur, þá skyldi maður víst vona mikils, eptir því sem þeim farast orð; en mèr þykir þó nokkuð varasamt öldúngis að kollsteypa grundvelli stjórnarinnar í þessu máli, og þó menn segi, að hann sè gamall, þá getur mèr ekki sýnzt, að það sè nein ástæða í því. En það er bágt að segja nokkuð um breytíngaratkvæðin, þángað til þau verða sýnileg eða heyranleg; ef þau gæti nokkurn veginn samrýmzt við uppástúngur nefndarinnar, þá er vel mögulegt, að nefndin kunni að fallast á eitthvað af þeim á sínum tíma. Viðvíkjandi því, sem hreift hefir verið, að of lítið mundi verða gjört við þjóðvegina, en aptur meira við innansveitar- og aukavegi, þá er nú mest komið undir því, hvað mikið verður dregið undir sveita eða þjóðvegina. Hinn heiðraði varaþíngmaður Snæfellínga hèlt, að 1200 ríkisdalir mundi ekki gjöra betur en hrökkva til þess einúngis að byggja brýr yfir smáár og læki hèr á landi; mèr finnst það nú væri gott, ef menn á einu ári gæti brúlagt allar ár og læki, og mèr finnst það mikil framför, og þá yrði mikið gjört á mörgum árum. Eg neita því ekki, að eg get ímyndað mèr, að föstu kaupmennirnir vildi kann ske helzt vera lausir við, að greiða nokkurt fè til vegabótanna, en eg held það þurfi ekki að koma þeim ver, en að þeir sè bundnir hèr fastir við hæl, eins og hinn heiðraði þíngmaður Reykjavíkur vildi með uppástúngu sinni til þessa þíngs, þó hún feingi nú bráða endalykt. Að lokum vil eg geta þess, að meðan breytíngaratkvæðin ekki eru komin fram, sýnist mèr eingin ástæða til að vísa málinu aptur til nefndarinnar.

H. Kr. Friðriksson: Mèr hefir aldrei dottið í hug, að þetta

gjald, sem nefndin stíngur upp á að leggja skuli á kaupmennina, yrði ókljúfanda gjald fyrir þá, en mèr þykir það rángt og ósanngjarnt, að föstu kaupmennirnir einir skuli verða fyrir þessum gjöldum, en ekki lausakaupmennirnir líka, sem opt hafa eins mikla og meiri verzlun; það er þó sannarlega ósanngjarnt, að hversu vesall kaupmaður sem er, skuli greiða til vegabótanna 9 eða 10 ríkisdali, en aptur á móti bóndinn, sem tíundar 50*cr*, eg tek það upp aptur, það voru eingin mismæli, því að þeir eru til, sem tíunda þetta, og sumir meira, að hann, segi eg, skuli ekki greiða nema 1 ríkisdal. Eg bý nú að vísu ekki uppi í sveit, en eg fer þó nærri um, hversu mikið vegabætur kosta, og að ekki verður mikið afrekað til vegabóta með 400 dölum í hverju amti. Því ef menn telja tíundarbært fè 55,000 *cr* á öllu landinu, þá yrði tillagið þar af til vegabótanna, yfir allt land, ekki meira, en 1146 rdl. En hvað sem um þetta er, finnst mèr ekkert sè á móti því, að heyra breytíngaratkvæði hins háttvirta *varaforseta,* þó eg sè hálfhræddur um, að menn fari að ruglast, þegar hann er búinn að telja þau öll upp, að minnsta kosti 40, og þótt mönnum geðjaðist þau eigi öll, mundi menn vera farnir að gleyma hinum fyrstu, þegar menn ætti að fara að gjöra aptur breytíngaratkvæði við þau. Mèr finnst það ekkert ókljúfanda verk fyrir nefndina, að taka breytíngaratkvæði *varaforseta* og hafa málið svo búið aptur svo snemma, að ályktarumræðan gæti verið síðast í næstu viku.

J. Hávarðsson: Eg ímynda mèr, að fè það, sem varið yrði til vegabótanna á ári hverju, sè dálítið meira en það, sem 2 hinir heiðruðu þíngmenn hafa sagt; mèr telst svo til, að það muni vera hèr um bil 2000 með kaupstaðagjaldinu, og lítur það samt svo út, sem það sè of lítið, ef verulegar bætur á vegunum ætti að gjörast á ári hverju. En mèr sýnist það verst, að svo margir sleppa hjá þessu gjaldi, því eptir nefndarálitinu eru það hèr um bil 7000 manns sem greiða skulu fè til vegabóta; en eptir uppástúngu hins háttvirta *varaforseta* yrði það þó yfir 9000 manns, og ætti sama upphæð að nást, sem áður er getið, þá væri það því lèttara, sem fleiri eru, er greiða skulu. Eg get þar að auki ekki skilið, á hvaða undirstöðu menn ætti að byggja kaupstaðargjaldið; eg veit, að sýslumenn hafa sagt mèr, að skýrslur kaupmanna sè ekki fullkomlega áreiðanlegar og ekki sem nákvæmastar, svo ekki væri ætíð tryggt að byggja á þeim. Eg get og ekki verið með því, að lausakaupmenn sleppi hjá öllu vegabótagjaldi, en það væri einasta lagt á fastakaupmennina. Eg vildi helzt, eins og nú stendur á þessu máli, að nefndin tæki mál-

efnið aptur til sín, ef hún álítur sèr það mögulegt tímans vegna, og kysi sèr 2 menn til aðstoðar, því það er ósèð, hvaða stefnu málefni þetta kann að fá, ef nú á strax að bera upp og ræða um svo mikil breytíngaratkvæði, sem hèr eru fyrir hendi, en ef þetta fæst ekki af nefndinni, þá mun eg helzt halla mèr að breytíngaratkvæðum hins háttvirta *varaforseta.*

Forseti: Eptir alþíngistilskipuninni er ekki að gjöra ráð fyrir því, að nefndir taki sjálfar aptur álitsskjöl sín, til að gjöra við þau, en þíngið verður með atkvæðum að skera úr, hvort vísa skuli málinu til nefndarinnar. Eg álít nú þetta mál enn ekki svo rætt, að menn geti geingið til atkvæða um, hvort því skuli vísa til nefndarinnar eða ekki, og eptir því sem hèr stendur á, getur ekki atkvæðagreiðsla um það fram farið fyr en að lokinni undirbúníngsumræðunni. Að öðru leyti skilst mèr svo, sem tilskipunin gjöri því að eins ráð fyrir að vísa máli til nefndar aptur, þegar það þykir ekki nægilega upplýst eða skýrt af nefndarinnar hálfu eptir þeirri stefnu, sem nefndin hefir sjálf tekið sèr, og á þeim grundvelli, sem málið sjálft stendur á. En ef nýr grundvöllur er lagður, eða með öðrum orðum: ef einhver þíngmanna vill láta taka nýja stefnu, sem ekki lá fyrir nefndinni, þá verða þeir, sem koma fram með þess konar nýjar uppástúngur, að reyna að koma þeim fram í gegnum umræður á þínginu og breytíngaratkvæði, en það er ekki ástæða til þar fyrir að vísa málinu aptur til nefndarinnar. Hitt er aptur á móti sjálfsagt, að þeir, sem hafa breytíngaratkvæðin eða nýjar uppástúngur, beri sig saman við nefndina.

V. Finsen: Það, sem eg ætlaði að segja, stefndi í nokkuð líka átt og það, sem hinn háttvirti *forseti* nú mælti. Mèr finnst eptir því, sem fram er komið, ekki ástæða til að hræðast svo mikið þessi breytíngaratkvæði. Eptir því sem mèr skildist á ræðu hins háttvirta *varaforseta,* eru það eiginlega 2 aðalatriði, sem breytíngaratkvæði hans gánga út á, nefnilega umsjónin með vegabótunum og kostnaðurinn, og það er þá í eðli sínu, að samkvæmt þessum aðalatriðum þyrfti að breyta mörgum greinum frumvarpsins, en þetta yrði þó ekki annað en orðabreytíngar, svo breytíngaratkvæðin verða þá í sjálfu sèr ekki svo mörg eða fjarskaleg. Mèr finnst nú vera mest vert, þegar svona stendur á, að menn gæti haft tækifæri til að kynna sèr og athuga breytíngaratkvæðin sem bezt við undirbúníngsumræðuna, svo menn gæti þá við hana strax áskilið sèr vara- og viðaukaatkvæði við þau, og þar eð undirbúníngsumræðan mun naumast, hvort sem er, verða enduð á þessum fundi, vildi eg því stínga upp

á, að öll þessi mörgu breytíngaratkvæði væri skrifuð upp og lögð fram á milli funda, og, ef mögulegt væri, prentuð, áður en fundur yrði haldinn til að ljúka ályktarumræðunni, til þess að skýra sem mest hugmyndir þíngmanna. Ekki getur mèr fundizt nein ástæða til að vísa málinu aptur til nefndarinnar, þótt breytíngaratkvæðin sè mörg og breytíngarnar sè verulegar við nokkrar einstakar greinir. Eg segi að öðru leyti fyrir mig, að eg vil heldur sveitastjórn til að hafa umsjón með vegabótunum, en mèr þykir ísjárvert að koma með uppástúngu um það svona í þessu lagaboði, áður en sveitarstjórnarlög eru gefin; að öðru leyti kemur líka nokkuð undir því, hvernig uppástúngan er um fyrirkomulag þessara sveitastjórna, en það mun nú sjálfsagt koma fram í þessum 40 atkvæðum, sem þíngmaður Reykvíkínga nefndi.

St. Jónsson: Nefndin gæti kann ske að nokkru leyti geingið inn á það, sem hinn háttvirti *forseti* og hinn 5. konúngkjörni þínghafa sagt. En að öðru leyti er eg ekki svo getspakur, að eg viti, hvað mörg breytíngaratkvæðin muni verða; kann ske þau verði nú ekki alveg 40, eins og þíngmaður Reykvíkínga ætlar; hann veit þó líklega ekki í margra huga. Þar sem einn hinna heiðruðu þíngmanna sagði, að vegabæturnar mundi verða minni eptir en áður, ef þessu nefndaráliti væri fylgt, þá get eg eingan veginn fallizt á það; því eptir nefndarálitinu yrði þó lagt miklu meira til vegabótanna hèr eptir en híngað til eptir frumvarpinu, þegar það er rètt skoðað, bæði til fjallvega, þjóðvega og aukavega. Loksins vil eg geta þess, að eg hlýt að vera með því heldur, að öll þessi miklu breytíngaratkvæði verði tekin til greina af nefndinni, en að nefndarálitið sè rekið aptur í nefndina. En þeir, sem svo vel eru kunnugir tölu breytíngaratkvæðanna, munu nú kann ske betur geta dæmt hèr um, en eg.

Framsögumaður: Ef að þessu máli verður vísað aptur til nefndarinnar, vil eg gjöra þíngmönnum ljóst, að eg á morgun er boðaður af stiptamtmanni austur í Árnessýslu til að sýna honum embættisbækur mínar, og verð ekki kominn aptur fyr en eptir þrjá daga, svo þíngmenn sjá af því, að eg alls ekki get leingur verið í nefndinni. Annars þykja mèr þau vandræði kynleg, að menn þykjast vera neyddir til að vísa málinu aptur til nefndarinnar. En mèr finnst, að hinn háttvirti *varaforseti* gæti komið til nefndarinnar með sín mörgu og stórkostlegu breytíngaratkvæði, sem mèr er ómögulegt nú sem stendur að átta mig í, og látið hana sjá þau, því ef svo væri, gæti nefndin borið sig saman við hann, og kann ske aðhyllzt

eitthvert eitt þeirra, og þótt nefndarálitið raskaðist stórum við það, væri það þó skárra, heldur en að stjórnarfrumvarpið verði með öllu fellt.

Forseti: Það væri gott, ef hinn háttvirti *varaforseti* vildi lesa upp fyrir þínginu breytíngaratkvæði sín.

Jón Guðmundsson: Fyrst að svo margir þíngmenn skora á mig um að skýra frá öllum þeim breytíngar- og viðaukaatkvæðum, sem eg hefi hugsað mèr og ráðgert við stjórnarfrumvarpið, þá skal eg nú taka þau fram í rèttri röð og eru þau þessi:

„1. Við 2. grein. „Sem innbúar eins eða fleiri hèraða", breytist í: „innbúar einnar eða fleiri sýslna". Niðurlag greinarinnar „sem þjóðvegi — póstferðavegi", falli burt.

2. Milli annarar og 3. greinar verði skotið inn í nýjum greinum:

a. Nefnd manna í hverri sýslu og hverjum hrepp, undir forstjórn sýslumanns fyrir sýsluna og hreppstjóra fyrir hreppinn, skal hafa á hendi umsjón og framkvæmd allra vegabóta, eptir því sem segir í þessari tilskipun.

b. Í hverri sýslunefnd skulu vera auk sýslumanns 3 menn, kosnir til 3 ára á manntalsþíngum af hverjum þeim búanda, sem skiptitíund greiðir. Í fyrsta sinn fer kosníng fram í hverjum hrepp sýslunnar, en hlutkesti ræður á fyrsta sýslunefndarfundi, hverjir úr skuli gánga af þeim, sem fram yfir eru 3. Að 1 ári liðnu geingur einn hinna 3 sýslunefndarmanna úr nefndinni, og ræður því samkomulag nefndarmanna eður atkvæðafjöldi, en hinn elzti af þeim, sem úr gekk af hinum kosnu, kemur aptur í hans stað í nefndina. Þannig skal einn maður gánga úr sýslunefndinni árlega, og annar koma í staðinn, á meðan hinir kosnu menn til endast. Þegar þeir eru þrotnir, skal kjósa um aptur eins og fyr segir.

Kosníngarrètt og kjörgeingi hefir að öðru leyti hver sá búandi, sem kosníngarrètt hefir til alþíngis.

c. Í hverri hreppanefnd skulu einnig vera 3 menn auk hreppstjóra; þeir skulu kosnir á hreppskilaþíngi. Kosníngarrèttur og kjörgeingi til hreppanefndar eru hin sömu sem til sýslunefnda. Úr hreppanefndunum geingur einn árlega, en annar er kosinn í staðinn á sama hátt.

d. Ef jöfn eru atkvæði í nefndum þessum með og mót einhverju málefni, ræður það atkvæðið, sem sýslumaður eða hreppsnefndarformaður styður.

e. Þar sem þjóðvegur liggur milli tveggja sýslna, skulu sýslu-

nefndir beggja sýslnanna eður útnefndir menn sinn úr hvorri eiga fyrirfram fund með sèr á sýslumótum til þess að koma sèr niður á, hvaða vegabætur nauðsynlega við þurfi á þeim vegi, hverja stefnu þær skuli taka og hvernig þeim skuli haga. Geti þeir ekki orðið á eitt sáttir um það mál, skulu sýslumenn beggja sýslnanna skrifast á um það, en verði þeir einnig sinn á hverju máli, skal amtmaður skera úr. Sè sá vegur milli amta, þá skulu báðir amtmennirnir koma sèr saman um málið, og leggja úrskurð á.

Að öðru leyti kostar hvert amt vegabætur á vegum milli amtanna, að því leyti sem sá eða sá partur vegarins heyrir amtinu til.

3. Við 3. grein í upphafi. „Sýslunefndir" í staðinn fyrir „sýslumenn".
4. Við 4. greinar fyrri kafla. Sýslunefndirnar skulu á ári hverju innan loka nóvemberm. senda amtmanni:
   a. Nákvæma uppástúngu um þær aðgjörðir, sem mest nauðsyn er á á þeim þjóðvegum, sem liggja um sýsluna.
   b. Áætlun yfir kostnað þann, er nefndin hyggur að sú vegabót útheimti.
   c. Áætlun um, hvað miklum kostnaði til vegabóta fært sè að jafna niður á sýsluna hið næsta ár, eptir efnahag manna, árferði og öðru ásigkomulagi.
5. Við 4. greinar síðari hluta. *Ný grein:*

   Þegar amtmaður hefir feingið þessar uppástúngur og áætlanir úr öllum lögsagnarumdæmum í amtinu, leggur hann úrskurð á það, hverjar vegabætur skuli vinna á þjóðvegum hið næsta ár og hve mikið af þeim kostnaði, sem þar til útheimtist, að hvert lögsagnarumdæmi skuli bera (sjá breytíngaruppást. við 15. grein).
6. Við 5. grein. Orðin (í 1. kafla grein.): „að láta vinna", falli burt. Enn fremur (í 1. kafla gr.): „Þegar yfirvaldinu þykir það óráðlegt að láta bjóða verkið upp, eða", falli burt.
7. Við 6. grein. „Þegar sýslumanni" breytist í: „þegar sýslunefndinni".
8. Við 7. grein. Síðari hluta gr.: „Svo er hann einnig — ekki heldur að neinu bætt", falli burt.
9. Við 8. grein. „Yfirvaldinu", breytist í: „Sýslunefndinni".
10. Við 10. grein. Á eptir „fasta braut", bætist inn í: „skurði

skal grafa út úr brautinni, hvar sem vatn vill staðnæmast í henni".

Að hitt annað af greininni: „Ef" — „ofan í veginn", falli burt.

11. Við 11. grein. Orðin í upphafi greinarinnar: „föst braut", breytist í: „föst eða greið braut".

Á eptir orðunum: „leggja veginn hærri", (nefndin: „hækka veginn"), bætist: „eða bera ofan í hann sand eða möl".

Á eptir orðunum: „mjög laus", bætist inn í: „eða liggur yfir jarðfasta urð".

Hið annað af greininni: „Moldu þeirri" — „þar að auki leggja moldarlag", falli burt.

12. Við 12. grein breytist þannig:

„Yfir mýrlendi skal gjöra brýr, er skulu vera $1/^{1}_{2}$ dönsk alin á hæð, og að minnsta kosti $2^{1}/_{2}$ dönsk alin á breidd, og skal gjöra meðfram þeim skurði og ræsi gegnum þær, sem fyr er sagt".

13. Við 13. grein: Að öll greinin falli burt.

14. Við 14. grein (í fyrra kafla gr.): „Yfirvaldi", breytist í: „Sýslunefndunum". (Í 2. kafla gr.): „þegar því verður við komið" falli burt.

15. Við 15. grein (1. kafla): „Útgjöld" etc. — „skal greiða" með niðurjöfnun á hvern þann mann, sem á löglega með sig sjálfur, eptir þeim reglum, sem gilda fyrir aukaútsvörum til sveitar.

Þá upphæð til vegabóta, sem amtmaður hefir ákveðið (sjá breyt.uppást. við síðara hluta 4. gr.), að lenda skuli á allri sýslunni, skal sýslunefndin niður jafna á hina einstöku hreppa þannig, að helmíngur kostnaðarins sè miðaður við allt tíundarbært lausafè í sýslunni, en hinn helmíngurinn við öll jarðaafgjöld, og jafnar hún síðan niður og ákveður, hve mikið eptir þessum mælikvarða hverjum hreppi ber að greiða, en við þessa niðurjöfnun skal sýslunefndin þó hafa sèrstaklegt tillit til þess, að hve miklu leyti miklir aukavegir, er útheimta kostnaðarsama aðgjörð, eru til í hreppnum eða ekki, því þar sem slíkir vegir eru, skal hreppnum að því skapi vægja fyrir kostnaði til almennra vegabóta.

Þyki einhverri hreppsnefnd, að á hrepp sinn sè lagt of þúngt vegabótagjald, má hún kæra það fyrir amtmanni og færa rök fyrir, og sker hann úr.

Þeirri upphæð, sem sýslunefndin þannig gjörir hverjum hreppi að greiða, skal hreppsnefndin niðurjafna á hvern búanda mann í hreppnum, og sem þar á löglega með sig sjálfur, á þann hátt, sem segir í upphafi þessarar greinar.

Niðurjöfnun þessari skal hreppsnefndin hafa lokið fyrir hvers árs manntalsþíng; fær hún sýslumanni skýrslu þar yfir, en hann kallar inn á manntalsþínginu af hverjum hreppsmanni það, sem honum er gjört að greiða.

Einginn maður má skorast undan að greiða það vegabótaútsvar, sem þannig er á hann lagt, og má því taka það lögtaki, ef við er þrjóskazt að greiða; en heimilt er hverjum manni að kæra það fyrir sýslunefnd, eður og amtmanni, ef hann getur fært rök til, að honum sè ofgjört; verði það staðfest með æðra úrskurði, þá fær hann jafnmikla linun í vegabótarútsvari sínu hið næsta ár, eður og dánarbú hans endurgjald af vegabótarsjóðnum.

16. Við sömu gr. *Ný grein:* 2. kafli 15. gr. „þegar" — „verkinu skilar áleiðis" breytist þannig: „Einginn, sem tekizt hefir á hendur vegabótaverk fyrir borgun, á heimtíng á að fá hana fullgreidda, fyr en búið er að sanna með lögmætri skoðunargjörð, að verkið sè svo af hendi leyst, eins og áskilið var. En ef verkið er umfángsmikið, má forstöðumaður fá smátt og smátt allt að $^2/_3$ hinnar umsömdu borgunar, eptir því, sem verkinu skilar áleiðis".

17. Við sömu grein. Að allur síðari helmíngur 15. greinarinnar: „Að öðru leyti" — „sem einu sinni er ákveðið" falli burt.

18. Við 16. grein. Að orðin (í 1. kafla gr.) „til almennings þarfa" falli burt.

Að (í 2. kafla gr.) „frá 18 til 60" breytist í: „frá 18 til 50".

19. Við 18. grein. Að seinasti kafli greinarinnar „að svo miklu leyti" — „til þessa kostnaðar" falli burt.

20. Við 19. grein. „amtmaður" breytist í: „sýslunefnd".

21. Við 20. grein. Niðurlag fyrra kafla greinarinnar: „Ofannefndar sektir" — „sýslumaður nákvæmar ákveður" breytist þannig: „Þessar sektir skal greiða í sveitarsjóð".

22. Við 21. grein: Fyrri hluti greinarinnar breytist þannig: „Hreppsnefndin tiltekur, á hvaða dögum verkið skuli vinna, en það má þó ekki vera á öðrum tíma en í maí, júní, eða öndverðum júlímánuði".

Að það, sem eptir er af greininni, falli burt.

23. Við 25. grein (sem kemur inn milli 22. og 23. greinar frumvarpsins): Að upphaf gr. orðist þannig: „Hreppsnefndin skiptir aukavegum hreppsins niður í hluti eður kafla og ætlar til tekinni tölu þeirra manna, sem vegabótaskyldan hvílir á, aðgjörð á hverjum kafla um sig, eptir því sem bezt liggur við, en sýslumaður kveður til á manntalsþíngum, eptir uppástúngu hreppstjóra, einn eður tvo umsjónarmenn yfir hvern kafla. (Þetta kemur í staðinn fyrir upphaf gr.: „Meðan á verkinu stendur“ — „nauðsyn til bera“).

Síðari kafli gr. breytist þannig: „Svo skal álíta, að þessir umsjónarmenn hafi“ o. s. frv.

24. Við 23. grein. Við enda greinarinnar bætist: „og skal greiða skaðabætur eptir málavöxtum“.

25. Við 24. grein. Fyrir aptan „Hreppstjóra“ (í upphafinu) bætist: „og umsjónarmönnum“.

26. Milli 26. og 27. gr. frv. komi ný grein, þannig orðuð: „Hreppstjóri skal við hver árslok semja og senda sýslumanni greinilega skýrslu um allar þær vegabætur, er gjörðar hafa verið á aukavegum í hreppnum það ár og á hvern hátt þeim hafi orðið framgeingt (sbr. 20. gr.).

27. Við 28. grein. Að aptan við greinina verði bætt: „Amtmaður skal og láta auglýsa árlega í tímaritum landsins yfirlit yfir þann kostnað, sem á hvert lögsagnarumdæmi er ákveðinn til vegabóta og hvað miklu fè hafi verið til þeirra varið í hverju fyrir sig; þar með skal fylgja stutt skýrsla um þær vegabætur, sem hafa verið gjörðar í öllu amtinu.

28. Við 29. grein (í niðurlagi greinarinnar). Að fyrir „jafnaðarsjóð“ komi: „vegabótasjóð“.

Forseti: Af því svo er orðið áliðið á tímann, getur umræðan að þessu sinni ekki haldið leingra fram, og verður henni haldið áfram á öðrum fundi, sem eg mun síðar leyfa mèr að ákveða.

Fundi slitið.

---

3. ágúst — tuttugasti fundur.

Forseti: Auk hins 6. konúngkjörna þíngmanns, er enn er sjúkur, þá hefir hinn háttvirti *varaforseti* tilkynnt mèr, að hann gæti

eigi vegna sèrlegra atvika komið á þíng í dag; einnig hefir hinn háttvirti 4. og 5. konúngkjörni þíngmaður tilkynnt mèr forföll sín, og skal eg geta þess, að hinn fyrnefndi er af stiptamtmanni stefndur til að mæta í dag austur í Árnessýslu, og vera þar viðstaddur við skoðun embættisbóka sýslunnar; en eg skal þá sjá um, að framsagan í *vegabótamálinu* verði feingin öðrum, meðan hinn 4. konúngkjörni þíngmaður er fjærverandi.

Síðan var þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Hinn 5. konúngkjörni þíngmaður hefir tilkynnt mèr, að hann sè kosinn formaður í *kúgildamálinu.* Eg hefi og meðtekið 2 bænarskrár viðvíkjandi *kláðamálinu;* önnur þeirra er frá *Reykholtsdals-* og *Hálsahreppum,* með 16 nöfnum undir, hún fer því fram, að af verði tekinn vörðurinn fyrir vestan Hvítá; hin bænarskráin er rituð á frjálsum fundi að Lundi, með 25 nöfnum undir, hún afbiður almennan niðurskurð, og tekur fram nokkur atriði, sem alþíngi er beðið að taka til greina í því máli. Eg skal þá með samþykki þíngsins láta afhenda þessar bænarskrár nefndinni í kláðamálinu.

Síðan voru bænarskrárnar afhentar skrifara nefndarinnar, *E. Ó. Kúld.*

Forseti: Það, sem nú kemur fyrst eptir dagskránni til umræðu, eru *skýrslur og reikníngar bókasafns alþíngis* síðan á síðasta þíngi, og síðan að kjósa 3 menn í nefnd, eins og vant hefir verið, til að gæta bókasafnsins til næsta þíngs.

Síðan skýrði *forseti* þínginu frá brèfum og reikníngum um bókakaup til bókasafns þíngsins, og voru alls keyptar bækur fyrir 113 rd. 72 sk., og að auki voru 20 rd., er gefnir voru fyrir geymslu og gæzlu bókasafnsins, eptir ákvörðun alþíngis 1855. Í öðru lagi skýrði *forseti* þínginu frá öllum bókaskiptum þeim, sem fyrir milligaungu hans höfðu fram farið milli Stórþíngisbókasafnsins í Noregi og alþíngis. Norðmenn höfðu sent bókasafni alþíngis 1 expl. innbundið af Stórþíngistíðindunum frá 1814—1854, en *forseti* hafði aptur sent til bókasafns Stórþíngisins nokkrar bækur og kort, sem snerta Ísland, og skoraði hann síðan á þíngmenn að taka ályktun um, hvort *forseti* mætti eigi ávísa það, sem þyrfti til að senda stórþínginu bækur, með öðrum kostnaði alþíngis.

Var þetta síðan, eptir nokkrar umræður, samþykkt með 17 atkvæðum.

Því næst skoraði *forseti* á þíngmenn að kjósa 3 menn í nefnd

til að annast um bókasafn alþíngis til næsta þíngs, og voru þessir kosnir:

H. Kr. Friðriksson með 18 atkvæðum,
forseti J. Sigurðsson — 16 — —
P. Pètursson — 11 — —

Forseti: Þessu næst kemur, eptir dagskránni, til undirbúníngsumræðu *læknaskipunarmálið.*

Síðan lèt *forseti* afhenda *framsögumanni, H. Kr. Friðrikssyni,* nefndarálitið, og las hann það upp, svo látanda:

„Hið heiðraða alþíngi hefir kosið oss, sem hèr ritum nöfn vor undir, í nefnd, til að segja álit vort um uppástúngur nokkrar frá landlækninum. Dr. *Hjaltalín,* er varaþíngmaður Reykvíkínga bar upp fyrir þíngið, um betrun læknaskipunar hèr á landi; en uppástúngurnar eru þær, er nú skal greina:

1., að alþíngi mætti þóknast að gjöra sitt ítrasta til þess, að uppástúngur alþíngis 1855, um styrk við háskólann handa 3 mönnum, er leggja stund á læknisfræði, ásamt fjölgun 3 lækna hèr í suðuramtinu, fái framgáng hið allrabráðasta.
2., að sjúkrahúsi og læknakennslu verði komið á hèr í Reykjavík svo fljótt, sem faung eru á, og að læknir verði settur á spítalann, eða að minnsta kosti hèr í hèraðið, landlækninum til hjálpar.
3., að landlækninum verði falið á hendur að lesa fyrir lærisveinum á prestaskólanum yfir meðferð á voveiflegum sjúkdómstilfellum, sem og yfir höfuðreglurnar í hinni almennu heilnæmisfræði *(Hygieine),* svo að útsjón yrði til, að þessi mikilsvarðandi fræði geti með tímanum feingið sem flesta áhángendur.
4., að útlærðum og yfirheyrðum yfirsetukonum verði fjölgað á þann hátt, að hver hreppur í öllu landinu hafi eina yfirheyrða ljósmóður.

Vèr nefndarmenn höfum átt með oss marga fundi, og rætt þetta hið mikils varðanda mál mjög vandlega, og er það álit vort um það, sem nú skal greint.

1. Árið 1855 sendi alþíngi konúngi allraþegnsamlegasta bænarskrá um, að 7 ný læknaembætti yrði stofnuð hèr á landi, þ. e. í Árnessýslu, Skaptafellssýslum, Keflavík í Gullbríngusýslu, Barðastrandar- og Stranda-sýslum, Þíngeyjarsýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslum, og, þegar ske má, í Múlasýslum. Nú hefir konúngur vor svarað þessari beiðni alþíngis í auglýsíngu sinni til þessa þíngs, dags. 27.

d. maím. þ. á. undir staflið II., 6. þannig, að því máli sè svo vel á veg komið, að líkindi sè til, að því verði ráðið til lykta, áður lángt um líður, og kynni því að virðast ekki bein ástæða fyrir þíngið, að ítreka þessa bæn sína að þessu sinni, en vèr verðum að biðja hið heiðraða þíng að gæta þess, að þörfin er bráð, þar sem læknafæðin hèr á landi er svo mikil, að megin landsins má því nær heita læknalaust, þótt 8 læknar sè á öllu landinu, 1800 [] mílum, það verður, þegar læknirinn á Vestmannaeyjum er fráskilinn, og sem eingir landsbúar geta not af haft nema eyjamenn einir, að eins 1 læknir á meir en 250 [] mílum; þess er og gætanda, að það sem sagt er í auglýsíngunni um málið allt, getur eins vel, og, ef til vill, öllu fremur, litið að öðru bænaratriði alþíngis 1855, því, að konúngur heiti 100 rdl. styrk í 4 ár hverjum þeim íslenzkum stúdenti, sem eptirleiðis stundar læknisfræði við háskólann, ef hann sannar, að hann haldi áfram lærdómsiðkunum sínum í læknisfræði, og skuldbindur sig til að sækja um læknisembætti hèr á landi, er hann hafi lokið embættisprófi sínu. En enda þótt vèr fúslega játum, að ef þetta feingist, væri nokkuð feingið, þá getum vèr ekki dulizt þess, að upphvatníng þessi fyrir íslenzka stúdenta til að lesa læknisfræði við háskólann mundi þó koma að litlu haldi, og fáir mundi fyrir alvöru fyrir það fara að lesa læknisfræði, nema því að eins, að embættin áður væri stofnuð og þeir því ætti vísa von um, að fá þegar embætti, og þeir væri búnir að ljúka af embættisprófinu, og því heldur verðum vèr að telja líklegt að svona fari, sem kostnaðurinn við námið í Kaupmannahöfn, enda þótt styrkur sá feingist, sem um var beðið, þó er ærið mikill, en þeir fáir hèr á landi, sem svo sè aflögufærir, að þeir geti kostað um 200 rdl. á ári upp á sonu sína, og það í 6 eða 7 ár. Vèr erum því einhuga á því nefndarmenn, að hið öflugasta ráð til að hvetja menn til að stunda læknisfræði við háskólann sè að stofna embættin. En auk þess er læknaþörfin nú orðin svo tilfinnanleg almenníngi, en óvissan mikil, hve nær vèr munum fá svo marga Íslendínga til að stunda læknisfræði við háskólann og taka embættispróf í henni, að 1 verði læknir handa hverri sýslu, að vèr erum einhuga á því, að alþíngi eigi á nýja leik allraþegnsamlegast að ítreka bæn sína, er það bar fram fyrir hans konúnglegu hátign 1855, og biðja hann náðarsamlega að líta á þörf vora, og stofna læknaembætti þau 7, sem um var beðið 1855, svo fljótt sem auðið er, og jafnframt veita hverjum þeim íslenzkum stúdenti, er lesi læknisfræði við háskólann, 100 rdl. aukastyrk. Aptur á hinn bóginn getum vèr eigi sèð næga á-

stæðu til, að þingið eigi nú framar að biðja um fjölgun lækna í suðurumdæminu, eins og landlæknirinn hefir stúngið upp á, heldur en annarstaðar á landinu.

2. Þegar vèr nú víkjum máli voru að hinu öðru atriði, um stofnun spítala og læknaskóla hèr í Reykjavík, þá erum vèr allir einhuga á því, að það sè í rauninni eigi að eins hinn rètti vegur til að fjölga læknum, og landinu hinn hollasti og hagkvæmasti, heldur og einnig, ef til vill, hinn eini vegur; því að enda þótt styrkur sá, sem um var beðið 1855, handa þeim Íslendíngum, er stundaði læknisfræði í Kaupmannahöfn, mætti vera töluverð upphvatníng, þá er þó samt sem áður kostnaðurinn við námið þar svo mikill, að hann er að eins fáum löndum vorum kljúfandi, og sökum þessa og ýmislegs annars getum vèr litla von haft um, að vèr nokkru sinni fáum svo marga Íslendínga, er hafi tekið próf í læknisfræði við Kaupmannahafnarháskóla, að landinu sè borgið. Á hinn bóginn hefir reynslan sýnt það og sannað, að leyfi það, sem konúngur gaf landlækninum og hèraðslæknum, í úrskurði sínum 12. d. ágústm. 1848, að segja til aðstoðarlæknum gegn þóknun úr jafnaðarsjóðum amtanna, hefir því nær að eingum notum komið; enda liggur það í augum uppi, að embættismenn þessir muni hafa næsta lítinn tíma afgángs til slíkrar tilsagnar. Vèr nefndarmenn erum því einhuga á því, að hið eina ráð til að fjölga læknum til hlítar sè, að stofna kennsluskóla handa læknaefnum hèr á landi, og þá sjálfsagt hèr í Reykjavík, með því allir verða að játa, að hún er hentugastur staðurinn til slíkrar stofnunar. Vèr viljum eigi neita því, að kennsla sú, er feingist í skóla þessum, eigi yrði eins fullkomin og kennslan við háskólann; en með haganlegu fyrirkomulagi og góðum kennurum erum vèr líka sannfærðir um að kennsla þessi yrði vel viðunandi, því að enda þótt að læknar þeir, sem hèr verða lærðir, eigi næði eins umfángsmikilli lærdómsþekkíngu og þeir gæti við háskólann, þá gefst þeim þó vissulega tækifæri til að kynna sèr hina innlendu sjúkdóma, og námið yrði því landsmönnum eins notadrjúgt eins og þeirra, er stunda læknisfræði við Kaupmannahafnarháskóla, og að minnsta kosti mætti þeir verða svo undirbúnir, að þeir á stuttum tíma og með eigi miklum kostnaði gæti tekið sèr svo fram við háskólann, ef þeir vildi, að þeir yrði allvel að sèr í iðn sinni; en til þess að kennslan gæti orðið sem bezt og fullkomnust, sem verða mætti hèr á landi, þá yrði jafnframt kennsluskólanum að stofna spítala eður sjúkrahús, og með því Reykjavíkurbúar eru nú þegar orðnir framt að 1400, auk þess að allmikil að-

sókn er að henni bæði af innlendum og útlendum, og meiri en að nokkrum öðrum stað á landinu, þá er það auðsèð, að hún og í þessu efni er hentugasti staðurinn fyrir læknaskólann og spítalastofnunina.

Þegar vèr nú snúum oss að því, hvaða kostnað slík kennsla og spítali hefir í för með sèr, þá höfum vèr nákvæmlega íhugað þá áætlun, er nefnd sú, er sett var í málið á alþíngi 1847, hefir gjört um kostnaðinn, og getum vèr eigi betur sèð, en hún sè í alla staði ríflèg; en sá kostnaður, er hún taldi að verða mundi árlega, er þessi:

1, til spítalahússins 12,000 rd., eða árlega	480 rdl.
2, áhöld til spítalans 1000 rdl., eða árlega	40 —
3, yfirkennaralaun	900 —
4, undirkennaralaun	600 —
5, árlegt viðhald spítalahússins	100 —
6, umsjón og vöktun sjúkra	100 —
7, til eldiviðar og ljósa	100 —
8, styrkur handa þeim, er geingi í skólann	200 —
9, handa 4 holdsveikum, er veikin væri nýbyrjuð á og yfirlæknir áliti læknandi, eða þá öðrum sjúklíngum, ef eingir þess konar holdsveikir væri	400 —
samtals	2,920 rdl.

Vèr viljum nú eigi bera á móti því, að heldur kunni að vera tæplega ætlað fyrir sumt, t. a. m. fyrir eldivið og ljós, en á hinn bóginn erum vèr eins sannfærðir um, að hægt er að komast af með minna fyrir sumt t. a. m. fyrir spítalahúsið, og eins ætlum vèr, að ef læknir fæst í Keflavík fyrir Suðurnes, þá sè eigi landlækninum of ætlað, að vera yfirkennari skólans, og þyrfti þá eigi að bæta við hann fyrir þann starfa 900 rdl., heldur að eins 5 eða 600 rdl., svo að þegar allt er vel athugað, mun áætlunin fremur ríf en tæp; en allt um það viljum vèr eigi minnka hana í heild sinni. Því næst kemur þá til álita, hvort vèr höfum nú svo mikil efni fyrir höndum, að tími sè til kominn að hreifa þessu máli, og viljum vèr þá geta þess þegar, að með því mál þetta er mjög árríðanda og næsta umfángsmikið, getum vèr eigi lagt það til, að konúngur sè beðinn að ráða nú þegar þessu máli til lykta, og eigi svo, að alþíngi eigi gefist kostur á að segja álit sitt um fyrirkomulag kennsluskólans og spítalans, og það því síður, sem ráða má af hinum fyrri umræðum um málið, að menn geti litlar vonir haft um, að stjórnin skjóti fè til

þessa úr ríkissjóðnum, en fyrirtæki þetta verði að vera komið undir fjártillögum landsmanna sjálfra; en það fè, sem til þessa ætti að verja, er spítalafèð; það er þetta, og er talin 4% leigan:

1. Spítalasjóðirnir allir eru 31,637 rdl. 56 sk., sem svarar ársleigu	1265 rdl.	48 sk.
2. Spítalahlutirnir, að meðaltölu	738 —	12 —
3. Afgjald spítalajarðanna	389 —	64 —
Árstekjurnar eru því samtals	2,393 rdl.	28 sk.

Vantar þá enn eptir áætluninni 525 rdl. 68 sk. á ári, eða innstæðu, sem svarar þessari leigu; en það er 13,139 rdl. 48 sk. Ef vèr á hinn bóginn teljum, hversu miklar eignir spítalanna verða orðnar við árslok 1860, og teljum enn, að 4 gjaldist af 100 hverju, þá verður:

1. Innstæðan, sem núna er, þá orðin með öllum leigum, sem af henni gjaldsat	37,011 rdl.	„ sk.
2. Hinir árlegu spítalahlutir og jarðaafgjöld með öllum leigum	4,981 —	80 —
Samtals	41,992 rdl.	80 sk.

eða leigur af innstæðunni, eins og hún verður þá orðin, 1680 rdl., og þegar þar við er bætt spítalahlutum og jarðaafgjöldum 1128 —, verða árstekjur spítalanna allar . . . . . 2808 rdl., og vantar þá að eins 112 rd., sem svarar einmitt leigunni af 1 árs tekjum, eða 2808 rd., eða með öðrum orðum, árstekjur spítalanna ætti að vera orðnar við lok ársins 1861 fyllilega það, sem þarf til læknaskóla og spítala. Enda þótt nú uppástúnga um stofnun spítala og læknaskóla yrði lögð fyrir alþíngi 1859, getum vèr þó eigi ætlað, að það mál yrði komið í kríng til framkvæmdanna fyr en 1861; enda gæfist þínginu 1859 kostur á að kveða upp álit sitt um það, hve nær hefja skyldi þetta fyrirtæki.

Þá er og það, að vèr teljum það víst, að ráð mætti finna til, að auka tekjur spítalanna, án þess að greiðendum verði gjaldið þýngra en nú, enda þótt vèr hvorki viljum nè í bragði getum komið með neinar uppástúngur um, hvernig betur megi haga tekjum spítalanna og heimtíngu spítalahlutanna, en nú á sèr stað, og hvernig gjöldin mætti koma jafnar niður en nú; viljum vèr að eins nefna eitt dæmi til að sýna fram á þetta, og það er, að öll þiljuskip, sem stunda veiðar kríng um landið og sem óðum fjölga, eru nú sem stendur laus við öll gjöld til spítalanna, og sjáum vèr þó einga ástæðu til, að þau sè laus með öllu við þetta gjald, og vèr erum sannfærðir um, að margt fleira mætti til tína til þess að sýna, að spítalahlutirnir

verða eigi eins drjúgir nú, eins og þeir mætti og ætti að verða, og þess vegna teljum vèr það vel við eiga, að stjórnin nú þegar fari að ritast á um þetta mál við hlutaðeigandi embættismenn, og láti síðan semja um það frumvarp og leggja það fyrir alþíngi 1859.

3. Um þriðju uppástúnguna var nefndin í mestum vafa og þóttist sjá fram á það, að mörgum mundi þykja það ísjárvert að leggja prestaefnum meiri byrði á herðar, en guðfræðisnámið, með því kennlsutíminn væri svo stuttur, eigi nema 2 ár, eða rèttar sagt, 18 mánuðir; líka mundi almenníngur, þegar hann vissi, að prestar hefði lært eitthvað í læknisfræði, gjöra bæði meiri kröfur til læknínga þekkíngar þeirra, en hófi gegndi, og líka meiri ómaka, en þeim mætti á herðar leggja, með því laun þeirra væri lítil, en þeir mundi fá litla borgun fyrir læknínga rnar. Eigi mundi það heldur þykja eiga alls kostar vel við, nè heldur bein þörf, að kenna prestum læknínga r, þar sem á hinn bóginn væri verið að biðja um lækni í hverja sýslu; en nefndin gat þó eigi álitið þessar ástæður nægar til að hrekja uppástúnguna, og getur eigi betur sèð, en bæði sè sannarleg nauðsyn til þess, að henni yrði framgeingt og með henni mikið áunnið. Það er þá í fyrsta lagi, að enda þótt læknir væri í hverri sýslu landsins, liggur það í augum uppi, að allur þorri landsbúa eigi gæti feingið nokkra sem helzt hjálp þeirra í mjög bráðum og voveiflegum sjúkdómsáföllum, með því landið er svo stórt og strjálbyggt og vegir illir og ógreiðfærir, og viljum vèr að eins taka eitt dæmi: Þótt t. a. m. læknir væri í Barðastrandarsýslu, og vèr gjörum ráð fyrir, að hann sæti um miðbik sýslunnar, eða á Barðaströnd, þá eru þaðan allt að 2 fullkomnustu dagleiðum á sumardag suður að Gilsfirði, og hver von er þá til, að læknirinn geti í voveiflegum atburðum komið mönnum þar að liði, t. a. m. drukknuðum, þegar þeir ætti að liggja 4 daga, þegar bezt lèti, frá því slysið vildi til og þángað til læknirinn kæmi? og mörg þess konar voveifleg tilfelli bæði geta komið og koma einatt fyrir á landi voru, og margir eru þeir, sem slasast með ýmsu móti, að annaðhvort missa lífið, eða verða að lifa við örkumsl alla æfi, sökum þess að öll læknishjálp er svo fjarlæg, að hún verður eigi feingin fyr en um seinan. Af þessum ástæðum virðist oss liggja í augum uppi, að læknínga þekkíng presta í voveiflegum sjúkdómsatburðum aldrei yrði óþörf hèr á landi, hversu góð sem læknaskipunin yrði. Því síður getum vèr þó fallið frá því, að prestaefnum verði kennd aðalatriði hinnar almennu heilnæmisfræði; því eptir því sem hèr á landi er ástatt, verðum vèr að álíta hana ómissandi hverj-

um menntuðum manni, ef menn annars láta sig það nokkru varða, heldur að kippa í lag lifnaðarháttum landsbúa, og það veitir eingum hægra en prestunum. Þegar sú mótbára er borin fram, að þeir, sem á prestaskólann gánga, eigi hafi tíma til þessa náms, og tefjist við það frá guðfræðisnáminu, þá getum vèr eigi gjört mikið úr þeirri mótbáru, því að vèr erum sannfærðir um, eins og landlæknirinn hefir sagt í uppástúngum sínum, að 60—80 tíma kennsla getur mikið að gjört í þessu efni, og lærisveinar á þeim tíma sannarlega lært það, sem til er ætlazt, fyrir tilsögn laglegs kennara, og öll töfin er þá 1 stund á viku, og er það auðsèð, að það getur alls einginn hnekkir verið aðalnámi þeirra. Þegar enn fremur er sagt, að almenníngur muni heimta meira af þeim fyrir þessa kennslu, en með rèttu megi, þá getum vèr alls ekki sèð neina ástæðu til þess; þvert á móti hlyti það að vera til þess, að prestar sjálfir sæi, hvað þeir mætti treysta sèr, og gæti öllu fremur en nú leiðbeint mönnum, hve nær þeir hlyti að leita læknisins. Að þessi kennsla legði prestum nýja byrði á herðar, er heldur eigi rètt, því að það er svo sem auðvitað, að á eingan prest verður lögð nein lagaskylda til lækninga, og á hinn bóginn munu flestir nú sem stendur leita til prestsins, þegar bráða nauðsyn ber að höndum, eins og líka eðlilegt er.

Aptur á hinn bóginn þykir oss mjög ísjárvert, að skylda prestaskólamenn til að nema þessar lækníngar, og því síður þykir oss við eiga að láta þá gánga undir nokkurt próf í þessu, því að prófið gæti einmitt vakið þá hugmynd hjá alþýðu, að prestar væri útlærðir læknar, og það lægi eins konar skylda á þeim að fást við alls konar lækníngar. Vèr höldum því, að alþíngi eigi einúngis að biðja um, að landlækninum verði falið á hendur, að kenna prestaskólamönnum þessi atriði læknisfræðinnar stutt og greinilega og eptir svo nákvæmum reglum, sem við þykir eiga, og verja til þess 1 tíma á viku, án þess þó á hinn bóginn bein skylda liggi á þeim til námsins.

4. Fjórða atriðið er um, að útlærðum og yfirheyrðum yfirsetukonum verði svo fjölgað, að ein verði í hverjum hrepp landsins. Vèr nefndarmenn erum allir einhuga á því, eins og vèr þykjumst sannfærðir um, að allir hinir heiðruðu þíngmenn sè það líka, að til þess beri brýna nauðsyn, að fjölga yfirsetukonum, eptir því sem landlæknirinn hefir stúngið upp á, enda er það ekki nú fyrst, að þörfin til þessa hefir orðið tilfinnanleg, því það sèst á alþíngistíðindunum 1847 bls. 19, 20, 579, að til þíngsins hafa þá komið ýmsar bænarskrár um þetta efni, og sömuleiðis, að landlæknir *Jón* heitinn *Thorsteinsen*

hefir þegar fyrir 1845 sent stjórninni frumvarp um þetta efni, og nefndin, sem þá var í málið sett og svo alþíngi á eptir hleypti þessu atriði þá fram hjá sèr, einúngis í þeirri von, að stjórnin mundi bráðum bæta úr þessari þörf landsmanna; en þótt síðan sè liðin 10 ár, vitum vèr alls ekki til, að stjórnin hafi nokkuð sem helzt við þetta mál gjört, til að þoka því áleiðis, og mjög er hryggilegt til þess að vita, að enn skuli eigi vera nema einar 3 yfirheyrðar yfirsetukonur í öllu vesturumdæminu, og 10 í öllu norður- og austur-umdæminu; en eigi er við því að búast, að dugandis kvennmenn vilji gefa sig til þessa starfa, meðan eingin er upphvatníngin fyrir þær, eða þær fá alls eingan styrk, þegar þær hafa lært, því að þótt þær fái 2 rdl. 64 sk. um árið, sjá það allir, að þetta má eigi heita þóknun, miklu fremur smánarboð, þegar því á hinn bóginn fylgir kvöð; en eigi er til þess að hugsa, að þeim verði svo borgað starf sitt, að það geti verið neinn atvinnuvegur fyrir þær. Vèr nefndarmenn erum þess vegna allir á því, að þær ætti að eiga vísa þóknun á ári hverju, 20—30 rd., og þetta væri rèttast lagt á hreppana, eða að hver hreppur ætti að borga sinni yfirsetukonu, þegar hún feingist útlærð og yfirheyrð af lækni; en oss þykir sanngjarnt, að kaupið sè nokkuð misstórt, eptir því sem hrepparnir eru stórir, því að því stærri sem hreppurinn er, því meiri kvöð liggur á yfirsetukonunni, og því meiri laun ætti hún að fá, og ætti því kaupið í hinum minnstu hreppum að vera 20 rd., en í hinum stærstu 30, og svo þar á milli, eptir því sem amtmaður nákvæmar ákvæði. Það virðist oss sjálfsagt, að jafnaðarsjóðir amtanna eigi að kosta læríngu þessara yfirsetukvenna, enda sjáum vèr eigi, að jafnaðarsjóðum vesturumdæmisins og norður- og austurumdæmisins sè það ofvaxnara heldur en jafnaðarsjóði suðurumdæmisins, þar sem þó nú eru komnar undir 30 yfirheyrðar yfirsetukonur. En það álítum vèr æskilegast og jafnvel sjálfsagt, að landlæknirinn ætti að minnsta kosti að yfirheyra allar yfirsetukonur, áður en þær gæti álitizt útlærðar, eða þá sá hèraðslæknir, sem hann til þess kysi. En með því þessi laun yfirsetukvennanna eru nýjar álögur á almenníng, getum vèr eigi lagt það til, að stjórnin leggi álögur þessar á nú þegar, heldur ætti stjórnin að leggja um það frumvarp fyrir alþíngi 1859.

Af ofangreindum ástæðum leyfum vèr oss að ráða hinu heiðraða alþíngi til, að rita konúngi vorum allraþegnsamlegasta bænarskrá um þetta mál, og taka þar í fram þessi atriði:

1. Að konúngur vor allramildilegast vildi greiða sem allramest fyrir bæn alþíngis 1855:
   a) að ný læknaembætti verði stofnuð í Árnessýslu, Skaptafellssýslum, Keflavík í Gullbríngussýslu, Barðastrandar- og Strandasýslum, Þíngeyjarsýslum, Mýra- og Borgarfjarðarsýslum og Múlasýslum.
   b) að í stað þeirra 200 rdl., sem með allrahæstum úrskurði 12. ágúst 1848 er heitið að megi árlega verja úr hvers amts jafnaðarsjóði, til þess að landlæknir og hèraðslæknar hèr á landi geti kennt aðstoðarlæknum, þá vilji hans hátign allramildilegast heita árlegum 100 rd. styrk fyrst um sinn hverjum þeim íslenzkum stúdenti, sem eptirleiðis stundar læknisfræði við háskólann, og að hann njóti þessa styrks um 4 ár, ef hann sannar, að hann haldi áfram lærdómsiðkunum sínum í læknisfræði, og skuldbindur sig til, að loknu embættisprófi, að sækja um læknisembætti hèr á landi, og að þessi styrkur skuli endurgjaldast ríkissjóðnum úr jafnaðarsjóðum amtanna.
2, að konúngur skipi svo fyrir, að nú verði þegar farið að hugsa fyrir því, að stofna spítala og læknaskóla í Reykjavík, og frumvarp um það lagt fyrir alþíngi 1859.
3, að konúngur allramildilegast vilji skipa svo fyrir, að stjórnin nú þegar fari að ritast á um það við hlutaðeigandi embættismenn, hvernig bezt og haganlegast megi haga öllum tekjum spítalanna og heimtíngu þeirra, og leggi frumvarp til reglugjörðar um það fyrir alþíngi 1859.
4, að landlækninum verði falið á hendur, að lesa fyrir lærisveinum á prestaskólanum um meðferð á voveiflegum sjúkdómsatburðum, sem og yfir aðalreglurnar í hinni almennu heilnæmisfræði.
5, að konúngur allramildilegast vilji skipa svo fyrir, að fyrir alþíngi 1859 verði lagt frumvarp til tilskipunar um það, að útlærð og yfirheyrð yfirsetukona verði sett í hvern hrepp á landinu, og fái þar ákveðin árleg laun af hreppsbúum.

Reykjavík, 30. júlí 1857.

H. Kr. Friðriksson, formaður og framsögumaður. *Ó. Sívertsen. H. G. Thordersen. Jón Kristjánsson. E. Ó. Kúld".*

Framsögumaður: Eg hugga mig við það, þótt eg mæli eigi svo vel fyrir þessu máli, sem það á skilið, og treysti því, að öllum þíngmönnum muni þykja það svo áríðanda, að þeir vilji styrkja

það og styðja. Eg vil þá fyrst geta þess, að alþíngi 1855 sendi bænarskrá til konúngs um þetta mál, og vildi nefndin núna eigi breyta aðaluppástúngum þeim, sem þá var farið fram; og vildi því eigi stínga upp á neinu því, er komið gæti í bága við uppástúngur alþíngis 1855; hún hefir því haldið fast við það, að biðja um, að 7 ný læknaembætti yrði stofnuð, og að laun þeirra yrði tekin úr ríkissjóðnum, og verður þetta því, eins og allir geta sèð, einginn hnekkir fyrir spítalasjóðinn. En nefndarmenn voru og sannfærðir um, að vèr mundum aldrei geta feingið nógu marga lækna í embættin, fyr en læknaskóli yrði settur hèr í landi; reynslan hefir sýnt, að íslenzkir læknar hafa aldrei verið nógu margir í þau fáu læknaembætti, sem hèr hafa verið, og því síður mun það verða, þegar embættunum verður fjölgað; en á hinn bóginn vildi nefndin eigi mæla fram með því, að skóli þessi og spítali yrði á stofn settur, fyr en nóg fè væri fyrir hendi til þess, svo að hann færi eigi af fjárskorti þegar í byrjun í ólag og, ef til vill, kollsteyptist með öllu, og með því að þetta fè er landsins eign, þá vildi nefndin, að alþíngi gæfist síðar kostur á að segja álit sitt um þetta mál, áður en því yrði ráðið til lykta, enda þótti henni, sem það ætti eins konar rètt á því, og þess vegna hefir nefndin beðið um, að stjórnin legði frumvarp um þetta mál fyrir alþíngi 1859. Nefndin sá nú, að ef önnur tilhögun væri höfð á spítalahlutunum, þá mundi verða nóg fè til að byrja þessa stofnun 1861, og nokkuð, ef til vill, verða þó afgángs; nefndin geingur að því vísu, að spítalahlutirnir heimtast eigi fullkomlega, eins og til er ætlazt með löggjöfinni, bæði tilsk. 27. maí 1746 og konúngsbrèfi 26. maí 1824, og hefir hún tekið eitt dæmi til, um þiljuskipin, til að sýna fram á þetta, því að það hefir víst aldrei verið tilgángur löggjafans, að þau skyldi vera undanþegin öllu gjaldi til spítalasjóðanna; það er og svo tilætlazt í konúngsbrèfi 26. maí 1824, að spítalahlutir væri greiddir af hákallaveiðum, og væri nú lögin ljósari, svo að farið yrði eptir þeim í framkvæmdinni, og þessir hlutir feingist, þá mundi mikið aukast tekjur spítalanna. Nefndinni var eigi ugglaust um, að þíngmenn mundi, ef til vill, koma með þá mótbáru, að spítalinn væri að mestu fyrir Reykjavík, en eigi fyrir allt landið; en þessari mótbáru vil eg svara með hinu sama, er eg sagði við inngángsumræðu þessa máls, því, að spítalinn væri einkum stofnaður vegna kennslunnar við skólann, en kennslan er fyrir allt landið; en auk þess verð eg að geta þess, að síðan Bjarni landlæknir Pálsson var uppi, hefir hverjum landlækni þótt

spítalinn þarfur og nauðsynlegur, sem af því má ráða, að þeir hafa allir beðið um hann. Það er að vísu satt, að fleiri sjúklíngar munu sækja spítalann hèðan af suðurlandi og einkum úr Reykjavík, en annarstaðar af landinu, og væri eg því eigi svo mótfallinn, að Reykjavík, ef til vill, borgaði nokkuð í notum þess, en það er líka aðgætanda, að meir en 2 hlutar af öllum spítalaeignum eru hèr á suðurlandi; þær eru nú samtals um 21,200 rd., en í öllum hinum fjórðúngunum samtals rúmar 10,000 rd.; hið sama er að segja um spítalahlutina, er sjá má af alþíngistíðindum 1855, að þeir eru meir en helmíngi meiri úr suðurumdæminu en úr hinum báðum. Ef tillit er haft til alls þessa, þá er það eigi ósanngjarnt, þótt suðurland nyti nokkurs meiri hagnaðar af þessari stofnun, heldur en hin umdæmin. Nefndin áleit, og eg vona, að allir þíngmenn sè á sama máli um það, að nú væri kominn tími til að hugsa um þetta mál. Hið 3. uppástúnguatriði nefndarinnar er svo ljóst, að eg þarf eigi að skýra það; það munu allir verða að játa, að þessi kennsla, sem farið er fram á í uppástúngunni, getur eigi verið nein byrði á prestaskólamönnum, en ef fjölgar þeim prestum, er numið hafa þessar lækníngar, þá getur það orðið að miklu liði fyrir alla alþýðu manna, t. a. m. ef menn drukkna, eður slasast, beinbrotna, eða hönd eða fótur geingur úr liði, o. s. frv., en sem læknar eigi geta hjálpað almennt, enda þótt læknir yrði í hverri sýslu, vegna þess, að ávallt yrði svo lángt til hans að sækja úr meiri hluta sýslunnar, að hjálp hans kæmi um seinan. Í 4. uppástúnguatriði nefndarinnar er farið fram á, að fjölga yfirsetukonum svo, að ein verði í hverjum hrepp, en nefndin áleit, að þessu yrði eigi framgeingt, nema því að eins að menn gæfi þeim von um einhvern styrk til að lifa við, þegar þær væri búnar að læra; nefndin vildi samt, að þessi styrkur skyldi vera nokkuð misjafn eptir því sem hrepparnir væri misstórir; en það mætti nú segja á móti þessu, að því stærri sem hreppurinn er, því meiri aukaborgun feingi yfirsetukonurnar, en nefndinni þótti þetta þó eigi næg ástæða til þess, að styrkurinn eður launin skyldi vera jöfn, því að borgunin verður þó jafnan lítil í samanburði við það, hve kvöðin er miklu meiri í hinum stóru hreppunum; nefndin áleit þó, að hún yrði að hafa nokkra hliðsjón af borguninni, og fór því nokkurs konar meðalveg, með því hún ákvað mismuninn eigi meiri en 10 rd., eða frá 20 til 30 rd. Til alþíngis 1847 komu ýmsar bænarskrár um þetta efni, og það fórst þá fyrir, að rita bænarskrá um þetta atriði, því að þá lá frumvarp hjá stjórninni frá landlækninum, sem þá var; en

það var eigi fyrst 1845, að landlæknir *Thorsteinsen* stakk upp á þessu máli, heldur 1823, en ekkert hefir enn komið út af öllu þessu, nema tómar brèfaskriptir fram og aptur; þess vegna ber fulla nauðsyn til þess, að alþíngi skerist í þetta mál, svo að því verði framgeingt, og landsmönnum verði að nokkru leyti borgið. Þetta var það hið helzta, er eg vildi taka fram, og treysti eg því, að þíngið muni gjöra góðan róm að svo umvarðanda máli.

G. Brandsson: Það sannast hèr, að ekki ber allt upp á einn daginn; eg man til þess, að á alþíngi 1855 bar hinn heiðraði *varaforseti* upp sömu uppástúngu, sem nefndin hefir nú komið fram með, í tilliti til læknaskólans og sjúkrahússins, en þá þóknaðist þínginu að fella hana með 13 atkvæðum gegn 4; eg styrkti þessa uppástúngu þá og eins vil eg gjöra nú, því mèr finnst hina sömu nauðsyn bera til þessa enn þá, eins og þá var. Nefndin hefði gjört vel, ef hún hefði farið leingra út í spítalahlutina, og bæði bent á, hvernig þeir yrði auknir, og eins hitt, hvernig allri tilhögun og ráðstöfun þeirra yrði hagað til meiri ábata fyrir spítalasjóðinn. Nú er spítalahluturinn að eins greiddur af fiski þeim, sem aflast á róðrarskipum og bátum, og fugli að nokkru leyti; en nefndin hefir bent til þess, að spítalahlutur yrði líka goldinn af þiljuskipum, og þykir mèr það vel til fallið; en mèr finnst þá líka, að nefndin hefði átt að athuga það, hvernig uppboðum spítalahlutanna er háttað; það er svo mælt fyrir í tilskipun frá 27. maí 1746, að hver sýslumaður skuli selja hlutina í sinni sýslu, þegar fiskurinn sè þurr orðinn, og eigi þeir ekkert að fá fyrir það ómak sitt, enda mun það hafa við geingizt híngað til; nú hefir bæjarfógetinn í Reykjavík haldið uppboð á spítalahlutunum í Gullbríngusýslu víst í tvö eða þrjú undanfarin ár, og hafa menn sèð í „Tíðindum um stjórnarmálefni Íslands“, að hann hefir farið þess á leit við stjórnina, að hann feingi borgun fyrir uppboðshaldið. Sýnist þetta þó vera fyrirhafnarlítið, þar sem hann þarf ekki að ferðast til þessa frá heimili sínu, hvað þó hefir átt sèr stað um suma sýslumenn. Mèr finnst nú, að þetta uppboð ætti hreppstjórar að hafa, þeir eru svo vanir því, hvort sem heldur er, að gjöra allt eða flest fyrir ekki neitt, og svo hafa þeir mest fyrir spítalahlutunum, því þeir semja alla listana yfir þá; eg held og, að fiskurinn mundi seljast betur, ef hver hreppstjóri væri látinn bjóða hlutina upp í sínum hrepp, og að þeir stæði síðan skil af andvirðinu til sýslumanns síns, hver síðan kæmi því inn í spítalasjóðinn; það kynni og að mega

spara fleirri gjöld, er hvíla á spítalasjóðnum, t. a. m. sumt það, sem geingur í ómakslaun, o. s. frv.

Nefndinni þótti eingin von til þess, að landlæknirinn hefði tekið menn til kennslu, þótt verja hefði mátt 200 rd. til þess úr jafnaðarsjóðnum, og bar það fyrir, að hann hefði of mikið að gjöra; en þó ætlar nefndin honum að vera bæði yfirkennari við læknaskólann, og þar að auki að kenna við prestaskólann; hún hefir reyndar getið þess, að læknir kynni að verða settur honum til aðstoðar í Keflavík; það kann nú að verða dálítill lèttir, en þó held eg það sè varla teljanda, því ferðir landlæknisins þángað hafa ekki verið svo miklar híngað til, að þær hafi gjört honum stórvægilegar tafir, svo mèr sýnist nú þetta vera nokkuð hvað á móti öðru. Viðvíkjandi uppástúngu nefndarinnar um yfirsetukonurnar vil eg geta þess, að þó mèr þyki hún að öðru leyti góð, þá þykir mèr samt, að nefndin hafi ekki haft nóg tillit til stærðar hreppanna, þar sem hún tiltekur laun þeirra frá 20 til 30 rd., því það er mikill munur á, hversu margir menn eru í hverjum hrepp, hvort það eru til dæmis 100 eða 1400 manns, því svo er mikill munur á fólkstölu í hreppum sumstaðar; hèr í Reykjavík eru t. a. m. tvær yfirsetukonur, sem hafa 50 rd. hvor, og þó þurfa þær ekki annað en gánga hús úr húsi, en í hinum stærri hreppum verða yfirsetukonur að ferðast lángar leiðir. Mèr finnst menn hljóti að segja um þenna mismun á laununum, að hann sè bæði of mikill og oflítill, nefnilega að í stærstu hreppunum verði borgunin of lág, en í hinum minnstu of há; dæmið, sem eg tók af ljósmæðralaununum hèrna í Reykjavík, held eg sanni þetta, og fyrir því hefði mèr fundizt rèttara, að launin væri ákveðin frá 10 til 40 rd., eður jafnvel frá 5 dölum til 40 rd. Það þykir mèr sanngjarnt, að hrepparnir borgi ljósmæðrum sínum, því þó hreppstjórarnir hafi eingin laun, þá getur sú ósanngirni aldrei verið ástæða til að fara eins með yfirsetukonurnar. Hinn heiðraði *framsögumaður* óttaðist fyrir þeirri mótbáru gegn læknaskóla og spítala í Reykjavík, að menn mundi álíta, að Reykjavík ein hefði gagn af þessu; þá verð eg að segja, að mèr hefir aldrei dottið slík mótbára í hug, því bæði skólinn og spítalinn eru einkanlega til þess að kenna mönnum læknínga, en þaðan eiga læknarnir að koma út um allt landið. Þá sagði hinn heiðraði *framsögumaður,* að spítalahlutirnir kæmi mestir hèr af suðurlandi; þessu neita eg ekki, en menn verða líka að gæta þess, að híngað koma útróðrarmenn bæði að norðan og vestan, og af fiskihlutum þeirra er spítalahluturinn tekinn allt eins og Sunnlendínga.

J. Hávarðsson: Eg er ekki vanur að vera margtalaður hèr á þíngi, og skal eg heldur eigi vera það í þessu máli; eg er ekki mótfallinn máli þessu að efninu til, því það er hæst nauðsynlegt; það er einúngis niðurröðunin á niðurlagsatriðunum, sem eg kann ekki vel við, og vildi hafa breytt á þann veg, að 2. niðurlagsgreinin yrði sú 1., hin 3. yrði 2., hin 4. sú 3. og hin 5. yrði sú 4., en hin 1. aptur yrði sú 5.; ástæða mín fyrir þessari niðurröðun er sú, að á alþíngi 1855 var beðið um 1. niðurlagsgreinina og þá að eins til bráðabyrgða; en nú er fyrst beðið um öll hin atriðin og þau eiga að standa um aldur og æfi; að sönnu finnst mèr og 1. niðurlagsgreinin ekki vera svo umfángsmikil nè margbrotin, að það hefði eigi mátt vera búið að koma henni í kríng núna eptir 2 ár, þar kostnaðinn til þess átti að taka af landsins efnum, og því fannst mèr vel hlýða að senda stjórninni bendíngu um það, að flýta sem fyrst þessu mikilsvarðanda málefni, og það er full ástæða að þíngið gjöri þetta, af því mönnum finnst, að framkvæmdinni seinki of mjög; af þessu er það, að mèr finnst full ástæða til að breyta svona niðurröðuninni, enda fannst mèr hinn heiðraði *framsögumaður* hafa fylgt þessari niðurröðun, er eg stíng upp á, í ræðu sinni, af því hann innvortis með sèr hefir fundið hana rètta.

E. Ó. Kúld: Eg veit ekki, hvort eg muni verða mjög mótfallinn fyrir mitt leyti þeirri niðurröðun, er hinn heiðraði þíngmaður Suður-Múlasýslu vildi hafa á niðurlagsatriðunum, því mèr finnst það í sjálfu sèr ekki annað en orðabreytíng. Það gladdi mig stórlega, að heyra hinn heiðraða þíngmann Gullbríngusýslu gefa nefndarálitinu svo góðan vitnisburð, og vera því svo meðmæltan, sem hann þó í rauninni var í öllu aðalefni málsins; hann fann það einúngis til, að nefndin hefði farið of stutt út í tilhögun og meðferð á spítalahlutunum; eg get þó ómögulega verið hinum heiðraða þíngmanni samdóma í þessu, vegna þess að það að miklu leyti lá fyrir utan verkahríng nefndarinnar, að rannsaka þetta efni, þess vegna lèt nefndin sèr nægja að benda stjórninni til þiljuskipanna, til þess einúngis að taka eitt dæmi af mörgum; það bar heldur einga nauðsyn til að fara lángt út í þetta efni, þar sem nefndin hefir einúngis beðið um, að stjórnin legði frumvarp um þetta fyrir alþíngi 1859. Hinn heiðraði sami þíngmaður var nefndinni samdóma um nauðsynina til að fjölga yfirsetukonum, og eins um það, að þeim væri gefin nokkur laun; en honum þótti of lítill munur gjörður á launaupphæðinni, og vildi hann láta hann vera frá 5 rdl. til 40 rdl.; hann vildi þá bjóða

yfirheyrðri ljósmóður eina 5 rdl. í laun; eg vildi sannarlega hafa óskað, að þetta vanvirðuboð hefði aldrei komið fram af vörum hins heiðraða þíngmanns, með því það ber og heldur einga nauðsyn til þess, að tiltaka svo sárlítil laun, því það er einginn hreppur svo aumur, að hann geti eigi látið meira af hendi rakna, þar sem svo mikið liggur við. Það getur vel verið, að stjórnin aðhyllist eigi þessa uppástúngu nefndarinnar, og þíngið gjöri það heldur ekki, en eg fyrir mitt leyti er samþykkur nefndinni í því, að hún hafi gjört rètt í því að ákveða eigi meiri mismun, en hún gjörði. Þá var hinn heiðraði þíngmaður nefndinni samdóma í því, að spítalinn væri ekki fyrir Reykjavík eina, heldur í raun rèttri fyrir allt landið, og styrkti hann það, sem nefndin og hinn heiðraði *framsögumaður* hefir sagt um þetta atriði; en eg vil leyfa mèr að taka fram enn eitt atvik því til sönnunar, að það sè mest nauðsyn á, að hafa spítalann í Reykjavík og að hann sè þó jafnframt fyrir allt landið; það er frjálsa verzlunin, er eg á við; híngað koma flestir útlendir menn, og með þeim kunna opt að flytjast sjúkdómar inn í landið; þess vegna er full nauðsyn á, að hafa hèr spítala til að taka þángað sjúklínga, svo að sjúkdómarnir breiðist ekki út um landið; eg get einnig bætt því við, að híngað eru ferðalög mest alstaðar frá úr landinu, og er það því í öllu tilliti bezt, að spítalinn sè hèr settur. Það þykir mèr gleðilegt, að allir þíngmenn vilja láta kenna læknum hèr á landi, enda hugsa eg, að flestum megi þykja það auðsætt, að kennsla hèr í landi er affarabezt, og gæti eg tekið mörg dæmi að vestan, ef eg vildi, þessu máli til sönnunar.

G. Brandsson: Hinn heiðraði varaþíngmaður Snæfellínga hefir víst gleymt ræðu minni eða misskilið hana; það var aldrei bein uppástúnga mín, að laun yfirsetukvennanna væri ákveðin 5 til 40 dala, og eg hefi ekki verið neitt fastur á því, heldur að þeim væri borgað eptir fyrirhöfninni, sem þær hafa og eptir því sem þær ynni til, þetta var einúngis dálítið bendíngaratriði til nefndarinnar; þar sem hinn sami heiðraði þíngmaður sagði, að það hefði legið fyrir utan verkahríng nefndarinnar að fara að gjöra nýjar uppástúngur um spítalahlutina, þá held eg þó, að hún hafi gjört þær í tilliti til þiljuskipanna; hann sagði, að beðið væri um frumvarp, hvar í allt þetta gæti orðið tiltekið miklu nákvæmar en núna; það er gott, og því betra, að stjórnin er beðin að skrifast á um þetta við alla embættismenn landsins; en eg held, að bæði henni og þeim mætti koma vel, að fá sem flestar bendíngar frá þínginu um þetta mál; því yrði þá ekki

kennt um seinna, að slíkt frumvarp væri að öllu leyti sprottið af útlendri rót; vèr vitum hvernig frumvörpum stjórnarinnar í sumum málum reiðir af; vèr þekkjum nú, hvernig það gekk með frumvarpið til sveitastjórnarinnar, og vèr þurfum ekki leingra að fara en til vegabótamálsins núna á þessu þíngi; því þau mörgu breytíngaratkvæði, sem komin eru fram við það, sýna bezt, hversu undirbúníngur þess hefir verið ófullkominn; það væri því, eptir því sem eg held, allrabezt, að bendíngaratriðin kæmi strax sem flest, til þess málið mætti þess minni hrakníngum seinna.

M. Andrèsson: Áður en eg tala neitt um efni þess máls, sem hèr er nú til umræðu, eða nefndarálit það, er nýlega var lesið, skal eg leyfa mèr að geta þess, að þegar eg ferðaðist á þetta þíng, hafði eg ásett mèr — og það eptir ósk og áskorun kjósenda minna — að bera fram uppástúngu eða bænarskrá til þíngsins viðvíkjandi læknamálinu, ef eingin bænheyrsla kæmi frá stjórninni um betri læknaskipun hèr á landi, en þegar eg hafði lesið hina konúnglegu auglýsíngu frá 27. maí þ. á., sleppti eg þessu áformi, því eg mat svo mikils þau orð konúngs vors í auglýsíngunni: „að læknamálið sè nú svo vel á veg komið, að líkindi sè til, að því verði ráðið til lykta, áður lángt líður, og að stjórnin muni róa að því öllum árum“. Það getur nú verið, að þetta komi af því — hvað mig snertir —, að „eg trúi öllu og vona allt“, eins og menn segja í daglegu tali; í hið minnsta sè eg það, að hinn háttvirti þíngmaður Reykvíkínga hefir ekki lagt eins mikla þýðíngu og eg í þessi áminnztu orð, er í auglýsíngunni standa, því þá hefði hann ekki komið með þær miklu og mörgu uppástúngur í læknamálinu, sem hann hefir borið upp á þínginu; en eg ætla nú ekki að finna að því, að hann hreifði þessu máli, hefði hann gjört það að öllu leyti í sömu stefnu, sem þíngið 1855 fór fram á, og ekki farið mörgum fetum leingra, því þá hefði það má ske verið til þess að *flýta* fyrir málinu, en vegna þess, að þetta nefndarálit, sem nú ræðir um, inniheldur mikilvægar uppástúngur, sem ekki var farið fram á í þessu máli 1855, og sem eg óttast fyrir — ef þær fá framgáng á þínginu — að verði málinu til *fyrirstöðu* hjá stjórninni, þá ætla eg að fara nokkrum orðum um nefndarálitið og niðurlagsatriði þess, eptir þeirri röð, í hverri þau standa, ef mèr tekst að muna þau rètt.

1. niðurlagsatriði nefndarinnar er mèr að öllu leyti geðfellt, og það svo, að eg hefði jafnvel óskað, að ekkert annað bænaratriði væri í þetta sinn tekið til greina af þínginu, því þar er einúngis beðið

um að *flýta* málinu sem mest er unnt; þó vil eg geta þess, að undir tölul. 1. staflið *a* sakna eg þess *vara*-bænaratriðis, sem stóð í bænarskrá til konúngs 1855, og því getur verið, að eg komi með viðaukatkavæði í þá stefnu, þó eg sè ekki alráðinn í því, enn sem komið er.

Eg er að öllu leyti samþykkur nefndinni í því, sem hún tekur fram undir tölul. 1. stafl. *b*. um styrk til þeirra stúdenta, sem tæki fyrir sig að nema læknisfræði.

Það, sem nefndin undir tölul. 2 ræður þínginu til, að biðja um, er eg hræddur um að ekki svari til þess kostnaðar, sem slík stofnan útheimtir, það er nefnilega læknaskóli og sjúkrahús í Reykjavík. Hvað læknaskólann snertir, er það ætlun mín, að hann yrði næsta þýðíngarlítill, fáir lærisveinar og ekki full-lærðir; það hefir hèr á þínginu verið gjörð sú áætlun um lögfræðíngaskóla, ef hann yrði hèr stofnaður, að ekki mundi þar læra meir enn 2 eða mest 3 á ári að jafnaðartali, því af þeim 8 stúdentum, sem ætla mætti að á ári hverju kæmi út frá lærða skólanum, mundu að líkindum 3 leggja fyrir sig guðfræði, 2—3 sigla, og þá er fátt eptir, en hvað þá? ef þessum er skipt í 4 staði, og læknisfræðinni bætt við, þá verða fáir í hlut; svo er eg einnig óttasleginn fyrir því, að á þeim skóla yrði einginn meir enn hálflærður, vegna þess að hèr mundi vanta þann spítala, sem nokkurt verulegt gagn væri í, en allir vita, að sú æfíng, sem kandidatar, er lesa læknisfræði erlendis, fá við það að gánga á spítalana, dregur þeim drjúgast. En ef þeir ætti að læra hèr fyrst læknisfræði og svo þar á eptir sigla til að verða fullnuma í þeim lærdómi, þá mundi fara að verða nær um kostnaðinn. Sama er um spítalann að segja, eg held hann yrði næsta þýðíngarlítill, nema má ske fyrir Reykjavík eina, og þó get eg allvel trúað því, að margur sá af Reykjavíkur innbúum, sem yrði veikur, væri heldur kyrr í sínu eigin húsi, en að leggja sig á spítalann, en úr fjarlægum sveitum mundi varla nokkur maður vera fluttur þángað, allra sízt úr því að kominn væri læknir í hverja sýslu; svo mikið er talað um það, hvað dýrt sè að lifa í Reykjavík, og það af hennar eigin innbúum, að varla munu margir, ef hjá því geta komizt, flytja sig þángað.

Þar sem nefndin vill biðja um frumvarp, er lagt verði fyrir næsta þíng, um betri tilhögun og fyrirkomulag á eigum spítalanna, er eg henni ekkert mótfallinn, því það er nauðsynlegt og áríðanda, að tekjur þeirra ekki rýrist í meðferðinni.

Um lækníngakennslu þá á prestaskólanum, sem nefndin undir

tölulið 4 tekur fram, veit eg varla hvað eg á að segja; mèr kemur helzt til hugar þetta: mig gildir einu, hvort hún er af eða á; svo lítil og ófullkomin kennsla mundi verða að litlum notum; eg vil samt spyrja hinn heiðraða *framsögumann,* hvort nefndin hefir ætlazt til, að landlæknirinn gjörði þetta ókeypis án launahækkunar, því sè svo þá má segja: „gott er allt gefins"; en eg ímynda mèr, að nefndin muni í hið minnsta hafa ætlazt til, að hann feingi góð daglaun; því kennslutíminn svarar þó nokkuð meir en einum sólarhríng hvert ár. Ef nú svo tækist til, að prestaskólastúdentar hefði ekki lyst til að veita athygli fyrirlestrum hans, — því þeir mega halda fyrir eyrun, ef þeir vilja — þá mundi ekki af þessu fljóta nokkurt verulegt gagn.

Hvað yfirsetukonurnar snertir, er eg nefndinni öllu heldur samdóma; það er sannarleg nauðsyn, að þeim sè fjölgað, og það svo, að 1 sè í hverjum hrepp; laun þeirra, eptir því sem nefndin stíngur upp á, eru að vísu ekki há, en þó gjöra þau, yfir höfuð að tala, mikla útgjaldahækkun. Á landinu eru 167 hreppar, og ef hver þeirra ætti að meðaltali að greiða til yfirsetukvenna 25 rdl., sem er mitt á milli 20 og 30 rdl., er nefndin hefir stúngið upp á, þá aukast við þetta útgjöld landsbúa um 4175 rdl., og líti maður til einstakra hreppa, þá verða þetta tilfinnanleg útgjöld á sumum þeirra, t. a. m. eru 6 hreppar á landinu, sem hafa færri en 10 búendur, ætti hver þessara hreppa að greiða yfirsetukonu sinni 20 rdl., þá er þetta ekki lítil útgjaldahækkun á hverjum þeirra; hefði nefndin, í niðurlagsatriði, tekið fram það, sem hún í nefndarálitinu stíngur upp á, um laun yfirsetukvenna, þá hefði eg má ske gjört við það breytíngaratkvæði, en þess gjörist ekki þörf, einkum þess vegna, að nefndin ætlast til, að þíngið biðji um frumvarp í þessu máli, er lagt verði fyrir alþíngi 1859, og þá er tími til að lagfæra ójöfnurnar.

Yfir höfuð að tala held eg nefndin hefði gjört bezt, að fara ekki leingra út í þetta mál, eða biðja um fleira, en þíngið gjörði 1855, allrasízt að biðja um læknaskóla og sjúkrahús hèr í Reykjavík, sem hefir ærinn kostnað í för með sèr; eg er hræddur um, að slíkt verði læknamálinu til fyrirstöðu, því stjórnin mætti hugsa, að eins og þetta þíng færi fram á annað og fleira en beðið var um 1855, svo mundi þíngið 1559 koma með nýjar bænir, og væri því bezt að fresta úrslitum málsins fyrst um sinn.

Mèr virtist nokkur mótsögn í nefndarálitinu og ræðu hins háttvirta *framsögumanns;* nefndin álítur bezt að stofna læknaembættin fyrst, svo að þeir, sem tæki fyrir sig að lesa læknisfræði, ætti viss-

an atvinnuveg að af loknu lærdómsprófi, en *framsögumaður* — hafi eg tekið rètt eptir — vill heldur, að læknar verði fyrst skapaðir, ef eg mætti svo segja, og embættin síðar; þetta veit eg ekki hvernig getur samrýmzt hjá nefndinni; eg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta mál að þessu sinni.

J. Hávarðsson: Mèr fannst þeim heiðraða þíngmanni frá Snæfellsnessýslu finnast öllu eðlilegri sú niðurskipun, sem eg vildi hafa á niðurlagsgreinunum, en hann sagði samt það væri lítil orðabreytíng, og fannst mèr liggja í þeim orðum, að ekki væri að stóla upp á, að hann eður nefndin mundi taka þetta til greina, og því ætla eg að leyfa mèr að taka um það breytíngaratkvæði eins og eg hefi orðað það áður, að önnur niðurlagsgrein í nefndarálitinu verði sú fyrsta og hinar næstu á eptir, sú 3., 4. og 5. verði að 2., 3. og 4., en sú 1. í nefndarálitinu verði að hinni 5. grein; eg ætla enn fremur að taka mèr fleiri breytíngaratkvæði. Í 2. grein nefndarinnar stendur, að konúngur vor fari að hugsa fyrir því að stofna spítala og læknaskóla í landinu, sá heiðraði *framsögumaður* hefir nú sýnt fram á, að það er lángt síðan að farið var að hugsa um þessa stofnun; það er líkast, að því nú sè kominn tími til að fara að stofna skólann, því þó farið verði að venda að því strax, að koma skólanum á, þá er nefndin og *framsögumaður* búinn að sýna frám á, að einasta verður leyfið komið 1861, og þá gánga 1 eða 2 ár til að byggja skólann, og eptir þann tíma verður fyrst farið að kenna í honum, og þeir, sem fyrst verða útskrifaðir úr honum, verða það ekki fyr en 1866 eða 67, — en af því þetta dregst svo mjög, þá ætluðust menn til 1855, og eg held enn, að þángað til lærði nokkrir við háskólann til að bæta úr mestu þörf landsmanna, og vildu í því skyni veita þann styrk úr jafnaðarsjóðnum. Í 5. grein nefndarinnar stendur svo, að konúngur vilji svo fyrirskipa, að fyrir alþíngi 1859 verði lagt frumvarp til tilskipunar um það, að útlærð og yfirheyrð yfirsetukona verði sett í hvern hrepp í landinu. Mèr finnst eins og eiga að grípa þær úr loptinu, þar ekkert er talað um, að þær eigi að fá uppfræðíngu, sem þó ætti fyrst að tala um. Eg held því, að greinin ætti að orðast öðruvísi, t. a. m. á þessa leið, að konúngur vilji skipa svo fyrir, að fyrir alþíngi 1859 verði lagt frumvarp til tilskipunar um það, að svo margar efnilegar konur fái kennslu í yfirsetukonufræði, að sín geti orðið sett í hvern hrepp í landinu, og fái þar ákveðin laun af hreppsbúum, og í þessa stefnu ætla eg að taka mèr breytíngaratkvæði.

P. Sigurðsson: Eg ætla nú einúngis að vera fáorður; eg hefi

lýst því yfir áður, að eg er á stefnu nefndarinnar í öllum höfuðatriðum. En það er og hefir verið ávallt mín sannfæring, að þá fyrst yrði verulegt gagn að læknunum hèr, þegar að kennslan færi fram í landinu sjálfu, og er einkum með því, að stjórnin verði beðin um frumvarp til þessa máls, þegar mönnum þætti efni spítalasjóðanna orðin nægileg. Þessi efni eru lítil, en menn vona þau aukist nokkuð með ári hverju. Að öðru leyti ætla eg ekki mikið að hreifa smáatriðunum í nefndaruppástúngunum. En eg vildi þó lauslega geta þess, er snertir efnið um yfirsetukonurnar, ekki einúngis, hverjir skuli gjalda eða hvað þeim skuli goldið; en það er einkum eitt, sem mèr finnst að nefndin hafi gleymt að taka vara á, og það er það, að hún hefir ekki skuldbundið yfirsetukonurnar til, að hver um sig af þeim verði að vera búsett í sínum hrepp, þegar nefndin vill, að hver hreppur launi einni, því eptir nefndarálitinu geta þær flutt þrjár og fjórar saman til eins og sama hrepps, en þá kynni svo að verða, að eingin yrði í sumum hreppunum; mèr sýnist nú, að nefndin hefði átt að gefa einhverja ákvörðun í þessu efni. Eg er líka óráðinn að samþykkja þetta hreppagjald til þeirra að svo kommu, þó að eg eingan veginn neiti því, að æskilegt væri, að þær gæti feingið einhverja þóknun í launaskyni. Hvað snertir hospítalshlutina, þá hefir því verið hreift hèr, að betur mætti fara með þá, en kann ske sumstaðar er gjört; en hvað sem því líður, þá vil eg vekja máls á einu atriði, sem verulega snertir þetta mál, og það er um fyrirkomulagið á Vestmanneyjum með hospítalshlut, er þar aflast, og hafði eg líka ásett mèr, að koma fram með uppástúngu hèr á þínginu um þetta efni; en þegar eg heyrði, að landlæknir vor ætlaði að koma hèr með uppástúngu um lækna og spítala, þá áleit eg málefni þetta heyra þar undir. Í Vestmannaeyjum er einginn hospítalshlutur goldinn til spítalanna, heldur rennur hann inn í sveitarsjóð eyjamanna; en eg segi ekki, að þeir kunni ekki að hafa nokkurn rètt til þessa, því eg ímynda mèr þeir hafi konúngsúrskurð fyrir því, á móti því þeir annist sjálfir sína spítalalimi, þar eð þeir ætti ekki gott með, sökum fjarlægðar, að koma þeim á spítala landsins, og það því yrði þeim örðugt að nota sèr af spítölunum, en það var þó ekki örðugra fyrir þá en suma aðra, sem það var gjört að skyldu að greiða hlut þenna; en það er mönnum kunnugt, að svo var skipað fyrir með konúngsúrskurði 12. ágúst 1848, að spítalar landsins skyldi leggjast niður, en tekjum þeirra safna í sjóð, en hreppi hverjum var gjört að skyldu, að annast sína holdsveiku þurfamenn. En

eyjamenn gjalda eingan spítalahlut af sínum eigin skipum, og sama er að segja um skip þau, er róa í eyjunum, og sem þó eru komin ofan af landi, að allur sá hospítalshlutur er þar lagður til sveitarsjóðs, en nú sýnist rèttast vera, að hospítalshlutir þeir, sem til falla á Vestmannaeyjum, verði framvegis lagðir til þess almenna spítalasjóðar. Og þótt nú eyjamenn hafi konúngsúrskurð fyrir þessu, þá ætla eg samt, af þessum fyrtöldu ástæðum, að taka mèr viðaukaatkvæði, að þessi ákvörðun sè numin úr lögum, og þeir gjaldi spítalahlut til sömu stofnunar og aðrir. Eg vildi geta þessa, til þess stjórnin gæti gjört þær ráðstafanir, er henni þætti við eiga, áður en þetta mál kæmi undir álit alþíngis.

Framsögumaður: Það hafa nú ýmsir talað um þetta nefndarálit, og finnst mèr, að allir hafi stefnt að hinu sama, fremur að greiða fyrir því og styrkja, nema hinn heiðraði þíngmaður Árnessýslu; því að hans hjálp tel eg sem einga hjálp. Hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu talaði mikið um, að það vantaði í álit nefndarinnar uppástúngur um, hvernig bezt verði lagaðar og auknar tekjur spítalanna; það er nú líka satt, að nefndin hefir ekki tekið þetta fram, en það þóttist hún hvorki fær um í þetta sinn, nè heldur átti það við, að hún gjörði það *núna;* nefndin vissi líka, að ýmsar uppástúngur um þetta atriði voru áður gjörðar, og þær mundi koma til umtals á þínginu 1859, þegar málið kæmi aptur frá stjórninni, og þá mundi það varla falla vegna breytíngaratkvæðanna, sem yrði gjörð við það, því að málið væri eigi svo margbrotið í eðli sínu. Þar sem hinn heiðraði þíngmaður bar það upp á nefndina, að hún hefði sagt, að svo fáir mundi læra hjá *landlækninum* vegna embættisanna hans, þá er það ekki rètt hermt, því að það hefir nefndin aldrei sagt, heldur að læknar yfir höfuð mundi eigi hafa tíma til þessarar kennslu og þar á meðal þá landlæknirinn líka. En þar sem honum þótti það mótsögn, að nefndin hefði sagt þetta, en vildi þó láta hann kenna á læknaskóla, þá hefir hann ekki gáð að því, að það er mikill munur, hvort landlæknirinn á einn að kenna læknaefnum, ellegar að það er fastur kennari annar líka, sem einúngis hefir þann starfa á hendi að kenna við skólann; auk þessa mundi og nokkuð lètta önnum á landlækninum, ef læknir feingist í Keflavík, og þegar þetta er tekið til greina, þá held eg mótsögnin verði ekki svo mikil. Þá þótti hinum sama heiðraða þíngmanni laun yfirsetukvennanna eigi rèttilega metin eptir stærð hreppanna, og vildi jafnvel setja laun þeirra 5 dali í minnstu hreppunum. Eg vil nú eigi þræta um

það, að nefndin hafi hitt hinn rètta meðalveg í þessu efni, og það getur vel verið, að það mætti vera 15 dalir í hinum smæstu hreppunum, en naumast minna, eigi það nokkur upphvatníng að vera. Þá sagði og sami þíngmaður, að eg í fyrri ræðu minni hefði komizt í mótsögn við nefndarálitið og sagt, að mismunurinn væri í raun rèttri oflítill, en það sagði eg ekki, heldur að mismunurinn væri of lítill, ef einúngis væri litið á kvöðina, og þótti nefndinni, sem launin mætti vera því minni, sem þær feingi meira fyrir starfa sinn, og enda þótt að svo sè, að í þeim hreppunum, sem fólksmergðin er mest, þar sè líka á stundum fátæktin mest og yfirsetukonurnar því að tiltölu fái þar minna fyrir starf sitt, heldur en í hinum fámennari hreppunum. þá verða þar þó fleiri, sem borga, þótt hjá sumum verði lítið, og til alls þessa þóttist nefndin hafa tekið tillit Eg þykist eigi þurfa að svara honum fleiru, því að öll ræða hans laut mest að uppástúngum um það, hvernig auka mætti spítalatekjurnar, og um þær þótti nefndinni nógur tími að hugsa, þegar frumvarpið kæmi frá stjórninni.

Hinn heiðraði þíngmaður Suður-Múlasýslu sagði sèr þætti óviðkunnanleg niðurröðunin á niðurlagsatriðum nefndarinnar; mèr finnst það nú gjöra lítið til, í hvaða röð atriðin eru sett, þó hefi eg ekkert á móti breytíngunni, ef 1. atriðið kæmi í nokkurn bága við hinar uppstúngurnar; en það er það, sem eg ekki get fundið, því að fyrst að það var beðið um fjölgun á læknum 1855, þá er eðlilegast að setja þá bænina fyrsta nú, með því eg hvergi finn í bænarskrá alþíngis 1855, að það hafi verið beðið um læknafjölgunina til bráðabyrgða, heldur einúngis um þenna aukastyrk handa þeim, sem stundaði læknisfræði við Kaupmannahafnarháskóla, enda stendur í uppástúngu nefndarinnar núna um það efni: „fyrst um sinn“. Hinn heiðraði þíngmaður Rángvellínga fann það að, að nefndin eigi hefði skuldbundið yfirsetukonurnar til að vera í sama hrepp alla æfi sína; ef hún ekki vill sjálf vera í hreppnum, þá verður hreppurinn að bera það eins og annan kross og mótlæti að missa hennar, og reyna til að fá sèr aðra, enda yrði hún og þá að missa laun þau, sem hún hefði haft af hreppnum. Hinum heiðraða þíngmanni Árnesínga geingu mjög í augu orð auglýsíngarinnar, að læknamálinu eptir bæn alþíngis 1855 væri svo vel á veg komið, og honum þótti nefndin ekki hefði gjört nógu mikið úr þessum loforðum, en eg játa, að eg fyrir mitt leyti gjöri nú ekki svo mikið úr þess konar loforðum frá stjórninni, og þar sem sagt er í auglýsíngunni í íslenzkunni, að stjórnin rói að því öllum árum, þá er það allt öðruvísi orðað í dönskunni, og vel getur

verið, að ekki sè róið jafnt á bæði borðin, svo að allt snúist í hríng; og því þótti nefndinni ekki bein ástæða til að sleppa 1. atriðinu fram hjá sèr, en hann saknaði varauppástúngu alþíngis 1855, en það var alls einginn söknuður fyrir nefndina að missa þeirrar uppástúngu, því hún hefði einmitt komið í bága við hinar uppástúngurnar, en allt um það er alls eigi loku fyrir skotið, ef tekjum spítalanna og heimtíngu þeirra verður komið í haganlegt og gott horf, að þá verði nokkuð afgángs til að launa læknum, ef á þarf að halda, en eg get ekki ímyndað mèr, að stjórnin ætli sèr að fleygja upp á spítalasjóðina bæði kennslu læknaefnanna og launum þeirra á eptir, því að það væri mjög svo ósanngjarnt. Hann var og mjög efablandinn um not spítalans, því að hann yrði eigi nema fyrir Reykjavík eina, og jafnvel mundi fáir þaðan leggjast inn á hann; hann er bæði gamall og reyndur og því að líkindum betri spámaður en eg; en það mun fara fyrir þessari stofnan eins og fyrir hverri annari, að hún muni eigi verða notuð í fyrstu eins vel og mætti, en því meir, sem hún yrði eldri; en þessi spítali verður eigi einúngis fyrir Reykjavík, heldur fyrir allt landið, þar sem aðalaugnamiðið er að lètta og fullkomna kennsluna; enda mundu og svo margir veikir leggjast inn á hann, að lærisveinar mundi hafa töluverð not af, og ef Bjarna heitnum Pálssyni þótti þörf á spítala um 1770, þá væri það ekki síður nú, enda þarf ekki lángt að sækja dæmi þess, að aðrir en Reykvíkíngar mundi hafa not af spítalanum; það þarf ekki leingra að fara en til mannanna, sem kólu á Mosfellsheiði í vetur. Eg er sannfærður um, að þeir hefði tekið til þakka, ef einhver spítali hefði verið, sem þeir hefði getað lagt sig inn á hèr í Reykjavík. Þar sem hinn heiðraði þíngmaður sagði, að kennslan yrði ónóg hèr í Reykjavík eða rèttara sagt, eigi fullnóg, og getur því eigi stutt málið, þar sem öllum spítalasjóðunum yrði til þess varið, þá verð eg að svara honum því, að þeir, sem lærðu hjá Bjarna heitnum Pálssyni, þóttu hæfir læknar á sinni tíð, og eg hefi aldrei heyrt, að Jón læknir Pètursson hafi verið talinn ónýtur læknir, og lærði hann þó hjá honum einum, og hefir líklega ekki haft aðra sjúklínga undir höndum, meðan á lærdóminum stóð, heldur en þá, er honum gafst færi á að sjá hjá honum. Þá þótti hinum sama heiðraða þíngmanni það að nefndarálitinu, að eigi væri tiltekið, hvort landlæknirinn ætti að lesa kauplaust fyrir læknaefnunum eða ekki, en kvað gott allt gefins, enda þótt hann vonaðist lítils gagns af kennslunni; eg veit nú eigi, hve mikils hann metur líf og heilsu manna, en eg hefi aldrei metið það í túskildíngum; en

bjargi prestur, sem hefir lært hjá landlækninum, þó ekki sè nema einum alla sína æfi, fyrir lífs og heilsu tjóni, þá tel eg fullborgað kennslukaupið, og eg tel það sjálfsagt, að landlæknirinn eigi að fá einhverja þóknun fyrir kennsluna. Þá þótti honum enn laun yfirsetukvenna töluverður útgjaldaauki, og eg játa, að svo er, en það er líka mikið unnið, ef yfirheyrð yfirsetukona fæst, og vel tilvinnanda fyrir hreppinn, þó hún eigi að hafa 15 til 30 dala. Þá sagði hann og, að eg hefði komizt í mótsögn við nefndina, þar sem nefndin hefði talið embættið hið eina ráð til að fjölga læknum, en eg hefði talið það læknaskólann, en þetta er misskilníngur, því eg sagði, að hið eina ráð til að fá *nóga lækna* væri að stofna læknaskólann, en í nefndarálitinu stendur, að til þess að vinna menn til að stunda læknisfræði í Kaupmannahöfn þyrfti að stofna embættin, en þó mundi aldrei vinnast svo margir til þess, að landinu væri borgið, og það er tekið þar fram með berum orðum, að til þess væri hið eina ráð, að stofna læknaskóla hèr í landinu sjálfu. Mèr er farið að leiðast þrástagliö um það, hve dýrt sè að lifa í Reykjavík, og þeir, sem mest staglast á þessu, eru eimitt þeir, sem mestan hafa hagnaðinn af því; því það hlýtur að vera hverjum ljóst, að því dýrara sè að lifa hèr í Reykjavík, sem allur varníngur hækkar í verði, og af þessari verðhækkun hafi einmitt bændurnir hagnaðinn, því enda þótt laun embættismannanna ætti öll að hækka um 4000 rdl., þar sem varníngur allur hækkar um allan þriðjúng, eins og nú á sèr stað, frá því, sem var fyrir nokkrum árum, þá er það auðsèð, að landið hefir töluverðan hagnað af því, enda þótt það ætti að borga alla launaviðbótina. Breytíngarnar í niðurlagsatriðunum, er hinn heiðraði þíngmaður Suður-Múlasýslu stakk upp á, voru að mestu leyti orðabreytíngar, sem eg eigi vil þrátta um, og vil ekki segja neitt um að svo komnu. En þó get eg ekki fellt mig við breytíngu hans á 3. atriðinu og held það rèttara hjá nefndinni, því það verður óviðkunnanlegt að biðja konúng að stofna skólann og leggja það síðan undir álit alþíngis.

Á. Einarsson: Mál þetta er þegar orðið margrætt, enda er þess líka von, því málið er næsta mikilsvarðanda, eg verð líka að játa, að málið í ýmsum atriðum þess hefir skýrzt fyrir mèr af umræðum manna um það. Að sinni var samt einúngis eitt, er eg vildi taka fram, og það er, að nefndin í broddi fylkíngar hefir sett sömu uppástúngu og alþíngi 1855 um, að læknum yrði fjölgað hèr á landi, og virðist mèr stjórnin að nokkru leyti hafa byggt á þessu, þar sem hin konúnglega auglýsíng til þessa árs alþíngis segir: „að stjórnin

framvegis muni róa að því öllum árum", en það vildi eg að nefndin hefði tekið ljóst fram, hvort hennar meiníng er sú, að fjölgun læknanna komist á, áður en læknaskólinn og spítalinn er stofnaður, eða þá hún vill hitt, að læknum fyrst sè fjölgað eptir það að læknaskólinn er stofnsettur og hann getur útskrifað lækna. Mèr virðist nefnilega mjög óhægt að fá fasta stefnu í máli þessu, ef menn ekki eru einhuga um, hvort þessara atriða eigi að gánga á undan, og verður þetta því örðugra, sem menn ekkert vita um, hvað lángt stjórnin er komin á leið í þessu máli; vil eg því leyfa mèr að skora á hinn hæstvirta *konúngsfulltrúa,* að hann skýri þínginu frá bendíngum þeim, er hann sem Íslendíngur og íslenzkur embættismaður gæti gefið því, og einnig frá hinu, hvort hann ekki geti sagt, hve lángt stjórnin er komin í máli þessu eða hvað því líður, svo að þíngið ekki með nýjum bænarskrám annars efnis spilli því, er þegar kann að vera aðgjört frá stjórnarinnar hálfu; því eptir hinni konúnglegu auglýsíng til alþíngis þetta ár verð eg að álíta, að aðgjörðir stjórnarinnar sè eitthvað meira en eintómar hugsanir og ráðagjörðir.

Konúngsfulltrúi: Til svars upp á áskorun þíngmannsins frá Strandasýslu skal eg geta þess, að eg frá stjórnarinnar hálfu hefi eingar skýrslur feingið viðvíkjandi læknaskipunarmálinu, aðrar en þá, sem stendur í hinni konúnglegu auglýsíngu til alþíngis. En þær athugasemdir, sem eg frá mínu persónulega sjónarmiði hefi að gjöra við nefndarálitið, skal eg leyfa mèr að koma fram með á sínum tíma, þegar mèr þykir það bezt henta eptir umræðunum.

J. Sigurðsson: Eg vildi nú sízt standa upp til þess að trufla þetta mál, eða spilla því, því það er mikils vert, og annað er ekki dýrmætara en líf og heilsa manna, en þó er eg ekki fær um (og kann það nú að vera af fáfræði minni og ókunnugleika) að sjá út úr öllum þessum kostnaði, sem upp á er stúngið í senn. Eg hefi saknað þess í ræðum þíngmanna, þá talað hefir verið um laun ljósmæðra, að einginn hefir minnzt þess, að þeim væri of aukið á sveitarsjóðina. Mèr þykir það svo ótilhlýðilegt, sem það getur verið, að svara læknalaunum úr sveitarsjóðum; það vita allir, að þeir eru af allt öðru eðli, samansettir af fátækra tíundum og aukaútsvörum, sem jöfnuð eru á bændur, eptir hvers árs bjargræðisformegun manna, og ætluð eru til skjóls og fæðu handa fátækum og nauðþurfandi ómögum það og það árið. Ætti því að útvega ljósmæðrum kaup, og gæti það ekki feingizt frá sömu hendi og önnur læknalaun, þá þyrfti að útvega þau með öðru móti en að taka þau frá fátækra munni, til að mynda með sam-

skotum af þeim, er giptast vildi eður væri í mestri barnavon, eður einhverju öðru móti, sem eg hvorki get nè vil stínga upp á í þessum hasti. Á launum þeirra þykir mèr of lítill tröppugángur frá 20 til 30 rdl. Eg vil halda, að vel væri nefndandi 10 rdl. minnst, þar sem færri en tíu búendur eru í sumum hreppum; aptur veit eg, að 40 rdl. væri ekki of mikið í sumum hreppum, og væri það helzt, þar sem margmenni og fátækt færi saman.

Á. Einarsson: Það er satt að segja illa ástatt fyrir þínginu; einga bendíngu eður upplýsíngu getur *konúngsfulltrúi* gefið, og þíngið er læknislaust, og er það næsta óheppilegt, að ekki skuli vera læknir hèr á þíngi núna eins og að undanförnu.

Þegar svona stendur á, geta menn neyðzt til að forkasta uppástúngum, sem menn ekki að sinni geta haft sannfæríngu um, og verð eg því að miklu leyti að vera á máli hins háttvirta þíngmanns úr Suður-Múlasýslu. Það er með öllu nauðsynlegt, að uppástúngur þíngsins sè sem bezt úr garði gjörðar, því menn hafa víst rekið sig á, hversu affarasælt það er að biðja stjórnina um frumvörp, enda get eg vorkennt henni, þegar þíngið ekki tekur ljóst fram, hvað það vill; því þá er varla von á, að fá frá stjórninni það frumvarp, er menn geti áttað sig í. Menn eru hèr að klifa á Bjarna Pálssyni, en eg man ekki til, að hann hefði nokkurn spítala eður læknaskóla að styðjast við hèr á landi, þegar hann kenndi mönnum frá sèr, og hið sama er að segja um landlækni *Jón* heitinn *Thorsteinsen* og *Jóseph* lækni *Skaptason.* Eg skal leyfa mèr að skora á hina heiðruðu nefnd, að hún skýri frá, hvernig hún hefir ætlað að rýma saman 1. uppástúngu sína um, að læknum væri fjölgað hèr, við 2 uppástúngu sína um læknaskólann, eg meina, hvort þessara atriða nefndin hefir hugsað sèr ætti að gánga á undan.

Framsögumaður: Mèr virðist þetta mjög svo auðskilið. Alþíngi fór fram á það 1855, að fjölgað væri læknum hèr á landi um 7, og þeim launað úr ríkissjóðnum; einmitt þetta hið sama fer nefndin fram á nú, og getur mèr ekki skilizt, hvernig það geti komið í bága við það, þó nefndin einnig biðji um stofnun læknaskóla og spítala hèr á landi, sem taka á allan kostnað til úr spítalasjóðunum. Eg verð að álíta, að stjórnin hafi ekki aðhyllzt varauppástúngu alþíngis 1855, þar sem 2 ár eru liðin síðan, og ekkert hefir enn heyrzt um það; mèr er því ekki hægt að skilja vafa hins heiðraða þíngmanns Strandasýslu.

Konúngsfulltrúi: Í tilliti til þess, er hinn heiðraði þíngmað-

ur frá Strandasýslu sagði áðan, vil eg geta þess, að mèr finnst það mjög eðlilegt, þó stjórnin eigi í þetta sinn hafi sent neinar skýrslur áhrærandi læknaskipunarmálið. Af auglýsíngu konúngs til þíngsins má sjá, að mál þetta er tekið til yfirvegunar af stjórninni, eptir bænarskrá alþíngis 1855, og að það er vel á veg komið. Stjórnin gat því ómögulega ætlazt til annars, en að þíngið mundi láta standa við bæn sína 1855, og ekki gjört ráð fyrir, að það nú á ný mundi fara að senda um það bænarskrá. Eg get ei heldur álitið, að nein ástæða sè til þeirrar athugasemdar, er *framsögumaður* kom með, þá nl. að hann áliti varauppástúngu alþíngis 1855 sem fallna; því málið er, eins og eg nú drap á, undir yfirvegun stjórnarinnar, og þess vegna, enn sem stendur, eingin ástæða til, að álíta nokkurn part þess fallinn.

G. Einarsson: Mál þetta er í sjálfu sèr mikilvægt, og mjög áríðanda, að það fái góðan árángur, en einmitt vegna þess geing eg í tvær sveitir með sjálfum mèr, hvora stefnuna eg á að taka. Mèr finnst semsè, að tvær stefnur liggi fyrir, önnursú, að aðhyllast hina 1. uppástúngu nefndarinnar um læknafjölgunina, en hin er sú, að láta spítalann og læknaskólann verða samfara hinni 1. uppástúngunni. Haldi menn hinu fyrtalda, læknafjölguninni einúngis, þá eru líkindi til, að vèr fáum þó bænheyrslu bráðum, en beiðist menn hins síðarnefnda, þá er eg hræddur um, að vèr fáum ekkert, og þá er nú ekki vel spilað. Eg verð því fyrst um sinn á líku máli og þíngmaður Árnesínga. Hvað uppástúngu þeirri viðvíkur, að prestaskólamönnum sè kennd nokkur atriði læknisfræðinnar, þá er það að vísu nytsamlegt í sjálfu sèr, en eg held það verði að litlu liði eptir uppástúngu nefndarinnar; einstaka maður, sem er náttúraður fyrir læknisfræði, kann að hafa not af því, aðrir ekki. Þíngmaður Mýrasýslumanna sagði á þá leið, að það væri óeiginlegt að gjalda yfirsetukonum úr sveitasjóði; en hann verður að gæta þess, að sjóðirnir breytast með tímunum, og eins og að sakamálasjóðirnir eru nú orðnir að jafnaðarsjóðum, eins munu fátækrasjóðirnir verða með tímanum að eiginlegum sveitasjóðum. Þíngmaður Strandasýslu barði við læknisleysi hèr á þínginu í þessu máli; mèr finnst, að hèr sè þó bót í máli, þar sem uppástúngan til máls þessa kom frá landlækninum.

P. Pètursson: Vegna þess að eitt atriði í nefndarálitinu snertir menntunarstofnun þá hèr á landi, sem mèr er trúað fyrir, skal eg leyfa mèr að fara fáeinum orðum um mál þetta. Eg verð þá fyrst að veita nefndinni þakkir fyrir varkárni þá, er hún hefir við haft,

og mun nefndin hafa sèð missmíðin á uppástúngu þessari, en af þessari varkárni nefndarinnar, sem eg verð að álíta öldúngis rètta og nauðsynlega, getur leitt það, að kennsla þessi við prestaskólann í lækníngum, sem nefndin fer fram á, að mestu eður öllu leyti verði þýðíngarlaus. Það væri hægt að sýna fram á, hversu erfitt það er, að koma slíkri kennslu við á prestaskólanum, en til þess ekki að breyta þíngið, skal eg láta mèr nægja að minna menn á, að á prestaskólanum er lesið í sífellu frá því klukkan 9 fyrir miðjan dag og þángað til kl. 2 eptir miðjan dag, og þess utan opt eður optast fleiri tímar epfir miðjan dag; eg vona, að hver þíngmaður af þessu geti sèð, að mjög tvísýnt er, hvort stúdentarnir á prestaskólanum hafa nokkurn tíma afgángs frá sjálfri prestaskóla-kennslunni. Væri samt á hinn bóginn brýn nauðsyn til kennslunnar, yrði menn á einhvern hátt að ryðja þessari hindrun úr vegi, en eg fyrir mitt leyti get ekki sèð þessa nauðsyn, og hefi eg áður látið þetta í ljósi við umsjónarmenn prestaskólans. Skottulæknar -- og annað gæti menn ekki orðið með jafnlítilli kennslu og hèr er stúngið upp á -- eru ætíð neyðarúrræði, og enn meira neyðarúrræði væri það, ef stjórnin færi að troða þeim inn á vísindastofnun og löggilda þessa skottulækna, sem híngað til rètt að eins hafa þolazt. Alþíngi 1855 fór fram á það, að fjölgað yrði læknum; nefndin hefir nú tekið það fram, að læknar ekki hefði haft tíma til að kenna lækníngar út frá sèr, og landlæknirinn hefir nú í uppástúngu sinni farið því á flot, að læknum í hans umdæmi væri fjölgað fram yfir það, sem áður hefir verið beðið um, og hvernig geta menn þá búizt við, að landlæknirinn nú hafi tíma til þess að kenna á prestaskólanum, þó ekki væri nema 1 tíma í viku, og hèr við bætist einnig það, að þó nú landlæknirinn aldrei nema svo hefði tíma til þess, þá er samkvæmt stöðu hans aldrei á það að ætla, hvort hann getur verið til staðar eður ekki í þann tíma, sem hann ætti að halda fyrirlestra sína; hann gæti vel verið sóttur til sjúkra, og það lángt að; en hvernig ætti nú aptur að bæta upp tíma þá, er þannig fèlli úr? eg er hræddur um, að bæði kennsla landlæknisins og jafnvel sjálf aðalkennslan í prestaskólanum truflaðist við það. Vilji nefndin því halda þessu fast fram, virðist mèr, að hið tiltækilegasta má ske væri, að tiltaka sem kennslutíma júlímánuð fyrra árið á prestaskólanum, en einnig á móti þessu finnst mèr vera tvennt: fyrst það, að landlæknirinn, sem á að kenna, ekki fremur er vís á staðnum þá, en endrarnær, og því næst það, að með þessu fyrirkomulagi ykist prestaskólastú-

dentunum kostnaður, sem þeir á einhvern hátt yrði að fá endurgoldinn, t. a. m. með því að hækka ölmusur þeirra eður eitthvað því um líkt. Eg ímynda mèr einnig, að prestar og prestaefni geti náð þeirri þekkíngu, sem hèr er ráð fyrir gjört eins vel af bókum, því ekki er að gjöra ráð fyrir, að þeir læri lækníngar þessar, að eg nú taki til dæmis beinbrot, verklega, meðan einginn er spítalinn, og setjum nú svo, að hann komist á, hvaðan verður þá tekinn tíminn til að læra þetta verklega? því varla getur hann þó verið innifalinn í þessum 1 tíma um vikuna. Eg ímynda mèr líka, að nefndin hafi sèð fram á vandkvæði þessi, því hún vill ekki gjöra stúdentunum á prestaskólanum það að skyldu, að nema þessa læknisfræði, sem þar yrði kennd, og var það líka von, því menn vita, að sumir eru svo af guði gjörðir að þeim er ómögulegt að vera viðstaddir læknatilraunir, hvað þá að þeir sjálfir geti orðið að liði sem læknar; standi það aptur á hinn bóginn í hvers eins valdi, hvort hann vill hlýða á fyrirlestra landlæknisins eður ekki, er eg hræddur um, að kennslan yrði þýðíngarlítil; eg skal í þessu tilliti geta þess sem dæmis, að kennurum prestaskólans var gjört það að skyldu, að kenna þeim af stúdentunum, er óskaði þess, hebresku; en frá því fyrsta að prestaskólinn var stofnaður, hefir einginn enn þá óskað þess, og á hinn bóginn virðist mèr þessi kennsla einnig geta tælt alþýðu til þess að setja von sína um hjálp, sem hún þó ekki fær, til prestanna, af því menn halda, að þeir þó hafi lært eitthvað lækníngum viðvíkjandi. Hafi mèr skilizt hinn heiðraði *framsögumaður* rètt, gjörði hann ráð fyrir, að landlæknirinn ætti að hafa laun fyrir tilsögn þessa, en verði kennslan nú ekki notuð, fyrir hvað á hann þá að hafa laun? mèr virðist því, hvað þetta snertir, að rèttast væri, ef þessi kennsla kæmist á, að ákveða kennslulaunin eins og tímakennslu-laun, þannig að borgað sè fyrir hvern tíma, er landlæknirinn les, eitthvert ákveðið gjald, en heldur ekki meira.

Að endíngu skal eg leyfa mèr að geta þess, að vilji nefndin halda þessu fram, virðist mèr, að hún hefði átt að orða uppástúngu sína öðruvísi, nefnilega þannig: prestaskóla-stúdentum gefst kostur á, ókeypis að fá kennslu í, o. s. frv.

Af ofannefndum ástæðum get eg því ekki verið meðmæltur þessari uppástúngu, þó eg að öðru leyti innilega óski þess, að læknaskipanin hèr á landi verði endurbætt, en bezt hefði mèr samt fallið, að nefndin einúngis hefði haldið sèr til uppástúngu þíngsins 1855.

G. Brandsson: Menn hafa hèr á þínginu látið í ljósi kvíð-

boga fyrir því, að kennslan með þessu fyrirkomulagi mundi verða ónóg, en mèr virðist ekki loku fyrir það skotið, að þeir, sem útskrifaðist úr læknaskóla þessum, gæti síðan siglt og aflað sèr meiri menntunar, og þannig ætla eg að Jón heitinn Pèturssón hafi gjört, því það er ekki rètt hermt hjá hinum heiðraða *framsögumanni,* að hann eingaungu hafi lært hjá landlækni B. Pálssyni, því hann sigldi á eptir. Við þurfum ekki að fara leingra en til landlæknisins okkar, sem núna er; hann lærði fyrst hjá Jóni heitnum Thorsteinsen og síðan sigldi hann, og má því segja, að hann geti talað af eigin reynslu, og frá honum er kominn uppástúnga þessi um innlenda læknakennslu. Einnig hefir sèzt eptir hann á prenti í brèfi til útgefara „Norðurfara", hvaða álit hann hefir um útlendu lækna-kennsluna, því þar segir hann, að ekki geti maður búizt við að geta lært við spítalana í Kaupmannahöfn nema því að eins, að menn flytti þángað 1 eður fleiri þúsundir íslenzkra líka, eða jafnvel landið sjálft með loptslagi þess og landslagi. Hvað því næst snertir yfirsetukonurnar, þá vildi hinn heiðraði þíngmaður Mýrasýslu ekki láta taka laun handa þeim úr hreppssjóðunum, og óttaðist, að slíkt yrði óvinsælt, en fyrir því má víst gjöra ráð um allar nýjar álögur í fyrstu; en eg get ekki sèð, að annað sè hèr við að gjöra, því ekki er þó betra að taka laun þeirra úr jafnaðarsjóðunum, því þá lenti allt á lausafjártfundinni, þar sem á fleirum lenti kostnaður þessi, ef hann væri greiddur úr sveitasjóðnum, t. a. m. bæði á lausamönnum og tómthúsmönnum.

Hvað snertir launaupphæð yfirsetukvennanna, skal eg í því tilliti leyfa mèr að áskilja mèr breytíngaratkvæði í þá stefnu, sem eg áður hefi talað.

H. G. Thorðersen: Af því að einnig mèr er annt um prestaskólann og eg vona eg hafi sýnt það, og líka vegna þess, að eg er einn í nefnd þessari, skal eg leyfa mèr að svara hinum háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanni fáeinum orðum. Þegar uppástúnga þessi viðvíkjandi prestaskólanum kom til umtals í nefndinni, var fyrst ágreiníngur meðal nefndarmanna, en niðurstaðan varð sú, sem allir geta sèð í nefndarálitinu, að einúngis landlækninum var gjört að skyldu að kenna, en ekki stúdentum að læra af honum fremur en þeir vildi, og get eg því ekki sèð, hvernig þetta gæti orðið til fyrirstöðu annari nauðsynlegri kennslu. Eg gekk sem gamall prestur út frá tilfinníngum mínum, því það hefir opt sært mig að vita mig ekki geta rètt hinum sjúka neina líkamlega hjálp, þegar eg optsinnis hefi verið sóttur til að veita hina andlegu aðstoð, og með því hèr

ekki er farið fram á, að neitt próf eigi að takast, eður skylda að leggjast á prestaskóla-stúdentana, þótti mèr til svo lítils mælzt, að eg gekk inn á þetta, því með þessu fyrirkomulagi er það auðvitað að einginn fer að gefa sig við námi þessu nema því að eins, að hann finni með sèr sjálfum laungun til þessa og að hann sè náttúraður fyrir lækníngar, en skyldi það nú rætast, sem eg fyrir mitt leyti ekki get sagt á móti, að einginn gefi um kennslu þessa, þá er þess minni hætta búin hinni kennslunni við prestaskólann. Þetta atriði er annars svo lítilsvarðanda, að nefndarálitið hvorki stendur nè fellur með því. Hvað því viðvíkur, er eg hefi heyrt menn segja, að þó sjúkrahús kæmist hèr á, mundi fáir eða einginn nota það, og það jafnvel ekki menn hèr í kríng, þá virðist mèr það nú fyrst og fremst næsta hæpið að spá svona fram í tímann um ókomna og óorðna hluti, en víst er það, að einginn brúkar sjúkrahúsið, meðan það ekki enn þá er komið á, en vèr getum þá fyrst vonazt eptir, að drottinn veiti oss heilsuna, þegar vèr sjálfir gerum það, sem í voru valdi stendur, til að tryggja hana, því „gefur guð í gjörðar spyrður".

E. Ó. Kúld: Hinn heiðraði þíngmaður úr Gullbríngusýslu hefir svarað þíngmanni Mýramanna, og skal eg því ekki taka það upp aptur. Hvað því atriði í nefndarálitinu viðvíkur, að þeim, sem gánga á prestaskólann, gefist færi á að nema það í læknisfræði, sem þar er ráð fyrir gjört, þá skal eg játa það, að mèr í nefndinni gekk framan af tregt að fella mig við það atriði, einmitt vegna þess, að eg bar kvíðboga fyrir, að ef þessu yrði framgeingt, mundi alþýða manna leiðast til að setja meira traust til prestanna sem lækna, heldur en vera bæri, og sömuleiðis virtist mèr það bæta bæði á starfa prestanna og kostnað þeirra. Því með meðul yrði þeir að búa sig, og, ef til vill, munu þeir ekki fá þau öll borguð, og hlýtur það að vera kostnaðarauki fyrir efnalitla presta á fátækum brauðum Hinum háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanni þótti það ískyggilegt, að ef prestaefnum gæfist kostur á námi í læknisfræði, þá kæmist þeir við það í tölu hinna svo kölluðu skottulækna, en eg vil spyrja hinn háttvirta þíngmann, hvort þeir muni fremur verða skottulæknar með því móti, en þeir eru nú í raun og veru, eins og á stendur. Hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður verður þó að játa, að þegar eitthvert voveiflegt tilfelli eða því um líkt kemur fyrir í sóknunum, þá verður mönnum optast fyrst fyrir að leita til prestanna, nema þar sem svo stendur á, að þeir eru rètt undir handarjaðrinum á lækninum, og mörgum prestum er það mikill kostnaðar-

auki, að leggja út fè fyrir meðul, sem þá stundum eru ekki seld, og enn síður ætíð borguð. Mèr kemur nú ekki til hugar að neita því, að æskilegt væri, að prestar gæti sem allramest hjálpað upp á sóknar-menn sína eigi síður með lækníngar en annað, og þessa vegna finnst mèr ekkert geta verið á móti því, að þeir afli sèr svo mikillar kunnáttu í þessari grein, sem þeim er unnt, þegar ráða er líka leitað til þeirra svona án þess að þeir hafi, ef til vill, átt kost á, að geta lært nokkuð í læknisfræði. Eg er nú samdóma hinum háttvirta konúngkjörna þíngmanni í því, að þetta nám stúdenta á prestaskólanum hlyti að vera lítið og óverulegt, því fremur sem það er ekki heldur gjört að skyldu, en mèr finnst ávallt lítið þó betra en alls ekkert. Sami þíngmaður gat þess, að ef stúdentum væri ætlað að verja júlímánuði til þessa náms, þá yrði einnig að hækka ölmusurnar, en hjá því virðist mèr menn geta komizt, og það því fremur, sem nú nýlega hefir verið stúngið upp á að biðja um, að húsaleigustyrkur sá, sem stúdentum á prestaskólanum er ætlaður, verði hækkaður til muna, nefnilega, að hann verði 50 rdl. eptirleiðis. Að endíngu tók hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður það fram, að almenna heilbrigðisfræði mætti eins vel nema af bókum einum saman, en hvorki get eg verið honum alveg samdóma í því efni, og svo ímynda eg mèr, að landlæknirinn mundi sýna stúdentunum það, sem fyrir kæmi af voveiflegum tilfellum, t. a. m. beinbrot. o. s. frv., og svo er eg einmitt hræddur um, að ef menn lærði einúngis af bókum, mundi þeir, ef til vill, treysta sèr of mikið og fara of lángt, en ef menn lærði af kennara, mundi hann betur geta bent mönnum til, hvað lángt menn skyldi fara út í læknisdómana. Loksins skal eg geta þess, að bezti kosturinn við það, að prestaefni læri þetta í læknisfræði, sem hèr er um að ræða, virðist mèr vera sá, að prestar gæti þá, betur en nú, leiðbeint mönnum í því efni, hve nær menn skyldi vitja læknis og hve nær ekki.

J. Sigurðsson: Ræða hins háttvirta *framsögumanns* glöggvaði mig nú nokkuð, þar hann sagði, að launanna handa læknunum mundi verða að vænta úr ríkissjóðnum, þar hið síðasta alþíngi hafi beðið um það; en eg get nú ekki talið laun þessi viss úr ríkissjóðnum, þó alþíngið 1855 beiddi um það, því stjórnin er enn ekki búin að segja já við þessari bæn. Mèr dettur líka í hug, að skyldi að því koma, að fjárhagur Íslands yrði aðskilinn frá fjárhag ríkisins eða Danmerkur, hvort ekki mundi verða spurn um, að ríkissjóðurinn launaði læknunum á Íslandi, þar eð mèr er ekki kunnugt, að á fyrri tíðum hafi neinar læknalaunastofnanir frá Íslandi runnið inn í ríkissjóðinn. Væri

nú svo, að ísjárvert yrði vegna kostnaðarins, að biðja undir eins bæði um fjölgun lækna og skólann og spítalann, þá geing eg nú með þeim velæruverðuga þíngmanni Dalasýslu í 2 sveitir um, hvort eg ætti heldur að kjósa. Þó held eg, að eg yrði heldur á því, að brúka þessi efni, sem til eru, til að koma upp læknaskóla og spítala svo læknakennslan yrði innlend, og uppsprettan til læknaefna gæti feingizt, því af því kynni eptirtíðarmenn helzt að hafa gott, og þá efa eg ekki, að þeir við tíð og hentugleika mundi finna einhver ráð að launa þeim, eður útvega þeim þau kjör hèr og hvar um landið, að þeir gæti haft not af þeim. Hinn háttvirti þíngmaður Dalasýslu gat þess, að bæði eg og aðrir mætti búast við því, að sveitarsjóðirnir mundi bráðlega tapa sínum upprunalega tilgángi, og eg hefi líka heyrt, að svo mundi eiga að fara, ef þeir til að mynda eiga að borga bæði öll vegabótaverk og læknalaun; en eg er nú ekkert með þessari breytíngu; eg held það sè bezt, að þeir haldi sínum sama tilgángi, og fátækra-reikníngunum sè haldið sèr, en þar sè ekkert verið að sleingja inn hinum og þessum óviðkomandi útgjöldum. Annars get hvorki eg, þíngið eða nefndin, nú sem stendur, talað um þá eptir öðru eðli eða öðrum tilgángi, en þeir hafa nú. Það hefði þá fyrst þurft að gjöra uppástúngu um það, að breyta eðli þeirra; annars verður það æfinlega óhentugt, að leggja fastalaun ljósmæðra á hvern hrepp, því, eins og eg sagði áðan, þurfa þær að fá mest fastalaunin í fátækustu og fólkflestu hreppunum, til að mynda sjóplássahreppunum; þar koma flest börnin, en mörg móðirin svo fátæk, að ekkert getur borgað yfirsetukonunni, en þar eru líka sveitarþýngslin mest, og sveitarsjóðurinn ófærastur til þess, að á hann sè bætt kann ske 40—50 rdl. Laun ljósmæðra ætti líka að koma frá sömu hendi og önnur læknalaun.

J. Hávarðsson: Fyrir utan þau breytíngaratkvæði, er eg hefi þegar áður áskilið mèr, ætla eg enn að bæta einu við, eptir því sem eg hefi heyrt að ræður manna hafa fallið, nefnilega við 4. atriðið í uppástúngum nefndarinnar, á þá leið: að prestaskólamönnum gefist kostur á, að fá ókeypis kennslu hjá landlækninum í heilnæmisfræði og meðferð á voveiflegum sjúkdómstilfellum.

Ó. Sívertsen: Það er hvorttveggja, að nefndarálitið, sem hèr ræðir um, er nokkuð lángt, enda er það þegar orðinn texti fyrir ærið lángar og mjög mismunandi útleggíngar. Eins og það gleður mig, að margir hafa orðið til að gefa því meðmæli sín í aðalstefnu þess, eins undrar mig á hinum, sem eru sumpart að hnjáta í það, og sum-

part að rífa það niður. Eg hugði, að þíngið mundi finna næga hvöt með áhuga og í samtökum að vilja og biðja um stofnun þessa, þegar það í öðrum málefnum, sem lúta að menntun, framförum og uppreisn landsins, hefir ekki látið mótbárur og voldugar raddir tala sèr hughvarf eða taka kjark úr sèr. Menn eiga þegar fè nokkuð til þessarar stofnunar; ekkert fè hafa menn átt til að benda á til stofnunar búnaðarmenntun og lagaskóla, og þó ítrekað bænir sínar um þær stofnanir og fl. Er nú læknaskóli þó ei enn meira umvarðandi? hvað verður úr búnaðar- og lagamenntun og enda hverju öðru, ef heilsu og heilbrigði brestur, lækna vantar og meðul skorta? og að þeirra sè þörf, sýnir sjálf náttúran betur og betur, því læknismeðulin í henni þekkjast allt af meiri og fleiri? eigum vèr að láta oss fara miður en feðrum vorum í fornöld? þá var þó einginn kostur á læknaskóla eða útlærðum læknum hjá oss. Áhuga þjóðarinnar vantaði þó ekki í því efni. Sögurnar benda oss til þess, að víða í sveitum voru menn, sem hafa mikið lagt sig eptir læknisfræði, og voru einkenndir með læknisnafni, til þeirra var leitað hvervetna í ýmsum sjúkdómum. Í hverjum bardaga næstum sjáum vèr, að sáralæknir var viðhafður, sem rannsakaði sár manna, batt um og græddi sár þau, er ei voru dauðleg. Ætti nú áhugi vor ekki að vera því meiri með læknìngarnar, sem nú er hægra að fá þekkíngu á sjúkdómunum og vita ráð við þeim, en þá var? á aldrei að vakna eða rísa upp aptur hinn forni áhugi, sem þjóð vorri var svo eiginlegur, meðan hún missti ei frelsi sitt og fèkk sjálf að ráða vilja sínum og framkvæmdum? og af því hvernig umræðurnar hafa fallið hjá sumum vil eg geta þess, að nefndarálitið hefir eingan veginn ætlað sèr að skerða spítala- eða læknasjóð þann, sem nú er, heldur að eins brúka ávöxt hans og tekjur til þess, sem stúngið er upp á, og því síður fæ eg sèð, hvað mönnum getur geingið til að draga svo mjög úr stofnunarviðburðum þessum, því eg held allir játi, að þörf sè á læknaviðbót. Og mínir heiðruðu meðnefndarmenn hafa svarað því, sem nokkrir hafa haft á móti sjúkrahúsi og læknaskóla í Reykjavík, eins og um yfirsetukonur og það, að prestaefni mætti eiga kost á lítils háttar tilsögn í heilbrigðisfræði og því, er til ráðs þarf að taka í voveiflegum sjúkdómstilfellum, þeir sem laungun hefði til þess; og hinn 3. konúngkjörni þíngmaður játaði, að hèr væri ei farið fram á mikið; *þó* lætur hann sèr þóknast að mæla móti því, og er satt að segja, að eg hefði *aldrei* trúað þessu af honum. Ef einhvern lærisvein lángar til að fá þessa þekkíngu — nei, ef hann er prestaskólamaður,

hann má ei vita af henni. Eg hèlt kennarinn ætti að vilja, að lærisveinn sinn lærði sem mest og flest af góðu og gagnlegu, og segði við hann eins og Noregskonúngurinn sagði forðum við sveininn: „Vertu sem mestur og fróðastur!“ Þessi sami konúngkjörni þíngmaður áleit það standa eitt í vegi, að prestaefni þessi yrði síðan álitnir sem skottulæknar, og menn mætti nú ei án þeirra vera, sagði hann, en eg vil þá spyrja. Vill hann heldur *ómenntaðan* skottulækni en *menntaðan?* Hann sagði læknirinn, sem kenndi við prestaskólann, mundi fá laun fyrir það, þó hann kann ske aldrei kæmi þar, því einginn þar mundi gefa um tilsögn hans fremur en um kennslu sína í hebreskunni. Þetta held eg mætti þá laga með því að ákveða laun fyrir tíma hvern, er til kennslu þessarar kæmi, og ei öðruvísi.

Hin litla þóknun til yfirsetukvennanna þykja nú ein miklu vandræðin í þessu máli. Einum þíngmanni þótti þau ófinnandi nema má ske í ríkissjóðnum eða hjá þeim, sem þá og þá stæði til að eiga börn sjálfir. Þegar hann vill ei fallast á neitt, sem komið er fram um þetta efni, og *ef* hann hefir nokkra tilfinníngu fyrir lífi mæðra og barna, þá kann eg enn nú eitt ráð til að geta launað enda bæði yfirsetukonum og sýslulæknum: fari menn og skjóti saman fríviljugum gáfum til þessa, það gæti orðið mjög affaragott, ef samtök yrði í sveit hverri. Dæmin sanna, að minna þarf en alþjóðleg samtök til að koma góðu af stað: lestrarfèlög híngað og þángað stofnuð af fáeinum mönnum, eins líka samskot af fáeinum til búnaðarmenntunar og kennslu, þegar menn feingu eingan styrk til þess frá stjórninni; að eg ei tali um hið fagra samtakadæmi Ísfirðínga með stofnun sjómannafræðisskóla og ábyrgðarsjóðs fyrir þiljuskip sín. Hvað mikið má ei, ef gott vill, á margan hátt; og hvað á maður að vilja, ef ei að efla það, sem strax er í augum uppi að væri undirstaða til sèrhverra annara velferla, þ. e. hraust líf og heilbrigðisviðhald landsmanna yfir höfuð.

J. Samsonsson: Því hefði eg ekki trúað, að mál þetta mundi verða þíngi þessu að vandræðum. Það er þó það nauðsynjamál, sem varðað getur líf og heilbrigði manna, og allri alþýðu er mjög annt um að framgáng fái, og virðist mèr það líka vel til fallið, að prestar geti í þessu falli liðsinnt sóknarfólki sínu, og þetta mundi líka töluvert auka þokkasæld þar á milli. Sè nú presturinn annars til nokkurs sem menntaður maður, þá er hans fyrst leitað í þess háttar sökum hvort sem er, þá til að skrifa sjúkdómalýsíngar til

lækna, ef ei annars vegna, og svo stendur nú á í Skagafjarðarsýslu, að þar er einn prestur, sem mikið fæst við lækníngar og hjálpar margfalt fleirum en læknir sjálfur kemst yfir þar. Þessi prestur stendur þó með heiðri og sóma í embættisstöðu sinni sem prestur, en svo er mikil aðsókn sjúkra að honum, að hann getur varla við orðið, og hefir því opt óskað, að einhver menntaður maður í þeim efnum gæti komið til að lètta undir þá byrði með sèr, þessi maður er og hefir verið í þokkasæld hjá reglulegum læknum sökum varhygðar sinnar og ráðvendni.

M. Andrèsson: Þó eg sè nú búinn að hlýða á þær mörgu og laungu umræður í þessu máli, get eg ekki annað en haldið fast við mína fyrstu sannfæríngu, nefnil. að nefndin hefði gjört bezt að fylgja beinlínis þeim atriðum, sem þíngið 1855 fór fram á í þessu máli, og því er eg alráðinn í að koma fram með viðaukaatkvæði, við 1. niðurlagsatriði nefndarinnar stafl. *a*, samhljóða því varabænaratriði, sem þíngið 1855 tók fram í bænarskrá til konúngs.

Á. Einarsson: Ekki batnar enn, því mèr getur ekki betur skilizt, en að þíngmaður Mýrasýslu vilji biðja um læknakennslu og spítala hèr í Reykjavík nú þegar, en láta það búa á hakanum, sem um var beðið 1855, nefnilega, að 7 læknum væri bætt við hèr í landinu; mèr þykir óvíst, hvað stjórnin verður fljót á sèr, að verða við þessari bæn, og þeim gæti fundizt lángt, sem búinn biði, þángað til það er allt komið í kríng, sem í þessu nefndaráliti er farið fram á; en ef bæn þíngsins 1855 feingi bænheyrslu, sem mèr finnst nú gefnar góðar vonir um, þá held eg það sè ekki óhugsanda, að vèr fáum lækna, og það innlenda, því einginn má skilja mig svo, að eg mælist mjög til útlendra lækna; þó þeir sè stundum góðir, eru þeir líka stundum misjafnir, og ætíð eigum vèr illt með að skilja þá. Eins og það er ekki til neins að smíða skip, ef einginn fæst til að vera formaður fyrir því, eins finnst mèr ekki til neins að vera nú að hugsa um að stofna hèr spítala og læknaskóla, án þess menn viti, hvort nokkur maðurinn fæst til að kenna þar læknisfræði; því finnst mèr það nú liggja næst að ítreka bænina þá í hitt eð fyrra og fram fylgja henni, því á þann hátt gæti þeir læknar, sem nyti þess styrks, sem þar er gjört ráð fyrir við hásólann í Kaupmannahöfn, þeir gæti, þegar fram líða stundir, orðið kennarar við læknaskólann hèr, þegar hann kæmist á. Menn eru hèr sumir svo ákafir með það, að koma á þessari kennslu í læknisfræði við prestaskólann, en mèr getur ekki skilizt, í hverju það mundi verða heillavænlegra

en það, sem áður hefir verið, að mönnum hefir gefizt kostur á, að njóta tilsagnar hjá landlækninum og hèraðslæknunum, fyrir þá 200 rd., sem til þess hafa verið ætlaðir úr jafnaðarsjóðunum, og eg veit t. d., að síra Bjarni Eggertsson naut slíkrar tilsagnar, eptir að hann var kominn úr skóla, og hefir mjög mörgum manni orðið að góðu liði. Eg veit ekki til hvers það er, að vera að umsnúa þessu öllu saman, og verður svo úr því einlægur hrínglandi. Bænir þíngsins og aðgjörðir stjórnarinnar reka sig hvað á annað, og svo kennir stjórnin þínginu og þíngið stjórninni, þegar ekki verður neitt úr neinu. Eg vil því helzt mæla með því, að vèr höldum áfram með það, sem byrjað er í vissa og beina stefnu, og að vèr bíðum heldur, en að koma með nýtt og nýtt, sem, ef til vill, verður fyrstu bæninni til fyrirstöðu.

Framsögumaður: Hinn heiðraði þíngmaður Strandasýslu er svo skilníngslaus í dag, að mig furðar á, því að eg átti ekki von á því af honum. Hèr er sannarlega haldið áfram í beina stefnu; nefndin hefir ætlazt til, að stjórnin launaði læknunum, en að landið sjálft kostaði spítalann og læknaskólann, og þótt nú hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi*, og hinir heiðruðu þíngmenn úr Strandasýslu og Mýrasýslu telji öll tormerki á, að fèð fáist úr ríkissjóðnum, þá er eg nú ekki farinn að trúa því enn, að það sè eigi auðið að fá þaðan fè, þegar um svo árríðanda mál er að gjöra; að minnsta kosti þori eg að fullyrða, að hvert einasta sveitarfèlag í öðrum löndum fær styrk hjá stjórninni, þegar um eitthvert eins árríðanda mál er að gjöra. Eg veit ekki, eptir hverju er að bíða, því eg verð að taka það upp aptur, að varauppástúngan í bæn þíngsins 1855 í máli þessu, hún *er fallin;* stjórnin hefir alls ekki viljað fallast á hana eða taka hana til greina, fyrst hún hefir alls ekkert við hana gjört enn. Þótt menn nú ímyndi sèr það, sem þó er harðla ólíklegt, að stjórnin vilji deingja öllum kostnaðinum upp á spítalasjóðina, þá verð eg að biðja hina heiðruðu þíngmenn að gæta þess, að hèr er ekki beðið um að stofna spítala, o. s. frv., heldur er stjórnin að eins beðin um frumvarp til stofnunar læknaskóla hèr á landi, og ef vèr eigi verðum 1859 búnir að fá bæn þíngsins 1855, hve nær fáum vèr hana þá uppfyllta? og ef vèr biðjum ekki um það núna, þá munum vèr naumast fá það 1859; vèr vitum allir, að stjórnin þarf stundum æðilángan umhugsunartíma, t. a. m. að jústizráð Jón sálugi Thorsteinsen beiddi stjórnina um að fjölga yfirsetukonum 1823, og hún hefir verið að hugsa um það mál síðan, og allir vita, hvað af því hefir

leitt. Mèr finnst því, að farið sè alveg í beina stefnu og hina sömu og 1855, þótt menn ekki núna þræði með öllu bænir þíngsins 1855. Hinn heiðraði þíngmaður úr Strandasýslu vill fjölga læknum í landinu, en hvaðan á að taka þá? því innlendir vill hann að þeir sè; því þótt þeirri bæn þíngsins 1855 yrði framgeingt, að stúdentum, sem lesa læknisfræði við háskólann verði veittur 100 rdl. aukastyrkur, þá vita menn ekki enn, hversu margra læknaefna það aflar oss; það kynni að verða 1 eða 2, en það þykir mèr nú lítið, enda deyja þeir einhvern tíma, sem núna eru, og eg get ekki sèð neitt annað ráð til að fá nógu marga lækna, en að stofna læknaskóla í landinu sjálfu. Samlíkíngin hjá hinum heiðraða þíngmanni um skipið og formanninn fannst mèr nú ekki eiga rètt vel við, því það er hægt að snúa henni við og segja: „hvað eiga menn að gjöra við formann, ef ekkert er skipið?“ ætli hann afli mikils, þótt hann standi í fjörunni, og horfi út á sjóinn. Ræðu hins háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanns þarf eg ekki að svara, því hún er marghrakin í nefndarálitinu, og mèr getur ekki skilizt munurinn á því, að stúdentunum gefist kostur á að nema það í læknisfræði, sem hèr ræðir um, og því, að landlæknirinn sè skyldaður til að kenna þeim það. Eg get ekki heldur skilið, að þeir yrði fremur að álítast skottulæknar fyrir þetta nám, heldur en nú, því að það er auðvitað, að prestar gæfi sig meir og minna við lækníngum, eins eptir og áður, eptir því sem hverjum er lagið. Þar sem hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður bar það fram, að menn gæti eins vel lært þessar lækníngar af bókum, þá furðaði mig reyndar á þeirri ályktun hjá slíkum manni, sem er eins kunnugur kennslu og bókmenntum, eins og allir vita, að hann er, því að það veit hver maður, að það verður hægra að nema, þegar tilsögn fylgir með, og ekki get eg heldur öðru trúað, en að stúdentar á prestaskólanum hafi nægan tíma til þessa náms, án þess það verði aðalnáminu eða guðfræðisnáminu neitt til fyrirstöðu.

Þar sem hinum heiðraða þíngmanni úr Mýrasýslu þótti varla tilvinnanda, að fjölgað yrði yfirsetukonum, ef gjaldið til þeirra ætti að takast af hreppsbúum, þá get eg nú ekki fallizt á þá skoðun, en hitt get eg ekki sèð að gjöri neitt til eða frá, hvort þetta gjald er tekið beinlínis úr sveitarsjóðunum, eða því er sèrstaklega jafnað niður á hreppsbúa; því ekki get eg fallizt á það, að þessu fè, sem yfirsetukonum er ætlað, verði jafnað niður á þá, sem giptast, eða barnavonina; mèr virðist hinum heiðraða þíngmanni svo lítið annt um þetta mál, sem mèr finnst þó mikils varðanda, að það lítur svo

út, sem hann hafi aldrei sèð konu sína liggja á sæng, og aldrei reynt það, hvílík hugfró það er fyrir þá, sem að henni standa, að vita einhverja þá konu hjá henni, sem ætla megi að veiti henni alla þá hjálp, sem mönnum er unnt að veita. Mèr finnst nú vera komið nóg af svo góðu, og eg vona, að þessar einstöku raddir sannfæri menn ekki um, að mál þetta sè ónauðsynlegt. Eg legg svo málefni þetta allt á þíngsins vald með þeirri öruggu sannfæríngu, að hinum heiðruðu þíngmönnum þyki það svo mikils varðanda, að þeir yfir höfuð að tala fremur styðji það en felli.

J. Sigurðsson: Hinn háttvirti *framsögumaður* hefir annaðhvort rángheyrt, rángskilið, eða ránghermt meiníngu mína, þar hann sagði, að eg hefði heldur viljað vera af með alla ákvörðun um fjölgun ljósmæðra. Svoleiðis hafði eg aldrei talað, þó mèr þætti ótilhlýðilegt að launa þeim úr sveitarsjóðnum, eður af fátækra framfærisfè; að öðru leyti á eg bágt með að koma meiníngum hins háttvirta *framsögumanns* saman. Kann það nú að vera nokkuð af því, að það, sem hann prèdikaði í mig fyrst, er hann búinn að prèdika úr mèr aptur, því skilníngurinn tekur ekki svona lángar ræður.

Hann segir: „það eru ekki dæmi til, að nokkur stjórn sè svo óbilleg að sleingja læknakostnaði á innbúana sjálfa, ekki á land eða hèrað, því síður á sveitarfèlag; en á hinn bóginn stíngur hann og nefndin upp á því, að hvert sveitar- eða fátækrafèlag gjaldi yfirsetukonum laun. Þetta finnst mèr hvað á móti öðru, og eigi hann það víst, að stjórnin vilji standa allan læknakostnað, þá veit eg ekki, hvað honum geingur til að undanskilja þar ljósmæðrakostnaðinn, en fara að hleypa honum upp á fátækrafè. Það er þó einslags læknishjálp, sem ljósmæðurnar veita, og hverri stjórn má vera mest umhugað, að fólksstofninn eða fjölgunin geti framhaldizt, og er það fyrsta meðal til þess, að mæðurnar geti fætt, og börnin geti fæðzt lifandi og óskemmd í heiminn. Mun því stjórnin varla fremur skorast undan að borga þessa læknishjálp, en áður, og geti nú *framsögumaður* fullvissað mig um, að við sleppum frí fyrir öllum læknakostnaði, en stjórnin muni borga hann allan upp úr sínum vasa, þá er eg staðbúinn að samþykkja allar hans uppástúngur, og get gjarnan þáð að fá allt undir eins, læknaskóla, spítala, lækni í hverja sýslu, og yfirsetukonu í hverja sveit.

Ásg. Einarsson: Hinum heiðraða *framsögumanni* þótti eg skilníngsdaufur, og það læt eg nú vera, og svo þótti honum mèr ekki heppnast vel samlíkíngin um formanninn og skipið, það er þó

auðskilið, að mögulegt er, að formaður geti smíðað skip, en ómögulegt, að skip geti smíðað formann; eg er þó ekki fallinn frá því enn, að mèr finnst ávallt mest varið í að fá manninn góðan í hverju sem er. Það mun einginn geta borið mèr það á brýn, að eg sè ekki eins þrábeiðinn við stjórnina og hver annar, en eg vil þá ekki biðja um sitt í hvert skiptið, heldur halda beint áfram í sömu stefnuna; þíngmenn og aðrir mega leggja það út fyrir mèr hvernig sem þeir vilja, en það er þó ekki meiníng mín, að eg vilji á nokkurn hátt hamla því, að sem flestar menntunarstofnanir komist á í landinu. Hvað viðvíkur kennslunni í læknisfræði við prestaskólann, þá vil eg bera upp breytíngaratkvæði í þá stefnu, að prestaskólakandídötum gefist kostur á að njóta ókeypis kennslu hjá landlækninum og hèraðalæknunum, þegar þeir eru búnir að ljúka af lærdómi sínum við prestaskólann.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, þá er þessari undirbúníngsumræðu lokið. Eg vil biðja hina heiðruðu þíngmenn, að koma til mín með breytíngaratkvæði þau, er þeir hafa tekið sèr, hið allrafyrsta.

Síðan las *forseti* upp *frumvarp til bænarskrár til konúngs í lagaskólamálinu,* og var það samþykkt af þínginu, svo hljóðanda:

„Til konúngs.

Til alþíngis hafa komið tvær bænarskrar þess efnis, að alþíngi bæri þá bæn fram fyrir yðar konúnglegu hátign, að 15. gr. í tilskipun 26. d. janúarm. 1821 verði úr lögum numin, að því leyti sem hún ákveður, að þeir, sem taka hið ófullkomna próf í lögfræði við Kaupmannahafnar háskóla, geti orðið sýslumenn á Íslandi, en að stofnaður yrði lögfræðíngaskóli hèr í Reykjavík, og mætti þeir, er embættispróf tæki í þessum skóla, öðlast rètt til lögfræðíngaembætta hèr á landi, og svo að kostnaðurinn til skólans mætti greiðast úr ríkissjóðnum.

Alþíngi kaus 3 manna nefnd til að íhuga málefni þetta, og ræddi það síðan á 2 aðalfundum, eins og í lögum er fyrir mælt, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að skýra yðar konúnglegu hátign frá áliti sínu um þetta mál.

Alþíngi 1855 sendi yður, mildi konúngur! bænarskrá um mál þetta, en, eins og sjá má af auglýsíngu yðar konúnglegu hátignar til þessa þíngs, dags. 27. d. maímánaðar þessa árs, hefir yður eigi virzt næg ástæða til að verða við þessari þegnsamlegu bæn þess;

en með því þíngið eigi veit, hverjar ástæðurnar eru til synjunarinnar, en virðist þörfin brýn, verður það að ítreka bæn sína, fullörruggt þess, að yðar konúnglega hátign mildilega viljið fullnægja bæninni, þegar ljósar ástæður eru fyrir henni færðar, og þér sjáið, hvílíkan áhuga Íslendíngar á því hafa.

Alþíngi er það ljóst nú, eins og 1855, að Íslendíngar eigi njóta sama rèttar, og samþegnar þeirra í Danmörku, þar sem „danskir júristar," sem svo eru kallaðir, geta orðið, og einatt verða sýslumenn og dómarar á Íslandi, samkvæmt 15. gr. tilsk. 26. janúar 1821, en sem þeir þó eigi þykja hæfir til í Danmörku, enda virðist full ástæða til, að útiloka þá frá dómaraembættum, því að auk þess þeir eigi hafa þá lagaþekkíngu, sem þeir hafa, er taka hið fullkomnara prófið, þá er og það, að löggjöfin eigi heldur heimtar af þeim neina vísindalega menntun; en á hinn bóginn virðist þínginu það verða að liggja í augum uppi, að dómarastörfin sè eins vandasöm hèr á landi og í Danmörku, og þegar „danskir júristar" eru skipaðir dómarar á Íslandi, þá verður það að þíngsins áliti rèttlætt með því einu, að svo fáir Íslendíngar taki embættispróf í lögfræði, að eigi sè ávallt nógir í embættin, með því danskir menn, er tekið hafi hið fullkomnara próf í lögfræði, eigi vilji sækja um embætti hèr á landi, bæði vegna þess, að launin sè lítil, og embættin þeim í ýmsu óaðgeingileg, og verði því þau úrræðin ein höfð, að veita þau hinum „dönsku júristum", sem svo eru kallaðir, en þíngið getur með eingu móti talið þessa ástæðuna fullgilda, heldur sýni þetta atvik að eins fram á það, að annaðhvort þurfi að auka tekjur embættanna, eða gjöra þau að öðrum kosti aðgeingilegri; og með því þíngið sèr nú eingan veg til, að auka embættistekjurnar að svo komnu, þá virðist því hið eina tiltækilega ráð, að lètta fyrir náminu, án þess þó að nokkuð missist af hinni vísindalegu menntun, og þeirri lagaþekkíngu, sem hverjum dómara á Íslandi er nauðsynleg; en til þessa verður þíngið að telja hið eina ráð, að stofna lagaskóla í landinu sjálfu; telur þíngið það sjálfsagt, að þeim, sem geingi í þenna skóla, og ætlaði sèr að verða embættismenn hèr á landi á eptir, ætti að kenna hinar almennari greinir lögvísinnar, t. a. m. hina heimspekilegu lögfræði, og líka þær greinirnar, er sameiginlegar væri fyrir Danmörku og Ísland, t. a. m. málarekstur, en þá ætti líka sèr í lagi að kenna þeim íslenzk lög og rètt, og hleypa því öllu úr kennslunni, er eigi næði til Íslands. Með því þessi kennsla yrði þannig lángtum fullkomnari í hinum íslensku lögum, en kennslan við Kaupmannahafnarháskóla

nú er, telur þíngið öldúngis víst, að hún yrði haganlegri hinum íslenzku embættismönnum, er þeir kæmi í embættin, en kennslan við háskólann. Auk þess er það, að hinir „dönsku júristar", sem svo eru kallaðir, alls einga tilsögn fá í þeim lögum, er sèrstaklega gilda á Íslandi.

Þeir, sem í skóla þenna geingi, í þeirri von, að þeir feingi embætti á eptir hèr á landi, telur þíngið sjálfsagt að ætti að vera þeir einir, er tekið hefði burtfararpróf við lærðan skóla, og ætti þeir þá og að gánga undir próf í forspjallsvísindum, áður en þeir geingi undir embættispróf, eins og nú á sèr stað við prestaskólann í Reykjavík.

En auk þess að stofnun lagaskóla hèr á landi er að þíngsins áliti hið eina ráð, til að bæta úr skortinum á velmenntuðum lögfræðíngum, þá er og vöknuð laungun hjá mörgum almúgamönnum til að afla sèr nokkurrar lagaþekkíngar, og mun ávallt vaxa meir og meir; alþýða kennir og opt á þeim annmarka, að einginn lögfróður maður er í nánd, er hún geti leitað ráða til, hvað sem fyrir fellur; almúgamenn verða og auk þess að gegna ýmsum störfum í almenníngsþarfir, og opt og einatt útþýða lögin, og, þegar til alþíngis koma, taka þátt í löggjöfinni sjálfri. Sökum alls þessa virðist þínginu nauðsyn til, að úngum mönnum af almúgastètt gæfist kostur á, að nota kennsluna í lagaskóla þessum, er þeir æskti þess, til að afla sèr þeirrar lagaþekkíngar, er þeim er nauðsynleg í lífsstöðu sinni, án þess að þeir geingi undir nokkurt próf eða kæmist til embætta á eptir.

Þegar því næst gjöra skal grein fyrir kostnaði þeim, er þurfa mundi til skóla þessa, þá verður þíngið enn að vera á sama máli og 1855, að hann þyrfti alls eigi að vera meiri en 2500 rdl. á ári, og 2 góðir kennendur mundi hæglega geta lesið það á 3 árum, er lögfræðíngar þyrfti að nema, til að verða nýtir embættismenn; en þó verður þíngið að leyfa sèr að geta þess, að hæglega mundi mega komast af með einn fastan kennara; því að það mundi hægt að vinna hina lögfróðu menn, sem í bænum væri, einkum landsyfirrèttardómarana, til að lesa það, sem hinn fasti kennarinn eigi kæmist yfir, og mundi við það mega spara allt að 250 rdl., svo að allur kostnaðurinn yrði eigi nema 2250 rdl.

Þíngið fulltreystir því, að eins og yðar hátignar hásæli faðir, Kristján konúngur hinn 8., er Íslendíngar aldrei munu gleyma, reisti sèr órjúfanda minnisvarða ásamt mörgu öðru, með stofnun prestaskólans á kostnað ríkissjóðsins, svo muni og yðar konúngleg hátign,

er í svo mörgu hafið sýnt, hversu annt yður er um velferð og framfarir þegna yðvarra á Íslandi, eigi neita um þenna kostnað úr ríkissjóðnum, að minnsta kosti meðan allur fjárhagur Íslands er með öllu óaðgreindur frá fjárhag konúngsríkisins sjálfs, með því þíngið enn sem stendur alls eigi sèr sèr fært að vísa á neitt fè í landinu sjálfu; enda virðist þínginu það því sanngjarnara, sem allar eigur hinna fornu skólanna eru eptir konúngsbrèfum 29. d. aprílmán. 1785 og 2. októberm. 1801 dregnar inn í ríkissjóðinn.

Af framantöldum ástæðum leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast með 15 atkvæðum gegn 7, að bera þá bæn fram fyrir yðar konúnglegu hátign:

1. Að 15. grein í tilskipun 26. dag janúarm. 1821 verði úr lögum numin að svo miklu leyti hún ákveður, að hinir „dönsku júristar“, sem svo eru kallaðir, geti orðið embættismenn á Íslandi, svo að sýslumannaembættin hèr á landi eigi verði veitt neinum, sem hèr eptir les að eins dönsk lög (samþykkt með 15 atkvæðum gegn 6).
2. Að sem allrafyrst verði stofnaður kennsluskóli í Reykjavík handa lögfræðíngaefnum, er áður hafi lokið burtfararprófi við lærðan skóla, og taki þeir próf í forspjallsvísindum, áður en þeir taka embættispróf við skóla þenna, og að í skóla þessum verði veitt kennsla í heimspekilegri lögfræði og íslenzkum lögum og rètti (samþykkt með 16 atkvæðum gegn 5).
3. Að kennslan í lagaskólanum fari fram í heyranda hljóði, svo að óskólageingnum mönnum gefist kostur á, að afla sèr þar lagalegrar menntunar, að því leyti þeir hafa faung á (samþykkt með 12 atkvæðum gegn 8).
4. Að lögfræðíngar þeir, sem tæki embættispróf í skóla þessum og reyndist hæfir, mætti öðlast rètt til lögfræðíngaembætta hèr á landi, þó með þeim nákvæmari ákvörðunum, er þurfa þætti (samþykkt með 18 atkvæðum gegn 4).
5. Að kostnaðurinn til fyrtèðs lagaskóla allramildilegast mætti verða greiddur úr ríkissjóðnum (samþykkt með 17 atkvæðum gegn 4).

Reykjavík, 3. d. ágústm. 1857.

Jón Sigurðsson. *H. Kr. Friðriksson.*

Fundi slitið.

---

4. ágúst — tuttugasti og fyrsti fundur.

Allir á fundi, nema hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, er var sjúkur, og hinn 4. konúngkjörni, er var fjærverandi í embættisstörfum sínum. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni verður í dag haldið áfram undirbúníngsumræðu í vegamálinu; eins og þíngmönnum er kunnugt, er hinn 4. konúngkjörni þíngmaður, sem var *framsögumaður* í máli þessu, nú fjærverandi sakir embættisstarfa, og hefir nefndin kosið hinn 2. konúngkjörna þíngmann til *framsögumanns* í stað hans.

Framsögumaður: Það ætlar ekki að blása byrlega fyrir nefndarálitinu eða fyrir frumvarpinu, sem það lýtur að, því það er þegar orðið fyrir miklum mótgángi, og umræðurnar um það eru orðnar svo miklar og margs konar, að það er ekki auðvelt að halda þræðinum í þeim, eða að geta áttað sig í þeim; mèr þykir stefnan í umræðunum orðin líkust þeirri í sveitamálinu, og væri það mikið illa farið, ef niðurstaðan skyldi verða hin sama, og málið, sem er svo umvarðanda í sjálfu sèr, falla fyrir þeim mörgu breytínga-uppástúngum, sem þegar eru komnar fram, og eru í vændum, því eg þori að fullyrða, að stjórnarfrumvarpið á þann vitnisburð skilinn, sem nefndin hefir gefið því, þar sem það er í alla staði vandlega frá því geingið, þó það kunni svo að vera, að það þurfi að víkja einstökum ákvörðunum í því við; en í öllu verulegu má fullyrða, að frumvarpið sè gott og hagfellt.

Af breytíngar-uppástúngum þeim, sem fram eru komnar, eru þær, sem hinn heiðraði *varaforseti* hefir borið upp, þær helztu, en þar sem sumar af þeim einúngis snerta orðabreytíngar, eða lúta að því, að fella úr einstök orð eða smá-atriði, skal eg að þessu sinni ekki fara út í þessar minni háttar breytíngaruppástúngur, sem einúngis mundi verða til málaleingíngar, við undirbúníngs umræðuna, en eg ætla einúngis að halda mèr við tvö aðal-atriði í ræðu hans, því þau hafa veruleg áhrif á málið, og fyrirkomulag þess eptirleiðis; þessi tvö aðalatriði snerta *umsjónina með vegabótunum* og *kostnaðinn* til vegabótanna.

Hvað umsjónina með vegabótunum snertir, kom það til umræðu í nefndinni, þó hún ekki hafi tekið það fram, að það reyndar væri ofætlun, að gjöra sýslumanninum að skyldu að hafa alla umsjón með vegabótunum, því í víðlendum sýslum mundi hann ekki anna því, þar sem hann að öðru leyti hefir svo mörgu öðru að gegna; það er

heldur ekki gjört ráð fyrir því, að hann fái nokkra borgun fyrir ferðalög sín og fyrirhöfn út af þessari skyldukvöð, og hann þarf þó augsýnilega, ef umsjón hans með vegabótunum á að hafa nokkra þýðíngu, að fara margar ferðir út um sýsluna einúngis í þeim erindum. Af þessari ástæðu get eg ekki verið því mótfallinn í raun og veru, sem hinn heiðraði *varaforseti* fer fram á, að í hverjum hrepp verði stofnaðar nefndir, sem undir umsjón sýslumanns hafi á hendi umsjón með vegabótunum, og annist um, að þær verði vel af hendi leystar; eg segi undir umsjón sýslumanns, því að sleppa sýslumanni algjörlega frá umsjón vegabótanna, eins og hinn heiðraði *varaforseti* gjörir, get eg með eingu móti aðhyllzt; eins og eg heldur ekki, þó eg þannig í reglunni *(Principet)* aðhylllst nefndir í hreppunum til framkvæmdar vegabótanna, get fallizt á þær sýslu- og hreppa-nefndir, sem hann hefir stúngið upp á, því þær eru svo margbrotnar, og fyrirkomulag þeirra, kosníngarnar, og allt þar að lútanda svo flókið og örðugt viðfángs, að það er öldúngis frágángssök, eg vil t. a. m. minnast á kosníngarnar. Þær eiga í fyrsta sinni að fara fram í hverjum hrepp og það á að kjósa 3 menn í hverjum, en síðan eiga þessir menn, sem í sumum sýslum verða $12 \times 3 = 36$ eða fleiri, að fara lángan veg á aðalkosníngarfundinn; eiga þeir að fara kauplaust, eða hver á að borga þeim kostnaðinn? þessa er ekki getið. Auk þessara vandkvæða, sem eru í augum uppi, vil eg leyfa mèr að geta þess, að önnur eins nefndaskipun, og sú, sem hèr er stúngið upp á, á með eingu móti við í öðru eins frumvarpi og þessu, það getur þó fyrst átt við, þegar sveitastjórn er komin hèr á, og umsjón með vegunum var líka, eptir sem mig minnir, ætluð sveitanefndunum.

Þannig verð eg frá mínu sjónarmiði öldúngis að vera mótfallinn þeim sýslunefndum, sem hinn heiðraði *varaforseti* hefir stúngið upp á, en þar á móti er eg það ekki, hvað hreppsnefndir snertir, þannig, að þær standi yfir undirumsjón sýslumanns.

Viðvíkjandi því öðru aðalatriði, kostnaðinum til vegabótanna, hefir hinn heiðraði *varaforseti* farið, hvað hann snertir, í allt aðra stefnu en nefndin og frumvarpið. Það getur nú vel verið, að kostnaðurinn með því fyrirkomulagi, sem hann ætlast til, komi jafnar niður en eptir frumvarpinu, en á hinn bóginn eru þó á þessu fyrirkomulagi margs konar annmarkar, og tel eg þar til það, að afgreiðslan til vegabótanna er ekki bundin við neina vissa upphæð, en komin undir hugþótta þeirra, sem jafna henni niður, en í frumvarpinu er afgreiðslan ákveðin, og þetta er mikill kostur; annað atriðið er það, að

þó það sè ætlazt til, að vegabótagjaldinu verði jafnað niður eins og aukaútsvari til sveitar, er niðurjöfnunin þó ætluð annari nefnd, en þeirri, sem jafnar niður aukaútsvarinu; þetta getur hæglega leitt til ágreiníngs og misklíðar, því það geta verið misjafnar skoðanir á efnahag manna; fallist því þíngið á þetta fyrirkomulag, ætti sömu mennirnir, sem jafna niður aukaútsvarinu, að jafna niður vegabótagjaldinu, en eg felli mig samt ekki við þetta fyrirkomulag, þó þíngið mót von minni fallist á það.

Að öðru leyti vil eg, að því leyti hèr er ætlazt til, ef eg skil uppástúnguna rètt, að helmíngur vegagjaldsins leggist á afgjald af fasteign, líkt eins og alþíngiskostnaður, geta þess, að mèr þykir þessi gjaldstofn mjög ísjárverður; það liggja þegar töluverðar afgreiðslur á fasteignum, og fleiri eru í vændum, þegar jarðamatið er komið í kríng, en að því leyti stúngið er upp á, að miða kostnaðinn við lausafè, þá er það hið sama og gjört er í frumvarpinu, því þar er hann lagður á tíundarbært lausafè, enda er þessi gjaldstofn vissulega hinn eðlilegasti, því flestir búendur gjöra tíund; einúngis kann það að eiga sèr stað, að þeir, sem búa við sjávarsíðuna, komist betur af en aðrir, því þeir tíunda opt lítið, og eru þó sumir efnamenn, en slíkar misfellur í einstökum atriðum eru óumflýjanlegar.

Því hefir verið hreift, að það yrði ekkert gjört við þjóðvegina með því fè, sem tekið væri til í frumvarpinu; þetta er satt, ef það væri meiníngin að gjöra við þjóðvegina allt í einu, á 1 eða 2 árum, en það er ekki svo, heldur á endurbótin að fara fram árlega, þángað til hún er búin, og þannig smátt og smátt, en að öðru leyti er innan handar að hækka afgreiðsluna, t. a. m. til 3 skildínga af hundraði, ef það þykir betur fara og nauðsynlegt.

Eg hefi þannig stuttlega svarað hinum heiðraða *varaforseta* upp á hans aðaluppástúngur; hinar ætla eg, eins og eg hefi sagt, að leiða hjá mèr að svo stöddu; eg þykist hafa sýnt fram á, að þeim eru samfara verulegir annmarkar, og eg get því ekki álitið, að frumvarpið yrði, þó því yrði breytt svo verulega, eins og hinn heiðraði *varaforseti* fer fram, hagfelldara eða fullkomnara, en það er nú frá stjórninni. Það ríður á því hèr í landi, að allt sè sem einfaldast og óbrotnast; því brotnara sem fyrirkomulagið er, því síður á það hèr við, og því minna verður úr framkvæmdinni, því allt kemur í ríg og bága hvað við annað, einn vill þetta og annar hitt. Þetta á eins við vegabæturnar eins og hvert annað stjórnarfyrirkomulag hèr í landi.

Hinar breytíngaruppástúngur *varaforseta* eru ekki verulegar; margar af þeim standa í sambandi við það fyrirkomulag, sem hann hefir stúngið upp á, sèr í lagi sýslunefndirnar, og leiði eg þær hjá mèr að svo komnu. Einúngis ætla eg að minnast á uppástúngu hans við 16. gr. frumvarpsins, af því þessi hans breytíng, ef mig minnir rètt, er miklu ónærgætnislegri en frumvarpsins ákvörðun, þar sem hann vill ekki borga neitt, fyr en verkinu er lokið, en þessi ákvörðun er því til fyrirstöðu, að fátækur en duglegur maður taki að sèr slík verk, og slíkur getur þó verið vel til þess fallinn, en það verður ókljúfanda fyrir hann, nema hann fái „*Forskud*", eða borgun fyrirfram.

Eg ætla nú ekki að fara fleirum orðum hèr um að svo stöddu, fyr en eg heyri, hvernig umræðurnar falla um málið.

Konúngsfulltrúi: Eg skal að þessu sinni ekkert tala um breytíngaratkvæði þau, sem ýmsir þíngmenn hafa boðað, því það væri ekki nema til að tefja tíma að fara nú að ræða þau, meðan þeir hafa ekki fullráðið, hvernig þeir vilja orða þau, eða hvort þeir vilja halda þeim áfram eða ekki. Þess vegna skal eg halda mèr einúngis við nefndarálitið, og fara um það nokkrum orðum, svo þíngmenn sjái, hvort álit mitt er yfir höfuð um málefnið, og tillögur þær, sem nefndin hefir komið fram með. Eg skal þá lýsa því, að mèr yfir höfuð geðjast að þeirri stefnu, sem nefndin hefir tekið; þær ekki allfáu breytíngar, sem nefndin hefir stúngið upp á, eru annaðhvort eintómar orðabreytíngar eða áhræra smámuni eina, og skal eg ekki tefja tímann með að fjölyrða um þær; sumar af þeim mega, ef til vill, álítast að bæta um orðaskipun frumvarpsins, en sumar þar á mót gjöra það ekki. Þar á móti skal eg dvelja lítið eitt við 2 breytíngar, sem nefndin hefir stúngið upp á að gjöra við frumvarp stjórnarinnar. Í athugasemdunum við 3. grein frumvarpsins stíngur nefndin upp á því, að kjósa 3 manna nefnd til þess ásamt sýslumanni að upp kveða, hverja vegi álíta skuli þjóðvegi, og hverja aukavegi. Það lítur nú svo út, sem það hafi vakað fyrir nefndinni, að þessi sýslunefnd skyldi einúngis í eitt skipti gefa álit sitt um flokkun veganna, svo það eptir því lítur út, eins og sýslunefnd þessi ætti ekki að vera viðvarandi. En eptir athugasemdunum við 6. grein, hvar í það er ákveðið, að nefnd þessi skuli senda uppástúngu til amtmanns, þegar breyta skal stefnu þjóðvega, eða leggja nýjan þjóðveg, lítur það þó svo út, eins og hún eigi að eiga sèr leingri aldur eða vera viðvarandi. Nú er það á móti öllu rèttu formi, að smeygja

slíkum nefndum inn í lagaboð um vegabætur, því ef slíkar nefndir skulu stofnast, þá heyrir það inn undir lagaboð um sveitarstjórn. Eg held þess vegna, að stjórnin aldrei muni fallast á, að taka slíka ákvörðun inn í löggjöfina um vegabætur, og eg er því þeirrar meiningar, að ef þíngið fellst á þessa appástúngu nefndarinnar, muni það, ef til vill, geta orðið vegabótamálinu til fyrirstöðu. Það er líka öldúngis ónauðsynlegt, að smeygja slíkri ákvörðun um sýslunefndir og þeirra kosníngar inn í vegabótafrumvarpið; hvar á mót það væri rèttara að benda til þess, að sýslumenn, áður en þeir gjörði uppástúngu um flokkun veganna, tæki á ráð með sèr nokkra af hinum greindustu og kunnugustu sýslubúum sínum, og þess konar framgángsmáta veit eg að sumir sýslumenn híngað til hafa brúkað, þegar spurníng hefir verið um, hvernig bezt mundi vera að haga vegabótunum.

Hið annað atriði í nefndarálitinu, sem eg vil minnast á, er sú uppástúnga nefndarinnar við 15. grein, að $^1/_4$ part af kostnaðinum til þjóðveganna skuli leggja á verzlanirnar í amtinu eptir ákvörðun amtmanns í hvert skipti. En þessa uppástúngu nefndarinnar virðist mèr ófært að þíngið aðhyllist; því bæði er það órannsakað, hvort þessi uppástúnga er byggð á rèttum hlutföllum eða ekki, og hvort hún þannig er á nokkurri sanngirni byggð eða ekki; og líka virðist mèr það öldúngis ófært fyrir amtmanninn að skera úr því, hversu þeim parti kostnaðarins, er falla ætti á verzlunarstaðina, skyldi skipta milli hinna einstöku verzlana í amtinu

Þó eg, eins og eg sagði áðan, ekki að svo komnu vilji ræða neitt um þau breytíngaratkvæði, er ýmsir þíngmenn hafa boðað, skal eg þó geta þess, að þar sem nokkrir þíngmenn hafa stúngið upp á því, að skipta niður vegakostnaðinum á innbúa landsins eptir efnum þeirra og ástandi *(Formue og Leilighed)*, án þess að tiltaka nokkurn vissan eða fastan gjaldstofn, þá virðist mèr slík uppástúnga óhafandi, og eg get eigi ætlað, að stjórnin nokkru sinni muni á hana fallast; því þó nokkrar misjöfnur *(Misforhold)* kunni að verða upp á, þegar jafnað er niður vegabótakostnaðinum á vissan tiltekinn gjaldstofn, t. a. m. lausafjártíundina, þá er það þó, að minni hyggju, betra og aðgeingilegra, en að jafna honum niður svo að segja öldúngis reglulaust eptir eintómum hugþótta þeirra, er leggja á slíkan kostnað. Það kann að vera að slík niðurjöfnun fari vel í einstökum tilfellum, en optast nær mun slík niðurjöfnun mistakast svo, að hún veki óánægju og umkvartanir þeirra, er slík gjöld eiga að greiða,

og stjórnin mun því naumast aðhyllast svo ótiltekinn, valtan og ótakmarkaðan niðurjöfnunarmáta. Af þessu munu hinir heiðruðu þíngmenn fá sèð, að eg ekki get verið meðmæltur sumum þeim breytíngaratkvæðum, sem boðuð hafa verið í þessu máli; en eg vil, sem sagt, geyma mèr að tala frekar um þau, þángað til þau liggja fyrir, eins og þíngmenn vilja hafa þau orðuð.

J. Sigurðsson: Við þessa undirbúníngsumræðu hefir mèr ekki gefizt kostur að taka fyr til máls, því ekki hefir skort umræður af annara hendi; hefi eg hlýtt á þær, og virðist mèr, sem að í þessu vegabótamáli sè komnar upp 2 stefnur; sú önnur er nefndarinnar, en hin er uppástúnga þess háttvirta *varaforseta.* Hvorug stefnan þykir mèr góð, og finn eg það að uppástúngu *varaforseta,* að þessar mörgu nefndir og kosníngar þeirra eru svo flóknar og vafníngslegar, og svo það, að hann vill láta jafna öllum þessum vegabótakostnaði á menn af handahófi í lausu lopti, og svo að kalla eptir eingri reglu. Hann segir: eins eða eptir sömu reglum og aukaútsvari er jafnað; en eg held það sè nú helzt byggt á tíund, því eg veit ekki til, að mönnum sè heimilt að leggja aukaútsvar á aðra en þá, sem gjöra einhverja tíund, svo eptir hans uppástúngu fríast þeir allir við vegabótaskyldu, sem ekkert tíunda, og verður það þá fjöldi, lausamenn, tómthúsmenn, embættismenn, og kaupmenn. Þetta þykir mèr ekki rètt, að allir þessir sleppi undan þessari einna-mest árríðandi skyldu í landinu. Það má þó mæla nefndinni til bótar, að hún heldur sig við einhverja reglu, nefnilega reglu stjórnarfrumvarpsins, víst peníngagjald til jafnaðarsjóðsins, til umbótar þjóðvegunum, og skylduvinnu eptir manntali á verkfærum mönnum til aukaveganna. Það hefir nú helzt verið fundið til, að þetta jafnaðarsjóðsgjald sè svo lítið, að það verði ekkert gjört með því að þjóðvegunum og miklu minna en verið hafi, og eg er líka á því, að það sè harðla lítið til þess, að þjóðvegir vorir taki fljótlegum stakkaskiptum til betrunar. Þetta verður svo sem 10 eða 12 hundruð dalir, og þegar búið er að skipta því á 20 sýslur, þá verður svo sem 6 eða 7 dalir í sveit. Vil eg þá halda, að það verði ekki svo lángur vegur af þjóðveginum, sem yrði einúngis ruddur og breiðkaður til 6 álna fyrir þetta verð, því síður að neitt yrði brúað eða umbætt stórkostlega, því nú hætta bændur að ryðja, þó í þeirra landareign sè, þegar það er úrskurðaður þjóðvegur. Nú lít eg yfir höfuð á vegabótaskylduna, sem kastast á landsmenn eptir stjórnararinnar og nefndarinnar reglu, og eru það 2 skildíngar af hverju

tíundarhundraði, og eitt dagsverk af hverjum verkfærum karlmanni, þá sè eg, að álagan verður miklu meiri, en hún hefir nokkru sinni verið fyr, og þykir mèr þá stjórninni farast nokkuð óhönduglega, ef vegabæturnar skulu verða miklu minni en áður, og með því meira skal vera gjört hið minna. Nú hefi eg fáa heyrt mótmæla því, að þessi skylduvinnukvöð til aukaveganna sè rèttlátlega lögð á, því sá, sem hefir fleiri menn verkfæra, eigi að leggja meiri starfa til en einyrkinn, og undir þessari kvöð verða líka allir, lausamenn, tómthúsmenn, embættismenn og kaupmenn. En þá lít eg á eitt, að þessi skylda allra liggur einúngis til aukavega. Nú eru þjóðvegirnir lángmestir, og mest áríðanda, að þeir sè vandaðir og gjörðir greiðir; en svo stendur á víða með sjó, þar sem þó er mestur karlmannafjöldinn, að aukavegir eru eingir. Það eru einúngis þjóðvegirnir eptir ströndunum með sjónum, og svo eru ekki aðrir vegir til. Hèr sleppa menn því öldúngis undan skylduvinnunni, því ekki gjöri eg ráð fyrir, að þeir frá sjónum fari að fara upp í sveitir eða aðrar sýslur, til að vinna að aukavegum. Til þess að taka nú af þenna ójöfnuð, dettur mèr nú í hug að stínga upp á því, að skylduvinnan sè aftekin, en henni breytt í peníngagjald, og hver gjaldi sýslumanni á manntalsþíngum þau dagsverk fyrir sig og sína verkfæra menn, sem honum ber, eptir hvers árs verðlagsskrá, og þetta gjald sè síðan lagt til þjóðveganna. Þetta gjald verður stórmikið fè, og má verulegt með því starfa. Vil eg svo, að í hverri sveit sè kosin þriggja manna nefnd, er hafi á hendi alla umsjón og framkvæmdir allra vegabóta; þeir, sem þá vilja heldur starfa en gjalda, geta feingið að vinna upp á kaup hjá veganefndinni. Eg tek mèr því breytíngaratkvæði á þessa leið.

M. Andrèsson: Það varð nú strax á laugardaginn þíngmönnum ljóst af ræðum hins heiðraða *varaforseta,* að honum þótti nefndinni hafa tekizt illa og óhönduglega að búa til athugasemdir sínar við frumvarp stjórnarinnar í þessu máli, og skal eg nú fúslega játa, að það muni hafa verið líkt með þetta nefndarálit eins og önnur mannanna verk, að þau eru opt ófullkomin, en hinn heiðraði *varaforseti* var svo vel útbúinn, að hann kom strax með breytíngaratkvæði sín, og þau svo umfángsmikil, að undirbúníngsumræðunni varð að slíta í miðju kafi, en eg efast samt eingan veginn um, að þetta hefir verið gjört í góðum tilgángi af honum. Meðal annars gat hinn heiðraði *varaforseti* þess, að nefndin hefði þó verið æðileingi að fást við frumvarpið, og var það nú ekki orsakalaust, en

þessi hans breytíngaratkvæði, svo mörg og umfángsmikil sem þau eru, mynduðust á örstuttum tíma, og því er honum meiri vorkun, þótt mèr virðist líka dálítill ófullkomlegleiki hafa slæðzt inn í breytíngaratkvæði þessi, og það svo, að mèr virðast þau ekki stórum bæta uppástúngur nefndarinnar eða taka þeim fram. Eg vil taka einúngis eitt dæmi, nefndin hafði fallizt á nokkurs konar sýslunefnd, sem skyldi vera sýslumanni til styrktar í því að aðgreina þjóðvegi og aukavegi, o. s. frv., og kosníngu þessarar nefndar hugsaði nefndin sèr ofur einfalda og óbrotna, en hinn heiðraði *varaforseti* talar um sýslunefnd, sem kosin sè með miklum umsvifum, svo eg á reyndar ekki gott með að átta mig í því öllu saman. Hinn heiðraði *varaforseti* vill hafa 3 manna sýslunefnd auk sýslumannsins, og þessir menn ætlast hann til að sè kosnir á manntalsþíngum í öllum hreppum sýslunnar, 3 í hverjum, og allir þessir menn, sem gæti orðið víst einir 30 í stærri sýslunum, ætti síðan að koma á hinn fyrsta sýslunefndarfund, en hvar það ætti að vera, veit eg nú ekki, líklega hjá sýslumanninum, og hann kallaði þá líklega saman, og af öllum þessum ætti síðan að velja 3 menn í sýslunefndina og það eptir hlutkesti, svo fyrir því yrði, ef til vill, þeir, sem sízt væri hæfir til þess. En mèr getur nú ekki skilizt, hvernig þetta gæti farið vel, því fyrst er nú að taka á því, að það er ekki manntalsþíng haldið í nærri öllum hreppum, t. a. m. í Árnessýslu; þar sækja 2 hreppar, Grímsneshreppur og Þíngvallahreppur, að sama þíngstað, og hinn 3., nefnilega Grafníngshreppur, sem sækir þángað ásamt Þíngvallahreppi *nú*, meðan þeir eru í sameiníngu, var þó til skamms tíma hreppur sèr, en látum nú það vera, þó mèr finnist þetta ekki eins vel hugsað og hinn háttvirti *varaforseti* mundi hafa viljað. Eg vil nú taka dæmi af Skaptafellssýslu, og ef þessir 3 menn væri valdir þar í hverjum hreppi, þá yrði þeir að sækja á fund sýslumann sinn út að Sólheimum, þar sem sýslumaðurinn hefir að minnsta kosti til skamms tíma átt heima, og þeir yrði þá sumir að ferðast austan úr Lóni og Hornafirði í þessu skyni, og fara síðan við svo búið heim aptur og án alls endurgjalds, því einir 3 af þeim öllum milli 20 og 30 yrði valdir í sýslunefndina, og þessi tilhögun er að minnsta kosti mjög ólík því, sem hinn heiðraði *varaforseti* talaði í hitt hið fyrra um það, hvað torvelt sýslubúum væri að heimsækja sýslumann sinn út að Sólheimum, og gat eg ekki annað en fallizt vel á það; en þó hann vorkenndi þeim þá, þá sýnist mèr hann ekki mjög nærgætinn við þá núna. Sýslunefndin, sem nefndin í vegabótamálinu hugsaði sèr, var nú svo

einföld, nefndarmenn áttu að vera kosnir á manntalsþíngum sýslumanni til aðstoðar, til að aðgreina þjóðvegi frá aukavegum og vera ráðaneyti sýslumanns, ef nýja vegu þyrfti að leggja, og þótt nú hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* fyndi nokkuð að þessu fyrirkomulagi, er það þó miklu umsvifaminna, og minni vanda bundið. Hið annað, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* fann að nefndarálitinu, var um þann hluta kostnaðarins, sem nefndin hefir stúngið upp á að leggja á verzlunina, og eg játa nú reyndar, að þetta kann ekki að liggja nærri beint við, en nefndin var hrædd um, að eingum verulegum vegabótum yrði komið á einúngis fyrir það fè, sem í frumvarpinu er tiltekið, eða 2 sk. af hverju lausafjárhundraði; og vildi því bæta við það, og því verður þó ekki neitað, að verzlunin hefir hag af því, að vegirnir sè sem beztir, því þá verður aðsóknin greiðari, en kann ske menn komi sèr nú niður á að auka fèð til vegabótanna á haganlegri hátt.

Forseti: Kann ske hinn heiðraði þíngmaður úr Mýrasýslu sè nú þegar viðbúinn að bera upp breytíngaratkvæði þau, er hann gat áðan.

J. Sigurðsson: Eg skal reyna til að skýra meiníngu mína betur fyrir þínginu; það er tilætlun mín, að borgun fyrir dagsverkaskylduvinnu, sem verður svo miklu meiri partur af álögunni, leggist til þeirra meiri og vigtugri vega, nefnilega þjóðveganna, líka til þess að allir dragist inn undir þá skyldu að starfa að þeim vegum; en vilji menn þá halda þessu 2 skildínga gjaldi til jafnaðarsjóðsins, þá mætti brúka það fè til aukaveganna; gæti amtmaður útbýtt því til þeirra hèraða, hvar mest lægi á að gjöra við aukavegina; skyldi veganefndirnar á hausti hverju með ráði sýslumanns senda amtmanni skýrslu um, bæði hvað gjört hefði verið að vegabótum á því sumri, og svo hvar mest væri nú nauðsyn að starfa að þeim á næsta sumri bæði á þjóðvegum og líka á aukavegum; en hvað mikið skyldi starfa á næsta sumri, held eg yrði bágt að tiltaka fyrirfram. Eg held, að efnin yrði að ráða því, og veganefndirnar að sjá um það, að fara forsjálega með efnin og að starfið geingi forsjálega og forsvaranlega.

Eg hefi hèr uppteiknun á breytíngaratkvæðum mínum, og hvernig þau geti samrýmzt við frumvarpið; þíngmenn hafa það fyrir sèr, svo eg þarf varla að tína þau öll fram, það eru mörg af þeim ekki annað en orðabreytíngar og greinaniðurskipun, sem flýtur af þessu að verður að vera nokkuð öðruvísi, þar sem eg strax vil auka inn

í nýrri grein eptir þriðju greinina; hún ákveður, hvernig sýslu- og sveitanefndirnar skuli myndast og er svo hljóðandi:

„Í hrepp hverjum skal vera þriggja manna nefnd, er kosin sè af búendum hreppsins á manntalsþíngi til þriggja ára. Nefnd þessi hafi á hendi umsjón og framkvæmdir vegabótastarfa hreppsins. Kýs hún 1 til formanns úr sínum flokki, til að sjá um ritstörf og svo frv.; kosinn formaður hverrar hreppsnefndar mæti eitt sinn árlega hjá sýslumanni sínum, sem kalli þá saman í nóvember, og kallast sú samkoma sýslunefnd".

Hèr sèst nú, hvernig eg ætlast til að þessar nefndir myndist, og var það helzt tilgángur minn með veganefndirnar, að þær skyldi lètta þessari vegabótaumsjón á hreppstjórunum, því þeir hafa nógu vond kjör samt, og nóg að snúast fyrir ekkert. Eg held líka, að vegabæturnar geingi miklu betur fram, þegar vissir menn hafa umsjón þeirra á hendi, sem ekki hafa annars að gæta, heldur en að hreppstjórinn hafi þá umsjón líka í viðbót við aðrar sveitarsakir. Hin önnur breytíng mín kemur mest fram við 15. og 16. greinir frumvarpsins, sem eg vil fella burtu, en setja þar aptur nýjar greinir, sem umsteypi skylduvinnunni í gjald til vegabótanna, og þá flýtur þar af, að frumvarpið eða lögin verða lángtum styttri og óbrotnari, og falla úr því margar greinir, sem hljóðuðu um, hvað snemma menn skuli koma til verka, um sektir á afbrotum, um tillög verktóla, um reglur sýslumanns með dagsetníngar, og hreppstjóra kallanir til verka, og fleira. Þetta allt verður hèr öldúngis óþarft, og þykir mèr gott að geta fyrirbyggt allar þær klaganir og sektir, sem geta risið af öllu þessu, og líka þann ójöfnuð, sem þeir hafa orðið fyrir, sem hafa átt að ferðast lánga leið, þángað sem verkið hefir framfarið; ef þeir eiga að vera eins leingi og hinir við starfið, eins og frumvarpið ætlast til, þá verða þeir að vera að ferðast á nóttunni, og geta þá ekkert gjört daginn eptir, og verða því helmíngi þýngra úti. Eg vona, að þíngmenn skilji nú meiníngunа í uppástúngu minni og ætla eg svo ekki að orðleingja hana meira að sinni.

Framsögumaður: Það var margt í ræðu hins heiðraða fulltrúa frá Mýrasýslu, sem mèr geðjast vel að, og vil eg því bera uppástúngu hans undir mína heiðruðu meðnefndarmenn til ítarlegrar yfirvegunar. Hans uppástúnga bætir úr því vandkvæði, sem menn hafa þótzt finna á stjórnarfrumvarpinu, að nefnilega það fè, sem í því væri gjört ráð fyrir handa þjóðvegunum, væri mikils til of lítið, svo ekkert yrði til hlítar gjört með því við þjóðvegina, og hann bætir úr þessu

vandkvæði, án þess að raska grundvallarreglunni í frumvarpinu að öðru leyti en því, að hann lætur jafnaðarsjóðinn standa straum af aukavegunum, en skylduvinnunni, sem hann breytir í peninga eptir verðlagsskránni, ætlar hann umbót og viðhald þjóðveganna; þessi breytíng þykir mèr vel til fallin, og það er auðsèð, að það fè, sem með þessu móti fæst til þjóðveganna, verður nægilegt, og þá er þeim steini rutt úr vegi.

Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* fann tvennt að nefndarálitinu, 1. það, að nefndin hefði við 3. gr. frumvarpsins stúngið upp á viðvarandi nefnd, og 2., að nefndin hefði lagt nokkurn hlut af kostnaðinum til þjóðveganna á verzlanirnar í hverju amti. Hvað hið fyrra atriði snertir, ætlaðist nefndin ekki til, að nefndir þær, sem hèr ræðir um, yrði viðvarandi; þær áttu einúngis að vera sýslumanni til ráðaneytis í því einstaka tilfelli, sem greinin í frumvarpinu talar um, og nefndin hlýtur að vera föst á því, að þessar nefndir sè sýslumanni nauðsynlegar, og geti komið að góðu liði. Um það, að leggja kostnað til þjóðveganna, eins og nefndin hefir gjört, á verzlunina, geta verið deildar meiníngar, en þegar athugast, að amtssjóðirnir standa kostnaðinn, sem leiðir af fyrirkomulagi hinnar frjálsu verzlunar, og þegar jafnframt er litið á það gagn, sem verzlunin hefir af góðum vegum, virðist álaga þessi ekki ósanngjörn; en það kannast nefndin við, og það kom einnig til umræðu, að með þessari álögu á verzlunina víkur nokkuð frá grundvallarreglunni í frumvarpinu, en það ætlar nefndin þó megi, eptir því sem á stendur, til sanns vegar færa. Að öðru leyti er álaga þessi ekki mikil nè þúngbær, því hún yrði, eptir því sem nefndinni reiknaðist, í mesta lagi 10 rdl. á hverja verzlun, og þar sem álagan er miðuð við 2 skildínga afgreiðsluna af hverju lausafjárhundraði, eptir frumvarpinu, og hèr er upphæðin fast ákveðin, er hún heldur ekki, eins og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, óákveðin. Þetta getur nú að vísu, ef grundvallarreglunni í frumvarpinu yrði breytt, orðið öðruvísi, en þá er öðru máli að gegna, hvað þetta atriði snertir, og mundi nefndin þá, ef til vill, breyta skoðun sinni þar eptir.

E. Ó. Kúld: Ekki skal eg nú tala margt, þó það mætti víst finna einhvern texta í þessum blöðum, sem hèr eru fyrir framan mig, því þau eru töluvert yfir 20, og úr því, sem á þeim stendur, á brátt að vinsa það, sem menn eiga að aðhyllast, eða þá að hafna, og virðist mèr næsta torvelt fyrir þíngmenn að átta sig í allri þessari trossu, því allt er einhvern veginn svo úr garði gert, að ekkert verður full-

komlega rýmt saman, svo úr því fáist nokkuð heilt. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* getur ekki fellt sig við uppástúngur nefndarinnar, sumir þíngmenn hafa á móti frumvarpinu, aptur aðrir á móti breytíngaratkvæðum hins heiðraða *varaforseta,* og enn aðrir móti breytíngaratkvæðum hins heiðraða þíngmanns úr Mýrasýslu, og felli eg mig þó einna-bezt við sumt af því, sem hann fer fram á, að meiníngunni til, þó sumt af því sè alveg óhafanda. Þessi heiðraði þíngmaður hefir snúið frumvarpinu alveg við, þar sem talað er um kostnaðinn til vegabótanna, og vill láta kostnaðinn fyrir aðgjörð aukaveganna lenda á jafnaðarsjóðunum, sem eptir því fyrirkomulagi, sem hann hefir hugsað sèr, mundi þó verða miklu hærri en kostnaðurinn til þjóðveganna, og furðar mig því meir á þessu, sem mèr hefir heyrzt eins og sumir þíngmenn væri stúngnir til hjartans, hafi þeir heyrt það nefnt, að þýngja eitthvað á jafnaðarsjóðunum, en nú vill þessi heiðraði þíngmaður sleingja þannig upp á þá ærnu fè. Eg get ekki betur skilið, en að úr öllu þessu verði sami hræríngrauturinn og í sveitastjórnarmálinu hèrna um árið, og sem aldrei soðnar til fulls á þessu þíngi, og vildi eg því helzt áskilja mèr breytíngaratkvæði, sem tekur út yfir allt og sem nú slær öllu þessu á frest, til þess að menn nú með of miklu bráðræði ei aflagi málið meira en komið er, og þótt það muni þykja nokkuð stórkostlegt, áskil eg mèr breytíngaratkvæði á þessa leið:

Að þíngið nú biðji stjórnina, að leggja fyrir næsta alþíngi nýtt frumvarp til vegabótatilskipunar, samið af mönnum í landinu sjálfu.

Og til vara:

Að þíngið nú biðji stjórnina, að leggja fyrir næsta alþíngi nýtt frumvarp til vegabóta-tilskipunar lagað eptir uppástúngum þessa alþíngis.

En verði nú frumvarp stjórnarinnar tekið, þá áskil eg mèr breytíngu við tvö orð í 20. grein þess, af því að því hefir enn ekki verið hreift af neinum þíngmanni, og eg ímynda mèr þó ekki, að sú sè meiníngin, að húsfeður eigi að borga fyrir ómálga börn sín, eða vinnukonur, sem eru að eins ekki sveitarómagar; því vil eg, að í stað orðsins „börnum“ sè sett „sonum, sem eru á þeim aldri, sem til er tekinn í 16. gr.“, og í staðinn fyrir „vinnufólk“ sè sett „vinnumönnum“.

Jón. Guðmundsson: Hefði eg verið búinn að taka mjög miklu ástfóstri við breytíngaratkvæði mín í þessu máli, þá hefði sannarlega dottið í mèr hjartað við þetta mikla högg, sem hinn heiðraði vara-

þíngmaður Snæfellínga reiddi upp núna, en því er nú ekki þannig varið: mèr tekur ekki sèrlega sárt til þessara breytíngaratkvæða minna. Það er nú samt orðið ljóst af öllum þeim breytíngaratkvæðum, að frumvarpið verði ekki brúkað eins og það er, og að eigi mun auðgefið að samrýma breytíngaratkvæðin öll hvorki við nefndarálitið nè frumvarp stjórnarinnar, og er það reyndar illa farið. Mèr líkar þó miklu betur breytíngaratkvæði hins heiðraða þíngmanns úr Mýrasýslu, en hins heiðraða varaþíngmanns Snæfellínga, því það lítur svo út, sem hann vilji gjöra út af við þetta allt saman með einu einasta höggi, og það get eg nú ómögulega fallizt á; en þíngmaður Mýramanna reynir þó að styðja það, og breytíngaratkvæði hans eru þó byggð á grundvelli, sem hefir fyrir sig að bera 100 ára aldur og á að styðjast við jafnlánga venju, og sem ekki hefir mætt neinni verulegri mótspyrnu. Það hefir nefnilega verið geingið út frá því, að hver sá maður, sem hefir eldstó, skyldi leggja 1 dagsverk til vegabóta; og það yrði eingu óvinsælla, það er eg viss um, að lögákveða nú, að þetta dagsverk skuli framvegis greiða eptir verðlagsskrá, í stað skylduvinnunnar, sem verið hefir. En eg aðhyllist einúngis grundvöllinn í breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Mýrasýslu, en ekki það sjálft, eins og það liggur fyrir; eg vil sem minnst raska gömlu reglunni, ef henni er haldið á annað borð; hún kemur að vísu nokkuð misjafnt niður, en hitt hefir í för með sèr miklu meiri ójöfnuð, sem í uppástúngunni er farið fram á, að gjalda skuli eitt dagsverk fyrir hvern verkfæran mann; þetta getur orðið tilfinnanlegt á sumum mönnum, og er miklu þýngri vegabótaskyldan, en fyr hefir verið, og kemur þar til næsta ójafnt niður, því svo getur á staðið, að þó margir verkfærir menn sè á einu heimili, þá getur sá bóndi staðið mikið ver að en hinn, þar sem ekki eru nema einn eða tveir, en útlátin yrði þó svo margfalt þýngri á þeim, sem hefði marga vinnumenn. Grundvöllur stjórnarfrumvarpsins er þar á móti hvorki rèttlátur nè hollur, þar sem stjórnin ætlast til, að vegabótakostnaðurinn sè lagður á lausafèð, því það er auðvitað, að því fleiri álögur sem lagðar eru á lausafèð, því fremur freistast menn til að draga undan í framtali þess, og það væri þó í sannleika illa farið, ef löggjöfin yrði til þess, að ota undir menn til að svíkja tíund, og þess gjörist ekki heldur þörf, og löggjöfin ætti sízt af öllu að freista manna til óráðvendni. Eg játa það nú fúslega, að á þessu fyrirkomulagi, sem eg hefi hugsað mèr með nefndirnar, mundi verða nokkur vandkvæði, að koma þeim skipulega við í svona sèrstöku máli; en eg gekk einúngis út

frá því sem þeirri aðalgrundvallarreglu, er hèr ætti smámsaman að komast á eins og annarstaðar, að ef álögur eru lagðar á alþýðu, þá sè það ætlað kosnum neíndum að ráðgast um, hver sá kostnaður skuli vera, hvernig eigi að verja honum, og hvernig eigi að kalla inn fèð. Þetta fyrirkomulag hefir rutt sèr til rúms um alla veröldina, hvar sem nokkurt frelsi á sèr stað, og því skyldi það þá ekki einnig mega komast á hèr hjá oss. Ef þíngið skyldi nú hallast að breytíngaratkvæðum hins heiðraða þíngmanns Mýramanna, þar sem er að ræða um fastákveðna gjaldsupphæð af hverjum manni, þá komast menn hjá öllum þessum nefndum, sem eg hefi gjört ráð fyrir, og þess vegna held eg að hinn heiðraði þíngmaður Árnesínga hafi verið heldur fljótur á sèr að finna að smávegis orðaskipun í breytíngaraatkvæðum mínum, og hann má þar að auki vita það, að eg á enn frjálst að laga þau betur, og það væri reyndar ekki skoðunarmál að fallast á þau, ef ekki væri neitt annað. að þeim en það, sem hann hefir til tínt. Mèr getur nú ekki skilizt, að nefndirnar, sem þíngnefndin hefir stúngið upp á, sè í neinu haganlegri en mínar; þíngnefndin vill nefnilega hafa þessar ráðaneytisnefndir með sýslumönnunum, sína í hverjum hreppi, en af þeim gæti auðsjáanlega leitt það, að sín nefndin rèði sýslumanni til hvers, og þannig ræki sig allt hvað á annað, og eingin heilleg stefna eða niðurstaða feingist nokkurn tíma í fyrirkomulagi vegabótanna. Þá lízt mèr æðimikið betur á það, hvernig hinn heiðraði þíngmaður Mýramanna hefir hugsað sèr að koma þessum nefndum fyrir, þar sem hann vill hafa sýslunefnd, og að í henni sè formennirnir úr öllum hreppanefndunum, því á þann hátt feingist þó heillegt yfirlit yfir sýsluna alla í einu lagi og aðalvegina í henni. Eg vona nú, að hinir heiðruðu þíngmenn heyri, að eg mæli ekki mjög fast fram með mínum breytíngaratkvæðum, en mèr er einúngis um það að gjöra, að fá eitthvað skárra en frumvarp stjórnarinnar og álit nefndarinnar. Eg þarf ekki að svara hinum háttvirta *framsögumanni* mörgu, því eg get nú að nokkru leyti fallizt á, að nefndirnar, sem eg hafði hugsað mèr, eru nokkuð umsvifamiklar, og eins fellst eg á það, sem hann talaði um, að eptir mínum uppástúngum við 15. gr. gæti litið svo út, sem tvær nefndir ætti að vera í hverjum hreppi, önnur til að jafna niður vegabótarútsvarinu, en hin til að jafna niður aukaútsvarinu. Þetta áskil eg mèr að laga; en eg vildi benda hinum háttvirta þíngmanni til þess, að hann hefir annaðhvort misskilið eða ekki lesið 16. gr. hjá mèr. Hinn háttvirti *framsögumaður* hèlt, að lítið mundi verða úr

framkvæmdinni hjá þessum margbrotnu neíndum, þegar svo margar hendur ætti að vinna að sama verkinu, en vegirnir sýna það sjálfir, eins og þeir eru nú, hversu vel þessar einu hendur valdstjórnarinnar hafa unnið að þeim í næst undanfarin 100 ár. Eg held það væri ekki fráleitt, þó mönnum færi nú smámsaman að lærast það, að það er ekki guði ómáttugt að gefa fleirum vit en þeim einum, sem hann gefur embætti, og líka hitt, að hafa skal holl ráð, hvaðan sem þau koma, hvort sem þau koma frá kotúngnum eða úr konúngshöllinni. Það er illa farið, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* er geinginn úr salnum, því eg saknaði þess áðan í ræðu hans, að hann minntist ekki neitt á gjaldstofninn til vegabótanna, en það verður nú að hafa það. Það gegnir annars furðu, að hinum háttvirta *framsögumanni* skuli virðast nefndir mínar í þessu efni svo ískyggilegar, þar sem sjálfir amtmennirnir vilja þó hafa nefndir í kláðamálinu, og það einúngis til þeirra framkvæmda, sem er valdstjórnarinnar einnar að gæta, og þó sýnast mèr þær eiga enn betur hèr við, ef sú yrði niðurstaðan að jafna vegabótakostnaðinum niður á almenníng. En þrátt fyrir það ætla eg núna fyrst um sinn að halla mèr að uppástúngum hins heiðraða þíngmanns úr Mýrasýslu, einkum ef hann vildi breyta svo til, þegar hann gætir betur að, að einúngis verði tekið 1 dagsverk eptir hvers árs verðlagsskrá af hverjum þeim manni, sem hefir eldstó, eða á löglega með sig sjálfur; því það fè ímynda eg mèr mundi hrökkva æði-mikið til árlegra vegabóta og þeirra verulegra. Mèr hefir utanþíngs skilizt svo, sem hinn heiðraði þíngmaður úr Strandasýslu mundi hafa fastráðið að bera upp breytíngaratkvæði í máli þessu, og vildi eg skora á hann, að bera þau upp fyrir þíngið, svo það gæti tekið þau til yfirvegunar, og sèð, hvort ekki má á þeim græða neitt gott og uppbyggilegt, er máli þessu mætti verða til viðreisnar.

Forseti: Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hefir geingið af þíngi, því hann fann sig ekki frískan, og hefir hann sett hinn háttvirta 5. konúngkjörna þíngmann í sinn stað.

Á. Einarsson: Það er meir en velkomið, að eg skýri þínginu frá breytíngaratkvæðum þeim, er eg vildi fara fram á, þó eg reyndar ekki búist við, að betur fari fyrir þeim en svo mörgum öðrum uppástúngum hèr á þíngi; en mèr virðist það skylda hvers þíngmanns að leggja fram það, er hann má, til þess að uppástúngur þíngsins geti orðið sem ljósastar og beinastar, sem faung eru á, svo stjórnin ekki geti láð oss, að vèr sèum ógreinilegir eður vitum

ekki, hvað við viljum, og það ekki sízt nú, þegar þíngið er að biðja um löggjafarvald, því mèr þætti það einkum nú næsta ólaglegt, ef þíngið ekki gæti komizt að einhverri niðurstöðu í máli þessu, svo einhver mynd væri á, og vil eg því, að þíngið reyni það, sem það bezt getur, við stjórnarfrumvarpið, þó það má ske megi skrímsli heita. Skal mèr því ekki taka sárt til, þó uppástúngur mínar falli, ef annað skárra verður ofan á; einasta vildi eg óska þess, að þær fèlli fyrir skynsamlegum ástæðum, því þá álít eg útför þeirra heiðarlega.

Hin helztu breytíngaratkvæði, er eg vildi bera fram, eru þessi:

§ 1. Óbreytt.

§ 2. Frá orðunum „þótt eigi" til enda gr. falli úr.

§ 3. Frumvarpsgreinin orðist svo: „Hreppstjórar í hverjum hreppi skulu með 2 valinkunnum innanhreppsmönnum, sem þeir tiltaka, gjöra uppástúngu um það, hverja vegi álíta skuli þjóðvegi innan takmarka hrepppsins og hverja sem aukavegi, og hafa þeir reglur þær, sem standa í 2. gr., sèr til hliðsjónar. Þessar uppástúngur senda þeir sýslumanni, er með 2 tilteknum mönnum metur þær og sendir síðan ásamt áliti sínu hlutaðeiganda amtmanni, er ásamt 2 ráðaneytismönnum leggur úrskurð á málið í heild sinni, og birtir síðan auglýsíngu um það til eptirbreytni fyrir alla þá, sem hlut eiga að máli".

§ 4. Fyrir frumv. 4. gr. komi ný grein, svo hljóðandi: „Sýslumaður skal á ári hverju ásamt 2 tilkvöddum mönnum gjöra nákvæma uppástúngu, er hann innan janúarmánaðarloka sendir amtmanni, um:

a, þær aðgjörðir, sem mest nauðsyn er á að fari fram næsta ár við vegi sýslunnar.

b, áætlun yfir kostnað þann, er til þess útheimtist.

c, áætlun um, hve miklum kostnaði til vegabóta fært sè að jafna niður á sýsluna hið næsta ár, eptir efnahag manna, árferði og öðru ásigkomulagi. Þegar amtmaður hefir feingið þessar uppástúngur og áætlanir úr öllum lögsagnarumdæmum í amtinu, leggur hann með 2 tilkvöddum mönnum úrskurð á það, hverjar vegabætur skuli vinna í amtinu næsta sumar og hve mikið af þeim kostnaði, sem þar til útheimtist, hvert lögsagnarumdæmi skuli bera".

§ 5. Óbreytt.

§ 6. Við enda greinarinnar bætist:

„Í þessu efni skulu sýslumenn og amtmenn hafa valinkunna menn sèr til ráðaneytis, eins og fyrir er mælt í 3. og 4. grein“.

§ 7. Frá orðunum: „Svo er hann“ til enda greinarinnar, falli burt.

§ 8. Óbreytt.

§ 9. Í staðinn fyrir: „amtmaður“ komi: „sýslumaður“.

§ 10. Frá orðunum: „Ef svo stórir steinar“, til enda greinarinnar, falli burt.

§ 11. Frá orðunum: „Moldu þeirri“, til enda greinarinnar, falli burt.

§ 12. Frumvarpsgreinin breytist samkvæmt uppástúngu nefndarinnar.

§ 13. Falli burt.

§ 14. Óbreytt.

§ 15. Fyrir frumvarpsins grein komi ný grein, svo látandi: „Þá upphæð til vegabóta svo vel þjóðvega sem aukavega, sem amtmaður hefir ákveðið (sjá breyt. uppást. við § 4.) að lenda skuli á hverri sýslu, skal sýslumaður með 2 tilteknum mönnum jafna niður á hina einstöku hreppa sýslunnar, og hafa við þá niðurjöfnun sèrlegt tillit til efnahags hvers hrepps, sveitarþýngsla og annara aðlútandi ástæðna. Síðan greiðir hver hreppstjóri þá ákveðnu upphæð úr sveitarsjóði samkvæmt fyrirlagi hlutaðeiganda sýslumanns.

Þyki einhverjum hreppstjóra, að á hrepp sinn sè lagt of þúngt vegabótagjald, má hann kæra það fyrir amtmanni og færa rök fyrir; og sker hann ásamt 2 tilkvöddum mönnum úr málinu.

Einginn, sem tekizt hefir á hendur vegabótaverk, á heimtíngu á að fá borgun fullgreidda, fyr en búið er að sanna með lögmætri skoðunargjörð, að verkið sè svo af hendi leyst eins og áskilið var. En ef verkið er umfángsmikið, má smátt og smátt greiða borgunina og allt að $^2/_3$ hennar, eptir því sem verkinu skilar áleiðis“.

§ 16. Falli burt.

§ 17. Frumv. greinin orðist svo: „Hreppstjórar skulu með 2 eða fleiri tilkvöddum aðstoðarmönnum, samkvæmt reglum þeim, sem gefnar eru í 5. gr., og eptir fyrirmælum hlutaðeiganda sýslumanns, láta framkvæma þau vegabótaverk innan hreppsins takmarka, sem af amtmanni eru ákveðin“.

§ 18. Falli burt.

§ 19. Í staðinn fyrir „amtmaður“ komi „sýslumaður“.

§ 20. Fellur burt.

§ 21. Frumvarpsgreinin falli í burt, en í staðinn komi: „Hreppstjórinn með hinum tilteknu 2 mönnum ákveður þann tíma, á hverjum vegabótaverkið skal framkvæmast“.

§ 22. Fellur burt.

§ 23. Fellur burt.

§ 24. Fellur burt.

§ 25. Fellur burt.

§ 26. Fyrir frumv. greinina komi ný grein, svo hljóðandi: „Hreppstjórar skulu fyrir lok nóv.mán. ár hvert semja og senda sýslumanni greinilega skýrslu um allar þær vegabætur, er gjörðar hafa verið í hreppnum, og á hvern hátt þeim hefir verið framgeingt, og láta henni fylgja skýran reikníng yfir kostnað þann, sem til vegabótanna hefir þurft, og hvernig hann hefir verið greiddur. Þeir skulu enn fremur gefa sýslumanni áætlun um vegabætur þær, er gjörast ætti næsta ár, og kostnað til þeirra“.

Í stað 27. og 28. greinar frumvarpsins komi ný grein, svo látandi: „Sýslumenn skulu hafa á hendi aðalumsjón yfir og ábyrgð á öllum vegabótum sýslunnar, skulu þeir innan loka jan.mán. senda hlutaðeiganda amtmanni skýrslu um vegabætur þær, er undanfarið ár hafa verið framkvæmdar í sýslunni, ásamt reikníngum þeim, er þar að lúta; en amtmenn skulu árlega senda til dómsmálastjórnarráðsins yfirlitsskýrslu yfir allar vegabætur það ár í amtinu, og láta þar með fylgja hinar straxnefndu skýrslur frá sýslumönnunum“.

§ 29. Í stað „jafnaðarsjóð amtsins“ komi „hlutaðeiganda hreppssjóð“. Endir greinarinnar frá orðunum: „ef þjóðvegur“ o. s. frv., falli burt.

§ 30. Óbreytt.

§ 31. Óbreytt.

Tala greinanna breytist eptir áðursögðu.

Menn geta á breytíngaratkvæðum þessum séð, að það, sem hefir knúið mig til að koma fram með þau, er, að mér ekki hefir getað geðjazt að því, hvernig útgjöldunum var komið fyrir í frumvarpinu, því eg vil fyrir það fyrsta einga skylduvinnu, því hún er bæði í sjálfri sér á móti mínu geði, og svo getur hún komið næsta ójafnt niður og hefir híngað til ekki vel gefizt; eg tek til dæmis bónda, bjargálnamann með 7 eður 8 úngum börnum, sem hefir 3 eður 4 vinnumenn fyrir utan sjálfan sig, hann verður að láta 4—5 menn til vinnu eður þá 4—5 dagsverk; en annar bóndi, sem á 100—200 hndr. í

jörðu og hefir eingan vinnumann, en er orðinn gamall, borgar ekki neitt. Eg vil því leggja kostnaðinn á sveitasjóðina, því þannig kemur hann jafnast niður, því hvergi er eins mikill jöfnuður á útgjöldum eptir efnahag og ástandi manna, eins og í sveitarútsvörum innan hrepps. Þar á móti er mestur ójöfnuður í þessu gjaldi milli hreppanna í sýslu hverri, og því ætlast eg til, að sýslumaðurinn með mönnum þeim, er hann tekur sèr til aðstoðar, taki tillit til sveitarþýngsla, efnahags og þvíumlíks, þegar jafna skal niður milli sveitanna. Nefndir þær, sem menn hafa stúngið upp á, er eg hræddur um yrði nokkuð vafníngssamar, og ekki vil eg heldur láta sýslumann eður amtmann einan um þetta, heldur vil eg reyna til að synda milli skers og báru, með því að hreppstjórar, sýslumenn og amtmenn tæki með sèr menn til aðstoðar, menn, sem þeir sjálfir velja; virðist mèr þetta umstángs- og kostnaðarminnst, og skildist mèr ekki betur, en að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* ekki væri þessu mjög mótfallinn.

Eg vona, að mönnum af þessu sè ljóst, hver aðalstefna mín er, og skal eg að öðru leyti ekki leingja umræðurnar með því, að tala fyrir hverju einstöku breytíngaratkvæði; það er á þíngsins valdi, hvernig þeim reiðir af við atkvæðagreiðsluna.

P. Sigurðsson: Eg skal ekki verða margorður í máli þessu. Af þeim mörgu umræðum, er þegar hafa farið fram í máli þessu, hafa komið fram, sem optar, margbreyttar skoðanir, en öllum virðist mèr koma saman í því eina, að brýna nauðsyn beri til þess að reyna að endurbæta galla þá, sem eru á frumvarpi stjórnarinnar, því það hefir þá galla, sem jafnvel hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* játar að hann ekki geti afsakað. Samt sem áður þótti mèr hinn heiðraði þíngmaður Snæfellínga reiða of hátt til höggs, þegar hann í einni svipan vill ónýta málið allt; því mèr getur ekki fundizt, að það sè að öllu stjórninni að kenna, þó frumvarp þetta ekki sè viðunanlegt, því mál þetta hefir fyrst verið rætt á embættismannafundinum, svo á þíngi 1855, og svo búið gekk það til stjórnarinnar. Á þessu hefir stjórnin byggt frumvarpið og lagt svo fyrir þetta þíng, og þætti mèr það því meir en meðalminnkun fyrir þíngið, ef það ekki gæti tekið málið fyrir núna, þegar það aptur kemur frá stjórninni til þíngsins, og gjört það viðunanlegt, því það má þó kalla innlent mál, og ætti að vera þíngmönnum kunnugt, þó eg reyndar eingan veginn geti búizt við, að málið verði þannig af hendi leyst, að ekki verði á því misfellur, en þar fyrir finnst mèr ekki ástæða til að fella málið; að

eg taki dæmi af málinu um alþíngiskostnaðinn, þá vildi einginn fella það, þó misfellur væri á, enda finnst mèr eingin von á því fullkomnu, allrasízt svona í byrjuninni, en þó að gallar yrði á, og þeir, ef til vill, ekki allfáir, geta menn lagað þetta eptir hendinni smátt og smátt, og virðist mikið unnið þá þegar, er menn geta sagt, að málið hafi þokazt eitthvað af stað til hins betra. Menn hafa viljað gjöra lítið úr því að hafa nefndir, og hefir hinn heiðraði *varaforseti* svarað því, með því að taka það fram, að áður hafa menn ekki haft nefndir, en umsjón vegabóta heyrt undir einvaldsstjórn, og sjá þó menn, hvað vel hefir geingið, en það er skoðun mín og hins heiðraða þíngmanns Mýrasýslu, að nefndir þessar eigi að vera sem einfaldastar og óbrotnastar; en að þær sè viðhafðar, virðist mèr nauðsynlegt, því það er þó ekki ómögulegt, að bæði sýslumaður og amtmaður verði danskir, og þykir mèr þá tvísýnt, að þeim takist vel við vegabæturnar okkar, þó ekki væri meira en segja fyrir, hvernig ætti að kasta steini úr götu. Mèr þykir það einnig að frumvarpinu, að bæði hefir það gjört ráð fyrir of litlu fè til þjóðvegabóta, og einnig jafnað niður kostnaðinum óhönduglega, því mèr virðist mesti partur fjárins ætlaður til aukavega, og verður þó mesti partur veganna hèr á landi að reiknast til þjóðvega. Verð eg því að vera á máli hins heiðraða þíngmanns Mýrasýslu, einkum hvað það snertir, að meira fè sè ætlað til þjóðveganna. Hvað það snertir að leggja eitt dagsverk á hvern verkfæran mann, þá finnst mèr það eitthvað hið líklegasta, því þar með fæst þó einhver viss gjaldstofn; en þyki hann of hár, þá er að minnka hann, ef menn vilja stínga upp á því, og þó vera kunni, að með þessu fyrirkomulagi verði jöfnuðurinn ekki sem beztur, þá geta menn við niðurjöfnun aukaútsvarsins tekið tillit til þess, hverjir harðast hafa orðið úti með vegabótakostnaðinn, eins og aðrar ástæður manna eru þá teknar til yfirvegunar, og virðist mèr þetta betra, en að jafna þessum kostnaði niður án nokkurrar reglu og eptir hugmyndum rètt af handahófi, og þó má ske eptir ólíkri skoðun í hverjum hrepp. Aðalstefna máls þessa er sú að bæta vegina, og því næst kemur þá spursmálið um, hvaðan skuli taka fè til þess, en mèr finnst þá, að ekki væri af vegi að komast að því, hve stórkostlegar þessar vegabætur ætti að verða; því eptir því sem þær yrði stórkostlegri, þyrfti meira fè, og varla gjöra menn þó ráð fyrir vagnbrautum; vil eg því geyma mèr rètt til að koma fram með breytíngaratkvæði í þessa stefnu, hvað breiðir vegir hèr ætti að vera. Að öðru leyti er eg

að mestu leyti á máli hins heiðraða þíngmanns Mýrasýslu. Í breytíngaratkvæðum hins heiðraða þíngmanns Strandasýslu get eg ekki enn þá áttað mig, en mèr virðist hann nokkuð opt nefna sýslumann og amtmann; mèr heyrist hann vilja hafa þá einvalda yfir vegunum, eins og verið hefir, en það vil eg ekki, ef hann ætlast til, að vegabótagjaldi sè jafnað niður líkt og aukaútsvörum, því til þess starfa eru bæði hreppa- og sýslunefndir öldúngis nauðsynlegar, því þess konar niðurjöfnun er mikið vandaverk, og svo álít eg þessu fè eigi ekki að vera sleingt saman við fátækra fè.

H. Kr. Friðriksson: Eg ætla nú ekki að tala mikið; mèr finnst þegar töluvert komið, og ekki sízt breytíngaratkvæðin; eg get ekki heldur sèð, að það sè hægt að fá nokkra heild úr þeim, og verð eg að fallast á breytíngaratkvæði hins heiðraða varaþíngmanns Snæfellínga, þó það sè nokkuð sjaldan, að okkur komi svo vel saman. Eg veit ekki heldur, hvar það ætlar að lenda með þessi breytíngaratkvæði; nú lítur svo út, að þau sè orðin nokkuð á annað hundrað; þau voru þó ekki nema 40, þegar fyrst var farið að ræða þetta mál, og þykir mèr þetta góð viðkoma. Hvað leingi sem þetta mál er rætt og ráðið, skal þó einginn láta sèr detta í hug, að hann finni ekki eitthvað eptir á, sem honum þyki ábótavant, eða einhverja ákvörðun vanta, og það er ávallt við slíku að búast í lagaboði um svo vandasamt málefni. Eg þarf ekki að fara leingra en til vegabótalaga Noregsmanna, er eg hefi nú fyrir mèr, til að sannfærast þegar um, hversu mikið vantar í frumvarp þetta, til þess að það megi heita lagaboð, og hver af þeim þíngmönnum, sem vildi lesa þau, mundi sannfærast um, að oss vantaði marga ákvörðun, sem þó seinna meir mundi finnast nauðsynleg. Eg get með eingu móti fundið, hvernig öll þessi breytíngaratkvæði verði skeytt saman við nefndarálitið og frumvarp stjórnarinnar, og finnst mèr því vera ástæða fyrir þíngið að fallast á breytíngaratkvæði hins heiðraða varaþíngmanns Snæfellínga. Það væri miklu betra, að bíða í 2 ár eptir frumvarpi, því að þá mætti vonast eptir þeim lögum, sem una mætti við í nokkur ár. En eg vil þó til vonar og vara gjöra nokkrar athugasemdir um breytíngaratkvæði hins háttvirta *varaforseta* og hins heiðraða þíngmanns Mýramanna; *varaforseti* vill skjóta inn nýrri grein eptir 2. gr., og þíngmaðurinn úr Mýrasýslu vill setja inn nýja grein á eptir 3. gr. í nefndarálitinu, sem hljóðar um sýslunefndir til að sjá um vegabætur; eg ímynda mèr, að bezt væri, að þessir nefndarmenn væri sinn úr hverjum hreppi, en þar mundi fram koma sama óhagræðið og

vant er, nefnilega kostnaðurinn, því eg að minnsta kosti fyrir mitt leyti get ekki búizt við, að nefndarmenn vilji takast þessi störf á hendur, nema þeir fái eitthvert endurgjald. Vèr getum t. a. m. ímyndað oss, að þessir nefndarmenn væri sinn úr hverjum hluta sýslunnar, og þeir eiga nú að fara á fund til sýslumanns og það lánga leið; og því verra verður þetta og kostnaðarmeira eptir uppástúngu þíngmanns Mýramanna, þar sem allir formenn hreppsnefndanna ætti að sækja þenna sýslunefndarfund; því það er þó auðsèð, að því fleiri sem starfa að þessu, því meiri verður kostnaðurinn, og allir viljum vèr þó óska, að kostnaðurinn verði sem minnstur, enda er það eðli allra þess konar nefnda, að þær eigi fái neina borgun fyrir starfa sinn; eg vil því stínga upp á, að menn láti sèr nú nægja með hreppsnefnd einúngis; mèr finnst það vera nóg. Hinn háttvirti *varaforseti* hefir viljað skjóta inn nýjum greinum milli 2. og 3. gr. frumvarpsins, um sýslunefndir, en mèr finnst uppástúngur hans lángtum of margbrotnar, og þeim ekki sem bezt hagað. En eg skal ekki tala meira um það, en einúngis geta þess, að eg ætla mèr að gjöra nokkur breytíngaratkvæði, og er það þá í fyrsta lagi við 2. gr. frumvarps stjórnarinnar, hèr um bil á þessa leið: „Þjóðvegir eru allir fjallvegir og vegir yfir þverar sýslur, án þess það sè kirkjuvegir eða sveitavegir millum bæja“, Mèr finnst betra, að þjóðvegir sè fastákveðnir í eitt skipti fyrir öll, heldur en að það sè gjört á hverju ári, og það ætti því að taka þetta skýrara fram, og því vil eg bæta við enda 3 greinar: „og skal sú ákvörðun standa óbreytt að minnsta kosti um 10 ár“; mèr finnst sýslunefndirnar vera öldúngis óþarfar, en hreppsnefndirnar eintómar nægja; allir vegir eru þó í einhverjum hrepp, og mèr þykir líklegt, þó sýslunefndir væri, að t. a. m. nefndarmaðurinn frá Grindavík ætti ekki að hafa umsjón með vegunum upp í Hvalfjarðarbotni, og þó vilja þessir menn, sem með breytíngaratkvæðin koma, láta nefndarmenn vera úr ýmsum áttum sýslunnar, og finnst mèr því uppástúngan um þessa tvístruðu sýslunefnd öldúngis þýðíngarlaus. Eg vil því skjóta inn nýrri grein á eptir hinni 2. í frumvarpinu hèr um bil svona: „Í hverjum hrepp skal vera 3 manna nefnd, er kosin sè af búendum hreppsins á manntalsþíngum, og fari 1. hinn elzti frá á ári hverju, en hinir fyrstkosnu eptir samkomulagi, og komi þeir sèr eigi saman, hver frá skuli fara, þá skal hlutkesti ráða. Hreppsnefndir þessar skulu hafa umsjón og framkvæmdir allra vegabóta í hreppnum“. Og 4. grein yrði þá hèr um bil svona: „Hreppsnefndirnar skulu innan loka október-

mánaðar gefa sýslumanni greinilegar skýrslur um vegabætur þær, er þeim þykir gjöra þurfi á næsta ári, hver í sínum hrepp, og hver kostnaður muni til þeirra verða, bæði á aðalvegum og aukavegum; sker þá sýslumaður úr, hverja aukavegi bæta skuli, en sendir skýrslurnar um aðalvegina ásamt áliti sínu amtmanni til úrskurðar". Hið annað atriði, er eg vildi minnast á, er það, hvernig kostnaðinum skuli jafnað niður. Hinn heiðraði *framsögumaður* hefir þó orðið að sjá, að gjaldið til vegabótanna muni þó vera of lítið, en hann vill hjálpa sér út úr þessu, með því að segja, að alla vegi eigi ekki að gjöra og bæta á einu ári; en þó það væri nú smátt og smátt, sem vegirnir yrði bættir, þá þykir mér líklegt, að hann sjái, að þetta gjald hrökkur ekki til þess, *einúngis að halda vegunum við,* eins og þeir nú eru, auk heldur til að bæta þá. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* talaði á þá leið, að þótt uppástúnga stjórnarinnar um kostnaðinn væri eigi alls kostar næg, þá væri þó bezt að halda því, og það mætti mega laga þetta í hendi sér; þetta finnst mér nú nokkuð undarlegt; mér finnst þó, að það, sem er rángt, eigi að lagfæra þegar í upphafi, ef menn sjá það á annað borð; en þegar eitthvað er lögboðið, þá er ekkert lagaleyfi fyrir þessari lagfæríngu í hendi sér, og eg ímynda mér, að það sè margir, sem ekki væri fúsir að fylgja þessari lagfæríngu, sem, ef til vill, væri móti öllum lögum. Eg vil nú helzt halla mér að uppástúngu hins heiðraða þíngmanns Mýramanna að hugsuninni til; mér finnst það rètt, að í stað skylduvinnunnar, sem hefir verið, sè dagsverkið borgað með vissu gjaldi. En þetta mundi þó vera mjög tilfinnanlegt, þar sem margir verkfærir menn væri hjá sama bónda, ef gjalda skyldi heilt dagsverk fyrir hvern karlmann frá 18—50 ára; eg vil nú setja t. a. m. átta, og sá bóndi gyldi þá 8 rdl.; þá yrði og mikill munur á gjaldinu til vegabótanna og því, sem nefndin stakk upp á; þetta yrði meir en 12,000 dalir; eg vil nú fara meðalveginn, og að menn gjaldi hálft dagsverk fyrir hvern karlmann; með því móti mætti þó smátt og smátt vinna töluvert að vegabótum. Að öðru leyti þykir mér sanngjarnt, að bóndi, sem búið hefir í 20 eða 30 ár í einum og sama hrepp og á hverju ári borgað til vegabóta, að hann eptir þann tíma sleppi hjá þessu gjaldi; því er eg öldúngis á móti endanum á greininni um hið fríviljuga gjald; annaðhvort er að sleppa því að öllu, eða að halda skyldunni að öllu. Eg ímynda mér nú, að þegar breytíngaratkvæðin koma fram, muni hitt geta lagazt, einkum eptir breytíngaratkvæðum hins háttvirta *varaforseta* og hinna annara tveggja þíngmanna. En það mega

menn þó vera vissir um, að það verður aldrei alveg gallalaust, og eg vildi því heldur ráða þínginu til, að bíða í tvö ár til, og reyna til að fá þá almennileg vegabótalög.

St. Jónsson: Það var einkum ein uppástúnga, sem eg vildi fara fáeinum orðum um, það var nefnilega uppástúnga hins heiðraða þíngmanns Snæfellínga, að bezt mundi, að þetta mál fèlli öldúngis nú í þetta skipti; en eg vona nú, að ekki takist svo óheppilega til; eg get ekki skilið, hvað það gæti geingið betur á næsta þíngi. Ef ekki er hægt að gjöra neitt úr stjórnarfrumvarpinu núna, þá á eg ekki víst, að stjórnin eigi hægra með að leggja það frumvarp fyrir næsta þíng, sem betra væri, og eg er hræddur um, að stjórnin geti ekki feingið neitt áreiðanlegt út úr þessu samsulli. Eg get ekki sèð, að stjórnin verði færari um að búa til frumvarp, þó hún fái að sjá þær mörgu ræður og mörgu og margbreyttu breytíngaratkvæði, sem fram eru komin við þetta mál; eg held hún fræðist lítið á þeim sumum; og ef menn vilja fella málið, þá vil eg heldur stínga upp á, að mönnum gæfist kostur á, að semja heldur frumvarp í landinu sjálfu, en að heimta það að stjórninni. Hinn heiðraði þíngmaður Reykvíkínga verður að virða nefndinni til vorkunar, þó hún sè ekki eins lesin og hann, þar sem hann er að benda á norsku vegalögin, en hann kom þó ekki með neitt úr þessum lögum. Það er undarlegt, þar sem hann er að tala um, að aðgreina skuli þjóðvegi og aukavegi á hverju ári, þegar það þó er auðskilið á frumvarpinu og nefndarálitinu, að sömu skulu vera þjóðvegir sem verið hafa, og það þarf ekki opt að ákveða, hvað eru þjóðvegir og aukavegir. En ef að brýna nauðsyn skyldi bera til að leggja nýja vegi, þá geta sýslumenn og hreppstjórar ákveðið, hvar þá skuli leggja og hvers konar vegir það skuli vera. Mèr sýnist það vera óþarfi að gjöra mikið skraf út úr slíku. Mèr finnst það því betra, að reyna að komast að einhverri niðurstöðu, eptir þessu frumvarpi, nefndaráliti og öllum breytíngaratkvæðunum, en að fella málið með öllu á þessu þíngi.

J. Sigurðsson: Eg hugsaði aldrei til þess, að mínar uppástúngur yrði öldúngis gallalausar, því það er vandaverk að búa til lög, svo að ekkert verði að þeim fundið, og þeir hafa ekki getað það, sem hafa kann ske verið nokkuð skár að sèr; en mèr er það þó sönn ánægja, að sumir þíngmenn, og það sá háttvirti *framsögumaður* og líka *varforseti* hafa heldur gjört að breytíngu minni góðan róm, og lofað að taka hana til yfirvegunar; aptur furðaði mig á því mikla breytíngaratkvæði hins háttvirta þíngmanns Snæfellínga, og

þíngmaður Reykjavíkur var líka á því máli, að fleygja þessu máli nú, en fullbyggja það aptur á næsta þíngi. Þessir menn hafa mikið vantraust á þessu þíngi; en þíngið 1859 er næstum því almáttugt í þeirra augum, að það á að krapta því, sem þessu er öldúngis of vaxið. Frumvarpið, sem lagt yrði fyrir það þíng, gæti aldrei orðið fremur sprottið af íslenzkri rót, en þetta frumvarp er; því það er byggt á tillögum alþíngis 1855, og frumvarpi frá embættismannafundinum 1841. Sá heiðarlegi þíngmaður Snæfellsnessýslu bar mèr á brýn, að eg vildi sleingja ærnum kostnaði upp á jafnaðarsjóðinn, og mèr væri ósárt um að leggja gjald á menn til hans, núna orðið, en hann hermir ekki þetta rètt, því eg stakk ekki upp á neinu gjaldi frá jafnaðarsjóðnum utan því, sem bæði stjórnarfrumvarpið og nefndin hafði sett, og eg hefði gjarnan getað þáð að losast við þetta gjald, ef mönnum sýndist, að hitt gjaldið gæti dugað. Líka skyldi eg gjarnan fallast á breytíngaratkvæði þíngmanns Reykvíkínga, að ekki væri lagt nema hálfs dals gjald á hvern verkfæran mann, ef vegirnir gæti með því náð nokkurri umbót, en af því að eg vildi hlynna að því áformi, að þeir yrði betraðir, þá þorði eg ekki að stínga upp á því, að minnka álögukostnaðinn, og af sama anda var það, að eg vildi reyna til að draga inn undir þenna sama kostnað þá öldúnga, sem væri efnugir og lifði af launum eða jarðeignum, því þegar þeir hafa góð kjör og sitja sem aðrar hetjur í hèraði, veit eg til, að þeir eru fúsir að styðja að nauðsynlegum föðurlandsumbótum, og eiga líka að gjöra það, en því þorði eg ekki annað, en hafa tillag þeirra fríviljugt, að sumir þessir gömlu menn kunna að lifa við lítið, og þá gefa þeir lítið, og þá geingur veganefndin, eða sýslumaður lint eptir því. Ekki get eg fallizt á uppástúngu þíngmannsins úr Strandasýslu, því hann vill láta jafna öllum þessum vegabótakostnaði á landsbúa eptir þessari reglulausu aðferð, með takmarkalausum aukaútsvörum, sem hreppstjórar, sýslumenn og amtmenn skulu búa til, því þó þeir eigi að kjósa menn með sèr til þessa, þá munu þeir hafa vit á því, að taka þá menn, sem kunna að álykta það, sem höfðíngjar beiða, og fer þá vel, þegar eins nákvæmir og kunnugir höfðíngjar eiga hlut að þessu, sem þíngmaður Rángvellínga sagði, að sýslumaðurinn er danskur, amtmaðurinn er danskur, og þá mun ráðherrann verða danskur, og minnir mig, að þíngmaður Strandasýslu kæmist einu sinni til hans með uppástúnguna; líka fylgði henni fjöldi af ákvörðunum um úrskurði yfir þeim klögunum, sem kynni að koma um aukaút-

svörin. Þetta þykir mèr nú betra að geta forðazt allt saman. Þá vildi þíngmaður Reykvíkínga hafa þá reglu, að einn skyldi á ári hverju víkja burt úr veganefndinni, en eg vildi heldur komast hjá þeirri fyrirhöfn, að verða að sækja úrskurði í gegnum öll yfirvöldin og síðast út til ráðherranna í Danmörk, til að geta rekið manninn burt úr nefndinni, þegar hann vill ekki fara, eins og eg heyri að hafi átt sèr stað hèr í Reykjavík. Sami þíngmaður kvartaði um, að eg hefði ekki ætlað nefndarmönnum neitt endurgjald fyrir að ferðast til sýslumanns á haustin, en það er eitt, sem fylgir af umsjón þeirra við vegabætur, og fyrir það eiga þeir sjálfir að vera lausir við vegabótagjald fyrir sig og sína; annars hafa ekki hreppstjórar talið eptir sèr að finna sýslumann sinn kauplaust stöku sinnum, og get eg þá ekki talið það eptir þessum heldur.

Forseti: Eg þykist vera sannfærður um, að margir hinna háttvirtu þíngmanna eru mèr samdóma í, að nauðsynlegt sè að halda umræðunum í þessu máli sem mest við aðalatriðin, því eptir þeirri stefnu sem málið hefir tekið gæti umræðurnar orðið leingri, en málið sjálft hefði gagn af, ef ætti að fara út í hvert einstakt breytíngaratkvæði, sem upp er borið, auk margs annars. Mèr sýnist hèr vera 2 atriðin hin verulegustu, annað um tilhögun á umsjón veganna, en hitt um kostnaðinn til vegabótanna, hversu hann skuli á leggja. Þótt breytíngaratkvæðin sè mörg, held eg ekki þurfi að verða nein sèrleg vandræði úr þeim, þegar menn eru búnir að koma sèr niður á, hvernig þessi tvö höfuðatriði skuli vera. En að öðru leyti er það ekki þínginu að kenna, þó vafníngar verði á, og mörgum þyki atkvæðagreiðslan kvíðvænleg, þar sem svo margar uppástúngur koma fram eins og hèr, heldur er þetta þíngsköpum vorum að kenna, sem vèr getum ekki breytt, og einkum því, að atkvæðagreiðslan er einföld, svo eiginlega má eingu skeika, ef vel á að fara. En eptir því sem hèr hagar til í þessu máli, þá hefi eg góða von um, að allt jafni sig, ef að nefndin og uppástúngumenn allir ætti fund með sèr eptir undirbúníngsumræðuna, og kæmi sèr þar saman um þá stefnu, sem þeir vildi helzt halda fram í málinu.

M. Andrèsson: Eg ætlaði einmitt að tala í sömu stefnu og hinn háttvirti *forseti*, því ef þessu færi fram, gæti umræðan geingið til sólarlags, og vèr værum þó ekki leingra komnir. En að öðru leyti get eg ómögulega fellt mig við, að gjöra mál þetta að eingu. Mèr sýnist, að þegar mönnum ekki kemur saman, þá verði þeir að reyna til að lagfæra, og eg ímynda mèr, að þegar menn eru búnir

að bera sig saman um hið helzta, þá komist menn þó að einhverri niðurstöðu; hitt álít eg vanvirðu fyrir þíngið — ef eg mætti svo segja —, að biðja um vegabótalög 1855 og taka þá fram undirstöðuatriðin, og nú, þegar frumvarp er komið, að geta þá ekki lagað það svo, að það sè brúkanlegt. Eg vona, að betur takist til, þegar menn eru búnir að jafna sig.

Á. Einarsson: Það lítur ekki byrlega út með það, að þíngmönnum ætli að geðjast að breytíngaratkvæðum mínum, en eg vil samt, að þau komist undir álit þjóðarinnar; það hefir áður farið líkt fyrir breytíngaratkvæðum mínum, nl. þegar hèr á þíngi var verið að ræða alþíngiskostnaðarmálið; þau voru felld fyrst, en komust að síðar, og eins getur farið nú með þessi. Hinn háttvirti *varaforseti* vitnaði til kláðanefndanna, sem bæði hefði verið settar og væri í ráði að setja; en hvernig eru þær kosnar, nema eins og eg vil að sè gjört hèr? Hann vill þó bora inn sínum margbrotnu nefndum, en eg er hræddur um, að þær flæði á hinu sama skeri, sem sýslunefndir hans í sveitastjórnarmálinu, að þær verði höfuðlausar, og hið síðasta úrskurðarvald liggur undir einveldi amtmanns, sem *varaforseta* þótti þó ósamkvæmt *með rèttu* í hinu áður umgetna máli. Eg get ekki skilið í því, að menn þurfi að óttast fyrir því, að þó embættismenn veldi menn sèr til ráðaneytis í þessu máli, að þeir veldi þá lakar, en faung væri á, allrahelzt ef því verður framgeingt, sem hinn heiðraði *varaforseti* hefir stúngið upp á, að aðgjörðir þeirra væri auglýstar í blöðunum, og þykir mèr það ágæt uppástúnga. Hinum heiðraða þíngmanni Mýrasýslu þótti eg fara of lángt í máli þessu, með því eg færi til Danmerkur; en eg verð að biðja hann að lesa 28. gr. í stjórnarfrumvarpinu, og mun hann þá finna, að þetta er ekki neitt nýtt frá mèr, heldur stendur það í frumvarpinu; en því vildi eg eigi breyta eður fella úr, því eg þóttist hafa breytt nógu samt; eg hefi einmitt fært uppástúnguna til, úr þeirri grein, er hún stóð í, en eg man ekki til, að þíngmaðurinn hafi heldur tekið hana burt með breytíngaratkvæðum sínum, enda er þetta ekki nýtt, og þó skýrslur sè sendar stjórninni, getur það ekki haft neinar illar afleiðíngar, heldur einmitt góðar. Ef þíngmenn hafa ekki skilið dæmið, sem eg tók áðan, um ójöfnuð þann, er fylgir uppástúngu hans, þá gæti eg nefnt miklu fleiri dæmi, ef eg vildi, t. a. m. embættismaðurinn, sem hefði 2000 rdl. laun, og sjávarbóndinn, sem hefði mikla útvegi, þeir geta komizt hjá öllu vegabótagjaldi, ef þeir halda eingan vinnumann, heldur að eins kaupamann. Eg skal ann-

ars ekki halda leingri varnarræðu fyrir breytíngaratkvæðum mínum, eg legg þau á þíngsins vald, og fyrir augu þjóðarinnar.

G. Einarsson: Eg hugsa mèr ekki svo hátt að geta jafnað mál manna í þessu efni; þó vil eg með orðum þeim, er eg nú tala, reyna til að sýna fram á það, að þíngmaður Strandasýslu og *varaforseti* fara báðir í sömu áttina með uppástúngur sínar, svo mèr virðast þær vera eins og systur, sem haldast í hendur. Þíngmaður Strandasýslu byrjar frá hinu lága, frá hreppunum, og heldur svo áfram upp eptir til amtmannanna, hann lætur hreppstjórann taka 2 ráðaneytismenn með sèr, sýslumann 2, amtmann 2. Með þessu kemur þá nefnd ekki ólík þeirri, er *varaforseti* stíngur upp á, en miklu auðveldari viðfángs, og með meiri samkvæmni frá hinu neðsta stigi til hins efsta. *Varaforseti* kann að segja, að nefndin sè ekki formlega sett, eptir uppástúngu þíngmanns Strandasýslu; en eg segi aptur, að þessi tilhögun sè eðlilegt framhald af því, sem nú við geingst, og miði til hins sama og *varaforseti* vill koma fram; þar að auki er þess að gæta, að þessi tilhögun hverfur af sjálfu sèr, komist sveitastjórnarmálið einhvern tíma í kríng; en getur notazt á meðan, og spillir ekkert fyrir, að þessu máli verði til lykta ráðið á sínum tíma, og þá koma hinar kosnu nefndir í stað hinna. Í millitíð býst þjóðin undir hina nýju tilhögun við sveitastjórnina.

Hvað hinu öðru atriði málsins við víkur, kostnaðinum til vegabótanna og niðurjöfnun hans, þá fara báðir hinir heiðruðu þíngmenn í líka átt, en mèr finnst þó uppástúnga þíngmanns Strandasýslu vera miklu auðveldari og hafa miklu færri annmarka með sèr í framkvæmdinni. Við hana komast menn hjá öllu umstángi, deilum og enda málarekstri, er skylduvinnan kann að hafa í för með sèr. Með henni verður jöfnuðurinn á útsvörunum miklu meiri yfir höfuð að tala og að því skapi lèttari. Eg verð því að vera á því máli, að uppástúnga þíngmanns Strandasýslu sè sú heppilegasta og aðgeingilegasta af öllum þeim, sem komnar eru, og eg mun á sínum tíma gefa henni mitt atkvæði.

J. Sigurðsson: Allir þessir kostir, sem sá heiðarlegi þíngmaður, sem nú settist niður, tók nú fram, voru eingan veginn að þakka uppástúngu þíngmannsins úr Strandasýslu, því þeir voru allir komnir áður fram á þíngi hèr með uppástúngu minni, og veit eg, að þíngmaðurinn hefir heyrt hana, og þó lofar hann hana ekki, en því hleypur hann yfir alla ókostina, sem eru við uppástúngu þíngmannsins úr Strandasýslu, eður skal hann halda, að einginn sjái þá, þar sem ó-

kunnug og einráð yfirvöld, sýslumaður og hreppstjóri, eiga að leggja vegabótakostnaðinn á menn eins og aukaútsvar, svona út í bláinn, eptir eigin velþóknun, en eingri reglu, og má svo búast við sífelldum kvörtunum og klögunum, og verður hún svo að vera að byggja reglur og lög um þess háttar? Það er þó gott við mína uppástúngu, að hún gjörir lögin styttri og óbrotnari, setur einfalda og fasta reglu, en fyrirbyggir allar sektir og klaganir og úrskurði, því vinnusvik eða óhlýðni eða rángt álag getur ekki átt sèr stað, þar eptir vissri reglu er að gánga, nema ef einhver trássaðist við að gjalda sitt vissa tillag, og tekur þá sýslumaður það sjálfsagt hjá honum lögtaki, eins og aðra vitaskuld.

E. Ó Kuld: Eg ætlaði ekki að taka optar til máls, því eg hugsaði, að ef ræða ætti þetta mál í dag þángað til feingist *einhver* heild út úr því, eg segi *einhver,* því aldrei mun fást *góð,* því síður *fullkomin* heild úr því, þá yrði eg að áskilja mèr svo mörg breytíngaratkvæði, að þau mundi fylla tvö hundruðin, og þá mundi eigi verða nógur tími til hins 12. þ. m. til að ljúka af þessu máli, því eg get ekki verið eins vongóður um þess farsællegu endalykt, eins og hinn háttvirti *forseti* var. En eg finn mig neyddan til, sjálfs mín vegna, að svara nokkrum orðum í ræðum 3 þíngmanna, nefnilega hins heiðraða þíngmanns Rángárvallasýslu, hins heiðraða þíngmanns Mýramanna og hins heiðraða þíngmanns Eyfirðínga. Ef hinn heiðraði þíngmaður Eyfirðínga hefir dregið það út úr orðum mínum, að eg vildi fella málið, þá hefir hann misskilið mig hraparlega, sem honum er þó sannarlega mjög ótamt; hann fann og að breytíngum hins heiðraða varaþíngmanns Reykvíkínga, og færði að honum fyrir það, að hann hefði haft fyrir sèr hin norsku vegabótalög og afsakaði nefndina með því, að hún hefði ei haft þá bók fyrir sèr, sem þíngmaður Reykvíkínga vísaði til, þá verð eg að segja honum, að ef þíngmaður Reykvíkínga gat notað þessa bók, þá gat nefnfdin haft hana líka, því bókin, sem lögin eru í, er eign alþíngis. Hinn sami heiðraði þíngmaður áleit, að það væri betra, að láta menn í landinu sjálfu semja vegabótalög, án þess þau væri lögð fyrir alþíngi (*St. Jónsson:* Nei, nei!); en hvernig ætlast hann til að slík lög fái lagagildi? Hinn heiðraði þíngmaður Mýramanna sagði, að eg bæri mikið traust til þíngsins 1859, já að vísu, en þó ekkert oftraust, því hann veit þó, að þíngtíminn er nú á enda, og það, sem hann er leingdur um, er að álíta sem tóma náðargjöf, og því höfum vèr eingan tíma nè næði til að ræða málið eins ítarlega og þarf; en 1859 gæti verið allt öðru máli að gegna, og því finnst mèr það auðsætt,

ef það er ekki tómur mótþrói af honum, að honum verður að skiljast, að í þessu liggi ekki neitt oftraust hjá mèr á alþíngi 1859; það hefir og þann kost við sig, að þá gæti uppástúngur hans komizt að hjá nefndinni, og þær munu þó ekki svo ónýtar, að hún gæti eigi haft af þeim eitthvert gagn. Hinn sami þíngmaður vill snúa frumvarpi stjórnarinnar þannig við, að gjaldið úr jafnaðarsjóðunum gángi til aukaveganna; en með þessu fyrirkomulagi verða þeir lángtum dýrari en þjóðvegirnir, því öll fyrirtæki verða miklu kostnaðarsamari, sem borguð eru úr opinberum sjóði; þess eru ótal dæmi, þó ekki sè góð. Hinn heiðraði þíngmaður Rángæínga bar mèr líka á brýn, að eg vildi fella málið; en má eg segja honum: hví sèr hann flísina í auga bróður síns, en gætir eigi að bjálkanum, sem er í hans eigin auga? Eg hefi komið með mínar uppástúngur einmitt til þess að málið ekki falli, en þíngmaðurinn hefir með breytíngaratkvæðum sínum, því hann er að minnsta kosti fóstri breytíngatkvæðanna, sem sessunautur hans hefir komið fram með —, því beggja þessara þíngmanna nöfn standa hèr prentuð undir breytíngaratkvæðunum —, verið óbeinlínis orsök til þess, að málið er nú orðið verra viðfángs en sveitastjórnarmálið forðum, því allur þessi fjöldi breytíngaratkvæða miðar til þess að koma því í sömu gröfina, og hvort mun þá ei óhætt, að telja það fallið?

J. Guðmundsson: Áður en umræðunum er slitið, ætla eg að áskilja mèr nokkrar breytíngar á breytíngaratkvæðum sjálfs mín, og undirbreytíngaratkvæði við uppástúngu þeirra, þíngmannsins úr Rángarvalla- og Mýrasýslu.

A. Við breytíngaratkv. sjálfs mín:

Nr. 2. *a*, á eptir orðin: „umsjón og framkvæmd allra vegabóta“, bætist inn í: „svo skulu þær og ákveða allan kostnað til vegabóta og niðurjafna honum (eptir því sem segir. o. s. frv.).

— 2. *b*, eptir orðin: „kosnir til 3 ára á manntalsþíngum“ bætist inn í: „einn í hverjum hrepp“.

Nr. 15. breytist þannig á eptir „að greiða“: „skal hin sama hreppsnefnd, sem jafnar niður aukaútsvörum til sveitar, niður jafna“, o. s. frv.

B. Við uppástúngur Páls Sigurðssonar og Jóns Sigurðssonar.

1. að hin nýja 4. gr., sem upp á er stúngið, verði 3. gr., og verði þar við bætt þessum viðauka: „þessir sýslunefndarmenn skulu fá sanngjarnan ferðakostnað úr vegabótarsjóði“.

2. að hinni nýju grein, sem upp á er stúngið í stað 15. og 16. gr. frumvarpsins verði þannig breytt:

„Í staðinn fyrir skylduvinnu, sem verið hefir, skal hver heimilisfaðir, hverrar stèttar sem er, og hver sá maður, sem á löglega með sig sjálfur, greiða árlega andvirði eins dagsverks eptir verðlagsskrá; skal gjald þetta greiða sýslumanni, í Reykjavík bæjarfógeta, á manntalsþíngum".

En við uppástúngur þíngmannsins úr Strandasýslu ætla eg ekki að bera upp neinar breytíngar, því þó að hann sýnist í aðalstefnunni að vera samdóma mèr, að því leyti gjaldstofninn snertir, þá fer hann í svo alveg gagnstæða átt við mig um fyrirkomulagið á nefndum til umsjónar verkinu og niðurjöfnunar kostnaðinum, að eg vil heldur sleppa þessum lángsanngjarnasta og eðlilegasta gjaldstofni, heldur en vinna það til hans, að fá slíkar nefndir til að ráða niðurjöfnuninni, sem þær, er hann stíngur upp á; þær eru í mínum augum ekki öðruvísi en amtmenn og sýslumenn í nærbuxum í úlpu af einhverjum bóndanum, sem næstur þeim er, og þetta ætlast þíngmaðurinn til að menn kalli *nefndir!*

P. Pètursson: Það eru 2 aðalatriði í þessu máli, annað er umsjón veganna og hitt er kostnaðurinn eður gjaldstofnarnir. Af umræðum þíngmanna er það ljóst, að menn eru ekki ánægðir með frumvarp stjórnarinnar, heldur ekki með nefndarálitið, sem auðsèð er af hinum mörgu breytíngaratkvæðum, sem fram eru komin, er eg að öðru leyti ekki tek svo mikið til, þótt tala þeirra sè allstór. En eg vildi biðja hinn háttvirta *varaforseta* að skýra mèr, hvort ekki eptir breytíngaratkvæði hans við 15. gr. allir tómthúsmenn og verzlunarmenn, sem ekki eiga í jörðu eða tíunda eitthvað verði undanþegnir vegabótagjaldinu, því í breytíngaratkvæði hans stendur, að sýslunefndin skuli jafna öðrum helmíngi kostnaðarins niður á tíundarbært lausafè, en hinum á jarðaafgjöldin. Eg felli mig ekki vel við uppástúngu hins heiðraða þíngmanns úr Mýrasýslu um aukaveguna og gjaldgreiðslu til þeirra, en hinn háttvirti varaþíngmaður Snæfellínga hefir svo greinilega tekið fram það, sem að henni má finna, svo að eg skal ekki fara um það fleiri orðum. Af öllum þessum breytíngaratkvæðum, sem fram eru komin, er mèr næst skapi að fallast á breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Strandasýslu, og hefir hinn heiðraði þíngmaður Dalasýslu svo ljóslega sýnt kosti þeirra, að eptir þeim verður allt fyrirkomulagið svo einfalt og óbrotið og bezt lag-

að bæði eptir ásigkomulagi því, sem nú er í landinu og eins eptir frumvarpi stjórnarinnar.

Jón Guðmundsson: Fyrst hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður hefir skorað á mig, þá skal eg skýra frá því, að eg held það sè ljóst af töluliö 15. við 15. gr. frumvarpsins, að amtmaður ákveður fyrst, hversu mikið skuli koma niður á alla sýsluna, og sýslunefndin aptur, hve mikiö hver hreppur skuli gjalda eptir þeim mælikvarða, að hún miðar upphæð hvers hreppstillags við þá tiltölu: að helmíngi fasteignargjöld, en að helmíngi tíundarbært lausafè, sem er í þeim hrepp, í samanburði við það, sem hvorttveggja þetta er í sýslunni yfir höfuð; en hreppsnefndin er fyrir það alls ekki bundin við þenna mælikvarða, heldur á hún eptir beinni uppástúngu minni að jafna því niður á menn eptir sömu grundvallarreglum, sem aukaútsvari er jafnað niður til sveitar.

Ásg. Einarsson: Eg get ekki skilið í því, að hinn háttvirti *varaforseti* og eg getum ekki komið okkur saman, hvað *vegabótagjaldið* snertir; því allur ágreiníngurinn milli okkar í því atriði er byggður á því, hvernig hann vill láta sýslunefndina jafna milli hreppanna, en í grundvelli vegabótagjaldsins erum við báðir á mjög líkri stefnu; eg vildi taka það fram, að eg meinti, að í stað sýslumanns, þar sem það kemur fyrir í breytíngaratkvæðunum, komi bæjarfógetinn í Reykjavík, að því leyti það á við, því eg vildi ekki sleppa Reykjavík með öllu (einkum þar eð nefndin hafði fest svo vel fíngur í verzlanirnar), og geymi eg mèr rètt til breytíngaratkvæðis á þessa leið.

St. Jónsson: Hinn heiðraði þíngmaður Snæfellínga hefir víst misskilið mig öllu fremur en eg hann; hann hefir skilið orð mín á þá leið, að eg ætlaðist til, að nefndin skyldi semja frumvarpiö, og það verða að lögum án þess að koma fyrir alþíngi; eg held eg hafi ekki talað eitt orð á þá leiö, því eg meinti, að mönnum gæfist kostur á að semja frumvarp, eins og stúngið var upp á í helgidagamálinu. En þar sem eg dróttaði því að honum, að hann vildi fella málið, þá meinti eg, að hann hefði komið fram með þá uppástúngu að fella það á *þessu* þíngi, því það hefir hinn heiðraði þíngmaður gjört; en það getur nú verið, að hann þykist styðja málið, þegar hann stíngur upp á að fella það.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, er undirbúníngsumræðu þessa máls lokið.

Síðan las *forseti* upp *frumvarp til bænarskrár* frá þínginu til konúngs *í stjórnarbótarmálinu,* og var hún samþykkt, svo látandi:

„Til konúngs.

Til þessa alþíngis komu samtals 16 bænarskrár úr ýmsum hèruðum Íslands, með alls 673 nöfnum, um það, að þíngið með allraþegnsamlegastri bænarskrá beiddist, að yðar hátign, samkvæmt allramildilegustum heityrðum í kgsbr. 23. sept. 1848, lètið sem fyrst semja og leggja fyrir fund kosinna fulltrúa hèr í landinu sjálfu frumvarp til laga um endurbætt fyrirkomulag stjórnarinnar yfir Íslandi og um stöðu þess í konúngsveldinu. Þar að auki skrásetti einn þíngmanna og lagði fyrir þíngið til meðferðar beina uppástúngu um hið sama efni, nefnilega að alþíngi beiddi yðar hátign allraþegnsamlegast um nýtt og umbætt fyrirkomulag stjórnarinnar yfir Íslandi, og um að ákveða stöðu þess í fyrirkomulagi konúngsveldisins, og að jafnframt yrði haft tillit til undirstöðuatriða þeirra, sem alþíngi 1853 tók fram í allraþegnsamlegastri bænarskrá 9. ágúst s. ár.

Þíngið kaus 7 manna nefnd, er það fól málið til meðferðar, og eptir það hún hafði borið upp um það álit sitt, var það ítarlega rætt á 2 aðalfundum á lögskipaðan hátt, og leyfir nú þíngið sèr allraþegnsamlegast, að bera upp um það fyrir yðar hátign álit sitt og bænir á þessa leið.

Alþíngi 1853 leyfði sèr að fram bera fyrir yðar hátign bænarskrá um hið sama málefni, og að vísu hefir yðar hátign þóknazt að svara þeirri bænarskrá á þá leið í allrahæstu auglýsíngu 7. júní 1855, að eptir því sem þá hefði á staðið, hefði yðar hátign ekki litizt að bera undir alþíngið 1855 frumvarp til laga um stöðu Íslands í ríkinu, en *með því* þíngið og allir Íslendíngar eru enn sem fyrri gagnteknir af óbifanlegu trausti um það, að eins og hin konúnglegu heityrði yðar hátignar í allrahæsta brèfi yðru 23. sept. 1848 standa enn óapturkölluð og óefnd, eins sè það enn yðar hátignar óraskanlega fastráðinn allrahæsti vilji og landsföðurleg tilætlan, að efnd skuli verða þessi hin konúnglegu heityrði að því, að þegnar yðar hátignar á Íslandi verði aðnjótandi fulls jafnrèttis í stjórnarbótarmálefnum við samþegna vora í hinum öðrum hlutum konúngsveldisins, — *með því* yðar konúngleg hátign hafið mildilegast staðfest þessi heityrði í auglýsíngunum 12. maí 1852 og 7. júní 1855, — *með því* náttúrlegur rèttur þegna yðvarra hèr á landi, og augsýnileg nauðsyn ekki að eins fyrir Íslendínga heldur einnig fyrir sam-

þegna vora í Danmörku og hina æðstu stjórnendur ríkisins, krefur, að stjórnarfyrirkomulagi þessa lands og stöðu þess í konúngsveldinu megi verða ráðið sem fyrst til lykta eins hèr á landi sem í öðrum hlutum konúngsveldisins, og í fullri samhljóðan við þá stjórnarbót, sem nú er á komin með lögum yfir gjörvöll önnur lönd yðar og ríki, — *með því* þetta er aðalskilyrðið fyrir því, að hverfa megi sá vafi og óvissa, og jafnvel grunsemi, sem af því hefir leitt og hlýtur að leiða, að svo leingi hefir orðið að fresta stjórnarfyrirkomulagi þessa eina landshluta, þar sem það er þó nú lögákveðið í hinum landshlutunum fyrir 2 árum liðnum, — og *með því* þíngið verður að vera óbifanlega sannfært um, að þrátt fyrir þann vafa, sem ráðgjafastjórn yðar hátignar taldi á því í brèfi til *konúngsfulltrúa* 1855 áhrærandi þetta mál, þá sè alþíngi heimilaður með sjálfri alþíngistilskipuninni bænarskrárrèttur eins í þessu máli sem öðrum, — þá virtist þínginu yfirgnæfandi ástæður til að hreifa þessu máli í þegnsamlegri bænarskrá til yðar hátignar, í þeirri fullri von og öruggu trausti, að þèr, vor mildasti konúngur! af mildri náð yðvarri, og með landsföðurlegum velvilja, viljið áheyrn veita og ásjá þeim bænum og tillögum þíngsins um þetta mál, sem það leyfir sèr nú að fram bera fyrir veldisstól yðar hátignar, því þær tillögur og bænir um hin helztu og verulegustu undirstöðuatriði, er eingan veginn þykir mega missa sjónar á, þegar ákveðið verður fyrirkomulagið á stjórn Íslands framvegis og á stöðu þess í konúngsveldinu, sem þíngið leyfir sèr nú að taka fram, hefir það byggt á stjórnarfyrirkomulaginu í gjörvöllu konúngsveldinu, á hinum undangeingnu sèrstöku stjórnarráðstöfunum, sem yðar hásælu feður hafa látið verða framgeingt hèr á landi, á hinu frábrugðna, sèrstaka ásigkomulagi þessa lands og innbúa þess, og hinni miklu fjarlægð þess frá meginríkinu, og umfram allt byggt þær á órjúfanlegum allramildustu fyrirheitum yðar konúnglegu hátignar sjálfs til Íslendínga.

Þegar nú þíngið fór að hugsa og koma sèr niður á þessum einstöku undirstöðuatriðum til eðlilegrar og affarasællar breytíngar á stjórn þessa lands, varð þíngið að hafa hugfast, að sú breytíng yrði einkum að lúta að því, að hin einstöku æðstu stjórnarvöld yfir landinu yfir höfuð að tala yrði svo traust og með því afli, svo samfelld og samsvarandi hvert öðru, sem fyrirkomulag stjórnarinnar í gjörvöllu konúngsveldinu fremst leyfði. Því ekki dylst það fyrir neinum Íslendíngi, sem hefir vit á að hugleiða þetta mál, og ekki getur það dulizt fyrir neinum rèttsýnum manni, að það, sem gjörir

stjórnarfyrirkomulag þessa lands, eins og það er nú, bæði óhagkvæmt og ísjárvert, er einkanlega og yfir höfuð að tala hin margskiptu valdstjórnar- og önnur stjórnarstörf, sumpart milli hinna ýmsu stjórnarvalda með of takmörkuðum verkahríng, sumpart milli hinna ýmsu og á fjarlægum stöðum settu valdstjórnarmanna bæði hèr á landi og erlendis, með þar af leiðandi misjafnri þekkíngu og ólíkri skoðun á málunum; þetta fyrirkomulag verður nú því ísjárverðara og óhagkvæmara fyrir alla, bæði innbúa þessa lands og yfirstjórnendurna í Danmörku, sem varla eru nein þau einstakleg málefni, hverrar og hvað lítilfjörlegrar tegundar sem eru, er megi lenda við síðustu úrslit stjórnarvaldanna hèr á landi, heldur verða flestöll málefnin og geta svo að segja öll án undantekníngar átt undir síðustu úrgreiðslu hinna ýmsu stjórnarvalda í Danmörku.

Út frá þessari aðalskoðun verður þíngið að leyfa sèr allraþegnsamlegast að gánga, Og þegar þíngið þannig leyfir sèr að taka hèr fram hin mest varðandi undirstöðuatriði, er hljóta að álítast aðalskilyrði fyrir því að fyrirkomulagið á stjórn Íslands yfir höfuð og hinum einstöku stjórnarvöldum verði sem eðlilegast og hagkvæmast fyrir yðar hátignar íslenzku þegna og samþegna þeirra í Danmörku, og jafnframt megi samsvara sem bezt bæði hvort öðru, þegar til þessa lands er litið, sem og einnig því fyrirkomulagi aðalstjórnarinnar, sem er lögákveðið yfir gjörvallt konúngsveldið, þá verður þínginu að finnast eðlilegast og rèttast að hefja tillögur sínar og bænir fyrst um fyrirkomulag þess stjórnarvaldsins, sem gefur því sjálfu í nafni allra Íslendínga kost á að fram bera þær uppástúngur fyrir yðar konúnglegu hátign, en það er um sjálft alþíngi.

Það dylst að vísu ekki fyrir neinum Íslendíngi, að yðar konúngleg hátign hafið ráðið mikla og verulega bót á hinu þraungvaða fyrirkomulagi alþíngis með því að láta það að tillögum og bænarskrám þíngsins 1853 og 1855, að rýmka svo verulega bæði kosníngarrèttinn og kjörgeingi til alþíngis, eins og gjört er með rèttarbót yðar hátignar 6. jan. 1857. Allt um það er rèttur sjálfs þíngsins með tilliti til þeirra mála, er eiga undir meðferð þess að lögum, enn í dag eingu rýmri en hann var frá öndverðu gefinn því 1843; en þar sem öllum öðrum þjóðfulltrúaþíngum í hinum hlutum konúngsveldisins, þeim er áður höfðu að eins ráðgefanda vald eins og alþíngi, hefir nú á hinum síðustu 8 árum, samkvæmt grundvallarlögum Danaríkis og alríkisskránni, verið veitt meiri hluttekníng og ályktunarvald í öllum þeim málum, er áður lágu undir meðferð þeirra,

meðan þau voru að eins ráðgefandi, þá leiðir það annarsvegar af þessu og öðru umbættu fyrirkomulagi stjórnarinnar í konúngsveldinu og af yðar konúnglegu hátignar landsföðurlegu heityrðum til Íslendínga um jafnrètti í stjórnarmálum, en hins vegar af hinum nauðsynlegu umbótum, er hin ýmsu stjórnarvöld þessa lands hljóta að fá, til þess þau geti komizt í eðlilegt og viðunanlegt horf, eins og þíngið leyfði sèr að útlista hèr að framan, að alþíngi Íslendínga verði veitt eins rýmkað vald í löggjafar og öðrum málum þessa lands, er áður hafa legið undir meðferð þess að lögum, eins og öll önnur fulltrúaþíng í konúngsveldinu, sem alþíng stóð jafnfætis fram til 1849, hafa nú feingið. Því leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast að biðja, að alþíngi Íslendínga verði veitt ályktanda eða löggjafarvald í öllum hèr innlendum málum.

En jafnframt og þínginu getur ekki hugsazt nein eðlileg stjórnarbót hèr á landi nè nein föst og veruleg umbót á stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins svo, að hún ekki hljóti að byrja á þeirri rýmkun á valdi og verkahríng alþíngis, sem nú var bent til, þá verður og þíngið allraþegnsamlegast að álíta, að þar af hljóti beinlínis að leiða svo felld umbót á hinum öðrum stjórnarvöldum þessa lands, dómsvaldinu og einkum á hinu æðsta embættis- eða framkvæmdarvaldi, bæði að því leyti það verður að vera hèr á landi og í Danmörku, að þessi stjórnarvöld samsvari fyllilega hinum aukna og rýmkaða verkahríng löggjafarvaldsins (alþíngis). Svofellda umbót á hinu æðsta framkvæmdarvaldi landsins verður þíngið að leyfa sèr að álíta aðalskilyrðið, sem og hina einu tryggíngu, er hugsandi væri, fyrir því, að gjörðir og atkvæði alþíngis yrði ekki aflvana og áhrifalaus sakir þess, að sundurskiptri og sundraðri valdstjórn, sumpart víðs vegar um landið, án þess hèr í landi væri á einum stað neitt það stjórnarvald, er hefði æðri yfirráð, en sumpart með hinum mikla fjarska í Danmörku, væri ætlað að fullnægja ályktunum alþíngis og fá þeim framgáng, án þess þau þyrfti að standa þínginu nokkurn reikníngsskap af valdstjórnargjörðum sínum eða hafa fyrir því neina ábyrgð af þeim.

Því verður þíngið allraþegnsamlegast að leyfa sèr enn sem fyrri að vera eindregið þeirrar meiníngar, að ein þurfi nauðsynlega að vera og á einum stað aðalframkvæmdarstjórn í landinu; að í þeirri stjórn þurfi að vera 3 menn, er hafi aðsetur í Reykjavík, einkum af því alþíngi er haldið á þeim stað, en út af því mun vart verða brugðið. Landstjórn þessi verður, að þíngsins áliti, að fá svo

rýmkað vald til umráða og framkvæmda í stjórnarmálum þessa lands, að það samsvari sem næst því valdi í löggjafarmálum, sem alþíngi yrði veitt. Þar af leiðir, að þessi 3 manna yfirstjórn yrði að hafa á hendi til meðferðar og síðustu úrslita öll þau valdstjórnarverk hèr innlendra mála, sem ekki liggur beint við að eigi undir úrskurð eða samþykki yðar konúnglegu hátignar eða sem ekki verður lögákveðið um að skuli telja meðal þeirra almennu ríkismála, sem eiga að liggja undir síðustu meðferð ráðaneytis yðar konúnglegu hátignar. Þar að auki verður þíngið að álíta, að þessi landstjórn yrði að eiga setu á alþíngi til þess að halda þar svörum uppi af hendi stjórnarinnar.

Þar sem nú þannig mun verða óumflýjanlegt að ætla landstjórn þessari svo mikilvæg og umfángsmikil störf, þá er þíngið sannfært um, að konúnglegum vísdómi yðar hátignar er það full-ljóst, hve áríðanda það er, að hún sè öll saman á einum stað, t. d. í Reykjavík, og verði skipuð svo reyndu og menntuðu mannvali, sem fremst yrði kostur á.

En ekki getur þínginu þótt að neinu minna áríðanda fyrirkomulagið á því embættisvaldinu sem eptir áðursögðu hlýtur að hafa á hendi sumpart sjálft hina síðustu meðferð og úrgreiðslu ýmsra mála hèðan af landi, einkum frá landstjórninni, en sumpart hlýtur að hafa slík mál til flutníngs og bera þau upp fyrir yðar konúnglegu hátign til allramildasta samþykkis eða úrskurðar, t. a. m. einkum alþíngismálin.

Þíngið hefir þegar leyft sèr að taka fram, að einkum sè það hin margskiptu valdstjórnar- og önnur stjórnarstörf, er liggi undir ýms stjórnarvöld og ýmsa stjórnarmenn bæði hèr á landi og erlendis, sem gjöri fyrirkomulag það, sem nú er á stjórn Íslands, óhagkvæmt og ísjárvert bæði fyrir innbúa þessa lands og yfirstjórnendurna í Danmörku. Og þíngið leyfir sèr þegnsamlegast að vera fulltrúa um og treysta því, að það geti ekki dulizt fyrir vísdómi yðar konúnglegu hátignar nè fyrir stjórn yðar, eins og það einnig er ljóst fyrir hverjum Íslendíngi, að fyrirkomulag það, sem nú er á hinni síðustu úrgreiðslu málanna hèðan af landi, þar sem hún er ætluð þessum yfirstjórnendum, hlýtur að vera þeim sjálfum því óhagkvæmari og erfiðari, sem svo að segja sitt málið liggur undir hvern, og þeir eru þar til ekki jafnan hinir sömu, er eiga að hafa hina síðustu meðferð og úrslit þessara mála á hendi, og fer sú breytíng ráðherranna, eins og ekki er heldur við að búast, eingan veginn eptir stefnu málanna hèðan af landi, er undir þá liggja, eða því hvað heilladrjúgast þætti fyrir

þetta land, heldur eptir því, sem aðalmálunum í meginríkinu þykir affarabezt og hollast.

Þessi margs konar sundurskiptíng málanna, og þessi umskipti yfirstjórnendanna sjálfra, sem bera svo opt að, en sem eingum hèr á landi er auðið að fyrir sjá eða fá vitneskju af, fyr en eptir að þau eru um garð geingin, hljóta að valda embættismönnunum hèr á landi hinni mestu óvissu og vafa um þá stefnu, sem megi álíta hina rèttustu og tiltækilegustu í unndirbúníngi málanna hèðan af landi undir hin síðustu úrslit þeirra í Danmörku, og jafnframt að valda því, að sjálf þessi síðasta meðferð og úrslit málanna hljóti að fara á mis við og skorta það almennt álit og óyggjanda traust, sem er svo gjörsamlega ómissanda í þeim efnum; en þíngið hlýtur að vera sannfært um, að þessi verulegu vandkvæði ætti sèr ekki stað, ef yðar konúngleg hátign af vísdómi yðrum og landsföðurlegri náð sæið ráð til og veg að kjósa *einn mann* til að hafa á hendi öll þessi stjórnarstörf af Íslands hálfu, og væri það einum ætlað sumpart að hafa til flutníngs öll mál hèðan af landi og bera þau upp fyrir yðar konúnglegu hátign, en sumpart að leggja á þau hinn síðasta úrskurð, að svo miklu leyti sem þau væri ekki svo almenns efnis, að þau yrði að leggja undir alls herjar úrgreiðslu ráðaneytis yðar.

Þessi vandkvæði og óvissu, sem eins og nú stendur þykir allauðsjáanlega eiga sèr stað og leiða af því fyrirkomulagi, sem nú er á hinni síðustu úrgreiðslu og meðferð hinna vandasömustu og mest umvarðandi mála hèðan af landi, hlýtur því þíngið allraþegnsamlegast að leyfa sèr að bera upp fyrir yðar konúnglegu hátign í því örugga trausti, að yðar hátign náðarsamlegast takið þessar mikilvægu ástæður til greina, og að þèr, vor mildasti konúngur! sakir verulegra nauðsynja þessa afskekkta landshluta ríkis yðar, og þess jafnrèttis, sem Íslendíngum allramildilegast er heitið í stjórnarmálum, og samkvæmt hinu umbætta fyrirkomulagi, sem einnig í þessu efni er á komið í öðrum hlutum konúngsveldisins, vildið láta yður þóknast af landsföðurlegri náð að fela einum og sama embættismanni hina síðustu meðferð allra þeirra mála, sem ekki sakir hins almenna efnis þeirra yrði lögð undir úrgreiðslu sameiginlegra stjórnarvalda fyrir allt konúngsveldið eða ekki gæti náð löglegri afgreiðslu hèr á landi. Þíngið leyfir sèr allraþegnsamlegast að benda til, án þess það finni fulla ástæðu til að taka fram um þetta beina uppástúngu, hvort ekki mundi vera eðlilegast í sjálfu sèr, og fæstum vandkvæðum bundið, en hafa í för með sèr minnstan kostnaðarauka, ef yðar konúngleg há-

tign allramildilegast vildið fela forstöðumanni hinnar íslenzku stjórnardeildar einum á hendur þessa hina síðustu afgreiðslu málanna hèðan af landi og að bera þau upp fyrir yðar hátign í stjórnarráðinu til úrskurðar.

Þíngið hlýtur að vísu enn sem fyrr að vera óbifanlega sannfært um, að þegar alþíngi Íslendínga væri búið að öðlast fullan atkvæðisrètt í allri löggjöf landsins, og fyrirkomulag allrar framkvæmdar stjórnarinnar væri orðið því fyllilega samsvaranda í þá stefnu, sem þíngið hefir leyft sèr að benda til hèr að framan, þá megi ekki standast, að dómsvaldið í landinu væri látið halda hinu sama fyrir komulagi, sem nú, heldur yrði að koma því sem fyrst í fulla samhljóðun við hin önnur stjórnarvöld, einkum að því leyti að æðsti dómur yrði í landinu sjálfu, er væri löglega bær um að leggja hinn síðasta dóm á hvert hèr innlent mál sem er, en þíngið varð allt um það að álíta þetta atriði of margbrotið og yfirgripsmikið til þess, að hreifa um það fyrir yðar hátign einskorðuðum uppástúngum að þessu sinni. Hins vegar þykir þínginu ekki hlýða að leiða nú hjá sèr þetta mikilvæga undirstöðuatriði, heldur leyfir það sèr að vekja að því sèrdeilislegt allrahæsta athygli yðar konúnglegu hátignar í allraþegnsamlegustu von og trausti um, að hátign yðar látið taka til greina í frumvarpi því, er samið verður um þetta mál, að dómsvaldið hèr á landi verði smámsaman svo endurbætt, að það samsvari löggjafarvaldi alþíngis og hinu umbætta fyrirkomulagi á yfirstjórn landsins.

Nokkrir þíngmenn fóru því fram, að svona lagað frumvarp til laga, um fyrirkomulagið á stjórn Íslands og stöðu þess í konúngsveldinu, yrði lagt fyrir sèrstakan fulltrúafund hèr í landi, sem kosið yrði til eptir kosníngarlögunum 28. sept. 1849, og þótti það vera samkvæmast mildilegum heityrðum yðar hátignar til Íslendínga í kgsbr. yðru 23. sept. 1848, en þó að þetta mundi að öllum líkindum verða flestum hèr á landi geðfelldast, ef yðar hátign þóknaðist að haga meðferð málsins beint eptir brèfi yðar hátignar 23. septbr. 1848, varð samt meiri hluti þíngmanna að vera á því að takmarka bæn sína að þessu leyti.

Samkvæmt framanskrifuðum ástæðum dirfist nú alþíngi, með 17 atkvæðum móti 4, allraþegnsamlegast að biðja:

1. Með 18 atkv. móti 2, að yðar konúngleg hátign allramildilegast látið semja og leggja fyrir næsta alþíngi frumvarp um nýtt og umbætt fyrirkomulag stjórnarinnar yfir Íslandi og um stöðu þess í konúngsveldinu.

2. Að í þessu frumvarpi verði tekin til greina eptirfylgjandi undirstöðuatriði:

a, Með 16 atkv. móti 5. Að verkahríngur og vald alþíngis verði svo aukið, að því verði veitt ályktunarvald (löggjafarvald) í öllum þeim málum, er áður hafa legið undir meðferð þess.

b, Með 14 atkv. móti 6. Að ein verði sett og á einum stað, í Reykjavík, þriggja manna yfirstjórn í landi hèr, sem hafi á hendi til síðustu úrslita öll þau valdstjórnarverk og framkvæmdarvald í íslenzkum málum, sem ekki verður lögákveðið um, að hljóti að liggja undir allrahæstan úrskurð yðar konúnglegu hátignar eður ráðaneytis yðar; og að þessir yfirstjórnendur eigi setu á alþíngi og haldi þar svörum uppi fyrir hönd stjórnarinnar.

c, Með 15 atkv. móti 4. Að yðar konúngleg hátign allramildilegast felið einum og sama embættismanni hina síðustu meðferð þeirra íslenzku mála, sem lögákveðið verður um að ekki eigi undir úrslit þeirra ráðgjafa, sem þess konar mál liggja undir í gjörvöllu konúngsveldinu, eða ekki geti útkljáðst hèr á landi, og að hann beri síðan þau mál fram fyrir yðar hátign til allrahæsta úrskurðar eða samþykkis.

d, Með 16 atkv. gegn 3. Að dómsvaldið í landinu verði svo umbætt, að það samsvari hinu aukna valdi og verkahríng alþíngis og hinu umbætta fyrirkomulagi á yfirstjórn landsins.

Reykjavík, 4. ágúst 1857.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Jón Guðmundsson.

Forseti kvaðst birta mundu dagskrá til næsta fundar svo fljótt sem yrði.

Fundi slitið.

---

5. ágúst — tuttugasti og annar fundur.

Allir á fundi nema hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, sem var sjúkur, og hinn 4. konúngkjörni, sem embættis síns vegna var fjærverandi.

Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur í dag *læknamálið* til

ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í máli þessu og vona eg, að þíngmenn hafi hana fyrir sèr.

Atkvæðaskrá
í málinu
um læknaskipun á Íslandi.

1. *Nefndin* nr. 1: Að konúngur vor allramildilegast vildi greiða sem allramest fyrir bæn alþíngis 1855:
   a, Að ný læknaembætti verði stofnuð í Árnessýslu, Skaptafellssýslum, Keflavík í Gullbríngusýslu, Barðastrandar- og Strandasýslum, Þíngeyjarsýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslum og Múlasýslum.
   b, Að í stað þeirra 200 rdl., sem með allrahæstum úrskurði 12. ágúst 1848 er heitið að megi árlega verja úr hvers amts jafnaðarsjóði, til þess að landlæknir og hèraðslæknar hèr á landi geti kennt aðstoðarlæknum, þá vilji hans hátign allramildilegast heita árlegum 100 rdl. styrk fyrst um sinn hverjum þeim íslenzkum stúdenti, sem eptirleiðis stundar læknisfræði við háskólann, og að hann njóti þessa styrks um 4 ár, ef hann sannar, að hann haldi áfram lærdómsiðkunum sínum í læknisfræði, og skuldbindur sig til, að loknu embættisprófi, að sækja um læknisembætti hèr á landi, og að þessi styrkur skuli endurgjaldast ríkissjóðnum úr jafnaðarsjóðum amtanna.
2. *Jón Hávarðsson:* Að eptir orðin „bæn alþíngis 1855“ í uppást. nefnd. nr. 1, verði sett: „til bráðabyrgða, þángað til læknaskóli kemst á í landinu sjálfu“.
3. *Magnús Andrèsson:* varauppástúnga við 1. *a:* „að konúngur vildi allramildilegast nú þegar stofna 3 ný læknaembætti hèr á landi á þeim stöðum, þar sem þess getur álitizt mest þörf, með 400 rdl. launum handa hverjum þeirra, sem greiðist fyrst um sinn, þángað til öðruvísi yrði ákveðið, af spítalasjóðunum.
4. *Jón Hávarðsson* (samþykkt af nefndinni): að uppástúnga nefndarinnar nr. 2, verði þannig orðuð:

   Að konúngur skipi svo fyrir, að frumvarp verði lagt fyrir alþíngi 1859 um að stofna spítala og læknaskóla í Reykjavík.
5. *Nefndin* nr. 2 (tekið aptur af nefndinni): að konúngur skipi svo fyrir, að nú verði þegar farið að hugsa fyrir því, að stofna spítala og læknaskóla í Reykjavík, og frumvarp um það lagt fyrir alþíngi 1859.

6. *Nefndin* nr. 3: að konúngur allramildilegast vilji skipa svo fyrir, að stjórnin nú þegar fari að ritast á um það við hlutaðeigandi embættismenn, hvernig bezt og haganlegast megi haga öllum tekjum spítalanna og heimtíngu þeirra, og leggi frumvarp til reglugjörðar um það fyrir alþíngi 1959.
7. Uppástúnga *Páls Sigurðssonar* (samþykkt af nefndinni): að ákvörðun sú í konúngsbr. 20. febr. 1750, að Vestmannaeyíngar megi einir njóta spítalahluta þeirra, er þar falla af fiski og fugli, handa fátækum þar á eyjunum, sè úr lögum tekin; en hlutir þessir gjaldist í hinn almenna læknasjóð, er stofnaður er með konúngsúrskurði 12. ágúst 1848.
8. *Ásgeir Einarsson:* að uppástúnga nefndarinnar nr. 4 verði orðuð þannig: að þeir stúdentar, sem vilja, skuli, þegar þeir eru útskrifaðir af prestaskólanum, eiga kost á að fá ókeypis kennslu í læknisfræði hjá landlækninum og hèraðslæknunum.
9. *Jón Hávarðsson:* að uppástúnga nefndarinnar nr. 4 verði orðuð á þessa leið:

   Að prestaskólamönnum gefist kostur á að fá ókeypis kennslu hjá landlækninum í heilnæmisfræði og meðferð á voveiflegum sjúkdómstilfellum.
10. *Nefndin* nr. 4: að landlækninum verði falið á hendur að lesa fyrir lærisveinum á prestaskólanum um meðferð á voveiflegum sjúkdómsatburðum, sem og yfir aðalreglurnar í hinni almennu heilnæmisfræði.
11. *Jón Sigurðsson:* að uppástúnga nefndarinnar nr. 5 falli burt í þetta sinn.
12. *Jón Hávarðsson:* að í stað orðanna í uppástúngu nefndarinnar nr. 5: „að útlærð og yfirheyrð yfirsetukona verði sett í hvern hrepp á landinu“, verði sett: „að svo margar efnilegar konur fái kennslu í yfirsetukonufræði, að sín geti orðið sett í hvern hrepp á landinu“.
13. *Jón Sigurðsson:* varauppástúnga, að í stað þessara niðurlagsorða í uppástúngu nefndarinnar nr. 5: „og fái þar ákveðin árleg laun af hreppsbúum“ verði sett: „og fái þær árlega þóknun í launaskyni, sem sè goldin á sama hátt og núverandi ljósmæðra-laun fyrst um sinn, þar til alþíngi síðar kynni að geta vísað á hentugari gjaldstofn til þessa augnamiðs“.
14. *Guðmundur Brandsson:* að í stað orðanna „ákveðin“ í uppástúngu nefndarinnar nr. 5 verði sett: „frá 10 til 30 dala“.

15. *Nefndin* nr. 5: að konúngur allramildilegast vilji skipa svo fyrir, að fyrir alþíngi 1859 verði lagt frumvarp til tilskipunar um það, að útlærð og yfirheyrð yfirsetukona verði sett í hvern hrepp í landinu, og fái þar ákveðin árleg laun af hreppsbúum.
16. *Jón Hávarðsson:* að uppástúnga nefndarinnar nr. 1 *a, b,* verði sett aptast í röðinni, og tölu hinna breytt eptir því.
17. Hvort alþíngi vill senda konúngi þegnlega bænarskrá um þau atriði, sem samþykkt eru.

Framsögumaður: Eg skal halda mèr við atkvæðaskrána, sem prentuð er í máli þessu, og geta lítið eitt breytíngaratkvæða þeirra, er gjörð hafa verið við uppástúngur nefndarinnar.

Það er þá fyrst uppástúnga þíngmannsins úr Suður-Múlasýslu, sem á atkvæðaskránni er sett undir töluliið 2, að eg get ekki sèð betur, en að hún sè öldúngis óþörf; því það er auðsjáanlegt, að hún getur eigi átt við uppástúngu nefndarinnar 1. *a,* þar eð víst eingum getur dottið í hug, að læknaembætti, sem þar er farið fram á að biðja um, eigi að stofna einúngis til „bráðabyrgða“, heldur að þau verði stofnuð fyrir fullt og fast; breytíngaruppástúnga hans verður því að líta til uppástúngu nefndarinnar 1 stafliið *b,* en þá verður hún einmitt óþörf, því það stendur í greininni: „fyrst um sinn“. Því næst kemur þá varauppástúngan við 1. *a,* og er það í stuttu máli um hana að segja, að með því að aðhyllast hana er kollvarpað öllum uppástúngum nefndarinnar, og virðist mèr því óþarfi að fara um hana mörgum orðum, þar eð eg vona, að það ekki sè vilji þíngsins, að mál þetta að öllu skuli falla, og mèr finnst heldur ekki þíngið vera bundið við að halda svo áfram bæn alþíngis 1855, að það eingu megi úr henni sleppa, eins og hún þá var orðuð; því þíngið getur þó ekki verið bundið við hana til eilífðar; enda virðist lítil ástæða til að álíta, að stjórnin hafi fallizt á hana, þar sem þíngið 1855 beiddi um, að ef konúngur eigi vildi fallast á aðaluppástúnguna, að hann þá vildi *„nú þegar* stofna 3 ný læknaembætti“, með því enn þá ekkert er aðgjört, þar sem þó síðan eru liðin 2 ár. Breytíngaratkvæði þíngmanns Suður-Múlasýslu, sem á atkvæðaskránni er undir töluliið 4, hefir nefndin fallizt á, enda var breytíngin ekki önnur en sú að fella úr nokkur orð, og miðaði einúngis til þess, að orða uppástúnguna ljósar. Uppástúngu þíngmanns Rángvellínga, töluliið 7, fèllst nefndin því fremur á, sem henni virtist það í sjálfu sèr óeðlilegt, að ein sveit á öllu landinu skyldi njóta spítalahluta þeirra, er þar fèllu, fyrir sig eina, með því líka, að ef

þetta rynni inn í hinn almenna spítalasjóð, yrði það honum ekki all-lítill styrkur. Uppástúngu þíngmanns Strandasýslu, tölulið 8, gat nefndin ekki fallizt á, því sè það talin tímatöf fyrir prestaskólamennina, að gefa sig við námi því, sem hèr ræðir um 1 tíma í viku, þann tímann, sem þeir yrði að vera hèr í bænum, þá mundi ekki hitt verða hentugra fyrir þá, að verða að eyða til þess einum 2 mánuðum í samfellu, og verða einúngis þessa vegna að dvelja hjer, og verður þetta því óaðgeingilegra, sem landlækninum þá yrði að leggja á herðar að vera kyrrum hèr í bænum um þenna tíma, og gæti þetta varla átt sèr stað, þar sem hann opt verður að fara hèðan úr bænum sökum embættisanna sinna, og vera burtu, ef til vill, heila viku á stundum. Þetta gæti fyrst orðið umtalsefni, þegar læknaskóli væri hèr á kominn, og gæti þá kennarinn við hann vel tekizt á hendur kennslu þessa. Breytíngaratkvæðið undir tölulið 9 er reyndar hið sama og uppástúnga nefndarinnar, og munurinn einúngis sá, að nefndin hefir tekið fram, að það yrði gjört landlækninum að skyldu að láta kennslu þessa í tè, en í breytíngaratkvæðinu er það tekið fram, að prestaskólamönnum ætti að gefast kostur á kennslunni. Það kann að öðru leyti að hafa valdið nokkrum misskilníngi, sem eg við undirbúníngsumræðu þessa máls sagði um borgun handa landlækninum fyrir starfa þenna; en eg átti við, að þeim landlækni, sem nú er, eigi yrði uppálögð þessi kennsla að öllu leyti borgunarlaust, án þess þó að prestaskólamennirnir sjálfir borgaði nokkuð, en það er auðvitað, að það mætti borga það sem tímakennslu, en á hinn bóginn mætti uppáleggja eptirmanni þessa landlæknis kennslu þessa sem embættisskyldu, eður, ef læknaskólinn kæmist á, kennaranum við hann. Uppástúngan undir tölulið 11 geingur út á, að uppástúnga nefndarinnar nr. 5, sem á atkvæðaskránni stendur undir tölulið 15, falli burtu í þetta sinn; hinum heiðraða uppástúngumanni virðist einga brýna nauðsyn bera til, að fjölgað væri yfirheyrðum yfirsetukonum, en hvað er þá brýn nauðsyn hèr á landi, ef ekki þetta? og einginn skal segja mèr það, að menn ekki geti haft meira traust á yfirsetukonu, sem útlærð er og yfirheyrð, heldur en á hinum, sem ekki hafa geingið undir nokkurt próf og ekkert hafa lært. Yfirsetukonan er ekki einúngis nauðsynleg fyrir konuna, meðan hún er að fæða, heldur og einnig til að segja henni, hvernig hún skuli haga sèr eptir barnsburðinn, til að forðast öll eptirköst, og er þetta ekki hið minnstvarðanda fyrir sængurkonuna, en til þessa er útlærðu yfirsetukonunni miklu betur trú-

anda, en hinni, sem ekkert hefir lært. Að því er snertir töluliö 14 á atkvæðaskránni, þá þótti uppástúngumanni, hinum heiðraða þíngmanni Gullbríngusýslu, of mikið að ætla yfirsetukonum 20 rd. í hinum minnstu hreppunum, þar sem þeim væri einúngis ætlaðir 30 rd. í hinum stærstu, en nefndinni þótti það ekki eiga við, að taka það fram í niðurlagsatriðunum, heldur að eins í ástæðunum, þar sem beðið væri um frumvarp, og eins og eg gat um við undirbúníngsumræðu þessa máls mundi nefndin fús á, að setja 15—30 rd., en einúngis í ástæðunum; en niður fyrir 15 rd. vildi nefndin ekki fara, því henni gat ekki virzt, að minna en þetta, sem varla er lítilfjörlegt vinnukonukaup, gæti orðið að nokkurri upphvatníngu fyrir konur, til að nema yfirsetukvennafæðina. Nefndinni þótti einnig óþarfi að taka fram það, sem hinn heiðraði þíngmaður Suður-Múlasýslu fer fram á undir töluliö 12, því hún varð að álíta, að það væri skylda landlæknisins og hèraðslæknanna að veita þeim, er æskja, kennslu þessa, og amtmannanna að styðja að því, að yfirsetukonur fáist, svo aðalatriðið verður, að finna eitthvert ráð, til að hvetja konur til að gefa sig við þessari fræði, og það eina ráð virtist nefndinni vera launin, því að auðvitað er, að ekki verður nokkur kvennmaður skyldaður til þess. Um töluliö 16 á atkvæðaskránni er það að segja, að nefndinni hefir ekki getað skilizt, að röð sú, er hinn heiðraði þíngmaður Suður-Múlasýslu stíngur upp á, sè í nokkru tilliti betri en sú, sem nefndin hefir valið. Því eigi uppástúngan nr. 1 að vera með, og úr því það ekki kemur í neinn bága við hin uppástúnguatriðin, finnst nefndinni það liggja beint við, þar sem um þetta atriði hefir verið beðið áður, að það eigi að setja það í brodd fylkíngar.

J. Hávarðsson: Mèr heyrist á ræðu hins heiðraða *framsögumanns,* að breytíngaratkvæði mín eigi ekki því láni að fagna, að nefndinni í máli þessu þyki neitt til þeirra koma; þó hefir eitt þeirra verið svo heppið að komast inn undir nefndarinnar náðarvængi. Eins og við undirbúníngsumræðu þessa máls, eins get eg ekki annað sèð, en að það mundi fara betur, ef niðurröðuninni væri breytt eptir því sem eg hefi stúngið upp á, og vona eg, að hinu heiðraða þíngi skiljist, að svo er, þó nefndinni hafi ekki getað skilizt það. Mèr getur ekki fundizt, að það eigi alls kostar vel við, að vèr sèum nú að biðja stjórnina um það, sem hún hefir sjálf sagt að hún væri að undirbúa, en mèr finnst þar á móti, að það eigi vel við, að þíngið gefi stjórninni bendíngu, til að sýna henni, hve hart þörfin kreppir að,

sjálfsagt með hógværum orðum. Í hinum niðurlagsatriðum nefndarálitsins er beðið um nýjar stofnanir, en með því finnst mèr ekki fallið frá bæn alþíngis 1855, þó þíngið ekki sendi um það neina beina uppástúngu nú, heldur að eins bendíngu til að herða á uppfyllíngu bænarinnar frá hinu næsta þíngi; þetta átti ekki að vera nema einúngis til bráðabyrgða, svo það gæti orðið oss að liði, á meðan stofnanir þær væri að komast á, sem vèr nú biðjum um. Eg er hræddur um, að ef bænin frá í hitt hið fyrra væri núna tekin fram sem bein uppástúnga, þá kynni það að seinka fyrir uppfyllíngu aðalatriðanna núna, sem eg álít að sè það, að spítali og læknaskóli verði stofnaður hèr í Reykjavík. Vona eg því, að þíngið fallist á, að niðurröðun atriðanna verði á þá leið, sem eg hefi stúngið upp á. Hvað eð snertir breytíngar-atkvæði mitt undir töluliið 2 sem orðabreytíng einúngis, þá sè eg nú, að í bænarskrá alþíngis 1855 hefir staðið „fyrst um sinn", og það verður þá lík meiníng, svo eg kynni kann ske að falla frá því (*E. Ó. Kúld:* Hefir þíngmaðurinn þá fallið frá því?). Nei, það er bezt að lofa því að standa. Með breytíngar-atkvæði mínu undir töluliið 9 við 4. niðurlagsatriði nefndarálitsins gekk mèr það til, að nefndin vill gjöra landlækninum það að skyldu, að lesa fyrir stúdentunum á prestaskólanum yfir hina almennu heilnæmisfræði og voveifleg sjúkdóms tilfelli, hvort sem stúdentarnir vilja hlusta á það eða ekki, en slík kennsla yrði þó að litlum notum, ef stúdentarnir hefði ekki lyst að nema það, sem kennt væri, þegar litið er til þess stutta tíma, sem til hennar er varið, og hvort sem stúdentarnir legði sig eptir henni eða ekki, þá yrði þó að launa landlækninum fyrir slíka tímakennslu. Með breytíngaratkvæði mínu undir töluliið 12, við 5. niðurlagsatriði nefndarálitsins, var sú meiníng mín, að biðja stjórnina að leggja fyrir alþíngi frumvarp viðvíkjandi styrk til efnilegra kvenna til að nema yfirsetukvennafræði; eg sè hvergi, að það sè skylda landlæknisins að kenna yfirsetukonum; það er einasta bent til þess, að hann með amtmanninum eigi að sjá um, að þeim verði kennt, þó það hafi ekki orðið að miklum notum enn þá.

J. Sigurðsson: Eg held það, sem eg tala breytíngaratkvæði mínu til stuðníngs, muni hvorki verða mikið nè gott, og segja menn, að þá sè illu bezt aflokið. Eg er nú sama sinnis, sem við undirbúníngsumræðuna, að mèr þykir bezt að geta feingið sem mest, og allt í einu skóla og spítala, lækna og ljósmæður, ef eg ekki þyrfti að bera kostnaðinn eða sæi þá út úr að geta klofið hann, en hinn heiðraði *framsögumaður* hefir nú ekki getað fullvissað mig enn, að

það verði einhlítt að heimta hann úr ríkissjóðnum. Þeim heiðraða *framsögumanni* hefir nú stundum verið borið það á brýn, að hann væri óhlífin að stínga upp á stofnunum og leggja þar til kostnað á landsmenn. Eg veit hann gjörir það nú í góðum og vigtugum tilgángi, en samt er það í því sem öðru, að það þarf að hafa hóf við álögur á fólk, og menn verða að sjá fótum sínum forráð með útgjöld. Mèr þykir uppástúnga nefndarinnar nú í senn nægilega stór, þó 5. niðurlagsatriðið sè skilið eptir í þetta sinn, því fái maður góða bænheyrslu um öll hin 4, þá hefir mikil umbót feingizt, og vil eg láta vel yfir því, þá er hægra við að bæta síðar ákvörðun um yfirsetukonurnar, þegar menn hafa hugsað það mál, því það mál er nýtt mál, sem ekki hefir fyrri verið hreift á alþíngi, og ekki heldur í bænarskrám frá landinu; það er líka það mál, sem stíngur upp á að leggja nýja álögu á landið, mörg þúsund dali, og það á þann gjaldstofn, sem fáum mundi hafa í hug dottið, á hreppssjóðina, eða fátækraframfæri, sem er það sama. Þessari embættisstiptun svona lagaðri verð eg því hreinlega að mótmæla; þegar eg lít líka á uppástúnguna, eins og hún stendur á atkvæðaskránni, þá þykir mèr hún bæði óhentuglega og illa hugsuð; hún hljóðar svona: að konúngur vilji skipa svo fyrir, að fyrir alþíngi 1859, verði lagt frumvarp til tilskipunar um það, að útlærð og yfirheyrð yfirsetukona verði sett í hvern hrepp í landinu og fái þar ákveðin árleg laun af hreppsbúum; nefndin býður allt svo, að konúngur bjóði alþíngi að samþykkja, að útlærð yfirsetukona verði sett í hvern hrepp; *hún skal verða sett þar,* þaðan má hún víst ekki víkja, og hún skal fá þar árleg viss laun, þó hún gjöri kann ske ekkert gagn, því kann ske að einginn hafi trú á henni og vitji hennar því aldrei, og þar er heldur einginn skyldaður til; launaupphæðin er ótiltekin, og eg get ímyndað mèr, að hún kunni að verða töluverð; nefndin leggur eingin drög fyrir, hvernig þessar yfirsetukonur skulu geta náð menntun sinni, og allir vita, að svona margar útlærðar yfirsetukonur eru ekki til hèr í landi; eg verð því helzt að gera mèr í grun, að þær kæmi eður væri settar híngað frá útlöndum, og er þá líklegt, að laun þeirra yrði svo sem 100, já kann ske 1000 rdl. árlega, og til þessa litla á að taka bitann frá fátækra munni. Mèr fyrir mitt leyti þykir nú lítill skaði, þó þessar og þvílíkar uppástúngur falli burt svona í *þetta sinn,* og það baslist svona fyrst um sinn eins og verið hefir, því það hefir opt og leingi bezt dugað, að góðar konur, nákvæmar og náttúraðar til þessarar hjálpar, hafa bezt dugað, þó ólærðar hafi verið, og dæmi til, að við barnsneyðartil-

felli hefir líka mislukkazt og kann ske eins opt að tiltölu hjá þeim yfirheyrðu. Eg vildi því, áður en eg þagna (því optar má eg ekki tala) vara þíngmenn við því, að hlaupa inn á svona lagaða uppástúngu, og biðja um aðrar eins bendíngar til laga um óákveðnar, kann ske óbærilegar, álögur á óhentugustu gjaldstofna þjóðarinnar.

Jón Guðmundsson: Eg var ekki hèr á þínginu um daginn, þegar undirbúníngsumræða fór fram í þessu máli, en þegar menn komu niður í bæinn á eptir, þá spurði eg einhvern af tilheyrendunum, hvernig umræðurnar hefði geingið, „svona, ekki svo galið“, sagði hann, „en það var þó líkast því, eins og eintómar yfirsetukonur talaði í dag á þínginu“; og eg er nú ekki frá því, að eitthvað hafi verið til í þessu, ef margt hefir þá fram farið áþekkt því, sem hinn heiðraði þíngmaður Mýramanna fram flutti núna. Það er þó makalaus misskilníngur, sem mèr finnst of opt koma fram hjá sumum þíngmönnum þannig, að þegar talað er um að biðja stjórnina um frumvarp í einhverju máli, þá taka sumir þíngmenn til að ræða það út í allar æsar, rètt eins og ef frumvarpið sjálft lægi nú þegar fyrir, og vil eg taka til dæmis breytíngaratkvæðin undir töluliðunum 13 og 14. Spursmálið, sem hèr liggur fyrir, er einúngis þetta: „er það æskilegt og nauðsynlegt, að stjórnin sè beðin að sjá um, að fjölgað verði yfirsetukonum (svo eg minnist líka dálítið á yfirsetukonurnar) eða ekki?“ og eg ímynda mèr, að einginn maður, sem nokkurn hlut þekkir til ásigkomulags og lífernishátta hèr upp til sveitanna, geti annað en álitið það í mesta máta þarflegt og nauðsynlegt. En þar á móti liggur það með öllu fyrir utan þetta þíng núna, að tala um kjör yfirsetukvennanna og allt það fyrirkomulag, sem þar af leiðir; það kemur fyrst til að ræða slíkt, þegar frumvarpið frá stjórninni liggur fyrir (*J. Sigurðsson:* gefa stjórninni bendíngar) og ekki fyrri. Yfir höfuð að tala fellur mèr nefndarálitið vel í geð, en það kynni þó að vera, að breytíngaratkvæði hins heiðraða þíngmanns úr Suður-Múlasýslu undir tölulið 12 væri öllu betur orðað en nefndarinnar; eg skal bráðum víkja máli mínu að því með fleiri útlistunum, að hverju leyti mèr finnst ómissanda, að þessi uppástúnga verði tekin til greina, að minnsta kosti að efninu til. Það er þá komið hèr aptur, þetta varaatkvæði, sem hèr kom á þínginu 1855, og stendur nú á atkvæðaskránni undir tölulið 3 eptir hinn heiðraða þíngmann Árnesínga. Þessi sama varauppástúnga kom hèr í hitt hið fyrra, eins og eg gat um og þíngmönnum er kunnugt, og þá börðust nokkrir nefndarmennirnir og einkum *framsögumaðurinn,* sem þá var í málinu, við

hana og móti henni á heilum laungum fundi; en þó lauk svo, að bæði hann og flestallir nefndarmennirnir gáfu atkvæði sín með henni, og þannig varð henni smokrað inn í bænarskrána til konúngs; mèr var þá vegna stöðu minnar hamlað frá að tala á móti henni; þessari sömu varauppástúngu hefir nú verið laumað inn til vor aptur — menn fara nær um, hvernig á því stendur —, og getur þó hver maður sèð, sem nokkuð vill íhuga hana, að ef hún feingi framgáng, hlyti afleiðingin að verða sú, að spítalasjóðirnir yrði fyrir það svo limlestir, að með þeim yrði um mjög lángan tíma ekkert gjört til verulegra umbóta læknaskipuninni hèr á landi; því til þess að bæta verulega úr henni til frambúðar verða allir að sjá og skilja, að innlend læknakennsla og spítalastofnun er hið eina úrræðið; aptur á hinn bóginn yrði með þessu breytíngaratkvæði alls ekki bætt úr hinum almenna læknaskorti í landinu, feingi 2 eða 3 sýslur lækna á kostnað spítalasjóðanna, þá heimtaði allar sýslur, sem nú eru læknalausar, hið sama og ætti fullt eins mikinn rètt á því; og hver yrði þá niðurstaðan? íslenzkir læknar eru ekki til, eins og allir vita; við feingjum danska lækna í hverja sýslu — þessa, sem Danir gæti ekki sjálfir brúkað, hinir sækti híngað ekki — og hverju værum vèr að bættari fyrir? spítalasjóðirnir væri eyðilagðir, og þá er búið. Eg vona nú, að þíngmönnum sè ljóst af þessu, á hvern hátt eg muni ætla að greiða atkvæði mitt, hvað þessa varauppástúngu snertir. Yfir höfuð felli eg mig vel við nefndarálitið, þó eg muni nú ekki glögglega, hvernig þar er raðað niður, og það kynni að vera fullt eins vel orðað eptir breytíngaratkvæði hins heiðraða þíngmanns úr Suður-Múlasýslu, en þó það væri nú ekki í nefndarálitinu, þá vildi eg samt, að það yrði tekið skýrt og greinilega fram í álitsskjalinu til konúngs, að það sè hið fyrsta og verulegasta atriði bæði í bráð og leingd, að hèr verði komið á stofnun spítala og læknaskóla, en af því þetta muni hljóta að dragast nokkurn tíma, sakir þess undirbúníngs, er það útheimtir, en vèr á hinn bóginn eingan veginn getum beðið í þessu mikilsvarðanda málefni, þángað til spítalinn og læknaskólinn fari að sýna sína ávexti, þá biðjum vèr um hitt, sem getið er um undir töluliö 1. *a* og *b*, svona til bráðabyrgða, þángað til tèð stofnun er á komin og farin að geta bætt úr þörfum landsmanna í þessu efni, af því það, sem tekið er fram í 1. *a—b* getur komizt á strax, og þarf ekki eins lángan undirbúníng eins og aðalatriðið sjálft. Þetta vildi eg yrði skýrt og greinilega orðað í bænarskránni til konúngs að minnsta kosti, þó það nú ekki væri í nefnd-

arálitinu (sem eg satt að segja ekki man með vissu), ef þíngið á annað borð fellst á nefndarálitið, sem eg fyrir mitt leyti get ekki efazt um. Eg álít uppástúngu hins heiðraða þíngmanns Rángvellínga mjög nauðsynlega og sanngjarna, því þó það hafi verið á þeim tíma næsta mannúðlega afráðið af stjórninni, að leyfa það, að spítalahlutir á Vestmannaeyjum, bæði af fiski og fugli, mætti leggjast í sveitarsjóðinn þar, á meðan eyjabúar voru út af dauðir auníngjar, þá er nú allt öðru máli að gegna, því mèr er það fullkunnugt, að bæði er sveitarsjóðurinn á Vestmannaeyjum nú orðinn við góð efni að vaxtafè, eptir því sem hèr er af að gjöra, og margir eyjabúar góðir efnamenn, og er því mjög ósanngjarnt, að svipta stofnun, sem er þurfandi, ekki all-litlum tekjum, sem hún á með rèttu. Um hitt annað af því, sem er á atkvæðaskránni, ætla eg ekki að fara neinum orðum, því það eru mest orðabreytíngar, sem ekki eru neitt verulegar, og gjöra lítið til eða frá, og greiði eg atkvæði um þær, eptir því sem mèr finnst rèttast með sjálfum mèr í þann og þann svipinn, en yfir höfuð að tala ætla eg að þessi breytíngaratkvæði taki uppástúngum nefndarinnar lítið fram.

M. Andrèsson: Ekki skal eg nú vera fjölorður, og sízt um það, sem eg mælti með við undirbúníngsumræðu þessa máls, heldur að eins tala fá orð um það, sem eg mælti móti. Hinn heiðraði *varaforseti* mælti núna æði-fastlega fram með því, að það mikilvægasta og verulegasta í þessu máli væri það, að stofnaður yrði spítali og læknaskóli hèr í Reykjavík; en eg er nú ekki nærri sannfærður um að svo sè, því eg veit heldur ekki, hvort að honum mundi verða svo mikið og verulegt gagn, að það gæti vegið upp á móti kostnaðinum, sem hlyti að verða afarmikill. Þar á móti skilst mèr á nefndarálitinu, sem nefndin álíti það hið fyrsta og nauðsynlegasta að fjölga læknum hèr í landinu, og á því sama máli er eg, þó eg viti, að það muni verða torvelt að fjölga þeim svo mikið, sem með þarf, svona allt í einu. Hvað viðvíkur læknisfræðiskennslunni við prestaskólann, þá halla eg mèr helzt að breytíngaratkvæði hins heiðraða þíngmanns Strandasýslu við 4. niðurlagsatriðið í nefndarálitinu undir töluliið 8. á atkvæðaskránni; fyrst stúdentarnir á prestaskólanum þurfa ekki að heyra á kennslu landlæknisins fremur en þeir vilja, þá finnst mèr tilgángslítið að skylda hann til að kenna, því það er þó auðskilið mál, að menn nema svo bezt, að þeir sjálfir vilji nema, og þó nú þetta sè ekki lángur tími, sem til læknakennslunnar er ætlaður, það eru í allt rúm 3 dægur, eins og eg gat um við undir-

búníngsumræðuna, þá gæti þó tímarnir, þó fáir sè, ef til vill verið þeim tímum dálítið til fyrirstöðu, sem ætlaðir eru til guðfræðinnar, og þykir mèr það þess vegna í alla staði haganlegra, að kandidötum frá prestaskólanum gefist kostur á að afla sèr ókeypis þessarar þekkíngar í læknisfræði, eptir að þeir eru búnir að ljúka sèr af frá prestaskólanum. Hvað atriðið um yfirsetukonur snertir, þá er eg eindregíð á því máli, og mèr dylst það ekki, og það dylst víst fáum, að það væri æskilegt og mjög árríðanda, að þeim yrði fjölgað hèr hjá oss, en eins og þíngmenn hafa áður bent til, álít eg það fyrir tímann að fara núna að tala um, hvaðan laun þeirra skuli taka eða hvað há þau skuli vera, því allt þess konar kemur fyrst til umræðu, þegar frumvarp frá stjórninni þessu viðvíkjandi liggur fyrir. Um viðauka-atkvæði mitt skal eg ekki fara mörgum orðum, og það mundi nú ekki heldur til mikils, þar sem hinn heiðraði *framsögumaður* er þegar búinn að kveða upp yfir því tvöfaldan dauðadóm, og það held eg hrífi, einkum þar eð hann var svo snjallorður eins og menn heyrðu, og það er nú ekki ný bóla; mèr skildist annars á honum, að það hefði verið dautt og grafið, áður en það varð til, áður en það fæddist eða jafnvel áður en það var getið. En þrátt fyrir ræðu hans er eg nú enn þá ekki sannfærður um, að þetta viðaukaatkvæði hafi átt svona dæmalaust ómiskunsaman dóm skilið, því eg hefi einga vissu fyrir því, hve nær þessi fjölgun lækna muni komast á, sem beðið var um 1855; er það strax eptir að stjórnin hefir sagt, að hún væri að hugsa um að koma þeim á; kann ske þau hafi átt að komast á daginn eptir? eg get ekki fundið nein viss takmörk, innan hverra læknar þessir skuli vera komnir inn í landið, og eg ímynda mèr, að ekki einu sinni hinn heiðraði *framsögumaður,* sem veit þó bæði svo margt og mikið, meir en eg og mínir líkar, auk heldur eg, geti skýrt frá neinni ástæðu, hvers vegna þetta dregst. Eingan veginn get eg heldur skilið, að viðaukaatkvæði þetta geti á nokkurn hátt verið læknamálinu til fyrirstöðu í heild sinni eða yfir höfuð að tala, því enda þótt þremur læknum yrði nú bætt við hèr á landi og þeir feingi 400 rdl. laun hver um sig af spítalasjóðnum, þá geingi þó allur afgángurinn inn í sjóðinn, svo hann gæti aukizt og margfaldazt fyrir það, og svo er það líka aðgætanda, að hèr er ekki farið fram á, að læknunum verði þaðan launað, nema fyrst um sinn. Mèr finnst því viðaukaatkvæði þetta eingan veginn geta verið því til hinnar minnstu fyrirstöðu, að spítali og læknaskóli komist hèr á í landinu, þegar fram líða stundir, en ef þessi litla læknaviðbót feingist,

þá finnst mèr þó nokkru bættara, því mèr þykir ávallt lítið betra en ekki neitt, og því smáa hlýtur að gánga greiðar en því, sem er stórkostlegt og þarf afarmikið fè til. Um hin atriðin ætla eg ekki að tala neitt, en greiða um þau atkvæði eptir beztu sannfæringu; einúngis líkar mèr betur breytíngaratkvæði hins heiðraða þíngmanns úr Suður-Múlasýslu undir töluliið 12 við 5. uppástúngu nefndarinnar, heldur en það, sem nefndin sjálf hefir haft í nefndarálitinu.

E. Ó. Kúld: Það gleður mig sannarlega, að hinn heiðraði þíngmaður Árnesínga sjálfur hefir kveðið upp dauðadóminn yfir uppástúngu sinni, því eg vil vona, að svo fari, því hún má með rèttu kallast skrímsli, og geingur ekki út á annað en að eyðileggja þá stofnun, sem nefndin hefir hugsað sèr að reisa mætti af spítalasjóðunum, án þess að hún á nokkurn hátt upp vegi þetta með því á hinn bóginn að gjöra landinu nokkurt verulegt gagn. Einnig gleður það mig mikillega, að hinn heiðraði *varaforseti* er nefndinni samdóma í öllum aðalatriðunum, og eg fyrir mitt leyti skyldi ekkert hafa á móti því, að teknar væri ítarlega fram ástæðurnar fyrir uppástúngunum *a* og *b* í álitsskjalinu til konúngs, jafnvel þó það sè greinilega tekið fram af nefndinni.

Hinn heiðraði þíngmaður Suður-Múlasýslu hefir víst ekki lesið nefndarálitið vandlega, ef honum finnst, að uppástúngur nefndarinnar komi í nokkurn bága við bænir alþíngis 1855. Hinn heiðraði þíngmaður Mýra-sýslu þótti mèr ætla að verða nokkuð stórstígur, þegar hann var að tala um yfirsetukonurnar, því hann var svo að segja með annan fótinn á Keili, en hinn á Snæfellsjökli. Hann talaði um að hafa spítala og læknaskóla í hverri sveit (*J. Sigurðsson:* þetta er ránghermt); hann sagði það, en honum hefir má ske orðið mismæli.

Honum fannst það galli, að yfirsetukonunum ætti að launa, eins og hann að orði komst, með bitanum úr munninum á þeim fátæku; en eg er viss um, að hann með þessu ekki getur glapið mönnum sjónir á því, að þessi laun, sem farið er fram á, eru svo lítil, að fáar eða eingar munu þær sveitir vera, sem ekki geti borið þann kostnað. Eg veit líka, að hann er svo hjartagóður, að hann fyrir jafnlítið vildi kaupa einnar konu líf, hvað þá má ske margra; eg man ekki betur, en að sá atburður hafi orðið, og það ekki alls fyrir laungu, í hans kjördæmi, sem ætti að geta sýnt honum fram á, hvað nauðsynlegt það er að hafa duglegar yfirsetukonur (*J. Sigurðsson:* Þar var hún nú lærð). Hann bar þíngmanni Reykjavíkurbæjar það

á brýn, að hann væri óspar á fè, og skal eg ekki fara að afsaka hann, því honum mun vera óhætt með það, að hann sjálfur geti borið hendur fyrir höfuð sèr; en vegna þess að eg sem einn í nefndinni líka verð að taka ámæli þetta til mín, skal eg segja honum það, að eg vissulega ekki er svo spar á fè, að eg ekki fyrir jafnlítið gjald vilji kaupa mannslíf, já, ef til vill, mörg. Eg vona, að hinn heiðraði þíngmaður Suður-Múlasýslu taki aptur uppástúngu sína undir tölulið 2. Að öðru leyti verð eg að vera hinum heiðraða framsögumanni samdóma í því, er hann sagði viðvíkjandi tölulið 14. á atkvæðaskránni, og skal eg því ekki orðleingja þetta mál meir.

H. G. Thordersen: Þó lítið eitt hafi verið minnzt á uppástúngu þíngmanns Rángvellínga, vil eg þó enn ítarlegar skýra frá þeim ástæðum, sem hafa leitt mig til að fallast á hana. Í tilskipuninni af 27. maí 1746 eru Vestmannaeyjar, eins og hver önnur hèruð, skyldaðar til að borga spítalanum hlut, og má þar af skilja, að þær upphaflega eru ekki undanþegnar þessu gjaldi. Þegar konúngsbrèf 20. febr. 1750 útkom, er sjáanlega enn þá fylgt hinni sömu skoðun, því þessi spítalahlutur er þá gefinn sjúkum og fátækum á sjálfri eyjunni, ekki einúngis, ef rètt er skilið, *fátækum yfir höfuð*, heldur fátækum, sem undir eins væri veikir, eins og líka enn ljósar má sjá af því, sem til er fært eins og ástæða: „að þeir geti ei án erfiðleika flutzt til spítalans á fastalandinu“.

Eins og öllum er kunnugt, hversu eyjar þessar liggja afskekktar með illum og hættulegum sjó milli þeirra og landsins, svo má líka vera auðsjáanlegt, að Vestmanneyíngar, eins og þá stóð á, voru svo að segja útilokaðir frá öllu gagni af spítalanum, hvers vegna stjórnin þá af sèrlegum mannúðleika og hluttekníng með högum eyjabúa lèt þeim eptir spítalafiskinn, svo að hinir sjúku og fátæku á eynni, sem ei gátu náð til spítalans, gæti í veikindum feingið sem bezta og notalegasta aðhlynníngu, og var þessi ráðstöfun þeim mun nærgætnari af stjórninni, sem þá var mikil dýrtíð og vesöld á eyjunni, höndlun ómerkileg og undir einokun; og þó er þess ekki enn þá getið, sem mest er í varið, að Vestmannaeyjar á þeim tímum áttu eingan lækni, og voru þannig sökum stöðu sinnar útilokaðar frá allri læknahjálp, og þegar litið er til alls þessa, verður hver maður að viðurkenna, að konúngsbrèfið er byggt á einstöku og nákvæmu tilliti til kríngumstæðanna.

En eins og nú er komið hag Vestmanneyínga, er öllu öðru máli að gegna en áður var; höndluninni hefir farið þar óvenjulega mikið

fram á seinni tímum, og eg veit ekki betur, en að þar hafi vaxið bæði dugnaður og velmegan í samanburði við það, sem annarstaðar í landinu hefir átt sèr stað, og í þessu efni, sem hèr ræðir um, má sízt gleyma því, að nú hefir þar verið fastur læknir í nokkurn tíma, og í þessu tilliti er þá svo vel geingið frá Vestmannaeyjum, að ekkert jafnlítið hèrað í landinu á því sama láni að fagna, en þó er það enn þá allt að einu undanþegið þeirri almennu skyldu að leggja til læknasjóðs; en það, sem þar til ætti að greiðast, geingur í fátækrasjóð, þótt vèr verðum að ætla, að fátæktin sè ekki meiri að tiltölu á þessum stað en öðrum í landinu. Eg hefi þannig leitazt við að gefa sem greinilegastar ástæður fyrir því, hvers vegna eg, sem var einn nefndarmaður, hefi samþykkt þá upphaflega áminnztu uppástúngu.

Það er búið að tala svo mikið um yfirsetukonur, að það mætti virðast óþarft eða leiðinlegt að bæta fleirum orðum þar við; eg vil vitna til þess, sem hinn heiðraði *varaforseti* hefir sagt um þetta mál, og vona eg, að allir landar mínir verði honum og mèr samdóma í því, að hèr sè um mjög svo áríðanda mál að gjöra fyrir land og lýð, og í því tilliti vil eg minnast á eitt atriði, sem hèr hefir ekki komið fram í umræðunum, og verð þá með miklum harmi að geta barnadauða hèr í landi, sem að tiltölu er svo mikill, að það mun fá eða eingin dæmi eiga sèr í öðrum löndum, og get eg í því tilliti ekki slitið við mig þá sannfæríngu, að mikil bót mundi á þessu verða, ef vèr feingjum sem flestar vel uppfræddar ljósmæður í stað þess, að menn, enn sem komið er, víða hvar í landinu verða að láta sèr lynda með hverja helzt þá konu, sem menn þá geta til náð, því það er óvíðast, að læknisins verði leitað. Í þessu sambandi vil eg einnig geta þess, sem svo opt hefir verið áminnzt, en þó stendur í miklu sambandi við hinn mikla barnadauða á þessu landi, en það er sá mikli skortur á vinnukröptum, sem á sèr stað hèr, sem orsakast af mannfæðinni, en mannfæðin aptur af barnadauðanum, og meðan svo fer fram, getur landið ekki náð þeim þroska og framförum, sem því annars með guðs hjálp mundi auðið verða. Út af því, að nefndin hafði tiltekið nokkur laun til ljósmæðra af sveitarsjóð, þá gat þess þíngmaður Mýramanna, að þetta yrði tekið af fátækum; þessu vil eg ekki svara öðru en því, að þessi laun, ef svo skal kalla, eingan veginn verða tekin af fátækum, heldur af hinum efnaðri, þeim hinum sömu, sem einnig veita hinum fátæku hjálp og aðstoð. Hann minntist einnig þess, að þetta mál um ljósmæður ætti að koma fram eins og mál fyrir sig, en ekki í sameiníng við læknamálið; eg vil

ei þræta um þetta, því eg treysti vísdómi stjórnarinnar til þess, að leggja fram sèrstaklegt frumvarp fyrir alþíngi um þetta, ef henni svo þurfa þætti; enn fremur þótti honum vanta hjá nefndinni uppástúngu um viss laun fyrir ljósmæðurnar, en þar var nefndin þeirrar meiníngar, að þegar beðið var um frumvarp, þá væri nægilegt í ástæðunum að benda á það, sem henni í þessu efni virtist náttúrlegast og samboðnast högum þessa lands, en henni þótti það eingan veginn eiga við, að taka því um líkt til í beinni uppástúngu til stjórnarinnar.

Hvað keunslu í læknisfræði snertir við prestaskólann, þá er þegar of mikið rætt um svo lítið mál, enda stendur hvorki nè fellur nefndarálitið með þessu atriði; eg vil ei taka nú upp aptur það, sem eg hefi áður um það sagt í undirbúníngsumræðunni, og verð enn að halda, að sú uppástúnga sè bæði gagnleg og þjóðleg, eins og hèr stendur á, þó hún má ske ekki fái meðhald þeirra, sem dæma um þetta eður annað eptir útlendum sið þeirra þjóða, sem eiga fullkomna eður góða læknaskipun.

Framsögumaður: Fyrst hinn heiðraði *varaforseti,* að mèr skildist, skoraði á mig að skýra ástæðurnar fyrir nefndarálitinu, skal eg reyna til að skýra fyrir honum hugsun nefndarinnar. Hún segir, að hún verði að álíta læknaþörfina hina bráðustu, en geti, nú sem stendur, ekki sèð, að af spítalasjóðnum megi nokkuð taka, til að fjölga læknum, en vegna þessarar bráðu nauðsynjar verði að reyna að fara einhvern annan veg, núna fyrst um sinn, þángað til læknaskólinn komist á, og sjái þá ekki annað líklegra, en að biðja um, að ný læknaembætti yrði stofnuð, og jafnframt að reyna að upphvetja Íslendínga til að lesa læknisfræði með því, að heita þeim styrk til lærdómsiðkana sinna. En þó nú þetta, ef það feingist, mætti heita töluverður styrkur, sè það auðsætt, að þeir, sem stundaði læknisfræði, alls eigi mundi verða svo margir, að landinu yrði borgið, og það geti ekki orðið, fyr en innlend kennsla fáist, og því sè læknaskólinn og spítalinn nauðsynlegur. Mèr virðist það því auðsèð, að nefndin hefir sett uppástúngur sínar fram í rèttri röð. Hinn fyrsti konúngkjörni þíngmaður hafði öldúngis rètt fyrir sèr í því, er hann sagði um spítalahlutina á Vestmannaeyjum, því það var presturinn þar, síra Guðmundur Högnason, ásamt fleirum eyjabúum, sem fór þess á leit við stjórnina, að eyjamenn mætti sjálfir halda spítalahlutunum, sem þar fèllu, vegna þess að þeir ekki gæti flutt sjúklínga sína á spítalana, en hefði um 30 fátæklínga að sjá fyrir.

P. Pètursson: Eg skal í þetta sinn ekki tala um læknisskennsluna við prestaskólann, því eg get haldið mèr til þess, sem eg sagði við undirbúníngsumræðu þessa máls; eg get nefnilega ekki sèð, að ástæður þær, sem eg færði til, í nokkurn máta hafi verið hraktar. En þó að eg ekki geti fallizt á uppástúngu nefndarinnar, get eg þó fallizt á uppástúngu hins heiðraða þíngmanns Strandasýslu, sem stendur á atkvæðaskránni undir töluliið 8; því vilji menn endilega, að prestar sè læknar, virðist mèr hentugasti tíminn fyrir þá til að nema vera sá, sem þar er stúngið upp á, því eg held menn hafi ekki gætt að því, að þar er hvergi ætlazt til, að tíminn til náms þessa endilega skuli vera júlímánuður, eða yfir höfuð, uppástúngan er hvorki einskorðuð við tímann eður staðinn, því í henni stendur „hjá landlækninum, eða *hèraðslæknunum*", svo að það stendur í hvers eins frjálsu valdi, hvar eða hjá hverjum lækninum hann vill leita kennslunnar; þeir geta eins vel lært fyrir norðan og austan, eins og hèr í Reykjavík. Menn hafa sagt, að þetta væri svo mikil tímatöf fyrir landlækninn, ef hann ætti að segja til svo sem einn mánuð í samfellu, en ætla það ekki sè eins mikil tímatöf fyrir hann að segja til í 9 mánnði 1 tíma í hverri viku, eins og nefndin hefir farið fram á? Eg verð að öðru leyti að játa, að eg ekki enn þá hefi getað sannfærzt um nauðsyn þessarar kennslu. Hvað snertir atkvæðaskrána yfir höfuð, skal eg einúngis minnast á fáein atriði. Eg get þá fyrst ekki sèð, hvernig á því stendur, að nefndin undir nr. 1 nú hefir farið fram á það sama, sem alþíngi 1855, en þó sleppt úr nr. 3 á atkvæðaskránni, sem þó einnig var partur af bæn þíngsins 1855. Hvað snertir áætlun nefndarinnar um kostnaðinn fyrir spítala og læknaskóla, þá er hún byggð á áætluninni 1847, en 1855 var þegar sýnt fram á, að kostnaðurinn mundi verða meiri, en á var gizkað 1847, og þá verður hann vissulega of lítill á þeim tíma, sem ætlazt er til að skólinn komist á fætur, því, svo það heyrist enn þá einu sinni, það verður ár frá ári dýrara að lifa í Reykjavík; svo eg taki til eitt dæmi, þá eru ætlaðir einir 100 dalir til aðhjúkrunar þeim veiku, en ekki gjört ráð fyrir neinum kostnaði til *„Ökonomi"*. Eg get ekki heldur skilið, hvernig nr. 4 og nr. 6 bæði geta staðizt, því verði nr. 4 samþykkt, þá er þar gjört ráð fyrir, hvernig verja skuli spítalasjóðnum og tekjum hans og virðist mèr þá nr. 6 alveg óþarft, nema ef meiníngin væri sú að breyta stjórn spítalasjóðanna. Margir hafa orðið til þess, að beina hnútu að þíngmanni Mýrasýslu fyrir það, að hann hafi talað um laun yfirsetukvenna; en eg held hann

verði ránglega fyrir þessu; því uppástúngan fer því á flot, að biðja um frumvarp í þessu efni þannig: að laun handa þeim yfirsetukonum, sem setja ætti, verði tekin úr *sveitarsjóði.*

Konúngsfulltrúi: Eg skal fyrirfram geta þess, að þau fáu orð, sem eg mun fara um mál þetta, tala eg ekki sem erindsreki konúngs, þar eð mèr er ókunnug sú skoðun, sem stjórnin hefir á máli þessu, og máti sá, á hvern hún ætlar að ráða því til lykta, en athugasemdir mínar skulu lúta að því, að skýra þíngmönnum álit mitt og skoðun mína á þessu máli. Þegar uppástúnga þessi var borin hèr upp á þínginu, var mèr næst skapi að mæla á móti því, að þíngið tæki málið til meðferðar, en eg gjörði það ekki, bæði af því að uppástúngan var frá landlækninum, og af því að reynslan hefir sannfært mig um, að þíngmenn sjaldan fara í því tilliti eptir tillögum mínum, og þar að auki var nýtt atriði í uppástúngunni, nl. um fjölgun yfirsetukvenna.

Hvað nú málefnið sjálft og meðhöndlun þess í nefndinni áhrærir, þá get eg ekki neitað því, að mèr virðist það ekki einúngis ónauðsynlegt, heldur og miður tilhlýðilegt, að þíngið fari nú aptur að biðja um fjölgun lækna hèr á landi, þar sem hin konúnglega auglýsíng til þíngsins lýsir því yfir, að málefni þetta sè ekki einúngis tekið til yfirvegunar af stjórninni, heldur og að því sè vel á veg komið. Slík ítrekun þessarar bænar virðist mèr lýsa nokkurs konar óþolinmæði og bráðlæti, sem ekki skartar vel á þínginu; og eins get eg ekki annað en fundið það mjög undarlegt, að þíngið nú skuli fara að biðja um læknaskóla og sjúkrahús í Reykjavík, þar sem það felldi uppástúnguna þar um með atkvæðafjölda 1855, því þetta virðist mèr vottur um þvílíkt hviklyndi, sem ekki getur annað en veikt álit og traust til þíngsins.

Mèr hefir, hvað læknaskipunarmálið snertir, jafnan þótt það mest áríðanda, að læknum yrði svo mikið og svo fljótt sem mögulegt er fjölgað hèr á landi, og það augnamið, er menn í því tilliti ætti að stefna að, er það, að sinn læknir yrði að lokum skipaður í hverri sýslu, og þá fyrst álít eg landinu borgið, hvað læknaskipunina snertir. En eins og nú standa sakir, er þess ekki að vænta, að fè til að launa öllum þeim læknum, sem við þarf að auka, fáist úr ríkissjóðnum; og þess vegna hefir það ætíð verið álit mitt, að leigunum af spítalasjóðnum og andvirði spítalahlutanna yrði varið til að launa þeim viðbættu læknum, þannig að höfuðstóllinn aldrei væri skertur, en nokkuð lagt af leigunum og spítalahlutunum honum til aukn-

íngar þángað til að árstekjur spítalasjóðsins yrði svo miklar, að þær hrykki til að launa öllum þeim læknum, sem bæta þarf við þá læknatölu, sem nú er. En ætti nú að stofna læknaskóla og sjúkrahús í Reykjavík, þá mundi þetta kosta svo mikið, að spítalasjóðurinn mundi eyðast þar til á nokkrum árum; því eg get eingan veginn fallizt á það, að áætlanin, sem gjörð er í nefndarálitinu yfir, hvað kosta mundi að stofna þessar stiptanir, sè næg eður áreiðanleg. Hún mun ekki fara nær því rètta, en það, sem nefndarálitið segir um víðáttu læknisumdæmanna, þegar 7 væri læknar í landinu að undanteknum Vestmannaeyjum, því þar er í nefndarálitinu ekkert tillit haft til þeirra mörg 100 ferhyrndra mílna, sem jöklar og samanhángandi öræfi inn í landinu taka upp, og sem liggja fyrir utan öll læknaumdæmi. Í áætluninni eru 12000 dalir ætlaðir til spítalabyggíngar, og ársleigan þar af 480 einúngis ætlaðir til útgjalda; en hèr er ekkert ráð fyrir því gjört, hvernig þetta 12000 dala lán eigi að borgast *(amortiseres)*. Eg get ekki skilið, að nokkur mundi vilja lána slíka peninga, án þess að hafa veð fyrir þeim, eða minnstu vissu fyrir því, að þeir nokkrum tíma yrði borgaðir aptur; og endirinn yrði líklega sá, að þessa 12000 dali mætti taka úr spítalasjóðnum, og þar við misstist leigan þar af 480 dalir um árið. Til hvers af þeim 4 holdsveiku limum, sem eptir áætluninni eiga að takast inn á spítalann, eru einúngis ætlaðir 100 dalir; en þetta er auðsjáanlega lángtum of lítið. Eg held líka, að læknaskólinn, ef hann annars ætti að geta orðið að nokkru gagni, muni kosta miklu meira en nefndarálitið gjörir ráð fyrir. Landlæknirinn mundi vegna sinna mörgu embættisanna ekki geta verið yfirkennari í þessum skóla, og þá eru kennslulaunin sett auðsjáanlega lángtum of lágt í nefndarálitinu, þegar 2 eiga að vera kennarar við læknaskólann, er einúngis hefði laun fyrir kennslustörf sín. Væri spítali eða sjúkrahús sett í Reykjavík, yrði það einúngis til hagnaðar fyrir bæinn sjálfan, og hin næstu hèruð umhverfis, og er það næsta ósanngjarnt, ef þar til yrði eytt miklu fè af spítalasjóðnum, til hvers allt landið hefir lagt, og sem ætlaður er til að endurbæta læknaskipunina í öllu landinu. Ef að nú, auk landlæknis og læknis þess, sem beðið er um að setja í Keflavík, 2 læknar yrði settir við læknaskólann í Reykjavík, er mundu geta töluvert feingizt við lækníngar auk kennslustarfa, þá er auðsèð, hvað mikið Gullbríngusýsla mundi vera betur farin með tilliti til læknaskipunar, en öll önnur hèruð í landinu.

Hvað nú læknakennsluna á prestaskólanum áhrærir, þá verð eg

í tilliti til hennar í einu og öllu að halda mèr til þess, sem hinn heiðraði 3. konúngkjörni þíngmaður hefir sagt. Vilji menn fyrir hvern mun hafa innlenda kennslu í læknisfræði handa menntuðum mönnum, vildi eg heldur fallast á breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Strandasýslu, því sú kennsla, sem hann hefir stúngið upp á, líkist nokkuð þeirri, sem áður átti sèr stað hèr í landi, og þá kom stundum að góðum notum. Þá fóru stúdentar, sem útskrifaðir voru úr skóla, og lyst og gáfur höfðu til að læra læknisfræði, til landlæknisins og lærðu hjá honum í leingri eða skemmri tíma.

Um þau eigi allfáu breytíngaratkvæði, sem fram eru komin í þessu máli, ætla eg ekki að tala, því mèr lítast þau vera lítið merkileg; eg skal einúngis geta þess, að eg fyrir mitt leyti ekki vil vera mótfallinn breytíngaratkvæði þíngmannsinns frá Rángarvallasýslu, er hèr stendur á atkvæðaskránni undir töluliið 7, af þeim ástæðum, sem nokkrir heiðraðir þíngmenn hafa talið, og eg þess vegna ekki þarf að ítreka.

Framsögumaður: Það hefir nú verið talað ýmislegt um uppástúngur nefndarinnar, þíngmenn sumir hafa fundið það helzt að nefndinni, að hún hafi sýnt hviklyndi í því, að falla frá varauppástúngu alþíngis 1855; eg ætla, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* væri einn af þeim, sem fann þetta að nefndarálitinu (*Konúngsfulltrúi:* Nei, það var uppástúnga nefndarinnar nr. 2, eður 5. töluliður á atkvæðaskránni); jæja! en hann tók það samt fram, eins og fleiri þíngmenn, að það væri ekki rètt að fara nú að ítreka bæn alþíngis 1855, þvert ofan í hina konúnglegu auglýsíngu til þessa þíngs, sem lofi svo miklu. Mèr þykir það ekki tiltökumál, þótt hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* ekki geðjist að þessari ítrekun á bæn alþíngis 1855, en á hinn bóginn getur hann lítið um það sagt, að ítrekun þessi sè óþörf, þar sem hann hefir ekki neina skýrslu nè vísbendíngu feingið frá stjórninni um þetta mál, og veit því ekki, hvað því geingur. Það hafa nokkrir sagt, að stjórnin mundi nú þegar búin með málið; en hún þóttist líka vera þegar og þegar búin með verzlunarmálið, og þó mega menn muna eptir, hve leingi það drógst. Hinum heiðraða þíngmanni Árnesínga þótti það bráðlyndi af þínginu, að geta eigi beðið eptir stjórninni, en fyrst stjórnin er eigi nú búin að ráða því til lykta enn, hve nær eiga menn þá að búast við því? eða hversu leingi eiga menn að bíða? það var einúngis beðið um varauppástúnguna 1855 til bráðabyrgða, en ef hún getur eigi komizt á, fyr en læknar koma frá læknaskóla þeim, sem nú er beðið um, til hvers gagns er þá að

ítreka hana. Hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* og 3. konúngkjörna þíngmanni þótti áætlun sú, er alþíngi 1847 gjörði og nefndin hefir fallizt á, vera ónóg, en þeir hafa eigi sýnt það með nokkru sem helzt, að hún væri það, því að þar sem hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður tók til, að 100 rdl. væri ónógir til aðhjúkrunar sjúklíngum, þá hefir nefndin ætlað til þess 500 rdl. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að ekkert væri ætlað til að borga með húsið, eður að ekkert væri ætlað til að *amortisera* lánið, eins og hann komst að orði; en það eru einmitt ætlaðir til húsanna 12,000 rd., eður ár hvert 480 rd., sem er ársleigan af þessum 12,000 rd. Nú sjá allir, að það er sama, hvort menn taka 12,000 rd. að láni til hússins, og borga 480 rd. í leigu eptir þá á ári, eður það er varið til þess 12000 rd. af spítalafènu; svo það er eigi rètt, að áætlunin gjöri ekkert fyrir þetta atriði. Ef nú áætlunin er yfir höfuð nær sanni, þá gjörir það hvorki til nè frá, þó til sums kunni að vera ætlað heldur lítið, ef til annars er ætlað heldur mikið; og nefndin hefir einmitt kannazt við, og sagt það með berum orðum, að til sums mundi heldur lítið ætlað, en hún áleit líka, að t. a. m. 12,000 rdl. væri ríflega í lagt til að kaupa eður reisa hús fyrir, og það má hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður vita sjálfur, sem þó þekkir nokkuð til húsakaupa hèr. Þá þótti hinum sama konúngkjörna þíngmanni uppástúnga nefndarinnar undir staflið 6 með öllu óþörf; því að það snerti hvernig *verja* ætti tekjum spítalanna, en þetta orð stendur hvergi í greininni, heldur *„haga“*; því nefndin hèlt, að það mætti *haga* svo umsjón og heimtíngu á öllum tekjum spítalanna, að þær gæti töluvert aukizt; eg vil taka nokkur dæmi, til að sýna þíngmönnum fram á þetta, að eg hefi heyrt, að borgaður sè hlutur af fuglveiði í Íngólfshöfða í Skaptafellssýslu, en ekki af fuglinum í Mýrdalnum; árin 1851—52 voru spítalahlutir í Barðastrandarsýslu 41 rdl. 78 sk., eða hvort árið fyrir sig ekki fullir 21 rdl., en aptur 1853—54 ekki nema 25 rdl. 73 sk., eða hvort árið fyrir sig ekki fullir 13 rdl.; þetta og annað eins kenni eg fyrirkomulaginu á heimtíngu spítalahlutanna, en alls eigi stjórnendum spítalasjóðanna; en á hinn bóginn munu vera borgaðir 15—16 rdl. ár hvert af kofnaveiðinni í Flatey, og þó gelzt ekki meira úr allri Barðastrandarsýslu, heldur en nú var talið; eg skal og geta þess, að tilskipunin um lýsisgjald af hákallaveiðum er þannig úr garði gjörð, að það er alls eigi auðið að fara eptir fyrirmælum hennar í þessu efni, og, eins og bent er á í nefndarálitinu, er alls ekkert goldið, og hefir aldrei verið goldið, af þil-

skipum. Þessi dæmi geta fyllilega sýnt, að væri gjaldstofni og heimtíngu spítalahlutanna haganlega fyrir komið, þá yrði tekjurnar miklu meiri, en þær eru nú. Nefndin hefir að eins átt við þessa tilhögun í uppástúngu sinni, en eigi hitt, hvernig tekjunum skyldi *verja,* því hún hefir líka stúngið upp á, að þeim skyldi verja til læknaskóla og spítala hèr á landi. Það hafa nú nokkrir látið sèr það um munn fara, að spítali hèr í Reykjavík væri eigi fyrir allt landið; mèr þykir það sannarlega furðu gegna, að slík orð skuli koma frá menntuðum mönnum; það er þó auðsætt, að aðaltilgángur spítalans er sá, að sjúklíngar komist inn í hann, og það til þess, að læknaefnin geti numið lækníngar af meðferðinni á sjúklíngunum, sem þeir þar sjá fyrir sèr, en þótt nú einn hluti landsins hafi meira gagn af spítalanum en aðrir, með því fleiri sjúklíngar þaðan geta lagt sig inn á hann, heldur en úr hinum, þá er ekki meiri ástæða til að ónýta hann fyrir þá sök, heldur en að segja: „af því latínuskólinn getur eigi verið annarstaðar á landinu en í Reykjavík, þá viljum vèr eingan latínuskóla hafa, því að einginn hefir gagn af því fè, sem til hans geingur, nema Reykvíkíngar einir;“ enda er það víst, að eins og embættismannaefnin koma úr latínuskólanum handa öllu landinu, eins dreifast og læknarnir, sem síðar meir koma úr læknaskólanum, út um allt land. Það hefir enn fremur verið sagt, að landlæknirinn gæti eigi verið yfirkennari við læknaskólann, en það get eg þó eigi skilið, ef læknir kæmi í Keflavík honum til aðstoðar; það getur verið, að landlæknirinn tefjist nokkuð frá kennslunni, en það held eg þó aldrei geti orðið svo mikið, að kennslunni verði til hnekkis, ef annar læknir er með honum fastur; en eg fyrir mitt leyti er eigi svo harður á þessu, og nefndin hefir einúngis bent til þessa, til þess að sýna, að minnka megi kostnaðinn, og í því vikið frá því, er kom fram á alþíngi 1847, því þá var stúngið upp á 2 kennurum við skólann, er hvorugur skyldi vera landlæknirinn, en það er þó alla tíma víst, að þeir, sem koma frá skóla þessum, geta þó orðið eins góðir og numið eins mikið og þeir, sem áður hafa lært hjá landlæknunum einum, sem þó hafa haft eins mikið að gjöra eins og nú, og hefir þó landinu orðið hið mesta gagn að þeim læknum, er þannig hafa lært. Eg verð því að álíta, að það sè óhætt fyrir þíngið, að þræða ekki uppástúngurnar 1855, því það þori eg að fullyrða, að ekki muni svo margir lesa læknisfræði við háskólann í Kaupmannahöfn, að landinu verði *borgið* fyrir það; eg gjöri ráð fyrir, að þar muni lesa 1 eða 2 læknisfræði, og það er ekki meira en í embætti þau, sem nú

eru stofnuð. Eg held og, að allir verði að játa, að það sè nauðsynlegt að hafa spítala hèr í Reykjavík, og er eg fyrir mitt leyti eigi mótfallinn því, að Reykjavík hlypi undir bagga með spítalanum, eða að bæjarmenn borgaði nokkuð fyrir hjúkrun á sjúklíngum þeim, sem hèðan væri úr bænum á spítalanum; eg vil nú taka eitt dæmi því til sönnunar, hversu nauðsynlegur spítali er orðinn hèr, að landlæknirinn varð að fara til bæjarfógetans, eða ætlaði að fara (*J. Guðmundsson:* Hann fór) og biðja hann að útvega menn til að vaka yfir sjúklíngum hèr í einum bæ, því allir á bænum lágu í *„Typhus“;* og enginn fèkkst til að vera hjá þeim á næturnar; hefði nú spítali verið, þá þurfti eigi annað en leggja þá inn í hann. Því finnst mèr það undarlegt, að nokkur skuli mæla á móti spítala hèr, því það er eins og þeir vilji segja: „fyrst eigi fæst spítali í hverjum hrepp, þá vil eg alls eingan hafa“ (Nei, nei!), jú, að minnsta kosti fórust þíngmanni Mýramanna svo orð, þó það hafi líklega eigi verið ímyndun hans. Það hefir nú verið margrætt um lækníngakennsluna við prestaskólann; það verður nú reyndar hver að ráða ætlun sinni um það, hvort hún sè nauðsynleg eður eigi, en hitt finnst mèr sannarlega undarlegt, að það er svo að sjá, sem hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður vilji sporna við því af alefli, að lærisveinar sínir geti orðið landsmönnum að nokkru liði nema í guðfræðisnáminu (*P. Pètursson:* Nei, nei!), þar sem hann vill eigi láta þá tefjast við guðfræðisnámið 1 stund í viku, en láta þá dvelja heilan vetur ef til vill á eptir hjá landlækni. Eg vil svara hinum heiðraða þíngmanni Strandasýslu því, að ef honum þykir of dýrt að kaupa af landlækninum tímakennslu í prestaskólanum, þá er eg hræddur um, að honum muni þykja of dýrt að kaupa kennsluna af öllum hèraðslæknum, því annaðhvort verður að gjöra það öllum læknum að skyldu að kenna, og þá verður að hækka laun þeirra, eður þeim er eigi gjört það að skyldu, og þá verður tilsögnin dýr í hvert skipti; svo þessi uppástúnga dæmir sig sjálf bezt. Það er nú búið að tala svo margt um yfirsetukonurnar, að það er að bera í bakkafullann lækinn að tala meira um þær; en eg verð þó að svara því, er hinn heiðraði þíngmaður Mýramanna sagði, að það geingi yfir sig, að nefndin hefði eigi tiltekið neinn styrk til að *kenna* yfirsetukonum, en nefndin varð að álíta það óþarft að taka það fram eða gjöra um það nokkra nýja ákvörðun, því það er ákveðið, að til kennslu þeirra skuli borga úr jafnaðarsjóðnum, eins og hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður sagði, og hefi eg hèr fyrir mèr jafnaðarsjóðsreiknín-

inn í suðurumdæminu árin 1844—1846, og þar stendur meðal annars, að 20 rdl. hafi verið goldnir í ferða- og fæðiskaup fyrir kvennmenn, er hafi verið að nema yfirsetukvennafræði. Læknareglugjörðin 25. febr. 1824, samanborin við reglugjörð 21. september 1787, gjörir öllum læknum að skyldu að kenna yfirsetukonum, og þetta varð nefndin að álíta næga ákvörðun um, að yfirsetukonum feingist kennsla; en finnist hinum heiðraða þíngmanni, að læknar gjöri eigi skyldu sína í þessu, þá getur hann klagað þá, en nefndin hefir eigi fundið neina ástæðu til þess, og landlæknir sálugi Thorstensen gjörði sèr allt far um að kenna og fjölga yfirsetukonum sem mest, og eins veit eg að dr. Hjaltalín hefir gjört, síðan hann kom, svo að nefndin áleit, að *hvötina* eina vantaði fyrir yfirsetukonurnar að nema, og þessi hvöt eru launin. Einn þíngmaður sagði, að það gæti þyrpzt 3 eður fleiri yfirsetukonur saman í einn hrepp; það er satt, en eingum öðrum en honum mun koma það til hugar að launa þeim öllum af hreppsbúum; en sá hreppur, er yfirsetukona flytur úr, hann verður að útvega sèr aðra í staðinn; það væri óeðlilegt band að segja við yfirsetukonuna: „þú mátt eigi flytja úr hreppnum alla þína æfi," (*J. Sigurðsson:* „að ein verði sett í hvern hrepp!"), jú, en ekki tjóðruð þar. Eg hefði ástæðu til að biðja þíngið að gjalda varhuga við tillögum hins heiðraða þíngmanns Mýramanna, ef eg væri hræddur um, að það lèti eins manns orð fæla sig frá að biðja stjórnina um frumvarp í þá stefnu, er nefndin hefir stúngið upp á í þessari grein, en eg er alls ekki hræddur um það.

G. Einarsson: Eg stend núna upp einkum í þeim tilgángi að gjöra dálitla athugasemd við ræðu þá, er hinn háttvirti *varaforseti* hèlt áðan; hann sagði, að allir nefndarmenn, sem voru í þessu máli í hitt eð fyrra hèr á þíngi, hefði gefið atkvæði sitt fyrir varauppástúngunni, sem þá var, og sem nú er hèr komin aptur í líku formi undir töluliið 3. Eg bið hann að hafa mig undan þeginn þessu, því eg var á móti uppástúngunni þá, og eg er það enn. Eg hefi vissulega misskilið hinn heiðraða þíngmann Árnesínga við undirbúníngsumræðuna, því eg hèlt, að þetta gæti ekki í orðum hans legið, sem nú er fram komið, og eg verð því í alla staði mótfallinn. Um hin atriðin er orðið svo tíðrætt, að eg vil ekki auka á það; eg vil, að þau fái framgáng, og því mun eg gefa mitt atkvæði fyrir þeim uppástúngum, sem mèr bezt líka.

P. Sigurðsson: Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um málefni þetta nú, þar sem eg hefi áður látið í ljósi, að eg væri á sömu

skoðun og nefndin, að beiðast þess, að læknakennslan gæti orðið hèr innlend; eg verð að segja það, eins og fulltrúi Dalasýslu, að þó þíngið aðhylltist í hitt eð fyrra þá ákvörðun að biðja nú þegar um, að nokkur læknaembætti væri stofnuð hèr, þá var eg ekki einn þeirra, sem gáfu því atkvæði, eins get eg ekki nú aðhyllzt breytíngaratkvæði hins heiðraða fulltrúa Arnesínga, sem fer því fram, að 3 læknaembætti sè stofnuð nú þegar, og þeim læknum, sem þar væri settir, launað af sjóði spítalanna, því þó við nú feingjum þegar 3 lækna í viðbót við þá, sem eru, væri margar sýslur landsins þó læknalausar og mundi þá leingi verða að bíða eptir þeim, en með þessari ráðstöfun væri leingi kippt afli úr þeim styrk, sem við nú höfum til þess bráðum að geta komið á fót hjá oss innlendri læknakennslu. Það líktist því, eins og maður væri búinn að draga saman nærri að öllu efni í heilt hús, en færi svo að brúka af því til annars; þá stæði það því í vegi, að maður kæmi ekki húsinu upp, fyr en miklu síðar. Eg get farið því færri orðum um viðaukaatkvæði mitt, sem nefndin hefir aðhyllzt það, og bæði *framsögumaður, varforseti,* og 1. konúngkjörni þíngmaður hafa allir mælt fram með því, og eins sá háttvirti *konúngsfulltrúi;* einasta vil eg geta þess, að eptir konúngsúrskurði af 20. febrúar 1750 getur það verið nokkuð vafasamt, hvort Vestmanneyíngum hafa með rèttu borið þeir hospítalshlutir, er svarað hefir verið þar af skipum þeim frá fastalandinu, er þar hafa sótt sjó um vertíðina. Í úrskurðinum stendur svona: *vi have allernaadigst bevilget, at de Fiske- og Fuglehluter, som kaldes Hospitalshluter og paa Vestmannö falder, maa forblive*", o. s. frv.; en þar þetta hefir orðið að venju, og þeir, sem um hospítatshluti hafa átt að hafa yfirumsjón, hafa látið sèr það lynda, þá tala eg ekki meira um það. Viðvíkjandi því, sem rætt hefir verið um, að landlækniriinn kenndi stúdentum á prestaskólanum, þá væri það að vísu gott, ef prestar gæti bæði leiðbeint mönnum með hollar lífsreglur og líka veitt hjálp í ýmsum skaðatilfellum, en samt finnst mèr nokkuð óviðkunnanlegt, að þeir fari að nema læknisfræði innan um guðfræðiskennsluna, og held eg að því yrði lítil not, eins og hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður benti til, utan ef vera skyldi fyrir þá eina, sem til þess lærdóms hefði sèrstaka náttúru, og því er eg meðmæltur breytíngaratkvæði þíngmanns Strandasýslu. Hvað viðvíkur uppástúngu nefndarinnar með yfirsetukonur og að taka laun handa þeim af fátækra fè, þá er eg á sömu skoðun og þíngmaður Mýramanna, að það atriði ætti nú að falla burt. Varaþíngmaður Snæfellínga varð

fokreiður yfir því, að honum þótti þíngmaður Mýramanna koma með annan fótinn við jökul þann, er væri í sínu kjördæmi, og af því ræð eg, að honum muni óheimilt að snerta grasstráin þar í Dölunum. Það lítur því svo út, eins og sá heiðraði varafulltrúi Snæfellínga þykist hafa í vasa sínum allan vilja og þá fullt vald ekki einasta kjósenda sinna, sem eg hefi heyrt að verið hafi heldur fáir, heldur allra innbúa kjördæmis síns, til að leggja þenna skatt á sjálfa sig eða fátækrafè í hreppi hverjum, til að launa með lærðum yfirsetukonum, þrátt fyrir það, þó einginn bænarskrá hafi sèzt hèr á þíngi, sem þessa beiðist, hvorki frá því kjördæmi eða öðrum. En þar mèr eins og þíngmanni Mýramanna þykir ísjárvert að samþykkja þvílíkar álögur að fornspurðum landsbúum, þá mun eg nú greiða atkvæði móti þessari uppástúngu nefndarinnar.

G. Brandsson: Eg er nú að vísu ekki eins snúníngaliðugur, eins og hinn háttvirti *framsögumaður,* enda læt eg mèr það lynda, því það er ekki mikil frægð, að vera að elta hvert orð hjá hverjum einstökum þíngmanni og snúa meiníngum þeirra í ýmsar áttir. Þegar hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður var að bera saman staflið 4 og staflið 6, þótti honum þeir ekki geta samrýmzt; en eg get þó ekki fundið hèr neina mótsögn, því eins og farið er fram á í staflið 6, held eg að það sè æskilegt, að stjórnin ritist á við embættismenn hèr á landi um betri tilhögun á tekjum spítalanna, áður en hún leggur frumvarp um þetta fyrir næsta þíng, og ef þá um leið kæmi frumvarp um alla tilhögun á læknaskólanum og spítalanum, eins og beðið er um í staflið 4, þá geta bæði frumvörpin verið til samanburðar, og væri þá hægra að sjá, hvað miklu væri fært að kosta til slíkrar stofnunar. Þótt hinn háttvirti *framsögumaður* tæki það fram við undirbúníngsumræðuna, að það hefði legið fyrir utan verkahríng nefndarinnar að fara að benda á nokkra nýja gjaldstofna til aukníngar spítalahlutunum, þá hafði þó nefndin minnzt á þiljuskipaveiðarnar í því tilliti, og nú fór það að verða sitt hvað fleira, sem hann taldi fram í þessa stefnu, og fannst honum það nú liggja fyrir innan sinn verkahríng, að fara annan dintinn austur í Skaptafellssýslu til að ná þar fugli úr björgum, og hitt veifið vestur á Barðaströnd og út í Flatey til að veiða kofur, og síðan að hella saman hákallslýsi til þess að láta það á eptir í spítalasjóðinn; mèr þykir nú mjög svo líklegt, að stjórnin muni taka allar þessar bendíngar *framsögumanns* til greina, þegar hún skrifar embættismönnum um þetta mál. Hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* þótti spí-

talinn ónýtur, ef hann gæti ekki tekið á móti nema 4 holdvseikum; eg held það þó ekki, því þó spítalinn geti ekki tekið nema 4 holdsveika, þá er ætlazt til, að hann geti tekið á móti mörgum öðrum sjúklíngum. Það var að vísu fróðlegt fyrir þíngið, að heyra á frèttir þær, sem hinn háttvirti *varaforseti* kom með áðan, það kann líka að eiga von á, að fá að lesa þær seinna eins og annan „orðasveim“ í Þjóðólfi. Eg skal nú eigi fara mörgum orðum um breytíngaratkvæði mitt, stafliö 14, því mèr er ekki sárt um það, enda er það nefndarálitinu að kenna, að eg nokkru sinni tók mèr það, því þar stendur, að yfirsetukonum skyldi ætla 20—30 rdl. í laun, þó það væri ekki sett í niðurlagsatriðin, og eptir því sem mèr skildust orð hins háttvirta *framsögumanns* við undirbúníngsumræðuna, þá vildi hann ákveða launin frá 15—30 rdl., og því bjóst eg við, að þetta mundi koma fram á atkvæðaskránni, en það hefir líklega kafnað í fæðíngunni. Það hafa fleiri sagt, að það ætti ekki við að taka þetta fram, þegar verið væri að biðja um frumvarp; en eg held þó, að menn gefi stjórninni aldrei of miklar bendíngar, enda munu og flestir játa, að þegar frumvörpin koma, þá sè þau ekki of vel sniðin og löguð eptir því sem hèr til hagar, og sýnir reynslan það ljósast, hversu frumvörpum stjórnarinnar hefir reitt af hèr á þíngi. En það getur vel verið, að eg taki breytíngaratkvæði mitt aptur, svo *framsögumaður* geti ekki kennt mèr um, að það verði til að spilla fyrir málinu. Sumum hefir þótt það of mikill munur á laununum, að ákveða þau frá 10—30 rdl., en mèr þykir hann of lítill, þegar litið er til stærðar hreppanna; hinn heiðraði *framsögumaður* hefir reyndar getið þess, að yfirsetukonur feingi meiri borgun í stærri hreppunum, en eg held, að eingin verði feit af þeirri borgun, og hún er varla á við tímatöf þá og halla þann, er yfirsetukonan verður fyrir, ef hún er leingi burt frá heimili sínu. Eg er því ekki mótfallinn, að yfirsetukonum verði borgað af sveitasjóðnum, að minnsta kosti meðan menn geta ekki vísað á annan sanngjarnari gjaldstofn; en hitt þykir mèr koma æði-misjafnt niður, að t. a. m. 8 búendur skuli verða að borga 10 rdl., þar sem nú ekki eru fleiri í hrepp, eins og þó á sèr stað, en 200 búendur aptur á móti gjaldi ekki meira en 30 rdl., og held eg hverjum manni geti verið ljós sá ójöfnuður, sem í þessu liggur.

V. Finsen: Eg get ekki álitið annað, en að stjórninni muni koma nokkuð óvænt bænarskrá um þetta efni, þar sem menn sjá af auglýsíngu hennar til þíngsins, að þetta mál er þegar komið lángt

á veg, þannig að út lítur fyrir, að það muni bráðum komast í kríng, og finnst mèr því óþarfi að gjöra nú uppástúngu um hið sama, og beðið var um 1855. En þó er enn þá verra, þegar menn nú vilja breyta því, sem þíngið stakk upp á 1855, og gjöra öldúngis aðrar og gagnstæðar uppástúngur, þar sem menn vilja nú sleppa varauppástúngunni undir töluliö 3, um það, að 3 læknaembætti sè stofnuð með launum af spítalasjóðnum. Þetta er ekki til annars en að gjöra eintóman graut, því það getur leitt til þess, að stjórnin veit ekki, hverju hún á að fylgja, þegar einlægt eru að koma nýjar og nýjar breyttar uppástúngur um sama efnið. Ein uppástúngan var gjörð 1855, og hana hefir stjórnin, ef til vill, tekið til greina í undirbúníngi þeim á málinu, sem nú er kominn lángt á veg, eptir því sem í auglýsíngunni segir; en svo kemur 1857 önnur uppástúnga, sem geingur út á allt annað, og ef stjórnin svo samkvæmt því, breytti þeirri stefnu, sem hún áður hafði tekið, þá mætti enn búast við nýrri uppástúngu 1859. Þriðja uppástúngan er eingan veginn á móti því, sem menn virðast vera mest áfram um, að læknaskóli og spítali sè stofnaður hèr; heldur gjörir hún að eins ráð fyrir, að slíkri stofnun sè frestað nokkuð, og að menn hugsi mest um það, sem virðist vera bráðasta þörfin, nefnilega að læknunum verði sem fyrst fjölgað, og er þá gjört ráð fyrir, að launin til þessara 3 lækna verði að eins fyrst um sinn, meðan menn ekki hafa önnur ráð, goldin úr spítalasjóðnum, en að það af tekjum sjóðsins, sem er fram yfir þá 1200 rdl., verði lagt til höfuðstólsins, svo hann geti aukizt eingu að síður, og menn þá síðar geti hugsað um, að verja honum til spítala og kann ske læknaskóla. Mèr finnst vera veruleg ástæða til, að gjöra þessa uppástúngu, því, eptir því sem stjórnin lèt í ljósi 1855, áhrærandi að hún væri ófús á, að leggja á ríkissjóðinn ýms ný útgjöld til landsins, getur það ekki annað en verið mjög óvíst, hvort stjórnin vilji stofna þau 7 læknaembætti, sem nefnd eru í 1. töluliö, með launum af ríkissjóðnum, og ef þessi embætti ekki fást stofnuð, þá álít eg, að nokkuð sè þó unnið með uppástúngunni undir töluliö 3, um 3 lækna með launum af spítalasjóðnum, og að það sè rèttara, að verja á þann hátt spítalasjóðnum fyrst um sinn, en að stofna af honum læknaskóla og spítala. Eins og eg hefi áður sagt, finnst mèr því ekki, að vèr eigum að breyta því, sem vèr gjörðum 1855. Það er víst líka naumast kominn tími til, að stofna læknaskóla og spítala, þar spítalasjóðurinn ekki er orðinn nógu stór til þess, og verð eg, hvað áætlun nefndarinnar snertir, að vera á því,

sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* og hinn heiðraði 3. konúngkjörni þíngmaður mæltu. Þá hefir meðal annars verið gjört ráð fyrir 4 dölum af hundraði í vexti af þessu spítalafè, en eg ætla, að nokkuð af því sè leigt gegn minni leigu; en það mun nú reyndar ekki vera neinn vandi, að koma því öllu á leigu gegn 4 af hundraði. Hvað yfirsetukonurnar snertir, þá sýnist mèr, að þíngið hefði getað ákveðið eitthvað fast um þær, og sent þá uppástúngu stjórninni, sem þá hefði getað gefið út tilskipun þar um, án þess að þörf væri að biðja stjórnina að leggja frumvarp fyrir þíngið.

Framsögumaður: Það var einn þíngmanna, er brá nefndinni um hviklyndi, með því að stínga upp á læknaskóla og spítala hèr á landi nú, þar sem þó þíngið hefði fellt það atriði 1855, enda varð hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður næsta glaður við að heyra slíkt um nefndina; en nefndin hefir sýnt fram á, að það væri kominn tími til þess 1859 að fá frumvarp um læknaskóla og spítala frá stjórninni, enda þótt ekki hefði verið tími til þess kominn 1855. Hinum sama heiðraða konúngkjörna þíngmanni þótti ekki víst, að vextirnir af spítalasjóðunum væri 4 %; en það er furðulegt, að eins gætinn maður og hann ekki skuli hafa skoðað reiknínga sjóðanna; af þeim má sjá, að tekjur þeirra svara til meira en 4 %; eg leyfi mèr að taka til dæmis upphæð sjóðanna 1855 og nú; þá var upphæðin rúmar 26,000 rd, en nú er hún rúmar 31,000 dala, og af þessu sèr hver maður, að tekjurnar á þessum tveimur árum hafa verið meiri, en svaraði 4 % af innstæðunni. Þar sem hinn heiðraði 5. konúngkjörni þíngmaður sagði, að það mundi nægja að fjölga þremur læknaembættum, þá get eg ekki sèð, hvernig landinu geti verið borgið með því móti, þó embættin sè til, en eingir læknar til að þjóna þeim, og þótt læknarnir feingist, þá verður það spítalasjóðunum til þess hnekkis, að menn mega, ef til vill, búast við, að sitja við það heila öld. Það er annars merkilegt, að menn skuli vera einlægt að staglast á því, hvað aðgjörðir stjórnarinnar sè miklar, til að flýta fyrir þessu máli, þar sem þó þíngmaðurinn kom ekki með neinar upplýsíngar, er geti sannað það; hann hefir kann ske feingið einhverjar lausar fregnir um það, en eg hefi líka lausar fregnir, og mínar lausu fregnir eru eins góðar og hans. (*V. Finsen:* Kann ske þíngmaðurinn vildi lofa mönnum að heyra þær). Komi hann fyrst með sínar. Hinum heiðraða þíngmanni Gullbríngusýslu þótti eg hafa elt mjög ólar við menn í þessu máli; hafi eg nú gjört það, þá hefir hann sannarlega ekki orðið eptirbátur í því, þar sem hann var að

tala um, að bendíngar mínar væri svo óþarflega margar og smásmuglegar, þá voru þær ekki meiri, en bendíngar hans voru um daginn, sem hann vildi að nefndin hefði tekið inn í nefndarálitið; en mínar bendíngar voru einúngis til að sýna þíngmönnum fram á, að betur mætti haga heimtíngu spítalahlutanna, en nú ætti sèr stað, og eigi voru þær heldur smásmugulli, en bendíngar hans um hrognkelsin í helgidagamálinu. Eg hefi ekki komið með neinar óþarfaertíngar, eins og hann segir; eg hefi einúngis reynt til að hrekja mótbárurnar móti nefndarálitinu. Líka segir hann, að eg hafi elt hvert orð og snúið þeim við, en þetta á hann eptir að sanna, og eg er sannfærður um, að einginn þíngmanna kvartar yfir því, að eg hafi rángfært orð sín. Hann álasar og nefndinni fyrir það, að hún eigi hafi tekið það inn á atkvæðaskrána, að setja laun yfirsetukvennanna frá 15—30 rd., því að því hafi hann búizt við, eptir því sem mèr hafi farizt orð við undirbúníngsumræðuna; en það er hreinn misskilníngur þíngmannsins; nefndin hafði ekkert móti því, að það væri tekið fram í ástæðunum, að þetta gjald skyldi vera 15—30 rd., en eingan veginn í niðurlagsatriðin; þíngmaðurinn hefir tekið rángt eptir eða ekki heyrt það, sem eg sagði. Það var sannarlega undarlegt, að hinn heiðraði 5. konúngkjörni þíngmaður skyldi geta fundið upp á því, að stjórnin gæti ráðið málinu um yfirsetukonurnar til lykta og ákveðið það gjald, er til þess þyrfti, án þess að bera það aptur undir alþíngi; það er öldúngis á móti alþíngistilskipuninni, að stjórnin leggi nokkurt gjald á, án þess að hafa lagt frumvarp um það fyrir alþíngi. Þetta sýnir, að jafnvel löglærðu mönnunum getur líka skjátlazt í lögunum.

Eg vona nú, að eg ekki þurfi að svara fleirum í dag; eg fel því þínginu þetta mál til skynsamlegrar atkvæðagreiðslu, og er þess fullviss, að þeir ekki láta leiðast af neinum þráa, þótt það sè sumt þeirra eigin uppástúngur, en að þeir gæti þess, að þetta málefni og þessar uppástúngur snerta heillir lands og lýðs; á eg þar einkum við uppástúngurnar undir tölulið 4. og 6., því hver maður mun þó vera sannfærður um, að það er þörf á að fjölga læknum, og að þessi fjölgun geti eigi átt sèr stað, svo að landinu sè borgið, nema læknaskóli og spítali komist á í landinu sjálfu. Uppástúngur nefndarinnar 1. *a* og *b* eru einúngis til bráðabyrgða, en eingan veginn einhlítar. Hið annað er mest orðabreytíngar, og eg vona, að þíngið taki þær, sem bézt og skýrast eru orðaðar, en þó þarf það ekki að

vera til neinnar fyrirstöðu, þótt einhver uppástúnga nefndarinnar sè eigi eins vel orðuð og menn vildi æskja.

Ó. Sívertsen: Út af 1. og 2. atriði í uppástúngu nefndarinnar hafa enn að nýju orðið nokkrar umræður og nú seinast heyrðist rödd og ráð hins 5. konúngkjörna þíngmanns, sem ræður mönnum til að rita konúngi *einga* bærarskrá um þetta mál. Eg leyfi mèr nú að biðja hann og hið heiðraða þíng að hugsa sig vel um, áður en menn taka þvílíka stefnu; eg vil spyrja, hvort sá er nokkur sjúkur og sárveikur, sem ekki æi eða kveini optar en einu sinni? eða hvort það þykir óhæfa, þótt hann biðji aptur og aptur um hjálp, meðan áheyrslu vantar? eða hvort það er þá illa í það tekið af þeim, sem hjálparvon er frá? Nei! eg er fulltrúa um, að vor mildasti konúngur tekur ei illa upp, þó vèr í svo umvarðanda efni, sem þetta er, biðjum um hjálp, enda optar en einu sinni; hann, sem raunar hefir tekið vel í málið og með því sýnt, að hann vill hjálpa oss, honum verður alls ekki ókært, þó vèr sýnum þörf vora og áhuga með ítrekun bænarinnar, einkum þegar vèr reynum að sýna, hvernig takast megi að bænheyra oss — og nefndin hefir gjört það — húu hefir sýnt áætlun um kostnaðinn, og lagt vel í, sjálfsagt að svo miklu leyti, sem það er óyggjanda, að með endurlagaðri tilhögun geta tekjur spítalanna orðið talsvert meiri, en nú eru þær, eins og *framsögumaður* tók fram og sýndi með dæmum; og þó athuganda sè, að mismæli hefir honum líklega orðið um upphæð fuglatollsins af Flatey, því eg ætla hann sè talsvert minni, þá er hann þó ei lítill af öllum Flateyjarhrepp, og það er ekki nema ein sveit, og hvað mikill mundi hann þá geta orðið um allt landið? Varaatkvæði þíngmannsins úr Strandasýslu undir töluliið 8 hefir í þíngræðunum feingið meðhald nokkurra manna, og eg vil eingan veginn gjöra lítið úr því hjá honum, en þess bið eg sè gætt, að það fer víst nokkuð í aðra átt, en uppástúnga nefndarinnar nr. 4, sem hèr er undir töluliið 10, því hún ætlast ei til annars en tilsagnar í heilnæmisfræði og hvað gjöra eigi í voveiflegustu sjúkdóms tilfellum, en þíngmaðurinn talar um kennslu í læknafræði yfir höfuð — það er sitt hvað. Eg held-það valdi ólíkum kostnaði einhverstaðar frá, og ríði ekki við einteymíng, þegar ei einasta landlæknirinn, heldur líka allir hèraðslæknar eiga að kenna hana; svo ber líka að gæta þess, að nú fer æríð mjög að leingjast kennslutími prestaefna vorra; hann á nú að verða hèr um bil 10 ár. Vèr vitum, hve leingi þeir eiga að vera í lærða skólanum, svo í prestaskólanum, og síðan fara að læra

læknisfræði, í hið minnsta 1. ár. Og ef svo bæri við, að þeir yrði nú að vera við þetta giptir og með börnum, hvað vilja menn segja um það? Eg get þessa, af því eg hefi heyrt, að á prestaskólanum hafi sumir lærisveinar verið giptir. Þessi atriði voru það, sem eg vildi hafa bent á, fyrri en atkvæðagreiðsla færi fram í máli þessu.

Á. Einarsson: Eg var nú búinn að einsetja mèr, að standa ekki upp í dag; en af virðíngu fyrir hinum heiðraða þíngmanni, sem síðast mælti, ætla eg að tala fáein orð. Viðvíkjandi kennslunni á prestaskólanum, þá ímynda eg mèr, að ef prestaskólamenn ekki vildi nema dálítið í læknisfræði, að þeir þá ekki gæti þvíngazt til þess; eg hefi einúngis komið með þessa mína uppástúngu til þess að reyna að miðla málum, því eptir henni geta prestaefni lært hjá hèraðslæknunum, ef þeim fyndist það haganlegra. Það er víst, að þörfin er bráð, eins og hinum heiðraða þíngmanni Barðstrendínga fórust svo fagurlega orð um. Hvað við víkur uppástúngu nefndarinnar undir töluliið 1. *a*, þá finnst mèr, ef stjórnin vill gánga inn á *a*, þá sè varauppástúngan nr. 3 að nokkru leyti innifalin í *a*; en varauppástúngan getur ekki um, hvar þessir þrír læknar skuli vera; ef menn bera hana saman við nefndarinnar *a*, lítur svo út, sem þeir skuli allir vera í suðuramtinu; ef einhver vildi bara líta á kortið, mundi hann fljótt sannfærast um, hvað það væri óhaganlegt; eg vil taka til dæmis, hvort ekki mundi betra og meir áríðanda, að setja nýjan lækni á mótin milli Barðastrandar- og Stranda- og Dalasýslu, sem allar liggja saman, og allar læknislausar. Mèr finnst það kann ske viðsjált, ef stjórnin setti þessa 3 lækna í suðurumdæmið, en eingan, þar sem enn meiri þörf væri á; en eg vona, að stjórnin skrifist á við embættismenn um þetta atriði, áður en því verður ráðið til lykta. Það hefir nú verið talað svo mikið um yfirsetukonurnar; en eg vil þá geta þess, að þær þurfa ekki eingaungu að læra hjá landlækninum, heldur gæti þeim gefist kostur á því hjá hèraðslæknunum, ef þeim yrði fjölgað. Líka ímynda eg mèr, að ef útveguð yrði góð yfirsetukvennafræði, þá mætti þó segja, að það væri dálítil tiltök til, að konur gæti lært nokkuð í þeirri fræði til undirbúníngs, en nú er ekki einu sinni sèð svo fyrir, að bækur þessar fáist. Ef mönnum væri mjög annt um að fá góða yfirsetukonu, þá ætti menn eins hægt með að gjalda henni með niðurjöfnun á hreppana, án þess að biðja um lagaboð frá stjórninni, sem skipi mönnum að taka gjaldið úr sama sjóði, því það er ætíð auðvitað, að gjaldþegnar verða að gjalda hvert sumar.

Forseti: Þar eð ekki fleiri taka til máls, álít eg þessari ályktarumræðu lokið, og er því næst að gánga til atkvæða.

Var þá til atkvæða geingið samkvæmt atkvæðaskránni, og fèllu atkvæði þannig:

1. uppástúnga nefndarinnar nr. 1, samþykkt með 14 atkv. gegn 1.
   stafliðurinn *a*, samþykktur með 18 atkv. gegn 2.
   — — *b*, — — — 17 —
2. uppástúnga *J. Hávarðssonar* felld með 13 atkv. gegn 5.
3. — — *M. Andrèssonar* — — 17 — — 4.
4. — — *J. Hávarðssonar* (samþykkt af nefndinni) samþykkt með 13 atkv. gegn 6.
   Var því 5. uppástúnga nefndarinnar nr. 2 burtfallin.
6. — — nefndarinnar nr. 3. samþykkt með 19 atkv.
7. — — *P. Sigurðssonar* (samþykkt af nefndinni) samþykkt með 20 atkv. gegn 1.
8. — — *Á. Einarssonar* samþykkt með 12 atkv. gegn 8.
   Því var burtfallin uppástúnga *J. Hávarðssonar* undir tölulið 9 og nefndarinnar undir 10.
11. — — *J. Sigurðssonar* felld með 15 atkv. gegn 5.
12. — — *J. Hávarðssonar* kom til atkvæða, og varð atkvæðagreiðslan óglögg, síðan var uppástúngan með nafnakalli samþykkt með 12 atkv. gegn 9, og fór það á þessa leið:

já:	nei:
Guðmundur Einarsson.	E. Ó. Kúld.
R. M. Ólsen.	H. Kr. Friðriksson.
Ásgeir Einarsson.	Þ. Jónassen.
V. Finsen.	J. Kristjánsson.
Guðmundur Brandsson.	Ólafur Sívertsen.
Jón Guðmundsson.	Páll Sigurðsson.
Jón Hávarðsson.	P. Pètursson.
Jón Samsonsson.	H. G. Thordersen
J. Sigurðson.	Vilhjálmur Oddsen.
Kolb. Árnason.	
Magnús Andrèsson.	
Stefán Jónsson.	

13. uppástúnga *J. Sigurðssonar* felld með 13 atkv. gegn 4.
    G. Brandsson frá fèll uppástúngu sinni undir tölulið 14.
15. — — nefndarinnar nr. 5; eptir ósk þíngmannsins úr Mýra-

sýslu var geingið til atkvæða um hana í tvennu lagi, nefnilega fyrri parturinn:

a, endi á: „í landinu“ með áorðinni breytíngu undir töluliið 12, samþykkt með 18 atkvæðum.

Og niðurlagið frá orðunum: „og fái til“ o. s. fr.

b, samþykkt með 11 atkvæðum gegn 6.

16. uppástúnga *Jóns Hávarðssonar* felld með 16 atkv. gegn 1.

17. Um þenna töluliið lèt *forseti* eptir ósk nokkurra þíngmanna fram fara nafnakall, og sögðu þessir:

já:	nei
G. Einarsson	R. M. Ólsen.
Á. Einarsson	V. Einsen.
E. Ó. Kúld.	Þ. Jónassen.
G. Brandsson.	Pètur Pètursson.
Halldór Friðriksson.	
Jón Guðmundsson.	
Jón Hávarðsson.	
Jón Kristjánsson.	
Jón Samsonsson.	
Jón Sigurðsson.	
Kolb. Árnason.	
Magnús Andrèsson.	
Ólafur Sívertsen.	
Páll Sigurðsson.	
Stefán Jónsson.	
H. G. Thordersen.	
Vilhjálmur Oddsen.	

Og var þá þessi töluliður samþykktur með 17 atkv. gegn 4.

Forseti kvaðst mundu birta dagskrá til næsta fundar svo fljótt sem yrði.

Fundi slitið.

---

6. ágúst — tuttugasti og þriðji fundur.

Allir á fundi nema hinn 6. konúngkjörni þíngmaður og þíngmaðurinn fyrir Suður-Þíngeyjarsýslu, er voru sjúkir. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eptir dagskránni kemur í dag *konúnglegt álitsmál í fjárlaga- og útboðsmálinu* til undirbúníngsumræðu; hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður er *framsögumaður* í máli þessu.

Lèt *forseti* síðan afhenda *framsögumanni* skjöl málsins og las hann upp nefndarálitið, svo hljóðanda:

Samkvæmt konúngsúrskurði 27. maí þ. á. hefir *konúngsfulltrúinn* á alþíngi þessu kvatt þíngið til að yfirvega og segja álit sitt um, hversu að alþíngi fyrst um sinn, meðan fjárhagsfyrirkomulag Íslands ekki er komið í kríng, geti gefizt kostur á að segja álit sitt um tekju- og útgjalda-áætlun *(Budget)* Íslands, og í öðru lagi um það, hvort Ísland eigi að taka þátt í útboði til hins konúnglega herflota, svo og hvernig haga skuli slíku útboði, ef þíngið fèllist á það. Til þess að íhuga málefni þetta, hefir þíngið kosið oss undirskrifaða í nefnd, og leyfum vèr oss nú að bera upp álit vort um það á þessa leið.

Í athugasemdum þeim, er *konúngsfulltrúi* hefir afhent nefndinni áhrærandi málefni þetta, er þess getið, að eins og þegar 1851 var frá stjórnarinnar hálfu gjörð uppástúnga um, að alþíngi yrði veitt hlutdeild í því að ræða og semja tekju- og útgjalda-áætlun Íslands, en hverri uppástúngu ei síðar var framfylgt, þannig hefir ríkisþíngið, er híngað til hefir haft fjárhagsáætlun Íslands eingaungu til meðferðar, hvað eptir annað kvartað yfir því, að sig vantaði næga þekkíngu um, hvernig tilhagaði á Íslandi, og látið í ljósi þá ósk, að alþíngi væri veitt meiri hluttekníng í þessu efni, og hefir í nefndarálitinu á ríkisþínginu um frumvarp til fjárhagslaga $18^{56}/_{57}$ verið bent til, að þessu mætti koma á á þann hátt, að meðferð hinnar íslenzku fjárhagsáætlunar yrði falin alþíngi, á móti því, að ríkisþíngið samþykki árlegt fjártillag handa Íslandi um ákveðna áratölu, en jafnframt var tekið fram, að þá yrði hins vegar að gjöra Íslandi að skyldu meiri hlutdeild í almennum ríkisbyrðum, t. a. m. í útboði til herflotans. Að sönnu hefir nú stjórnin álitið ógjöranda að leggja fyrir þíngið frumvarp til slíkrar fullkominnar niðurskipunar á fjárhagsmáli Íslands, þannig að alþíngi væri veitt ályktanda vald í fjárhagsmálum, á meðan spurníngunni um stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins ekki er ráðið til lykta, en þar eð það þó hefir virzt æskilegt, að ríkisþíngið gæti stuðzt við kunnugleika alþíngis, þegar til meðferðar væri tekin fjárhagsáætlun Íslands, hefir stjórnin álitið rèttast að leggja nú fyrir alþíngi álitsmál þetta um ráðgefandi hluttekníngu alþíngis í undirbúníngi á fjárhagsáætlun landsins, og er í ofannefnd-

um konúngsúrskurði 27. maí þ. á. bent til tveggja aðferða, er viðhafa megi til að koma á slíkri hluttekníngu, nefnilega annaðhvort, að alþíngi tæki eitt sinn fyrir öll fjárhagsáætlun Íslands til ítarlegustu yfirvegunar, eða þá, að áætlunin væri reglulega á vissum tímamótum lögð fyrir þíngið.

Nefndin getur nú ekki álitið annað, en að það væri veruleg framför fyrir þíng þetta, ef því veittist sú hluttekníng, sem hentuglega væri komið fyrir í ákvörðun fjárhagsmála landsins, hvar með þeirri tilhögun, sem nú er, að ríkisþíngið eingaungu, án hluttöku frá Íslands hálfu, hefir áætlun Íslands til meðferðar, yrði breytt. Hvað þar á móti tilhögun þá snertir, er hèr er stúngið upp á, þá getur nefndin ekki annað en fundið veruleg vandkvæði á báðum þeim aðferðum, er í konúngsúrskurðinum er bent til, og skal nefndin fara hèr um nokkuð fleiri orðum.

Hin fyrri aðferðin, sem bent er til, er sú, að alþíngi tæki eitt sinn fyrir öll fjárhagsáætlun Íslands til ítarlegustu yfirvegunar, þannig að þínginu gæfist kostur á að láta í ljósi álit sitt bæði um niðurröðun atriðanna í áætluninni og eins um hin einstöku atriði í henni. Ef að þessu yrði geingið, virðist það liggja nærri, að hèr með ætti að koma fram einhvers konar aðal- eða undirstöðuáætlun *(Normalbudget)* fyrir Ísland, byggð á athugasemdum alþíngis, þannig að geingið væri þar á eptir ætíð út frá þessari aðaláætlun, og breytíngar þær, sem nauðsynlegar væri síðar meir, yrði ákvarðaðar með hliðsjón til hennar. Nefndin hlýtur nú samt að álíta, að eins og það yrði mjög vandasamt fyrir alþíngi að koma við svo ítarlegum og verulegum athugasemdum við hina einstöku kafla eða atriði áætlunarinnar, að eptir þeim mætti síðar fara sem einhvers konar mælisnúru fyrir leingri tíma við samníngu hinnar árlegu áætlunar fyrir Ísland, þannig getur það fyrir alþíngi ekki haft mikla þýðíng, hvernig atriðunum yrði raðað niður í áætluninni, úr því ekki væri spursmál um neinn aðgreiníng á fjárhag Íslands, og mundi það þannig einkum ekki geta vakið mikinn áhuga hèr á landi, hvernig hagað yrði tekjum landsins, þar sem ekki væri spursmál um með þessu fyrirkomulagi, að hækkun eða lækkun þeirra hefði nein áhrif á það, hvað miklu varið væri til útgjaldanna. Þar á móti gæti verið meiri hvöt fyrir alþíngi, að hafa áhrif á útgjöldin, þar sem t. a. m. gæti verið spursmál um ýmsar ráðstafanir og stofnanir, er koma ætti á, um laun embættismanna o. s. frv., en vèr sjáum eigi betur, en að þó alþíngi lèti í ljósi álit sitt þannig eitt sinn fyrir öll um þessi

atriði, þá gæti þetta ekki haft þýðíngu nema um stuttan tíma, þar sem kríngumstæðurnar hljóta að breytast svo fljótt, og ný atriði koma fram, þannig að sífelldir viðaukar eða breytíngar hlyti að eiga sèr stað í áætluninni, og yrði þá að líkindum sú niðurstaðan, að meðan menn, ef til vill, í einstökum atriðum mundu halda sèr fast, við uppástúngur alþíngis og áætlunin þannig standa kann ske nokkuð meira í stað en æskilegt væri, hlyti á hinn bóginn veruleg atriði fljótt að breytast, og áætlunin að því leyti missa þýðíngu sína.

Ástæður þær, sem gilda á móti þessari aðferð, eiga að sönnu ekki að öllu leyti við hina síðari, nefnilega að áætlunin væri reglulega á vissum tímamótum lögð fyrir þíngið, en eins og þó hèr um bil hið sama mundi gilda hèr um, ef það yrði niðurstaðan, að nokkuð leingra tímabil t. a. m. 6 ár væri látið vera á milli þess að áætlunin væri lögð fyrir þíngið, þannig er þess að geta, að ef áætlunin yrði lögð fyrir hvert þíng, þá yrði það að vera áætlun fyrir 2 ár í senn, en sem ekki kæmi heim við það, að ríkisþíngið ræðir og stjórnin útgefur áætlun fyrir hvert ár, og enn fremur er það í ofannefndum athugasemdum, er *konúngsfulltrúinn* hefir afhent nefndinni, tekið fram sem vandkvæði við þessa aðferð, að fjarlægð Íslands getur verið því til fyrirstöðu, að áætlun landsins geti ætíð verið komin, þegar ríkisþíngið er haldið, hvar við nefndin skal bæta þeirri athugasemd, að þetta á sèr einkum stað um umræðurnar hèr á þínginu, er nauðsynlega hlyti einnig að taka til greina, en sem hætt er við að yfir höfuð ekki gæti í danskri útleggíngu verið komnar svo tímanlega til stjórnarinnar, að nota mætti þær við samníng áætlunarinnar eða ályktun ríkisþíngsins um hana.

Yfir höfuð álítur nefndin það verulegastan ókost við uppástúngu þá um ráðgjafarvald handa alþíngi í fjárhagsmálinu, er hèr ræðir um, að það hlýtur að liggja mjög nærri, að þar með sè um óvissan og, ef til vill, lángan tíma slegið á frest, að ákveða nákvæmar stöðu Íslands í ríkinu, þar sem með uppástúngunni, ef henni yrði framgeingt, gæti virzt, að gjörð væri nokkur veruleg framför, en sem þó í raun og veru ekki gæti haft mikla þýðíngu. Nefndin álítur, að slík tilhögun, sem hèr er stúngið upp á, geti ekki vakið áhuga alþíngis eða Íslendínga, og eins og það virðist á hinn bóginn hætt við, að þíngið, þar sem ekki er spursmál um sèrstakan fjárhag fyrir landið eða neinn hag þess, eða halla eptir því, hvort tekjur eða útgjöld þess sè hærri eða lægri, eigi muni geta rætt áætlunina með þeirri alvöru og alúð, sem koma fram af sjálfu sèr, þar sem einhver þjóð

hefir ályktanda vald um sinn eigin fjárhag, eins væri það illa farið ef það skyldi verða ofan á, sem eigi gæti verið ólíklegt eptir því sem nú var sagt, að stjórnin og ríkisþíngið opt eigi tæki til greina tillögur alþíngis í fjárhagsmálum, hvað eð mundi gjöra þær enn þýðíngarminni.

Nefndin álítur því, samkvæmt því, sem þannig er talið, að þíngið eigi að ráða stjórninni frá, að lögleiða tilhögun þá með tilliti til ráðgjafavalds alþíngis í fjárhagsmálum, er þannig er stúngið upp á.

Þar á móti hefir nefndin eigi getað annað en athugað við þetta tækifæri, hvort ekki væri rètt fyrir þíngið að fara jafnframt fram á, að því yrði veitt þvílíkt ályktanda vald í fjárhagsmálum, sem fjárhagslaganefndin á ríkisþínginu bæði 1856 og eins þetta ár hefir ætlazt til, þannig að einhvers konar aðgreiníngur ætti sèr stað á sèrstökum tekjum og útgjöldum Íslands og að alþíngi veittist ályktanda vald áhrærandi hvorttveggja, en með ákveðnu árlegu tillagi frá ríkissjóðnum. Vèr ætlum, að það mundi verða landi þessu til verulegs hags, ef það feingi slík ráð á fjárhag sínum, hvar með alþíngi feingi hvöt til að hugsa alvarlega um tekjustofna landsins og hvernig þá mætti nota sem bezt, um rètta brúkun krapta þeirra, er landið hefir, um hvernig skynsamlega bæri að verja tekjunum og hvernig haga mætti útgjöldunum, svo þau samsvari efnum landsins, og jafnframt þörfum þess, og getum vèr ekki álitið annað en að áhugi sá, sem þannig mundi vakna á efni þessu, mundi bera góða ávexti til framfara landsins.

Það er kunnugt, að tekjur þær, sem frá Íslandi greiðast í ríkissjóðinn, hafa híngað til í fjárhagslögunum verið taldar með tekjum af öðrum pörtum ríkisins, eins og útgjöldin meðal útgjalda hinna annara ríkishluta, en þegar tekjur þessar og útgjöld eru borin saman, kemur það fram, að útgjöldin hafa ætíð verið meiri en tekjurnar. Til að bæta úr þessum tekjuþrotum, hefir, eins og áður er getið, nefnd sú, sem á ríkisþínginu var sett til að segja álit sitt um fjárhagslögin 1856—57 í álitsskjali sínu gjört ráð fyrir, að jafnframt og alþíngi feingi ályktanda vald í fjárhagsmálum, yrði ákveðið úr ríkissjóðnum árlegt tillag til Íslands um ákveðna áratölu, og hefir á síðasta ríkisþíngi nefndin í málinu um fjárhagslögin 1857—58 sett fram sömu bendíngu, og er þar að eins nefnt ákveðið tillag úr ríkissjóðnum, án þess að tilgreina, að það verði að eins um tiltekna áratölu. Vèr skulum ei hèr hreifa neinni rannsókn um það, hvað

mikið hafi árlega vantað upp á, að tekjur landsins væri fyrir útgjöldum þess, nè heldur að hve miklu leyti spursmál gæti verið um niðurröðun einstakra atriða í því tilliti, eins og bent er til í ofannefndum athugasemdum frá *konúngsfulltrúanum,* en þar á móti álítum vèr sjálfsagt, að þegar slíkt tillag væri einu sinni ákveðið, gæti ekki verið spursmál um neina viðbót þar við, hvorki yfir höfnð, nè í einstökum tilfellum. Vèr getum ekki heldur dulizt þess, að þegar gætt er að, hversu upphæð þess, er eptir samanburði á tekjum og útgjöldum landsins eptir fjárhagslögunum gæti álitizt skotið til landsins, hefir hækkað t. a. m. um síðustu 2 ár, er gjöra mætti ráð fyrir, að mundi halda áfram í líku hlutfalli eptirleiðis, og þegar á hinn bóginn er litið til vanda þess, sem er á að koma á nýrri tilhögun á gjöldum og tekjustofnum Íslands, og óvissunnar um, hvað fljótt tekizt gæti að koma slíkri tilhögun á, þá gæti verið nokkuð, sem talaði fyrir því, að þó tillagið úr ríkissjóði væri ákveðið að staðaldri eptir þeim kríngumstæðum, sem nú eru, þá væri þetta að því leyti hagur fyrir ríkissjóðinn, að útgjöldin yrði þá ei framvegis meiri að upphæð en nú, sem þau að líkindum annars mundu verða. En eingu að síður höfum vèr þó ekki fundið nægilegt tilefni til að stínga upp á öðru, en að tillagið verði ákveðið um vissa áratölu, þar nefndin hefir þá von, að landið muni geta komið svo fyrir opinberum gjöldum sínum og varið svo tekjustofnum sínum, að því yrði fært innan ekki mjög lángs tíma, ef alþíngi feingi ályktanda vald í fjárhagsmálum, að verða án þess umrædda tillags, að minnsta kosti svo, að það færi smámsaman minnkanda, og að tilraunir þær, sem hèr af mundi leiða til að koma slíkri tilhögun á, muni í raun rèttri styðja að framförum landsins.

Nefndin stíngur því upp á, að alþíngi beiðist þess, að alþíngi verði veitt ályktanda vald í fjárhagsmálum, en að ákveðið árlegt tillag verði greitt landinu úr ríkissjóðunum um vissa áratölu, þángað til ætla megi, að landið geti smámsaman farið að bera útgjöld sín, og að frumvarp eða uppástúnga frá stjórninni hèr um mætti verða lagt fyrir næsta alþíngi.

Hvað nú þar næst hið annað atriði snertir, er þínginu ber að segja álit sitt um, nefnilega hlutteknîngu Íslands í útboði til hins konúnglega herflota, þá hefir bæði á ríkisþínginu, hvar málefni þessu hefir, eins og áður er getið, verið hreift, og í álitsskjölum amtmannanna, er send hafa verið stjórninni, verið bent á hin ýmsu vandkvæði, er hljóta að vera samfara slíkri tilhögun, og snerta vandkvæði þessi

sumpart kostnað þann, er af því leiddi fyrir ríkissjóðinn, sumpart óhagræði og erfiðleika fyrir þetta land. Þannig mundi, ef hinir útboðuðu ætti að flytjast til Danmerkur, orsakast mikill kostnaður af flutníngi þeirra, er t. a. m. fyrir 40 menn mundi verða að minnsta kosti 1200 rd. Þar við bætist, að þeir, sem útboðaðir yrði, hlyti að fá ferðapeníngа, þegar þeir fara heiman að frá sèr til hafnar þeirrar, hvaðan þeir ætti að flytjast eða fara á skip það, er þeir ætti að þjóna á, og yrði kostnaður þessi ekki all-lítill, þar vegaleingðin opt yrði laung, en yfir höfuð ómögulegt að gjöra slíkar ferðir hèr á landi vegna vatnsfalla, nema ríðandi; loksins bætist hèr við ferðakostnaður eða dagpeníngar fyrir sýslumenn og lækna við útboðsþíngin *(Sessioner)*, sem ekki nemur all-litlu fè fyrir allt landið. Á hinn bóginn eru vandkvæðin, þegar litið er til hagsmuna þessa lands, ekki minni. Það er kunnugt, að fólksfjöldi og vinnumagn er hèr á landi allt af lítið í samanburði við atvinnuvegina, sem sýnir sig meðal annars í hinni miklu vinnuhjúaeklu, sem hèr á sèr stað, og leiðir hèr af, að landið síður en nokkurt annað land getur misst nokkuð af vinnukröptum sínum nema til mikils baga fyrir atvinnuvegina, eins og á hinn bóginn sèrhver missir af vinnufærum mönnum hlýtur að vera hèr mjög tilfinnanlegur; í þessu tilliti ber þess og að geta, að talsverður fjöldi ferst hèr á hverju ári í sjó eða á ferðalögum, og verður því sèrhver missir, sem þar við bætist, því sárari. Enn fremur ber þess að geta, að ferðirnar til útboðsþínganna, er menn almennt í öðrum löndum leitast við að gjöra sem hægastar fyrir hina útboðsskyldu, hljóta að verða mjög örðugar og kostnaðarsamar hèr á landi. Útboðsþíngin hlyti, að ætlun nefndarinnar, að vera eitt í hverri sýslu, og þótt valinn væri til þess hinn hentugasti staður, í miðbiki sýslunnar, þá verður ei hjá því komizt eptir víðáttu sýslnanna, að þeir, sem leingst væri í burtu frá útboðsþíngsstaðnum, ætti þángað frá 5-20 mílur eða meira, eða 1-5 dagleiðir, opt yfir heiðar og vatnsföll, er þeir yrði að fara ríðandi, og mætti eigi reikna kostnaðinn fyrir dag hvern, sem þeir væri á leiðinni fram og aptur, minna en 1 rd., auk vinnu og bjargræðismissis á bagalegasta árstíma; og gæti menn naumast búizt við, að úr þessu yrði bætt með því að halda útboðsþíngin í hverjum hrepp eða í fleirum stöðum í sýslunni, þar eð ekki væri að búast við því, að læknar landsins, sem hver fyrir sig hefir fleiri sýslur að annast, gæti komizt yfir, að fara á útboðsþíngin á þann hátt, auk þess að jafnvel einstakir hreppar eru á stundum mjög víðáttumiklir. Að öðru leyti er þess, hvað hluttekníngu

læknanna í útboðsþíngunum snertir, að geta, að fæð þeirra og víðátta hèraða þeirra, sem undir hvern þeirra eru lögð, virðist geta orsakað, einkum í sóttarárum, að útboðsþíngunum þyrfti að fresta eptir að þeir útboðsskyldu væri komnir, eða að þau varaði leingur en annars, og bættist þá þar með enn meira á byrði þá og kostnað, er lagður yrði á þá útboðsskyldu, en sem þó, ef útboðið á að eiga sèr stað, ekki virðist geta verið spursmál um að endurbæta þeim.

Þrátt fyrir þessi vandkvæði og óhagræði fyrir land vort við byrði þá, sem hèr er spursmál um að leggja á innbúa þessa lands, á hverjum þvílík skylda aldrei hefir legið híngað til, og þrátt fyrir það, að nefndin álítur það mjög vafasamt, hvort á hinn bóginn muni hlotnast landinu verulegur hagur af tækifæri því, er hinum útboðuðu gæfist til, að kynna sèr önnur lönd og fá áhuga og þekkíngu á sjómennsku og siglíngum, — er nefndin samt komin til þeirrar niðurstöðu, að þíngið ætti, ef stjórnin skyldi að öðru leyti vegna kostnaðarins og annara vandkvæða, sjá sèr fært, að koma þeirri umræddu tilhögun á, að aðhyllast að sínu leyti uppástúngu þessa um hluttekníng Íslands í útboði til hins konúnglega herflota, hver hluttekníng virðist á ríkisþínginu, en þótt nokkuð óeðlilega, hafa verið skoðuð sem skilyrði fyrir því, að alþíngi veittist ályktanda vald í fjárhagsmálinu, og í hverju skyni stjórnin einnig virðist hafa heimtað álit þíngsins þar um. Nefndin getur þess, að það virðist í sjálfu sèr eðlilegt, að þess konar skylda til almennra ríkisþarfa hvíli á landi voru, á móti því, að það hefir tilkall til hluttekníngar í þeim hagsmunum, sem leiðir af því, að það er partur af ríkisheildinni, og virðist oss þess vegna eigi full ástæða til að skorast undan þessu, þess síður sem hèr er spursmál um, að skoða það sem skilyrði fyrir verulegum rèttindum, nefnilega ályktandi hluttekníngu í fjárhagsmálum, er vèr eptir áðursögðu álítum að mundi stuðla til framfarar landsins.

Ákvarðanirnar um, hvernig haga skyldi útboði því, er vèr þannig ráðum þínginu til að aðhyllast, hlyti að ætlun nefndarinnar að verða svo margbrotnar, að það mundi verða öldúngis nauðsynlegt, að frumvarp yrði samið þar um og lagt fyrir alþíngi, og vèr skulum því að eins, þar eð stjórnin hefir heimtað álit alþíngis um, hvernig tilhögun útboðsins ætti að vera, setja fram nokkrar aðalathugasemdir þar að lútandi.

Í álitsskjölum þeim frá amtmönnunum og fleirum, er stjórninni hafa verið send um málefni þetta, er stúngið upp á, að tala þeirra út-

boðuðu verði 1 af 1000, en í nokkrum af þeim er gjört ráð fyrir, að þjónustutími þeirra verði 3 ár, svo tala þeirra, sem stöðugt yrði burtu úr landinu, yrði þá 3 af þúsundi; í nokkrum, að þjónustutíminn verði 2 ár, svo þá yrði tala þeirra, sem burtu væri, 2 af 1000. Nefndin álítur nú að það sè mjög ísjárvert, að setja töluna hærri en þessa síðarnefndu, þannig, að ef þjónustutíminn yrði t. a. m. 3 ár, útskrifaðist árlega $^2/_3$ af þúsund (t. a. m. af 60,000 manns færi fyrsta árið 40, 2. árið 40, 3. árið 40, 4. árið kæmi þeir fyrstu 40 aptur, en í staðinn færi 40 o. s. frv.). Vèr ætlum einnig, að þessi tala megi álítast fullkomlega lág, þegar jafnframt er tekið tillit til þess, að landið í raun rèttri, eins og áður er útlistað, leggur miklu meira í sölurnar, en í nokkru öðru landi getur átt sèr stað, þótt talan væri hærri. Nefndin skal að öðru leyti geta þess, að ofannefnd tala er sett sem hin hæsta, er oss virðist vera spursmál um, en að öðru leyti virðist það í eðli sínu, að tala þeirra útboðuðu hèr á landi væri með hliðsjón af hlutfallstölu þeirri, sem fyr er tiltekin, ákveðin í hlutfalli við þá útboðuðu á ári hverju úr hinum öðrum pörtum ríkisins samkvæmt lögum þeim, er árlega koma út um slíkt útboð. Nefndin verður að ráða frá, að sú tilhögun verði viðhöfð, að hinir útboðuðu á haustin yrði fluttir hingað aptur, er að öðru leyti einnig mundi leiða af sèr mikinn kostnað fyrir stjórnina, heldur álítum vèr öldúngis nauðsynlegt, að ákveðinn yrði þjónustutími fyrir þá útboðuðu, t. a. m. 2 eða 3 ár, og að þeir yrði þann tíma í fastri þjónustu við herflotann; með hinni fyrnefndu tilhögun mundi nefnilega þeir, sem útboðaðir yrði, einmitt verða burtu hèðan þann tíma ársins, er hèr er sá eini arðsami tími, og yrði svo um veturinn vistlausir og jafnvel ómagar, og gæti ómetanleg vandkvæði þar af leitt

Aldur sá, á hverjum menn ætti að verða fyrir útboði, ætlum vèr að ætti að vera 18 ára aldurinn. Þeir útboðsskyldu ætti að hafa óflekkað mannorð, og útboðið hvíla á öllum undanþágulaust, en hverjum heimilt að setja mann fyrir sig, allt samkvæmt reglum þeim, sem í Danmörku gilda í þessu efni. Hlutkesti ætti að ráða, hverjir ætti að útskrifast.

Skýrslur þær, sem nauðsynlegt yrði að hafa yfir alla þá útboðsskyldu, virðist rètt að fela prestinum að semja og halda við fyrir hverja sókn; ætti þeir þá árlega innan ársloka að senda sýslumanni skýrslu um alla þá, sem útboðsskyldir eru, síðan bæri sýslumanni að senda skýrslurnar frá öllum prestunum til amtmanns innan janúarm. loka, en amtmaður þar næst að ákveða tölu þá, er útskrifast á úr hverri

sýslu eptir hlutfallinu milli fólksfjöldans í sýslunni og tölu þeirra, sem úr öllu landinu eiga að verða fyrir útboði. Útboðsþíngin ætlum vèr að ætti að vera á tímabilinu frá byrjun maímán. til enda júnímán. í hverri sýslu, en tíminn auglýsast fyrir fram, þannig að tekið væri tillit til, að læknir gæti verið á útboðsþínginu. Útboðsþíngið ætti að vera á tilteknum stað í miðbiki sýslunnar, eða þar, sem að öðru leyti væri hentugast, eptir kríngumstæðunum í kaupstað, og þángað bæri öllum sem á útboðsaldri væri, samkvæmt fyrirfram gjörðri auglýsíng að viðlögðum sektum að koma. Sýslumaður og læknir ætti að stjórna útboðsþínginu og hinn síðarnefndi skera úr öllum spursmálum áhrærandi, hvort heilsufar hlutaðeiganda eða annað leysi þá undan útboði.

Því hefir verið hreift af dómsmálaráðherranum í umræðunum á ríkisþínginu og sömuleiðis í brèfi til amtmannanna, hvar með leitað var álits þeirra um málefni þetta, að það mundi verða hægra, að koma á útboði hèr úr landi til herflotans, ef gufuskip yrði látið liggja hèr við Ísland, og getur nefndin ekki álitið annað, en að full nauðsyn væri af öðrum orsökum, eins og bent er til í álitsskjalinu til konúngs um fiskiveiðar og fiskiverkun útlendra þjóða, til þess, að stjórnin lèti annaðhvort gufuskip eða þó öllu heldur 1 eða 2 stærri eða minni herskip liggja hèr þannig við landið um nokkurn tíma sumarsins, á líkan hátt og Frakkar, og nú einnig Einglendíngar, er á hverju ári senda híngað herskip. Ef þvílík skip kæmi hèr á ári hverju, þá mundi þau geta komið við á öllum hinum heldri höfnum í hverri sýslu og tekið við mönnum þeim, er útboðaðir væri, og er ekki efunarmál, að þessi tilhögun ætti bezt við í alla staði. Í öllu falli bæri amtmanni að ákveða og auglýsa fyrir fram, á hvaða höfn hver af þeim útboðuðu skyldi koma til að verða fluttir hèðan, eða til að þjóna á skipi því, er við þeim tæki.

Loksins álítur nefndin mjög verulegt og öldúngis nauðsynlegt, eins og líka hefir verið tekið fram í álitsskjölum amtmannanna, að hinir útboðuðu verði, eptir endaða þjónustu, fluttir híngað aptur, og leystir hèr frá herþjónustunni *(afmynstrede)*, þar annars mætti búast við, eptir því sem ekki sjaldan hefir átt sèr stað um menn, sem ferðast hafa hèðan til Danmerkur til að nema handiðnir, að þeir aldrei kæmi híngað aptur, og landið þannig færi á mis við enn þá fleiri vinnukrapta.

Samkvæmt öllu því, sem þannig er talað, leyfir nefndin sèr að stínga upp á:

1., að þíngið ráði frá, að tekju- og útgjalda-áætlun Íslands verði, samkvæmt því, sem stúngið er upp á í konúngsúrskurði 27. maí þ. á., lögð fyrir alþíngi til álita, hvort heldur væri eitt sinn fyrir öll eða á tilteknum tímamótum.

2., að þíngið beri þá bæn fram fyrir stjórnina, að alþíngi veitist ályktanda vald hvað tekju- og útgjalda-áætlun Íslands snertir, en að úr ríkissjóði verði greitt til landsins ákveðið árlegt tillag um tiltekna áratölu, og að frumvarp eða uppástúnga um hið nákvæmara fyrirkomulag á þessu verði lagt fyrir næsta þíng.

3., að þíngið að sínu leyti ekki skorist undan því, að á Ísland sè lögð útboðsskylda til hins konúnglega herflota þannig:

a, að tala þeirra, sem á sèrhverjum tíma sè hèðan úr landi í útboðsþjónustu á herflotanum, eigi verði hærri en 2 af þúsundi.

b, að þeir verði í fastri þjónustu og þjónustutíminn ákveðinn til tveggja eða þriggja ára.

c, að útboðið sè bundið við 18 ára aldur.

d, að prestar semji og haldi við skýrslum yfir alla útboðsskylda, og sendi nafnaskrá yfir þá innan ársloka til sýslumanns, en hann sendi innan janúarmánaðarloka allar prestaskýrslurnar til amtmanns, sem þar næst, samkvæmt ákvörðuninni um útboðstöluna fyrir allt landið og eptir fólksfjölda, ákveður, hvað margir skulu útboðast til herflotaþjónustu úr hverri sýslu það ár.

e, að útboðsþíng til að ákveða, hverja útboða eigi til herflotaþjónustu, sè haldið á ári hverju, á hentugum stað í sýslunni á tímabilinu frá byrjun maímánaðar til loka júnímánaðar, þannig að staður og tími sè tiltekinn og auglýstur fyrirfram, og sè þínginu stjórnað af sýslumanni og lækni, en allir þeir, sem á útboðsaldri eru, sè skyldir að mæta þar, að viðlögðum sektum.

f, að hinir útboðuðu sè skyldir að fara til þeirrar hafnar, er af amtmanni yrði fyrirfram auglýst, til þess að flytjast til Danmerkur, eða, ef herskip skyldi verða látin liggja hèr, til þess að þjóna á þeim, en að þeir fái ferðapeninga frá heimili sínu til hafnarinnar.

g. að hinir útboðuðu verði eptir endaða þjónustu á herflotanum fluttir hingað aptur og leystir hèr af herþjónustu.

Reykjavík, 3. ágúst 1857.

J. Guðmundsson. *V. Finsen,* *E. Ó. Kúld.* *M. Andrèsson.*
form. og framsögum. *G. Brandsson.*

Þar eð nokkrir þíngmenn óskuðu þess, og þíngið fèllst á það, að fylgiskjöl máls þessa væri lesin upp, þá voru þau einnig upp lesin, svo hljóðandi:

„Yðar hávelborinheit hafið í vinveittu brèfi frá 4. júní seinastliðna, sökum hermanna-útboðs af Íslandi, sem dómsmálastjórnin hefir í hyggju til skipaflota Dana, mælzt til þess af oss undirskrifuðum, að vèr lètum í ljósi meiníngar vorar um það, hvort útboð þetta verði framkvæmt, og einkanlega um aldur útboðsmanna, tölu þeirra og herþjónustutíma; hvernig fara ætti að koma útboðsmönnunum til Danmerkur, hverjir og hvernig ætti að fyrirtaka útboðið, sem og um það, hvað hèr við væri nákvæmar athuganda.

Í þessu tilefni njótum vèr þeirrar æru að hreifa eptirfylgjandi atriðum:

Ef sett er á stofn útboð á Íslandi, mun það, hvernig sem leitazt er við að koma því skipulega fyrir, mæta mörgum örðugleikum, hvað landslagið snertir, enn þótt nú gert væri ráð fyrir, að þeir væri sigrandi, mundi mega koma með margar og merkar mótbárur móti slíku útboði, þar eð það er kunnugt og einnig almennt viðurkennt, að landið þarfnast alls þess vinnukrapts, sem það á yfir að ráða, og þarf jafnvel meira með; en hið fyrirhugaða útboð hlýtur að stefna í gagnstæða átt. Með tilliti til landsins getur einúngis verið að ræða um útboð eptir mjög litlum mælikvarða, og þá kemur sú spurníng fyrir, eins og af sjálfs dáðum, hvort það megi álítast ómaksins vert, að koma því á stofn, sem ekki er nema nafnið, en fullnægir ekki tilgángi sínum, og sem þar að auki hefir í för með sèr mikinn kostnað og er erfitt í framkvæmdinni. Vèr höfum því verið í ekki all-litlum vafa um það, hvort til þessa væri ráðanda eða málefnið framkvæmanda, en eins og málefninu er nú komið, og einkum með tilliti til þess, að vèr gjörum ráð fyrir, að það verði lagt fyrir alþíngi, höfum vèr álitið það rèttast að fara ekki leingra út í það að þessu leyti, og vèr víkjum þannig máli voru að aðferðinni, sem vèr, ef geingið er út frá því, að hið fyrirhugaða útboð komist í kríng, ímyndum oss hagfelldasta eptir ásigkomulagi landsins.

Vèr höfum þegar leyft oss að láta í ljósi, að hliðsjón til hinna litlu vinnukrapta landsins leyfi ekki að stofna hið fyrirhugaða útboð nema eptir mjög litlum mælikvarða, vèr hyggjum þannig, að ákveða ætti 1 af þúsund árlega, og mundi það verða 60 af

öllu landinu; ef leingra væri farið, mundi það að voru áliti gánga of nærri vinnukröptum landsins.

Lægsta aldurstakmarkið álítum vèr að ætti að vera ákveðið 19 eða 20 ár; það ætti að semja nafnaskrár yfir alla þá, sem eru á þessum aldri, í hverri sókn, ætti þær að sendast hèraðsprófastinum, en frá honum ætti þær að sendast sýslumönnunum á hverju ári í aprílmánuði, síðan ætti sýslumaðurinn að halda fund í júnímánuði á haganlegum stað, sem áður væri tiltekinn, og þángað yrði að boða alla þá, sem eru á hinum tiltekna aldri, og láta hlutkesti ráða, hver útboði ætti að gegna; hina yngri ætti fyrst að taka til útboðs. Það er vitaskuld, að læknir ætti að vera viðstaddur, eins og ferðakostnur líklega yrði að borgast útboðsmönnum þeim, er fundinn sækja, viðlíka og hergaungupeníngar í Danmörk; sýslumaður og læknir yrði einnig að fá dagpeníngа, eins og í öðrum opinberum málum.

Herþjónustutíminn ætlum vèr að ætti að vera ákveðinn 2 ár og útboðið endurnýjast árlega.

Útboðsmennirnir ætti síðan að koma saman á ákveðnum tíma úr hverju amti úr einhverjum af hinum svo nefndu aðalverzlunarstöðum, Eyjafirði,Eskifirði, Ísafirði, Stykkishólmi, Vestmannaeyjum og Reykjavík, og ætti gufuskip, sem stjórnin í því skyni sendi út híngað, að sækja þá þángað, þar eð vèr ætlum það ógjörníng, að allir útboðsmenn kæmi saman á einn stað. Vera má, að fá mætti útboðsmönnum far með kaupskipum frá þeim höfnum, er þeim væri næstar, eptir gjörðum samníngi við kaupmenn, er hlut ætti að máli, en með því tíminn, sem þessi skip fara hèðan á, er og hlýtur að vera nokkuð óviss og óákveðinn, getur vel verið, að þessi aðferð væri varla ráðleg.

Vèr ætlum, að leysa ætti útboðsmenn af herþjónustu á hverri um sig af þeim 6 aðalhöfnum, samhliða því sem teknir væri aptur hinir nýju útboðsmenn, því ef þeir væri ekki leystir af herþjónustu á Íslandi, óttumst vèr, að margir þeirra mundi heldur vilja vera erlendis, og með því móti mundi landið missa af vinnukröptum þeirra framvegis, reynslu þeirri og þekkíngu, sem þeir hefði aflað sèr.

Að endíngu getum vèr þess, að Dr. Hjaltalín hefir kosið að rita um þetta málefni einn sèr, og eptir því sem vèr höfum komizt næst, er álit hans einnig þegar komið til amtsins.

Reykjavík, þann 27. ágúst 1856.

P. Jónassen. V. Finsen. Jón Guðmundsson.

Hávelbornum

herra stiptamtmanni greifa *Trampe.*

Með þóknanlegu brèfi af 4. júni seinastliðna hefir stiptamtið æskt að heyra álit nokkurra embættismanna, sem hèr eru, um það, að hvað miklu leyti útboð af landinu til danska flotans gæti álitizt mögulegt eða ekki, sömuleiðis að menn nákvæmar tæki fram aðferðina, með hverri þetta útboð yrði framkvæmt, og þar eð eg undirskrifaður hefi ásamt með hinum öðrum embættismönnum optar en einu sinni átt fund um málefni þetta, án þess að vèr á fundunum höfum getað komizt að nokkurri endilegri niðurstöðu, þá leyfi eg mèr hèr með æruskyldugast að senda amtinu mína eigin skoðun um þá áformuðu útboðsfyrirætlun og þær kríngumstæður, sem að henni lúta.

Eins og það yfir höfuð er viðurkennt í öllum menntuðum ríkjum, að sú reglusemi og hlýðni, sem úngir menn fljótast og bezt læra og venjast á í hermannastöðunni, er ágætlega vel fallin til að mennta þá á ýngri árum til reglusemi og hlýðni, þannig efast eg alls ekki um, að sú óhlýðni og óregla, sem á sèr stað á þessu landi, er mestmegnis af því sprottin, að menn híngað til hafa verið fríir fyrir herþjónustu og útboði til flotans. Margir hafa híngað til skoðað það sem mikið lán, að Ísland hefir verið undanþegið herútboði, en eg er ekki á þessari skoðun, því eg álít, að þessi undanþága hafi verið landi þessu til meira tjóns en gagns, og að hún að nokkru leyti sè orsök til, að bændur vorir og fiskimenn hafa sárlitla hugmynd um að skipa fyrir og hlýða.

Ísland er án efa hin einasta ey í allri Evrópu, sem svo að segja er alveg sjómannalaus, og þótt fiskimennirnir hèr hafi á sinn hátt stundað fiskiafla og sjóferðir í mörg hundruð ár, þá eru menn enn þá ekki komnir svo lángt, að þeir af eigin rammleik geti gjört út eitt einasta kaupskip til landa þeirra, er næst liggja. Fiskiaflinn hèr við land er stundaður enn með sama bernskubrag og óskynsemi, eins og fyrir 4 öldum, og það er því, þegar á allt er litið, mikið vafamál, hvort vèr nokkurn tíma, með því uppeldi, sem nú á sèr stað á landi hèr, komumst leingra áleiðis; samt sem áður hljóta allir, sem til þekkja, að játa, að þeirri aðferð, sem höfð er við sjóferðir og fiskiafla, er í mesta máta ábótavant, að hún er bernskuleg og hættuleg, og að það sè því mjög vafasamt, hvort hluttaka bóndans í fiskiaflanum er ekki lángtum fremur til tjóns en gagns fyrir landið og ágóða þess.

Það er almennt álitið, að tala Íslendínga, sem árlega stunda fiskiafla, sè hèr um bil 8000 manns á ári, en ef saman er borinn ágóði þeirra við hinna frönsku fiskimanna, sem árlega liggja hèr við land til fiskifánga, og sem ekki eru fleiri en 900 manns, þá mun

það verða ofan á, að þessi 900 franskra fiskimanna gjöri meira gagn, en 8000 Íslendíngar, og þetta virðist ljósast sanna það, hversu aumur og ófullkominn allur vor sjóarútvegur er. Hèr við bætist enn, að Ísland verður árlega fyrir miklum vinnukraptamissi af hinum mikla fjölda fiskimanna, sem árlega farast í sjónum, sökum ókunnugleika mannanna á siglíngum og sjáarútveg. Margir ferðamenn hafa þegar fyrir laungu verið hlessa á því, hversu margir drukknuðu á Íslandi í samanburði við fólksfjöldann, og herra jústizráð Schleisner segir ekki án orsaka, *að það gegni eingu hófi;* hann rannsakaði, að frá 1835 til 1844 hefði samkvæmt dánarskránum 530 manns drukknað hèr á landi, og þó var þessi áratugur alls ekki hinn óblíðasti á þessari öld. Þessi rithöfundur hefir tekið það aldeilis rètt fram[1], „að ekkert land sè til, þar sem tala hinna drukknuðu sè eins óhemjulega mikil og á Íslandi, og hann heldur, að tala hinna drukknuðu sè $^1/_4$ allra karlmanna, sem deyja á bezta aldri". Þetta óhemjulega árlega manntjón á Íslandi verður samt sem áður eptir minni fullu sannfæríngu ekki fyrirbyggt á annan hátt, en að Íslendíngum á ýngri árum sè kennd sjómennska og þeir sè í tíma vandir við reglulega sjóþjónustu; að þetta aldrei verði á hinum slæmu og ónýtu íslensku fiskibátum, um það er eg fullkomlega sannfærður, og mèr sýnist, að hin dýrkeypta mörg hundruð ára gamla reynsla hafi nógsamlega sannað þetta.

Af þessum ástæðum skoða eg líka útboð úngra Íslendínga til danska flotans sem mjög æskilegt fyrir Ísland, því það hlýtur, eins og nú eru kríngumstæðurnar, að álítast bezt fallið til, að koma inn hjá úngum mönnum á Íslandi hugmynd um sjóferðir og til að vekja Íslendínga af gömlu deyfðinni í því tilliti; en þessi deyfð sviptir marga menn lífi árlega.

Margir munu þeir að líkindum, sem mun virðast útboð af Íslandi mjög erfitt í framkvæmdinni, en eg ætla, að menn sè of hneigðir til að gjöra úlfalda úr mýflugunni, hvað þessa erfiðleika snertir, það er eflaust æfinlega hægt að búa sèr til og finna erfiðleika, en menn mega ekki láta afvegaleiðast af raungum tilgátum; eg er á því, að hið fyrirhugaða útboð ætti ekki að vera meira en 1 af þúsundi landsmanna árlega, og að herþjónustutíminn varla ætti að vera leingri en 2 - 3 ár. Eptir slíkri fyrirætlun ætti hver sýsla á Íslandi, eptir stærð hennar, að leggja til flotans 2—4 únga menn á vissum aldri

[1]) Sjá jústizr. Schleisners „Island undersögt fra et lægevidenskabeligt Synspunkt". Kjöbenhavn 1856, pag. 89.

árlega, og þeim (ɔ: útboðsmönnunum) mætti að minni meiníngu, án mikils kostnaðar, koma til Danmerkur með kaupskipum frá hverri höfn um sig í hverri sýslu; en úr þeim fáu sýslum, þar sem eingir kaupstaðir eru (t. d, úr Skaptafellssýlsunum) mætti koma þeim frá næsta verzlunarstað. Eg ímynda mèr, að danska stjórnin mundi geta án stórvægilegs kostnaðar komizt út af þessu við íslenzku kaupmennina, sem eiga heima í Kaupmannahöfn, og að þetta yrði miklu ódýrara, en að láta gufuskip sækja mennina híngað frá Danmörk, því ef hið síðara yrði ofan á, mætti gjöra ráð fyrir, að slíkt gufuskip annaðhvort yrði að koma á fjölda-margar hafnir kríngum landið, ellegar útboðsmennirnir yrði að fara mjög örðugar ferðir, ef gufuskipið ætti að eins annaðhvort að koma á eina eða nokkrar einstakar hafnir.

Menn hafa á ýmsa vegu beitt því sem mótbáru í móti hinu umrædda útboði, að mikill hluti útboðsmanna ekki mundi koma aptur til Íslands; eg held, að þetta sè æði-ósennileg tilgáta; auk þess sem ættarsambönd, væntanlegur arfur o. s. frv. mundi draga flesta þessara manna heim til ættjarðar þeirra aptur, mundi þessir íslenzku sjómenn, þegar þeir væri orðnir vel að sèr í sjóferðum, og hefði skoðað sig um í heiminum, sjá skjótt, að íslenzku fiskileitirnar launa manni miklu betur og vissar, ef þær eru skynsamlega notaðar, en hinar stopulu ferðir á kaupskipum. Þar að auki væri hægt að koma í veginn fyrir það, að útboðsmenn yrði eptir erlendis, með því að þeir væri leystir af herþjónustunni hèr á landi.

Útboðsmennirnir ætti eptir minni meiníngu að vera frá 19—21 árs gamlir, að báðum tölum meðtöldum. Það er sjálfsagt, að það yrði að semja nafnaskrár yfir alla, sem væri á þeim aldri, og ætti þá að senda þær sýslumanninum í hverri sýslu; síðan ætti sýslumennirnir ásamt hèraðslækninum fyrir dagpeninga þá, sem venjulegir eru í Danmörk, að halda útboðsfund í júnímánuði ár hvert, og ætti hlutkesti að ráða þar málalokum meðal þeirra, sem færir væri um herþjónustu.

Merkasta mótbáran móti hinu umrædda útboði, sem fram mun koma, er óneitanlega sú, „að Ísland skortir svo mjög vinnukrapta, að það má ekki við að missa svo marga menn árlega"; en þessi mótbára mun þó að mestu leyti hverfa, þegar það er athugað, að með þeim vinnukröptum, sem nú eru fyrir hendi á landi hèr, er svo að segja sárlítið framkvæmt í samanburði við það, sem framkvæma mætti, ef vinnukröptum þeim, sem til eru, væri rèttilega beitt og

með ráðdeild, því eptir minni meiníngu skortir Ísland ekki svo mjög vinnukrapta, eins og það skortir allt skipulegt fyrirkomulag og ráðdeildarsama notkun vinnukrapta þeirra, sem til eru. Eptir minni reynslu orka ekki 2 íslenzkir erfiðismenn upp og ofan meira, en einn danskur, og samkvæmt athugasemd þeirri, sem áður er gjörð, bera 10 franskir fiskimenn í sömu fiskileitum eins mikið frá borði, og 100 Íslendíngar. Það er í sannleika að segja ekki erfiðismönnunum íslenzku að þakka, að Ísland gefur af sèr svo mikið sauðakjöt, ull og tólg, eins og það gjörir, heldur beitilöndunum á Íslandi og jarðveginum, sem, hversu heimskulega og bernskulega sem með hann er farið, sýnir þó, að hann er lángtum frjórri og betri, en menn híngað til hafa ætlað, og sem, ef hann væri yrktur skynsamlega og með ráðdeild, mundi á mörgum stöðum bera góðan ávöxt.

Eg ímynda mèr því, að Íslendíngar, ef þeir kæmist út í heiminn, og heimsækti önnur lönd, mundi hafa gott af því að sjá, hversu lángt þeir stæði á baki annara þjóða, og það getur varla brugðizt, að einkum þetta mundi hafa gagnleg áhrif á hina uppvaxandi kynslóð. Mönnunum er svo varið, að þeir verða fyrst að sjá yfirsjónir sínar og bresti, áður en menn geti vænt, að þeir fari að bæta þá og leiðrètta, og almenn viðurkenníng um hið herfilega ástand iðnaðar vors mundi eflaust hafa góð áhrif á hina uppvaxandi kynslóð. Menn mundi þá sjá af dæmum annara landa, að gamla deyfðin hjá oss, og óvaninn, sem með henni er inngróinn, yrði þó einhvern tíma að leggjast af og eitthvað betra að koma í staðinn.

Hèr við bætist nú, að Ísland hefir þó að líkindum ekki mikið gagn af þeim 60 mönnum, sem árlega drukkna hèr á landi, og yrði komið í veginn fyrir þessi þrásækilegu voðatilfelli smátt og smátt, með því, að Íslendíngar fyrir hið áformaða útboð feingi betri þekkíngu á siglíngum, þá mundi einnig þetta vera mikill hagur fyrir landið.

Reykjavík, þann 22. ágúst 1856.

æruskyldugast

J. Hjaltalín.

Til

stiptamtsins yfir Íslandi

Stjórnarráðið hefir 28. aprílm. þ. á., sökum þess að fjárlaganefnd þjóðþíngsins lèt í ljósi, að það yrði að álítast æskilegt, ef alþíngi gæti feingið samþykkis-vald með tilliti til hinna íslenzku málefna, jafnvel þó það kynni að verða nauðsynlegt að leggja til fast-

ákveðna árlega viðbót um víst árabil, í móti því að þá að öðru leyti leggst nokkuð stærri hluttekt á Ísland í hinum almennu álögum, svo sem t. d. með því að leggja menn til herskipaflotans með útboði, gefið mèr til vitundar, að það hafi í hyggju að láta semja nauðsynlegar uppástúngur, til þess að leggja þær fyrir alþíngi, en þar að auki lagt mèr á herðar, með tilliti til spurníngarinnar um útboðið til skipaflotans, svo framarlega sem mèr kynni að virðast áminnzt fyrirrætlun framkvæmandi, að senda sèr uppástúngu, þar sem skýrt væri frá öllum atriðum út í hörgul, um það, hvernig þessu málefni yrði fyrirkomið, þar að auki hefir stjórnarráðið athugað, að það að líkindum yrði að álítast sem víst, að landslagið á Íslandi mundi gjöra talsverðar tálmanir þessari ráðstöfun, einnig að það, enn þótt það kynni að heppnast að koma útboðinu skipulega fyrir í landinu sjálfu, einkanlega mundi hafa í för með sèr mikinn tilkostnað, að flytja útboðsmennina til Danmerkur, en eins og þetta óhagræði þó mundi mikið minnka, svo framarlega sem gjört væri út gufuskip, er lægi undir Íslandi, þannig hlyti það einnig að álítast sem víst, að framkvæmd slíkrar ráðstöfunar gæti orðið Íslendíngum sjálfum til gagns, einkanlega að því leyti sem nokkrir þeirra með því móti færi að hafa afskipti af öðrum þjóðum.

Með tilliti til þess, hvað spurníng þessi er áríðandi fyrir Ísland, og þar eð mèr er kunnugt, að íbúar lands þessa eru mjög tregir til að fallast á nokkra nýja ráðstöfun, hefi eg álitið það rèttast, áður en eg kæmi fram með mínar athugasemdir, sem um er beðið, að fá um þetta mál álit nokkurra innfæddra landsmanna, sem eg varð að álíta að mundi hafa þá þekkíngu, sem í þessu atriði er nauðsynleg, og sem mundi vera kunnugt, hvernig menn væri skapi farnir með tilliti til spurníngar þeirrar, er fyrir var lögð, hvers vegna eg þegar, eptir að eg hafði feingið brèf stjórnarráðsins, setti nefnd manna, og voru í henni jústitíaríus í yfirrèttinum *P. Jónassen,* kanselíráð landfógeti *V. Finsen,* alþíngismaður *Jón Guðmundsson* og landlæknir Dr. med. *Hjaltalín.*

Eptir nefndaráliti þessara manna, er eg hefi meðtekið í dag, virðist það sýnilegt, að 3 hinir fyrstnefndu herrar álíta örðugleikana á framkvæmd hinnar umspurðu ráðstöfunar meiri, en hagsmuni þá, er vænta megi af henni, en aptur á móti heldur landlæknir Dr. Hjaltalín, að hæglega megi fyrirbyggja þessa örðugleika, og að þeir hagsmunir, sem að líkindum muni fljóta af slíkri ráðstöfun fyrir Íslendínga, muni verða svo miklir, að, hvað Íslandi við víkur, ekki ætti

að vera því neitt til fyrirstöðu að fallast á þessa ráðstöfun. Allir nefndarmennirnir hafa látið þess getið þar að auki, að svo framarlega sem mönnum virtist yfirgnæfanleg ástæða til að fallast á slíka ráðstöfun, ætti útboðið þó ekki að fara fram yfir 1 af þúsundi hverju af landsmönnum.

Hvað örðugleikana á hinu þannig fyrirhugaða útboði snertir, þá eru þeir vissulegn ekki ósigrandi, en þeir eru eingan veginn lítilsverðir, og þeim svo varið, að sigurinn yfir þeim hefir í för með sèr æði-mikinn kostnað, einkanlega í samburði við árángurinn, sem af því mundi geta feingizt. Eg hlýt að vera samdóma nefndinni í því, að útboð getur að eins fram farið eptir mjög lágum mælikvarða í því landi, þar sem fólksfjöldinn er svo lítill, og þar sem menn því vissulega ekki um skör fram kvarta um skort á vinnukröptum. Þegar útboðið er ákveðið samkvæmt þessu 1 af þúsundi hverju landsmanna, eða hèr um bil 3 úr hverri sýslu, og þegar allir, sem á útboðsaldri eru, eiga árlega að ferðast til samkomustaðarins, svo að þessum fáu verði boðið út, þá er þetta einkanlega í hinum víðlendari sýslum, ekki einúngis mjög erfitt, heldur einnig lángvinnt, og það á þeim tíma ársins, sem flestir af þeim, er mæta eiga, þurfa að vinna það, sem nauðsynlegt er til lífsins viðurhalds á hinum tíma ársins. Hèr við bætist, að þegar útboð yrði fyrirtekin, sem að vísu hlyti að verða ofan á, af sýslumanni og viðkomanda lækni, þá munu útboðsfylkin verða 19, en læknarnir eru að eins 8 á landinu, svo að framkvæmd þessarar ráðstöfunar yrði komin undir því, að talsvert fleiri læknar yrði settir, nema ákveðinn yrði ýmislegur tími til útboðs í sýslunum, þar sem fleiri en ein heyra til hverju læknisumdæmi, en þetta mun í mörgu tilliti verða mjög óhagkvæmt, og jafnvel óvinnanda fyrir læknana, einkanlega ef landfarsóttir geisa.

Það verður þar að auki að takast til greina, að hvað Ísland áhrærir, verður það að álítast með öllu nauðsynlegt, að útboðsmennirnir, eptir að þeir hafa gegnt herþjónustu í 2 eða 3 námsár, verði að hverfa híngað aptur, ekki einúngis til þess að menn gæti notið góðs af dugnaði þeim, sem þeir hefði aflað sèr sem sjómenn, heldur einkum af því landið gæti ekki vel þolað að missa marga af hinum beztu vinnukröptum af hinum litla fólksfjölda árlega; aptur á móti mun það að líkindum ekki verða neinn eiginlegur hagnaður fyrir flotann, nema því að eins að útboðsmennirnir, eptir að þeir hefði þjónað námstíma sinn, færi á verzlunarflotann, hvaðan þeir, ef ófrið bæri að hendi, yrði feingnir á herskipin, því það mundi alls ekki vera tiltækilegt í

slíkum tilfellum, að smala þeim í hinum ýmsu hlutum þessarar víðlendu eyjar. Hvað viðvíkur því, að koma útboðsmönnunum til Danmerkur, þá verður það ekki torvelt, ef, eins og stjórnarráðið hefir bent til, gufuskip yrði látið vera hèr við land, þar eð það skip hæglega mundi geta á hinum 6 aðalverzlunarstöðum Íslands, eins og þeir einnig gæti komizt aptur heim með þessu skipi að loknum námstíma sínum, til að leysast af herþjónustu. Ef velja ætti þá aðferðina, sem nefndin hefir bent á, að senda þá með kaupskipum, má eg geta þess, að hin venjulega borgun fyrir einn mann hèðan til Kaupmannahafnar er nú á tímum 30 rdl., og þess vegna fyrir útboðsmennina á einu ári hèr um bil 1800 rdl.

Eptir því sem nú hefir verið áminnzt, virðist mèr, að hagnaður sá, sem yrði af hinni umspurðu ráðstöfun, ekki mundi samsvara þeim örðugleikum og kostnaði, sem framkvæmd hennar eru samfara, og þannig dirfist eg ekki að mæla með uppástúngu fjárlaganefndarinnar til frekari aðgjörða í umrædda stefnu. Ef stjórnarráðið allt að einu fyndi yfirgnæfandi ástæður að leggja þessa fyrirrætlun fyrir alþíngi, skal eg leyfa mèr að stínga upp á:

1. Að tala útboðsmanna sè ákveðin 1 af þúsundi hverju af landsmönnum.
2. Að útboðsaldurinn sè ákveðinn 19—21 árs.
3. Að herþjónustutíminn sè fastákveðinn 3 ár.
4. Að útboðið fari fram í júnímánuði ár hvert á vissum degi, sem sè einu sinni fastákveðinn, í Reykjavík, hvað þann bæ snertir, og í hverri sýslu á þeim stað sem sýslumaðurinn hefir aðsetu, þannig að út verði boðið:

a	frá Reykjavík	1 árlega.
b	— Kjósar- og Gullbríngusýslu . . .	4, annað hvert ár 5.
c	— Árnessýslu	5.
d	— Rángárvallasýslu	5, 3. hvert ár 4.
e	— Vestmanneyjasýslu	2. hvert ár 1.
f	— Skaptafellssýslu	3, 3. hvert ár 4.
g	— Borgarfjarðarsýslu	2.
h	— Mýra- og Hnappadalssýslu . .	2, 3. hvert ár 3.
i	— Snæfellsnessýslu	2, 2. hvert ár 3.
k	— Dalasýslu	2.
l	— Barðastrandarsýslu	2, 2. hvert ár 3.
m	— Ísafjarðarsýslu	4, 5. hvert ár 5.
n	— Strandasýslu	1, 3. hvert ár 2.

o frá Húnavatnssýslu . . . . . 4.
p — Skagafjarðarsýslu . . . . . 4.
q — Eyjafjarðarsýslu . . . . . 4.
r — Þíngeyjarsýslu . . . . . 4, 2. hvert ár 5.
s — Norður-Múlasýslu . . . . . 3, 5. hvert ár 4.
t — Suður-Múlasýslu . . . . . 3.

5. Að útboðið sè framkvæmt í Reykjavík af bæjarfógetanum og annars af sýslumanni, einnig af lækni þeim, sem settur er yfir hvert lögsagnarumdæmi; hinn síðastnefndi sker úr því, hvort menn sè færir til herþjónustu sökum líkamsskapnaðar þeirra samkvæmt reglum þeim, sem ákveðnar eru í þessu tilliti fyrir Danmörk.
6. Að sèrhver prestur haldi nákvæma nafnaskrá yfir alla þá karlmenn, sem í sóknum hans eru á útboðsaldri, og sendi sýslumanninum afskript af henni fyrir maímánaðarlok ár hvert.
7. Að útboðsmenn sè komnir til þeirrar höfuðhafnar, sem næst er heimili hvers eins, á þeim degi, sem einu sinni yrði ákveðinn fyrir hvern verzlunarstað, og á hverjum gufuskip það, sem yrði látið liggja undir Íslandi, mundi þar koma, til að sækja útboðsmennina.
8. Að þeir, sem búnir eru að þjóna sína tíð, verði fluttir á gufuskipi því, sem ætlað yrði Íslandi, hver til þeirrar hafnar, er hann fór frá, og leystur þar af herþjónustu.

Íslands stiptamtshúsi, þann 26. ágúst 1856.

J. D. Trampe.

Til
dómsmálastjórnarinnar.

Með tilliti til þess, að fjárlaganefnd sú, er sett var af þjóðþínginu, hefir getið þess í nefndaráliti sínu sem uppástúngu til ríkisfjárlaganna fyrir reikníngsárið $18^{56}/_{57}$, að það mætti virðast æskilegt, ef alþíngið gæti feingið ályktanda vald með tilliti til hinna íslenzku málefna, en einnig kveðið upp úr með það, að þá yrði líklega á hina hliðina að leggja á Ísland nokkru meiri hluttekt í hinum almennu álögum, t. d. að leggja menn til herskipaflotans, hefir stjórnarráðið í þóknanlegu brèfi, dags. 28. apríl f. á., óskað minna athugasemda viðvíkjandi þessu sèrstaka bendíngaratriði, og þar að auki lagt fyrir mig, að svo miklu leyti, sem mèr kynni að virðast fyrirætlunin um hermannaútboð framkvæmandi, að stínga upp á, hvernig þessu atriði yrði fyrirkomið.

Í þessu tilliti skal eg þegnsamlegast leyfa mèr að gjöra eptirfylgjandi athugasemdir.

Eins og hið háa stjórnarráð hefir athugað, gjörir landslagið hèr ekki all-lítinn tálma framkvæmd hinnar fyrirhuguðu fyrirætlunar, og það verður þannig að takast til greina, að samníng hinna nauðsynlegu sjóskráa hlyti í fyrstunni á þessu landi, þar sem allt þar að lútandi er með öllu ókunnugt, að hafa í för með sèr mikla örðugleika og óhægð, og útboðið sjálft, sem að líkindum yrði að fram fara eptir sýslum, og skiptast með jöfnuði á allt landið að tiltölu við fólksfjöldann í hinum víðlendu hèruðum hèr á landi, hlyti að vera einkar fyrirhafnarmikið, eins og einnig ferðir útboðsmanna úr hèruðum þeim, sem liggja fjarri sjóarsíðunni, mundi verða æði-kostnaðarsamar. Einkum mundi þó koma fyri margir örðugleikar, ef útboði hèr á landi ætti að verða eins háttað, og í Danmörk, og allrahelzt, þegar ætti að halda árlega samkomur á tilteknum stöðum í víðlendum sýslum, og þángað ætti að koma allir þeir, er á útboðsaldri væri, og þar ætti einnig hinir fáu læknar, sem hèr eru skipaðir, að vera viðstaddir, sem hafa yfirsókn um 2 og 3 sýslur, og fyrir þessa örðugleika mætti þó líklega sneiða.

Í samanburði við hina miklu víðáttu lands þessa, er fólksfjöldinn, eins og kunnugt er, mjög lítill, og þar eð hinir laungu vetur og stuttu sumur valda því, að vanalega verður að eins helmíngur ársins, já stundum ekki nema 5 mánaða tími notaður til afla bóndans við útivinnu, er hèr mikill skortur á vinnufólki, einkum á vinnumönnum, og mundi þessi skortur enn meir aukast, ef farið væri að gjöra gángskör að þeirri tilhögun, sem hèr er um spurt, eptir að menn hèr í norðurlandi eru farnir að stunda hinn ábatasama hákallaafla með meiri atorku og víðar í verstöðunum, og í því skyni sækjast menn ákaft eptir dugandi mönnum ofan úr sveit um.

Mismunurinn á túngunni og lifnaðarháttum mundi einnig að minnsta kosti fyrst um sinn gjöra nokkra fyrirstöðu.

Þar að auki liggur annað því nær árlegt, einkar hörmulegt útboð á Íslandi, þar sem mikill fjöldi, og það hinna duglegustu manna, fer í sjóinn, sumpart við hákallaaflann, sumpart við fiskiaflann, auk þess sem varla nokkurt ár líður svo, að ekki annaðhvort margir menn drukkni í hinum hættulegu ám á landinu, eða verði úti í byljum.

Sökum þess, sem nú hefir verið talið, getur útboðið, ef það verður á lagt, ekki orðið nema eptir mjög litlum mælikvarða, og ætti

vissulega ekki að vera meira en 1 af hverju þúsundi af fólksfjölda landsins, hvers vegna hagur sá, sem danski herkipaflotinn hefði af útboðinu, mundi líklega ekki í neinu samsvara kostnaði þeim og örðugleikum, sem útboðið mundi hafa í för með sèr fyrir Danmörk, því jafnvel þó gufuskip eitt yrði látið liggja við Ísland í öðrum tilgángi, eins og stjórnarráðið hefir bent á, þá mundi þó ferð útboðsmanna með gufuskipinu til Danmerkur kosta æði-mikið, eins og vera útboðsmanna í Danmörk, áður en þeir kæmist á flotann, mundi líklega ekki heldur verða kostnaðarlaus fyrir ríkissjóðinn, þar að auki má það ekki gleymast, að sjórinn í kríng um Ísland er víða svo ókunnugur, að það mundi vissulega ekki vera hættulaust fyrir gufuskipið að leggja til hafna þeirra, er það ætti að fara til, til að taka við útboðsmönnum, og frá því mundi rekísinn grænlenzki einnig á stundum hamla því. Hèr við bætist, að hin litla fólkstala Íslands ekki mundi þola hið litla, áminnzta, árlega útboð, 1 af hverju þúsundi, nema því að eins að útboðsmennirnir allajafna, eptir að þeir hefði endað vinnutíma sinn á flotanum, kæmi aptur út til Íslands og yrði leystir hèr af herþjónustu, og á annan hátt gæti ekki heldur orðið neitt gagn fyrir Ísland af því, þó Íslendíngar væri settir á danska flotann, en eins og ferð útboðsmanna heim aptur einnig mundi hafa í för með sèr kostnað, eins mundi það á ófriðartímum verða mjög erfitt og kosnaðarsamt, að leita uppi í ýmsum sveitum Íslands þá menn, sem verið hefði í herþjónustu.

Óneitanlega mundi framkvæmd hinnar fyrirhuguðu ráðstöfunar verða að gagni fyrir Ísland, og einkum mundi hún efalaust hjálpa mikið til að koma upp dugandi sjómönnum, en í þessu máli má að öðru leyti ekki láta það óáhrært, af því það er ekki alveg ómerkilegt atriði, að veran erlendis getur afvegaleitt, og hefir í för með sèr margar freistíngar, eptir að maður hefir svo snögglega yfirgefið hið kyrrláta og afskekkta líf, sem Íslendíngar lifa heima fyrir.

Jafnvel þó eg nú hljóti að álíta, að það liggi í kríngumstæðunum, að Ísland, einkanlega ef alþíngi verður leyft meira vald með tilliti til eigin málefna landsins, þá einnig taki meiri hluttekt í almennum álögum, og til þess hlyti þá einkum að teljast, að láta af hendi menn til skipaflotans, jafnvel þó þetta í sjálfu sèr mætti virðast landinu sjálfu í hag, að því leyti sem nokkrum af landsmönnum gæfist með því færi á að komast í nánari viðkynníngu við aðrar þjóðir, þá virðist mèr þó, samkvæmt því, sem að ofan er útlistað,

það vera nokkurn veginn bersýnilegt, að Danmörk hljóti að kosta miklu meira til, en samsvarar þeim liðstyrk, sem herskipaflotinn mundi fá með því, og að hagnaðurinn fyrir Ísland af framkvæmd þessarar fyrirætlunar muni hafa í för með sèr yfirgnæfandi álögur og tálmanir, einkanlega á meðan allt á landi hèr er svo að segja í æsku, en ef hin fyrgreinda ráðstöfun þætti allt að einu tiltækileg og samsvarandi tilgángi sínum, leyfi eg mèr með tilliti til aðferðarinnar, með hverri hún gæti framkvæmzt, einúngis að benda á, að hverjum sóknarpresti ásamt viðkomandi hreppstjóra ætti líklega að leggjast á herðar í byrjun nóvemberm. ár hvert að semja, eptir að þeir hefði feingið nákvæmari reglur í því tilliti, hinar nauðsynlegu nafnaskrár yfir þá, sem væri skyldir til og færir um að gegna útboði, og ætti aldur þeirra að vera ákveðinn frá 20 til 25 ára, einnig að senda skrár þessar sýslumönnunum fyrir mánaðarlokin, en sýslumennirnir ætti aptur fyrir árslokin að senda skrár þessar ásamt aðalskrá til amtsins, sem þá ætti með póstskipinu í næstkomandi marzmánuði að senda þessa aðalskrá dómsmálastjórninni, sem samkvæmt útboðslögunum þá mundi eptir fólksfjöldanum geta ákveðið tölu þeirra manna, sem bjóða ætti út frá hverju amti á því ári; aptur á móti mætti víst fela amtmönnum á hendur, að skipta álögunum niður á sýslurnar og hreppana að tiltölu við fjölda þeirra manna, er færir væri um og skyldir til að gegna útboði, með því eg ætla, að útboð ætti að fram fara eptir hreppum og til skiptis. Sjálft útboðið ætti aptur á móti, að minni meiníngu, sýslumennirnir að framkvæma ásamt þar til kjörnum mönnum og eptir reglum, sem þeir í því tilliti yrði að fá; þar með hlyti það vissulega að eiga vel við, að leyfa hverjum útboðsmanni að setja annan fullfæran í sinn stað. Hitt annað, sem nauðsynlegt væri, þar á meðal það, að læknar rannsaki heilbrigðisástand og líkamsásigkomulag útboðsmanna, gæti yfirvöldin þar á eptir líklega séð um.

Herþjónustutíminn ætti að vera fastákveðinn í 3 ár.

Færi svo, að spurníngin um útboð til skipaflotans yrði lögð fyrir alþíngi, geta menn átt það hèr um bil víst, að málið, eins og nú er tímum farið, mundi verða notað eins og æsíngameðal, og fá það útlit af meðferð þíngsins, að það mundi vekja mikla óánægju hjá landslýðnum. Samt sem áður held eg, enn þótt skortur sè á verkfærum mönnum, að mönnum, að minnsta kosti hèr í norðurlandi, væri nú sem stendur ekki mjög móti skapi, þó Íslendíngar væri í herþjónustu á skipaflota Dana, ef að umstángi því, sem er samfara reglulegu út-

boði, ekki væri otað fram eins og grýlu, og eg leyfi mèr því að skjóta því (til stjórnarráðsins), hvort það ekki fyrirfram væri þess vert að reyna það, ef slíkt að öðru leyti ekki kynni að virðast með öllu formlaust, með tilteknum nákvæmari skilmálum að skora á landsmenn, að gefa sig með frjálsum vilja í herþjónustu á flotann, svo framarlega sem stjórnin af öðrum ástæðum ályktar að gera út gufuskip, sem liggi við Ísland.

Skrifstofu norður- og austur-amtsins á Íslandi, þann 22. janúar 1857.

Havstein.

Til

dómsmálastjórnarinnar.

Athugasemdir, gefnar nefndinni í fjárhags- og útboðsmálinu af *konúngsfulltrúanum.*

Það hefir þegar áður verið í áformi að veita alþíngi hæfilega hlutdeild, í því að ræða og semja tekju- og útgjaldaáætlun Íslands. Einkanlega var miðað til þess í frumvarpi því til laga um stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins, sem lagt var fyrir þjóðfundinn í Reykjavík 1851. En tilhögun sú, sem þar var stúngið upp á, sem miðaði til þess að gjöra greinarmun á þeim útgjöldum, er snerta Ísland sèr í lagi, og ætlazt var til að vissum tekjum landsins skyldi varið til, og öðrum útgjöldum, er Ísland skyldi leggja sem sinn skerf til almennra ríkisþarfa, mætti fullkominni mótspyrnu hjá þjóðfundarmönnum, og af því hefir leitt, að fjárhagsáætlun Íslands hefir híngað til verið tekin til meðferðar eingaungu af ríkisþínginu.

En ríkisþíngið hefir hvað eptir annað kvartað yfir því, að sig vantaði næga þekkíngu um, hvernig tilhagaði á Íslandi, þegar semja ætti fjárhagsáætlun fyrir landið, og hefir það vakið ósk manna um það, að alþíngi sè veittur meiri þáttur í þessu efni.

Samt sem áður yrði það bundið talsverðum erfiðleikum að koma þessu í kríng. Í áætluninni um tekjur og útgjöld Íslands verða nl. ofan á ekki all-lítil tekjuþrot *(Underbalance)*, sem bætt er úr, með því að ríkissjóðurinn skýtur fè til, og þarf að fá til þess samþykki ríkisdagsins. En eins og ekki væri við því að búast að alþíngi, ef það tæki að sèr starfa þann, sem ríkisþíngið híngað til hefir haft með tilliti til fjárhagsáætlunar Íslands, mundi að minnsta kosti fyrst um sinn geta afsalað sèr þann styrk, sem ríkissjóðurinn lætur í tè, til að greiða þann kostnað, er leiðir af stjórn landsins, eins væri hins vegar ekki við því að búast, að konúngsríkið mundi vilja takast skilyrðislaust á hendur skuldbindíngu til þess að skjóta til eptir-

leiðis því, sem á vantaði, eptir að gefið væri alþíngi á vald, að ákveða útgjaldaupphæðina.

Í álitsskjali fjárhagsnefndarinnar um frumvarp til fjárhagslaga 1856—57 var bent til þess ráðs í því skyni að koma þessu fyrir, að meðferð hinnar íslenzku fjárhagsáætlunar mætti fela alþíngi, móti því að ríkisþíngið samþykki ákveðið árlegt fjártillag handa Íslandi um vissa áratölu, en jafnframt var þá tekið fram, að þá yrði hins vegar að gjöra Íslandi að skyldu meiri hlutdeild í almennum ríkisbyrðum t. a. m. í útboði til herflotans.

Þó að stjórnin nú hljóti að álíta það ógjöranda, að bera upp frumvarp til fullkominnar niðurskipunar á fjárhagsmáli Íslands, á meðan spurníngunni um stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins ekki er ráðið til lykta, hljóta menn þó hins vegar að játa, að það væri æskilegt, að menn gæti stnðzt við kunnugleika og þekkíngu alþíngis, þegar til meðferðar er tekin fjárhagsáætlun Íslands.

Þetta gæti að líkindum fyrst um sinn orðið annaðhvort á þann hátt, að alþíngi tæki eitt sinn fyrir öll fjárhagsáætlun Íslands til nákvæmustu íhugunar, þannig, að þínginu gæfist kostur á, að láta í ljósi álit sitt bæði um niðurröðun atriðanna í áætluninni, og eins um hin einstöku atriði í henni, eður á þann hátt, að áætlunin væri reglulega á vissum tímamótum lögð fyrir þíngið, svo að það feingi líkan þátt í að semja áætlunina, eins og nýlenduráðið í Vesturindíum hefir með tilliti til áætlunar Vesturindía; þó yrði í þessu að hafa tillit til þess, að alþíngi er ekki haldið nema annað hvert ár, og eins til þess, að fjarlægð Íslands getur verið því til fyrirstöðu, að áætlun landsins geti jafnan verið komin híngað, þegar ríkisþíngið er haldið, ef það yrði almenn regla að áætlunina skyldi leggja fyrir hvert alþíngi.

Samkvæmt þessu hefir það þótt rèttast, að leita álits alþíngis um, að hve miklu leyti það þætti tiltækilegt að koma þessu máli fyrst um sinn fyrir á einhvern þann hátt, sem þegar er á vikið.

Hvað áhrærir hið annað atriði, sem talað er um í álitsskjali fjárhagsnefndarinnar, nl. útboð frá Íslandi til herflotans, þá þykir einnig þetta efni, sem álits hefir verið leitað um hjá stiptamtmanninum og amtmönnunum, vera svo aríðanda fyrir Ísland, að alþíngi eigi að gefast kostur á, að taka það til yfirvegunar, og segja um það álit sitt ásamt hinu áðurávikna atriði um fjárhaginn.

Konúngsfulltrúi: Eg vil geta þess, að álitsskjal mitt til stjórn-

arinnar áhrærandi útboðsmálið hefir ekki verið sent mèr frá stjórninni, og mèr datt ekki í hug að taka það með mèr, þegar eg fór heiman, og þykir mèr það miður orðið, því eg vildi gjarna, að þíngmenn hefði sèð það. Eg taldi í þessu álitsskjali öll hin sömu tormerki og vandkvæði á því að leggja útboðsskyldu þessa á landið, sem hinir amtmennirnir hafa gjört. Eg sýndi fram á, hvað það yrði kostnaðarsamt fyrir Danmörku, og umsvifa- og kostnaðarmikið fyrir Ísland, að bjóða mönnum út til herflotans hèðan, og hvað það á eina hliðina yrði tilfinnanlegt fyrir landið, að missa af þeim litlu vinnukröptum, sem það hefir, en árángurslítið á hinn bóginn fyrir Dani, að fá hèðan að eins fáa menn með ærnum kostnaði og umsvifum. Samt sem áður vildi eg ekki ráða frá því með öllu, ef stjórninni þætti það tilvinnanda, þar eð eg metti mikils allt það, er styrkt gæti sambandið milli Danmerkur og Íslands. Skyldi nú stjórnin, þrátt fyrir öll hin töldu vandkvæði, vilja fylgja málinu leingra fram, rèði eg til að leggja það fyrst sem álitsmál fyrir alþíngi, og síðan, ef þíngið fèllist á það, að stjórnin sendi um það frumvarp. Þetta frumvarp áleit eg rèttast að stjórnin sendi embættismönnunum, til þess þeir segði um það álit sitt; þar eð slík frumvörp, ef þau eiga að geta átt vel við, útheimta mikla og nákvæma þekkíngu á landslagi og landsháttum *(Localkundskab)*, og að öllu þessu búnu áleit eg rèttast að leggja frumvarpið fyrir þíngið.

Framsögumaður: Eg finn ekki ástæðu til að fara neinum orðum um nefndarálit þetta, fyr en þíngmenn hafa tekið til máls um það.

Forseti: Eg vil benda hinum heiðruðu þíngmönnum til þess, að þeir fari ekki lángt inn í umræður um skýrslur þessar, því bæði er það, að höfundar þeirra eru fjærverandi, og skýrslurnar voru lesnar upp einúngis málinu til upplýsíngar; eg vil því vona, að hinir háttvirtu þíngmenn gæti þess, að láta skýrslur þessar að því einu leyti koma fram í umræðum þeirra, sem getur komið við málinu sjálfu eða upplýst það, en ekki framar.

H. Kr. Friðriksson: Það mun einginn bera á móti því, að nefndarálit þetta sè greinilega samið, því að það er bæði ljóst og greinilegt, en það er samt nokkuð einkennilegt. Nefndin færir mjög glöggar og greinilegar ástæður bæði fyrir 1. og 2. atriðinu, og líka mèr þær vel; en hún færir líka mjög styrkar og sannfærandi ástæður á móti 3. atriðinu, en alls eingar með því. Nefndinni hefir tekizt hèr svo aðdáanlega að koma fram með ástæður gegn því, er

hún þó sjálf ræður til, og hún hefir gjört þetta svo vel og greinilega, að eg fyrir mitt leyti treysti mèr alls ekki til, að hrekja hana betur, en hún hefir gjört það sjálf. Nefndin gjörir ráð fyrir, að kostnaðurinn yrði einúngis 1200 rdl, en hún hefir einúngis talið til þess flutníng hinna útboðnu til Danmerkur; en allur kostnaðurinn yrði nú reyndar margfalt meiri, þó það sè ekki í fljótu bragði hægt að sýna fram á hann núna, en hitt vona eg, að bæði nefndin og hver maður játi, að það er skortur á vinnukröptum, sem, ef til vill, fremur öllu öðru er oss Íslendíngum til fyrirstöðu í framförum, og væri því mjög illa farið, ef vèr færum að rýra þá svona að óþörfu. Menn verða að gæta þess, að með útboðinu missir landið vinnukrapta 120 manns á ári, og hins vegar, að sjávarútvegur er nú að aukast hèr á landi, og menn eru að koma upp þiljuskipum; þessir 120 menn væri nógir út á 20 þiljuskip, og menn vita, að það má heita lítill afli, ef hvert þiljuskip aflar ekki 2,000 rdl. virði á hverju sumri, og þessir 120 menn ynni þá landinu inn 40,000 rdl. á ári hverju, og það er ekki all-lítið fè; af þessu vona eg menn sjái, hversu mikið tjón það er, að rýra vinnukrapt landsins, sem allir kvarta yfir að sè næsta lítill núna sem stendur. Nefndin hefir sjálf fundið til þess, hversu það er óeðlilegt, að setja útboðið sem skilyrði fyrir því, að alþíngi fái ályktanda vald um útgjöld Íslands sjálfs, og mèr getur heldur ekki annað fundizt, en að þetta sè mjög óeðlilegt, þar sem víst tvisvar hefir verið kvartað yfir því á ríkisþíngi Dana sjálfra, að það væri óhaganlegt, að Íslendíngum gæfist ekki kostur á að láta í ljósi álit sitt um útgjöld sjálfra þeirra, því danskir menn væri því svo ókunnugir, hvernig hèr væri háttað, og það er því óeðlilegra, sem það er vafalaus rèttur vor, að alþíngi hafi ráð á fjárhag landsins, og það með öllu skilyrðislaust. En nefndin vill, að vèr skulum kaupa þenna rètt vorn, sem Danir sjálfir hafa beiðzt að verða lausir við. Nú hefir nefndin ekki gjört útboðið að beinu skilyrði fyrir því, að oss Íslendíngum veitist þessi rèttur, og það getur vel verið, að stjórnin geti vel aðhyllzt 3. atriðið, en hafni 1. og 2. atriðinu, því að hún þarf alls eigi að nota sèr útboðið, úr því þíngið hefir játað skyldunni, heldur einúngis sagt, að hún vilji það, og skuli þíngið bíða nákvæmari ákvarðana um það, en þíngið er bundið við orð sín; hvað er það þá, sem þíngið hefir áunnið? Með því að sleingja útboðsskyldunni upp á landið hefir þíngið beinlínis skuldbundið það til, að taka þátt í öllum gjöldum til almennra ríkisþarfa. Það þarf eingan stjórnfræðíng til að sjá fram á þessar afleiðíngar, því eg sè

þær nú þegar í hendi mèr, og það ímynda eg mèr flestir gjöri, sem annars vilja hyggja að því; afleiðíngarnar yrði nefnilega þær, ef þíngið aðhylltist 3. atriðið í nefndarálitinu, að þíngið játaði útboðsskyldunni upp á landið, án þess landinu veittist hinn minnzti hagnaður í staðinn, og þíngið hefði ekki meiri ráð yfir fjárhag landsins eptir en áður. Eg ætla þess vegna ekki að gjöra mörg breytíngaratkvæði við þetta nefndarálitið, en vona fastlega, að þíngið muni sjálfsagt fella 3. atriðið aptan af nefndarálitinu.

E. Ó. Kúld: Það er sannarlega ekki opt sem hinn heiðraði þíngmaður Reykvíkínga tekur upp á því, að hrósa nefndarálitum, sem koma hèr til þíngsins, enda ferst honum það nokkuð skrítilega, og lofið verður nokkuð snubbótt hjá honum, því rètt sem hæst stendur á hrósinu, grefur hann undan því fótinn, með því að segja, að nefndin sjálf komi með hinar beztu og greinilegustu ástæður gegn því, sem hún þó vilji ráða þínginu til. Það mun nú vera mèr of vaxið, að sannfæra þenna heiðraða þíngmann, enda skal eg leiða það hjá mèr. Hinum heiðraða þíngmanni var mjög títt talað á því, að fordæma 3. atriðið hjá nefndinni, en því viðvíkjandi verð eg þó að láta hann vita, að honum hefir orðið það á, að misskilja dálítið; hann sagði nefnilega, að það færi 120 manns hèðan burt úr landinu á ári hverju, en það eru að eins 40 manns, sem fara út úr landinu á ári hverju, þó útboðið kæmist á. Hann gjörði ráð fyrir miklum hagnaði, sem landið gæti haft af 120 mönnum, ef þeir væri allir hafðir á þiljuskipum, og það svo miklum, að slíkt mun vera harðla óvanalegt hèr við landið, að minnsta kosti hygg eg það muni varla eiga sèr stað hèr í hans kjördæmi!?! Hinn sami heiðraði þíngmaður bar það fram, að ef þíngið geingist undir útboðið, þá skuldbyndi það landið með því til að taka þátt í öllum almennum gjöldum til ríkisins þarfa, en eg held nú, að landið eigi að taka þátt í öllum slíkum almennum gjöldum í ríkisins þarfir, þegar það er gagnlegt fyrir landið sjálft, en samt er landið eingan veginn skuldbundið til þess, þó þíngið fyrir sitt leyti vilji gángast undir útboðið til flotans, því það er auðvitað, að það yrði í hvert skipti lagt fyrir alþíngi, áður en á landið væri lagðar nokkrar helzt álögur eða skuldakvaðir. Að eg aðhylltist þetta 3. atriði nefndarinnar, það kom til af því, að eg áleit útboðið nokkurs konar skilyrði fyrir því, að alþíngi feingi yfirráðin yfir fjárhag landsins, og þegar þetta er rètt skilið, þá finnst mèr það eingin frágángssök. Hvað kostnaðinn snertir við útboðið, þá mundi hann ekki leggjast þýngra á oss en á Dani sjálfa, og vilji

þeir vinna það til, og veiti oss að auki ályktanda vald í fjárhagsmálum landsins, þá finnst mèr, að vèr getum geingið að útboðinu. Það mælir líka töluvert fram með útboðinu, ef af því leiddi, að Danir hefði herskip hèr í kríngum landið, því hinum heiðraða þíngmanni Reykvíkínga er það eins kunnugt og mèr, hversu herskip væri nauðsynleg hèr í kríngum landið, og það sýnir líka dagleg reynsla, og það gefast mörg dæmi á hverju einasta sumri, sem sýna berlega fram á, hversu dönsk herskip væri hèr með öllu ómissandi.

G. Brandsson: Hinn heiðraði þíngmaður Reykvíkínga hefir misskilið nokkuð nefndarálitið, þar sem hann er að tala um, að nefndin hafi gjört útboðið að skilyrði fyrir því að Íslendíngar fái ráð á fjárhag sínum sjálfir, en þetta liggur eingan veginn beinlínis eða eingaungu í nefndarinnar orðum, enda kom nefndinni ekki til hugar að kaupa það, að vèr öðluðumst vald á fjárhag sjálfra vor, heldur gat hún eigi annað álitið, en vèr ættum þenna rètt og þyrftum ekki að kaupa hann, en ef ríkisþíngið vildi skjóta því fè til, sem tekjurnar brestur árlega á til að vega á móti útgjöldunum, eptir reikníngum Dana, hvernig sem þeir nú annars eru, þá áleit nefndin að vèr ættum líka að leggja eitthvað í sölurnar, því með öðru móti veit eg ekki, hvernig það gæti heitið svo, að vèr stæðum straum af oss sjálfir. Nefndin áleit núna ekki tíma til að koma fram með neinar kröfur til endurgjalds frá Dönum fyrir það, sem á undan er geingið, þó margt kynni að mega tína til í því skyni, t. a. m. verzlunareinokun þá, sem hèr var svo lángt fram eptir öllum öldum, og fl., og allir játa, að Danir hafi haft af því ómetanlegan hagnað, en nefndin áleit, að þá fyrst væri tími kominn til að hreifa öllu þess konar, þegar alþíngi hefði feingið vald á fjárhag landsins. Það er að vísu satt, að útboð hefir aldrei á Íslandi verið, og í gamla sáttmála, þegar landið komst undir Noregskonúng, er útboðið undanskilið, og ekki hefir danska stjórnin heldur lagt neitt í sölurnar til að verja oss ófriði, en þrátt fyrir það hefir þó nefndin ráðið þínginu til, að taka ekki þvert fyrir það, að útboð geti nokkurn tíma komizt hèr á, þegar því er nú farið á flot af stjórninni, en samt hefir nefndin leitazt við að telja upp flest þau vandkvæði, sem á því eru, bæði fyrir landið og stjórnina sjálfa, og stjórnin væri ekki eins vitur og góðgjörn eins og margir ímynda sèr hana, ef hún vildi fallast á útboð hèr af landi, sem væri þó bæði henni sjálfri og landinu í óhag. Nefndin lèt sèr annt um, að taka sem skýrast fram alla annmarka á útboðinu, svo ekki skyldi líta svo út, að hún vildi kasta

blori í augu þíngmanna; hefði nefndin talið útboðinu margt til gildis, en ekki getið þess marga, sem við það er varhugavert, þá hefði þíngið haft ástæðu til að finna að gjörðum nefndarinnar, en eptir því sem málið er nú komið til þíngsins, þá geta þíngmenn gjört hvort þeir vilja, að falla frá útboðinu eða samþykkja það. Það hefir verið talið útboðinu til gildis, að með því vendist Íslendíngar á hlýðni og reglusemi, og það er nú ekki litill kostur við útboðið, ef svo væri, en sumir halda, að það verði ekki svo hèr hjá oss, því hèr sè svo mörgu öðruvísi háttað en annarstaðar, og þetta kann nú vel að vera, og eins mundu menn geta lært sjómennsku á kaupförum sem herskipum, og þó betur á seglskipum en gufuskipum. Það er nú þegar áður beðið um ályktanda vald, hvað fjárhag landsins snertir, og nú er hins sama farið á leit, og þar með ætlazt til, að ríkissjóður Dana skjóti til því fè, er oss kann að vanta, og þegar það væri feingið, álít eg, að vèr yrðum einnig að taka þátt í hinum almennu nauðsynjum ríkisins, og þá getur stjórnin sèð, að oss sýnist ekki haganlegra að gjöra það á annan veg núna fyrst um sinn, en með því að gángast undir útboðið, og þessi almennu útgjöld mundu heldur ekki verða oss lèttari með neinu öðru móti, eins og nú er högum vorum varið. Það er líka hugsanda, að stjórnin yrði því fúsari að skjóta fè til ýmislegs, er oss vanhagaði um, sem hún sæi, að vèr vildum ekki skora oss undan þessu. Nefndinni þótti það að vísu nokkuð undarlegt, að þessi tvö mál, fjárhags- og útboðsmálið, skyldi vera skeitt svona hvort við annað, og í ríkisþíngstíðindum þessa árs hefi eg nýlega lesið það, sem þar er talað um fjárhaginn, og það, að alþíng feingi meira vald, en það nú hefir til að taka þátt í tilhögun hans, en á útboðið er þar ekki minnzt með einu orði, hvorki af ríkisþíngsmönnunum nè stjórnarherranum, sem talaði í því máli, en nú þegar þetta er lagt fyrir alþíng, þá er að nýju búið að hnýta þessu hverju við annað. Mèr þætti því æskilegt, ef hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* gæti gefið mönnum einhverjar upplýsíngar um það, hvernig á þessu getur staðið.

Framsögumaður: Hinn hæstvirti þíngmaður Reykjavíkur bar það fram í upphafi ræðu sinnar áðan, að nefndin hefði tilfært nægar og sannfærandi ástæður á móti útboðinu, en alls eingar með því, en þetta er ekki rètt hermt, eins og hver maður getur sèð, sem lesa vill nefndarálitið gaumgæfilega, því í nefndarálitinu er sú ástæða tekin fram, sem mèr finnst mjög mikilvæg, að þegar menn vilja hafa rèttindi, þá verða menn einnig að gángast undir skyldur, og ef vèr

viljum njóta þeirra hagsmuna, sem leiða af því, að við erum einn hluti af ríkisheildinni, þá er það í eðli sínu, að vèr verðum að leggja eitthvað í sölurnar á móti því; en af því að nefndin var í nokkrum vafa um það, hvort hún skyldi aðhyllast útboðsskylduna eða ekki, þá þótti henni rèttast, að taka greinilega fram öll vandkvæði þau, er nefndin fann við útboðið bæði fyrir stjórnina og landið, eins og hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu hefir áður tekið fram, en þrátt fyrir þessi vandkvæði þótti nefndinni það ólaglegt og óeðlilegt af þínginu að skorast með öllu undan útboðinu, þegar stjórnin hefir farið fram á það á þá leið, sem hún nú hefir gjört. En þar sem hinn háttvirti þíngmaður Reykvíkínga sagði, að ef Íslendíngar geingist undir útboðið, þá geingist þeir þar með undir öll almenn útgjöld í þarfir ríkisins, þá er þetta á eingu byggt, því hèr er einúngis spurníngin um, hvort vèr viljum taka upp á oss þessa einu byrði, nefnilega útboðið til flotans, en alls ekki gjört ráð fyrir, að vèr skulum taka upp á oss neinar aðrar óvissar skyldur, og þar að auki álít eg útboðsskylduna svo mikla byrði fyrir þetta land, að eg álít, að vèr þar með ekki einúngis leggjum til almennra ríkisþarfa það, sem svarar fólkstali því, er af hendi er látið, heldur miklu meira, því vèr leggjum miklu meira í sölurnar en því svarar, og það er þá að álíta eins og nokkurs konar innskript að auki. Þar sem hinn heiðraði þíngmaður úr Reykjavík gat þess, að kostnaðurinn við útboðið yrði miklu meiri, en nefndin hefir gjört ráð fyrir, þá get eg ekki haft neitt á móti því, og mèr þykir það enda alltrúlegt, og er þess konar ekki gott að sjá allt fyrirfram, og illt að reikna það allt nákvæmlega út núna sem stendur; en þar sem sami þíngmaður gjörir ráð fyrir arðinum, sem landið gæti haft af 120 manns á ári, með því að hann ræður þá alla á þiljuskip, þá get eg ekki verið honum samdóma í því, hvað hann gjörir arðinn mikinn, því bæði er það sú atvinna, sem hèr ekki viðgeingst mikið, og það er ekki heldur rètt að taka til dæmis þann atvinnuveginn, sem er láng-arðmestur allra. Það er ekki heldur rètt, sem hann sagði, að landið missti 120 menn á ári hverju, heldur missir landið 120 menn einu sinni fyrir allt, þannig, að 40 menn fara hèðan á ári, og þegar það hefir átt sèr stað í 3 ár, þá fara enn 40 burt úr landinu 4. árið, en þeir 40, sem fyrst voru útboðaðir koma þá til landsins aptur, og svo geingur það framvegis, svo landið missir í raun rèttri einúngis í fyrsta sinn þá 120 menn. Spurníngin er því hèr einúngis um það, hvort landið geti eitt sinn fyrir öll misst 120 menn, og þó það sjálf-

sagt sè mjög tilfinnanlegur skaði fyrir landið, þá virðist mèr hann þó ekki svo óþolandi, að ástæða sè til að skorast undan því.

P. Sigurðsson: Eg get ekki neitað því, að eg verð að vera hinum heiðraða þíngmanni Reykjavíkurbæjar samdóma í því, að mèr virðist rèttur vor til að tala með um fjárhag vorn ekki standa í nokkru sambandi við útboð til herskipaflota Dana. Menn hafa reyndar verið að tala um, að skyldur yrði að fylgja rèttindum, en eg get ekki skilið, hvernig um það getur verið að ræða hèr, þar sem það að ráða fè voru er skýlaus rèttur vor og vèr fyrir því höfum loforð sjálfs konúngsins, nefnilega að vèr skulum njóta sama rèttar og aðrir þegnar hans; mèr virðist því, að nefndin, hvað uppástúngu hennar undir töluliö 3 snertir, hafi hrakið sig sjálf, því hún hefir einmitt tekið fram það helzta, sem máli þessu var til fyrirstöðu, og þykir mèr það því næsta skrítilegt, að nefndin þó skuli hafa aðhyllzt þetta. Menn hafa verið að tala um kostnað þann, sem af útboðinu leiddi, og jafnvel verið að reikna hann út, en eg fyrir mitt leyti álít hann ófyrirsjáanlegan, og miklu meiri en þíngmaður Reykjavíkur tók fram. Eg er líka hræddur um, að Íslendíngar mundi verða ófúsir til og horfa í gaupnir sèr, áður þeir þannig vildi gefa sig undir drottnun ókenndra manna, sem þess utan tala annað mál en það, er þeir skilja, og væri þeim öll vorkun, þó svo færi, því varla mundi 18 vetra gamlir únglíngar, sem sjaldan hefði komið að sjó og aldrei sèð herskip, verða annað en undirlægjur hinna, eg vil ekki segja kamarsveinar, en í hæsta lagi kokkar eður káhetusveinar, svona til snúnínganna. Mig minnir ekki betur, en að í dönsku ríkisdagstíðindunum sè gjört ráð fyrir, að stjórnarherrann lofaði að leggja frumvarp um fjárhags-málið fyrir þíngið, en nú er einúngis komin fyrir það spurníng um, hvernig því lítist á mál þetta. Hvað snertir 2 fyrstu atriði nefndarálitsins, virðast mèr þau vel af hendi leyst, því eg held það hvorki Dönum og því síður okkur hagkvæmt að fá einasta þýðíngarlítið ráðgefanda vald í fjárhagsmálum okkar, og því hefir nefndin rèttilega frárádið þínginu að aðhyllast það, en ráðið til að biðja um ályktunarvald; en eins og menn þegar hafa getað heyrt, get eg ekki sagt hið sama um þriðja atriðið. Íslendíngar hafa, snemma sagt: „útboð viljum vèr ekki“, og stóð þá betur á fyrir þeim en núna; þá þurftu þeir varla að óttast að verða undirlægjur annara, heldur gátu þeir miklu fremur geingið að því vísu, að þar mundi álitið vel skipað rúm, er þeir sátu. Nú er eg hræddur um að öðru máli sè að gegna, og til þess að Íslendíngar yrði fúsir til að gánga

undir útboðið, yrði stjórnin fyrst að gefa Íslendíngum færi á að komast í yfirmanna-skóla, svo að þeir, sem útboðaðir yrði, gæti gjört sèr von um, að þeir kæmi til að standa undir yfirmönnum, sem væri landar þeirra eða sem þeir þó að minnsta kosti gæti skilið. Menn hafa talað um, að útboðið gæti miðað til framfara fyrir landið, en ekki get eg verið svo vonarsterkur, því varla held eg, að þeir menn, sem nauðugir eru rifnir frá föður og móður, verði stórum liðugri, þegar þeir eptir þriggja ára tíma koma heim aptur; vinnuna, sem oss þarfnast hèr, munu þeir varla hafa lært á dönsku herskipi, og ekki tel eg mikla útsjón til þess, að þeir mundi verja oss fyrir óvinum vorum, því á friðartímum þurfum vèr eingrar varnar við, en á ófriðartímum er eg hræddur um að Danir mundi þarfnast alls síns til að verja sínar eigin strendur, og hver er sjálfum sèr næstur, og hefði þá Íslendíngar til nokkurs verið lagðir undir útboðskvöð, ef þeir, sem þá ætti helzt að vernda oss, væri þá að verja strendur Danmerkur, og er þá hætt við, að ekki fari betur fyrir oss eptirleiðis, þó útboð þetta kæmist á, en fór fyrir oss 1809, sællar minníngar, að nefnilega ekki þurfi nema einhverja skútuna til að snúa upp og niður á öllu hèr hjá oss; ef útboð ætti að geta verndað oss á ófriðartíma, yrði mennirnir, sem boðað væri út, að vera í landinu sjálfu, og vera kennt hèr heræfíngar. Eg lýsi því þess vegna yfir, að eg mun mótfallinn 3. grein nefndarálitsins.

Þ. Jónassen: Eg verð, eins og hinn heiðraði þíngmaður, sem nú settist niður, að hallast að breytíngaratkvæði þíngmanns Reykvíkínga, hvort heldur eg lít á málið frá hlið stjórnarinnar, eða eg skoða það frá hálfu vor Íslendínga. Frá stjórnarinnar hálfu hefir útboð hèðan frá landi til herskipaflotans svo mikla annmarka, að eg get með eingu móti haldið, að stjórnin geti haldið út í það mál eða þótt það tilvinnanda fyrir eina 120 manns, því það sjá þó allir, að þeir yrði allt of dýrkeyptir, einkum ef stjórnin ætti, eins og stúngið hefir verið upp á, að halda herskip hèr við land, því mig minnir eg hafi heyrt, að meðal-herskip kostaði 4000 dali um mánuðinn; eg get því ekki annað ætlað en að stjórninni muni þykja þetta öldúngis frágángssök, þegar jafnlítið, er í aðra hönd; og hèr við bætist það mikilvæga atriði, að stjórnin getur ekki, þegar á liggur, haft gagn af þeim mönnum, sem eru komnir út híngað úr herþjónustunni, og orðnir vanir henni, því í þessa menn getur stjórnin ekki náð vegna fjarlægðar. Frá landsins sjónarmiði eru þó annmarkarnir enn þá augljósari; það er nefnilega alkunnugt og viðurkennt af öllum, sem

til þess þekkja, að hèr í landi er mikill skortur á vinnukröptum, og þó útboðið, eptir nefndarinnar uppástúngu, sè af skornum skamti, þá munar þó mikið um það, þegar af svo litlu er að taka.

Eg get heldur ekki sèð, hvernig útboði eins og enn hagar hèr til, verði komið í kríng, því þar sem læknir þarf nauðsynlega að vera til staðar á útboðsþíngunum í hverri sýslu, þyrfti læknir nauðsynlega að vera kominn áður í hverja sýslu, en eins og nú er, má ekki missa af hèraðslæknunum, meðan þeir ferðast til útboðsþínganna, sem hljóta að taka leingri tíma. Það hefir verið sagt, að stjórnin hafi gjört það að skilyrði fyrir því, að vèr skyldum fá ályktunarvald í fjárhagsefnum vorum, að landið legði menn til herskipaflotans; mèr skilst nú ekki, hvert samband er þar á milli, og eg hefi ekki heldur enn neina ljósa hugmynd um, hvað við það sè unnið enn sem komið er, að öðlast þenna rètt, en meðan eg ekki hefi feingið ljósa hugmynd um þann hagnað, vil eg ekki heldur leggja fyrir hann mikið í sölurnar. Mèr virðist, eins og enn er komið stöðu landsins, að það geti ekki orðið spursmál um þenna atkvæðisrètt í þess fjárhagsefnum, og eg skil ekki, hvaða þýðíngu þessi rèttur geti haft, meðan staða landsins ekki breytist frá því sem hún nú er.

J. Sigurðsson: Eg held eg verði nú að fara eins og sá háttvirti þíngmaður Reykjavíkur og hrósa nefndarálitinu líka; mèr þykir það allt vel og snillilega samið, og það fyrra atriði þess einkum spaklega hugsað, og að öllu leyti, eptir því sem nú varð gjört, viturlega frá því geingið. En eg finn að hinu við nefndina, að hún skyldi nokkurn hlut taka í þann streing, að sleingja fjárhagsmálinu saman við það síðara, nefnilega útboðsmálið; þessi atriði eiga ekkert skylt saman; það getur ekki beðið svara, að við þurfum að kaupa umráð eigna vorra með því, að fara að standa í bardögum með Dönum; það vita allir, að Íslendíngar áttu ráð sín sjálfir, og voru vel fjár síns ráðandi, og þeir hafa aldrei selt það frelsi, og eiga því fullan aðkvæðisrètt í fjárhagsmáli sínu. Danir eru líka farnir að sjá það sjálfir, að þeir komast varla hjá því, að leita atkvæðis þeirra í þeim efnum, og þurfa þeir því ekki að selja okkur það fyrir ólöglegar álögur; mannskatt eða herskatt höfum við Íslendíngar aldrei verið skyldugir að láta; það voru strax undantekin útboð öll í þeim forna sáttmála, þá Ísland gekk undir konúng; þykir mèr það því of mikil skammsýni og ættleraháttur, að fara að gángast undir þess slags álögur nú; það er líka auðsèð, eins og þíngmaður Reyk-

víkínga sagði, að Danir ætla, áður en fjárhagsmál okkar verði tekið fyrir, eður fjárhagurinn aðskilinn, með þessum mannskatti (þessari litlu kvöð) að ginna okkur svona þegjandi inn á herskatt, því þeir munu álíta, að ef við samþykkjum að láta til menn að tiltölu á herflotann, þá sèum við undir eins búnir að samþykkja að taka þátt í kostnaðinum handa fólkinu á herflotanum, og erum við þá komnir inn í það að leggja árlegan skatt til herflotans og er það góður kostur, og hafa áður með öllum rètti verið fríir frá allri þeirri álögu. Það geingur því yfir mig, að nefndin skyldi ekki ráða þínginu til að afstínga þessa uppástúngu stjórnarinnar, því þó nefndin hafi tekið fram alla ókosti og kostnað, sem af þessu útboði hèðan leiddi, get eg ímyndað mèr, að stjórnin hiki ekkert við, að þiggja mannskattinn hèðan, ef hún getur feingið kost á honum, því þegar hún er búin að koma okkur inn í kostnaðinn, þá lætur hún okkur þó víst bera svo mikið af honum, sem svarar þeim kostnaði, sem flýtur af þessum 120 Íslendíngum, og útboðunarfyrirhöfn þeirra, og sèr stjórnin sèr því eingan skaða á Dana síðu, þó útboðið hèðan sè kostnaðarsamt. Eg veit ekki, hvort eg skil rètt töluna á útboðsmönnunum, Sá heiðraði þíngmaður Reykjavíkur taldi þá 120 á ári, en sá háttvirti *framsögumaður* og þó helzt þíngmaður Snæfellínga vildi bera þetta til baka, og taldi þá 40 á ári; mèr skildist eptir nefndarálitinu, að það yrði einúngis 40 fyrsta árið, aðrir 40 hitt árið, þá eru komnir 80; þriðju 40 þriðja árið, og einginn kemur aptur, þá eru komnir 120; úr því virtist mèr, að á hverju ári ætti að senda fjörutíu, til að halda við utanlands tölunni 120 Íslendíngum, og Íslendíngar þaðan frá ætti einatt á hverju einasta ári hjá Dönum 120 manns, allt svo missti þá tölu árlega hèðan frá gagni (*Framsögumaður:* Það er rètt). Nú, þá hefir þíngmaður Reykjavíkur talað rètt, en þíngmaður Snæfellsnessýslu talið þínginu ránga trú, að ekki misstist árlega nema 40. Þar að auki er aldurinn á þessum útboðsmönnum svo óhæfilega settur, frá 18 til 21 árs; þetta eru börn, þreklausir og óvanir únglíngar, og gæti ekki sýnt sig sem fullroskna menn, og yrði svo í afhraki og fyrirlitníngu hjá hermönnum. Ekki vil eg heldur leggja Dönum þenna mannskatt í því skyni, að þeir leggi Íslendíngum í reikníngunum, því ef Íslendíngar fá nokkurn tíma fjárhagsmál sitt í hendur, þá flýtur þar af, að þeir fá fjárhag sinn aðskilinn, og fá að vita, hvað þeir eiga, og fá að ráða fyrir útgjöldunum, og hvernig stjórn landsins verði varið, og hvað mörg yfirvöld sè þörf að hafa, og hvað há laun sè

fært að veita eptir efnahag landsins, og er þá líklegt, að menn verði svo vitrir, að sníða stakk eptir vexti í þeim efnum. En ef við tilstöndum nú Dönum þetta fólkstillag, þá mun stjórnin brátt þiggja það, en eg hefi ekkert skilyrði fyrir því, að hún á eptir, fyrir það tilstandi okkur rètt okkar í fjárhagsmálinu; hún getur þá líka sagt, að við höfum ekki núna viljað taka þátt í því, upp á þann máta, sem hún vill, og skuli hún ekki bjóða okkur það upp á hinn mátann, sem þíngið biður nú um.

M. Andrèsson: Það er ekki nýtt hèr á þíngi, þó mönnum ekki geðjist að nefndarálitum, en mèr finnst þó, að þessi nefnd hafi verið heppnari en margar aðrar, því mönnum geðjast þó að $^2/_3$ pörtum álitsins. Einnig finnst mèr nefndinni hafa tekizt heppilega í því, að taka eins ítarlega fram ástæðurnar með og móti 3. atriðinu, því hefði nefndin sagt hreint og beint „nei“ til þess, mundi þíngmenn hafa sagt „já og amen“ til þess, en af ræðum þeim, sem nú fara fram um mál þetta, verður það einmitt þíngmönnum ljósara, svo þeir þess öruggari geta geingið til atkvæða í því; það eru ekki heldur einsdæmi, þó nefndin hafi fallizt á þetta, því hið sama gjörðu allir amtmennirnir, og nefndin hefir þó reynt að fara vægara í málið, þar sem hún hefir viljað fara svona bil beggja. Menn hafa talað um og reiknað út skaðann fyrir landið að missa menn þessa frá vinnu hèr á landi, en eins og hinn háttvirti *framsögumaður* sagði, á það sèr eingan stað að miða þetta við arð þann, er þessir menn gæti aflað sèr, ef þeir allir væri við hinn arðsamasta atvinnuveg hèr á landi, nefnilega veiði á þiljuskipum. Mèr skildist hinn heiðraði varaþíngmaður Reykjavíkurbæjar svo, sem hann vildi skorast undan að taka nokkurn þátt í útgjöldum þeim, sem þyrfti til almennra þarfa ríkisins, en eg held, að slíku þurfi ekki að svara, því það er víst í augum uppi, að þar til höfum vèr eingan rètt.

G. Brandsson: Mèr hefir ekki getað heyrzt betur, en að 2 heiðraðir þíngmenn hafi talið það svo að segja víst, að stjórnin mundi svíkjast um að veita oss fjárhagsráðin, þó vèr geingjum að því, sem hún hefir sett sem nokkurs konar skilyrði, nefnilega útboðinu til herskipaflotans, en þá finnst mèr mætti eins vel vefeingja öll hennar loforð; því gángi stjórnin, ef vèr segjum „já“ til hvorstveggja, einúngis að öðru, nefnilega útboðinu, þá virðist mèr rètti vorum stórkostlega hallað, og gæti menn þá, með eins miklum ástæðum, gjört ráð fyrir því, að stjórnin beint út legði á oss útboð þetta til flotans án þess einu sinni að bera það undir alþíngi. Hinum heiðraða þíngmanni

Mýrasýslu þótti ekki þessi mannslán tilvinnandi fyrir tilskot þau, er Danir gjörðu til okkar, en mèr fyrir mitt leyti getur ekki fundizt það ótilvinnanda að ljá manni, sem gefur mèr peninga, að eg nú taki svo til dæmis, vinnumanninn minn í staðinn, og það einúngis um stuttan tíma, má ske í þarfir beggja okkar. Meðan vèr ekki getum borið oss sjálfir, og það er mjög svo efasamt enn þá, finnst mèr ekki meira en sanngjarnt, þó vèr látum þeim, sem styrkir oss, það, er vèr getum, í tê til endurgjalds, en komumst vèr svo á fætur, að vèr sjálfir getum staðið straum af oss, er ekki loku fyrir það skotið að lögum þessum, ef nokkur yrði, gæti orðið breytt, því óbreytanleg væri þau ekki, og þetta þíng gæti líka samþykkt nefndaruppástúnguna með því skilyrði; enda getur það ekki tekið fram fyrir hendurnar á hinum eptirfylgjandi þíngum. Hinn heiðraði þíngmaður Rángvellínga saknar þess, að ekki skuli hafa verið lagt frumvarp fyrir þíngið, eins og stjórnarherrann lofaði, en eg fyrir mitt leyti get ekki harmað það, því eg held við ættum að vera farnir að þekkja, hversu vel þínginu geingur að eiga við frumvörp stjórnarinnar, og þarf víst ekki að fara lángt til að sýna og sanna það. Mèr virðist það einmitt betra, að stjórnin hefir lagt þetta fyrir þíngið sem spurníngu, stjórnin sjálf hefir ekki hrapað að máli þessu, þar sem hún fyrst hefir skrifazt á við amtmennina um þetta, eins og sjá má á fylgiskjölum máls þessa, er lesin hafa verið upp hèr á þíngi, og síðan hefir hún borið spurníngunа undir alþíngi. Á þenna hátt höfum vèr einnig leingri tíma fyrir oss, en vèr hefðum haft, ef mál þetta hefði verið borið undir þíngið sem frumvarp, og þannig tíma til að yfirvega það betur, því það verður þó að koma aptur fyrir þíngið og það getur ekki orðið fyr en nærfellt eptir 2 ár.

Það er ekki rètt hermt upp á nefndina, að hún vilji ráða stjórninni til að aðhyllast útboðið, því nefndin ræður einúngis þínginu til að afstínga ekki mál þetta öldúngis með því að segja „nei“. Að öðru leyti virtist mèr það ekki alls kostar rètt, er hinn heiðraði *framsögumaður* sagði, að ekki væri kostnaðurinn við þetta fyrirhugaða útboð annar en þessir 120 menn; því kostnaðurinn, sem af útboðsþíngunum leiddi, mundi víst einnig lenda á oss og yrði hann víst töluverður.

G. Einarsson: Eg skal nú ekki fá mèr til máls skyldur og rèttindi í þessu máli. Það gjöra aðrir, en hins vil eg geta, þar eð eg er nefndinni og öðrum þíngmönnum samdóma í því, að Dönum er það einber óhagur að leggja útboð á oss vegna kostnaðarins og

eins á hinn bóginn, að Íslandi verði mesti bagi að missi mannanna; þá verð eg fyrir mitt leyti fráleitur því, að samþykkja það, sem hvorumtveggja er til skaða. Það er álit sumra, að æfíng Íslendínga á herskipum verði þeim hagkvæm og gagnleg fyrir sjómennskuna hèrna eptir á; eg gjöri nú ekki mikið úr því, en skyldi nú svo fara, að sú yrði raunin á, þá er sú skoðun hin mesta hvöt fyrir mig sem sveitamann, að setja mig móti útboðinu, því þá má gjöra ráð fyrir, að flestir útboðsmenn úr sveitunum sè misstir frá sveitabúnaðinum fyrir fullt og allt, því hinir menntuðu sjómenn mundu helzt stunda það, sem þeir væri orðnir leiknir í. Eg bið nú þíngið vel að athuga, hvílíkur hnekkir þetta yrði landbúnaðinum, aðalbjargræðisstofni Íslands, að missa 120 menn á bezta aldursskeiði meira og minna frá sveitavinnu og iðkun hennar einmitt á þeirra beztu framfara- og æfíngaárum. Fyrst að stjórnin fór annars að hugsa um nokkurt mannaútboð hèr á landi, þá átti hún að finna upp á öðru og slá með því — eins og menn segja — tvær flugur i einu; hún átti að heimta af Íslendíngum 120 úngra manna 3. hvert ár, eða þá 40 á ári til að þjóna kauplaust við hinar opinberu stofnanir, sem miða til að efla búnað og framfarir í akuryrkju, kvikfjárrækt og fleiru, og til hvers stjórnin ver ærnu fè; þá sparaði hún fè ríkisins á annan bóginn, en menntaði mennina á hinn til að verða gagnlega ættjörðu sinni á eptir.

Eg er á máli þíngmannsins úr Mýrasýslu, að það er ekki einfaldur skaðinn og kostnaðurinn, sem leiðir af þessum mannskatti, heldur er hann margfaldur, og eins og varaþíngmaður Reykvíkínga tók til, hvað missist af arði landsins fyrir útboð 120 manna, þegar gjört væri ráð fyrir, að þeir væri brúkaðir á þilskip, sem fiskaði í meðallagi, eins mætti að sínu leyti gjöra reikníng fyrir, hvað mikill arður fèlli af sveitavinnu þeirra árlega, og yrði hann talsverður.

E. Ó. Kúld: Það er sjaldan, sem eg og hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður erum eigi samdóma; þó bar núna út af því; hann áleit nefnil. ekki mikið í það varið, að vèr feingjum fjárhagsráð vor; en eg verð að álíta það hinn mesta hagnað og dýrgrip, sem Danir geta gefið oss. Hinn heiðraði þíngmaður Mýramanna sagði, að nefndin hefði teingt saman fjárhagsmálið og útboðið, en það var ekki nefndin, heldur mínisterbrèfið einmitt, sem gjörði það. Eg veit nú ekki, hvort mèr tekst að sanna hinum heiðarlega þíngmanni, að 40 sè ei sama og 120, því það lítur svo út, sem sumir vilji ei skilja það; en samt verð eg að vera fastur á því, að þegar 3 ár eru liðin,

þá legðum vèr að eins 40 manns á ári, og það er þó sannarlega ekki 120 manns. Hinn sami heiðraði þíngmaður sagði, að Íslendíngar þeir, sem lagðir yrði til flotans, mundi verða til athláturs, eður álitnir „afhrak“, eins og þíngmaðurinn komst að orði; en það skil eg ekki, hvernig honum getur dottið slíkt í hug, þar eð flestir 18 ára gamlir eru búnir þegar að læra allflesta vinnumannsvinnu, og verða þeir eins góðir, þegar þeir koma aptur, því hèr er ekki nema um 3 ár að gjöra, og þá eru þeir varla búnir að týna svo niður, að þeir sè ekki liðtækir til hvers sem vera skal; á árunum frá 18 til 21 (nefnil. 20. árið) er og hinn fyrsti lögleyfði giptíngaaldur, og hygg eg, að hinn heiðraði þíngmaður álíti menn þá orðna í „standi“ til flests sem vera skal. Það var vissulega hyggilega gjört af nefndinni, að taka allt það fram, sem mælir á móti útboðinu bæði í tilliti til Íslands og Danmerkur, þótt hún kæmist að þeirri niðurstöðu að vilja ei þverneita útboðinu, ef Danir vilja vinna það til, sem nefndin hefir tekið fram, því það er á þíngsins valdi að breyta, og geta þíngmenn farið eptir sannfæríngu sinni í þessu sem öðru, án þess að binda sig við nefndarálitið.

Framsögumaður: Það eru nú ýmsar athugasemdir komnar fram í ræðum þíngmanna, og æði-margir hafa mælt í móti 3. niðurlagsatriði nefndarinnar. Nefndin var og í nokkrum vafa sjálf um þetta atriði, en þó fannst henni yfirgnæfandi ástæður til að fallast á útboðið. Það hefir leingi verið talað um, að það væri æskilegt, að landið gæti borið og skyldi bera sig sjálft; en í því tilliti er ekki einúngis spurníng um, að landið án styrks frá Danmörku geti borið þau útgjöld, sem því viðkomandi hafa verið talin í fjárhagslögunum fyrir konúngsríkið Danmörk, heldur heyrir í raun rèttri þar til einnig, að landið greiði nokkuð til almennra ríkisþarfa, til alríkissjóðsins, til dæmis á konúngsborð, til herflota, til utanríkisstjórnarinnar o. s. frv., og ef Íslendíngar ætti þá að leggja til þessa eptir fólksfjölda, sem reyndar að öðru leyti ekki gæti verið einhlítur mælikvarði, þá mundi sú fjárframlaga nema miklu meira, en allt hitt, sem til landsins geingur. Þeir, sem af föðurlandsást hafa framfylgt þeirri skoðun að æskilegt væri, að það gæti álitizt svo, að landið bæri sig sjálft að öllu leyti og að það legði til það, sem því bæri, mèr sýnist þeir ætti nú að verða fegnir að nota þetta tækifæri til að greiða talsvert upp í það, sem landinu bæri að greiða til almennra ríkisþarfa; eg álít, að með útboðinu væri lagður svo mikill skattur á landið, þegar tekið er tillit til, hvað miklum vinnumissi, erfiðleika og kostn-

aði það veldur, og að landið þess vegna hèr með legði að sínu leyti svo mikið til almennra ríkisþarfa, að það þar á eptir gæti verið mjög vafasamt, hvort nokkuð til vantaði. En hitt finnst mèr ljóst, að það muni seint geta lagt það til í peningum, sem kynni að verða reiknað að það ætti að leggja til, og þess vegna finnst mèr vera ástæða til að kjósa heldur þann greiðslumátann, sem við eigum þá nokkuð hægra með, nefnilega að leggja til menn. Að öðru leyti er ekki beinlínis spursmálið um, að fallast á þetta útboð að öllu leyti, heldur um það, hvort vèr viljum, að það komi frumvarp um það til þingsins, og þá er kostur á að breyta því seinna og jafnvel gefa atkvæði á móti því, enda þótt eg játi, að það sè miður gjöranda, ef vèr samþykkjum það nú. Það eru nokkur smáatriði enn í ræðum þingmanna, er eg vildi svara. Hinn háttvirti 2. konúngkjörni þingmaður vildi eigi, að útboð kæmist hèr fyr á, en læknir væri kominn í hverja sýslu; en eg skil þó ekki, að svo megi eigi haga útboðsþingunum, að þau gæti eigi framfarið á þeim 2 mánuðum maí og júní í 2 sýslum, og þyrfti þá eigi annað en halda eitt útboðsþingið eptir annað með svo hæfilegu millibili, að læknir gæti verið viðstaddur á báðum Það eru að vísu talsverð vandkvæði með lækna, þegar sóttir gánga og sóttarár hèr á landi, og menn varla ná í lækni, en það eru svo fáir, sem koma til útboðsþings í hverri sýslu, að skoðun þeirra getur ekki útheimt mikinn tíma eða valdið miklum umsvifum, svo útboðsþingið mundi ekki þurfa að vera nema svo sem einn dag. Menn hafa sagt, að Íslendíngar yrði ófúsir til hernaðar og þeir mundi verða lítils metnir, en Íslendíngar þeir, sem á kaupskipum hafa þjónað, eru reyndir og þekktir að því, að vera duglegir sjómenn, og svo mundi að líkindum verða hèr tilfellið. Það hefir og verið sagt, að þessir útboðuðu verði ekki að neinu gagni fyrir landið, þegar þeir koma aptur; en það er almennt játað í Danmörku, að þeir, sem hafa verið í útboði, verði á eptir reglusamari, laglegri og efnilegri; einkum á þetta sèr stað um þá, sem verið hafa í landhernum, en hið sama mun gilda um herþjónustu á flotanum. Hinn háttvirti þíngmaður Dalasýslu gjörði eina verulega athugasemd við útboðið, en það var, að það yrði til hnekkis fyrir sveitamenn og landbúnaðinn, að menn væri teknir þaðan, sem yrði á eptir einkanlega færir til siglínga; en eg sè ekkert á móti því, að menn geti hèr, eins og í Danmörku, feingið mann í sinn stað, og þá getur sveitamaðurinn feingið þann fyrir sig, sem býr til sjávar, og get eg ekki ætlað, að það þurfi að kosta mikið. Eg vil geta þess, að kostnaður

stjórnarinnar fyrir þessum útboðsmönnum að vísu gæti talizt enn þá meiri, en gjört er í nefndarálitinu; þar eru gjörðir 1200 rd. til flutnings þeirra, en þegar þess er gætt, að stjórnin verður að kosta flutning þeirra fram og aptur, þá verður það 2×1200 rd., eður 2400 rd. Það hefir verið talað um, að stjórnin sendi gufuskip hingað, og vil eg í því tilliti skýra frá því, að dómsmálastjórnarherrann hefir á ríkisþinginu, þegar þar var rætt um málefni þetta í fyrra, bent til þess, að slíkt gufuskip kynni að verða látið liggja hèr, og þeir, sem fyrir útboði yrði, að verða látnir þjóna á því, en hann gjörði ráð fyrir þessu á þann hátt, að gufuskip mundi verða sent hingað hvort sem væri, og getur því ekki sá kostnaður talizt beinlínis með útboðskostnaðinum.

P. Pètursson: Eg skal nú eigi fara mörgum orðum um þetta mál, með því brèf amtmannanna, sem upp hafa verið lesin, hafa styrkt sannfæringu mína um hina yfirgnæfandi ókosti, sem útboð hèðan hefir í för með sèr, og nefndin hefir svo ljóslega sýnt, að það sè ekki aðgeingilegt. Hinn háttvirti *framsögumaður* hefir nú í framhaldi af því, er hinn heiðraði þingmaður Gullbríngusýslu sagði, að útboðið væri nokkurs konar endurgjald fyrir tilskot Dana til okkar, skýrt frá því, að það væri tilgángurinn, að alþíng feingi ályktanda eður ráðgefanda vald í fjárhagsmálum, svo að landið gæti borið sig sjálft; en þá vil eg leyfa mèr að spyrja hina heiðruðu nefnd, hvort þessi útboðsskylda mundi verða afnumin, þegar að því kemur, að landið getur staðið sjálft straum af sèr, því ef það er ekki, þá er útboðið mikill ókostur og byrði. Hinn háttvirti *framsögumaður* hefir getið um tillög frá oss til annara almennra ríkisþarfa; það er satt, vèr eigum að taka þátt í þeim, þó svo að eins, að vèr tökum jafnframt samsvarandi þátt í stjórnarmálefnum. Mèr finnst það hæpið að taka svona einstök atriði út úr öllu fyrirkomulaginu, en ef það allt lægi fyrir, sem nú er verið að biðja um, þá gætum vèr skoðað það í heild sinni. En hvað snertir útboðið sjálft, þá hafa þíngmenn sýnt svo ljóslega ókosti þess, að eg hefi eingu þar við að bæta, því það er öldúngis samhljóða sannfæringu minni, og eg er með öllu samþykkur hinum háttvirta 2. konúngkjörna þíngmanni, að það sè af hálfu stjórnarinnar mjög svo óaðgeingilegt.

Framsögumaður: Í tilefni af spurníngu þeirri, er hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður nú snèri til mín, vil eg geta þess, að það er mín skoðun, að stjórnin hafi lagt spurníngunа um útboðið fyrir þíngið á þann hátt, að óbeinlínis virðist vera gjört ráð fyrir

því, að útboðið verði skoðað sem skilyrði fyrir, að alþíngi feingi ályktanda vald í fjárhagsmálum; útboðið er að vísu ekki af stjórninni sett beinlínis sem skilyrði, en það er þó sett í samband við fjárhagsmálið, og ríkisþíngið hafði beinlínis tekið það fram sem skilyrði fyrir ályktanda valdi þíngsins um tekjur og útgjaldaáætlun Íslands. Eg álít nú, að vèr ættum að samþykkja útboðið, eður þenna mannskatt, sem það svo hefir verið kallað, bæði vegna skilyrðisins og svo vegna þess, að svo getur virzt sem vèr leggjum nú ekkert eða lítið til almennra ríkisþarfa, en með útboðinu mundum vèr leggja mikið til þeirra. Af þessu leiðir þá, að útboðið hlyti að haldast við, þótt svo komi, að vèr getum staðið straum af oss eða borið sjálfir án styrks þau útgjöld, sem í áætlun konúngsríkisins hafa verið talin Íslandi viðkomandi; því í eiginlegum skilníngi ætti útboðið að vera tillag til almennra ríkisþarfa. Viðvíkjandi því, er eg drap áður á, um tillag vort til almennra ríkisþarfa, þá vil eg geta þess, að ef það er eptir fjárhagslögum konúngsríkisins, þá ætti nú af ríkissjóðnum að vera skotið til Íslands hèr um bil 25,000 rdl. á ári til þeirra útgjalda, sem þar eru talin fyrir Ísland, en hvað snertir tillag til alríkissjóðsins, sem er þar fyrir utan, þá greiða hinir einstöku ríkishlutir gjald til hans eptir fólksfjölda, og yrði tillag vort til hans eptir fólksfjölda hèr um bil 90,000 rdl. á ári; að öðru leyti er það ekki mín meiníng, að eptir tölum þessum, sem eru mjög stórar, megi fara, því það er ekki rètt viðvíkjandi tillagi voru, ef spursmál væri um það, að fara einúngis eptir fólksfjölda, heldur yrði og að taka til greina efnahag landsins yfir höfuð og margfaldar fleiri kríngumstæður, svo niðurstaðan yrði reyndar að rèttu lagi eingan veginn sú, sem þessar tölur benda til.

J. Sigurðsson: Eg get þó aldrei skilið, að Danir álíti þenna mannskatt frá oss svo sem fèskatt, því við erum ekki heldur ríkari af fólki en fè, heldur munu þeir álíta þenna mannskatt sem þann deil af mannskatti ríkisins, sem Íslandi beri að láta móti því fólkstillagi, sem hinir hlutir ríkisins þurfi að láta, svo heimta þeir sjálfsagt að sömu tiltölu af okkur fèskattinn til herflotans á eptir, hvað þá til hinna stjórnarþarfa, sem við eigum nú að gjalda til. Ekki get eg heldur fellt mig við dæmið, sem þíngmaður Gullbríngusýslu tók sèr, að ef einn byðist til að gefa manni fè, þá mundi þykja hart að neita honum um að ljá honum mann, á meðan fjárhagur okkar er í þessum graut við Dani, og eg veit ekkert, hvað þeir ætlast til að við eigum, og ráða sjálfir allri útgipt Íslands, og skapa okkur þær

skyldur, sem þeim líkar, og gjöra síðan sjálfir upp alla reikníngana, þá veit eg ekkert, hvort þeir gefa okkur nokkuð, og kann því hvorki að þakka það nè virða, og sízt að launa með svo dýru gjaldi, sem fólksskattur er; það er líka undarlegt fyrir honum og nefndinni, að telja fram öll vanhöld og slysfarir á landi hèr, til að mynda mannskaða í sjó og vötnum, byljum og björgum, en vilja þó telja þíngið á að fallast á úthoð, eins og það bæti úr manntjóninu, að menn fari að standa í stríðum hjá Dönum, og láta þar líf og limu. Við vitum ekki, hvað margir koma aptur af þessum 40, sem látnir eru á hverju ári; að þeir verði betri sjómenn hèr eptir en áður, það þykir mèr eins vitlaust, því allir vita, að ekki er hèr stunduð sjósókn á á herskipum, og ekki munu þeir verða betri ræðarar, eða formenn á íslenzkum fiskiskipum, þó þeir hafi verið á herskipum Dana, heldur en þeir hefði lært hèrna sjó á þessum aldursárum sínum. Það hafa sumir þíngmenn tekið það óstinnt upp, er hinn heiðraði þíngmaður Reykjavíkur sagði, að sumarávinníngur 120 manna gæti orðið 40 þúsundir rd., og segja þeir hann hafi tekið til þann arðsamasta atvinnuveg, nefnilega að vera á fiskijöktum; en eg vil þá taka til annan atvinnuveg, sem allir þekkja og geta stundað, og skal eg ekki fara fram á hafskipin: þessir 120 menn skulu slá og heyja; ætli sumarvinna þeirra gæti ekki haldið lífinu í nokkrum skepnum að vetrinum? ætli það mundi ekki geta orðið upp á 40 þúsund dali allar þær skepnur, sem sumarvinna 120 manna gæti haldið lífinu í? það eru þó mörg dæmi til, að skepnur hafa fallið af húngri og heyleysi upp á mörg þúsund dali. Sá heiðraði þíngmaður Snæfellínga sagði, að menn 18 vetra væri allir orðnir vel færir til allra verka. Eg mótmæli nú þessu öldúngis; eg held það sè flestir á þeim aldri óvaníngar og óharðnaðir únglíngar, en fæstir þá fullkomnir eða fullburða til neinna stórverka, og eg held það yrði lítið úr þeim, sjósjúkum, óvönum, og huglitlum, að standa meðal hermanna í háska og orustum; mætti Íslendíngum vera það skapraun að eiga þessi börn þar í háska, kann ske til að koma ódugnaðarorði á þjóð sína. Eg er ekki hræddur um, að Íslendíngar, ef þeir bæði kynni málið og væri orðnir vanir aðferðinni, og búnir að ná fullum þroska lífsins, til að mynda orðnir þrítugir og þar yfir, að þeir stæði á baki dönskum soldátum, eður jafnvel hverrar þjóðar hermönnum, sem vera skyldi, hvorki að afli, áræði nè flínkleika; svo reyndist það á fyrri tíðum, og svo mundi enn reynast; því mætti þjóð vorri vera skapraun að senda nú til örlaga einúngis börn innan tvítugs.

P. Sigurðsson: Hinn háttvirti *framsögumaður* hefir borið fram þá ástæðu, að ef vèr ættum að fá ályktanda vald í fjárhagsmálum, þá væri það skylda vor, að leggja til almennra ríkisþarfa; eg neita því nú ekki, að það væri gott og blessað, að vèr legðum nokkuð til, ef vèr hefðum ráð á því, en það er líka fyrst þá, sem oss getur orðið gjört það að skyldu; en nú, segir stjórnin oss, má kalla, að vèr þiggjum af sveit, því Danir sè að tolla okkur; eg gjöri nú og ráð fyrir, að sá, sem situr við fjárstjórn alríkisins, muni vera ekki síður að sèr gjör og hygginn, en hver hreppstjóri á landi voru, og þá verð eg að segja, að eg held eg megi fullyrða það, að einginn hreppstjóri mundi gjöra sveitarómaga sínum þá kosti, að vildi hann lètta á sveitinni og standa straum af sjálfum sèr, að þá yrði hann undir eins að borga til almennra sveitarþarfa; fyrir því verð eg að álíta, að stjórninni mætti vera það kærkomið, að gjöra reikníngana upp vel og vandlega; þá getum vèr fyrst sèð, hvað vantar til þess, að vèr getum borið oss sjálfir; þá getum vèr fyrst farið að hugsa um efni vor, og reyna að bæta það, sem kynni að bresta upp á. Vegna þessa get eg ekki aðhyllzt það, að tilboðið og fjárhagsmálið sè bendlað saman svona óeðlilega, með því og, að eg held stjórnin megi kunna oss þakkir fyrir, ef vèr viljum reyna til að bera oss sjálfir, þó ekki sè meira; eg held og, að Danmörk hafi dregið svo mikinn auð frá okkur, meðan verzlunareinokun var á landi þessu, að fjárupphæð þá sè örðugt að meta; en þar eg ekki get nú sèð fyrir, hvernig þíngið muni greiða atkvæði með þetta útboð, þá vil eg áskilja mèr rètt til þess viðaukaatkvæðis, að útboðs hèðan af landi verði ekki krafizt fyr, en búið sè að kenna nokkrum Íslendíngum hermannafræði í herforíngjaskóla í Danmörk, og þeir væri settir meðfram sem yfirmenn á skip, er kenndi hèr við land.

Á. Einarsson: Eg þarf ekki að tala margt um hin einstöku atriði þessa máls, sem nú eru þegar fullrædd; eg beiddi um, að álitsskjöl amtmanna yrði lesin hèr á þínginu í þeirri von að umræðurnar um málið mundi verða styttri, en sú von hefir nú reyndar brugðizt, hvort sem það er nú að kenna *grýlunni,* sem var í einu skjalinu, það get eg ekki sagt, en hitt get eg sagt eptir umræðum ýmsra manna hèr á þíngi, og stefnu þeirri, er seinni hluti nefndarálitsins hefir, að eg held vèr megum þakka fyrir, ef þetta yrði að eins grýla, en ekki *öfuguggi* líka. Eg get ekki gjört að því, að mèr þykir það illa farið, að hinn háttvirti *framsögumaður* skuli eigi fara nú eins að, og hèrna um daginn í fiskileyfismálinu, og segja hreint og beint nei, held-

ur gjöra þenna silavafníng úr útboðinu, svo eg sè ekki annað ráð, en að fella það, eins og það er nú. Það var eitt orð hjá hinum háttvirta *framsögumanni,* sem eg veit ekki, hvort eg hefi heyrt rètt, það, að læknir gæti verið á útboðsþíngum í 3 sýslum *(Framsögumaður:* Það er rètt hermt); þá þætti mèr gaman að vita, hvort ekki mundi vera farið að líða á þíngtíma útboðsþínganna, þegar hann er búinn að láta lækninn fyrir vestan skoppa frá einu þínginu á annað í öllum þessum 3 sýslum, Ísafjarðar-, Barðastrandar- og Strandasýslu, og svo um leið bregða sèr heim á hvern bæ, þar sem einhver 18 vetra gamall piltur hefði setið eptir heima og sagzt vera veikur, til þess að skoða piltúnginn, hvort hann hefði ekki skrópasótt, svo hann yrði sektaður fyrir bragðið, og gæti þetta kostað dálítið. En eg held oss megi reka minni til læknisins í Húnavatnssýslu, hvað getur hafzt út úr ferðalagi læknanna, svo að vèr gjörum gyllíngar til hins sama hèr á þíngi. Eg get nú heldur ekki neitað, að mèr finnst þeir menn gjöra gabb að stjórninni, sem vilja bjóða henni það boð, sem þeir segja að sè til einbers kostnaðar fyrir hana, og til skaða fyrir landið. Sumir hafa sagt, að Íslendíngar þeir mundi verða betri sjómenn, sem verið hefði á flotanum, að minnsta kosti vildi ríkisdagurinn hafa útboðið í þessu skyni, en eg vil í þessu fara að ráðum Franklíns, og stíga fyrst í neðstu rimina í stiganum til þess að komast í hina efstu, og fyrir því álít eg, að Íslendíngum liggi fyrst á að koma sèr upp þilskipum, síðan kaupförum, og síðast herskipum, og þá væri fyrst tilefni til að senda menn hèðan á flota Dana, svo að þeir gæti kennt á herskipum vorum. En fyrst nú ríkisdeginum virðist að hafa verið svo sèrlega annt um, að koma upp sjómönnum hèr á landi, þá vil eg leyfa mèr að vísa honum, eða rèttara sagt stjórninni, á sjómannaskólann á Vestfjörðum, sem Ísfirðíngar hafa komið á stofn, svo að hún taki skóla þenna á náðararma sína, og styrki hann, því þá geta menn fyrst sagt, að það geti orðið nokkur lýsa úr honum. En hvað sem nú öllu þessu líður, þá vil eg þó, að útboð þetta hjá líði, þángað til Íslendíngar sjálfir fara að biðja um, að þeir mætti senda sonu sína á herflotann danska, til þess að læra þar í 3 ár að haga einu segli eptir veðrinu og skjóta af einni kanónu.

Jón. Guðmundsson: Það er merkilegur misskilníngur, að nokkur skuli geta lagt svo út nefndarálitið, að eptir því vilji nefndin hafa útboð. Nefndin hefir þó skýrt tekið fram þau vandkvæði, sem eru við það; hið eina, sem nefndin hefir geingið inn á, er að stjórn-

inni sè gefinn kostur á að leggja frumvarp fyrir alþíngi um þetta efni; hún hefir einúngis ekki viljað, að alþíngi beinlínis afstýngi það, ef stjórnin skyldi mót von vilja gánga að því, þrátt fyrir þá ókosti, sem teknir eru skýrt fram í nefndarálitinu bæði fyrir Íslendínga og Dani sjálfa. Ýmsir þíngmenn hafa nú verið að þenja sig á móti þessum kafla nefndarálitsins, og látizt telja fram nýja og mýmarga ókosti, í laungum tölum, en þessir annmarkar, sem þeir hafa tekið fram, eru hinir einu og sömu, sem nefndin hefir tilfært. Það er að heyra á sumum þíngmönnum, sem þeir ætli stjórninni þá heimsku og illgirni að vilja skylda oss til útboðs þessa, en afsegja oss um fjárlagarèttinn, en það getur hún þó eingan veginn eptir nefndarálitinu, því eptir því ímynda eg mèr helzt, að hún finni útboðið hreina frágángssök; eg veit ekki heldur til, að stjórnin nokkurn tíma hafi gjört sig bera að því, að slíkri ósanngirni, sem hèr ræðir um, við Íslendínga. Það vita þó allir, að eg hlífist ekki við, að krefjast rèttinda af stjórninni til handa Íslandi, en mèr hefir þó aldrei dottið í hug, og kemur aldrei til hugar, að krefjast rèttinda, án þess að viðurkenna, að þar í móti verði að koma einhverjar skyldur; þar sem menn þykjast eiga rèttar að krefja eða ívilnunar, þar verða menn að vera við því búnir, að leysa af hendi skyldur eða tilslökun í móti. Það er að vísu satt, að eptir gamla sáttmála erum vèr fríir við allt útboð og herskyldu, en aptur skyldar gamli sáttmáli oss til að greiða konúngi skatt til þess að leggja á konúngsborð. Meiníng nefndarinnar er ekki önnur en sú, að með því að afstínga ekki þetta útboð með öllu, þá úttali menn að eins viðurkenníngu vora fyrir því, að þeir hagsmunir, er vèr megum hafa og eigum rètt á að heimta af sambandinu við Danmörku, gjöri oss að skyldu að leggja eitthvað af hendi til almennra ríkisþarfa. Nefndin hefir sjálf játað og tekið fram, að þetta samband milli fjárlagarèttar vors og útboðsins, sem ráðherrann hefir svo óskiljanlega samanflèttað, sè næsta óeðlilegt, og eigi alls ekki við; þetta er líka ómótmælanlega satt, því ráðherrann hefir nú samteingt bæði þessi málefni, og lagt þau fyrir þíngið til álita; þá gat nefndin ekki komizt hjá að hreifa málinu, eins og hún hefir gjört, og þíngið verður einnig að segja um það álit sitt. Meðan vèr erum í sambandi við Dani, og það gildir einu, við hverja þjóð vèr erum í sambandi, þá undir eins og vèr höfum nokkurn rètt, verðum vèr einnig að hafa skyldur. Menn hafa sagt hèr í salnum í dag, að vèr ekki þurfum að kaupa jafnrètti við hina þegna ríkisins, því konúngur hafi heitið Íslendíngum því; það er satt, kon-

úngurinn hefir heitið oss jafnrètti við hina hluta ríkisins, en hefir hann þá undanþegið oss öllum skyldum? eg held ekki. Og hvernig er því jafnrètti varið, sem konúngurinn hefir heitið oss, hverjum skilyrðum er það bundið? Þeim, sem liggja á öllum öðrum þegnum konúngsins eptir hinni nýju stjórnarskipun, að vèr ekki að eins berum okkur sjálfir, heldur einnig leggjum nokkuð af til almennra ríkisþarfa; og þess vegna getum vèr Íslendíngar hvorki krafizt þessa jafnrèttis nè þegið, nema vèr getum borið oss sjálfir, eins og aðrir þegnar hans, og miðlað nokkru að auki til alríkisins. Tveir af hinum heiðruðu konúngkjörnu þíngmönnum hafa kastað steini að stjórninni fyrir þessar uppástúngur og samband milli þeirra, og er það ný bóla úr þeirri átt. Annar þeirra fann það til, að einstaklegt atriði í stjórnarbótarmálinu, nefnilega fjárlagarètturinn, væri rifinn út úr sínu rètta samanheingi, og væri lagður svona sèrstaklega eður út af fyrir sig undir álit þíngsins; þetta er merkileg og eptirtektaverð athugasemd af þeim manni, sem einmitt í stjórnarbótarmálinu hèrna um daginn vildi þá með eingu móti hreifa neinum sèrstökum atriðum. Að öðru leyti þarf ekki að bera nefndinni það á brýn, að hún hafi hreift fjárhagsmálinu fyrst eða stúngið upp á, að Íslendíngar feingi ályktanda vald í fjárlögum landsins, því hin fyrsta uppástúnga um það er komin frá ríkisdegi Dana, og eg veit ekki, hvort oss tjáir hèr að deila við hann um það. Það er mikið talað um, að landið missi svo marga verkfæra menn; hvort þeir eru nú 120 árlega eða 40 árlega, ætla eg nú ekki að tala um; en þó ætla eg auðskilið, að eptir uppástúngum nefndarinnar er mannmissirinn ekki meiri eða annar en 120 manns í eitt skipti fyrir öll; þegar búið er að út boða 40 árlega í 3 ár eður samtals 120, þá koma aptur á hverju ári 40 í stað þeirra 40, sem fara; mannmissir þessi kann nú að vera mikill, en ef menn eptir sama sjónarmiði vildi reikna alla þá skiptapa, sem hèr verða á landi voru, þá mundi það eptir þess konar áætlun skipta kann ske mörgum hundruð þúsundum dala; mèr þykir því þetta nokkuð skrítin ályktun, sem einhver þíngmaður hefir komið fram með um það. Menn segja líka, að vinnukraptarnir rýrni svo mjög og skerðist, ef útboðið kæmist í kríng, og hafa gjört út af því margar og hlægilegar áætlanir, hvað sá missir næmi miklu að dalatali; en eg ímynda mèr vinnukraptarnir sè nú ekki svo vel notaðir, að ekki megi gjöra ótal samkynja áætlanir í dalatali yfir misbrúkun þeirra, eins og nú stendur; og vil eg taka til dæmis þenna mikla gullsmiða- og silfursmiðafjölda, sem er hèr á landi, og aðra,

sem á bezta aldri leggja fyrir sig þvíumlíkt glíngur; ætli þeim vinnukröptum yrði ekki á einhvern hátt betur varið? og ætli það væri ekki hægt að útreikna afarmiklar summur í dalatali, sem landinu tapast hèr við í samanburði við það, ef þessir menn gæfi sig við hákallaveiðum, og arðurinn miðaður við meðalafla í lifrartunnum, eða ef þeir gæfi sig í kaupavinnu, og tæki svo og svo marga smjörfjórðúnga í kaup?

H. Kr. Friðriksson: Eg ætla nú ekki að svara hinum háttvirta *varaforseta*, því að það er óþarfi; hann hefir sjálfur ekkert sannað; en hinn 3. háttvirti konúngkjörni þíngmaður er þegar búinn ljóslega að sanna hið gagnstæða því, sem hann vildi sanna; það er einkum tvennt, sem eg vildi fara nokkrum orðum um, og það er fyrst og fremst það, sem hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu sagði, að stjórnin mundi ekki *svíkjast* um það, sem hún hefði lofað, þar sem hún hefði borið undir þíngið, hvort vèr ekki vildum sjálfir ráða fjárhag vorum, með þeim skilyrðum, að vèr tækjum þessu útboði til herskipaflotans; en má eg spyrja: „hvar er loforðið?“ hún hefir einúngis sagt: „Hvernig lízt yður á, að þèr látið oss hafa nokkra menn til herskipaflotans? og á hinn bóginn, beðið um álit þíngsins um það, hvort það vildi fá ráðgefanda vald um fjárhágsmálin; er þetta nokkuð loforð? eg get ekki séð það; en þótt þetta hefði verið bundið skilyrði, þá er hinn heiðraði þíngmaður næsta gleyminn, er hann eigi man, hvað hann sjálfur hefir skrifað undir, sem nefndarmaður, því að nefndin hefir sjálf ráðið frá að aðhyllast uppástúngu stjórnarherrans um fjárráðin. Það hefir verið sagt, að vèr vildum skorast undan öllum útgjöldum og sköttum til almennra ríkisþarfa; en eg ímynda mèr, að minnsta kosti hinn heiðraði *framsögumaður* hafi verið í þessu efni nokkuð gleyminn; hvað leingi höfðum vèr ekki verzlunareinokunina? og hvers eigum vèr að meta hana? getur hann sagt, hversu mikið vèr höfum tollað Dönum undir verzlunarokinu? Eg man ekki betur, en Danir sjálfir hafi sagt, að það tjón væri ómetanda, sem vèr hefðum beðið af verzlunarokinu. Það sjá allir, að vinnukrapturinn hlýtur að minnka ekki all-lítið við þetta útboð af 120 manns, því að eg held, að nefndin sè þó farin að sjá, að það sè 120 manns, en ekki einir 40. Hinn heiðraði *framsögumaður* sagði, að eg hefði tekið til arðmesta atvinnuveginn; en eg verð að geta þess, að vel mætti ímynda sèr, að 20 þiljuskip feingi á ári allt að 100,000 rd., því að þess eru dæmi, að veiðar eins þiljuskips hafa verið 5000 rd. virði á ári. En vèr þurfum ekki að fara

leingra, en til þess dæmis, sem hinn heiðraði þíngmaður Mýrasýslu sagði áðan, að ef þessir 120 menn stæði við slátt og menn ætlaði, að þeir slægi 2 hesta af heyi á dag, þá mundi þeir vinna fyrir svo mörgum sauðum, að þeir væri rúmra 69,000 dala virði. Að lokum vil eg geta þess, að þar sem hinn háttvirti *varaforseti* sagði, að vinnukraptarnir væri eigi svo vel notaðir hvort sem væri hèr á landi, þá átti hann það ósannað, að þeir vinnukraptarnir, sem eptir væri, mundi betur verða notaðir eptir útboðið en áður.

P. Pètursson: Mèr þykir það illt, að *varaforseti* skuli nú vera burtu hèr úr salnum; hann er eða þykist vera svo sjaldan á máli stjórnarinnar, að það væri synd að spilla gleði hans í þetta eina skipti. Hann segir nú, að við hinir tveir konúngkjörnu þíngmenn höfum kastað steini að stjórninni; en eg er viss um, að eingum sanngjörnum manni dettur í hug að segja slíkt. Hvorki eg nè hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður höfum gjört þetta; heldur einúngis sýnt, hversu óaðgeingilegt útboðið mundi verða bæði fyrir stjórnina og landið, þegar það er þeim skilyrðum bundið, sem það nú hefir eins og það liggur fyrir.

G. Einarsson: Eg vil leyfa mèr að gjöra dálitla athugasemd við það, er varaþíngmaður Reykvíkínga sagði nú fyrir skemmstu, þegar hann fór að gjöra áætlun um sumarheyafla þessara umtöluðu 120 manna. Þegar heyjafeingur á öllu Íslandi er tekinn til greina, þá mun nær sanni að ætla, að meðal-karlmaður komi í garð um heyvinnutíma 100 hestum heys eða fóðri fyrir hèr um 60 fjár að meðaltali; heyja þá þessir 120 menn fyrir 7200 fjár; nú mun meðalarður af kind verða á landi hèr kríngum 2 dali, missist þá einúngis fyrir sumarvinnu þeirra eptir þessu 14,400 dala arður árlega, en sjálfir líða þeir á ári hverju hver um sig sjálfsagt 20 dala skaða, eða allir til samans 2400 dali.

P. Jónassen: Þeim heiðraða *varaforseta* eru sannarlega mislagðar hendur, þegar hann nú er orðinn svo meðmæltur útboði hèðan frá landi, því eg get leitt rök að því, að hann í fyrra var því mikið mótfallinn, og taldi á því öll tormerki. Hann ránghermir það, að eg hafi kastað steini á stjórnina fyrir það, að hún hafi farið þessu útboði hèðan á flot; eg man glöggt, hvað eg sagði; eg sagði útboðið hèðan væri svo miklum annmörkum bundið, að það væri frágángssök fyrir stjórnina að fara fram á það, og þetta held eg nefndin sjálf hafi bezt sannað; kalli því hinn heiðraði *varaforseti* þetta að álasa stjórninni, tekur hann það í rýmri skilníngi en stundum endrar

nær. Hann sagði nefndin hefði, með því svo skýrt að taka fram ókostina á útboðinu, ætlazt til, að stjórnin skyldi ekki fara fram á það, en lá þá ekki nær fyrir nefndina að segja það hreint út, að ókostirnir væri svo yfirgnæfandi, að útboð hèðan frá landi væri hreint frágángssök? eg man þó ekki betur en það væri sagt hèrna um daginn í öðru máli, að þegar við vini væri að skipta, og þeir bæði um eitthvað, sem menn ekki vildi veita, að þá ætti menn að segja það hreint út: „við getum ekki orðið við bæninni, hversu fegnir sem vildum". Eg held fyllilega, að þetta hefði verið rèttara.

St. Jónsson: Þegar eg hafði lesið nefndarálitið, var eg samþykkur nefndinni í hinu fyrra atriði málsins. En það var öðru máli að gegna með síðara atriðið, því ef menn skoða það nokkuð ítarlega, sjá allir, að ekki þarf meir en nefndarinnar eigin orð og ástæður móti málinu, og af þeim einum sannfærðist eg um hið gagnstæða, og hafa þó margar fleiri skýríngar komið síðan. Viðvíkjandi því, að það sè ekki svo loku fyrir skotið, að þíngið fái ekki að ræða þetta mál seinna, þá vil eg geta þess, að mèr þótti það rètt gjört af stjórninni að senda það nú, hvað útboðið snertir, einúngis sem álitsmál til þíngsins, af því að það liggur einginn skylda á mönnum hèr í þessu efni; en að þíngið skuli gefa stjórninni tilefni til seinna að senda frumvarp um þetta útboð til þíngsins, þá sýnist mèr að nú væri betra að þíngið segði hreint: *nei;* því þegar frumvarpið væri komið, væri verra að hafna því, en neita núna. Eg er því ekki meðmæltur nefndinni, hvað þetta snertir. Vèr erum allir á því, að mannafli sè hèr ónógur, en einhver hefir sagt, að ekki allir kraptar væri notaðir sem skyldi; en þetta er þó eingin ástæða til að fækka þeim, og aldrei held eg, að til að mynda gullsmiðirnir yrði teknir til þessara starfa á herskipum. Eg veit ekki heldur, hvað margir af þessum 120 mönnum (því sú er rètta talan), sem útboðnir væri, mundi koma aptur. Það er auðvitað, að dauðinn er alstaðar, en það eru þó misjöfn tilefni til hans, og meiri eru þau þó fyrir þá menn, sem ganga í herþjónustu; en ekki fást híngað menn í þeirra stað, sem falla; líka er það auðsèð, ef að þessir útboðnu menn væri teknir eptir hlutfalli, mundi það hitta eins vel þann, sem óhæfastur, og hinn, sem vanur og hæfilegur væri; það getur eins vel hitt sveitamann, sem naumast hefir sèð sjó, eins og sjávarmanninn, og getur margt illt af því leitt.

Á. Einarsson: Hinn háttvirti *varaforseti* gat þess, að vèr legðum eingan skatt á konúngsborð; en eg verð nú að segja, að konúngur skamtar oss ekki heldur; það mátti heyra hèrna fyrir skemmstu,

að konúngur gæti ekki breytt úrskurðum okkur í hag; maður gæti kann ske haft kollektuna til samanburðar um þetta; mèr heyrðist hèr um daginn, að allir væri ánægðir með, hvernig þar væri skamtað. En má eg spyrja, er þá einginn skattur á Danmörku, sem vèr eigum tilkall til? Eigum vèr ekkert tilkall til neins fyrir verð þjóðjarða, sem hefir verið hirt í Danmörku? eg vil nú biðja hinn háttvirta *varaforseta* að hugsa um það til næsta þings.

G. Brandsson: Mèr er það nú mjög ógeðfellt, að fara að taka það upp aptur, sem áður er talað; en eg neyðist nú til að gjöra það. Hinn heiðraði varaþíngmaður Reykvíkínga hefir ekki skilið það rètt, að nefndin mundi halda, að stjórnin svikist um allt á eptir, þegar hún væri búin að koma útboðinu á, að hún nefnilega ekki veitti oss rètt vorn á eptir; en þetta hefir nefndinni aldrei dottið í hug. Það er að sönnu satt, að það var töluverður ágreiníngur í nefndinni um þetta útboð, fyrst um það, hvort ráða ætti þínginu til að aðhyllast það, og að hinu leyti um alla tilhögun þess, en samt eptir miklar umræður um þetta komst þó nefndin til þessarar niðurstöðu, því hún vildi þó ekki fella þetta mál með öllu, heldur láta þíngið gjöra það, ef það vildi; en hún hefir nú skýrt málið með þeirri stefnu, sem hún tók, og svo hafa umræður margra þíngmanna gjört það enn nú fremur, og er því meiri vissa fyrir, að atkvæðagreiðslan falli betur.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, álít eg þessari undirbúníngsumræðu lokið. Þar eð atkvæðaskráin í vegabótamálinu er svo stór, getur það ekki komið til ályktarumræðu á morgun. Eg verð því að taka þetta mál aptur til ályktarumræðu á morgun, og vil eg því biðja hina heiðruðu þíngmenn, að koma fram með breytíngar sínar og uppástúngur ekki seinna en kl. 6 til 7 í kvöld, til þess atkvæðaskráin geti orðið prentuð í tæka tíð.

Fundi slitið.

---

7. ágúst — tuttugasti og fjórði fundur.

Allir á fundi nema hinn 6. konúngkjörni þíngmaður og þíngmenn Suðurþíngeyjar- og Suður-Múlasýslna, sem voru veikir.

Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur í dag til ályktarumræðu

og atkvæðagreiðslu *konúnglegt álitsmál um fjárhag Íslands og útboð til flotans;* eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í máli þessu, og vona eg, að allir hinir heiðruðu þíngmenn hafi hana fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í

konúnglegu álitsmáli um fjárhagsmál og útboð.

A, *Nefndin* nr, 1: að þíngið ráði frá, að tekju- og útgjalda-áætlun Íslands verði, samkvæmt því sem stúngið er upp á í konúngsúrskurði 27. maí þ. á., lögð fyrir alþíngi til álita, hvort heldur væri eitt sinn fyrir öll, eða á tilteknum tímamótum.

B, *Nefndin* nr. 2: að þíngið beri þá bæn fram fyrir stjórnina, að alþíngi veitist ályktanda vald hvað tekju- og útgjalda-áætlun Íslands snertir, en að úr ríkissjóði verði greitt til landsins ákveðið árlegt tillag um tiltekna áratölu, og að frumvarp eða uppástúnga um hið nákvæmara fyrirkomulag á þessu verði lagt fyrir næsta þíng.

C, *H. Kr. Friðriksson:* að þíngið ráði frá, að nokkur útboðsskylda til hins konúnglega herflota verði lögð á Ísland að svo komnu.

D, *Nefndin* nr. 3: að þíngið að sínu leyti ekki skorist undan því, að á Ísland sè lögð útboðsskylda til hins konúnglega herflota, þannig:

a, að tala þeirra, sem á sèrhverjum tíma sè hèðan úr landi í útboðsþjónustu á herflotanum, eigi verði hærri en tveir af þúsundi.

b, að þeir verði í fastri þjónustu, og þjónustutíminn ákveðinn til tveggja eða þriggja ára.

c, að útboðið sè bundið við 18 ára aldur.

d, að prestar semji og haldi við skýrslum yfir alla útboðsskylda og sendi nafnaskrá yfir þá innan ársloka til sýslumanns, en hann sendi innan janúarmánaðarloka allar prestaskýrslurnar til amtmanns, sem þar næst, samkvæmt ákvörðuninni um útboðstöluna fyrir allt landið og eptir fólksfjölda ákveður, hvað margir skuli útboðast til herflotaþjónustu úr hverri sýslu það ár.

e, að útboðsþíng, til að ákveða, hverja útboða eigi til herflotaþjónustu, sè haldið á ári hverju á hentugum stað í sýslunni, á tímabilinu frá byrjun maímánaðar til loka júnímánaðar, þannig, að staður og tími sè tiltekinn og auglýstur fyrirfram, og sè þínginu stjórnað af sýslumanni og lækni, en allir þeir,

sem á útboðsaldri eru, sè skyldir að mæta þar, að við lögðum sektum.

f, að hinir útboðuðu sè skyldir að fara til þeirrar hafnar, er af amtmanni yrði fyrirfram auglýst, til þess að flytjast til Danmerkur, eða ef herskip skyldi verða látin liggja hèr, til þess að þjóna á þeim, en að þeir fái ferðapeninga frá heimili sínu til hafnarinnar.

g, að hinir útboðuðu verði eptir endaða þjónustu á herflotanum fluttir hingað aptur, og leystir hèr af herþjónustu.

E. *Páll Sigurðsson,* varauppástúnga: að skyldu til útboðs frá Íslandi verði ekki krafizt, fyr en nokkrir Íslendíngar væri fyrst teknir til kennslu í herforíngjaskóla í Danmörk, og væri þaðan útskrifaðir og síðan teknir á herskip þau, er ætti að taka við þeim Íslendíngum, er skyldaðir væri til útboðsins og skip þau lægi svo hèr við landið á sumrin.

Framsögumaður: Það hafa ekki komið fram mörg breytíngaratkvæði við nefndarálitið, en eitt þeirra undir *litr. C* er næsta athugavert; ræða hins heiðraða varaþíngmanns Reykjavíkurbæjar í gær við undirbúníngsumræðu máls þessa var nokkuð hörð á móti útboðinu og hinn sami blær virðist mèr vera á breytíngaratkvæði hans, því samkvæmt því tekur hann út fyrir allar æsar, því hann lætur sèr ekki nægja að ráða frá útboði, heldur ræður hann frá, að *nokkur* útboðsskylda verði lögð á, en þetta á ekki við, því stjórnin hefir einúngis lagt þá spurníngu fyrir þíngið, hvort það ráði til, að útboðsskylda sè lögð á Ísland, og þar á það svar við og ekkert annað, ef menn eru á móti útboðinu, að þíngið ræður frá slíku útboði, en í breytíngaratkvæði hins heiðraða varaþíngmanns Reykjavíkurbæjar finnst mèr liggja, eg vil ekki segja reiði, en þó kapp, sem mèr finnst eingan veginn eiga við hèr, og verð eg því að ráða þíngmönnum alvarlega frá að fallast á þetta breytíngaratkvæði, eins og það er orðað. Við undirbúníngsumræðu þessa máls leit samt svo út sem margir væri á móti útboðinu, og vil eg því skjóta því til þíngsins, úr því breytíngaratkvæði þíngmanns Reykvíkínga er svona óheppilega orðað, en ekkert annað breytíngaratkvæði í líka átt er framkomið, hvort menn ekki má ske vildi fallast á, útboðið upp á nokkuð annan hátt en nefndin hefir stúngið upp á og er þá hægt að gefa atkvæði sitt á móti undirskiptíngum þeim undir *ltr. D,* sem mönnum ekki geðjast að, t. a. m. að sleppa *ltr. a,* ef menn ekki væri ánægðir með tölu þá, sem þar er tiltekin, þó mèr reynd-

ar virðist hún sanngjarnleg; en þó menn þannig kynni að vera óánægðir með sitt hvað þess háttar, flýtur þar af eingan veginn, að menn þurfi að gefa atkvæði móti útboðinu yfir höfuð, því það væri þó ætíð í hendi þess þíngs, sem frumvarp hèr að lútandi yrði lagt fyrir, að breyta eður nákvæmar ákveða, undir hvaða skilmálum það vildi gánga inn á útboðið, eður jafnvel hafna því að öllu leyti. Varauppástúngan undir *ltr. E* þykir mèr næsta skrítileg, því þar sem menn hèr mest hafa haft það á móti útboðinu, að með því misstist svo margir hèðan frá landinu vinnufærir, þá geingur þessi uppástúnga út á það að missa enn þá fleiri, og það svo, að ekki væri minnsta von til, að þeir mundi nokkurn tíma hverfa heim híngað aptur, þar sem þó bæði er von og vissa fyrir því, að flestir af þeim, sem útboðaðir væri, mundi snúa aptur heim. Í annan stað ber þess að gæta, að í skóla þann, sem hèr ræðir um, er eingum veitt móttaka, sem ekki greiðir fyrir sig, og fer því varauppástúngan um leið óbeinlínis fram á, að styrkur sè veittur til þess að komast inn á skólann og læra þar. Ástæða sú, sem virðist liggja helzt til grundvallar fyrir þessu atkvæði, að Íslendíngar ekki mundi kunna við sig og ekki skilja málið, finnst mèr ekki mikilvæg, því eg álít sjálfsagt, að slíkt muni jafna sig fljótt, og eg vil því vona, að varauppástúngan *ltr. E* ekki fái meðhald þíngsins. Við undirbúníngsumræðu þessa máls í gær lèt þíngmaður Mýrasýslu það í ljósi, að ef vèr geingjum að uppástúngunni um útboðið, mundum vèr einnig verða að borga allan þann kostnað, er leiddi af eða stæði í sambandi við útboðið, en um það getur ekki verið spurníng, því allur kostnaður til flotans er greiddur úr alríkissjóðnum, og mundi eins fara um þenna kostnað, sem heyrir beinlínis þar inn undir, enda er eingin uppástúnga eða bendíng komin frá stjórninni um það, að kostnaðurinn við útboðið ætti að greiðast af Íslandi. Hinn heiðraði þíngmaður Strandasýslu áleit það óvinnanda fyrir lækninn í Þorskafjarðarþíngi að geta verið viðstaddan á öllum útboðsþíngum í læknisumdæmi hans, en eg get ekki skilið, að svo þurfi að fara, ef vel er tilhagað bæði staðnum, sem útboðsþíngið er haldið á, og líka tímanum. Þegar gjört er ráð fyrir, að hvert útboðsþíng ekki þurfi að standa leingur en 1 dag, og tíminn, sem útboðsþíngin ætti að haldast, væri frá fyrsta maí til seinasta júní, og get eg ekki skilið, að lækninum væri ókljúfanda að vera með þessu móti til staðar á hverju útboðsþíngi þrátt fyrir það, þó umdæmi hans nái yfir 3 sýslur; að öðru leyti hefir nefndin haft fullkomið tillit til vandkvæða

þeirra, sem í þessu og öðru tilliti eru á útboðinu, en sem henni virtust samt ekki svo mikils verð, að ekki mætti sigra þau. Þar sem hún á hinn bóginn varð að álíta hag að því fyrir landið að gánga að útboðinu.

Konúngsfulltrúi: Eg leingdi ekki þíngræðurnar í gær í þessu máli, því mèr virtust þær samt vera nógu lángar, og eg skal heldur ekki vera lángorður í dag. Hvað nú nefndarálitið áhrærir, þá virðist mèr það vera bæði ljóslega og hóglega samið. Því var að sönnu mjög álasað í gær af sumum þíngmönnum, en eg get ekki verið þeim áfellisdómi samþykkur, því eg held, að nefndarálitið sè samið með þeirri gætni, sem vel á við. Nefndin hefir að sönnu ráðið frá því í sínu fyrsta uppástúnguatriði, að tekju- og útgjalda-áætlun Íslands verði lögð fyrir alþíngi til þess það ræði hana og segi um hana álit sitt annaðhvort eitt sinn fyrir öll eða á tilteknum tímamótum; og nefndin hefir tilfært svo álitlegar ástæður fyrir þessari uppástúngu sinni, að eg get ekki áfellt hana fyrir það, þó hún kæmist til þessarar niðurstöðu. En eg verð samt að halda, að það hefði verið gott fyrir þíngið, þó það hefði feingið nokkra æfíngu í því að ræða tekju- og útgjalda-áætlunarfrumvarp, á meðan það er ráðgefanda, og áður en það fær nokkurt ályktunarvald í fjárhagsmálum landsins; því reynslan hefir sýnt, að þínginu stundum ekki hefir farizt hönduglega að ræða þau lagafrumvörp, er hafa verið nokkuð laung og vandasöm, en áætlunarfrumvörpin eru optast nær bæði flókin og vandasöm, enda hafa þau ætíð gefið tilefni til mjög lángvinnrar umræðu á öðrum þíngum.

Hvað uppástúngu nefndarinnar *litera B* áhrærir, þá virðist mèr það ekki vel hlýða, að þíngið, ef það neitar öllum uppástúngum stjórnarinnar, þó í sömu andránni fari að biðja um ályktunarvald í fjárhagsefnum; enda held eg það verði ekki til neins að biðja um slíkt, meðan skattamálefnið ekki er komið í kríng, og meðan ekkert er útgjört um stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins. Að nefndin í uppástúngunni *litr. D* ræður til þess, að þíngið ekki skorist undan því, að á Ísland sè lögð útboðsskylda til hins konúnglega herflota, held eg sè rètt og hyggilega gjört; því hún hefir grundað þetta á þeirri náttúrlegu skyldu, er hvílir á öllum pörtum ríkisins, að taka nokkurn þátt í varnarskyldunni *(Værnepligten)* upp á þann hátt, sem hverjum landshluta er sem bærilegastur, og í tilliti til Íslands verður þessi skylda auðsjáanlega lèttust með því, að það leggi nokkra menn til herþjónustunnar til sjóar, hvar með landið með tímanum

kynni að geta feingið nokkra vel æfða sjómenn, á hverjum nú er tilfinnanlegur skortur. Nefndin hefir sýnt ljóslega fram á þau vandkvæði, sem samfara eru útboðsskyldunni, og þar með bent stjórninni ánægjanlega til, hvað þarfir landsins útheimta, og hvort það mundi svara kostnaðinum og umstánginu, sem þar við yrði, að leggja útboðsskyldu á landið.

Af því, sem eg hefi nú sagt, fær þíngið sèð, að eg ekki get fallizt á breytíngaratkvæðið *litr. C,* og ekki heldur á breytíngaratkvæðið *litr. E.* Það, sem þar er farið fram á, er *administrativt* málefni, sem ekki kemur þínginu við. Þar að auki mundi það verða mjög dýrt fyrir landsmenn, að koma sonum sínum í herforíngjaskóla, hvar þeir eingan styrk mundi geta feingið til lærdómsiðkana sinna, eins og íslenzkir stúdentar fá við Kaupmannahafnarháskóla

Forseti: Eg skal leyfa mèr að geta þess, að mèr virðist hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* nokkuð ósanngjarn, eða að minnsta kosti býsna harður í dómi sínum um þíngið, þar sem hann sagði, að þínginu hafi farizt óhönduglega meðferð á merkilegum og vandasömum málum. Það kann að vera, að honum fyrir sitt leyti finnist svo, en eg verð þá einnig fyrir mitt leyti að leyfa mèr að mótmæla því öldúngis. Það er allt annað mál, þó þíngið hafi ekki altènd komizt að þeim málalokum, sem stjórninni líkaði, eða að uppástúngur þess hafi stundum ekki unnið samþykki stjórnarinnar, en mèr finnst þínginu hafa farizt meðferð margra vandasamra mála jafnvel hönduglegar, en von var á eptir kríngumstæðunum og þíngsköpum þeim, er vèr höfum, þar sem t. d. ekki má fara fram nema ein atkvæðagreiðsla, hversu flókið og margbrotið sem málið er.

Konúngsfulltrú: Hinn háttvirti *forseti* hefir misskilið orð mín. Eg hefi ekki sagt, að þínginu hafi mistekizt meðferð allra merkilegra málefna; en eg hefi sagt, að því hafi ekki farizt hönduglega meðferð nokkurra vandasamra lagafrumvarpa, sem komið hafa fyrir þíngið; og meinti eg þar sèr í lagi til sveitastjórnarmálsins, sem svo var úr garði gjört frá þínginu, að stjórnin hefir ekki sèð sèr fært að láta það fá framgáng. Hvað um vegabótamálið verður, skal eg enn þá ekki segja; en ekki hefir mèr getað geðjazt að tillögum þíngmanna í því máli enn sem komið er.

Forseti: Með því, er eg áðan sagði, meinti eg einmitt líka meðferð þíngsins á sveitarstjórnar-málinu, því mèr virðist ekki þínginu hafa farizt meðferð þess í neinu óhönduglega, þó stjórnin ekki fèllist á uppástúngur þíngsins til þess að gjöra þær að lögum.

Um vegabótamálið skal eg eingu spá, meðferðin á því mun sýna sig bezt, þegar það er til lykta leitt, en að öðru leyti held eg mèr sè óhætt að segja, að þíngið hefir opt haft vandamikil frumvörp til meðferðar frá stjórninni, og leyst af hendi starfa sinn við þau svo vel, að bæði stjórnin og landsmenn hafa verið ánægðir með þau málalok.

E. Ó. Kúld: Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* tjáði sig nú að miklu leyti nefndinni samdóma að minnsta kosti í aðalatriðunum, en þar sem hann sagði, að útboðið og fjárhagurinn væri teingt saman af stjórninni, þá getur valdið misskilníngur minn, að eg hefi skilið þetta á nokkuð annan veg. Eg álít nefnilega, að hvorki sè það konúngur eða ríkisdagurinn, heldur ráðherrann einn, sem það hefir gjört, að minnsta kosti verður ekki annað sèð af ríkisdagstíðindunum seinustu; en úr því að það nú er teingt saman, þa gat eg ímyndað mèr, að *stjórninni* (eptir orðum hins hæstvirta *konúngsfulltrúa*) sè míkið um að gjöra, að útboðið komist á, og þess vegna vil eg þá láta kvöð koma á móti kvöð og ekki þverneita útboðinu, í þeirri von, að vèr Íslendíngar fáum í staðinn álýktanda vald í fjárhagsmálum vorum, enda þótt eg í sjálfu sèr ekki finni neitt eðlilegt samband hèr á milli. Af því að við undirbúníngsumræðu þessa máls voru upp lesin nokkur brèf sumra embættismanna hèr a landi, og þau að líkindum þess vegna verða prentuð í alþíngistíðindunum, vil eg leyfa mèr að geta þess, að mèr finnst ástæða til að lýsa óánægju minni yfir því, hversu 2 þeirra eru orðuð, og er annað þeirra brèf landlæknisins, í hverju að Íslendíngum er borin sú lýsíng, sem eg hlýt að mótmæla eptir þeirri þekkíngu, sem eg hefi á löndum mínum yfir höfuð að tala, en fyrir því að landlæknirinn er alkunnur að sannri föðurlandsást og hreinskilni og eg ímynda mèr, að hann hafi ritað hèr samkvæmt sannfæríngu sinni, sem að mínu áliti hèr hefir farið nokkuð skakka leið, skal eg ekki fara um tèð brèf hans fleiri orðum. Þar á móti hlýt eg, hvað hinu brèfinu viðvíkur, sem er ritað af amtmanni Norðlendínga *Havstein*, að lýsa sèrlegri óánægju minni yfir því og mótmæla í alla staði þeim orðum, sem í enda brèfsins eru og þannig hljóða: „ef spurníngin um útboð yrði „lögð fyrir alþíngi, geta menn átt það hèr um bil víst, að málið, „eins og nú er tímum farið, mundi verða notað eins og æsínga„meðal („*Agitationsmiddel*") og fá það útlit af meðferð þíngsins, „að það mundi vekja mikla óánægju hjá landslýðnum". Þvílíkar slettur, sem þessi er, virðast mèr óþarfar, að minnsta kosti þar sem

hún er í alla staði ósönnuð og ósönn og með öllu heimildarlaust tekin svona ástæðulaust úr lausu lopti og af amtmanninum borin fram fyrir stjórnina.

Forseti: Eg verð að ítreka það, er eg sagði við undirbúníngsumræðu þessa máls, að mèr virðist það ekki eiga við, að þíngmenn tali mikið um álitsskjöl þessi, þar höfundar þeirra eru fjærverandi, og þess konar umræður að öðru leyti geta lítið upplýst málið sjálft; eg ætla því að vona, að allar hèr að lútandi umræður sè nú fullkomlega á enda.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að styrkja það, sem hinn háttvirti *forseti* nú sagði; og það má því síður hèr verða nokkur umræða um skjöl þau, er hèr ræðir um, sem þau einasta voru lèð nefndinni til eptirsjónar, en eingan veginn af mèr eru fram lögð fyrir þíngið í þeim tilgángi, að hèr skyldi verða um þau nokkur umræða, sem þess vegna er heimildarlaus.

P. Sigurðsson: Sá háttvirti *framsögumaður* hefir nú með lángri ræðu leitazt við að telja þínginu trú um, að þetta útboð á herflota Dana væri þarflegt fyrir Íslendínga; því væri mannskattur þessi látinn af hendi, þá mundi hann verða tekinn sem nokkurs konar endurgjald fyrir fè það, er Íslendínga nú vantar, eptir reikníngi Dana, til að geta borið sig sjálfir, og þess vegna varð líka breytíngaratkvæði varaþíngmanns Reykjavíkur fyrir mjög hörðum dómi hjá *framsögumanni.* Hann áleit það ef ekki reiðilegt, þá samt mikið harðneskjulegt, því það færi fram á, að afskera allt útboð hèðan um aldur og æfi, en það er eins að sjá, og *framsögumaður* hafi ekki lesið út breytíngaratkvæðið, því það stendur með berum orðum, að ráðið sè frá nokkru útboði hèðan að svo komnu. Hvað viðvíkur þessum lètti í fjártillagi Íslendínga, ef að þeir lèti þenna mannskatt af hendi, þá er eg þar á annari skoðun en *framsögumaður;* eg held, að hitt yrði bráðum ofan á, að með mannskatti þessum mundi bráðum verða krafið af oss það fè, er til þess kostnaðar útheimtist að ná honum saman hèr á landi, og fleira þess háttar. Það er furða, hvað mikið *framsögumaður* vill telja þínginu trú um, að þau 2 mál, að fá í hendur fjárráð vor sjálfir og að undirkasta okkur útboðsskyldu til herþjónustu hjá Dönum, sè svo samanlímd, að ekki megi aðskiljast, og sama hèlt sá heiðraði fulltrúi Gullbríngusýslu við undirbúníngsumræðuna, að stjórnin mundi aldrei neita okkur um fjárráð vor, ef við geingjumst undir útboðskvöðina; en eg ætla eg hafi fyrir mig að bera nægar ástæður, að þessi 2 mál verði aðskilin; því í fyrra sinn, þeg-

ar fjarlaganefndin á þíngi Dana rèð stjórninni til að láta Íslendínga fá meiri ráð yfir fjárhag sínum, en verið hefir, þá var að vísu um leið stúngið upp á þessu útboði hèðan; en á hinu síðara þíngi, þegar fjárlaganefndin ítrekaði þetta aptur, þá var útboð þetta ekki nefnt á nafn, og þá lofaði ráðherrann þínginu, að leggja frumvarp um fjármálefni Íslands fyrir alþíngi þetta, og þó er hèr fyrir þíngið ekki komið frumvarp, heldur einasta álitsmál, eða spurníng, hvort við viljum ekki fá ályktunarvald, heldur einasta einhver þýðíngarlaus áætlunarráð um inn- og útgjöld vor. Það er því annaðhvort, að sá danski ráðherra er mikið gleyminn, ef honum hafa verið fallnar úr minni bænarskrár Íslendínga til konúngsins þess efnis, að mega sjálfir fá í hendur fullkomin umráð fjármuna sinna, því víst hefir hann heyrt af þeim óminn, og svo að gleyma eigin loforði sínu, með að sjá til, að nú yrði lagt frumvarp fyrir þíngið um þetta mál, eða hins vegar, að hann lætur sèr hægt, þó málefni þetta dragist úr hömlu, og er þetta því undarlegra, þegar ríkisþíng Dana hefir verið því meðmælt, og vèr höfum hjá oss skýlaust heityrði konúngs vors að veita okkur jafnrètti við aðra þegna sína, en eg þekki ekki, að danskur ráðherra hafi hèr á landi nokkurt vald að lögmáli rèttu, heldur einasta konúngurinn einn með ráði alþíngis; eg held því, að þessi málefni sè ekki svo rèttilega samanteingd, að þau megi ekki skilja að; og því held eg, að breytíngaratkvæði varaþíngmanns Reykvíkínga sè gott að forminu til, og mun eg hiklaust veita því atkvæði. Hvað varaatkvæði mitt snertir, þá hefir *framsögumaður* talið því það til ókosta, að eptir því yrði fleiri kallaðir til útboðs þessa; en eg held, að þessir ætti að takast af þeim, sem útboðsskyldan ætti að hvíla á. Sá háttvirti *konúngsfulltrúi* þóttist sjá eitthvað ískyggilegt liggja hulið í þessu varaatkvæði mínu, sem hann gat þó ekki leitt fram til skoðunar hvað væri, eins og eg þekki það heldur ekki. Mín meiníng er einasta sú, að skyldi þíngið (mót von minni) ekki aðhyllast breytíngaratkvæði varaþíngmanns Reykvíkínga, að þá með þessari tilhögun, sem eg hefi stúngið upp á, væri útboðskvöð þessi fyrst þess verð, að hún væri tekin hèr til yfirvegunar, því það sèr hver rèttvís stjórn, og það veit eg að stjórn Dana vill vera, að jafnframt og við játuðum útboðskvöð, þá þættumst við eiga rètt til, að strandir vorar ekki væri úr því alveg varnarlausar fremur en aðrir hlutar þess danska konúngsveldis eins og híngað til hefir verið, en að aðhyllast þessa útboðskvöð, eins og hún liggur nú fyrir, álít eg hreina frágángssök. Eg hefi heyrt, að á herskip Dana væri til út-

boðs ekki teknir aðrir en þeir, sem byggi með sjávarsíðu og væri orðnir áður vanir sjómenn; en þessi útboðskvöð, sem hèr liggur fyrir, á að leggjast jafnt á til sjós og sveita, og er þetta eitt með öðru merki um kunnugleika hinnar dönsku stjórnar á landi voru; því það er öllum þíngmönnum kunnugt, að upp til sveita, þar sem fjárrækt er stunduð, eru mjög margir, sem ekki sjá sjó fram yfir tvítugt, og margir koma ekki á sjó á æfi sinni, og því held eg, eins og eg tók fram við undirbúníngsumræðuna, að þessir únglíngar, þegar þeir í fyrsta sinn sæi ekki einasta herskip, heldur sjóinn, og legðist þegar fyrir fárveikir af sjósótt, mundi verða lítilsverðir í augum vanra sjó- og hermanna, hverra mál þeir ekki skilja. Það kann að vísu að vera orðið svo nú, að Danmörk þurfi að leggja fè til Íslands þarfa, en okkur er óljóst, hvort það er eins mikið, og þeir segja, meðan fjárhagur vor er í samsulli við þá, og svo er sú stjórnartilhögun, sem nú er á landi hèr, verk Danastjórnar, og Danmörk hefir tekið fullþúngan skatt af Íslandi hèr til með verzlun sinni. Af þessum ástæðum mun eg veita breytíngaratkvæði varaþíngmanns Reykvíkínga mitt atkvæði.

Ó. Sívertsen: Eins og nefndarálitið, sem hèr ræðir um, og nú á að koma til atkvæðagreiðslu, hefir getið sèr góðan orðstír, hvað áhrærir 1. og 2. uppástúngu þess, svo hefir hin 3. orðið fyrir ærið hörðum dómi sumra þíngmanna. Eg skal nú ekkert segja um það, hvort fremur eða betri hafi verið *sókn* en *vörn*, en fyrir mitt leyti þykir mèr nefndarálitið í þessu atriði sem öðrum gætilega samið, þegar eg skoða sameiginlega Dani og Íslendínga; þeir og vèr eigum að lifa í vináttu saman; svo ber víst að vera, og vèr þurfam þess með. Þegar vèr nú eigum vini, sem vilja vera oss hjálplegir, þá munum vèr þó vilja sveigja til við þá sömu, og enn þótt það væri með skaða vorum. Sá vill einginn öðrum gott, sem einkis þarfnast sjálfur, einkum þegar vænt er eptir að fá aptur á móti annað hagræði fyrir sig; þetta held eg hafi má ske vakað fyrir nefndinni. Annað mál er það, hvort menn eiga að gánga inn á þessa uppástúngu, enda þótt hún sýnist líka byggð að einu leyti á tillögum þeirra embættismanna, sem sóttir voru að ráðum af stjórnarinnar hálfu. Mèr getur ekki litizt á það, því eg held notin af útboðinu verði fyrir Dani miklu minni en kostnaðurinn, svo útboðið yrði að eins útgjöld og skaði bæði fyrir Dana þjóð og Íslendínga, og að gánga inn á það, get eg ekki kallað að væri nokkur vinahót eða sameiníngarstyrkur.

H. G. Thordersen: Eg get ekki neitað því, að eg verð að fylla flokk þeirra, sem eru á móti útboðinu, og það af þeirri ástæðu, að það er nú bæði sýnt og sannað, að þessir fáu menn, sem Danir feingi hèðan, þó útboðið kæmist á, yrði þeim til lítils gagns, en þessu landi til mikilla meina, að missa þá burt hèðan, þó þeir sè nú ekki fleiri en þetta, þar sem fólksfæð er hèr svo afar-mikil, og oss brestur ávallt vinnukrapta, og eg treysti stjórninni því betur til að aðhyllast ekki þetta útboð, sem hún þegar áður hefir undanþegið alla Íslendínga frá landsvarnarskyldunni, sem þó er almenn á öllum í Danmörku sjálfri, og einmitt þessa vegna vona eg staðfastlega, að stjórnin fallist ekki heldur á þetta útboð, sem Dönum er víst til svo lítils sem einkis gagns, en Íslandi til mikils ógagns.

G. Brandsson: Hinn heiðraði þíngmaður Rángvellínga var áðan að tala margt um það, hvað danski ráðgjafinn mundi vera minnislaus, en þá fór eg nú að hugsa margt um það, að hinn heiðraði þíngmaður mundi, ef til vill, ekki vera mikið minnisbetri, því ræða sú, sem hann flutti núna, var lítið annað en ítrekun þess, sem hèr var talað í gær, við undirbúníngsumræðu máls þessa, og þess vegna ímynda eg mèr, að hann hafi verið búinn að gleyma því. Eg get ekki skilið, hvernig sumir þíngmenn fara að ímynda sèr, að stjórnin muni aðhyllast 3. atriðið í nefndarálitinu, án þess að hún um leið aðhyllist 2. atriðið, því það getur þó hver maður sèð, að það liggur í orðum nefndarálitsins, þó þau kunni ekki að vera vógu ljós, að það er skilyrði fyrir því, að vèr aðhyllumst útboðið, að stjórnin fyrst aðhyllist 2. niðurlagsatriði nefndarinnar. Þíngið getur nú gjört það, sem því þykir bezt við eiga í máli þessu, hvernig svo sem nefndin hefir litið á það, og það er líka synd að segja, að nefndin hafi gyllt útboðið í augum þíngmanna. Viðvíkjandi uppástúngu hins heiðraða þíngmanns Reykvíkínga skilst mèr nú reyndar ekki með henni tekið fyrir það, að útboð kunni einhvern tíma að geta átt sèr hèr stað, því það gæti seinna komið uppástúnga eða frumvarp frá stjórninni til þíngsins, til þess það segði álit sitt um það mál. Varauppástúnga hins heiðraða þíngmanns Rángvellínga fer í líka stefnu, þó hún að nokkru leyti fari líka í aðra átt, og ætla eg ekki að fara um hana neinum orðum, því um hana hefir áður verið talað.

J. Sigurðsson: Eg hugsaði áðan, þá sá háttvirti velæruverðugi þíngmaður Barðastrandarsýslu stóð upp á þíngi hèr að tala, hvort Þórarinn Nefjólfsson væri kominn hèr að túlka menn til vináttu við konúng sinn, af því hann væri svo góður; það er nú einginn hèr að

lasta þenna konúng, sem við eigum nú, og einginn hygg eg vilji sýna honum neinn óvinskap. Eg hygg við viljum allir vera þíngmanninum samdóma, að við viljum bæði vera vinir konúngs vors og Dana; en þó einginn Einar Þveræíngur sè hèr, þá mun samt einhver vera, sem detti það í hug, að ekki sè til vinnanda, að selja blóð sitt og sinna eptirkomenda fyrir vináttu þessa konúngs, þó hann sè góður; því það geti þó skeð, að hann verði ekki eldri en gamall; konúngar verði, eins og vant er, sumir góðir, en sumir illir, en álagan standi, ef hún kemst á. Eptir ræðu hins háttvirta *framsögumanns* þá held eg hann hafi ekki í gær skilið ræðu mína öldúngis rètt hann sagði, að eg hefði haldið, að allur sá kostnaður, sem flyti af útboði hinna íslenzku manna, mundi kastast á Ísland, en eg sagði ekki svoleiðis; ég sagði, að ef við samþykktum þessum mannskatti og játuðum okkur þannig undir herþjónustuskyldu, þá mundi Dönum þykja við vera búnir að játa okkur undir herflotakostnaðinn, og þá mundi sá deill af kostnaðinum, sem okkur bæri að greiða, ekki verða minni en kostnaður sá, sem stjórnin yrði að leggja til að ná hèðan útboðsmönnunum, og þá gæti stjórnin gjarnan geingið að því, þó það væri kostnaðarsamt, þar hún sæi, að frá Íslandi kæmi þó aptur eins mikil inntekt til herkostnaðar, eins og hún kostaði til að ná þessum mönnum hèðan. Hinn háttvirti *varaforseti* tók það síðast fram í gær við undirbúníngsumræðu þessa máls, að alla þá annmarka og mótbárur, sem bæði eg og aðrir hefði talið fram á móti útboðinu, hefði nefndin sjálf í áliti sínu framfært bæði á Íslands og stjórnarinnar síðu, en samt hafi nefndin ekki viljað ráða þínginu til, að afstínga þessa útboðsskyldu; en þegar að nefndin sá nú svo mikla ókostina, að bæði Dönum og Íslendíngum stæði bæði tjón og kostnaður af uppástúngunni, fannst mèr fullkomin skylda, bæði nefndarinnar og þíngsins, að ráða stjórninni hreinlega frá áformi þessu, og í þeirri meiníngu taldi eg fram annmarkana, og hefði einhverjir verið svo kærulitlir við stjórnarhaginn (sem ekki er líklegt), að þykjast ekki þurfa að vakta fyrir, þó stjórnin bakaði sèr kostnað með þessu, þá voru þeir samt, þegar þeir sáu kostnað, tjón og töpun Íslands við það, sem Íslendíngar og fulltrúar þjóðar sinnar, skyldugir, eg segi skyldugir til að afstínga þetta fyrirtæki, og ráða stjórninni frá því. Þetta hefir þó nefndin ekki gjört. *Varaforseti* sagði líka, að þegar menn vildi fá rèttindi, þá yrði menn að finna sig í því, að leggja fram skyldur. Eg veit þetta, og eg hygg allir játi það, og ef mönnum stendur til boða, að geta áunnið sèr ný rèttindi eður ávinníngsvon, sem þeir hafa

aldrei átt tilkall til áður, þá munu menn taka nærri sèr að hætta nokkru til með nýrri skyldu. En hèr er ekki um slíkt að tala, því þó okkur sè lofað að fá fjárhagsmál okkar til meðferðar, þá eru það eingin ný rèttindi; það er okkar forni og helgi rèttur; það vita allir, að Íslendíngar voru sjálfráðir eigna sinna, og voru vel fjár síns ráðandi, og gátu stjórnað efnum sínum, eins vel og nú er gjört, og þessi rèttindi höfum við aldrei selt, og hljótum því að eiga fullkominn atkvæðisrètt í fjárhagsmáli voru, og stjórnin þarf ekki að selja okkur hann fyrir afarkosti; ef hún er rèttlát, sem eg efast ekki um, þá hlýtur hún að gefa okkur þenna rètt, og Danir sjálfir eru farnir að sjá það, og minna hana á það. En ef stjórnin er ránglát og vill selja okkur þann rètt, sem við eigum, þá mun hún ekki allt í einu verða rèttlát, þó við förum að gánga undir óvanalega og okkur óskylda álögu, og offra henni sonum vorum; hún getur eins haldið fjárhagnum fyrir okkur fyrir það, ef hún er svo innrætt, því einatt má beita valdinu við okkur. Þær skyldur, sem menn að fornu hafa geingizt undir við konúng sinn, held eg allir vilji rækja. Eg held allir Íslendíngar vilji gjalda honum hlýðni og virðíngu, trú og hollustu, skyldur og skatta þá, sem honum voru heitnir; þeir voru í fyrstunni lagðir af Íslendínga hálfu á konúngsborð; en þó hann brúki þá nú til annars, þá er það stjórn hans og fyrirkomulagi að kenna, en ekki okkur, og þó að því skyldi nú enn koma, að við ættum að leggja nýtt gjald á konúngsborð, þá mundu menn ekkert verða ófúsir til þess, ef menn gæti komið svo fyrir fjárhag sínum (og konúngur styddi oss til þess), að menn sæi, að landið væri fært um það. Eg hefi t. a. m. heyrt, að í Norvegi, og af Norðmönnum vil eg helzt draga okkur dæmi, því af þeirra bergi erum við brotnir, og undir þeirra stjórnarháttu geingum við, að Norðmenn, segi eg, gjaldi á konúngsborð 80 þúsund rdl., og sè miðað við fólkstölu, þá er þar 1 milíón manna, það er 20 falt við fólkstölu Íslands, allt svo eptir þeirri reglu ættum við að leggja á konúngsborð 4000 rdl.; mèr ægir þetta ekki svo mikið, og þykir það ekki stökkva svo stórt frá amtmönnum vorum til konúngsins, þegar 1 amtmaðurinn hèrna hefir orðið í laun á fjórða þúsund dali, og ef stjórn landsins yrði komið svo fyrir, að oss yrði sjálfbjarga, þá held eg, að það væri annaðhvort, að við værum lifandi eða dauðir, að bæta þessu við, en mannskatt vil eg ekki láta, til að verja Dani.

G. Einarsson: Það ætlar að sannast hèr, eins og optar, að

„hægra sè að kenna heilræðin en halda“. Þíngmaður Mýrasýslu talaði snörp orð í gær um það, að þíngmenn ættu ekki að benda sneiðyrðum hver að öðrum, en nú verður hann sekur í þessu sjálfur, þar sem hann beinist að þíngmanni Barðstrendínga með ófögru fornaldardæmi, og þetta er því ófagrara, sem þíngmaðurinn getur nú ekki svarað fyrir sig, því þíngsköp vor banna. Eg held, að þíngmaður Mýramanna sè nú að sverja sig í kynið, og ætli að verða annar Egill frá Borg (sjá Bandamannasögu). Þíngmaður Barðstrendínga talaði ljóst og greinilega eptir sannfæríngu sinni, og þó að hún kunni að vera nokkuð gagnstæð sannfæríngu þíngmanns Mýramanna, þá á þíngmaðurinn ekki sök á því. Hvað aðalmálið snertir, þá er eg sömu meiníngar og í gær, að eg get ekki gefið því máli atkvæði mitt, sem miðar beinlínis til þess að gjöra hvorumtveggja skaða, bæði Dönum og Íslendíngum, og því mun eg greiða atkvæði með uppástúngu þíngmanns Reykvíkínga.

Framsögumaður: Það hefir verið talað hèr mikið um það, að útboðið mundi verða bæði Dönum og Íslendíngum til óhagnaðar, en með því held eg sè tekið of djúpt í árinni; eg ímynda mèr reyndar, að fyrir Danmörk eða stjórninni mundi naumast standast á kostnaður og ábati með útboð þetta, en þar á móti er það að mínu áliti, þegar á allt er litið, þrátt fyrir öll vandkvæði, hagur fyrir Íslendínga. Hvernig sem reiknaðar eru skyldur Íslands við ríkisheildina eða tillag þess til ríkissjóðsins, þá hljóta menn, að minni meiníngu, að játa, að Íslendíngar hafa híngað til ekki lagt það til hinna almennu ríkisþarfa, sem þeim ber að leggja, og það get eg þó ekki skilið að þeir geti verið lausir við, því þar sem eru rèttindi, þar verður einnig að vera skylda, eins og eg hefi áður tekið fram, en ef þíngið geingist undir útboð þetta, sem hèr ræðir um, þá yrði það æðimikið tillag af Íslendínga hálfu til hinna almennu ríkisþarfa, og að því leyti álít eg það hag fyrir landið í sjálfu sèr að gánga að útboðinu. Mèr skildist á hinum heiðraða þíngmanni Mýramanna, að honum þætti ekki svo mikið, þó landið borgaði sinn skerf til almennra ríkisútgjalda; en ef krafan yrði mjög há, yrði hún eptir fólksfjölda t. a. m. 90000 rdl., eins og eg minntist á í gær, þá ímynda eg mèr, að þau útlát hlyti að verða landinu mjög tilfinnanleg. Sami heiðraði þíngmaður sagði áðan, að það, sem Norðmenn gyldi til konúngsborðs, væri 80,000 rdl., en það mun vera miklu meira, eða að minnsta kosti 80,000 spesíur. Það hefir valdið misskilníngi, sem eg sagði um orðið „nokkur“ í uppástúngu hins heiðraða þíngmanns Reykvík-

ínga, og skal eg því leitast við að skýra það betur. Uppástúngan hljóðar svo: „að þíngið ráði frá, að nokkur útboðsskylda til hins konúnglega herflota verði lögð á Ísland að svo komnu". Þetta er mikið sterk neitun, því það er eins og sagt væri, að eingin útboðsskylda, hver helzt sem væri, hvers eðlis sem væri, mætti verða á lögð, en það svar á hèr alls ekki við; að minnsta kosti eru þetta hörð orð og miður heppilega valin í svari þíngsins til stjórnarinnar upp á þá beina og einfalda spurníngu, hvort Íslendíngar vilja aðhyllast útboð það til flotans, sem stjórnin hefir stúngið upp á, eða ekki. Hinn heiðraði þíngmaður Ráng vellínga bar það fram, að það væri mjög óhaganlegt, að þeir útboðuðu yrði ofan úr sveitum, og eg ber ekki á móti því, að svo kynni að vera, en ef ekki væri annað móti útboðinu en þess konar ástæður, þá mundi auðvelt að koma því í lag, þegar frumvarp kæmi frá stjórninni viðvíkjandi útboðinu, og haga því þá svo til, að útboðið ætti sèr að eins stað í hèruðunum við sjávarsíðuna. Eg get ekki betur sèð, en ráðherrann hafi sett þetta tvennt í samband þannig, að útboðið væri nokkurs konar skilyrði fyrir því, að þínginu veittist ályktunarvald í fjárhagsmálum landsins, þó stjórnin hafi enn ekki treyst sèr til að leggja frumvarp fyrir þíngið þessu viðvíkjandi, heldur hefir hún að eins spurt, hvort þíngið vilji öðlast ráðgjafarvald í fjárhagsmálum landsins, og um leið í sambandi þar við hefir stjórnin spurt að því, hvort þíngið vilji aðhyllast útboð til flotans, eða ekki, og þá virðist það liggja nærri, að meiníngin sè, að ef þíngið gángi að útboðinu, muni það öðlast ályktanda vald hvað tekju- og útgjaldaáætlun Íslands snertir. Að öðru leyti er eg á sama máli og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hefir ljóslega tekið fram, nefnilega, að ef þíngið ekki fellst á 3. atriðið, þá muni stjórnin verða mjög ófús á að veita hið rýmra vald í fjárhagsmálum, sem beðið er um í uppástúngunni *B* á atkvæðaskránni.

H. Kr. Friðriksson: Eg ætlaði reyndar ekki að standa upp í dag til að ræða um þetta mál, því eg hèlt, að eg hefði komið með ljósar og greinilegar ástæður á móti útboðinu í gær, og að minnsta kosti voru þær eins vel sannfærandi, eins og ástæður hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* og *framsögumanns* með útboðinu eru í dag; mèr kom ekki annað til hugar áðan, en að atkvæðaskráin hins háttvirta *framsögumanns* væri svo dæmalaust illa prentuð, að það vantaði allan seinni hlutann af uppástúngu minni undir staflið *C;* hann játaði þó síðar, að þar stæði „að svo komnu". Hugsun mín er með öllu hin

sama og hún hefir verið um þetta útboð, að það sè alls ekki kominn tími til að gánga að því; því að útboð til flotans getur ekki álitizt nema að eins einn hluti útgjaldanna til hinna almennu ríkisþarfa, og á það alls ekki við, að slíta það þannig út úr heildinni, eða málinu um tillögur Íslendínga til allra almennra ríkisþarfa. Hèr er heldur ekki gjört neitt boð, sem kæmi á móti útboðsskyldunni; því að ríkisþíng Dana hefir ekki ætlazt til, að Íslendíngar feingi vald á fjárhagsmálum sínum með neinu skilyrði, heldur hefir ríkisþíngið óskað eptir og álitið nauðsynlegt, að Íslendíngar feingi þetta vald, og það skilyrðislaust með öllu. Hinn háttvirti *framsögumaður* gat þess, að Dönum væri útboð þetta til eingra hagsmuna, heldur væri það Íslendíngum einum í hag, en þetta er nú reyndar of háfleygt til þess, að eg geti skilið það, og hver skyldi sá hagnaður vera, sem Íslendíngum stæði af útboði þessu? Er það sá hagnaður, að með útboðinu fá Íslendíngar rètt, og ekki einúngis rètt, heldur einnig skyldu, til að gjalda til allra almennra ríkisþarfa? og ef það gjald, sem Íslendíngar ætti að láta til ríkisþarfa, væri 90,000 ríkisdala, þá þætti mèr fróðlegt að vita, hversu mikið Íslendíngar á hinn bóginn ábataðist á útboði þessu, en það hefir hinn heiðraði *framsögumaður* ekki sýnt fram á enn þá. Eg tek það hèr upp aptur, sem eg hefi áður sagt, að ef Íslendíngar gángast undir útboðið, þá skuldbinda þeir sig um leið til að gjalda til allra almennra ríkisþarfa og það skilyrðislaust. Ef Danir og Íslendíngar eru vinir og eiga að vera vinir, og það álít eg fyrir mitt leyti að sè, og vona eptir að sè, þá vil eg í þessu máli fylgja reglu þeirri, sem hinn háttvirti *framsögumaður* hefir sjálfur tekið fram hèr á þínginu nýlega í öðru máli, að þar sem vinir ættist við, þar ætti hvorir að segja öðrum vilja sinn blátt áfram og vafníngalaust, og svo ætti þíngið að gjöra hèr í þessu útboðsmáli. Eg verð því að halda fast við uppástúngu mína, og þótt hinum háttvirta *framsögumanni* þyki hún harðorð, og hún sè kölluð óhöndugleg, og þótt hinum háttvirta *framsögumanni* þyki orðin ótilhlýðileg og varla takandi í munn sèr, þá get eg nú ekki sèð það neitt í uppástúngunni, er verðskuldi slíkan dóm, heldur finnst mèr hún orðuð beint og blátt áfram, og eg ímynda mèr, að einginn hinna heiðruðu þíngmanna þyki sá ókostur á orðum hennar, að hún þess vegna sè eigi takandi.

Jón Guðmundsson: Eg hefi heyrt, að mönnum geðjast vel að breytíngaratkvæði hins heiðraða varaþíngmanns Reykjavíkur, og það er honum víst meira vert en breytíngaratkvæðið sjálft. En

verst er við þetta breytíngaratkvæði, að hèr liggur ekki fyrir að tala um, hvort *nokkurt* útboð skuli verða, heldur er það sèrstaklegt útboð, eða einúngis ein grein af útboðsskyldunni, sem hèr er spursmálið um, nefnilega útboð til herflotans, þessi sèrstaka grein útboðsins, er einúngis hèr gjörð að álitsmáli frá stjórninni, svo hafi hann ætlað að fara leingra, þá skil eg ekki hans ljósu ástæður, þær er hann þóttist hafa tekið fram við undirbúníngsumræðuna, því eptir hans uppástúngu, eins og hún hèr liggur fyrir, vill hann taka fyrir öll möguleg útboð, og aftaka þau; en eg veit nú ekki, hvers konar útboð það eru, sem hann meinar til. Það er sannarlega ekki af neinu kappi eða þráa, að eg held fram með nefndinni í ýmsum atriðum. Ef þíngið ekki vill hafa þetta útboð stjórnarinnar, þá er ekki annað en að fella uppástúngu nefndarinnar undir stafliið *D;* og meini ekki uppást. *C* til annara útboða, þá er sú uppástúnga óþörf, því að greiða atkvæði með *C*, væri þá eitt og hið sama sem að greiða atkvæði móti *D;* en eigi stafl. *C* að yfirgrípa meira, þ. e. öll möguleg útboð, og ef þíngið þannig vilji fara leingra, en álitsskjal stjórnarinnar fer fram á, þá get eg ekki sèð, að þíngið hafi rètt til þess; þíngið getur einúngis greitt atkvæði um það, sem liggur fyrir, en ekki annað. Eg er nú búinn að sjá fyrir, hver afdrif útboðsins muni verða, og það væri því hið sama sem að höggva í stein, að mæla því nokkuð til bóta. Viðvíkjandi ræðu hins heiðraða þíngmanns Mýramanna, vil eg geta þess, að hann er á sömu stefnu og þíngmaður Reykvíkínga; hann vill hafa ótöluleg rèttindi, en engar skyldur vill hann láta koma í móti; en það er sitt hvað og hefir leingi verið, að *eiga* rètt á því eða því, og að geta átt víst að ná rètti sínum, án þess að slaka til í neinu; eg fyrir mitt leyti hefi ekki komizt upp á það um dagana, að fá allt og þurfa þó ekkert að leggja í sölurnar. Í öðru orðinu gjörir hann stjórninni þær gersakir, að ef þetta útboð ekki sè beinlínis aftekið af þínginu, þá muni hún þó yfir háls og höfuð troða því upp á menn, án þess neinn maður hèr geti komið fyrir sig orði eða eiði, en aptur á hinn bóginn ætlar hann stjórninni að líta á rèttindi vor, viðurkenna þau fyllilega, og veita oss þau beint eptir því sem vèr krefjumst þeirra; þetta finnst mèr ekki vera sem bezt samfara, að ætla sömu stjórninni á annan bóginn hina mestu harðneskju við oss, óbilgirni og rángsleitni, en á hinn bóginn hina mestu rèttsýni, sanngirni og mildi, eptir því sem fremst getur hugsazt. Það er nú orðið helzt til margrætt um mannmissinn, sem fljóti af þessu útboði. Eg get nú ekki sèð, að það sè annað en missir 40 manna

á ári í ein 3 ár, eður alls 120 manna í eitt skipti fyrir öll; ef 40 manns fara einu sinni í sjóinn eður týnast á annan hátt, þá getur einginn sagt, að þetta sè 40 manna missir árlega; og þó eg t. d. missi 40—50 fjár úr pest eður öðrum vanhöldum eitt árið, get eg með eingu móti talið mèr þetta *árlegan* missi, heldur *einn* missi 40—50 fjár í eitt skipti fyrir öll, sem eg á hægt með að bæta mèr á fáum árum og vera búinn að koma upp jafnmörgu fè því, sem eg átti fyrir missinn. Að þeim 3 árum liðnum, sem fyrstu útboðin gánga hèr yfir, þá koma á hverju ári 40 aptur í stað þeirra 40, sem fara; því nefndin hefir gert beina uppástúngu um, að þeir allir, sem fyrir útboðinu verða, skuli verða fluttir híngað og leystir *hèr* á landi úr herþjónustunni, þegar 3 ára tíminn er á enda. Sumir ímynda sèr, að þessir menn, þegar þeir sè orðnir vanir í útlöndum, muni sækja þángað aptur og una illa við hèr að vera, en svona getur verið um marga aðra, sem utanlands hafa verið, og eg sè ekki tiltækilegt, að binda svo hvorki þá útboðnu nè aðra, að þeim hljóti ekki að vera frjálst að vera, hvar þeir vilja.

Forseti: Eg get ekki verið samdóma hinum háttvirta *varaforseta* í því, að það sè nóg að fella uppástúngur nefndarinnar undir staflið *D,* því það væri hið sama sem að láta allt málið falla þegjandi niður, og á þann hátt yrði þessu spursmáli stjórnarinnar ósvarað af þíngsins hálfu, ef *C* væri úr fellt eða kæmi ekki til atkvæða; því uppástúngan *C* miðar einmitt til þess, að þíngið skuli svara á þann hátt, að ráða frá útboðinu. En það er annað mál, ef mönnum þykir orðið „nokkur“ í *C* of þverlega orðað, eða svo sem reiðulega, þá mætti vel greiða atkvæði um uppástúnguna í tvennu lagi, og mætti þá greiða sèrstaklega atkvæði um orðið „nokkur“, svo það geti fallið úr, ef þíngið vildi.

P. Pèturssón: Hinn háttvirti *forseti* hefir nú tekið af mèr ómakið, að segja það, sem eg ætlaði mèr. Einúngis vil eg bæta því við, að hefði nefndin öldúngis ráðið frá útboðinu, þá hefði hún komizt að harðari niðurstöðu heldur en breytíngaratkv. *littr. C.,* því það ræður einúngis frá útboðinu „að svo komnu“.

Jón Guðmundsson: Eg verð að leyfa mèr þá athugasemd með tilliti til formsins, að í umræðunum um hvaða mál sem er verð eg og aðrir að fara eptir því, hvernig atkvæðaskráin er orðuð, eins og hún liggur fyrir, en ekki eptir því, hvernig henni kann að verða breytt eptir á.

Konúngsfulltrúi: Áður en umræðurnar um þetta mál hætta,

vil eg gjöra eina litla athugasemd við nefndarálitið. Í því stendur á einum stað: „að útboðsskyldan hvíli á öllum undanþágulaust, en hverjum heimilt að setja mann fyrir sig“. Þessar ákvarðanir, sem ekki eru teknar inn í uppástúngurnar, eru svo efasamar og athugaverðar, að eg vildi óska, að þær kæmi ekki inn í álitsskjalið til konúngs, ef þíngið skyldi fallast á uppástúngu nefndarinnar.

Framsögumaður: Það, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* gat um áhrærandi undanþágur frá útboðsskyldunni og rètt manna að setja annan fyrir sig, er einúngis tilgreint í nefndarálitinu, en ekki komið fram í uppástúnguatriðunum, og fellst eg öldúngis á, að það falli burt í álitsskjalinu til konúngs, ef þíngið skyldi fallast á útboðið. Þíngmaður Reykjavíkur heyrðist mèr vera fús á, að vèr Íslendíngar greiddum eins og hinir ríkishlutarnir eptir tiltölu, og yrði það, ef þess yrði krafizt, eptir fólksfjölda hèr um bil 90,000 rdl. (*H. Kr. Friðriksson:* Nei!). Það er nú mikið gott að heyra slíka viðurkenníngu, en eg er fyrir mitt leyti á því, að oss væri ómögulegt að leggja til neitt, sem nálgaðist því, og af því þó í öllu falli verður að gánga út frá því, að landið greiði ei það tillag, sem því mundi bera að rèttu lagi, en sem landinu mundi samt verða þúngbært að greiða í peníngum, þá finnst mèr ástæða til að kjósa það, sem þó eptir öllum kríngumstæðum er hægra, nefnilega að leggja til nokkra menn til herskipaflotans.

Á. Einarsson: Eptir því sem mèr skildust orð hins heiðraða *framsögumanns*, sagði hann, að varaþíngmaður Reykvíkínga hafi geingið inn á útgjöldin til almennra ríkisþarfa fyrir Ísland að upphæð 90,000 rd., en þótt einstakur þíngmaður hefði hreift atriði þessu, í sambandi við önnur atriði í málinu, þá talar hann ekki fyrir allt landið, og því mótmæli eg, að nokkur skuldbindandi þýðíng sè lögð í þessi orð hans, sem ekki heldur koma til atkvæða; það er annars skrítið, hvernig *framsögumaður* skoðar þetta gjald; það er eins og hann ætli að taka jafnan nefskatt af Íslendíngum í þetta gjald, eins og af Dönum; en eg held, að ef til þessa kæmi, mundi, ef til vill, rèttara að fara eptir tekjum hvers ríkishluta, en fólksfjölda. Eg ætla nú ekki að svara hinum heiðraða *framsögumanni* mörgu um það, hvernig læknar gæti verið á þremur útboðsþíngum, því eg hefi sýnt fram á það áður; en vil þó geta þess, að eg er vongóður um, að læknirinn í Þorskafjarðarþíngi yrði orðinn líkamalèttari en núna, þegar farið verður að halda útboðsþíngin í hinu víðlenda umdæmi hans. Hvað því viðvíkur, er hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hèlt, að vèr mundum

fá betri sjómenn til kaupskipa, þegar þessir menn væri orðnir æfðir á flotanum; þá hefi eg aldrei heyrt, hvort það skuli vera sjómannaskóli á herskipum þeim, er hinir útboðnu Íslendíngar væri á, til að kenna þeim sjómannafræði, svo ef eg hefi farið villt í þessu í gær, þá er það af fákænsku. Hinn háttvirti *varaforseti* segir, að vèr getum ekki bundið þá til að vera hèr, sem ekki vilja það, þegar þeir væri lausir af herþjónustunni, og held eg það sè rètt; en ef mig minnir rètt, þá átti þó að leggjast þess konar band á vissa menn hèr um daginn, með uppástúngu til þíngsins. Það er vissulega undarlegur reikníngur, sem nefndin hefir um þenna mannmissi, sem verður við útboðið; það lítur svo út, sem hún enn ekki geti talið til 120; henni ferst nú eins og ef smalinn segði: „mig vantar 30 ær, en nú hefi eg aptur fundið 5, og á meðan hefi eg misst 5 ær, þá vantar mig samt ekki nema 25 í allt". Þetta er skrítin reikníngsaðferð.

Forseti: Eg hefi gjört mèr það að reglu, að taka ekki þátt í þíngræðum að því leyti sem efni málanna viðvíkur, en mèr þykir þetta mál í mörgum greinum svo mikils varðanda, að eg held eg verði að neyta þess leyfis, sem mèr er veitt í alþíngistilskipuninni, til að fara um það nokkrum orðum. Eg hefi verið einn af þeim, og er enn — það vita allir, — sem hafa álitið, að miklir kraptar lægi fólgnir í þessu landi og í þessari þjóð; eg hefi verið einn af þeim, og er enn, sem álít, að Íslendíngar sè eigi svo ónýtir, að þeir sè til einkis færir, eigi heldur svo frálhverfir öllu nýju, að þeir fáist eigi til að taka eptir neinu, eða taka sèr fram í neinu; mèr hefir opt þótt þeir helzt til fljótir á sèr til að taka upp margar nýjúngar, sem þeir hafa verið taldir á, þar sem eg hefði heldur kosið að þeir hefði haldið fastara við hið gamla. Eg er sannfærður um, að Íslendíngar bæði geti vaknað og muni vakna, þegar þeim er gefið tækifæri til þess; það getur líka verið, að það fari eins fyrir Íslendíngum eins og í sögunum stendur, að þegar svefnþornið verður hrisst úr hári þeim, þá vakni þeir, og vakni til góðs. En til þess að nokkurt líf og fjör geti færzt í þjóð vora, þá þarf hún fyrst og fremst að fá að ráða fè sínu, því eins og hver einstakur maður er áhugalaus, sem ekki er fjár síns ráðandi, svo er því og varið með hverja þjóð; þess vegna hefir mèr jafnan þótt það undarlegt, að stjórn vor skuli aldrei hafa viljað samþykkja að gefa oss nein fjárhagsráð, þar sem þó aðrar þjóðir, t. d. Einglendíngar, einhver hin voldugasta þjóð í heimi, veita sèrhverri, jafnvel hinni aumustu, nýlendu sinni fjárforráð í hendur,

og borga þó sjálfir embættismönnum stjórnarinnar í nýlendunum, auk þess sem þeir sjálfsagt kosta allan her og flota, sem þeir hafa þar til að verja og gæta hagsmuna nýlendanna; mèr hefir þótt það undarlegt, að stjórnin svarar oss í þessu máli jafnan á tvo vegu, því ef vèr bjóðumst til að bera oss sjálfa og bjóðum framlag, þá segir hún: „það er ekki til neins að veita ykkur fjárhagsráð, þið getið ekki borið ykkur sjálfir"; en ef vèr biðjum um fè til þess, sem vèr þurfum með hjá þessum fjárhaldsmanni vorum, stjórninni, þá segir hún: „komið með fèð! þið fáið það ekki, því þið hafið ekki vísað á fèð til þess". Þetta sjá nú allir að er hvað á móti öðru; hún leyfir oss ekki að bera oss sjálfa, þegar vèr viljum, en segir oss að vísa á fè, sem hún hefir í sínum höndum, en ekki vèr. Sama ósamkvæmni kemur fram við Ísland í öðrum greinum; það er ekki tekið inn í konúngsríkið og heldur ekki í alríkið, og ekki er það heldur beinlínis nýlenda. Þó er auðvitað, að það verður annaðhvort að vera sèrstakur landshluti, eða ríkishluti, eður þá nýlenda. En nú eru Danir sjálfir, þeir sem eru fyrir utan stjórnina, farnir að sjá, að svo má eigi leingi standa; þeir fá að sjá á hverju ári, að eptir reikníngunum á að vera skotið til Íslands 20,000 rdl., eða stundum 25,000 rdl., og jafnvel er farið að bregða fyrir 30,000 rdl. á ári; því þetta er allt af að hækka. Þá er von, þótt þeir spyrji: „er Ísland sannarlega svo bágstatt, að það þurfi þessa styrks við, og geti ekki borið sig betur?" og þegar þeir nú enn fremur sjá, að tillagið er einlægt að vaxa, þá hafa þeir tjáð sig fúsa að leggja til um sinn, en ekki framar. Ríkisþíngið hefir nú tvisvar sinnum haft fjármál Íslands til meðferðar, 1856 og 1857. Fyrra skiptið stakk fjárhagsnefndin upp á því, að Ísland feingi fjárhagsráð sín, en gat þess um leið, að það væri sanngjarnt, að Íslendíngar tæki meiri þátt í almennum ríkisþörfum, t. a. m. sem tekið var til dæmis, að leggja nokkra menn til flotans, og hreifði nefndin þá um leið, að Danmörk kynni að skjóta tiltekinni upphæð til styrktar við Ísland á ári, að minnsta kosti fyrst um sinn. Ráðgjafinn kvaðst skyldu hugsa eptir þessu og taka það til greina. Nú kom ríkisþíngið aptur saman, og enn lýsti fjárhagsnefndin, að sèr þætti nauðsynlegt, að Ísland feingi fjarhagsráð sín, og að skjóta ætti heldur fè til um hríð, ef þyrfti, en gat þá alls ekki um nokkurt tillag af Íslands hálfu til almennra ríkisþarfa, hvorki til flotans eða nokkurs annars; síðan skoruðu menn á ráðgjafann að segja, hvað gjört hefði verið í þessu frá því í fyrra. Ráðgjafinn svaraði

þá hèr um bil á þessa leið: „alþíngi hefir ekki verið haldið í sumar, en eg hefi skrifazt á um þetta mál við embættismenn á Íslandi; en alþíng verður að sumri, og er eg nú að semja frumvarp um þetta til þíngsins“. En nú er ekkert frumvarp komið til alþíngis, heldur er mál þetta lagt fyrir sem álitsmál, og það með útboðsmálinu knýttu þar við. Þetta þykir mèr því undarlegra, að ráðgjafinn skuli hafa ráðið konúngi til, *að spyrja að eins*, sem hann sjálfur hefir *lofað frumvarpi*, og sagt ríkisþínginu frá, að hann væri að búa það til. Með þessu móti er málið dregið í tvö ár að nauðsynjalausu og á móti vilja ríkisþíngsins; og af því að sèrhver dráttur á þessu máli er dráttur á að veita oss Íslendíngum náttúrleg rèttindi vor, þá er mèr óskiljanlegt, hvernig stjórnin ein geti feingið af sèr að veita þessu máli slíka mótstöðu, eptir að svo lítur út sem flestir aðrir sè orðnir sannfærðir um, hvernig því sè rèttilega hagað. Mèr sýnist, að stjórninni sjálfri megi vera það skiljanlegt, eins og öðrum, að það sè hagnaður eigi minni fyrir Danmörk en oss, ef landið hefði sjálft fjárráð sín.

Það er nú ekki nauðsyn á, að fara út í skuldaskipti Íslands og Danmerkur; en eg vil þó fara um þau fáum orðum, því mèr þótti hinn háttvirti *framsögumaður* fara um þetta efni nokkuð sterkum orðum, og að minni ætlun ekki alls kostar sönnuðum, þar sem hann var að tiltaka, að land þetta ætti að gjalda 90,000 rdl. til almennra ríkisþarfa. Það er nú kunnugt, og hinn háttvirti *framsögumaður* veit það eins vel og eg, að tekjur af einum laudshluta geta verið með tvennu móti, þær geta verið beinlínis eða óbeinlínis, og sá, sem geldur óbeinlínis, getur goldið eins mikið, og jafnvel miklu meira en hinn, sem greiðir beinlínis tillag sitt. Íslandi hefir nú aldrei verið ofþýngt með beinlínis sköttum, það játa eg fullkomlega, en því hefir verið fram yfir allt hóf ofþýngt með óbeinlínis álögum, einkum með verzluninni. Það er nú hálf þriðja öld síðan að verzlunin á Íslandi komst alveg í hendur einstökum mönnum í öðrum ríkishluta, í Danmörku, og kaupskrár eða taxtar voru settir á alla innlenda og útlenda vöru. Ef menn bera saman verðlag það, sem áður var, við það, sem það varð eptir þessum töxtum, þá var öll innlend vara þar með felld um 200 %, en útlend vara, þegar á allt er litið, færð fram um 150—400 % fram yfir það sem áður var; óhagnaður Íslendínga í verzlunarviðskiptum við Dani, verður því frá 350 % til 600 %, og það sjá þó allir, að þetta er oss hið sama eins og að jafnhár tollur hefði verið lagður á verzlunina, auk allra annara ó-

kosta, sem leiddi af verzluninni, er eg vil ekki taka fram í þetta sinn. Eg vil einúngis nefna það til, að í taxtanum er öll landvara felld 40—60 % meira en sjóvaran, og þessi breytíng á verðlaginu hefir öldúngis dregið menn frá landbúnaðinum að sjónum, svo að hèðan er sprottin hin mikla apturför og eyðileggíng alls landbúnaðar vors. Þegar verzlunarokið hafði nú legið á oss meir en hálfa aðra öld, þá var landbúnaðurinn og allt landið orðið svo gjörsamlega eyðilagt, að stjórnin varð í fullri alvöru að leita álits embættismannanna hèr á landi um, hvað mundi kosta að flytja þær fáu hræður, sem eptir lifðu, burt af landinu, því menn álitu, að hèr væri ekkert við að gjöra, landið væri óbyggilegt, og allt af að eyðileggjast. Landið var þannig alla jafna að þokast nær og nær gjörvallri auðn fram að 1786, þá er konúngsverzlunin var af tekin. Eptirgjald það, sem beinlínis var goldið af verzluninni og kom inn í ríkissjóðinn, var ýmislegt, en það var opt um 20,000 rdl., það er 20,000 spesíur á ári, og er þó ótalið, hve miklu dýrari peníngar voru þá en þeir eru nú. Eg skal nú ekki reyna að ákveða, hve stóra kröfu einn landshluti getur haft, sem er þannig svo að segja kastaður undir fætur hinum, eða, sem verra er, einstaka mönnum í öðrum landshluta um heilar aldir; því þessi krafa er ómetanleg. Eg skal ekki heldur leitast við að sýna, hversu mikinn ábata Danmörk hafi haft á verzluninni við oss, því eg er sannfærður um, að hann verður ekki metinn; en eg skal einúngis geta þess, að 1815, þegar fyrst var talað um, að láta verzlunina lausa við allar þjóðir, þá kom einn kaupmaður fram, og taldi ábata þann, er Danmörk hefði af verzluninni, ekki minna en 200,000 spesíur á ári. Eg skal nú ekki skera úr því, hvort þessi reikníngur sè rèttur, enda þótt menn hafi fulla ástæðu til að halda það, því höfundurinn þekkti manna bezt til allrar verzlunar hèr á landi, og að minnsta kosti mun reikníngur þessi hafa verið orsök til þess, að verzlunin var látin laus með þeim kjörum, sem ekki voru aðgeingileg fyrir nokkurn utanríkismann. Danir hafa nú enn töluverðan hagnað af verzluninni, af því hún hefir verið bundin svo leingi; en land vort mun seint eða jafnvel aldrei fá viðrètt halla þann, er það hefir beðið af verzluninni; þess vegna mundum vèr eiga að minnsta kosti mikla sanngirniskröfu til Danmerkur, ef rèttir reikníngar ætti að gánga yfir vor á millum. En þó krefjumst vèr nú eigi annars en þess, sem báðum má vera í hag, að Danmörk leyfi oss að standa straum af oss sjálfir og hætti að fara með oss sem nýlendu. 1831 var því fyrst hreift, að Ísland skyldi bera sig

sjálft, og það hefir verið tekið opt fram síðan, en þó er haldið áfram að telja oss með nýlendu, og það síðast í fyrra í samníngínum við Holland. Ef vèr nú erum nýlenda Danmerkur, eða meðan vèr erum taldir svo, þá leiðir það af sjálfu sèr, að einginn rèttur er til að fara út í reiknínga við oss um tillögur til almennra ríkisþarfa. Skyldur og rèttindi hljóta í því efni að fylgjast að, og það er sjálfu sèr móthverft, að heimta þar tillögur, sem ekkert kemur í móti. Þetta er eg viss um að hver sanngjarn danskur maður játar, eins og hitt, að Ísland hefir hina fullkomnustu sanngirniskröfu til að fá styrk frá Danmörku, þó á þyrfti að halda, meðan það væri að koma fjárhag sínum í lag.

En ef nú reikníngar Íslands og Danmerkur væri aðgreindir, þá sè eg þó ekki betur, auk sanngirniskröfunnar, sem eg nefndi, en að allar reikníngskröfur vorar til ríkissjóðsins stæði að öðru leyti óhaggaðar fyrir því. Það yrði of lángt mál að þessu sinni, að fara nákvæmlega út í þetta, og það er heldur eingin nauðsyn; en þess verð eg þó að geta, að Íslandi geta þeir 25,000 rdl. eingan veginn reiknazt til skuldar, sem nú er talið, því þar í móti getum vèr talið skólagóssin, sem runnin eru inn í ríkissjóðinn mót þeirri skuldbindíng að sjá fyrir skólanum, og voru þau góss fullkomlega 16—20,000 rdl. virði í árlegri leigu eptir núveranda verðlagi. Þessi góss, eða andvirði þeirra er nú hvergi reiknað meðal tekjanna í ríkisreikníngunum, þó talin sè ein 16000 rdl. til útgjalda handa skólanum. Þá eru í öðru lagi þjóðjarðirnar; meðan þær eru óseldar, eru tekjurnar af þeim reiknaðar Íslandi, en undir eins og þær eru seldar, sèst ekkert eptir, hvorki höfuðstóll nè leiga, heldur er þeirra að eingu getið. Þessir reikníngar hljóta að koma til greina eins fyrir því, þótt fjárhagurinn sè aðskilinn, og krafan til þeirra er svo sanngjörn og svo ljós, að eg er viss um, að hver danskur maður hlýtur að sjá það og viðurkenna.

Það hefir verið talað um sambandið á milli fjárhagsins og útboðsins í álitsmálinu; en mèr virðist þessi tvö atriði fremur vera sett þar saman af hendíngu, heldur en af því, að þau eigi í raun og veru saman, svo eg er nefndinni samþykkur í því, að það sè ekkert eðlilegt samband þar á milli; eg get heldur ekki skilið, að vèr eigum að taka þeim kostum, að kaupa af öðrum það, sem er í þeirra eigin hag að láta; því að því leingur sem vèr eigum fjárhag saman við Danmörku, því meiri skaði, því meiri kostnaður er það fyrir Danmörk sjálfa, sem hún sèr aldrei fyrir endann á; en því fyr

sem fjárhagurinn er aðgreindur, því fyr getur Ísland borið sig sjálft; eg get því ekki betur sèð, en Dönum mætti vera það kærast af öllu, að verða lausir við fjárhaldið fyrir oss. En þá fyrst, þegar rèttindin koma, kemur skyldan, og eg er alls kostar á þeirra máli, sem eingum skyldum vilja játa, meðan rèttindi ekki fást. Eg vil því lýsa því yfir, að þótt útboðið falli hèr á þíngi, þá er það ekki af því, að vèr viljum skorast undan skyldu vorri, þegar vèr fáum samsvarandi rèttindi í móti, heldur af hinu, að vèr viljum ekki játast undir skyldur án rèttinda. Hvað nú annars útboðið sjálft snertir, þá finnst mèr margt í þeirri uppástúngu mjög óviðkunnanlegt, og byggt á rángri undirstöðu, þó eg að öðru leyti sjái á nefndarálitinu, að hinir háttvirtu nefndarmenn hafa gjört sèr mestu alúð til að reyna að koma lagi á. Það er auðsjáanlega byggt á þeirri skoðun, að allir Íslendíngar sè sjómenn; en það er þó eingan veginn svo; þeir eru lángtum fleiri sveitamenn, og hèr er margur maður, sem aldrei hefir á æfi sinni sèð sjó. Þegar nú á að taka til útboðsins af öllu landinu, þá mundu menn hitta marga öldúngis óhæfa til flotans; alstaðar erlendis eru og ekki aðrir menn teknir til hans en þeir, sem lifa og upp alast við sjó, eða ætlaðir eru til sjávaratvinnu; verð eg því að segja, að útboðið sè að þessu leyti byggt á ónáttúrlegum grundvelli, og þar að auki mjög skaðlegum, því það heldur fram hinu forna háskalega háttalagi stjórnarinnar, að lokka menn frá sveitinni og landbúnaðinum. Það undrar mig, að nefndin, sem þó hefir tínt til svo marga annmarka og vandkvæði við útboðið, skuli hafa gleymt þessu merkilega atriði. Þá er það og næsta óhentugt, að þessir Íslendíngar skuli allir fara út úr landinu, án þess að það sè sèð neitt fyrir því, að þeir geti verið til varnar fyrir landið, því ekki verja þeir Ísland, meðan þeir eru í Danmörku, og ekki getum vèr heldur ráðið því, eða verið vissir um, að stjórnin gæti þess sem fastrar skyldu, að senda híngað herskip til að verja oss, þó vèr sendum til Danmerkur ekki einúngis 40 manns, heldur reyndar eptir mínum reikníngi gefum út 120 manns á ári. Það sýndist vera miklu eðlilegra, að hafa varnarskyldu hèr á landi, líkt og enn er á Borgundarhólmi; þeir hafa þar sitt eigið lið og heræfíngar, og þar með fullnægja þeir varnarskyldu sinni. Þá finnst mèr hugsunin í varauppástúngu hins heiðraða þíngmanns Rángæínga vera miklu skynsamlegri, því hann vill þó ekki hafa kennslu handa tómum kokkum, heldur og líka handa foríngjaefnum. Mèr þætti líka munur, ef það væri gjört að skilyrði, að herskip lægi hèr við land á sumrum, og tæki

við mönnum, þegar þau kæmi á vorin, og skilaði þeim aptur að haustinu til. Þessar athugasemdir eru þær einu, sem mèr þykir þörf á að sinni að koma fram með í þessu máli.

Framsögumaður: Það var margt merkilegt í ræðu hins háttvirta *forseta,* og eg er honum í mörgum greinum samdóma. Viðvíkjandi því, er hann sagði um tillag Íslendínga til almennra ríkisþarfa, þá er eg eingan veginn blindur fyrir því, eins og eg hefi þegar áður látið í ljósi, að upphæðirnar má ekki taka í straungum skilníngi, eins og þær eru nefndar, því það eru margar kríngumstæður, sem þarf að taka til greina, bæði hvernig verzlunin hefir verið, og hvernig ástatt verður fyrstu árin eptir að hún er gefin laus, og eg er eingan veginn á því, að eptir fólksfjölda megi fara í slíku efni; en allt fyrir þetta, þá finnst mèr hinn háttvirti *forseti* ekki hafa sannað, að ekki sè skotið til Íslands, og þó farið væri eptir öllum sanngirnisástæðum, þá held eg niðurstaðan verði samt, að ekki all-lítið vantar upp á, að landið greiði tillag það, sem því ætti að bera að rèttu lagi, og af þessari ástæðu verð eg að vera með útboðinu, því með þeim hætti getum vèr borgað mikið upp í tillag vort, eða jafnvel allt. Viðvíkjandi því, er hinn háttvirti *forseti* sagði, að Einglendíngar gæfi öllum nýlendum sínum fjárforráð, þá vil eg geta þess, að það er sá mismunur á þeim og Íslandi, að það mun eingin af þeim vera, sem ekki hefir meiri tekjur en útgjöld, og sem því ber fullkomlega sín eigin útgjöld. Þar sem hinn háttvirti *forseti* gat þess, að útboðið byggði á því, að allir Íslendíngar væri sjómenn, þá hefi eg áður í dag látið þá meiníng mína í ljósi, að útboðsskyldunni mætti vel haga þannig, að hún kæmi til að hvíla einúngis á sjóplássunum, og mundi þetta mega laga svo, að það yrði tekið til greina, ef frumvarp um þetta efni yrði lagt fyrir þíngið. En þar sem hinn háttvirti *forseti* áleit, að það væri betra, að útboðsmönnunum væri skilað aptur að haustinu, þá er auðsætt, að slík tilhögun ekki væri hentug; því þeir yrði vistlausir að hausti, þeir hefðu farið á mis við sumarvinnuna, og yrði svo ómagar hèr á veturna. Eg get ekki kannazt við, að varauppástúnga hins háttvirta þíngmanns Ángvellínga hafi þá kosti til að bera, er hinn háttvirti *forseti* vildi tilleggja henni; og í öllu falli liggur sú meiníng, sem hann vildi leggja í uppástúnguna, eingan veginn svo beint fyrir, eptir því sem hún er orðuð, að þessa meiníngu megi fá út.

Forseti: Þar sem hinn háttvirti *framsögumaður* sagði, að þó vèr feingjum sanngirniskröfur vorar viðurkenndar, mundi Ísland samt

ekki bera kostnað sinn, þá verð eg að neita því öldúngis, því eg skal treysta mèr til að sanna fyrir hverjum einum, að Ísland beri að rèttum reikníngi allan sinn kostnað, og að Danmörk hafi allt hagræði af verzluninni að auk, og skyldi eg jafnvel færa sönnur á þetta nú þegar, ef mèr þætti það eiga hèr við. Eins verð eg að geta þess viðvíkjandi því, er hinn háttvirti *framsögumaður* sagði um nýlendur Einglendínga, að það eru ekki allfáar nýlendur þeirra, sem þurfa tilskot, og þó launar Eingland, eins og eg hefi áður sagt, embættismönnum sínum í nýlendunum, auk þess sem þeir kosta þar her sinn og flota.

Þá tók einginn framar til máls, og sagði *forseti* þá ályktarumræðu þessa máls lokið, og beiddi þíngmenn gánga til atkvæða.

Síðan voru atkvæði greidd, og fóru þau á þessa leið:

A, *Nefndin* Nr. 1., samþykkt með 18 atkv. gegn 2.

Um B, *Nefndin* Nr. 2., lèt *forseti*, eptir ósk þíngmanna, framfara nafnakall, og sögðu

já:	nei:
G. Einarsson.	Þ. Guðmundssen.
R. M. Ólsen.	Þ. Jónassen.
Á. Einarsson.	P. Pètursson.
E. Ó. Kúld.	H. G. Thordersen.
V. Finsen.	
G. Brandsson.	
H. Kr. Friðriksson.	
Jón Guðmundsson.	
J. Samsonsson.	
J. Sigurðsson.	
K. Árnason.	
M. Andrèsson.	
Ó. Sivertsen.	
P. Sigurðsson.	
St. Jónsson.	
V. Oddsen.	

Var þá stafliður þessi samþykktur með 16 atkvæðum gegn 4.

C, *H. Kr. Friðriksson*, var, eptir að uppástúngumaður hafði tekið aptur orðið „nokkur“, og það, þar eð einginn þíngmanna tók það upp, þar með burtfallið, samþykkt með 15 atkvæðum gegn 4.

Stafliðurinn D, með öllum stafliðum þar undir a—g, var þá samkvæmt atkvæðagreiðslunni við C, burtfallinn.

Stafliðurinn E var álitinn fallinn af uppástúngumanni, og þar einginn tók hann að sèr, var hann burtfallinn.

Forseti kvaðst mundu birta dagskrá til næsta fundar svo fljótt sem yrði.

Fundi slitið.

---

10. ág. — tuttugasti og fimmti fundur.

Allir á fundi nema hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, og þíngmaður Suðurþíngeyjarsýslu, sem voru sjúkir.

Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Hinn háttvirti *varaforseti* hefir beðið sèr hljóðs.

Jón Guðmundsson: Eins og þíngmönnum er kunnugt, er nú lagt fram álit nefndarinnar í fjárkláðamálinu, og mun mál þetta geta komið til undirbúníngsumræðu, annaðhvort á morgun eða hinn daginn. Af nefndarálitinu má sjá, hvaða stefnu nefndin hefir tekið; en þar eð niðurstaða sú, er þíngið kemst að í fjárkláðamálinu, á að verða bráðabyrgðalög, þá útheimtist til þess, að lög þessi geti feingið nokkurn krapt eður verkun, að þeir, sem eiga að framfylgja þeim, sèu fúsir til þess, eða að minnsta kosti finni sèr skylt og fært að gjöra það, og þeir, sem þetta eiga að gjöra, eru amtsyfirvöldin, og einkum er það stiptamtmaðurinn, sem er amtmaður yfir því amti, sem kláðinu er mestur í, og því ekki sagt, að honum geðjaðist eins vel að úrslitum þessa máls, eins og hinum amtmönnunum; mèr virðist því tiltækilegt, og eg leyfi mèr hèr með, að bera það undir hið háttvirta þíng, hvort það ekki annaðhvort gegnum *forseta* sinn, eður þá upp á einhvern annan hátt, vilji, áður en mál þetta er rætt, leita álits stiptamtmannsins um, hvort hann muni geta fallizt á stefnu þá, er nefndin hefir tekið, og vilji tjá sig fúsan á, að fram fylgja henni eður ekki, og virðist mèr þetta í tvennu tilliti áríðanda. Fyrst gæti það nefnilega skeð, að, ef stiptamtmaðurinn ekki gæti verið nefndinni samdóma, þá gæti hún, ef til vill, lagað sig eitthvað eptir hans skoðun, og í annan stað, ef ekki gæti svo farið, en menn þó sèð, að stiptamtmaðurinn mundi ófús á, að framkvæma ályktanir þíngsins í máli þessu, þá mætti biðja stjórnina að flýta sem mest að unnt er staðfestíngu sinni í málinu, því annars gæti það dregizt leingi, þángað til að póstskipið kæmi

aptur, seinast í október, eða fyrst í nóvember, og gæti þessi bið orðið málinu til hins mesta hnekkis. Vil eg því, eins og eg áður sagði, leyfa mèr að stínga upp á því, að þíngið sendi stiptamtmanninum nefndarálitið í fjárkláðamálinu, og biðji hann um að láta þínginu í tè skriflegt svar, hvort hann mundi fallast á, að framkvæma álykt-anir í þá stefnu, er nefndin hefir tekið. Einnig vil eg leyfa mèr að skora á hinn hæstvirta *konúngsfulltrúa*, að hann auðsýni þínginu þá góðvild, að skýra því frá, hvort hann sem amtmaður mundi mót-fallinn nefndarálitinu, og einnig, hvort hann sem *konúngsfulltrúi* mundi gefa því meðmælíngu sína til stjórnarinnar, eður ei.

Konúngsfulltrúi: Þessi áskorun hins heiðraða *varaforseta* kynni að sönnu að virðast að koma of fljótt, meðan málið eigi er komið til umræðu á þínginu; enda hefi eg híngað til ekki haft tækifæri til, að kynna mèr frumvarpið í kláðamálinu, sem nýlega er til mín komið, svo nákvæmlega, að eg nú geti sagt upp á víst, að hve miklu leyti eg muni geta á það fallizt. Þar á móti get eg nú þegar sagt svo mikið, að eg finn þær greinir frumvarpsins, er miða til að hindra útbreiðslu sýkinnar í hinum ósjúku landshlutum, þannig lagaðar, að eg muni geta fylgt þeim, og gjört þeim samkvæmar ráðstafanir til að sporna móti útbreiðslu fjárkláðans í vesturamtinu.

Forseti: Eg skal leyfa mèr að geta þess, að eg er á sama máli og hinn háttvirti *varaforseti*, því eg efast ekki um, að þíngið óski, að framkvæmdin verði sem mest í þessu máli; mèr virðist því nauðsyn bera til, að fá ábyrgð og samþykki þess manns, sem mest er komið undir, þegar þarf að framkvæma ályktanir þíngsins. Eg er því, ef þíngið óskar þess, fús á að rita stiptamtmanninum, og senda honum nefndarálitið, og í þíngsins nafni leita þess svars, sem hann kynni vilja gefa.

St. Jónsson: Eg get ekki skilið, hvernig þessi meiníng getur komið fram, því sè þíngið og nefndin bundin við álit einstakra em-bættismanna, virðist mèr þýðíng þíngsins verða næsta lítil; mèr virð-ist, að hèr verði að vera eitt af tvennu, annaðhvort að þíngið ekki er bundið, og getur því og á að segja hreint út meiníngu sína, eður þá hitt að þíngið er bundið, og er þá til lítils að fást meira um þetta. Eg segi þetta eingan veginn til þess, að mæla á móti því, að stiptamtmanninum sè skrifað til, og honum sent nefndarálitið, heldur af hinu, að eg ekki get sèð, í hvaða sambandi ályktanir þíngsins geta staðið við meiníngu einstakra embættismanna.

Jón Guðmundsson: Eg held, að hinn heiðraði þíngmaður, er

nú síðast talaði, hafi misskilið mig; eg hefi aldrei meint, að þingið væri bundið við það, sem einstakir embættismenn áliti, enda hefi eg sagt, að *gæti skeð,* að þingið fyndi ástæðu til að laga sig eitthvað eptir áliti stiptamtmannsins, og á hinn bóginn gat eg líka um, að ef ekki gæti tekizt, að málum yrði miðlað, þá yrði menn að biðja stjórnina að veita ályktunum alþingis sem fyrst staðfestíngu, og vona eg því það sè auðsætt, að mèr ekki datt í hug, að ætla að binda þingið við álit neins embættismanns.

E. Ó. Kúld: Mèr virðist ekki geta orðið spurníng um þetta, fyr en búið er að ræða málið til lykta, því ekkert er orðið ályktan þingsins, fyr en búið er að greiða atkvæði um það, og meiníngin getur þó varla verið sú, að þingið eigi að greiða atkvæði sitt eptir annara áliti á málefnunum, sem því eru feingin til úrgreiðslu.

Jón Guðmundsson: Vill hinn heiðraði þingmaður þá, að málið sè tekið fyrir að nýju, þegar menn fá að vita álit stiptamtsins, ef menn sjá, að það ekki getur samrýmzt við niðurstöðu þá, er alþíngi hefir komizt að.

E. Ó. Kúld: Nei, það var eingan veginn mín meiníng.

Forseti: Eg er hræddur um, að hinir háttvirtu þíngmenn gefi því ekki nægan gaum, að hèr stendur öðruvísi á, en vant er með önnur mál, sem koma fyrir þíng þetta. Hèr þyrfti að framkvæma sem allrafyrst það, sem þarf, samkvæmt þeirri niðurstöðu, sem þíngið kemst til, og ætti nokkuð að framkvæmast, yrði því þíngið annaðhvort að hafa vissu fyrir, að þeir menn, sem framkvæmdarvaldið hafa á hendi, brúkuðu það til að framkvæma ráðstafanir þíngsins, eður þá, að þíngið í annan stað hefði vald til að víkja þeim frá. En hèr er ekki því máli að gegna, því framkvæmdarvaldið er hjá stiptamtmanninum hèr í því plássinu, sem mest liggur á, og það vitum við, að þó hann hefði ekki traust þíngsins eða vildi ekki framkvæma það, sem þíngið vildi, þá hefir ekki þíngið vald til að víkja honum frá; þess vegna virðist mèr það eina ráð, að þíngið reyni að koma sèr saman við stiptamtmanninn, ef auðið væri, og mundi það vera rèttast, að stiptamtmanninum væri skrifað til, og honum sent nefndarálitið, svo menn gæti sèð hvernig hann mundi taka í málið, og er eg því fús til, að umgángast þetta, ef þíngið óskar þess.

P. Guðmundsson: Eg verð bæði sem nefndarmaður og undiryfirvald að óska þess, að álits stiptamtmannsins sè leitað í þessu máli.

Á. Einarsson: Það er einkum vegna þess, er hinn háttvirti *varaforseti* drap á, að þíngið yrði að skora á stjórnina, sem fyrst

að staðfesta ráðstafanir þíngsins, ef valdstjórnin ekki yrði fús á, að framkvæma þær, að mèr þætti það ómissandi, að fá frá stiptamtmanninum skriflega skýrslu um, hvernig hann mundi taka í málið.

Forseti: Af því mèr þó virðist nokkur ágreiníngur meðal þíngmanna, skal eg leyfa mèr að skjóta þessu til atkvæða þíngsins.

Var síðan geingið til atkvæða, og var það samþykkt með 18 atkvæðum, að skrifa skyldi stiptamtmanni og senda honum álit nefndarinnar í fjárkláðamálinu, og æskja svars um álit hans í þessu efni.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur í dag til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu konúnglegt álitsmál um *vegabœtur* hèr á landi; eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í máli þessu, og vona eg að allir hinir háttvirtu þíngmenn hafi hana fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

um

konúnglegt frumvarp til tilskipunar um vegina á Íslandi.

§ 1.

1. *Frumvarpsins* 1. gr.:
„Vegum skal skipt í þjóðvegi og aukavegi".

§ 2.

2. *H. Kr. Friðriksson:* að 2. gr. verði þannig orðuð:
„þjóðvegir eru allir fjallvegir og vegir yfir þverar sýslur, er eigi sè kirkjuvegir eða sveitarvegir milli bæja".
3. *Jón Guðmundsson:* að í stað orðanna:
„eins eða fleiri hèraða" verði sett: „einnar eða fleiri sýslna".
4. *Jón Guðmundsson:* að síðari hluti greinarinnar:
„Sem þjóðvegi" til enda greinarinnar, falli úr.
5. *Ásgeir Einarsson:* að orðin:
„þótt eigi" til enda greinarinnar falli úr.
6. *Nefndin, Páll Sigurðsson* og *Jón Sigurðsson:* að orðin í enda greinarinnar:
„og eins hina almennu póstferðavegi" falli úr.
7. *Frumv.* 2. gr. (óbreytt eða með breytíngum):
„Þá vegi skal álíta þjóðvegi, sem innbúar eins eð fleiri hèraða fara jafnaðarlega, er þeir ætla í kaupstað, fiskiver eða annan stað, þar sem menn almennt koma saman. Sem þjóðvegi ber einnig að álíta þá vegi, er menn almennt fara milli tveggja sýslna, þótt eigi sè miklar samgaungur milli þeirra, og eins hina almennu póstferðavegi".
8. *Jón Guðmundsson* (ný grein *a*):

Nefnd manna í hverri sýslu og hverjum hrepp, undir forstjórn sýslumanns fyrir sýsluna og hreppstjóra fyrir hreppinn, skal hafa á hendi umsjón og framkvæmd allra vegabóta; svo skulu þær og ákveða allan kostnað til vegabóta, og niður jafna honum, eptir því sem segir í þessari tilskipun.

9. *Sami* (ný grein *b)*:
Í hverri sýslunefnd skulu vera auk sýslumanns 3 menn, kosnir til 3 ára á manntalsþíngum, einn í hverjum hrepp, af hverjum þeim búanda, sem skiptitíund greiðir. Í fyrsta sinn fer kosníng fram í hverjum hrepp sýslunnar, en hlutkesti ræður á fyrsta sýslunefndarfundi hverjir úr skuli gánga af þeim, sem fram yfir eru 3. Að 1 ári liðnu geingur einn hinna 3 sýslunefndarmanna úr nefndinni, og ræður því samkomulag nefndarmanna eður atkvæðafjöldi, en hinn elzti af þeim, sem úr gekk af hinum kosnu, kemur aptur í hans stað í nefndina. Þannig skal einn maður gánga úr sýslunefndinni árlega, og annar koma í staðinn, á meðan hinir kosnu menn til endast. Þegar þeir eru þrotnir, skal kjósa um aptur, eins og fyr segir.

Kosníngarrètt og kjörgeingi hefir að öðru leyti hver sá búandi, sem kosníngarrètt hefir til alþíngis.

10. *Sami* (ný grein *c)*:
Í hverri hreppanefnd skulu einnig vera 3 menn auk hreppstjóra; þeir skulu kosnir á hreppskilaþíngi. Kosníngarrèttur og kjörgeingi til hreppanefndar eru hin sömu sem til sýslunefnda. Úr hreppanefndunum geingur einn árlega, en annar er kosinn í staðinn á sama hátt.

11. *Sami* (ný grein *d)*:
Ef jöfn eru atkvæði í nefndum þessum með og mót einhverju málefni, ræður það atkvæðið, sem sýslumaður eða hreppsnefndarformaður styður.

12. *Sami* (ný grein *e)*:
Þar sem þjóðvegur liggur milli tveggja sýslna, skulu sýslunefndir beggja sýslnanna, eður útnefndir menn sinn úr hvorri, eiga fyrir fram fund með sèr á sýslumótum, til þess að koma sèr niður á, hvaða vegabætur nauðsynlega við þurfi á þeim vegi, hverja stefnu þær skuli taka og hvernig þeim skuli haga. Geti þeir ekki orðið á eitt sáttir um það mál, skulu sýslumenn beggja sýslnanna skrifast á um það, en verði þeir einnig sinn á hvoru máli, skal amtmaður skera úr. Sè sá vegur milli amta, þá

skulu báðir amtmennirnir koma sèr saman um málið og leggja úrskurð á.

Að öðru leyti kostar hvert amt vegabætur á vegum milli amtanna, að því leyti sem sá eða sá partur vegarins heyrir amtinu til.

13. *H. Kr. Friðriksson:* að ný grein verði sett eptir § 2, þannig látandi:
„Í hrepp hverjum skal vera 3 manna nefnd, er kosin sè af búendum hreppsins á manntalsþíngi; skal þessara þriggja hinn elzti fara frá á ári hverju. Hver fara skuli frá af hinum þremur fyrst kosnu, skal vera eptir samkomulagi þeirra á milli, en komi þeir sèr eigi saman, skal hlutkesti ráða. Hreppsnefndir þessar skulu hafa umsjón og framkvæmdir allra vegabóta á hendi, hver í sínum hrepp".

14. *Nefndin:* að í eptirfylgjandi grein (15.) í stað orðanna:
„Kýs hún", o. s. frv. til enda greinarinnar, komi: „undir umsjón sýslumanns".

15. *Páll Sigurðsson* og *Jón Sigurðsson* (ný grein):
„Í hrepp hverjum skal vera 3 manna nefnd, er kosin sè af búendum hreppsins á manntalsþíngi til 3 ára; nefnd þessi hafi á hendi umsjón og framkvæmdir vegabótastarfa hreppsins; kýs hún einn til formanns úr sínum flokki til að sjá um ritstörf, o. s. frv. Kosinn formaður hverrar hreppsnefndar mæti eitt sinn árlega hjá sýslumanni sínum, sem kalli þá saman í nóvember, og kallast sú samkoma sýslunefnd".

16. *Jón Guðmundsson,* viðaukaatkvæði:
„Þessir sýslunefndarmenn skulu fá sanngjarnan ferðakostnað úr vegabótasjóð".

§ 3.

17. *Nefndin:* að eptirfylgjandi grein (19.) verði þannig orðuð í upphafi:
„Nefnd sú, sem getið er í (.) grein (15), ákveður, hverja vegi álíta skuli sem þjóðvegi og hverja sem aukavegi í hreppnum".

18. *Nefndin:* að fellt verði úr greininni (19) þetta:
„Sè sýslumaður . . . . . hefir forföll".

19. *Nefndin, Páll Sigurðsson* og *Jón Sigurðsson:* að greininni verði þannig breytt:
„Þriggja manna nefnd skal vera í hverjum hreppi, til að ákveða hverja vegi álíta skuli sem þjóðvegi, og hverja sem aukavegi í

hreppnum. Sè sýslumaður ætíð einn nefndarmanna og tveir innsveitis búendur, þeir er tíundarskylt lausafè eiga, sem hreppurinn þar til kýs á hreppskilaþíngi. Annast hreppstjórar um kosníngu þessara manna, og að nýir sè kosnir, þegar nefndarmaður deyr eða hefir forföll".

„Sýslumaður skal bera upp við hlutaðeigandi amtmann uppástúngur nefndanna um það, hverja vegi álíta skuli sem þjóðvegi í sýslunni, og hverja sem aukavegi, samkvæmt reglunni í 2. grein; leggur amtmaður síðan úrskurð á málið og birtir auglýsíngu um það til eptirbreytni fyrir alla þá, er hlut eiga að máli".

20. *Ásgeir Einarsson:* að 3. grein frumvarpsins verði þannig orðuð: „Hreppstjórar í hverjum hreppi skulu með 2 valinkunnum innanhreppsmönnum, sem þeir til taka, gjöra uppástúngu um það, hverja vegi álíta skuli þjóðvegi innan takmarka hreppsins og hverja sem aukavegi, og hafa þeir reglur þær, sem standa í 2. gr., sèr til hliðsjónar. Þessar uppástúngur senda þeir sýslumanni, er með 2 tilteknum mönnum metur þær og sendir síðan ásamt áliti sínu hlutaðeigandi amtmanni, er ásamt 2 ráðaneytismönnum leggur úrskurð á málið í heild sinni, og birtir síðan auglýsíngu um það til eptirbreytni fyrir alla þá, sem hlut eiga að máli".

21. *H. Kr. Friðriksson:* að 3. gr. verði þannig orðuð: „Hreppsnefndir þessar skulu þegar, er þær eru kosnar, senda sýslumanni uppástúngur um það, hverjir vegir skulu þjóðvegir og hverjir aukavegir, hver nefnd í sínum hrepp, en sýslumenn skulu senda amtmanni uppástúngur þessar, ásamt áliti sínu; leggur amtmaður síðan úrskurð á málið, og birtir auglýsíngu um það, og skal sú ákvörðun standa óhögguð að minnsta kosti um tíu ár".

22. *Jón Guðmundsson:* í stað upphafsorðsins: „Sýslumenn" verði sett: Sýslunefndir".

23. *Frumv.* 3. gr. (óbreytt eða með breytíngu): „Sýslumenn skulu bera upp við hlutaðeigandi amtmann uppástúngu um það, hverja vegi skuli álíta sem þjóðvegi í sýslum þeim, sem þeim er trúað fyrir, og hverja sem aukavegi, og hafa þeir ofannefndar reglur fyrir sèr í þessu; leggur amtmaður síðan úrskurð á málið og birtir auglýsíngu um það til eptirbreytni fyrir alla þá, er hlut eiga að máli".

§ 4.

24. *H. Kr. Friðriksson:* að 4. grein (4. *a b)* verði þannig orðuð: „Hreppanefndirnar skulu innan loka októbermánaðar senda sýslumanni greinilegar skýrslur um vegabætur þær, er þeim þykir gjöra þurfi á næsta ári, hver í sínum hrepp, bæði á þjóðvegum og aukavegum, og hver kostnaður muni verða við þessar vegabætur á hvorum vegunum fyrir sig; sker síðan sýslumaður úr, hverja aukavegi bæta skuli, en sendir álit hreppsnefndanna um þjóðvegina, ásamt áliti sínu, amtmanni til úrskurðar".

§ 4 *a.*

25. *Jón Guðmundsson:* „Sýslunefndirnar skulu á ári hverju innan loka nóvembermánaðar senda amtmanni:
   a, nákvæma uppástúngu um þær aðgjörðir, sem mest nauðsyn er á, á þeim þjóðvegum, sem liggja um sýsluna.
   b, áætlun yfir kostnað þann, er nefndin hyggur að sú vegabót útheimti.
   c, áætlun um, hvað miklum kostnaði til vegabóta fært sè að jafna niður á sýsluna hið næsta ár, eptir efnahag manna, árferði og öðru ásigkomulagi".

26. *Ásgeir Einarsson:*
„Sýslumaður, og í Reykjavík bæjarfógeti, skal á ári hverju ásamt 2 tilkvöddum mönnum gjöra nákvæma uppástúngu, en hann innan janúarmánaðarloka sendir amtmanni, um:
   a, þær aðgjörðir, sem mest nauðsyn er á að fari fram næsta ár við vegi sýslunnar.
   b, áætlun yfir kostnað þann, er til þess útheimtist.
   c, áætlun um, hve miklum kostnaði til vegabóta fært sè að jafna niður á sýsluna hið næsta ár, eptir efnahag manna, árferði og öðru ásigkomulagi.

27. *Páll Sigurðsson* og *Jón Sigurðsson:* fyrir orðið:
„sýslumaður" í upphafi greinarinnar, set „sýslunefnd".

28. *Nefndin:* að í stað orðanna:
„innan loka janúarmánaðar" verði sett: „innan loka nóvembermánaðar".

29. *Páll Sigurðsson* og *Jón Sigurðsson:* í stað orðanna:
„um þau verk, er", set „hver verk og hvar".

30. *Frumv.* 4. gr. fyrri kafli (óbreyttur eða með breytíngum):
„Sýslumaður skal á ári hverju innan loka janúarmánaðar senda amtmanni nákvæma uppástúngu um þau verk, er vinna skal

hið næsta sumar við þjóðvegi þá, er liggja um sýsluna; skal þeirri uppástúngu fylgja skýrsla um, hvernig verkinu skuli haga, og hvernig það verði framkvæmt, samkvæmt 5. gr., og enn fremur áætlun yfir kostnað þann, er hann hyggur að til þess þurfi".

§ 4 *b*.

31. *Ásgeir Einarsson:*
„Þegar amtmaður hefir feingið þessar uppástúngur og áætlanir úr öllum lögsagnarumdæmum í amtinu, leggur hann með 2 tilkvöddum mönnum úrskurð á það, hverjar vegabætur skuli vinna í amtinu næsta sumar, og hve mikið af þeim kostnaði, sem þar til útheimtist, hvert lögsagnarumdæmi skuli bera".

32. *Jón Guðmundsson:*
„Þegar amtmaður hefir feingið þessar uppástúngur og áætlanir úr öllum lögsagnarumdæmum í amtinu, leggur hann úrskurð á það, hverjar vegabætur skuli vinna á þjóðvegum hið næsta ár og hve mikið af þeim kostnaði, sem þar til útheimtist, að hvert lögsagnarumdæmi skuli bera".

33. *Nefndin:* að í stað orðanna:
„innan loka aprílmánaðar" komi: „innan loka marzmánaðar".

34. *Frumv.* 4. gr. síðari kafli (óbreyttur eða með breytíngu):
„skal amtmaður eptir þessu ákveða, að hve miklu leyti og með hverjum hætti verkið skuli vinna, og á hann að gefa sýslumanni það til vitundar í seinasta lagi innan loka aprílmánaðar".

§ 5.

35. *Jón Guðmundsson:* að orðin:
„að láta vinna" falli úr.

36. *Jón Guðmundsson:* að orðin:
„þegar yfirvaldinu þykir það óráðlegt að láta bjóða verkið upp, eða" falli úr.

37. *Páll Sigurðsson* og *Jón Sigurðsson:* niðurlag greinarinnar:
„og skal sýslumaður . . . . . af hendi leyst", falli úr.

38. *Frumv.* 5. gr. (óbreytt eða með breytíngum):
„Öll verk við þjóðvegi skal, að svo miklu leyti sem unnt er, framkvæma þannig, að það sè sett til uppboðs, hver vilji takast á hendur að láta vinna verkið fyrir minnst kaup. Einúngis þegar yfirvaldinu þykir það óráðlegt, að láta bjóða verkið upp, eða þegar aðgeingilegt boð fæst ekki, á sýslumaðurinn að gjöra samníng um verkið á þann hátt, ef því verður við komið, að viss borgun sè ákveðin fyrir nákvæmlega tiltekinn vegarpart, en

fáist það ekki með aðgeingilegum skilmálum, þá skal láta vinna verkið fyrir ákveðin daglaun, og skal sýslumaður, þegar svo stendur á, til kveðja áreiðanlega umsjónarmenn, til að hafa gætur á, að verkið verði óaðfinnanlega af hendi leyst".

§ 6.

39. *Jón Guðmundsson, Páll Sigurðsson* og *Jón Sigurðsson:* að í stað orðsins:
„Sýslumanni" komi: „sýslunefndinni" (síðar í greninni „hún" fyrir „hann").

40. *Nefndin:* í stað orðanna:
„þá skal hann" komi: „þá skal sýslumaður" („nefnd sú, sem getur í 3. gr." tekið aptur af nefndinni).

41. *Frumv.* 6. gr. (óbreytt eða með breytíngum):
„Þjóðvegir skulu að öllum jafnaði halda hinni sömu stefnu, sem þeir hafa haft híngað til, en þegar sýslumanni þykir nauðsyn til bera, að á þessu sè gjörð nokkur breytíng, eða nýr þjóðvegur sè gjörður, þá skal hann um þetta senda uppástúngu til amtmanns, og ræður hann málinu til úrskurðar samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í þessari tilskipun".

42. *Ásgeir Einarsson:* að við enda greinarinnar sè sett:
„Í þessu efni skulu sýslumenn og amtmenn hafa valinkunna menn sèr til ráðaneytis, eins og fyrir er mælt í 3. og 4. gr."

§ 7.

43. *Jón Guðmundsson* og *Ásgeir Einarsson:* að síðari hluti greinarinnar:
„Svo er hann", o. s. frv., til enda greinarinnar, falli úr.

44. *Frumv.* 7. gr. (óbreytt eða með breytíngu):
„Sèrhver jarðeigandi er skyldur til, nema því að eins að svo standi á, sem sagt er í 8. gr., að láta af hendi uppbótarlaust land það, er þarf til að leggja þjóðveg um eða gjöra við hann, samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í þessari tilskipun. Svo er hann einnig skyldur til að leyfa, að á hans landareign sèu tekin þau tilfaung, sem kann að þurfa til vegagjörðarinnar, og skal honum það ekki heldur að neinu bætt".

§ 8.

45. *Jón Guðmundsson:* að orðið:
„yfirvaldinu" breytist í „sýslunefndinni".

46. *Frumv.* 8. gr. (óbreytt eða með breytíngu):
„Nýja vegi má aldrei leggja gegnum tún eða umgirt graslendi,

og að öllum jafnaði ekki heldur yfir eingjar, nema yfirvaldinu virðist svo, að ekki verði hjá því komizt án skaða fyrir almennar samgaungur, og skal, þegar svo stendur á, greiða eigandanum, ef hann krefst þess, úr jafnaðarsjóði amtsins sanngjarna þokkabót, sem óvilhallir menn, þeir er tilkvaddir sèu af rèttinum á vanalegan hátt, ákveða fyrir það eptir skoðunargjörð, sem haldin sè undir tilsjón sýslumanns, ellegar þá eptir yfirskoðunargjörð, ef amtmanni þykir vera ástæða til þess; þó hverfur tilkall eigandans til tèðrar þokkabótar, svo framarlega og að svo miklu leyti, sem skylda hefir híngað til legið á jörðinni, til að leyfa umferð yfir eingjar".

§ 9.

47. *Páll Sigurðsson* og *Jón Sigurðsson:* að fyrir: „6 danskar álnir" verði sett „4½ alin".
48. *Ásgeir Einarsson:* að í stað orðanna: „amtmaður eptir uppástúngu sýslumanns" komi „sýslumaður".
49. *Páll Sigurðsson* og *Jón Sigurðsson:* að í stað orðsins: „sýslumanns" komi „sýslunefndar".
50. *Frumv.* 9. gr. (óbreytt eða með breytíngu): „Þjóðvegir skulu ætíð vera 6 danskar álnir á breidd að minnsta kosti; samt getur amtmaður eptir uppástúngu sýslumanns leyft undantekníngu frá þeirri reglu, þegar landslagi er svo varið, til að mynda þar sem vegur liggur yfir fjöll eða hraun, að óumflýjanleg nauðsyn dregur til þess".

§ 10.

51. *Nefndin:* að í stað orðanna „fasta braut" komi „fastan veg".
62. *Jón Guðmundsson:* að eptir orðin „fasta braut" verði sett inn í: „Skurði skal grafa út úr brautinni, hvar sem vatn vill staðnæmast í henni".
53. *Jón Guðmundsson* og *Ásgeir Einarsson:* að fella úr frá orðunum: „Ef svo stórir steinar" o. s. frv. til enda greinarinnar.
54. *Frumv.* 10. gr. (óbreytt eða með breytíngum): „Þjóðvegi skal bæta með ruðníngum, ef á þann hátt má fá fasta braut. Ef svo stórir steinar koma fyrir á vegi þeim, er ryðja skal, að þeim verður ekki komið úr brautinni, þá skal beggja megin þeirra gera mjórri brautir, er aptur ná saman í aðalgötunni. Lausagrjóti því, er liggur á veginum, skal snara svo lángt úr vegi, að það geti ekki fallið í brautina aptur, nema svo sè, að steina þá megi hafa til að bera ofan í veginn".

§ 11.

55. *Jón Guðmundsson:* að í stað orðanna:
„föst braut“ verði sett „föst eða greið braut“.

56. *Nefndin:* að í stað orðanna:
„föst braut“ komi: „fastur vegur“.

57. *Nefndin:* að í stað orðanna:
„leggja veginn hærri“ verði sett: „hækka veginn“.

58. *Jón Guðmundsson:* að eptir orðin:
„leggja veginn hærri“ (hækka veginn) verði bætt við:
„eða bera ofan í hann sand eða möl“.

59. *Jón Guðmundsson:* að eptir orðin:
„mjög laus“ verði bætt við: „eða liggur yfir jarðfasta urð“.

60. *Nefndin:* að eptir orðið „sýslumaður“ verði bætt við: „eða sá, er hann kýs þar til“ (tekið aptur af nefndinni).

61. *Páll Sigurðsson* og *Jón Sigurðsson:* að eptir orðið:
„sýslumaður“ verði bætt við: „ásamt með veganefndinni“.

62. *Jón Guðmundsson* og *Ásgeir Einarsson:* að orðin:
„Moldu þeirri“ og það, sem eptir er greinarinnar, falli úr.

63. *Frumv.* 11. gr. (óbreytt eða með breytíngum):
„Þar sem ekki verður feingin föst braut með ruðníngum, skal leggja veginn hærri, ef jarðvegur er mjög laus; þyki yfirvaldi það nauðsynlegt, eptir því sem á þeim stað hagar til, skal grafa skurði jafnvel beggja megin vegarins, og skal einnig, ef þörf er á, gjöra ræsi þvert yfir veginn. Moldu þeirri, sem mokað er upp úr skurðinum og ræsunum, skal snara upp á veginn, og skal hafa hana sem undirlag til að fylla upp veginn, en annars skal fylla upp veginn á þann hátt, að hann verði í miðju að minnsta kosti $^1/_2$ danskri alin hærri en til hliðanna, og skal einnig bera ofan í veginn 5 eða 6 þumlúnga þykkt lag af möl, þar sem hún er fáanleg í nánd. Yfir ræsa þá, er gánga þvert yfir veginn, skal gjöra brýr, annaðhvort úr steini eða trè, ellegar hvorutveggja saman, eptir því sem sýslumaður ákveður nákvæmar á hverjum einstökum stað. Ofan á brýrnar skal þar að auki leggia moldarlag“.

§ 12.

64. *Jón Guðmundsson:* að greinin verði þannig:
„Yfir mýrlendi skal gjöra brýr, er skulu vera $1^1/_2$ dönsk alin á hæð, og að minnsta kosti $2^1/_2$ dönsk alin á breidd, og skal gjöra með fram þeim skurði og ræsi gegnum þær, sem fyr er sagt“.

65. *Nefndin, Ásgeir Einarsson, Páll Sigurðsson* og *Jón Sigurðsson:* að í stað orðanna:
„brýr úr torfhnausum“ komi: „torfbrýr“.

66. *Sömu:* að í stað orðanna:
„1 $^1/_2$ danskri alin hærri“, verði sett: „1 danskri alin hærri“.

67. *Sömu:* að í stað orðanna:
„en í miðju 2 eða 2 $^1/_2$ danskri alin hærri“, verði sett: „en í miðju 1 $^1/_2$ danskri alin hærri“.

68. *Frumv.* 12. gr. (óbreytt eða með breytíngum):
„Yfir mýrlendi skal jafnaðarlegast gjöra steinbrýr, en þegar yfirvaldi virðist, að því verði ekki með nokkru móti við komið vegna landslagsins, þá má þar gjöra brýr úr torfhnausum; skulu torfbrýr þessar vera 1 $^1/_2$ danskri alin hærri til hliðanna en grundvöllurinn, er þar að liggur, en í miðju 2 eða 2 $^1/_2$ danskri alin hærri, að því skapi sem torfbrúin er breið. Að öðru leyti eiga steinbrýrnar og torfbrýrnar ætíð að vera að minnsta kosti 2 $^1/_2$ danskar álnir á breidd, og skal gjöra við þær skurði og ræsi, sem fyr er sagt“.

§ 13.

69. *Nefndin, Páll Sigurðsson* og *Jón Sigurðsson:* að eptir orðin: „ár og læki“ í upphafi greinarinnar verði bætt við: „sem illt er yfirferðar“.

70. *Frumv.* 13. gr. (óbreytt eða með breytíngu):
„Yfir litlar ár og læki skal, þar sem þær liggja svo, og því að öðru leyti verður við komið, gjöra steinbrýr eða trèbrýr, og skulu brýr þessar vera að minnsta kosti 2 $^1/_2$ danskar álnir á breidd, og skal ætíð halda þeim svo við, að farið verði yfir þær með klyfjaða hesta“.
(*Jón Guðmundsson* og *Ásgeir Einarsson:* að grein þessi falli úr).

§ 14.

71. *Jón Guðmundsson:* að í stað orðsins:
„yfirvaldi“ komi: „sýslunefndunum“.

72. *Sami:* að orðin:
„þegar því verður við komið“ falli úr.

73. *Frumv.* 14. gr. (óbreytt eða með breytíngum):
„Á öllum þeim fjallvegum, sem ferðamenn eru vanir að fara á vetrardag, skal hlaða vörður, og skal einnig gjöra sæluhús, þar sem yfirvaldi þykir þörf á. Eiga vörðurnar að vera, þegar því verður við komið, svo nálægt hver annari, að tvær að minnsta

kosti sjáist í einu, þegar þoka er yfir; skal þar að auki á hverri vörðu vera gjörður stallur eða annað merki á þeirri hlið, sem snýr til norðurs, ferðamönnum til leiðbeiníngar".

§ 15.

74. *Jón Guðmundsson:* að í greininni *a* (nr. 75.) verði breytt þannig: „Í staðinn fyrir skylduvinnu, sem verið hefir, skal hver heimilisfaðir, hverrar stèttar sem er, og hver sá maður, sem á löglega með sig sjálfur, greiða árlega andvirði eins dagsverks eptir verðlagsskrá; skal gjald þetta greiða sýslumanni, í Reykjavík bæjarfógeta, á manntalsþíngum.

75. *Páll Sigurðsson* og *Jón Sigurðsson* (grein *a*):
„Í staðinn fyrir skylduvinnu, sem verið hefir, skulu allir verkfærir karlmenn í hrepp hverjum frá 18 til 60 ára, hvort þeir eru af bændastètt eða öðrum, skyldir að leggja fram verð fyrir 1 dagsverk, samkvæmt hvers árs verðlagsskrá; skal gjald þetta greiðast til sýslumanns í peníngum á hvers árs manntalsþíngi; borgar húsbóndi hver fyrir syni sína og vinnumenn, sem hjá honum eru; þeir, sem lifa af launum, eptirlaunum eða jarðeignum, þó eldri sè en hèr segir, gjaldi nokkuð, en fríviljugt, tillag til vegabóta.

76. *Páll Sigurðsson* og *Jón Sigurðsson* (grein *b*):
„Útgjöld til allra vegabóta, sem nefnd eru hèr að ofan, skal greiða af fè því, sem nefnt er í 16. grein. Þegar einhver hefir tekizt á hendur að gjöra verkið, skal fyrst greiða borgun fyrir það, þegar það er sannað með skýrslu frá veganefndinni til sýslumanns, að allt verkið sè óaðfinnanlega af hendi leyst; þó má sýslumaður, ef sá, er verkið lætur vinna, krefst þess, og verkið er umfángsmikið, láta greiða manni þeim, er verkið annast, nokkurn part af kaupinu smátt og smátt, eptir því sem verkinu skilar áleiðis.

77. *H. Kr. Friðriksson:* að 15. grein verði orðuð þannig (samþykkt af nefndinni sem upphaf 15. greinar í stað orðanna: „Útgjöld ..... hvers amts"; sbr. 80 *b*):
„Útgjöld til allra þjóðvega skal þannig greiða, að hver húsbóndi gjaldi á ári hverju til sýslumanns á manntalsþíngi verð fyrir hálft dagsverk, eptir hvers árs verðlagsskrá, fyrir hvern verkfæran karlmann 18 ára og allt að 60, sem er í hans þjónustu, og svo einnig fyrir sjálfan sig, hverrar helzt stèttar sem eru,

og sama skylda liggur á hverjum þeim, sem á löglega með sig sjálfur, þótt eigi sè húsbóndi.

78. *Ásgeir Einarsson:* að í stað 15. greinar komi ný grein þannig látandi:

„Þá upphæð til vegabóta, svo vel þjóðvega sem aukavega, sem amtmaður hefir akveðið að lenda skuli á hverri sýslu, skal sýslumaður með 2 tilteknum mönnum jafna niður á hina einstöku hreppa sýslunnar, og hafa við þá niðurjöfnun sèrlegt tillit til efnahags hvers hrepps, sveitarþýngsla og annara aðlútandi ástæðna. Síðan greiðir hver hreppstjóri þá ákveðnu upphæð úr sveitarsjóði, samkvæmt fyrirlagi hlutaðeigandi sýslumanns.

Þyki einhverjum hreppstjóra, að á hrepp sinn sè lagt of þúngt vegabótagjald, má hann kæra það fyrir amtmanni, og færa rök fyrtr, og sker hann, ásamt 2 tilkvöddum mönnum, úr málinu.

Einginn, sem tekizt hefir á hendur vegabótaverk, á heimtíngu á að fá borgun fullgreidda, fyr en búið er að sanna með lögmætri skoðunargjörð, að verkið sè svo af hendi leyst, eins og áskilið var. En ef verkið er umfángsmikið, má smátt og smátt greiða borgunina, og allt að $^2/_3$ hennar, eptir því sem verkinu skilar áleiðis“.

79. *Jón Guðmundsson* (grein *a*):

„Útgjöld til allra vegabóta, sem nefnd eru hèr að ofan, skal greiða með niðurjöfnun á hvern þann mann, sem á löglega með sig sjálfur, eptir þeim reglum, sem gilda fyrir aukaútsvörum til sveitar.

Þá upphæð til vegabóta, sem amtmaður hefir ákveðið að lenda skuli á allri sýslunni, skal sýslunefndin niðurjafna á hina einstöku hreppa þannig, að helmíngur kostnaðarins sè miðaður við allt tíundarbært lausafè í sýslunni, en hinn helmíngurinn við öll jarðaafgjöld, og jafnar hún síðan niður og ákveður, hve mikið eptir þessum mælikvarða hverjum hreppi ber að greiða, en við þessa niðurjöfnun skal sýslunefndin þó hafa sèrstaklegt tillit til þess, að hve miklu leyti miklir aukavegir, er útheimta kostnaðarsama aðgjörð, eru til í hreppnum eða ekki, því þar sem slíkir vegir eru, skal hreppnum að því skapi vægja fyrir kostnaði til almennra vegabóta.

Þyki einhverri hreppsnefnd, að á hrepp sinn sè lagt of þúngt vegabótagjald, má hún kæra það fyrir amtmanni og færa rök fyrir, og sker hann úr.

Þeirri upphæð, sem sýslunefndin þannig gjörir hverjum hreppi að greiða, skal hin sama hreppsnefnd, sem jafnar niður aukaútsvörum til sveitar, niðurjafna á hvern búanda mann í hreppnum, og sem þar á löglega með sig sjálfur, á þann hátt, sem segir í upphafi þessarar greinar.

Niðurjöfnun þessari skal hreppsnefndin hafa lokið fyrir hvers árs manntalsþíng; fær hún sýslumanni skýrslu þar yfir, en hann kallar inn á manntalsþínginu af hverjum hreppsmanni það, sem honum er gjört að greiða.

Einginn maður má skorast undan að greiða það vegabótaútsvar, sem þannig er á hann lagt, og má því taka það lögtaki, ef við er þrjóskazt að greiða; en heimilt er hverjum manni, að kæra það fyrir sýslunefnd, eður og amtmanni, ef hann getur fært rök til, að honum sè ofgjört; verði það staðfest með æðra úrskurði, þá fær hann jafnmikla linun í vegabótarútsvari sínu hið næsta ár, eður og dánarbú hans endurgjald af vegabótasjóðnum".

80. *Jón Guðmundsson* (grein *b)*: að í stað orðanna:
„Þegar einhver . . . . . skilar áleiðis", komi þessi grein:
„Einginn, sem tekizt hefir á hendur vegabótaverk fyrir borgun, á heimtíng á, að fá hana fullgreidda, fyr en búið er að sanna með lögmætri skoðunargjörð, að verkið sè svo af hendi leyst, eins og áskilið var. En ef verkið er umfángsmikið, má forstöðumaður fá smátt og smátt allt að $^2/_3$ hinnar umsömdu borgunar, eptir því sem verkinu skilar áleiðis".

80 *b* *Nefndin:* að töluliður 77 komi í stað upphafsins á 15. grein.

81. *Nefndin:* að 15. grein verði orðuð þannig í upphafinu:
„Útgjöld til allra vegabóta, sem nefnd eru hèr að framan, skal greiða úr jafnaðarsjóði hvers amts, og af verzlunum þeim, sem eru í amtinu, í því hlutfalli, að þrír fjórðu partar greiðist að minnsta kosti úr jafnaðarsjóðnum, en allt að einum fjórðúngi af öllum verzlunum í amtinu, eptir því sem amtmaður ákveður í hvert skipti" (tekið aptur af nefndinni).

82. *Jón Guðmundsson:* að síðari hluti 15. gr.:
„að öðru leyti . . . . . sem einu sinni er ákveðið", falli úr (samþykkt af nefndinni).

83. *Nefndin:* að eptir orðin:
„stórkostlegar vegabætur" verði bætt inn í: „sèr í lagi ef það

má álítast, að þær helzt sè í sýslunnar eigin þarfir" (tekið aptur af nefndinni).

84. *Frumv.* 15. gr. (óbreytt eða með breytíngum):
„Útgjöld til allra vegabóta, sem nefnd eru hèr að ofan, skal greiða úr jafnaðarsjóði hvers amts. Þegar einhver hefir tekizt á hendur að láta gjöra verkið, skal fyrst greiða borgun fyrir það, þegar það er sannað með lögmætri skoðunargjörð, er sýslumaður sendir amtmanni, að allt verkið sè óaðfinnanlega af hendi leyst; þó má amtmaður, ef sá, er verkið lætur vinna, krefst þess, og verkið er umfángsmikið, eptir að hann um það hefir meðtekið upplýsíngar og uppástúngu frá hlutaðeiganda sýslumanni, láta greiða manni þeim, sem verkið annast, nokkurn part af kaupinu smátt og smátt, eptir því sem verkinu skilar áleiðis. Að öðru leyti ber amtmönnum þess að gæta, þegar þeir ákveða, hverjar vegabætur skuli taka fyrir á því ári, að kostnaðurinn til nýrra vega, viðgjörða og viðhalds allra þjóðvega í amtinu verði ekki meiri en svo, að hann verði greiddur með því að jafna niður í mesta lagi 2 sk. á hvert lausafjárhundrað. En skyldi í einhverri sýslu þurfa stórkostnað til að leggja nýja vegi eða til að gjöra stórkostlegar vegabætur, þá má, ef amtmanni þykir vera ástæða til þess, eptir að hann áður hefir leitað álits annara um það, jafna allt að 1 sk. tillagi meira fyrir hvert lausafjárhundrað á þessa sýslu, heldur en hinar aðrar sýslur, en samt mega tillögin samtals aldrei gánga út yfir það, sem einu sinni er ákveðið".

§ 16.

85. *Nefndin:* að í stað 16. gr. frumvarpsins komi þessi grein:
„Til viðhalds og umbóta allra aukavega í hverri sýslu fyrir sig skal jafna niður allt að tveimur skildíngum á hvert lausafjárhundrað í sýslunni".

86. *Ásgeir Einarsson:* að 16. gr. falli burt.

87. *Jón Guðmundsson:* að orðin:
„til almennings þarfa" falli úr.

88. *Jón Guðmundsson:* að í stað orðanna:
„frá 18. til 60. árs" komi: „frá 18. til 50. árs".

89. *Nefndin:* að í stað orðanna:
„húsbóndinn greiðir borgun fyrir börn og vinnufólk", verði sett:
„húsbóndinn greiðir borgun fyrir syni sína, er hjá honum eru, og vinnumenn".

90. *Nefndin:* að orðin:
„sem eru á hans heimili“, falli burt.

91. *Frumv.* 16. gr. (óbreytt eða með breytíngum):
„Það skal framvegis vera skylda innbúanna í hverjum hrepp, að gjöra vegabætur og halda við aukavegum þeim, er liggja um hreppinn, og sem nauðsynlegir eru til almennings þarfa, svo að vegir þessir ávallt sèu í sæmilegu standi. Það, sem vinna þarf í þessum tilgángi, er skylduvinna, og skulu allir verkfærir karlmenn í hreppnum frá 18. til 60. árs, hvort sem þeir eru af bændastètt eða ekki, vera skyldir að leggja verk til, eptir því sem á þá skiptist. En ef hreppsbændur eða meiri hluti þeirra kynni heldur að æskja, annaðhvort að einhver takist á hendur vegabæturnar fyrir kaup, eða þá að menn sè leigðir til þess, en um það skal taka ákvörðun á hreppskilaþíngi á haustin, þá er þeim það heimilt, og skal þá hreppstjórinn jafna niður kostnaðinum á hina sömu menn, sem skyldir eru að vinna að vegabótum, eptir því sem áður er sagt, og að öðru leyti þannig, að húsbóndinn greiðir borgun fyrir börn og vinnufólk, sem er á hans heimili“.

§ 17.

92. *Páll Sigurðsson* og *Jón Sigurðsson:* að í stað 17. gr. í frumvarpinu verði sett ný grein, þannig:
„Veganefndir hreppanna skulu á ári hverju fyrir sumarmál senda sýslumanni nafnaskrá yfir þá menn í hreppnum, sem samkvæmt 16. gr. eru skyldir að leggja fè til þjóðvegabóta“.

93. *Ásgeir Einarsson:* að í stað 17. gr frumvarpsins komi þessi:
„Hreppstjórar skulu með 2 eða fleiri tilkvöddum aðstoðarmönnum, samkvæmt reglum þeim, sem gefnar eru í 5. gr., og eptir fyrirmælum hlutaðeiganda sýslumanns, láta framkvæma þau vegabótaverk innan hreppsins takmarka, sem af amtmanni eru ákveðin“.

94. *Nefndin:* að í stað orðsins:
„Hreppstjórar“, í upphafi greinarinnar, komi: „Hreppsnefndin“.

95. *Sama:* að í stað orðanna:
„innan loka janúarmánaðar“ verði sett: „innan sumarmála“.

96. *Nefndin:* að orðin:
„og skal tèðri uppástúngu fylgja nafnaskrá yfir þá menn í hreppnum, sem skyldir eru að leggja vinnu til, samkvæmt næstu grein á undan“, falli úr.

97. *Nefndin:* að í stað orðsins:
„hreppstjórunum“ komi: „hreppsnefndinni“.

98. *Nefndin:* að orðin:
„og skal þess gætt, þegar hreppsbúar“ o. s. frv. til enda greinarinnar, falli úr.

99. *Nefndin:* að í stað orðanna:
„sem skyldir eru að leggja vinnu til, samkvæmt næstu grein á undan“ komi: „sem verkfærir eru og vegabótavinnuskyldir eptir 16. gr.“ (tekið aptur af nefndinni).

100. *Sama:* að í stað orðanna:
„innan loka aprílmánaðar“ verði sett: „innan miðju maímánaðar“.

101 *Frumv.* 17. gr. (óbreytt eða með breytíngum):
„Hreppstjórar eiga á ári hverju innan loka janúarmánaðar að senda sýslumanni uppástúngu um þær vegabætur, er gjöra þarf á næsta sumri við hina almennu aukavegi í hreppnum, og skal téðri uppástúngu fylgja nafnaskrá yfir þá menn í hreppunum, sem skyldir eru að leggja vinnu til, samkvæmt næstu gr. á undan; á sýslumaður síðan í seinasta lagi innan loka aprílmánaðar að ákveða með úrskurði sínum, hver verk skuli vinna, og gefa hreppstjórunum það til vitundar, en þeir eiga því næst að sjá um, að verkið verði framkvæmt eptir reglum þeim, sem nákvæmar eru tilteknar í þessari tilskipun, og skal þess gætt, þegar hreppsbúar vinna sjálfir að verkinu, að það komi jafnt niður á þá, sem skyldir eru að leggja verk til“.

§ 18.

102. *Páll Sigurðsson* og *Jón Sigurðsson:* að i stað 18. gr. frumvarpsins komi þessi:
„Hèr að auki eiga veganefndir hreppanna á ári hverju í októbermánuði að senda sýslumanni uppástúngur um þær vegabætur, er gjöra þarf á næsta sumri, við hina almennu aukavegi í hreppnum, og semur sýslunefndin þar um álit sitt og sendir amtmanni fyrir lok nóvemberm.; leggur hann þar á úrskurð og sendir sýslumanni, samkvæmt því sem segir viðvíkjandi þjóðvegum í 5. grein. Kostnaður til aukavegabóta greiðist úr hvers amts jafnaðarsjóði, og má amtmaður í því skyni í það mesta leggja 2 skildínga gjald á hvert lausafjártíundarhundrað.

103. *Asgeir Einarsson:* að 18. gr. frumvarpsins falli úr.

104. *Frumv.* 18. gr.

„Að því leyti sem sjerlegur kostnaður kynni að standa af aukavegum, til að mynda til brúa, eður til að útvega þær tilfærur, sem ekki verða heimtaðar af þeim, sem skyldir eru að leggja til verk til vegagjörðar, sbr. 23. gr., eða púður til að spreingja steina o. fl., þá skal þeim kostnaði, sem til þess þarf, jafna niður samkvæmt reglu þeirri, sem sett er í niðurlagi 16. gr., að svo miklu leyti sem vegasjóður sá, sem nefndur er í 20. grein, hrökkur ekki til þessa kostnaðar".

§ 19.

105. *Jón Guðmundsson:* að í stað orðsins:

„amtmaður" í upphafi greinarinnar verði sett: „sýslunefnd".

106. *Nefndin:* að í stað orðsins:

„amtmaður" í upphafi greinarinnar, komi: „sýslumaður".

107. *Páll Sigurðsson* og *Jón Sigurðsson:* að í staðinn fyrir: „5 álnir" komi: „3 álnir".

108. *Frumv.* 19. gr. (óbreytt eða með breytíngum):

„Aukavegir eiga almennt að vera 5 álnir á breidd; þó má amtmaður leyfa, að brugðið sje út af þessu, þegar landslagi er svo háttað (sbr. 9. grein að niðurlagi), að óumflýjanleg nauðsyn dregur til þess. Að öðru leyti skal í öllu því, er aukavegi snertir, hvort heldur þeir eru gjörðir að nýju eða endurbættir, og eins hvað skyldu eigandans viðvíkur til að láta af hendi land það og tilföng, sem þarf, farið eptir reglum þeim, er ákveðnar eru hèr að framan um þjóðvegi, að svo miklu leyti sem þær geta átt hèr við".

§ 20.

109. *Páll Sigurðsson* og *Jón Sigurðsson:* að í stað 20.—26. greinar komi ein grein, þannig hljóðandi:

„Hvort sem vegabótaverkið er unnið af einhverjum, er hafa tekizt það á hendur fyrir umsamið verð, eður af leigðum mönnum, eiga veganefndir hreppanna að hafa umsjón alla með, að það verði óaðfinnanlega af hendi leyst, eins á aukavegum sem þjóðvegum, samkvæmt 4. gr.; skal svo álíta, að veganefndarmenn hafi með umsjón þeirri lokið því vegabótagjaldi, er þeim sjálfum ber að greiða".

110. *Nefndin* og *Ásgeir Einarsson:* að 20. gr. frumvarpsins falli úr.

111. *E. Ó. Kúld:* að í stað orðanna:
„börnum hans eða vinnufólki“ verði sett: „sonum á þeim aldri, sem til er tekið í 16. gr., og vinnumönnum“.

112. *Jón Guðmundsson:* að niðurlagið í fyrra kafla greinarinnar: „Ofannefndar sektir . . . . . nákvæmar ákveður“ breytist þannig: „Þessar sektir skal greiða í sveitarsjóð“.

113. *Frumv.* 20. gr. (óbreytt eða með breytíngum):
„Það skal vera hverjum þeim, er skylduverk á að vinna, heimilt, að senda annan verkfæran mann í sinn stað. Vilji hann greiða borgun í peníngum fyrir skylduverk það, sem hann á að vinna, þá skal það leyft, ef áður er um það gjört samkomulag við hlutaðeiganda hreppstjóra, sem þá skal leigja mann, er geingið geti í hins stað, fyrir fè það, er hann hefir greitt. Bregðist nokkur undan að koma til verka, þegar hann er til þess kvaddur, og hefur einga þá ráðstöfun gjört, sem áður er sagt, og hann getur ekki sannað lögmætt forfall, þá á hann fyrir það að gjalda í sekt 32 sk. r. m., og þar að auki greiða slíka borgun, sem hlutaðeigandi hreppstjóri álítur nægja til að leigja fyrir annan verkmann. Það er vitaskuld, að það, sem hèr segir, á við, hvenær sem verkskyldur maður bregzt undan, eins fyrir það, þó fleiri verkamenn eigi að koma frá einum bæ, og á húsbóndinn að greiða ofannefnda borgun og gjalda ákveðnar sektir fyrir hvern verkfæran mann af börnum hans eða vinnufólki, er undan bregzt; en aptur á móti á hann rètt á, að halda fènu inni í kaupi verkmanns, ef honum verður gefin sök á burtverunni. Ofannefndar sektir skal greiða í vegasjóð, sem stofnsetja skal fyrir hreppinn, og skal hreppstjóri geyma hann, og tekjunum verja til vegabóta í hreppnum, eptir því sem sýslumaður nákvæmar ákveður.

Hefjist deila um það, hvort sá, er í stað annars geingur, sè verkfær, þá skal hreppstjóri þegar í stað leggja úrskurð á þrætuna með tveimur tilkvöddum mönnum. Ef einhver sendir óverkfæran mann í sinn stað, skal álíta sem hann hafi ekki komið“.

§ 21.

114. *Jón Guðmundsson:* að greinin verði þannig orðuð:
„Hreppsnefndin tiltekur, á hvaða dögum verkið skuli vinna, en það má þó ekki vera á öðrum tíma, en í maí, júní eða öndverðum júlímánuði“.

115. *Ásgeir Einarsson:* að greinin verði þannig orðuð:
„Hreppstjórinn með hinum tilteknu tveimur mönnum ákveður þann tíma, á hverjum vegabótaverkið skal framkvæmast“.

116. *Nefndin:* að í staðinn fyrir:
„sýslumaður“ í upphafi greinarinnar komi: „hreppsnefnd“.

117. *Sama:* að í staðinn fyrir:
„sýslumaður“ verði sett: „hreppstjóri“ (tekið aptur af nefndinni).

118. *Frumv.* 21. gr.:
„Sýslumaður tiltekur, á hvaða dögum verkið skuli vinna, en það má þó ekki vera á öðrum tíma en í maí- eða júnímánuði, nema svo sèrstaklega sè ástatt á einhverjum stað eða eitthvað annað beri til, að óumflýjanlegt sè að bregða út af þessu, og skal þá sýslumaður nákvæmar ákveða verkdaginn“.
(*Páll Sigurðsson* og *Jón Sigurðsson:* að greinin falli úr).

§ 22.

119. *Nefndin* og *Ásgeir Einarsson:* að greinin falli úr.

120. *Nefndin:* að eptir orðin:
„á enda“, verði bætt í: „að minnsta kosti“ (tekið aptur af nefndinni).

121. *Frumv.* 22. gr. (óbreytt eða með breytíngu).
„Verkamenn skal hreppstjóri til kveðja með skriflegum seðli, og skulu bændur láta bera hann milli bæja eptir þíngboðsleið svo tímanlega, að hann sè kominn þíngboðsleið á enda einum degi fyrir hinn ákveðna verkdag.
(*Páll Sigurðsson* og *Jón Sigurðsson:* að greinin falli úr.

§ 23.

122. *Nefndin* og *Ásgeir Einarsson:* að greinin falli úr.

123. *Nefndin:* að í stað orðanna:
„skal hann vera kominn á hinn tiltekna stað . . . . . sjöundu stundar að kveldi“, komi: „skal hann vera kominn á hinn tiltekna stað ekki seinna en á dagmálum, og vera við vinnu til náttmála“ (tekið aptur af nefndinni).

124. *Jón Guðmundsson:* að þessu verði bætt við enda greinarinnar:
„og skal greiða skaðabætur eptir málavöxtum“.

125. *Frumv.* 23. gr. (óbreytt eða með breytíngum):
„Sèrhver verkamaður skal með sèr hafa verktól þau, sem til er tekið, þegar honum er sagt til, en þó ekki önnur en þau, sem almennt eru höfð við moldarverk á Íslandi; skal hann vera kominn á hinn tiltekna stað innan sjöundu stundar að

morgni og vera við vinnu til sjöundu stundar að kveldi; þó skal veita tveggja stunda hvíld á þeim tíma, sem hreppstjóri ákveður. Ef nokkur, sem tilkvaddur er, án löglegra forfalla kemur meira en einni stundu of seint, eða fer úr verkinu meira en einni stund of snemma, eða skorast undan að gjöra þá vinnu, sem honum er sagt, þá skal það metið, sem hann hefði alls ekki komið og lýkur hann þá sekt eptir 20. gr. tilskipunar þessarar; en ef styttri tími en ein stund geingur frá verkinu, annaðhvort af því einhver kemur of seint, eða fer of snemma, þá er hann sekur um helmíng af sekt þeirri, sem ákveðin er í nýnefndri grein".

(*Páll Sigurðsson* og *Jón Sigurðsson:* að greinin falli úr).

§ 24.

126. *Nefndin* og *Ásgeir Einarsson:* að greinin falli úr.

127. *Jón Guðmundsson:* að eptir upphafsorðið:
„Hreppstjóra" verði bætt við: „og umsjónarmönnum".

128. *Frumv.* 24. gr. (óbreytt eða með breytíngu):
„Hreppstjóra er heimilt að skipta niður vegastörfum þeim, sem falla á hreppinn, á 2 eða fleiri daga, en samt þannig, að eínginn sá, sem skylduverk á að vinna, hafi meira en eins dags verk".

(*Páll Sigurðsson* og *Jón Sigurðsson:* að greinin falli úr).

§ 25.

129. *Nefndin* og *Ásgeir Einarsson:* að greinin falli úr.

130. *Jón Guðmundsson:* að fyrri hluti greinarinnar („meðan á verkum . . . . til bera") verði orðaður þannig:
„Hreppsnefndin skiptir aukavegum hreppsins niður í hluti eður kafla, og ætlar tiltekinni tölu þeirra manna, sem vegabótaskyldan hvílir á, aðgjörð á hverjum kafla um sig, eptir því sem bezt liggur við, en sýslumaður kveður til á manntalsþíngum eptir uppástúngu hreppstjóra, einn eður tvo umsjónarmenn yfir hvern kafla".

131. *Jón Guðmundsson:* að í stað orðanna:
„bæði hreppstjórinn og áðurnefndir umsjónarmenn", verði sett:
„þessir umsjónarmenn".

132. *Frumv.* 25. gr. (óbreytt eða með breytíngum):
„Meðan á verkum stendur, skal hreppstjóri skipta verkmönnum í flokka, og skal hverjum þeirra feinginn sinn kafli af veginum. Hreppstjórinn skal ætíð vera viðstaddur sem um-

sjónarmaður, meðan unnið er að vegastörfunum; líka getur hann kosið umsjónarmenn sèr til hjálpar meðal hreppsbænda, þegar honum þykir nauðsyn til bera. Skal svo álíta, að bæði hreppstjórinn og áðurnefndir umsjónarmenn hafi með umsjón þeirri, er þeir þannig hafa haft með vinnunni, fullnægt skylduverki því, er á þeim sjálfum liggur".

(*Páll Sigurðsson* og *Jón Sigurðsson:* að greinin falli úr).

133. *Jón Guðmundsson:* að grein þessi verði sett milli 22. og 23. gr. frumvarpsins.

§ 26.

134. *Ásgeir Einarsson:* að í stað þessarar greinar komi ný grein svo látandi:

„Hreppstjórar skulu fyrir lok nóvembermán. ár hvert semja og senda sýslumanni greinilega skýrslu um allar þær vegabætur, er gjörðar hafa verið í hreppnum og á hvern hátt þeim hefir verið framgeingt, og láta henni fylgja skýran reikníng yfir kostnað þann, sem til vegabótanna hefir þurft, og hvernig hann hefir verið greiddur. Þeir skulu enn fremur gefa sýslumanni áætlun um vegabætur þær, er gjörast ættu næsta ár og kostnað til þeirra".

135. *Frumv.* 26. gr. (óbreytt).

„Þegar verkið eptir 16. gr. 2. atriði þessarar tilskipunar er unnið af einhverjum, sem hefir tekizt það á hendur, eða af leigðum mönnum, eiga hreppstjórarnir að hafa umsjón með, að það verði óaðfinnanlega af hendi leyst, samkvæmt þeim ákvörðunum, sem gjörðar eru af hreppsbændum því viðvíkjandi".

(*Páll Sigurðsson* og *Jón Sigurðsson:* að greinin falli úr).

136. *Jón Guðmundsson* (ný grein):

„Hreppstjóri skal við hver árslok semja og senda sýslumanni greinilega skýrslu um allar þær vegabætur, er gjörðar hafa verið á aukavegum í hreppnum það ár, og á hvern hátt þeim hafi orðið framgeingt.

§ 27.

137. *Ásgeir Einarsson:* að í stað 27. og 28. greinar komi svo látandi grein:

„Sýslumenn skulu hafa á hendi aðalumsjón yfir og ábyrgð á öllum vegabótum sýslunnar; skulu þeir innan loka jan.mán. senda hlutaðeiganda amtmanni skýrslu um vegabætur þær, er undanfarið ár hafa verið framkvæmdar í sýslunni, ásamt reikn-

íngum þeim, er þar að lúta; en amtmenn skulu árlega senda til dómsmálastjórnarráðsins yfirlitsskýrslu yfir allar vegabætur það ár í amtinu, og láta þar með fylgja hinar straxnefndu skýrslur frá sýslumönnunum".

138. *Frumv.* 27. gr. (óbreytt):
„Sýslumenn skulu á ári hverju líta eptir þjóðvegunum í sýslum þeim, er þeim er trúað fyrir, og líka hafa eptirlit með hinum öðrum vegum í sýslunni, og eiga þeir á ári hverju að senda amtmanni skýrslu um það; skal í henni vera greint frá, ekki að eins hve mikið, heldur einnig hvernig hafi verið starfað að vegagjörðum á ári hverju".

§ 28.

139. *Jón Guðmundsson:* að bætt verði þessu aptan við greinina:
„Amtmaður skal og láta auglýsa árlega í tímaritum landsins yfirlit yfir þann kostnað, sem á hvert lögsagnarumdæmi er ákveðinn til vegabóta, og hvað miklu fè hafi verið til þeirra varið í hverju fyrir sig; þar með skal fylgja stutt skýrsla um þær vegabætur, sem hafa verið gjörðar í öllu amtinu".

140. *Frumv.* 28. gr. (óbreytt eða með breytíngum):
„Það er skylda amtmanna að hafa yfirumsjón með vegunum í ömtum þeim, sem þeir eru settir yfir, og eiga þeir á embættisferðum sínum nákvæmlega að gefa gætur að ástandi veganna, og að öðru leyti á ári hverju að senda skýrslu til dómsmálastjórnarráðsins um ásigkomulag veganna í amtinu, og láta þar með fylgja hinar ofannefndu skýrslur, sem komnar eru frá sýslumönnum".

(*Ásgeir Einarsson:* að greinin falli úr).

§ 29.

141. *Ásgeir Einarsson:* að í stað:
„jafnaðarsjóð amtsins" komi: „hlutaðeiganda hreppssjóð".

142. *Jón Guðmundsson:* að í stað orðsins:
„jafnaðarsjóð" komi: „vegabótasjóð".

143. *Ásgeir Einarsson, Páll Sigurðsson* og *Jón Sigurðsson:* að niðurlagsorð greinarinnar:
„ef þjóðvegur . . . . . hreppsins" falli úr.

144. *Frumv.* 29 gr. (óbreytt eða með breytíngum):
„Verði nokkur uppvís að því, að hafa með ásettu ráði skemmt þau verk, sem vegastjórnin hefir látið gjöra, þá skal hann bæta skaðann, og þar að auki sektast frá 1 rdl. til 10 rdl., eptir því

hvað skemmdin er mikil, og öðrum málavöxtum; skal einnig taka til greina, hvort yfirsjónin er framin í fyrsta sinn eða hún er ítrekuð. Sjeu vörður og sæluhús á vetrarvegum skemmd eða eydd, þá skal það sæta 10 rdl. til 50 rdl. sekt, eða líkamlegri refsíngu frá 10 til 27 vandarhagga. Sjeu mannvirki þau burt tekin, sem vegastjórnin hefir látið gjöra, svo sem brýr, vörður og sæluhús, þá varðar það þjófsstraffi, og skal, þegar ákveða á stærð hegníngarinnar, einkum tekin til greina hætta sú, sem af því hefði getað hlotizt fyrir ferðamenn. Sektir þær, sem ákveðnar eru í þessari gr., skulu falla í jafnaðarsjóð amtsins, ef þjóðvegur hefir verið skemmdur, en annars í vegasjóð hreppsins".

§ 30.

145. *Frumv.* 30. gr. (óbreytt).

„Öll mál viðvíkjandi afbrigðum gegn þessari tilskipun skal meðfara og dæma sem almenn lögreglumál, að því leyti sem þau ekki eptir eðli sínu eru misgjörðamál, og skal að öðru leyti, hvað þær yfirsjónir snertir, sem hèr ræðir um, fara eptir ákvörðununum í tilsk. 24. jan. 1838, 9. og 10. gr".

§ 31.

146. *Frumv.* 31. gr. (óbreytt).

„Hvað hinar almennu ferjur yfir stærri ár og vatnsföll áhrærir, þá skal framvegis farið eptir reglum þeim, sem settar eru í Jónsbókar landsleigubálks 45. kap., og í konúngsbrèfi af 29. apríl 1776, § 6.

Að öðru leyti skulu þær ákvarðanir, sem ofannefnd konúngsbrèf og Jónsbókar landsleigub. 44. kap. innihalda um vegina á Íslandi, hèr eptir vera teknar úr lögum.

147. Að tölu greinanna verði breytt eptir því sem greinaskipanin útheimtir.

148. Frumvarpið allt með áorðnum breytíngum.

149. *E. Ó. Kúld:* Að þíngið nú biðji sijórnina, að leggja fyrir næsta alþíng nýtt frumvarp til vegabótatilskipunar, samið af mönnum í landinu sjálfu.

150. *E. Ó. Kúld:* varauppástúnga: Að þíngið nú biðji stjórnina, að leggja fyrir næsta alþíng nýtt frumvarp til vegabótatilskipunar, lagað eptir uppástúngum þessa alþíngis.

Framsögumaður (Þ. Jónassen): Það er, eins og atkvæðaskráin í þessu máli ber með sèr, komin fram mörg breytíngaratkvæði í þessu máli,

að það reyndar ekki er neinn hægðarleikur að átta sig á þeim til hlítar. Nefndin hefir síðan undirbúníngsumræða fór fram í málinu, borið sig saman við þá af þíngmönnum, sem borið hafa upp breytíngaratkvæði, og aðhyllzt sum af þeim, en sum ekki, og er þetta tekið fram á atkvæðaskránni; það getur nú verið, og eg geing enda að því sem vísu, að einstöku ósamhljóðanir hafi smeygt sèr inn, en ekki ætla eg þær þó vera meiri, en svo, að þær með aðstoð þíngmanna geti orðið lagaðar, og þetta traust ber eg því heldur til þíngsins, sem eg er sannfærður um, að þeir allir muni vilja styðja að því, að frumvarpið verði að lögum, og af þessari ástæðu láta sèr annt um það, að frumvarpið geti orðið þannig úr garði gjört frá þínginu, að stjórnin geti aðhyllzt það á eptir í öllum þess aðalatriðum.

Eg sagði áðan, að breytíngaratkvæðin, sem komin eru fram, væri mjög mörg, og þar um er sjón sögu ríkari, er aptur vill svo til, að fæst af þeim eru á hinn bóginn veruleg, heldur lúta þau að orðabreytíngum og annari niðurskipun á efninu; eg ætla því ekki að svo stöddu, að fara leingra fram í þau, en einúngis að snúa mèr að þeim verulegu atriðunum, það er að segja að þeim breytíngaratkvæðum, sem hafa veruleg áhrif á frumvarpið, en það eru breytíngaratkvæðin, sem áhræra umsjón og framkvæmd vegabótanna, og kostnaðinn til þeirra; og um þessi atriði talaði eg sem *fram-sögumaður* fátt eitt við undirbúníngsumræðuna. Nefndin hefir síðan, eins og atkvæðaskráin vottar, tekið þau ítarlegar til yfirvegunar. Nefndin hlaut að játa, að það yrði ofætlun fyrir sýslumann, að hafa á hendi alla umsjón og framkvæmd vegabótanna í víðlendum sýslum, og því hefir hún fallizt á, að þessi starfi væri falinn nefnd manna í hverjum hrepp, því með þessum hætti mætti álíta, að verkinu yrði betur borgið, en með þeirri tilhögun, sem verið hefir, og ætlazt er til að verði eptir frumvarpinu, því að vísu mun töluvert vera hæft í því, að vegabæturnar og vegirnir hèr í landi eigi sè lengra komnar, en þær eru, vegna þess, að sýslumenn hafi ekki getað sinnt þeim, sem skyldi. Nefndinni þótti því síður áhorfsmál, að aðhyllast þetta fyrirkomulag viðvíkjandi vegabótunum, sem sýslumanni er ætlað, að hafa yfirumsjón með öllum vegabótum og vegum í sýslunni, og hann þannig hefir skyldu til að halda vörð á því, að hreppsnefndirnar gegni köllun sinni rækilega.

Hvað kostnaðinn til vegabótanna áhrærir, ætlast frumvarpið, eins og þíngmönnum er kunnugt, til þess, að þær á þjóðvegunum fari fram á kostnað jafnaðarsjóðanna, og að í því skyni verði jafnað nið-

ur á hvert lausafjárhundrað allt að 2 skk., en viðgjörð og viðhald aukaveganna skyldi framkvæmd með skylduvinnu. Nú með því að það varð nefndinni ljóst, að það fè, 2 sk. af hverju lausafjárhundraði, eða hèr um bil 1200 ríkisdalir um árið, sem ætlaðir eru þjóðvegunum, mundi verða öldúngis ónógt til vegabóta þjóðveganna um allt land, en aptur á móti meir en nóg handa aukavegunum í skylduvinnunni, aðhylltist hún breytíngaratkvæði, sem stendur á atkvæðaskránni undir nr. 77., að skylduvinnan, breytt í peninga og reiknuð eptir hvers árs verðlagsskrá, og þannig, að ekki kæmi nema hálft dagsverk á hvern verkfæran mann frá 18 til 60 ára, yrði látin koma niður á aðalvegunum í stað þess, sem í frumvarpinu er ákveðið, en að aptur viðgjörð og viðhald aukaveganna færi fram á kostnað jafnaðarsjóðanna með niðurjöfnun af 2 sk. á hvert lausafjárhundrað. Að vísu duldist það ekki nefndinni, að það væri einhvern veginn óviðkunnanlegt, að kostnaðurinn til viðgjörða á aukavegunum skyldi greiðast úr jafnaðarsjóðunum, en nefndin áleit, að þar sem svo mikið væri að gjöra, og dagsverkin ofan í kaupið eru helmínguð, mundi það fè, sem feingist fyrir dagsverkin, ekki vinnast til þess, að gjöra til hlítar bæði við þjóðvegi og aukavegi, en á hinn bóginn þorði nefndin ekki að halda fram með heilu dagsverki af hverjum verkfærum manni, sèr í lagi vegna þess, að skylduvinnan á að leggjast með peningum, en að öðru leyti álít eg það miklu æskilegra, ef allur vegabótakostnaðurinn gæti orðið greiddur af einum og sama sjóð, eða eins og nú er komið, af því fè, sem kemur inn fyrir skylduvinnuna, en nefndin hèlt, að þetta fè yrði þó of lítið, og þá var það eins konar neyðarúrræði fyrir nefndina, að halda afgreiðslunni af lausafènu.

Að öðru leyti skal eg geta þess, að hèr munu nú vera hèr um bil 15 þús. verkfærir menn milli 18 og 60 ára, og það fè, sem þannig kæmi inn fyrir hálf dagsverk, eptir nú gildandi verðlagsskrá, mundi því verða fullar 6 þúsundir ríkisdala, og með þessu fè má þó gjöra töluvert; eg get þessa atriðis einúngis til nákvæmari skýríngar um það, hvort það muni tiltækilegt eða ekki, að sleppa þeim umræddu 2 sk. af lausafènu handa aukavegunum.

Það er á atkvæðaskránni undir nr. 78 stúngið upp á öðrum gjaldstofni, en skylduvinnunni handa vegabótunum, nefnilega að borga kostnaðinn til veganna úr sveitarsjóði eptir undangeinginni niðurjöfnun á sama hátt, og eptir sömu reglum, sem jafnað er niður sveitarútsvari. Það má nú, ef til vill, telja þessu breytíngaratkvæði til ágætis, að afgreiðslan komi jafnar niður, og að færri verði undan-

þegnir, en þegar kostnaðurinn er látinn vera kominn undir því, hvað marga verkfæra menn einhver hafi, því ekki fer þetta ætíð eptir velmegun; en eg get þó ekki orðið þessu breytíngaratkvæði meðmæltur; hèr er nefnilega allt komið undir hugþótta þeirra, sem jafna afgreiðslunni niður, og þar af mundi því leiða margfaldar umkvartanir út af niðurjöfnuninni, sem ekki þarf að óttast, þegar afgreiðslan er bundin við tölu verkfærra manna; mèr þykir því þessi mælikvarði, verkfæru mennirnir, miklu tiltækilegri. Það á heldur ekki við, meðan ekki er komin á önnur sveitarstjórn, en nú er, að fátækrastjórnin skuli annast um vegabótakostnaðinn; og eg álít það ósanngjarnt, að leggja hreppstjórum, sem eingin laun fá fyrir störf sín, á herðar, að innkrefja vegabótakostnaðinn af hreppsbændum; hreppstjórar eiga opt nógu örðugt með, að geta feingið sveitargjöldin borguð, þó ekki bætist þetta ofan á. Þetta eru nú helztu atriðin í þeim framkomnu breytíngaruppástúngum við frumvarpið, og því hefi eg einkum tekið þau fram. Af hinum breytíngaratkvæðunum skal eg að þessu sinni einúngis leyfa mèr að benda á uppástúnguna, sem er á atkvæðaskránni undir tölulið 12, því hún kveður nákvæmar á um eitt atriði, sem ekki er tekið skýrt fram undir tölulið 14. og 15. á atkvæðaskránni, eins og nefndin hefir aðhyllzt það síðartalda breytíngaratkvæði.

Eg ætla svo ekki að fara leingra út í málið að svo stöddu. Þegar á allt er litið held eg, að eg geti ráðið þínginu til að aðhyllast frumvarpið með þeim breytíngum, sem nú eru í því orðnar; að minnsta kosti er nú komin í það eins konar samhljóðun, en hún hverfur, ef skoðanir þíngmanna fara miög á dreif, og þá eru afdrif þessa umvarðanda máls auðsèn; en það kalla eg illa farið, ef stjórnin neyddist til, að leggja mál þetta nú til hliðar, því það er mjög umvarðanda fyrir þetta land.

Jón Guðmundsson: Áður en eg tek til máls viðvíkjandi efni máls þessa, vil eg, þar eð málið er orðið svo flókið, leyfa mèr að stínga upp á, að það sè rætt í köflum, t. a. m. 2, fyrst frá 1. gr. til 14., og síðan frá 15. til endans.

Forseti: Frá minni hálfu er ekkert þessu til fyrirstöðu, og þó að mál þetta við undirbúníngsumræðuna ekki væri rætt í köflum, álít eg það skyldu mína að gjöra þínginu sem hægast fyrir, svo eg legg það á þíngsins vald, hvort það vill ræða mál þetta í köflum, tveimur, eður þá má ske heldur þremur, nefnilega fyrst frá 1. grein

til 14., þá 15. grein út af fyrir sig, og því næst frá 16. grein og til endans.

Konúngsfulltrúi: Það er sem menn vita mjög lítið eptir af þíngtímanum, en 2 mjög margbrotin og vandasöm mál eru enn þá órædd. Eg er nú hræddur um, að ef umræðunum um frumvarpið, sem liggur fyrir, verður skipt í kafla, muni þær þar við verða miklu leingri. Eg held þessa þurfi ekki heldur; því þíngmenn geta, eins og hinn heiðraði *framsögu-maður* gjörði, tekið aðalatriði málsins, og þar að lútandi uppástúngur, hvort eptir annað í þeirri röð, sem sérhverjum þykir bezt við eiga, og sagt þar um meiníngu sína, og þá má það vel takast að ræða frumvarpið í einu lagi.

Forseti: Eg verð að álíta það skyldu mína, að gjöra sem þíngmenn óska í þessu efni og þykir gjöra sèr umræðuna sem hægasta; skal eg því leyfa mèr að leita atkvæða hinna háttvirtu þíngmanna um, hvort ræða skuli málið í einu, eður í köflum.

Var síðan geingið til atkvæða, og urðu einúngis 4 atkvæði með því, að ræða skyldi málið í köflum; fèll þannig sú uppástúnga.

Jón Guðmundsson: Það er ekki ólíklegt, að mönnum þyki mèr skyldast, að eg standi upp einna fyrst af öllum, til að mæla eitthvað með breytíngaratkvæðum mínum, af því þau munu vera lángflest, en þó að þau sè nú svona mörg, skal eg ekki vera margorður um þau, heldur gjöri eg út af við þau svo að segja öll í einu, það er að skilja þau af breytíngaratkvæðum mínum, sem snerta nefndir þær, er eg hugsaði mèr, og eins þau, sem snerta gjaldstofninn; það er samt ekki svo að skilja, að eg álíti ekki enn sem fyrr þann gjaldstofn til vegabótanna þann eina rètta, eins og líka stjórnin sjálf hefir viðurkennt þegar í frumvarpi sínu í sveitastjórnarmálinu, sem hèr var til umræðu í hitt hið fyrra, en eg vil ekki vinna það til, að halda þessum gjaldstofni fram, þó hann sè í rauninni sá eini rètti, að honum verði valið óeðlilegt og ósamsvarandi fyrirkomulag, og gagnstætt því, sem alstaðar tíðkast í þess konar almennum sveitamálum, enda viðurkenndi stjórnin þetta sjálf, og gætti þess í tèðu frumvarpi, því jafnframt og hún gjörði þar öll vegabótamál að sveitamálum, og vildi að öllum kostnaði, er þar lyti að, yrði jafnað niður á almenníng, þá var jafnframt í frumvarpinu hugsað fyrir frjálslegu fyrirkomulagi kosinna nefnda, er hefði á hendi þenna niðurjöfnunarstarfa; og eg get ekki sèð, að fèð til vegabótanna verði með góðu móti lagt á þenna gjaldstofn, nema nefndir sè kosnar til að jafna því niður á alþýðu. Eg vil því heldur hverfa frá gjaldstofni þessum í þetta sinn,

fyrst það er svo torvelt, að koma heim þessu fyrirkomulagi með nefndirnar, eins og það er svona í sèrstöku lagaboði, og það því fremur, sem mèr sýnast eingin vandkvæði á því, að aðhyllast í bráð breytíngaratkvæði hins heiðraða þíngmanns Reykvíkínga við 15. greinina undir töluliið 77, því með því er þó feinginn fastur og ákveðinn gjaldstofn, og ef að því er geingið, hverfur hið umsvifamikla fyrirkomulag með nefndirnar; svo er þessi gjaldstofn eingan veginn nýr, heldur er hann 100 ára gamall, því borgunin, sem hèr er nú gjört ráð fyrir, kemur einúngis í staðinn fyrir dagsverkið, sem menn voru skyldir að leggja til, á meðan skylduvinnan var við höfð, og hver maður, sem á að láta dagsverk, hlýtur að þakka fyrir að mega fremur gjalda hálft dagsverk í peníngum eptir hvers árs verðlagsskrá, heldur en ef hann ætti að vinna það af sèr með skylduvinnunni, eins og verið hefir; því til þess hafa flestir þurft miklu meira en eitt dagsverk, þar sem hálfur og heill dagur hefir einatt orðið að gánga til þess, að komast til þess vegar á fjöllum eða öræfum, þar sem vegabótina átti að vinna. Á hinn bóginn vinna líka sjálfar vegabæturnar mjög mikið við þessa breytíngu á fyrirkomulaginu, sem verið hefir, því það er þó æðimikill munur, ef til vegabóta gyldust að eins 1200 rdl. á ári, með því að taka 2 sk. af hverju lausafjárhundraði, eins og frumvarpið stíngur upp á, eða ef hver verkfær maður frá 18 til 60 ára gyldi hálft dagsverk í peníngum ár hvert, þar sem með því móti mundi hafast upp til vegabóta frá 8 til 10,000 rdl. árlega, og það er ekki all-lítið fè, og líklega mætti nokkuð með því gjöra til þess að bæta vegina hèr á landi, væri því vel varið og haganlega. Með þessu móti finnst mèr nefndirnar geta horfið að miklu eður jafnvel öllu leyti, því, ef fèð til vegabótanna væri þannig heimt af sýslumanni á manntalsþíngum, þá ætti sýslumaður að bjóða upp á uppboðsþíngi, hver vildi gjöra þann eður þann vegarkaflann, er endurbótar þyrfti við í þeim eða þeim hreppnum, fyrir minnst engurgjald, og ætti svo sýslumaður að hafa á hendi eptirlitið með því, að vegabótavinnan væri vel af hendi leyst, en vilji menn samt sem áður hafa nokkrar nefndir, þá getur það víst ekki verið neitt efamál, að aðhyllast fremur uppástúnguna undir töluliið 15, heldur en nefndarinnar undir töluliið 19, því af nefndunum, sem gjört er ráð fyrir undir 15. töluliið, er þó nokkurs væntandi, en einkis af þeim nefndum, sem talað er um í 19. uppástúngu. Hinn háttvirti *framsögumaður* gat þess, að ef fèð til vegabótanna væri tekið úr sveitasjóðunum, þá mundi ekki gánga á öðru en eilífum og enda-

lausum umkvörtunum út af niðurjöfnuninni, og verð eg að telja víst, að svo yrði, á meðan eingin almenn sveitastjórn er á komin, og það, sem fremur öllu öðru mundi koma á stað slíkri óánægju, væri þær nefndir, sem hinn heiðraði þíngmaður úr Strandasýslu hefir hugsað sèr og stúngið upp á, því þegar valdsmennirnir eiga að fara að velja menn sèr til aðstoðar, til að jafna niður álögum á almenníng, og velja þá svona af handahófi, kann ske þá, sem sízt skyldi, — því eptir uppástúngum þíngmannsins eru sýslumennirnir við ekkert bundnir í því efni nema geðþekkni sjálfra sín, — þá flýtur auðsjáanlega þar af, að alþýða ber ekkert traust til þessara manna, en er ávallt óánægð með allar þeirra aðgjörðir. Þar sem undir tölulið 102 er gjört ráð fyrir, að kostnaðurinn til aukaveganna gjaldist úr jafnaðarsjóðunum, þá þykir mèr það nú reyndar fremur óhappalegt, og ekki eiga alls kostar vel við, og það væri líka æskilegast, ef menn gæti með öllu komizt hjá þessu 2 skildíngs gjaldi af hverju lausafjárhundraði til vegabóta, enda ímynda eg mèr, að það gjald, sem hinn heiðraði þíngmaður Reykvíkínga hefir stúngið upp á undir tölulið 77, muni hrökkva lángt bæði til þjóðvega og aukavega í bráð. Það er sjálfsagt, að þjóðvegirnir ætti að sitja í fyrirrúmi, og þá mundi það ekki gjöra allt til, þó til aukavega geingi nokkur hundruð ríkisdalir árlega; það er að segja til þeirra, sem mest væri nauðsyn á að lagfæra; því menn mega ekki gleyma því, að eptir 1. og 2. gr. í frumvarpinu verða svo miklu fleiri aðalvegir, heldur en almennt hefir verið álitið áður, af því hið eldra fyrirkomulag gjörði einga slíka aðgreiníngu nauðsynlega híngað til; því á öllum vegum átti að vinna skyldu-vinnu. Það er nú að vísu nokkuð ísjárvert, ef til vill, hèðan af að greiða atkvæði á móti þessari 2 skild. uppástúngu til vegabótanna, af því það er, ef til vill, ekki auðvelt að koma hèðan af hinum seinni greinum frumvarpsins, sem lúta að aukavegunum í það horf, sem við á, af því ekki hefir verið beinlínis stúngið upp á því áður; en eg hygg, að það mætti þó takast, ef menn vildi skipta uppástúngunni undir tölulið 102 í tvo kafla, og fella svo síðari kaflann; að síðan væri ljóslega skýrt frá því í álitsskjalinu, að þíngið ætlaðist til, að allur kostnaðurinn til vegabóta aukaveganna legðist einnig á gjaldstofn þann, sem nefndur er undir tölulið 77, þannig að gjaldið undir tölulið 77 væri nægilegt til allra vegabóta, og beiddi því stjórnina að taka þar að lútandi ákvarðanir inn í hinn síðara hluta vegabótalaganna. Hinn háttvirti *framsögumaður* hefir tekið fram, hversu hin nýja grein væri nauðsynleg, sem eg hefi hugsað mèr undir tölu-

lið 12, og eins töluliður 80 í stað niðurlags 15. greinar; en sú uppástúnga ætlast eg til yrði ný grein, ef þíngið samþykkti hana. Það er nú auðvitað, að ýmislegt af mínum breytíngaratkvæðum, sem hèr standa á atkvæðaskránni, ætti eptir því, sem fyr er sagt, að falla burtu, einkum og sjálfsagt öll þau, er lúta að nefndum og gjaldstofni; hin þar í móti, sem lúta að forminu, vil eg ekki taka aptur; eg held að mörg þeirra sè ekki svo óveruleg, ef vel er að gáð, og skal eg þar á meðal benda til töluliðs 136 og 139, enda þótt orðaskipun þessarar uppástúngu kynni nokkuð að þurfa að laga, áður hún væri tekin inn í lagaboðið, ef uppástúngan 77 verður samþykkt, og allar þær breytíngar, sem af henni leiða.

J. Sigurðsson: Eg ætla nú ekki að hefja lánga ræðu í dag, þó eg eigi nokkuð mörg breytíngaratkvæðin, því flest það, sem eg vildi tala þeim til stuðníngs, tók eg nokkurn veginn fram við undirbúníngsumræðuna; breytíngaratkvæðin eru heldur ekki svo mörg, sem þau sýnast, því þau eru mörg til að víkja við orðum og greinaskipun, og sýna, hvernig hugmyndin eða breytíngin geti samrýmzt við frumvarpið, svo allt falli saman; þá má heita, að í breytíngaratkvæðum mínum og þíngmanns Rángvellínga liggi ekki nema 2 breytíngar, eins og sá háttvirti *framsögumaður* sagði; önnur er um fyrirkomulag á framkvæmdinni og stjórn hennar við vegabótastörfin, hin er um breytíngu á gjaldstofninum til kostnaðarins; nefndin hefur nú samþykkt flest af þessum breytíngum, og sèr í lagi hefir hinn háttvirti *framsögumaður* talað fyrir því síðara, og þar flest það fram tekið, sem eg vildi sagt hafa, svo skýrt og ljóslega, sem honum er lagið, og skal eg svo eingu þar við bæta, en eg skal dálítið reyna að skýra þíngmönnum hugmynd þá, sem eg hafði með að setja veganefndir í sveitunum; eg nefnilega þeinkti það mundi verða vegabótunum til ábata, eða meiri framfara; vèr vitum, að þær hafa nokkra stund verið undir umsjón sýslumanns og hreppstjóra, og menn vita, hvað þeim hefir skilað; það hefir lítið verið gjört, nema í einstöku stað, þar sem hefir verið framúrskarandi duglegur sýslumaður og hreppstjóri; þetta er náttúrlegt, því þessir menn hafa nóg annað að stunda, og verður svo þetta út undan; væri nú aptur kosnir einúngis til forsjónar og framkvæmdar þessu svo þarflegu verki 3 menn í hverri sveit, sem eg trúi sveitarbúum til að kjósa mjög hentuglega, því þeir þekkja þá vel úr, sem eru náttúraðir til byggíngadripta og vandvirkni, og þessir menn hefði ekkert annað embætti að stunda, þá veit eg það öldúngis víst, að þessir yrði flestir svo áhyggjusam-

ir og ærukærir, að þeir vildi leysa þetta verk sem mest og bezt af hendi, sem unnt væri, og vegabæturnar hefði stærsta hag af, að vera svona undir sèrstakri umsjón; þar til mótmælir því einginn, að hreppstjórarnir hafi nógu vond kjör, og nóg að snúast fyrir ekkert, þó þeir væri fríaðir frá þessu, og væri þá vel yfir að láta, ef ráðstöfun þessi gæti líka verið til að betra kjör þeirra. Nefndin hefir nú viljað samþykkja breytíngaratkvæðið þíngmanns Reykvíkínga nr. 77, að ekki sè nema $^1/_2$ dagsverk af hverjum verkfærum manni, og *framsögumaður* hefir fært nokkrar ástæður til, að það muni geta dugað; mèr þykir þetta nú gott að heyra, því ekki lángar mig til að kasta meiri byrði á almenníng, en þarf; og vissi eg, að breytíng sú feingi meðhald í þínginu, mun bæði eg og þíngmaður Rángvellínga verða fús á, að taka aptur breytíngaratkvæðið nr. 75, jafnvel þó mig gruni, að töluvert fè þurfi til að breikka allar þjóðgötur upp í 6 álnir, og halda þeim við, hvað þá að brúa og gjöra stórkostlegar vegabætur. Eins er það um jafnaðarsjóðsgjaldið; ekkert er mèr vel við að baka þeim sjóði meiri útgjöld, en þarf. En fyrst að fyrsta greinin var af öllum látin standa óbreytt, að vegum skuli vera skipt í þjóðvegi og aukavegi, þá þarf eitthvað til þeirra umbóta; það sem sumir hafa sagt, að það væri ótilhlýðilegt, að fá gjald til aukavegabóta úr jafnaðarsjóðnum, get eg ekki tilstaðið, því það er í sumu falli tilhlýðilegt; aukavegir eru ekki nema sumstaðar, og getur amtmaður eptir skýrslum þeim, sem hann fær frá sveitanefndunum, ákveðið, hvar helzt sè nauðsyn við þá að gjöra, og ef honum virðist ekki svo mikil nauðsynin, mun hann hafa vit á, að kosta minna til, en 2 skildíng af hverju hundraði; gjaldið kemur hentuglega niður; því það eru meiri aukavegir til sveita, og þar eru líka meiri lausafjártíundir, en víða litlir aukavegir við sjó, og þar er líka lítið tíundarframtal. Eg held, að nefndin hafi ekki aðgætt vel hèr í einum stað; mèr sýnist það verði ósamhljóðan hjá henni, þar sem hún hefir samþykkt breytíngu mína nr. 15, að 3 manna nefnd skuli vera í hverjum hrepp, sem hafi á hendi umsjón og framkvæmðir vegabótastarfa hreppsins, en hún hefir ekki tekið breytíngu mína, sem flýtur þó þar af, að endinn á 5. gr. frv., nr. 38, falli í burt, nefnilega: „og skal sýslumaður tilkveðja áreiðanlega umsjónarmenn, til að hafa gætur á, að verkið verði óaðfinnanlega af hendi leyst"; — þegar veganefndir eru í sveitum, þá þarf sýslumaður ekki að útnefna aðra umsjónarmenn. (*Framsögumaður:* það er satt) Um hin önnur breytíngaratkvæðin ætla eg ekki að tala neitt; því bæði *framsögumaður* og

hinn háttvirti *varaforseti* hafa sýnt fram á ókostina við breytíngaratkvæði þíngmannsins frá Strandasýslu, og er eg þeim öldúngis samdóma um, að sú niðurjöfnun á vegabótagjaldinu, sem þar er stúngið upp á, yrði býsna mikið í lausu lopti, og mundi olla vafníngi og klögumálum, og gæti þá einginn rètt sig eptir neinu; það er þó gott við mína reglu, að hún er viss, en einföld og óbrotin og styttir lagaboðið, því hún fellir úr því margar óþarfar greinir.

V. Finsen: Eg vil einúngis tala fáein orð viðvíkjandi kostnaðinum til vegabótanna, eða um gjaldstofn þann, sem þar til er ætlaður; eg get nefnilega ekki fellt mig við það, að kostnaðurinn til aukaveganna sè tekinn úr jafnaðarsjóðunum, því jafnaðarsjóðirnir eru almennir sjóðir, fremur öllum öðrum sjóðum hèr á landi, og gjöld til hans standa hèr um bil við hliðina á gjöldum til ríkissjóðsins, og mèr virðist það næsta óeðlilegt, að fè úr slíkum almennum opinberum sjóði sè varið til endurbóta á aukavegum, sem liggja svo að segja heim í hlaðið hjá einstökum mönnum; þess konar vegabætur eru næsta einstaklegar, og ætti því að taka fè til þeirra af einstaklegum sjóðum, en ekki opinberum. Eg vildi helzt koma því svo fyrir, að þíngið tæki breytíngaratkvæði hins heiðraða þíngmanns úr Strandasýslu undir tölulið 78., þó svo, að það, sem það segir, gildi að eins um þjóðvegina, en aukavegunum væri þar sleppt, svo uppástúngan hljóðaði þannig: „Þá upphæð til þjóðvega, sem amtmaður hefir ákveðið“, o. s. frv., og svo mætti 16. grein frumvarpsins standa óbreytt. Þá yrði reglan sú að kostnaður til þjóðvega væri greiddur af sveitasjóðunum, en til aukavega af verkfærum mönnum í hreppnum, eptir reglunum um skylduvinnu. Þetta fyrirkomulag kynni eg betur við, en uppástúngu hins heiðraða þíngmanns Reykvíkínga undir tölulið 77, því þó dagsverkin eða skylduvinnan sè gamall gjaldstofn, og er það helzta meðmælíngin með þeim, þá er það næsta ójöfn byrði og líkist of mikið einhvers konar nefskatti. Eg get ekki heldur skilið, að það geti farið vel, að upphæðin til vegabóta sè fast ákveðin, eins og yrði með þessu móti, því tala gjaldenda breyttist aldrei mikið, svo menn væri bundnir við þessa upphæð, og þó það væri nú 8000 ríkisdalir á ári, sem ætlað væri til vegabóta, þá hygg eg þetta mundi ná skammt yfir allt landið, því þegar menn líta til þess, að sýslurnar í landinu eru 19, þá kæmi 400 rdl. hèr um bil á hverja sýslu, og mundi það trauðlega nægja, því þá kæmi ekki á hverja sýslu meira en hèr í Reykjavík er varið til vegabóta árlega, og með svo litlu fè mundi að ætlun minni lítið verða ágeingt. Mèr getur ekki

fundizt það neitt ísjárvert, að leggja kostnaðinn til vegabótanna á þjóðvegunum á sveitarsjóðina; þetta ímynda eg mèr gæti farið vel, eins og hingað til hefir viðgeingizt með sveitarútsvör, sem almenníngur er vanur við, og eingin óánægja er með. Það væri kann ske betra, að útsvörunum væri jafnað niður af sveitanefnd, en ef mín uppástúnga yrði tekin, þá yrði þörfin á sveitastjórnum meiri, og þess vegna kæmist þær fyr á, þó eg ímyndi mèr, að hreppstjóra, eptir því sem við geingst, geti ekki haldizt nein ósanngirni uppi í niðurjöfnuninni. Þar sem undir töluliið 78 er talað um, að amtmaður með tveimur tilkvöddum mönnum skeri úr, þá vildi eg fella það úr, og er það því uppástúnga mín, að orðin í nr. 78: „vegabóta svo vel“ —, „sem aukavega“ og „ásamt tilkvöddum mönnum“ verði borin upp til atkvæða sèr í lagi, en greinin að slepptum þessum orðum sèr í lagi. Fremur öllu öðru vil eg mæla á móti því, að 2 skildíngarnir frá jafnaðarsjóðunum gángi til aukaveganna, því það finnst mèr eiga mjög illa við. Hinn háttvirti *varaforseti* var og á sama máli í því efni, og vildi koma kostnaðinum einnig til aukaveganna undir töluliið 77, en það er víst ekki vel tilfallið, og að minnsta kosti mundi það fè, sem þannig feingist, ekki endast til hvorstveggja, eins og hinn heiðraði þíngmaður úr Mýrasýslu tók líka fram, og þar að auki sè eg ekki, hvernig töluliið 77 yrði breytt svo, að atkvæði yrði greidd fyrir þessari uppástúngu hans. Eg hefi látið þessa meiníngu mína í ljósi, ef menn kynni að fallast á skoðun mína; en að öðru leyti vil eg áskilja mèr, eptir því sem umræðurnar falla, að ákvarða, hvernig eg greiði atkvæði, því mèr er mest um það hugað, að atkvæðagreiðslan fari á þá leið, að lagaboðið geti komið út.

G. Einarsson: Eg skildi ekki vel ræðu hins 5. konúngkjörna þíngmanns, þar sem hann vildi aðhyllast uppástúngu þíngmanns Strandasýslu undir nr. 78 á atkvæðaskránni, en þó halda 16. gr. frumv. óbreyttri, því sè nú þetta svo — (*V. Finsen:* Einmitt —), þá verður vegabótavinnan tvöföld, fyrst yrði að greiða hana eptir vissu peníngaálagi, og síðan eptir mannafla, þá held eg, að hún fari að verða fullþúng, og eg hygg, að býsnamikið stíngi í stúf hjá því, sem hefir verið, eða hitt heldur. Mèr sýnist nægja, að geingið sè inn á nr. 77, að hálft dagsverk sè greitt af hverjum verkfærum manni, því það verður árlega að meðaltali 6—7000 rdl. af öllu landinu. Af þessu er auðsætt, að eg er algjörlega á móti 2 skk. gjaldinu af lausafènu, og vil, að 16. gr. frumvarpsins falli gjörsamlega. En þó að eg gángi inn á stefnu nefndarinnar, þá verð eg að lýsa

því yfir, að eg gríp til þess eins og eins konar vandkvæða-úrræðis, til þess að málið falli ekki; því að í alla staði líkar mèr bezt stefna og uppástúnga þíngmanns Strandasýslu; hans gjaldstofn álít eg hagfelldastan, jafnaðarmestan, og verkið eptir hans undirlagi hægast í allri framkvæmd.

Eg vil geta þess, að nokkur ruglíngur hefir komið á hjá nefndinni, þegar aptur eptir sækir í atkvæðaskrá þessari, en það eru ekki svo miklar villur, að þeim megi ekki við bjarga; í þessu tilliti vil eg geta þess, og stínga upp á því, að töluliður 102 verði borinn upp í tvennu lagi til atkvæða, fyrri klausan endi við orðið „hreppnum". Eins vil eg geta eins, að það er mjög óheppilega valið, sem stendur í 21. gr. frumvarpsins og í breytíngaratkvæðum, er að henni lúta, að tíminn sè ákveðinn, er vegabæturnar skuli fara fram á, því það getur margt á milli borið, að þær geti ekki framkvæmzt á þeim tíma, sízt að fullu; þá grein vil eg því burtu numda.

G. Brandsson: Eg skal nú ekki vera margtalaður um hina laungu og margbrotnu atkvæðaskrá, sem hèr liggur fyrir, því það eru einúngis fáar af uppástúngum þeim, sem hún hefir inni að halda, er eg mun gefa atkvæði. Það er þá fyrst að minnast á breytíngaratkvæðið undir töluliið 12; mèr finnst það nú vera nauðsynlegt vegna þess, að eingin ákvörðun er önnur til um vegi þá, sem þar er talað um, því yrði það ekki samþykkt, þá gæti opt risið ágreiníngur milli sýslna og amta út af umsjón veganna. Þar næst er að minnast á breytíngaratkvæðið undir töluliið 15; mèr finnst þar nú vera stúngið upp á góðri og skynsamlegri tilhögun, bæði í tilliti til þeirra sveitanefnda og sýslunefnda, sem þar er talað um; annað mál er það, að mèr líkar ekki það fastsetta tímabil, á hverju sýslunefnd þessi á að koma saman, því það getur opt staðið svo á, að þeir vegir, sem menn þessir eiga að fara um, einkum fjallvegir, sè ófærir í nóvembermánuði; eg vil því ekki fastsetja neitt um tímabil það, á hverju menn þessir eiga að mæta hjá sýslumanni sínum, og því mun eg stínga upp á, að grein þessi verði klofin í sundur, og greidd um hana atkvæði í tvennu lagi, eins og eg skal nákvæmar taka fram við atkvæðagreiðsluna; viðaukaatkvæðið við grein þessa er líklegt allir verði að samþykkja, því það er mjög svo sanngjarnt, sem það fer fram á. Uppástúngurnar undir töluliið 24, 25, og 26 fara allar í sömu stefnu, og vil eg fyrir mitt leyti aðhyllast þær; því með svofelldu móti verða þó áætlanirnar til vegabótanna ekki byggðar öldúngis í lausu lopti. Þá er að minnast á kostnaðinn til þessara

vegabóta, og verð eg í því tilliti að fallast á uppástúngurnar undir tölulið 78 og 79; því hvað getur verið sanngjarnara, en að jafna kostnaðinum niður eptir efnahag og ástandi manna, og eg held eingin hætta væri að fela hreppstjórum með tveimur mönnum, eða þá hreppsnefnd þeirri, sem eg hefi minnzt á, að gjöra áætlun um, hvað fært væri að leggja á hvern hrepp fyrir sig, og síðan að jafna því niður, eins og aukaútsvari. Hinn háttvirti *framsögumaður* vildi hafa á móti því, að hreppstjórar skiptu sèr af gjaldi þessu, þar það væri annars eðlis, en fátækratillög, en eg held, að hreppstjórum bregði ekki mikið við, þó þeir verði að heimta fleira, en þau; sýslumenn eru þó vanir að nota þá til að smala saman þínggjöldum sínum, og það fyrir einga borgun; líka verða þeir að annast um þínghúsabyggíngar, og tolla til þeirra, einnig skuldir í dánarbúum, auk margs annars, sem ekki kemur við útsvari til fátækra, og launaleysinu, sem verið var að tala um, eru þeir alvanir; að kvartanir muni rísa af niðurjöfnun gjalds þessa, getur vel verið, en eg held þó, að ekki verði hættara við þeim út af gjaldi þessu, heldur en út af sveitarútsvörum, sem lítið ber á, svo eg til viti; það mun líka víða vera orðin venja, að hreppstjórar taki með sèr hina beztu sveitarbændur, til að jafna niður útsvörum, og mundu þeir eins gjöra í tilliti til vegabótagjaldsins, ef að það heyrði undir þá, en ekki sveitarnefnd. Hvað því viðvíkur, sem stúngið hefir verið upp á, að leggja heilt eða hálft dagsverk á hvern vinnanda karlmann frá 18 til 60 ára gamlan, þá held eg allir geti sèð þann ójöfnuð, sem þar í liggur; um hálfa dagsverkið er það reyndar að segja, að það lèttir á fátækum frá því, sem verið hefir, en það kemur æði misjafnt niður á þá ríku, því sumir þeirra geta haft næstum einga vinnandi karlmenn, en aðrir aptur marga, og milli kaupstaðabúa og embættismanna, einkum hèrna í Reykjavík, verður ójöfnuðurinn þó einna mestur, svo Reykjavík að mínu áliti sleppur of lètt frá gjaldi þessu, í samanburði við suma aðra hreppa. Fari menn nú að bera hreppana saman sín í milli, þá kemur þegar í ljós megn ójöfnuður; það geta verið 2 hreppar álíka mannmargir af þeim, sem vegabótaskyldu eiga að gegna; í öðrum eru flestir eða allir ríkir, en í hinum flestir eða allir fátækir; er nú nokkurt vit í því, að leggja jafnt gjald á báða þessa hreppa? eg vil upplýsa þetta með einu dæmi: Rosmhvalanesshreppur hèr í sýslu er mannmargur af vinnandi mönnum, enda þó þar sè mjög margir ómagar, en hreppurinn yfir höfuð má heita bláfátækur; þar eru sveitarútsvör mjög há af þeim fáu, sem geta

goldið þau; vegir eru þar greiðir og góðir yfirferðar. Nú vil eg spyrja: hvaða sanngirni mælir með því, að hreppsmenn þar fari nú að tolla öðrum ríkari hreppum til vegabóta? Ekki get eg fellt mig við þá tvenns konar borgun, sem talað hefir verið um, til þjóðvega og aukavega, nè heldur að skylduvinnan haldist á aukavegunum; eg vil helzt að allar vegabætur verði eins borgaðar, að undanskildum götum í gegnum tún heim að bæjum, og stigunum hèrna í Reykjavík og öðrum kaupstöðum, sem eg verð að álíta eins og annað bæjarhlað. Það hefir einginn minnzt á breytíngaratkvæðin undir töluliið 47 og 107., þar sem talað er um breidd veganna; eg held nú að hún verði nægileg, eins og þar er uppá stúngið, nefnil. $4^1/_2$ al. á þjóðvegum, en 3 áln. á aukavegum, því hafi hinni gömlu lagareglu ekki verið fylgt um breidd veganna, þá mun þeirri, sem stúngið er upp á í frumvarpinu og nefndarálitinu, verða það miklu síður, enda mun það víða fullörðugt, og sumstaðar með öllu ómögulegt, því þó sýslumenn eða amtmenn megi í þessu gjöra undantekníngar frá aðalreglunni, þá held eg þessar undantekníngar verði má ske býsnamargar á endanum, og nógum umsvifum bundið að fá þær. Ekki veit eg til að mynda, hvernig á að fara að leggja þessar breiðu götur gegnum apalhraun, því þó eg heyrði *varaforseta* segja, að það mætti mylja grjótið með sleggjum, þá verð eg að segja honum það aptur, að þar til þarf meir en orðin ein; ekki er það heldur sanngjarnt, að jarðeigendur skuli láta af hendi uppbótarlaust land sitt undir þessa breiðu vegi, þó einhver götuslóði hafi þar áður um legið, að eg nú ekki tali um, hvert jarðrask getur orðið til margra brúagjörða, bæði á eingjum og góðum hagbeitarlöndum.

Uppástúnguna undir töluliið 139 ætla eg að samþykkja, því mèr finnst það sanngjörn krafa, að alþýða fái að sjá á prenti, hversu miklu fè að árlega er varið til vegabóta, og hvernig með það er farið, og þó það kosti eitthvað lítið, þá ætti menn ekki að láta það í vegi standa, því eg held, að margt sè prentað, sem óþarfara er og sem menn hafa minni not af.

E. Ó. Kúld: Eg held nú, að það sè orðið nógu margrætt um þetta mál í dag, og skal eg því ekki halda lánga ræðu, til að halda fram breytíngaratkvæðum mínum. Eg kom fram með þau einúngis af því eg var hræddur um, að þessi hrúga af breytíngaratkvæðum, sem hèr liggja fyrir, mundi, ef til vill, gjöra atkvæðagreiðsluna svo ófimlega, að málið mundi falla, eður ver en falla; en nú hefir nefndin breytt nokkuð stefnu sinni, svo eg er farinn að vona, að kann

ske einhver heild kunni að verða gjörð úr öllu þessu, sem þó innibindur í sèr margt töluvert ólíkt; eg er því farinn að hugsa mèr, að gefa að mestu leyti atkvæði mín með nefndinni og þeim breytíngaratkvæðum, sem hún hefir aðhyllzt; en ef svo kynni til að takast, að eg sjái, að atkvæðagreiðslan takist miður heppilega, þá vil eg enn sem stendur láta breytíngaratkvæði mín óapturkölluð. Mèr sýnist hinn háttvirti *varaforseti* hafa verið nokkuð harðorður um breytíngaratkvæði hins heiðraða þíngmanns Strandasýslu undir tölulið 78; mèr finnst hann eiga mikið þakklæti skilið fyrir það, því eg sè, að honum hefir ekki geingið annað en gott til þess, en eg get að hinu leytinu ekki sèð, hvernig það geti samrýmzt við stefnu nefndarinnar. Mèr fannst hinn heiðraði þíngmaður Dalasýslu hafa misskilið ræðu hins 5. konúngkjörna þíngmanns, þar sem hann hèlt, að hann meinti, að það skyldi gánga hálft annað dagsverk til vegabótanna; en það hefir víst ekki verið meiníngin. Eg er helzt á því að halla mèr ei að breytíngaratkvæðinu undir tölulið 78, heldur að breytíngaratkvæði undir tölulið 77, því það gjörir öllum jafnt undir höfði. Einnig vil eg geta þess, að eg vildi láta gánga til atkvæða í tvennu eða þrennu lagi um breytíngaratkvæði 102 í tölunni, líkt og þíngmaður Dalasýslu tók fram. Hvað snertir nr. 139, sýnist mèr það vera mjög svo æskilegt, að allt, hvað gjörist að vegabótunum, sè auglýst í blöðunum, því þótt það kosti dálítið, þá er það samt mikil hvöt fyrir hlutaðeigendur. Eg er samþykkur hinum heiðraða þíngmanni Dalasýslu í því, að hvað nefndunum viðvíkur, þá sè þær ekki teknar, einúngis af því nauðsyn brjóti lög, og eg ímynda mèr, að þær sè ekki til annars, en tefja fyrir málinu; en ef vèr fáum sveitastjórn, þá fellur vegabótamálið óbeinlínis undir nefndir sem sveitamál.

P. Sigurðsson: Eg ætla nú ekki að fara að tala um hvert einstakt breytíngaratkvæði, sem fram eru komin í þessu máli, því eg mundi fljótt villast innan um alla þá laungu þulu, og þíngmaður Mýramanna hefir tekið fram þær helztu ástæður, er við höfðum fyrir augum, þegar við sömdum þau breytíngaratkvæði, sem við eigum á atkvæðaskránni. Nefndin hefir nú aðhyllzt okkar uppástúngu með hreppanefndir, en sýslunefndir hefir hún ekki fallizt á, en eg held, að þær nefndir, eða samkoma manna úr hverri hreppsnefnd ásamt með sýslumanni, til að ræða álit það, er hreppsnefndirnar hefði sent honum í einni heild sameiginlega, hlyti að vera sýslumanni sjálfum einkar kærkomið, og honum þarflegt; því búast má við, að

álit hreppsnefndanna, svona skriflega sent, yrði stundum nokkuð mismunandi, t. a. m. að hver hreppsnefnd áliti, að nú þegar yrði að gjöra stórkostlega vegabót í sínum hrepp, og þá væri það mikill vandi fyrir sýslumann einan að segja um, hvar vegabótastarfið væri fyrst nauðsynlegast, og hvert þess árs vinna ætti að öllu, eða hvað miklu, að gjörast í þessum hrepp eða hinum, og honum lítt mögulegt, væri hann nýkominn í sýsluna, og kann ske danskur. Það hefir verið talað um, að það mundi koma ójafnt niður, að byggja á þeirri undirstöðu, að láta verð eins eða $^1/_2$ dagsverks til vegabóta, og sumir embættismenn og fleiri, sem eru við góð efni, hafi eingan verkfæran karlmann á heimili; þessu neita eg ekki, að eigi sèr stað, en hitt er þó almennt, að þeir, sem eru við nokkur efni, hafi fleiri, en einn verkfæran mann; það hefir verið talað um, að sjávarhreppar, sem væri efnalitlir, yrði hart úti með þessari aðferð, en það er þó ekki svo, ef betur er að gáð; því það er í þessu landi, eins og öllum, 2 öfl, sem kraptur landsbúa er fólginn í, það er fjárkraptur og vinnukraptur, og byggist almennt sá fyrri á hinum síðari. Þó sjávarhreppar kunni að hafa litla fjáreign, þá hafa þeir opt mikinn vinnukrapt, sem er undirstaða alls fjárafla, og þá er þessi kvöð rètt lögð á þá hreppa, því hún er miðuð við vinnukraptinn.

Það var eitt atriði, sem fulltrúi Mýramanna gleymdi að taka fram, og það var breiddin á vegunum; breidd sú, sem stjórnarfrumvarpið tiltekur, er hèr á landi óþörf, og víða ómögulegt að koma henni við, eins og fulltrúi Gullbríngusýslu tók fram; því eg held okkur megi nægja breidd sú, er forfeður vorir ákváðu, og þar til verður sá vegur $^1/_3$ styttri með sama kostnaði, sem er lagður $^1/_3$ breiðari, en hinn; það er líka ekki sem rèttvísast, að skipa fyrir, að leggja þvílíka vegi gegnum eingjar manna bótalaust, þó þar hafi áður vegur verið, því til að leggja veg, svo breiðan og háan, þarf auk þess lands, er undir veginn þarf, mjög mikið jarðrask við að hafa. Hvað breytíngaratkvæði þíngmanns Strandasýslu viðvíkur, þá hefir nefndin ekki aðhyllzt það, og held eg það rètt gjört af henni; hann vill láta taka þetta vegabótafè, eins og aukaútsvör, inn í sveitarsjóð, og þaðan svara því út aptur; eg held það sè nú sem stendur ekki lögmætt, að fara að hræra fè til annars augnamiðs saman við fátækrafè, og svo þykir flestum hreppstjórum eitt hið vandamesta verk að leggja sanngjarnlega þann aukaútsvarsskatt á bændur, sem nú er tekinn til fátækra einna, og því væri mjög órèttvíst, að fara að leggja á þá launalausa nýjan vanda, og miklar skriptir með þess-

ari tilhögun, svo væri bæði sýslumenn og amtmenn settir í vanda mikinn, að eiga að gjöra áætlun um þvílíka niðurjöfnunar tilhögun, og mundi slíkt verða orsök til margra umkvartana og klögumála, en þá stjórnartilhögun, sem gefur margar fyrirsjáanlegar orsakir til þeirra, ættu menn heldur að forðast en aðhyllast; eg álít því tiltækilegast, eins og nú er ástatt, að halda þeirri stefnu, sem nefndin hefir aðhyllzt í flestum grundvallaratriðum þessa máls.

St. Jónsson: Það er einkum eitt, sem hefir vakið óánægju manna með nefndarálitið, eptir sem ráða er af orðum manna, og það er þetta tveggja skildínga gjald til aukaveganna, sem nefndin hefir haldið eptir af frumvarpinu, og mig undrar það nú reyndar ekki svo mikið, því það var neyðarúrræði fyrir nefndina; hún hefir nú feingið svo margar hnútur af öllum þeim breytíngaratkvæðum, sem fram eru komin við nefndarálitið, að hún mun varla falla í stafi, þó þessi uppástúnga frumvarpsins verði felld. Híngað til hefir næstum ekkert verið gjört við aukavegina, og þó það yrði lítið fyrst um sinn, þá er það ekki eins bagalegt eða óhagkvæmt, eins og þegar þjóðvegirnir eru í miklu ólagi. Þó 1. grein frumvarpsins standi óbreytt, en 2 skk. gjaldið verði fellt, þá sè eg ekki, að það valdi neinum vandræðum, eða verulegri mótsögn, því það er nauðsynlegt, að aðgreint sè og fast ákveðið, hvað vera skuli þjóðvegur, og hvað aukavegur í hverri sýslu fyrir sig. Hvað viðvíkur breidd og hæð brúa, og því jarðraski, sem flyti af byggíngum þeirra, þar sem kynni að vera uppristar eingjar fyrir mönnum til þessa, þá fannst nefndinni, að breiddin ekki mætti vera minni, en 3 álnir, og það gjörir ekki eins mikið til, hvað ristuna eða efnið snertir, heldur er það hæðin, sem mest geingur til, og því lækkaði nefndin það, sem stjórnarfrumvarpið hafði ákveðið í því tilliti. Það er eingin beinlínis nauðsyn til, að hafa þá hæð undantekníngarlaust, og það má trúa mönnum fyrir, að fylgja því formi, sem nauðsyn krefur, þó það ekki sè lögákveðið. Einhver sagði, að sýslunefndirnar væri nauðsynlegar, og að þær kæmi saman hjá sýslumanni í nóvembermánuði eptir því, sem eitt breytíngaratkvæðið fer fram á, en þetta verður nú víða öldúngis ómögulegt, þar sem yfir firði og fjallvegi yrði að fara, á þeim tíma árs, sem ekki verður komið hestum við, þegar litið er til sumra sýslna og útkjálkahreppa; en að menn kæmi saman í hverjum hrepp, á móti því hafði nefndin ekkert. Eg álít, að uppástúnga þíngmannsins úr Strandasýslu sè mjög sanngjarnleg, þar sem hann vill, að allt gjaldið sè tekið úr sveitasjóðnum, en því vildi nefndin ekki hreifa;

hún var á því, að það heldur mundi, eins og nú á stendur, ráðlegra, að draga þess háttar niðurjöfnun til vegabóta, þángað til hin eptirvænta sveitastjórn kæmist á; þá heyrir þetta einmitt undir sveitastjórnina; en til bráðabyrgða mundi vera tiltækilegast í bráð að gánga inn á breytíngaratkvæði þíngmanns Reykjavíkur, sameinað við breytíngaratkvæði þíngmanns Rángvellínga og Mýramanna um, að greitt yrði hálft dagsverk að tiltölu af hverjum verkfærum manni; þetta eykur mjög mikið gjald til vegabóta, þó því verði ekki neitað, að það komi ekki svo jafnt niður, sem óskandi væri, þá hèlt nefndin þó, að það væri tiltækilegast eptir því, sem málinu nú er komið. Þetta fyrirkomulag dregur miklu fleiri undir gjaldið, en verið hefir, þar sem það einúngis hefir hvílt á bændastèttinni híngað til.

Á. Einarsson: Eg þyrfti reyndar ekki að standa upp, til að mæla með breytíngaratkvæði mínu við 15. gr. nr. 78, því nú eru 6 menn búnir að viðurkenna sanngirni og rèttlæti þess, en þeim háttvirta *framsögumanni* getur ekki skilizt það, og *varaforseta* þykir það *„óhafanda“;* þó er það að mestu byggt á sama grundvelli og uppástúnga hans um sama efni, og hann viðurkennir rèttlæti breytíngaratkvæðis míns í sjálfu sèr, en þykir það verða að falla vegna þeirrar tilhögunar, sem eg hefi stúngið upp á með alla stjórn og framkvæmd vegabótanna. Eg vil eingan veginn neita því, að því atriði getur verið ábótavant í uppástúngu minni, en eg stakk upp á því, þegar eg óttaðist, að uppástúngur hans í því atriði mundi falla, og þetta hèlt eg yrði skárra en ekki neitt; því eg get ekki ímyndað mèr amtmenn, sýslumenn eða hreppstjóra svo vonda yfir höfuð, að þeir mundi taka með sèr þá menn, er heldur skemmdi en bætti; enda væri það töluvert siðferðislegt band á mönnum þessum öllum, ef aðgjörðir þeirra væri auglýstar á prenti, eins og *varaforseti* hefir stúngið upp á, og því hèlt eg, að þessar tilhaganir mætti nota, þangað til sveitastjórnarlög feingist, undir hver öll þessi vegabótastjórn liggur, eins og stjórnin hefir viðurkennt, en eg er samt ekki neitt fastur á þessari uppástúngu; það er einmitt breytíngaratkvæðið 78 á atkvæðaskránni, sem mèr er annt um, og það ekki sízt, af því svo margir merkir menn hafa staðið upp, til að yfirlýsa sanngirni og rèttlæti þess; eg lýsti því yfir í undirbúníngsumræðunni, að eg vildi, að breytíngaratkvæði þetta fèlli ekki nema fyrir sönnum og gildum ástæðum, en það get eg ekki kallað *ástæður framsögumanns,* sem *varaforseti* virðist reyndar að styðja að nokkru leyti; þeir halda, að það muni gánga á einlægum klögunum út af vegabótagjaldi þessu,

en sèr ekki hver heilvita maður, að þá ætti þetta að eiga sèr stað einmitt um öll sveitarútsvör *nú sem stendur?* því það er auðsèð, að þó útsvar hvers manns í hreppnum hækkaði að tiltölu um $^1/_4$ eða $^1/_5$ part, eða hvað það væri, veldur það ekki neinum ójöfnuði innan hrepps, það skyldi heldur vera, ef *önnur* nefnd jafnaði því niður, heldur en sú, sem jafnar niður sveitarútsvörunum, eins og *varaforseti* hefir stúngið upp á. Eg er því óánægður með, að breytíngaratkvæði mitt falli fyrir svona sljóvum vopnum; annað mál er það, að mönnum þykir það standa í því sambandi við vegabótastjórnartilhögun þá, er stúngið hefir verið upp á, að menn þess vegna vilji ekki fallast á það nú þegar; þetta er ástæða, sem á nokkru viti er byggð, en þá er líka skoðunarmál, hvort þá er ekki rèttast, að fallast á uppástúnguna 149 á atkvæðaskránni; það hefir ætíð verið mín skoðun, að fresta heldur málum, en láta þau verða að lögum, flestum að óvilja, og höfum vèr fyrir okkur í þessu dæmi hinna stjórnvitrustu þjóða, einkum Einglendínga; það eru líka margar ástæður fyrir því, að fresta lagaboði þessu, þegar menn greinir svo mjög á um það, eins og það liggur nú fyrir. Frumvarpið kom ekki til þíngsins fyr en 8 eða 10 dagar voru af þíngtímanum, og nefndin, sem kosin var til að rannsaka það, hafði öðrum mikilsvarðandi málum að gegna, og mátti opt snúa frá ákveðnum fundum, en frumvarpið, sem sagt er að hafi verið notað að undirstöðuatriðunum, 17 ára gamalt, mjög orðið eptir tíðinni, svo eg vil spyrja hinn háttvirta *forseta,* sem þekkir til í Danmörku, hvort þíngunum þar mundi ekki hafa dvalizt við slíkt frumvarp eins leingi; auk þessa er mèr mjög óljóst af því, sem enn er fram komið í málinu, eptir hverjum grundvallarreglum amtmenn eiga að fara við niðurjöfnun milli sýslna, og í því held eg þeim hefði verið hægra, að hafa með sèr 2 menn til ráðaneytis, eins og eg stakk upp á, þó sú uppástúnga hafi feingið harðan dóm, en eptir öllum þessum málavöxtum held eg rèttast hefði verið, að leggja mál þetta með öllum þess uppástúngum undir álit þjóðarinnar (sem á bæði að greiða gjaldið og vinna að framkvæmdunum), áður en það yrði að lögum henni óvitandi, eins og helgidagatilskipunin. En þyki þínginu yfirgnæfandi ástæða til, að samþykkja frumvarpið með þeim breytíngum, sem nefndin hefir nú aðhyllzt, er það sjálfrátt um það, en eg verð að vara þíngið við því, að illa munu önnur breytíngaratkvæði samþýðast, en annaðhvort þau, sem nefndin hefir samþykkt, eða mín breytíngaratkvæði öll í heild sinni, og því vil eg ekki taka þau aptur; eg er aldrei gjafmildur,

en vil ekki taka sjálfur aptur, það lítið eg gef, enda hefir nefndin tekið 5 breytíngaratkvæði mín, og 3 falla við nú framkomið álit hennar. En sárast er mèr um breytíngaratkvæði 78, einkum þar svo margir hafa yfirlýst sanngirni og rèttlæti þess, en þó það falli, gleður það mig, að um það má segja, að það deyi dauða hinna rèttlátu.

H. Kr. Friðriksson: Hvort sem nú breytíngaratkvæðið undir töluliið 78 deyr dauða hinna rèttlátu eða hinna ránglátu, þá verð eg samt að vera á því, að það eigi að deyja, því eg er sannfærður um, að það muni verða mjög örðugt fyrir alla hlutaðeigendur, að jafna svo niður kostnaði vegabótanna, og heimta hann, á þann hátt, sem stúngið er upp á í þessu breytíngaratkvæði, að allir verði ánægðir; en hvernig sem nú þínginu lízt á breytíngaratkvæði mitt, staflið 77, þá verð eg þó að álíta, að það hafi þann kost til að bera, að eptir því sè gjaldstofninn viss, og menn geti sèð, hvað menn geta gjört ár hvert með vegabótagjaldinu, og að eingin hætta sè fyrir því, að út úr heimtíngu þess verði neinar umkvartanir og klaganir. Eg hefi ekki viljað breyta gjaldi því, sem til er tekið í 16. gr. frumvarpsins; því þótt það verði töluvert gjald, eins og hinn háttvirti þíngmaður Dalasýslu tók fram, þá vil eg biðja þíngmenn vel að athuga, að enda þótt það þurfi töluverðan kostnað til aukaveganna, því þeir hafi alla jafna orðið út undan, vegna þess að svo linlega hefir verið geingið eptir skylduvinnunni híngað til, þá þarf ekki svo mikið, þegar frá líður, og þá er auðvitað, að ekki verður heimtað heilt dagsverk, þegar minna má nægja, sem bráðum mun verða, ef vegirnir eru vel gjörðir í fyrstu, og það segir sig sjálft, að skyldan getur ekki legið leingur á, en þángað til tilgánginum er náð. En hins vegar bið eg þíngmenn gæta vel að því, að samgaungur í landinu eru svo harðla nauðsynlegar, að menn verða að leggja mikið í sölurnar, til þess að greiða fyrir þeim. Um breytíngaratkvæði mitt, staflið 13, vil eg geta þess, að það fer hinu sama fram, sem gjört er í fyrra hluta breytíngaratkvæðis hinna heiðruðu þíngmanna Rángvellínga og Mýramanna; en eg tók mèr þetta breytíngaratkvæði vegna þess, að eg gat ekki sèð, að sýslunefndir þær, sem farið er fram á í 15. breytíngaratkvæðinu, gæti orðið að nokkrum notum, og mèr þótti það ósanngjarnt, að leggja svo mikinn kostnað á menn, sem slík ferðalög sýslunefndarmanna hafa í för með sèr, þegar þeim er ekki áskilin nein borgun fyrir það; að öðru leyti er breytíngaratkvæði mitt sömu merkíngar, sem sá hluti breytíngaratkvæðisins, stafliðs 15, er nefndin

hefir fallizt á, nema hvað eg vona, að mitt sè nokkru ljósar orðað. Breytíngaratkvæði mitt undir staflið 24 stefnir og í sömu átt, eins og 13. breytíngaratkvæðið, en getur ekki samrýmzt við sýslunefndirnar; það er sjálfsagt, að það er mikið ómak fyrir hreppsnefndirnar, að senda þessar skýrslur, en hjá því verður ekki komizt. Eg vona, að frumvarpið verði svo lagað með breytíngaratkvæðum hins háttvirta *varaforseta* og hinna háttvirtu þíngmanna Rángæínga og Mýramanna, að eg geti gefið því atkvæði mitt, þángað til vèr fáum sveitastjórnarlög.

Forseti: Hinn háttvirti þíngmaður Strandasýslu hefir, nú að vísu ef til vill, ekki ætlazt til, að eg svaraði honum, en eg vil þó geta þess, að eg ímynda mèr að vísu, að ríkisþíngið mundi hafa þurft leingri tíma til að ræða þetta mál, en það er auðsætt, að því styttri tíma, sem þíngið þarf, og því höndulegar sem því fer að ræða mál þetta, því gleðilegra má það vera bæði fyrir stjórnina og alla hlutaðeigendur.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, er ályktarumræðu þessa máls lokið, og skal eg því biðja þíngmenn gánga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Síðan voru atkvæði greidd, og fóru þau á þessa leið:

1. *Frumv. 1. grein:* samþykkt í einu hljóði.
2. *H. Kr. Friðriksson:* hrundið með 17 atkv. gegn 1.
3. *Jón Guðmundsson:* hrundið með 11 atkv. gegn 7.
4. — — — fallið samkvæmt atkvæðagreiðslunni við staflið 3.
5. *Á. Einarsson:* hrundið með 10 atkv. gegn 9.
6. *Nefndin, P. Sigurðsson* og *J. Sigurðsson:* samþykkt með 20 atkvæðum gegn 1.
7. *Frumv. 2. gr.* (með breytíngum): samþykkt í einu hljóði.

8.—11. *Jón Guðmundsson:* teknar aptur af uppástúngumanni, og þar einginn tók þær að sèr, voru þær fallnar.

12. *Sami:* samþykkt með 18 atkvæðum gegn 2.
13. *H. Kr. Friðriksson:* hrundið með 19 atkvæðum.
14. *Nefndin:* samþykkt með 15 atkv. gegn 5.
15. *P. Sigurðsson* og *J. Sigurðsson* (með breytíngu): samþykkt með 17 atkv. gegn 3.
16. *Jón Guðmundsson:* fallið eptir atkvæðagreiðslu við staflið 14.
17. *Nefndin:* samþykkt með 19 atkvæðum.
18. — — samþykkt með 18 atkvæðum.

19. *Nefndin, P. Sigurðsson* og *J. Sigurðsson* (með breytíngu): samþykkt með 19 atkvæðum.
20.—23. stafliður voru þá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu fallnir úr.
24. *H. Kr Friðriksson:* samþykkt með 12 atkv. gegn 5.
25.—34. stafliður voru þá fallnir úr, samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 24. töluliið.
35. *Jón Guðmundsson:* samþykkt án atkvæða.
36. — — — samþykkt með 14 atkv. gegn 4.
37. *P. Sigurðsson* og *J. Sigurðsson:* hrundið með 12 atkv. gegn 5.
38. *Frumv. 5. gr.* (með breytíngu): samþykkt með 19 atkvæðum.
39. töluliður var fallinn úr, samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 14. töluliið.
40. Tekið aptur, og þar eð einginn tók það að sèr, var það úr fallið.
41. *Frumv. 6. gr.* (óbreytt): samþykkt í einu hljóði.
42. *Á. Einarsson:* fallið úr.
43. *Jón Guðmundsson* og *Á. Einarsson:* samþykkt með 14 atkv. gegn 6.
44. *Frumv. 7. gr.* (með breytíngu): samþykkt með 17 atkv. gegn 3.
45. *Jón Guðmundsson:* fallið úr.
46. *Frumv. 8. gr.* (óbreytt): samþykkt í einu hljóði.
47. *P. Sigurðsson* og *J. Sigurðsson:* hrundið með 13 atkv. gegn 6.
48. *Á. Einarsson:* samþykkt með 17 atkvæðum gegn 2.
49. *P. Sigurðsson* og *J. Sigurðsson:* fallið úr.
50. *Frumv. 9. gr.* (með breytíngu): samþykkt með 16 atkv. gegn 2.
51. *Nefndin:* tekið aptur af nefndinni.
52. *Jón Guðmundsson:* samþykkt með 11 atkv. gegn 7.
53. *Jón Guðmundsson* og *Á. Einarsson:* samþykkt með 10 atkv. gegn 8.
54. *Frumv. 10. gr.* (með breytíngum): samþykkt með 19 atkv. gegn 1.
55. *Jón Guðmundsson:* samþykkt án atkvæða sem orðabreytíng.
56. *Nefndin:* tekið aptur og fallið.
57. — — samþykkt án atkvæða sem orðabreytíng.
58. *Jón Guðmundsson:* samþykkt með 10 atkv. gegn 8.
59. — — — samþykkt með 12 atkv. gegn 3.
60. *Nefndin:* tekið aptur af nefndinni, og þar eð einginn tók það að sèr, var það fallið úr.

61. *P. Sigurðsson* og *J. Sigurðsson:* tekið aptur af uppástúngumönnum, og þar eð einginn tók það að sèr, var það fallið úr.
62. *Jón Guðmundsson* og *Á. Einarsson:* samþykkt með 12 atkv. gegn 5.
63. *Frumv. 11. gr.* (með breytíngum): samþykkt með 20 atkvæðum.
64. *Jón Guðmundsson:* hrundið með 12 atkv. gegn 8.
65. *Nefndin, Á. Einarsson, P. Sigurðsson* og *J. Sigurðsson:* samþykkt án atkvæða sem orðabreytíng.
66. *Sömu:* samþykkt með 16 atkvæðum gegn 3.
67. *Sömu:* samþykkt með 17 atkvæðum gegn 2.
68. *Frumv. 12. gr.* (með breytíngum): samþykkt með 17 atkv. gegn 3.
69. *Nefndin, P. Sigurðsson* og *J. Sigurðsson:* fellt með 9 atkvæðum gegn 8.
70. *Frumv. 13. gr.:* fellt með 12 atkvæðum gegn 7.
71. *Jón Guðmundsson:* fallið úr.
72. *Sami:* samþykkt með 12 atkvæðum gegn 6.
73. *Frumv. 14. gr.* (með breytíngu): samþykkt með 17 atkvæðum gegn 3.
74. *Jón Guðmundsson:* hrundið með 13 atkvæðum gegn 5.
75. *P. Sigurðsson* og *J. Sigurðsson:* hrundið með 19 atkæðum gegn 2.
76. *Sömu:* tekið aptur.
77. *H. Kr. Friðriksson:* samþykkt með 15 atkvæðum gegn 4.
78. og 79. tölul. fallnir samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 77. töluliðið.
80. *Jón Guðmundsson:* samþykkt með 14 atkv. gegn 4.
80 *b.*—84. fallnir samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 77. töluliðið.
85. *Nefndin:* hrundið með 14 atkvæðum gegn 4.
86. *Á. Einarsson:* Af því atkvæðagreiðslan um þenna töluliðið var óljós, lèt *forseti* framfara nafnakall, og sögðu þessir

já:	nei:
G. Einarsson.	V. Finsen.
R. M. Ólsen.	H. Kr. Friðriksson.
Á Einarsson.	Þ. Jónassen.
E. Ó. Kúld.	M. Andrèsson.
Þ. Guðmundsson.	P. Pètursson.
G. Brandsson.	St. Jónsson.
Jón Guðmundsson.	H. G. Thordersen.
J. Hávarðsson.	

já:

J. Samsonsson.

J. Sigurðsson.

K. Árnason.

Ó. Sivertsen.

P. Sigurðsson.

V. Oddsen.

Var þá töluliðurinn samþykktur með 14 atkvæðum gegn 7.

87.—91. töluliður voru þá fallnir.

92. *P. Sigurðsson* og *J. Sigurðsson:* samþykkt með 13 atkvæðum gegn 8.

93.—101. töluliður voru þá fallnir.

102. *P. Sigurðsson* og *J. Sigurðsson:* Tölulið þessum skipti *forseti* að bæn þíngmanna í 3 kafla, *a*, *b* og *c*, þannig: *a*, frá upphafi til orðanna „í hreppnum"; *b*, frá „og semur — í 5. grein", og *c*, þaðan frá til enda.

102 *a*,: samþykkt með 12 atkv. gegn 5.

102 *b*,: hrundið með 9 atkv. gegn 9.

102 *c*,: fallið eptir atkvæðagreiðslunni við 85.

102. (þannig breyttur): samþykktur með 13 atkvæðum gegn 5.

103. og 104. töluliður voru þá og fallnir.

105. töluliður var og fallinn.

106. *Nefndin:* samþykkt með 20 atkvæðum.

107. *P. Sigurðsson* og *J. Sigurðsson:* hrundið með 11 atkv. gegn 8.

108. *Frumv.* 19. gr. (með breytíngu): samþykkt með 19 atkvæðum.

109. *P. Sigurðsson* og *J. Sigurðsson:* Tölulið þessum skipti *forseti* að bæn þíngmanna í 2 kafla, *a* og *b*, þannig: *a*, frá upphafi til orðanna „4. gr.", og *b*, þaðan frá og til enda.

109 *a*,: samþykkt með 12 atkvæðum gegn 4.

109 *b*,: hrundið með 11 atkvæðum gegn 8.

109. (þannig breytt): samþykkt með 13 atkvæðum gegn 4.

110.—135. töluliður voru þá fallnir samkvæmt atkvæðagreiðslu við 109.

136. *Jón Guðmundsson:* samþykkt með 14 atkvæðum.

137. *Ásgeir Einarsson:* Tölulið þessum skipti *forseti* að bón þíngmanna, í tvo kafla, *a* og *b*. þannig: *a*, frá upphafi til orðanna „þar að lúta", og *b*, þaðan frá og til enda.

137 *a*,: samþykkt með 15 atkvæðum gegn 5.

137 *b*,: hrundið með 14 atkvæðum gegn 6.

137. (þannig breytt): samþykkt með 15 atkvæðum gegn 5.
138. *Frumv.* 27. gr. var þá fallin.
139. *Jón Guðmundsson,* viðaukaatkvæði: samþykkt með 18. atkv.
140. *Frumv.* 28. gr.: samþykkt með viðauka (nr. 139) með 18 atkv.
141. fallið eptir atkvæðagreiðslunni að framan.
142. *Jón Guðmundsson:* samþykkt með 12 atkvæðum.
143. *Ásgeir Einarsson, Páll Sigurðsson* og *Jón Sigurðsson:* samþykkt með 19 atkvæðum.
144. *Frumv.* 29. gr. (með breytíngum): samþykkt í einu hljóði.
145. *Frumv.* 30. gr. (óbreytt): samþykkt með 20 atkvæðum.
146. *Frumv.* 31. gr. (óbreytt): samþykkt með 20 atkvæðum.
147. samþykkt án atkvæða.
148. samþykkt með 16 atkvæðum gegn 4.
149. og 150. töluliður voru þá fallnir.

Forseti las síðan upp þrjú frumvörp til bænarskrár frá alþíngi til konúngs; 1. í *kollektumálinu:* 2. í *læknaskipunarmálinu,* og 3. í málinu *um sölu þjóðjarða,* og voru þau öll samþykkt svo látandi:

„Til konúngs.

Til alþíngis hefir að þessu sinni komið uppástúnga frá einum þíngmanni þess efnis, að alþíngi ritaði yðar konúnglegu hátign allraþegnsamlegasta bænarskrá um, 1, að í stað hins konúnglega úrskurðar 25. d. júlímánaðar 1844, verði konúngsúrskurður 29. d. marzmánaðar 1786 lagður til grundvallar fyrir reikníngum kollektunnar; 2, að yðar konúngleg hátign allramildilegast vilji láta samkvæmt 1. atriðinu leggja fyrir hið næsta alþíngi greinilegan reikníng yfir allan fjárhag kollektunnar frá 31. d. desemberm. 1797.

Þíngið kaus 3 manna nefnd til að íhuga mál þetta, ræddi það síðan á 2 aðalfundum, eins og lög bjóða, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að kveða upp það álit sitt og bera fram bænarskrá fyrir yðar konúnglegu hátign, eins og nú skal greina.

Alþíngi 1855 sendi yðar konúnglegu hátign allraþegnsamlegasta bænarskrá um, að þèr allramildilegast lètið semja og auglýsa hinu næsta alþíngi greinilegan og skipulegan reikníng yfir kollektupeníngana, er sýni, hversu vöxtum af þeim peníngum hafi verið varið síðan um árslok 1797, og hver nú sè upphæð þessa sjóðs, bæði að innstæðu og vöxtum, og hvar hann sè niður kominn.

Upp á þessa bæn þíngsins 1855 hefir yðar konúnglegu hátign þóknazt að svara í auglýsíngunni til þessa þíngs, dags. 27. dag maí-

mánaðar þessa árs, á þá leið, að mál þetta sè fyllilega útkljáð með konúnglegum úrskurði 25. d. júlímán. 1844, er ákveður, að peníngar þessir sè þá 28,165 rd. 24 sk., og eigi hafi virzt ástæða til, að gefa þínginu nákvæmari skýrslu um það, hvernig kollektupeníngunum hefir verið varið, heldur en þá, sem *konúngsfulltrúi* gaf þínginu 1845. En þegar litið er til þeirrar upphæðar sjóðs þessa við árslok 1797, að það þá voru 47,822 rd. 54 sk., eptir reikníngum þeim, sem stjórnin sjálf þá lèt auglýsa alþíngi, verður alþíngi að vera óbifanlega sannfært um, svo leingi eingin greinileg skilríki liggja fyrir, að fè þessu eigi hafi verið varið samkvæmt þeim tilgángi, sem því var upphaflega safnað í, og konúngurinn sjálfur hafði fyrir skipað, því þar af leiddi, að þíngsins áliti, að það hlaut að skoðast sem geymslufè, undir varatekt konúngsins sjálfs, og gat þá eigi komið til orða, að því mætti verja öðruvísi, en upphaflega var til ætlazt, og eingan veginn til neins þess, er snerti almennar ríkisþarfir, eða með öðrum orðum, til neins þess, sem ríkissjóðnum annars er og hefir verið ætlað að standa straum af; en tilgángurinn með stofnun sjóðs þessa er mjög svo auðsær, og staðfestur af sjálfum konúnginum, eigi að eins með hinum konúnglegu leyfisbrèfum 10. des. 1783 og 15. júlí 1785 til að safna kollektunni, einmitt í því skyni, að þeir peníngar, er þannig feingist, skyldi vera til að bæta úr bágindum og fjártjóni því, er Sunnlendíngar höfðu orðið fyrir 1783, heldur og einnig með tveimur konúnglegum úrskurðum, dags. 29. dag marzmánaðar og 18. dag októbermánaðar 1786, og þar sem svo er að orði komizt í hinum síðara úrskurðinum, að af peníngum þessum, sem: *„ere indkomne og i den kongelige Kasse deponerede til de Skadelidte i Island, saavel som hvad endnu til disse indkommer og til bemeldte Kasse indbetales, maae godtgjöres 4 % aarlig Rente fra den Dag af, de derudi ere deponerede“*, og til þess þeir verði borgaðir, þá verður þíngið fyllilega að vera sannfært um, að konúngur sjálfur hafi játað, að þetta sè geymslufè í fjárhirzlu konúngs, er hann hafi lofað að greiða vexti af, og að þessu fè hafi eigi verið varið samkvæmt hinum upphaflega tilgángi þess, eptir þeim skýrslum, sem það hefir í höndum. Eptir konúngsúrskurði 28. maí 1800 er reyndar leyft, að verja leigunum af kollektusjóðnum til strandmælínga á Íslandi, en í konúngsúrskurði 9. d. marzm. 1804, er sagt með berum orðum, að af leigum kollektupeníngánna megi að eins verja 1700 rd. á ári til strandmælínganna, en það, sem meira þurfi, skuli greiða úr ríkissjóði. Ef þetta fè er talið saman í þau 16 ár, sem strandmæl-

íngarnar, eptir því sem þíngið kemst næst, stóðu yfir, verður það 27,200 rd., en *konúngsfulltrúi* sagði í skýrslu þeirri, er hann gaf þínginu 1845, að til strandmælínganna hefði geingið 84,111 rd. af þessum sjóði, og er þá auðsèð, að til strandmælínganna hefir verið varið 56,911 rd., meir en hinir nefndu konúngsúrskurðir leyfa, auk þess sem það virðist þínginu mjög vafasamt, hvort úrskurðir þessir geti staðizt með hinum áminnztu konúngsúrskurðum, 29. d. marzm. og 18. d. októberm. 1786, samanbornum við hin konúnglegu leyfisbrèf til að safna peníngunum, 10. des. 1783 og 15. júlí 1785. Þá hefir enn fremur verið varið til flutníngs skólans til Reykjavíkur 15,500 rd., og virðist, sem hin upphaflegu stofnsetníngarbrèf kollektusjóðsins alls eigi heimili slíka notkun þessa fjár, fremur en til strandmælínganna, nema síður sè, þar sem skólaeignirnir fornu hafa allar verið dregnar inn í ríkissjóðinn, og þíngið því eigi getur betur sèð, en bein skylda hafi legið og liggi á ríkissjóðnum, að greiða allan kostnað til skólans að svo komnu máli.

Af þeim ástæðum, sem þegar hefir verið frá skýrt, verður þíngið að fulltreysta því, að yðar konúngleg hátign muni láta laga þessa meðferð, sem á er orðin kollektusjóðnum, gagnstætt hinum upphaflega tilgángi hans, og beint á móti konúnglegum úrskurðum, sem hljóta að vera eins kröptugir í þessu máli, eins og konúngleg stofnunarbrèf, leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast að bera þá bæn fram fyrir yðar konúnglegu hátign með 17 atkvæðum móti 5:

1. Að yðar konúngleg hátign allramildilegast vilji leggja fyrir stjórn yðar, að láta semja og auglýsa á prenti reiknínga yfir kollektusjóðinn frá árslokum 1797, byggða á þeim skýrslum og reiknínguum rentukammersins um fjárhag sjóðsins, sem þá voru auglýstir (samþykkt með 17 atkv. gegn 5).
2. Að öllum þeim útgjöldum, sem frá árslokum 1797 hafa verið tekin af kollektunni, en sem ekki geta komið henni við, eptir hennar sèrstaklega uppruna og augnamiði og hinum konúnglegu stofnunarbrèfum hennar frá 29. d. marzm. og 18. d. októberm. 1786, verði haldið fyrir utan þá reiknínga (samþykkt með 17 atkv. gegn 5).
3. Að yðar konúngleg hátign allramildilegast vilji hlutast til um, að kollektusjóðurinn, samkvæmt þannig löguðum reiknínguum, verði

með fullum skilum viðreistur á kostnað ríkissjóðsins (samþykkt með 17 atkv. gegn 5).

Reykjavík, 10. d. ág. 1857.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Páll Sigurðsson".

„Til konúngs.

Einn þíngmanna bar upp fyrir alþíngi að þessu sinni uppástúngur nokkrar frá landlækninum, dr. medic. et chir. J. Hjaltalín, um betrun læknaskipunar hèr á landi, þannig 1, að læknum yrði fjölgað, eins og alþíngi allraþegnsamlegast fór fram á í bænarskrá sinni til yðar konúnglegu hátignar 1855, og að styrkur feingist handa þeim, er stunduðu læknisfræði við háskólann; 2, að sjúkrahúsi og læknaskóla yrði komið hèr á í Reykjavík; 3, að landlækninum yrði falið á hendur, að lesa fyrir lærisveinum á prestaskólanum yfir meðferð á voveiflegum sjúkdómstilfellum, sem og yfir höfuðreglurnar í hinni almennu heilnæmisfræði; og 4, að útlærðum og yfirheyrðum yfirsetukonum verði fjölgað svo, að hver hreppur á öllu landinu hafi eina yfirheyrða ljósmóður.

Alþíngi kaus 5 manna nefnd, til að íhuga mál þetta, ræddi það síðan á 2 aðalfundum, eins og lögboðið er, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að bera upp fyrir yðar konúnglegu hátign álit sitt og bænarskrá um það, eins og nú skal greint.

Árið 1855 sendi alþíngi yðar konúnglegu hátign allraþegnsamlegasta bænarskrá um, að 7 ný læknaembætti allramildilegast mætti verða stofnuð hèr á landi, og hefir yðar konúnglega hátign svarað þessari bæn þíngsins 1855 í auglýsíngunni til þessa þíngs, dags. 27. d. maím. þ. á., á þá leið, að því máli sè nú svo vel á veg komið, að líkindi sè til, að því verði til lykta ráðið, áður en lángt líður; en þíngið vill allraþegnsamlegast leyfa sèr, að geta þess, að þörfin er bráð, þar sem læknafæðin hèr á landi er svo mikil, að megin landsins má heita læknalaust, þótt 8 læknar sè á öllu landinu, og verður þörfin almenníngi ávallt tilfinnanlegri; en jafnframt leyfir þíngið sèr að geta þess, að jafnframt þeim aukastyrk, sem alþíngi 1855 beiddi um að íslenzkum stúdentum, er stunduðu læknisfræði við háskólann, allramildilegast mætti veitast, verður það að álíta stofnun læknaembættanna einhverja hina öflugustu upphvatníngu fyrir Íslendínga til að stunda læknisfræði; því að þíngið þóttist sjá fram á það, að ef stúdentar ætti eigi embættin vís, er þeir hefði lokið

af embættisprófi sínu, þá mundu fáir, þótt þeir feingi aukastyrk, fyrir það fyrir alvöru fara að lesa læknisfræði. En enda þótt nú þetta feingist, þóttist þíngið sjá það í hendi sèr, eptir því sem fjárhag manna hèr á landi er varið, að allt fyrir það mundi aldrei svo margir Íslendíngar lesa læknisfræði við háskólann í Kaupmannahöfn, að landinu væri borgið, eða með öðrum orðum, að læknir feingist í hverja sýslu landsins; til þess álítur þíngið það eina ráð, að stofna spítala og læknaskóla hèr á landi; og með því þíngið gjörir ráð fyrir, að það fè, sem til þess muni verða haft, sè spítalafèð, þá varð þíngið (með 17 atkvæðum gegn 4) á því, eigi að ítreka varauppástúngu þíngsins 1855, að yðar konúngleg hátign allramildilegast vildið nú þegar stofna 3 ný læknaembætti hèr á landi, á þeim stöðum, þar sem þess gæti álitizt mest þörf, með 400 rdl. launum handa hverjum þeirra, sem greiðist fyrst um sinn, þángað til öðruvísi yrði ákveðið, af spítalasjóðnum; því að þegar svo mikið væri tekið af hinum árlegu spítalatekjum, mundi það, ef til vildi, verða þess valdandi, að fresta yrði stofnun spítalans og læknaskólans um lángan tíma, til ómetanlegs tjóns fyrir landið.

Með því nú þíngið, eins og þegar er sagt, verður að telja stofnun læknaskóla og spítala hèr á landi hið eina örugga ráð til þess, að læknar fáist svo margir, að landinu verði borgið, og er landlækninum samdóma um nauðsyn þessa, þá leyfir það sèr allraþegnsamlegast að skýra frá ástæðum sínum um það efni.

Eins og þíngið telur það víst, að aukastyrkur sá, ef hann fæst, sem það og vonar, handa Íslendíngum, er vilja stunda læknisfræði við háskólann, eigi muni afla landinu nægra lækna, og álítur hann einúngis til bráðabyrgða, eins hefir og reynslan þegar sýnt það og sannað, að leyfi það, er yðar konúngleg hátign gaf landlækninum og hèraðslæknunum í konúnglegum úrskurði 12. d. ágústm. 1848, að segja til aðstoðarlæknum gegn þóknun úr jafnaðarsjóðum amtanna, hefir því nær að eingum notum komið enn. Þíngið játar það fúslega, að kennsla sú, er feingist í læknaskóla hèr á landi, eigi mundi verða eins fullkomin og kennslan við háskólann; en það verður þó að vera sannfært um, að hún þó mætti verða vel viðunandi, og af þeim sökum, að enda þótt þeir, er lærðir væri hèr á landi, eigi næði eins umfángsmikilli lærdómsþekkíngu, og þeir gæti við háskólann, þá gæfist þeim á hinn bóginn betra tækifæri til að kynnast hinum innlendu sjúkdómum, og nám þeirra yrði því eins notadrjúgt, eins og námið við háskólann, og að minnsta kosti mætti þeir verða svo

undirbúnir, að þeir á stuttum tíma og eigi með allmiklum kostnaði gæti tekið sèr svo fram við háskólann, að þeir yrði allvel að sèr í iðn sinni. En til þess að kennslan mætti verða sem fullkomnust, verður þíngið að álíta nauðsynlegt, að stofna sjúkrahús, til þess að gefa lærisveinum sem bezt færi á, að kynna sèr sjúkdómana; þíngið geingur að því sem sjálfsögðu, að læknaskóli þessi og sjúkrahús yrði að vera í Reykjavík; því að bæði yrði þessi stofnun þar bezt og fullkomlegast á stofn sett, sömuleiðis yrði hún þar landinu öllu að mestum notum, og í þriðja lagi er þar nú fjölmenni meira saman komið, en nokkurstaðar annarstaðar á landinu, með því bæjarbúar nú eru orðnir allt að 1,400, og aðsóknin meiri, bæði af útlendum og innlendum, enda er svo komið, að Reykjavíkurbúar þráfaldlega þarfnast sjúkrahúss.

Kostnaðurinn til sjúkrahúss þessa og læknaskóla telur þíngið víst, eptir nákvæma íhugun, að eigi þurfi að verða meiri en 2,920 rdl. á ári hverju; en á hinn bóginn mun innstæða spítalanna verða um árslok 1861 44,800, og leigur af innstæðunni ætti þá að vera 1892 rdl., en árstekjur spítalanna eru, nú sem stendur, eptir fimm ára meðaltali 1128 rdl., og verða því árstekjurnar við lok ársins 1861 fyllilega orðnar það, sem til sjúkrahússins og læknaskólans þarf. Auk þess þykir þínginu sem hægt mundi vera, að finna ráð til, að auka spítalatekjurnar með haganlegra fyrirkomulagi á heimtíngu þeirra, en nú á sèr stað, án þess að þýngra gjald þurfi að leggja á greiðendurna; því að sökum ónákvæmni löggjafarinnar, og fyrirmæla, sem næsta örðugt veitir að fylgja hèr á landi, telur þíngið víst, að spítalasjóðirnir missi eigi all-litlar tekjur árlega. Þínginu virðist því full ástæða til, að nú verði farið að undirbúa stofnun spítala og læknaskóla hèr á landi, og biðja yðar konúnglegu hátign að láta leggja fyrir þíngið 1859 frumvarp um það, og jafnframt, að stjórnin nú fari að ritast á við hlutaðeigandi embættismenn um, hvernig bezt verði hagað tekjum spítalanna og heimtíngu þeirra, og að einnig verði lagt frumvarp um það fyrir alþíngi 1859.

Viðvíkjandi þessari tilhögun um heimtíngu á tekjum spítalanna er það eitt atriði, að Vestmannaeyíngar nú í meir en heila öld hafa notið einir allra spítalahluta, sem þar falla á eyjunum; þetta gat að vísu kallast ekki ósennilegt, meðan eyjarnar önnuðust sjálfar sína holdsveiku, en þegar þetta fè geingur allt í einn sjóð, og hreppur þessi nyti þá hlunninda, sem einginn annar hreppur nýtur á landinu, ef hann slyppi við þetta gjald, en sveitarsjóður þar er ríkari en nokkur

annar, þá virðist þetta fyrirkomulag eigi eðlilegt, eins og nú er ástatt.

Þar sem landlæknirinn hafði stúngið upp á því, að prestaskólamenn feingi þekkíngu á meðferð voveiflegra sjúkdómstilfella og hinni almennu heilnæmisfræði, þá þótti þínginu það mjög svo nauðsynlegt, að prestar gæti aflað sèr slíkrar þekkíngar; því að enda þótt að læknaskipun yrði svo góð hèr á landi, að læknir yrði í hverri sýslu, þá væri þó allur þorri landsbúa hjálparlaus í mjög voveiflegum sjúkdómstilfellum, t. a. m. þeir er fèlli í vatn og drukknuðu, þar sem t. a. m., ef læknir byggi í miðri sýslunni, væri þó í sumum sýslum landsins fyllstu tvær dagleiðir frá læknissetrinu til enda sýslunnar. Ekki getur neinn átt eins hægt með, að kippa í lag ýmsum annmörkum á lifnaðarháttum landsbúa, eins og prestarnir, og því mundi þekkíng þeirra á heilnæmisfræðinni geta orðið landsbúum að hinum mestu notum. En meira hluta þíngmanna þótti það eigi vera alls kostar hentugt, að þeir stunduðu nám þetta, meðan þeir væri á prestaskólanum, því að það mundi draga huga þeirra allt of mikið frá aðalnáminu, eða guðfræðinni, og virtist það heldur eigi eiga alls kostar vel við; það væri miklu haganlegra og eðlilegra, að þeim gæfist kostur á því, þegar þeir hefði af lokið embættisprófi sínu, og ætti þeir þá að fá ókeypis kennsluna hjá landlækninum og hèraðslæknum; enda væri þeir þá eigi bundnir að vera í Reykjavík, fremur en þeir vildi, til að nema þetta.

Að brýna nauðsyn bæri til, að fjölga útlærðum og yfirheyrðum yfirsetukonum, varð þíngið fyllilega að vera sannfært um, enda komu til alþíngis þegar 1847 ýmsar bænarskrár um það efni, og þíngið hleypti því máli þá fram hjá sèr einúngis af þeirri ástæðu, að því var kunnugt, að frumvarp um það mál var þá hjá stjórninni, og vonaðist eptir, að hún innan skamms mundi bæta úr þörf Íslendínga í þessu efni. En þótt síðan sè liðin 10 ár, er því máli eigi komið leingra áleiðis, en svo, að enn eru eigi nema einar 3 útlærðar og yfirheyrðar yfirsetukonur í öllu vesturamtinu, og 10 í norður- og austur-umdæminu, en suðurumdæmið hefir nú þó 27. Um kennslu þeirra þótti þínginu rèttast að annaðhvort landlæknirinn sjálfur yfirheyrði þær, eða þá sá hèraðslæknir, er hann setti til þess. En með því að þíngið taldi það víst, að yfirsetukonur allar ætti að fá laun nokkur, auk þeirra peninga, sem nú eru borgaðir úr ríkissjóðnum til útbýtíngar millum þeirra, svo sem 15—30 dala eptir stærð

hreppanna og öðrum ástæðum, vill þíngið leyfa sèr að biðja um, að frumvarp um þetta mál verði lagt fyrir þíngið 1859.

Af ástæðum þeim, sem þegar eru taldar, leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast með 17 atkvæðum gegn 4 að bera þá bæn fram fyrir yðar konúnglegu hátign:

1. Að þèr allramildilegast vildið greiða sem allramest fyrir bæn alþíngis 1855 (samþykkt með 14 atkvæðum gegn 1):
   a, Að ný læknaembætti verði stofnuð í Árnessýslu, Skaptafellssýslum, Keflavík í Gullbríngusýslu, Barðastrandar og Strandasýslum, Þíngeyjarsýslu, Mýra og Borgarfjarðarsýslum og Múlasýslum (samþykkt með 18 atkvæðum gegn 1).
   b, Að í stað þeirra 200 rdl,, sem með allrahæstum úrskurði 12 ágúst 1848 er heitið að megi árlega verja úr hvers amts jafnaðarsjóði, til þess að landlæknir og hèraðslæknar hèr á landi geti kennt aðstoðarlæknum, þá vilji yðar hátign allramildilegast heita árlegum 100 rdl. styrk fyrst um sinn hverjum þeim íslenzkum stúdenti, sem eptirleiðis stundar læknisfræði við háskólann, og að hann njóti þessa styrks um 4 ár, ef hann sannar, að hann haldi áfram lærdómsiðkunum sínum í læknisfræði, og skuldbindur sig til, að loknu embættisprófi, að sækja um læknisembætti hèr á landi, og að þessi styrkur skuli endurgjaldast ríkissjóðnum úr jafnaðarsjóð amtanna (samþykkt með 17 atkvæðum).
2. Að yðar konúngleg hátign allramildilegast vilji skipa svo fyrir, að frumvarp verði lagt fyrir alþíngi 1859 um, að stofna spítala og læknaskóla í Reykjavík (samþykkt með 13 atkvæðum gegn 6).
3. Að yðar konúngleg hátign allramildilegast vilji skipa svo fyrir, að stjórnin nú þegar fari að ritast á um það við hlutaðeigandi embættismenn, hvernig bezt og haganlegast megi haga öllum tekjum spítalanna og heimtíngu þeirra, og leggi frumvarp til reglugjörðar um það fyrir alþíngi 1859 (samþykkt með 19 atkvæðum).
4. Að ákvörðun sú í konúngsbrèfi 20 d. febrúarmán. 1750, að Vestmannaeyíngar megi einir njóta spítalahluta þeirra, er þar falla af fiski og fugli, handa fátækum þar á eyjunum, sè úr lögum tekin, en hlutir þessir gjaldist í hinn almenna læknasjóð, er stofnaður er með konúngsúrskurði 12. ágúst 1848 (samþykkt með 20 atkvæðum).
5. Að þeir stúdentar, sem vilja, þegar þeir eru útskrifaðir af prestaskólanum, eigi kost á að fá ókeypis kennslu í læknisfræði hjá

landlækninum og hèraðslæknunum (samþykkt með 12 atkvæðum móti 8).

6. Að yðar konúngleg hátign allramildilegast vilji skipa svo fyrir, að fyrir alþíngi 1859 verði lagt frumvarp til tilskipunar um það, að svo margar efnilegar konur fái kennslu í yfirsetukvennafræði, að ein geti orðið sett í hvern hrepp á landinu (samþykkt með 18 atkvæðum).

Reykjavík, 10. d. ágústm. 1857.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. H. Kr. Friðriksson".

„Til konúngs.

Einn af fulltrúum þessa alþíngis bar upp fyrir því uppástúngu þess innihalds, að alþíngi sendi þegnlega bænarskrá um, að eingin sala á opinberum eignum í landinu fari fram, nema áður sè þar um feingið álit alþíngis.

Þíngið kaus 3 manna nefnd til þess að yfirvega þetta umvarðanda mál, og eptir að hún hafði borið upp álit sitt um það, var það rætt á tveimur aðalfundum, og leyfir nú þíngið sèr allraþegnsamlegast, að segja álit sitt og bera fram bænarskrá um það á þessa leið.

Þínginu virðist sem það tímabil sè allt af að þokast nær, að landið fari smámsaman að bera kostnað þann, er beinlínis leiðir af stjórn þess, enda er talsverður tími liðinn, síðan yðar hátignar hásæli faðir skipaði svo fyrir. Ef nú að þessu bæri, sem líklegt má þykja, og alþíngi feingi meira vald, en það nú hefir, til að ákveða um tekjur og útgjöld landsins, þá virðist auðsætt, að þíngið yrði, að minnsta kosti að hafa umráð þeirra tekjustofna, sem í landinu eru, svo að sèð yrði um, að þeir væri notaðir á haganlegastan og beztan hátt fyrir landið og íbúa þess.

Fyrir því leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast, að bera þá bæn fram fyrir yðar konúnglegu hátign (með 19 atkvæðum móti 3):

> að eingin sala á opinberum eignum í landinu fari fram, nema áður sè um það feingið álit alþíngis.

Reykjavík, 10. d. ágústm. 1857.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. E. Ó. Kúld".

Forseti kvaðst mundu birta dagskrá til næsta fundar, svo fljótt sem yrði.

Fundi slitið.

---

11. ág. — tuttugasti og sjötti fundur.

Allir á fundi nema hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, og þíngmaður Suður-Þíngeyjarsýslu, sem voru sjúkir.

Forseti: Eins og þíngmönnum er kunnugt, er þegar á morgun liðinn sá tími, sem þíngið hefir verið leingt um, en mál þau, sem enn eru eptir, þó ekki svo á veg komin, að þau geti orðið búin; síðan þíngtíminn síðast var leingdur, hefir samt svo mikið unnizt, að eg nú get haft fullkomið yfirlit yfir, hvað lángan tíma þurfi til að útkljá málin, sem eptir eru, og get eg ekki ímyndað mèr, að þau geti orðið búin á laugardaginn kemur, þar sem tvö hin mest áríðandi mál bæði jarðamatsmálið og fjárkláðamálið enn þá ekki eru útkljáð, og hætt er við, að einkum í fjárkláðamálinu muni verða borin fram mörg breytíngaratkvæði, svo að atkvæðaskráin verði flókin. Menn þeir, sem sitja í nefnd í málum þessum, hafa svo mikinn sfarfa á hendi, að þó þeir sæti við dag og nótt, mundi þeir ekki geta afkastað að semja og bera undir þíngið álitsskjöl í málunum á laugardaginn; skal eg því leyfa mèr í þíngsins nafni, að skjóta því til hins háttvirta *konúngsfulltrúa*, hvort hann fyndi ekki ástæðu til að leingja þíngtímann, þángað til á mánudaginn kemur, því þá ímynda eg mèr, að mál þessi megi verða til lykta leidd.

Konúngsfulltrúi: Eg skal til svars upp á áskorun hins háttvirta *forseta* geta þessa, að eg álít, að stjórninni muni þykja svo mikið undir því komið, að þau 2 mál, sem enn nú eru eptir órædd, nefnil. jarðamatsmálið og fjárkláðamálið, verði útrædd og útkljáð af þínginu í þetta sinn, að eg ekki get sèð, að annað sè tiltækilegt, en að leingja þíngtímann enn þá um nokkra daga, svo að þíngið geti lokið við þau; og vona eg, að þau bæði geti orðið útrædd næstkomanda laugardag, svo að þínginu verði slitið næstkomanda mánudag, þann 17. þ. m., og þess vegna álít eg nauðsynlegt, að taka þá ábyrgð upp á mig, að leingja þíngtímann þángað til; og vona eg, að hinn háttvirti *forseti* lagi svo stjórn sína á meðferð málefna þessara, og að hinir heiðruðu þíngmenn hagi svo umræðum sínum, að þessu geti orðið framgeingt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur í dag til undirbúníngsumræðu *konúnglegt álitsmál um jarðamatið.* Eg hefi látið prenta uppástúngur nefndarinnar, og vona eg, að hver hinna háttvirtu þíngmanna hafi feingið þær.

Lèt *forseti* síðan afhenda skjöl málsins *framsögumanni* nefndarinnar, fulltrúa Skaptfellínga, og las hann upp nefndarálitið svo hljóðanda:

„Dómsmálaráðherrann hefir með brèfi 30. maí þ. á. sent *konúngsfulltrúanum* á þessu alþíngi konúngsúrskurð 27. s. mán. ásamt frumvarpi til nýrrar jarðabókar frá nefnd þeirri, sem sett var hèr í Reykjavík með konúngsúrskurði 18. maí f. á., til þess að leiðrètta jarðamatið frá 1849—50, skýrslu tèðrar nefndar til stjórnarinnar um þetta frumvarp hennar með 2 fylgiskjölum, og hinum frumrituðu matsbókum, og öðrum eldri skjölum mál þetta áhrærandi; — hefir nú *konúngsfulltrúinn,* eptir fyrirlagi ráðherrans lagt hið áminnzta frumvarp til jarðabókarinnar, ásamt hinum öðrum skjölum málsins, fyrir hið heiðraða alþíngi til meðferðar, samkvæmt fyr nefndum allrahæsta úrskurði konúngsins, og alþíngi því kosið oss undirskrifaða í nefnd til þess að hafa mál þetta til meðferðar, og leyfir nefndin sèr að bera upp um það álit sitt og uppástúngur á þessa leið:

Þegar vèr nefndarmenn höfðum tekið undir nákvæma yfirvegun ætlunarverk það, sem með hinum allrahæsta konúngsúrskurði 27. maí þ. á. er lagt alþíngi á herðar, þá virtist oss að vísu í fljótu bragði, að þínginu, einkum sakir þess forms og þíngskapa, sem það er bundið, og hins takmarkaða þíngtíma, yrði ekki að þessu sinni fært, að afkasta meiru, en þeim störfum, sem tekin eru fram í konúngsúrskurðinum I. *a—d,* en að þar í móti mætti til að fresta að þessu sinni þeim ályktunum og uppástúngum, sem í hinum sama allrahæsta úrskurði eru teknar fram í I. *e, f,* og ætla þann starfa öðru alþíngi, því óneitanlega virðist það liggja næst eptir orðunum, að skilja konúngsúrskurðinn svo, að enda þótt hann ætli þessu alþíngi að leysa af hendi hvert um sig af þeim störfum, sem fram eru tekin í I. stafl. *a—f,* að þar sè ráðgjörðar *tvennar* lögskipaðar umræður; *fyrst* til þess að taka ályktun um, hverju hundraðatali eigi að jafna niður á hinar einstöku sýslur, samkvæmt stafl. *a—b,* og *síðan,* þegar búið væri að jafna niður þessu ákveðna hundraðatali á hinar einstöku jarðir eptir stafl. *c—d, þá* ætti aptur að leggja jarðabókina þannig albúna fyrir þíngið til álita og samþykkis (stafl. *e),* og þíngið loksins að segja álit sitt um það, á hvern hátt og á hverjum tíma hið nýja jarðamat ætti að öðlast lagagildi; en til þessa hefði þá útheimzt 2 nýjar lögskipaðar umræður, sem þó *konúngsfulltrúinn,* í brèfi 18. f. mán., samsinnti nefndinni í að ekki

mætti eiga sèr stað á þann hátt, „að 2 *Realitets*- umræður um sama málefni færi fram á sama þíngi“.

En eins og konúngsúrskurðurinn á hinn bóginn ber ljóslega með sèr þá tilætlun, að alþíngi í ár af ljúki þeim ætlunarverkum, sem þar eru fyrir skrifuð þínginu, eins hefir og nefndin eptir ítarlega yfirvegun og umræður komizt til þeirrar niðurstöðu, að þetta sè ekki að eins æskilegast og verði affarabezt, þegar á allt er litið, heldur einnig vel vinnanda verk fyrir þíngið að þessu sinni, ef þíngið að eins hleypir fram af sèr þeim starfanum, sem í úrskurðinum, I. stafl. *c*, er fyrir skipaður, nefnilega að jafna niður hundraðatölunni á hinar einstöku jarðir eptir þeim hundraðatals mælikvarða, sem þíngið ákvæði, annaðhvort yfir allt land, hvert amt, eða einstakar sýslur. En undir eins og þessi mælikvarði er fast ákveðinn, með tiltekinni dalatölu matsverðsins, er í hvert jarðarhundrað sè hæfilegt, þá hefir maður þar gefnar fyrir hverja jörð tvær fastar tölustærðir, matsverð jarðarinnar og það dalatal, sem útgjörir hvert hundrað, og þessar tvær gefnu fastákveðnu stærðir gefa með einföldu og auðgefnu reikníngsdæmi 3. stærðina, það er hundraðatöluna á hverri einstakri jörð. Nefndinni virðist auðsætt, að útreikníngurinn á þessu — sem þannig er ætíð auðgefið að fá leiðrèttan, enda þótt að því bæri, sem varla mun vera að óttast, að hann eptir á reyndist skakkur á einhverri einstakri jörð, — eigi ekki að ráða úrslitum um það, hvort hið leiðrètta jarðabókarfrumvarp, sem hèr er fram lagt eptir nefndina frá 1855, eigi að ná samþykki þíngsins, eður eigi, heldur einmitt sjálft leiðrèttíngarverk þessarar nefndar á jarðamatinu, og hvað fullnægjanlega það er af hendi leyst, — eptir þeim reglum, sem tèðri nefnd voru settar, — bæði yfir höfuð að tala og með tilliti til hinna sèrstaklegu lagfæríngа. Þessi verk jarðamatsnefndarinnar 1855, og hvernig þau reyndist af hendi leyst, urðum vèr nefndarmenn að vera einhuga á að hlyti að koma til álita þegar í upphafi starfa vorra, og áður en gjörðar yrði uppástúngur um, hverju hundraðatali ætti að jafna niður á hinar einstöku sýslur; því það segir sig sjálft, að ef leiðrèttíngarverk nefndarinnar frá 1855 í jarðamatinu reyndist ónákvæmt og í ýmsum greinum ábótavant, þá væri óráð að ákveða niðurjöfnun nokkurs hundraðatals á hinar einstöku sýslur. Þessi þíngnefnd hefir því látið það vera sitt hið fyrsta verk, að komast að sem áreiðanlegastri niðurstöðu í þessu efni, og eins og vèr nefndarmenn höfum ekki getað annað fundið, en að nefndin frá 1855 hafi leyst ætlunarverk sitt viðunanlega af hendi yfir

höfuð að tala eptir þeim reglum, sem henni voru settar, og þeim skýrslum, upplýsíngum og áhöldum, sem hún virðist hafa átt kost á að afla sèr, þannig verðum vèr einnig að ráða hinu heiðraða þíngi til, samkvæmt I. e í konúngsúrskurðinum 27. maí þ. á., að leggja samþykki sitt á jarðabókarfrumvarp nefndarinnar, til þess að ákveða, hvaða hundraðatölu skuli niðurjafna á hinar einstöku sýslur í landinu, eða þann fastan mælikvarða, eptir hverjum hundraðatal hverrar jarðar skuli ákveða eptir því matsverði, sem nú er á hverri jörð í jarðabókarfrumvarpi því, sem stjórnin hefir lagt fyrir þetta þíng.

Eingu að síður eru 2 sèrstaklegar breytíngar, sem nefndin frá 1855 hefir gjört í lagfæríngarverki sínu á jarðamatinu frá 1849—50, sem meiri hluti vor nefndarmanna (þ. e. allir nefndarmenn, að undanteknum Jóni Guðmundssyni) getur hvorki sjálfur aðhyllzt, nè lagt til að alþíngi aðhyllist, en það er hið niðursettta matsverð á jarðeigninni Akureyjum í Skarðsstrandarhrepp í Dalasýslu, og á heimajörðinni Víðidalstúngu í Þorkelshólshrepp í Húnavatnssýslu. Meiri hlutinn hefir því síður getað fallizt á þessar breytíngar, sem skýrsla jarðamatsnefndarinnar á bls. 13 eingar ástæður hefir fært fyrir því, að tèðar jarðir við undir- og yfirmatið hafi verið metnar of hátt í samanburði við aðrar jarðir í þeim sýslum, hvort heldur litið er til afgjaldsins, eða til þeirra lýsínga af tèðum jörðum, sem undir- og yfirmatsbækurnar með tilheyrandi fylgiskjölum innihalda. Meira hlutanum virðist það líka sjálfsagt, að önnur eins breytíng og þessi sè því ísjárverðari, sem vèr ætlum, að það hafi legið yfir höfuð fyrir utan ætlunarverk jarðamatsnefndarinnar, að breyta matsverðinu á einstökum jörðum (því ef svo hefði verið, hefði hún að vísu getað tekið fleiri en þessar jarðir), og ætlum vèr, að þar til hefði þurft yfirgnæfandi og augljósar ástæður, sem að áliti meira hlutans eru hèr ekki fram komnar.

Aptur verður minni hlutinn *(Jón Guðmundsson)* að álíta, að eins og uppástúnga stjórnarinnar til alþíngis 1855 áhrærandi jarðamatið á bls. 6—7 beinlínis heimilar nefnd þeirri, sem sett yrði til að leiðrètta jarðamatið, að lagfæra matið einnig á einstökum jörðum, þegar sjálf jarðamatsgjörðin ber það með sèr, að skakkt sè farið í mat einstakra jarða, eins ætlar hann að jarðamatsgjörðirnar frá 1849—50 einmitt sjálfar beri með sèr, að ekki sè sem rèttast matið á þeim jörðum, sem hèr ræðir um, í samanburði við aðrar áþekkar jarðir innan sömu sýslna, og enn þótt nefndin 1855 hafi eingar frekari ástæður tilfært fyrir þessum sèrstaklegu breytíngum í skýrslu

sinni til stjórnarinnar frá 23. febr. þ. á., þá kom það til af því, að nefndin hlaut að álíta, að hinar verulegustu ástæður fyrir þessari breytíngu lægi í sjálfum jarðamatsgjörðunum yfir Dala- og Húnavatnssýslu, sem fylgdu frumritaðar skýrslu nefndarinnar og enn eru hverjum þíngmanni hèr til sýnis; að öðru leyti mun og meiri hlutinn hafa átt kost á, að sjá frekari ástæður jarðamatsnefndarinnar 1855 fyrir þeim breytíngum, er hún hefir gjört á mati þessara 2 jarða.

Þar í móti höfum vèr allir nefndarmenn þótzt finna yfirgnæfandi ástæður til að ráða þínginu til, að setja niður matið á jörðinni Leiðarhöfn í Vopnafjarðarhrepp innan Norður-Múlasýslu. Jörð þessi er matin á 1000 rdl.; en þó að álitleg rök sè tilfærð fyrir því frammi fyrir yfirmatsmönnunum, einmitt af einum undirmatsmannanna, eins og yfirmatsbókin ber með sèr, að jörð þessi hafi verið skakkt metin og talsvert of hátt við undirmatið, og enn þótt yfirmatsmennirnir að eingu hafi mótmælt þessum tilfærðu rökum eða hrakið þau, þá hafa þeir færzt undan að breyta matinu á þessari jörð einúngis af þeirri ástæðu, að eingin umkvörtun hafi fram komið frá eiganda jarðarinnar (sem þá var ekkja) yfir hinu of háa mati. Í flestum sýslum hafa nú yfirmatsmennirnir þvert í móti breytt undirmatinu á jörðum, þar sem þeir álitu það skakkt eptir matsbókunum, hvort sem umkvartanir höfðu um það komið fram frá eigendunum, eður eigi, og þar sem þar að auki bæði stjórnin virðist að hafa aðhyllzt þessa aðferð í uppástúngunni til alþíngis 1855, bls. 6—7, eins og fyr segir, og jarðamatsnefndin 1855 hefir einnig, að vor nefndarmanna áliti af rèttum rökum, beitt henni við lagfæríngu matsins á 2 sèrstökum jörðum, Gilsbakka og Hítardal í Mýrasýslu, þá virðist oss nefndarmönnum yfirgnæfandi ástæður til fyrir hið heiðraða þíng, að lækka matið á þessari jörð eptir þeim ástæðum, sem í yfirmatsbókinni eru teknar fram, og þeim ítarlegri upplýsíngum, sem hèr undirskrifaður nefndarmaður úr Norður-Múlasýslu hefir gefið og mun gefa, niður til 550 rdl., og verðum vèr að álíta því meira tilefni fyrir þíngið, að aðhyllast þessa breytíngu, sem einginn þíngmaður var hèr úr Norður-Múlasýslu, hvorki á alþíngi 1853 nè 1855, þegar jarðamatsgjörðirnar voru hèr til meðferðar.

Þegar nefndin þar næst eptir konúngsúrskurðarins I. *b* fór að koma sèr niður á, hverju hudraðatali væri rètt að jafna niður á hinar einstöku sýslur, þá varð henni brátt auðsætt, að þetta mætti ekki skilja beint eptir orðunum á þá leið, að fyrir hverja sýslu út af fyrir

sig væri ákveðinn sèrstakur mælikvarði, miðaður einúngis við sýsluna sjálfa, matsverð hennar og fornu hundraðatölu sèr í lagi. Væri svo að farið, þá er auðsætt, að leiðrèttíngarverk nefndarinnar frá 1855 yrði þýðíngar- og árángurslaust að mestu eða öllu, því það var aðalætlunarverk þeirrar nefndar eptir uppástúngu stjórnarinnar 1855 og þar að lútandi ályktunum alþíngis, að jafna hið ólíka og sundurleita mat sýslna í milli, með því þetta var álitinn hinn verulegasti galli á jarðamatinu 1849 - 50, og svo verulegur, að matið var álitið óbrúkanda, nema úr þessum galla væri bætt. Vèr nefndarmenn verðum og að játa og vera fyllilega sannfærðir um, að nefndinni frá 1855 hafi tekizt þetta aðalætlunarverk svo, að nú megi byggja á jarðabókarfrumvarpinu, eins og það liggur fyrir lagfært af nefndinni, og segir sig sjálft, að ekki megi af ráða, að ákveða neina þá mælikvarða, sem einmitt yrði til að gjörraska lagfæríngunni.

En í tilliti til þess mælikvarða, sem rèttast og eðlilegast yrði að við hafa, til að ákveða hina nýju hundraðatölu jarðeignanna á Íslandi, þá höfum vèr nefndarmenn fundið ástæðu til, að gefa því gaum, sem segir í hinni prentuðu uppástúngu stjórnarinnar til alþíngis 1855 um jarðamatsmálið, á bls. 12, „að stjórnin hafi ekkert í móti því, að framvegis sè haldið hinu gamla hundraðatali“ í landinu, en „aptur í móti virðist hið nýja hundraðatal ekki eiga að vera minna, en það, sem nú er, einkum vegna þess, að jarðartíundin er eitt hið helzta af tekjum prestanna, sem ekki mega verða minni en þær eru“; þetta virðist nefndinni á gildum rökum byggt, enda álítum vèr nefndarmenn að öðru leyti áhorfsmál að hafa hina nýju hundraðatölu minni yfir allt land, heldur en hún hefir verið.

Það hefir nú ekki þótt nè verið auðgjört híngað til, að finna hina sönnu og rèttu hundraðatölu eptir hinum forna dýrleika yfir allt landið, og kemur það einkum til af því, að á ótal margar jarðeignir, einkum á heimajörðum, staða og klaustra, og öðru kirknagóssi, og t. d. á Vestmannaeyjum, hefir aldrei verið sett neitt hundraðatal, hvorki í hinum elztu jarðabókum, sem eru til, nè af þeim Árna Magnússyni og P. Vídalín 1702, nè í jarðabókinni síðustu af 1760. En auðráðið er, að þegar miða á hina nýju hundraðatölu, sem nú yrði ákveðin á *allar* jarðeignir á landinu, við þá hundraðatölu, sem áður hefði verið, þá nægir ekki, að miða þetta einúngis við það hundraðatal, sem ákveðið hefir verið og talið til tíundar, heldur verður og jafnframt að miða það við það samsvaranda eldra hundraðatal hinna annara jarðeigna, sem aldrei hafa verið tíundaðar, nè haft neinn

ákveðinn dýrleika, þetta samsvaranda eldra hundraðatal slíkra jarðeigna, sem aldrei hafa haft neinn ákveðinn dýrleika, hefir því þíngnefndin álitið nauðsynlegt og skylt að finna, til þess að geta náð hinni fornu hundraðatölu allra jarðeigna í landinu.

Eins og sýnir skýrsla sú, er vèr höfum þar yfir til búið, og fylgir álitsskjali þessu, þá er hið ákveðna hundraðatal þeirra jarða, sem tíundaðar eru, og sem að öðru leyti hafa fastan eldra dýrleika:

Í suðuramtinu — að fráteknum öllum jarðeignunum í Vestmannaeyjum, sem aldrei hafa verið með neinu hundraðatali.	25,373,9 cr
- vesturamtinu	21,531,5 -
- norður- og austur-amtinu	35,654,2 -
=	82,559,6 -

Þess skal ekki láta ógetið hèr við, að jarðamatsnefndin frá 1855 hefir afhent þíngnefndinni skrár þær, sem getur í skýrslu jarðamatsnefndarinnar til dómsmálaráðherrans bls. 27—28 yfir hundraðatalið í ýmsum sýslum, þar sem þessi nefnd áleit það miður áreiðanlegt, leiðrèttar af hlutaðeigandi sýslumönnum, og hefir þíngnefndin tekið þessar leiðrèttíngar til greina við útreikníng þess hundraðatals, sem hèr er frá skýrt fyrir framan. Að öðru leyti kemur þessi upphæð hinnar gefnu hundraðatölu sem næst heim við þá, sem nefnd sú fann, er sett var hèr í Reykjavík 1845, til þess að rannsaka skattgjaldslögin hèr á landi.

En eins og þessi skattalaganefnd gat ekki við annað stuðzt, en ýmsar sennilegar ágezkanir, þegar hún gjörði áætlun um hundraðatölu hinna annara jarðeigna, sem aldrei hafa haft neinn ákveðinn dýrleika, eins hefir þessi þíngnefnd með tilhjálp jarðamatsfrumvarpsins, þar sem hver jarðeign er matin til verðs, átt kost á, að finna og byggja þetta hundraðatal á nokkurn veginn áreiðanlegri undirstöðu, nefnilega þeirri, að bera saman í hverri sýslu út af fyrir sig hið samanlagða leiðrètta matsverð allra þeirra jarða, sem hafa ákveðið fornt hundraðatal, við þenna forna dýrleika þeirra samanlagðan, og aptur þar við, sem hinn gefna þriðja liðinn, hið samanlagða leiðrètta matsverð allra þeirra jarðeigna í sýslunni, sem eingan fornan dýrleika hafa; og er á þenna hátt fundið einnig hið forna hundraðatal þessara jarðeigna, sem tilfært er í hinni fyr áminnztu skýrslu nefndarinnar í sèrstökum dálki. Þar í móti álitum vèr nefndarmenn rèttast, að finna hundraðatöluna fyrir Vestmannaeyjasýslu með því, að taka þenna mælikvarða yfir gjörvallt Suðuramtið, og

yrði eptir því hlutfalli hin forna hundraðatala í allri Vestmannaeyjasýslu 390,9 ℔.

Þannig yrði hinar hundraðalausu jarðeignir metnar til forns dýrleika:

Í suðuramtinu (með Vestmannaeyjum) . .	1976,3 ℔
- vesturamtinu	903,7 -
- norður- og austuramtinu	1549,3 -

Þegar þar við er samanlögð hin samanlagða fastákveðna hundraðatala, sem fyr er frá skýrt . . 82559,6 -
þá verður hin gjörvalla hundraðatala . . . . 86988,9 -

En þegar nú þíngnefndin þessu næst fór að yfirvega og rannsaka, hvaða mælikvarða væri eðlilegast, sanngjarnast og rèttast að við hafa, til þess að ákveða hinn nýja dýrleika í hverri sýslu, og á hverja jörð, og láta þó ekki hina nýju hundraðatölu verða lægri en hún í raun rèttri verið hefir, — nefndin hefir leitt rök að því hèr að framan, að eingan veginn gæti staðizt, að miða þenna mælikvarða við matsverð hverrar sýslu út af fyrir sig —, þá lá það vafalaust beinast við í fljótu máli, *að hafa hinn eina og sama mælikvarða yfir gjörvallt landið,* og á þetta óneitanlega að styðjast við ýmsar mjög verulegar ástæður, einkum þá, að jarðamatsnefndin frá 1855 hefir, eins og fyrir hana var lagt, leiðrètt hið sundurleita mat sýslna í milli eptir einum og sama aðalmælikvarða (sbr. skýrslu jarðamatsnefndarinnar 1855 til stjórnarinnar bls. 22—24.).

Ef þannig með hliðsjón af hinni fornu hundraðatölu og hennar rèttu upphæð yrði tekinn og við hafður einn og sami aðalmælikvarði yfir allt land, miðaður við matsverð allra jarðeigna í landinu, þannig: 86988,9 ℔ : 2,556489,1 rdl., þá geingi af matsverði hverrar jarðar í *eitt hundrað 29,4 rdl.,* eða með öðrum orðum, hverjir 29 rdl. $38^2/_5$ β af matsverði hverrar jarðar um allt land gjörði eitt hundrað til dýrleika; þar í móti yrði mælikvarðinn fundinn á sama hátt fyrir hvert amt út af fyrir sig þessi:

fyrir suðuramtið	30,60 rdl.
— vesturamtið	26,86 —
— norður- og austuramtið	29,98 —

Þegar nú þessir sèrstöku mælikvarðar fyrir hvert amt eru bornir saman við hinn áminnzta aðalmælikvarða yfir allt landið, þá sèst það, að hundraðatalið í norður- og austuramtinu mundi *hækka* lítið eitt, þ. e. um 766 ℔, frá því, sem nú er í raun og veru; að í suðuramtinu yrði hundraðatalið talsvert hærra, þ. e. um 1,172 ℔, en

vesturamtið aptur með þeim mun lægri hundraðatölu, sem hún hækkaði í báðum hinum, nefnil. 1938 ℔ minna, heldur en þar er nú.

Þessar ójöfnur, sem þannig mundu koma fram, ef einn og sami aðalmælikvarði væri við hafður yfir allt land, hefir nefndin orðið að álíta svo verulegar og mikilvægar, að ekki sè gjöranda, að hleypa þeim að, einkum þar eð vèr ekki höfum getað fundið nein fullnægjanleg eða álitleg rök til að rèttlæta þær með. Þó það sumsè verði ekki varið, að, þegar til einstakra jarðeigna er litið, þá sè hin forna hundraðatala, nú orðið, orðin mjög óáreiðanleg, til þess að sýna sönn gæði eða galla einstakra jarða, svona hverrar út af fyrir sig, eins og þær eru nú umbættar, eða hafa af sèr geingið, og því sè hin forna hundraðatala misjöfn; þegar dýrleiki einstakra jarða er borinn saman í sama hèraðinu, þá skortir á hinn bóginn allar sannanir eða jafnvel líkur fyrir því, að hin forna hundraðatala hafi *ekki* verið ákveðin eptir hèr um bil sama mælikvarða yfir allt land, og því hafi hin samanlagða upphæð þeirra yfir ömt eða fjórðúnga landsins gefið nokkurn veginn áreiðanlega til kynna, að, eins og þá stóð, hafi t. d. 30,000 ℔ í jörðum, hvar sem samanlagt var á stærri svæðum, verið næsta áþekk jarðeignaheild að gæðum og afrakstri og virði; og enn þótt einstakar jarðeignir, hver út af fyrir sig, hafi á næstliðnu 100--150 árabili, — sem liðið er frá því hinn síðasti jarðadýrleiki var fastsettur hèr (1702) og lagaður (1760), — mjög svo breytzt, bæði til hins betra og hins lakara, hver breytíng einnig einmitt var aðaltilefnið til þessa nýja jarðamats, þá geta menn eingan veginn fundið, að slík breytíng hafi beinlínis átt sèr stað á hinum stærri svæðum landsins, t. d. yfir heil ömt, eða svo verulega, að einn fjórði hluti landsins, t. d. vesturamtið, skuli nú vera orðinn nálægt 2000 ℔, eða $^1/_{11}$ lakari í samanburði við hina landshlutina til samans, heldur en hann var, þegar hinn fyrri jarðadýrleiki var settur. Ef þess er þar að auki tilhlýðilega gætt, sem upp á er orðið við þetta nýja jarðamat, og er bæði rètt og eðlilegt sakir þeirrar mikilvægu breytíngar á atvinnuvegum og verzlun þessa lands, sem orðin er á næstliðnum 150 árum, að allar hinar gallaminni jarðir við sjó, þar sem gott er til útræðis og aðdrátta allt árið um kríng, en einkum þó þær jarðeignirnar við sjó, sem hafa þar að auki til að bera hin verulegri hlunnindi: dúntekju, selaveiði o. fl., hafa svo talsvert hækkað í verði, í kaupum og sölum, og þó einnig feingið hærra matsverð að tiltölu, heldur en sveitajarðir, en þetta hærra matsverð leiðir með sèr hærri hundraðatölu að tiltölu við það, sem áður var, þá má öll-

um vera auðsætt, að eingin veruleg eða aðgeingileg ástæða verður tilfærð fyrir því, að vesturamtið, þessi $^1/_4$ hluti landsins, þar sem eru svo margfalt fleiri sjávar- og einkum hlunninda-jarðir að tiltölu, heldur en í hinum $^3/_4$ hlutum landsins, eigi að lækka svo mjög að hundraðatölu fram yfir hin ömtin, eins og upp á yrði eptir því, sem áður er sýnt, ef hinn eini og sami aðalmælikvarði yfir allt land væri við hafður, til að ákveða hundraðatöluna.

Þíngnefndinni virðast þannig yfignæfandi ástæður til, að ráða hinu heiðraða þíngi til, að aðhyllast *ekki* einn og sama aðalmælikvarða yfir allt land, til þess að ákveða hundraðatöluna í hverju einstöku hèraði, og á hverri jörð út af fyrir sig, með því þessi mælikvarði, þótt hann ætti og gæti stefnt að því, að hèr um bil viðlíka há ný hundraðatala yrði nú yfir allt land, sem áður var eptir hinum forna dýrleika, mundi framleiða þann mismun hundraðatölunnar frá því, sem áður var í hinum einstöku ömtum út af fyrir sig, sem ekki verður með neinu móti rèttlættur; og nefndin getur ekki í þessu tilliti leitt hjá sèr að benda til, að amtmaðurinn í vesturamtinu hefir í álitsskjali sínu um jarðamatsmálið til stjórnarinnar 29. janúar 1851 einmitt verið á því, og leitt þar að ljós rök, að til þess að ákveða hina nýju hundraðatölu eptir jarðamatinu 1949—50, yrði tiltækilegast og rèttast, að hafa sinn mælikvarðann fyrir hvert amt.

Ef þar í móti amtsmælikvörðunum er haldið, eða sem næst þannig, að við höfð sè sem auðveldust brotatala í útreikníngnum, t. d.:

í suðuramtinu . . . 30,5 rd.
- vesturamtinu . . . 26,5 —
- norður og austuramtinn 29,5 —

þá verður hin nýja hundraðatala:

í suðuramtinu	27493,5 cr	
með fram yfir það, sem áður var		+ 143,2 cr
í vesturamtinu	22739,9 cr	
með fram yfir það, sem áður var		+ 304,7 cr
í norður og austuramtinu . . .	37807,7 cr	
með fram yfir það, sem áður var		+ 604,2 cr
Ný hundraðatala =	88041,1 cr	
Hin forna hundraðatala var, eptir því sem fyr er sagt, ...	86988,9 cr	
Mismunur	————	+ 1052,1

Þessa mælikvarða fyrir hundraðatölunni yfir allt land, sem nú

voru sèrstaklega teknir fram fyrir hvert amt, verður nefndin að ráða hinu heiðraða þíngi til að samþykkja.

Vèr höfum, að vèr vonum, hèr að framan fært nægileg rök fyrir því, að ekki útheimtist annað, en allauðgefinn og umsvifalítill reikníngsstarfi til þess með fullri nákvæmni að heimfæra þessa mælikvarða, og við hafa, til þess að setja eptir þeim fast ákveðna hundraðatölu eða dýrleika á hverja jörð í landinu, eptir því fastákveðna leiðrètta matsverði, sem hver jörð nú hefir í hinu fyrirliggjanda jarðabókarfrumvarpi, sem nefndin hefir þegar ráðið þínginu til að samþykkja, og þarf ekki að taka fram, að hundraðatalan á þeim 3 jörðum, sem stúngið er upp á hèr að framan að umbreyta á því matsverði, sem í frumvarpinu er sett: Leiðarhöfn, Víðidalstúngu og Akureyjum, fer eptir því, hverja breytíngu þínginu þykir hæfa að gjöra á því mati þessara jarða.

Þenna starfa, að útreikna og tilfæra í jarðabókarfrumvarpið rètt hundraðatal, og nefndin álítur, að það eigi að gjöra með fullri nákvæmni í *hundruðum og álnum* á hverri jörð, en svo að öllum brota álnanna sè sleppt, — vill nefndin stínga upp á að þíngið feli annaðhvort stjórninni sjálfri til ráðstöfunar, eður og 2 þeim mönnum hèr í Reykjavík, sem voru í jarðamatsnefndinni 1855, gegn sanngjarnri þóknun, er stjórnin ákveði fyrir þann starfa.

Nefndin hefir hèr að framan tekið fram ástæður fyrir því, að eins og það væri auðsjáanleg tilætlun hins allrahæsta úrskurðar 27. maí þ. á., að þetta alþíngi samkvæmt úrskurðarins *I, e, f*, ekki að eins samþykki þetta jarðamatsfrumvarp, heldur einnig segi álit sitt um, á hvern hátt og á hverjum tíma hið nýja jarðamat skuli öðlast lagagildi, eins sè það og bæði tiltækilegast og rèttast, þegar litið er til málefnisins sjálfs og annara kríngumstæða, að þíngið hiki ekki við, að fullnægja tilætlun hins konúnglega úrskurðar einnig að þessu leytinu.

Að vísu hafa nokkrir verið á því, að rèttast mundi vera og affarabezt, að fresta að fá jarðabókarfrumvarpið lögleitt, heldur láta út reikna dýrleikann á hverri jörð eptir þeim mælikvarða, sem til þess yrði samþykktur, prenta síðan jarðabókarfrumvarpið og gjöra öllum almenningi kost á, að kynna sèr það, gjöra við það athugasemdir og stínga upp á þeim leiðrèttíngum, sem þurfa þætti, og þegar búið væri að taka allar þessar athugasemdir og leiðrèttíngar til greina, þá, en ekki fyr, mætti álíta tíma til þess kominn, að útvega jarðabókinni konúnglegt lagagildi. En eins og þetta er gagnstætt þeirri aðferð, sem brúkað er á öllum lagafrumvörpum yfir höfuð, því

þeim er útvegað allrahæst lagagildi, hve nær sem þau þykja tilhlýðilega rædd og undirbúin, og það verður nefndin að álíta, að þetta frumvarp sè bæði af hendi undanfarinna alþínga og af stjórnarinnar hálfu, eins verður einnig nefndin að álíta, að með þessari aðferð gæti ekkert áunnizt málefninu til verulegra bóta, heldur miklu fremur til fyrirstöðu; því þó að ekki þurfi að efa, að ótölulegar aðfinníngar kæmi gegn frumvarpinu, ef þessi aðferð væri við höfð, og það svo, að mjög yrði torvelt, ef ekki ómögulegt, að ráða úr þeim, auk heldur fullnægja þeim öllum, þá mætti á hinn bóginn óttast, að þær flestar hlyti að skorta svo fullnægjanleg rök og áreiðanlegleik, sem þörf væri á, ef þær ætti að verða til greina takandi, enda væri og þessi aðferð mótstríðandi því, sem segir í uppástúngu stjórnarinnar til alþíngis 1855, bls. 6; því þessleiðis á reynslu og rökum byggð vissa fyrir þeim verulegri ójöfnum, sem kynni að finnast á jarðamatsbókinni, þá stundir liði fram, álítur nefndin að einúngis geti feingizt, þegar hæfilegur tími væri umliðinn frá því, að hún væri lögleidd. Af þessum ástæðum verður nefndin að ráða hinu heiðraða þíngi til, að biðja konúnginn, að veita jarðabókarfrumvarpi þessu lagagildi þegar að afloknum útreikníngnum á dýrleika hverrar jarðar, eptir þeim mælikvörðum, sem stúngið er upp á hèr að framan, og á þann hátt, sem þar er bent til.

En áhrærandi það atriði í konúngsúrskurðinum I. f, á hvern hátt og á hverjum tíma hið nýja jarðamat eigi að ná lagagildi, þá hlýtur nefndin að taka hèr fram þau skilyrði og ákvarðanir, er henni í þessu tilliti virðist að ekki megi missa sjónar á.

1. Að almenn endurskoðun, og — að því leyti nauðsyn verður til, — lagfæríng jarðabókarinnar verði áskilin 10 árum eptir, að hún hefir náð lagagildi. Þetta verður nefndin að álíta nauðsynlegt af því, að enn þótt nú ekki sjáist á jarðamatinu svo verulegir gallar, að þeir geti eða eigi að vera því til fyrirstöðu, að það nái konúnglegri staðfestíngu, þá má ekki að eins hugsa sèr, heldur ræður að líkindum, eptir því sem jarðamat þetta var undirbúið og byrjað frá fyrstu, að reynslan leysi úr ýmsum spurníngum, bæði áhrærandi einstaklegar ójöfnur, er kynni að hafa orðið á mati einstöku sèrstakra jarðeigna, og áhrærandi það, ef nú hefði ekki náðst sem viðunanlegastur jöfnuður á hundraðatali eður dýrleika einstakra sýslna, í samanburði hver við aðra, af því að nú skorti hvers kyns áreiðanlegar upplýsíngar um hinn mismunanda leigumála, er einar hefði átt að ráða úrslitum um þetta atriði. Nefndin verður að álíta rèttast, að

því alþíngi, sem síðast yrði haldið á þessum 10 ára fresti, t. d. 1869, yrði falið, að taka hinar nákvæmari ákvarðanir áhrærandi þann undirbúníng, er nauðsynlegur þætti til að endurskoða og leiðrètta jarðabókina.

2. Nefndinni þykir hlýða, að jafnsnart sem jarðabókin hefir náð lagagildi, þá verði allar fasteignartíundir teknar og goldnar af hverri jörð eptir hinum nýja dýrleika, er jarðabókin ákveður, að minnsta kosti fyrst um sinn, þángað til ef ný skattgjaldslög gjörði þar á breytíngu; þetta verður nefndin því fremur að álíta nauðsynlegt, sem hinn forni dýrleiki jarðanna var sakir þess, hvað hann var orðinn ójafn og óáreiðanlegur gjaldstofn, hin helzta og verulegasta undirrót og orsök til þessa nýja jarðamats.

En þar sem hin nýja hundraðatala yfir allt land verður fremur meiri, en minni, heldur en verið hefir til þessa, þá líður eingin stèttin, sem tíund tekur, neinn halla fyrir þessa breytíngu yfir höfuð að tala, og konúngstíundin yfir allt land verður t. d. heldur rífari, en hún áður var; og þar sem fátækir fá í einstöku hreppum minni tíundarupphæð, heldur en að undanförnu, þá er auðráðið, að búendur hreppsins verða þeim mun færari um, að greiða þeim mun rífara aukaútsvar til sveitar, sem þeir fríast við, að greiða í tíundir jafnmikið því, sem áður var. Það verður ekki varið, að í einstöku hèruðum, þar sem nú dýrleiki jarðanna lækkar, þá líða kirkjurnar mestan halla fyrir þessa breytíngu, einkum ef það ekki yrði sèð við þær, þegar ný skattgjaldslög verða ákveðinn, en það efum vèr ekki að verði gjört, og sè þá auðgjört, ef til þess álitist brýn nauðsyn; svona til bráðabyrgða álítur nefndin ekki að þessi ákvörðun geti orsakað neinni kirkju verulegan halla, því tekjur kirkna hèr á landi eru eingan veginn svo af skornum skammti, ef þeim yrði eptir því vel og skynsamlega hagað, og með efnum þeirra haft nákvæmt eptirlit, og getum vèr nefndarmenn því ekki álitið, að þetta atriði eigi að vera rèttlátari heimtíngu fasteignartíundarinnar til fyrirstöðu.

Það má að vísu segja hið sama um preststíundina, sem nú var sagt um kirkjutíundina, að hún óneitanlega breytist á hinum sèrstöku prestaköllum, og rýrnar nokkuð á sumum, en yfir höfuð að tala verður þessa sèrstaklegu rýrnun á tekjum einstaklegs embættis, þegar hana leiðir af almennri lagaákvörðun, að álíta hvorki dæmalausa nè rángláta, ef hún kemur ekki fram við neinn þann embættismann, sem þegar er veitt embættið, án þess slík rýrnan hafi verið áskilin; hinum, sem sækir um og hlýtur embættið, eptir að rýrnunin

er lögákveðin, sker þar með einginn órèttur; því verður nefndin að álíta nauðsynlegt, að þeim prestum, sem í prestakallinu sitja, þegar jarðabókin fær lagagildi, verði áskilið að mega upp bera, meðan hann er í því sama prestakalli, fasteignartíund eptir hinum forna jarðadýrleika, ef sá dýrleiki gefur rífari preststíund, heldur en hún verður eptir hinni nýju jarðabók.

Með þessum skilyrðum, sem nú voru tekin fram, leyfir nefndin sèr að ráða þínginu til, að biðja konúnginn í því álitsskjali, er það ritar um þetta mál, að þessu jarðabókarfrumvarpi verði veitt allrahæst lagagildi frá fardögum 1859, þannig, að allar fasteignartíundir verði heimtar og goldnar eptir hinni nýju jarðabók hið fyrsta sinn í fardögum 1860.

Að síðustu ber alþíngi, samkvæmt hinum sama allrahæsta konúngsúrskurði 27. maí þ. á., II, d., að segja álit sitt um, að hve miklu leyti ástæða virðist til, að bæta nokkru við þá 500 rdl. þóknun, sem hverjum hinna 3 manna, er voru í jarðamatsnefndinni frá 1855 er veitt með sama konúngsúrskurði, annaðhvort til handa þeim öllum, eður einhverjum einstökum þeirra. Nefndin verður að álíta, að enn þótt verk þessarar nefndar hafi verið vandasamt og margbrotið, og útheimt mikinn tíma og yfirlegu, þá megi samt álíta tèða þóknun viðunandi yfir höfuð að tala, einkum fyrir þá 2 menn í nefndinni, sem eru í fastri embættisstöðu, og hafa fast ákveðin laun, er þeir uppbáru eins, þó þessi starfi hvíldi á þeim, þíngnefndinni virðist, að öllu öðru máli skipti um hinn 3. nefndarmanninn (mig undirskrifaðan *Jón Guðmundsson*), sem er *embættislaus* og *launalaus*, og hefir einga aðra atvinnu, en þá, sem hann getur með ótrauðri starfsemi aflað sèr, því þessi atvinna og arðurinn af henni hlaut að skerðast að því skapi, sem nefndarstarfinn var umfángsmeiri við jarðamatið. Nefndin verður því að ráða hinu heiðraða þíngi til að mæla fram með því í álitsskjalinu til konúngs, að við tèðan nefndarmann verði bætt 100 rdl., auk þeirra 500 rdl., sem honum eru þegar veittir, og að við *formann* nefndarinnar, kanselíráð *V. Finsen*, verði einnig bætt 50 rdl., með tilliti til þess, að hann lèði nefndinni húsrúm fyrir skjalasafn hennar, og til fundahalds, hvar af þar að auki hefir ekki getað annað en leitt nokkurn átroðníng og óhægindi.

Samkvæmt því, sem nefndin hefir þannig útlistað, leyfir hún sèr að stínga upp á við hið heiðraða alþíngi:

1. Að þíngið samþykki jarðabókarfrumvarp það, sem stjórnin hefir

nú lagt fyrir það, eins og það er leiðrètt af jarðamatsnefndinni frá 1855, samt þannig:

a, (Meiri hluti nefndarinnar, allir nema *Jón Guðmundsson)*:
að breytíng sú, sem jarðamatsnefndin hefir gjört á matsverði jarðarinnar Akureyja í Skarðsstrandarhrepp innan Dalasýslu, og á heimajörðinni Víðidalstúngu í Þorkelshólshreppi innan Húnavatnssýslu verði ekki samþykkt, heldur verði hver þessara jarða um sig látin halda sínu upprunalega matsverði, leiðrèttu eptir þeim mælikvarða, sem jarðamatsnefndin hefir ákveðið fyrir sýsluna, áður en á þessar jarðir verður sett hundraðatal.

b, (Öll nefndin):
að hið leiðrètta matsverð á jörðinni Leiðarhöfn í Vopnafjarðarhrepp í Norður-Múlasýslu verði sett niður til 550 rdl., áður en á þessa jörð verður settur dýrleiki.

2. Að þíngið ákveði mælikvarða til þess, að settur verði dýrleiki eða hundraðatal á allar jarðeignir á Íslandi eptir því leiðrètta matsverði, sem hver jörð nú hefir í frumvarpinu (að undanteknum jörðum þeim, sem nefndar eru í I. *a—b),* svo að ákveðið dalatal hins leiðrètta matsverðs gángi í hvert nýtt jarðarhundrað, þannig:

Í suðuramtinu	$30,_5$ rdl.	í	hvert	hundr.
- vesturamtinu	$26,_5$ —	—	—	—
- norður- og austuramtinu .	$29,_5$ —	—	—	—

3. Að þíngið hlutist til um, að eptir þessum mælikvörðum verði til hundraða og álna nákvæmlega út reiknaður og í jarðabókinni til færður dýrleiki hverrar einstakrar jarðeignar, er hefir sèrskilið matsverð:

a, annaðhvort með því, að biðja konúnginn að leggja fyrir stjórnina, að ákveða nákvæmari ráðstafanir til þessa starfa, — eða

b, að þíngið kjósi sjálft til þess starfa 2 af þeim mönnum, sem voru í jarðamatsnefndinni 1855, gegn sanngjarnri þóknun, er stjórnin ákveður.

4. Að þíngið biðji konúnginn, að hann, þegar búið er að fastsetja dýrleika allra jarðeigna eptir töluliið 2. og 3. *a—b,* veiti þessari jarðabók allrahæsta lagagildi, þannig:

a, að jarðabókin verði lögð undir algjörlega endurskoðun og leiðrèttíngu, þegar 10 ár eru liðin frá því, að hún nær lagagildi,

eptir þeim nákvæmari ráðstöfunum, sem alþíngi ákveður þar að lútandi.

b, að allar fasteignartíundir verði heimtar og greiddar eptir hinum nýja dýrleika í jarðabókinni þegar í stað, eptir að hún hefir náð lagagildi, og upp þaðan, nema öðruvísi verði ákveðið með nýjum skattgjaldslögum; en

c, þó haldi þeir prestar, sem eru í kallinu, þegar hin nýja jarðabók nær lagagildi, preststíund sinni af fasteignum eptir hinum eldra dýrleika jarðanna, allt svo leingi þeir eru í sama embætti, svo framt fasteignartíundin er á þann hátt rífari, heldur en eptir hinni nýju jarðabók.

d, að jarðabókinni verði gefið allrahæsta lagagildi frá fardögum 1859, þannig, að tíundir verði eptir henni teknar og goldnar hið fyrsta sinn í fardögum 1860.

5. Að þíngið biðji konúnginn, að veita í aukaþóknun þeim jarðamatsnefndarmönnunum frá 1855:

Formanni nefndarinnar, *kanselíráði land- og bœjarfógeta V. Finsen* . . . . . 50 rdl.

og *examinatus juris alþíngismanni Jóni Guðmundssyni* 100 —

Reykjavík, 8. ágúst 1857.

Jón Guðmundsson, *Á. Einarsson.* *Ó. Sivertsen.* *R. M. Ólsen.*
form. og framsögum. *G. Brandsson.* *J. Sigurðsson.* *V. E. Oddsen.*
Þ. Jónassen. *Jón Kristjánsson,*
skrifari nefndarinnar liggur veikur.

Fylgiskjal.

A. Suðuramtið.

	Hundraðatal.			Leiðrètt matsverð.	Meðalupph. hvers cⁿ í dalatali.
	Gamalt fastt hundraðatal.	Útfundið hundraðatal.	Þessi hundruð samanlögð.		
Skaptafellssýsla	2832	112,43	2944,43	90430	37,72
Rángárvallasýsla	5629,7	128,09	5757,79	219986	38,27
Árnessýsla	8449,0	880,16	9329,16	253582	27,15
Gullbr. og Kjósars.	4422,7	274,7	4696,4	142110	30,25
Reykjavík	93,5	14,2	107,7	10461,8	97,14
Borgarfjarðarsýsla	3947,0	175,8	4122,8	110495,9	26,80
Vestmannaeyjasýsla		390,9	390,9	11488,1	29,38
	25373,9	1976,3	27349,88	838553,8	30,60

B. Vesturamtið.

	Hundraðatal.			Leiðrètt matsverð.	Meðal-upph. hvers cw í dalatali.
	Gamalt fast hundraðatal.	Útfundið hundraðatal.	Þessi hundruð samanlögð.		
Mýra og Hnappadalssýsla	4664,0	190,2	4854,2	126096,6	25,98
Snæfellsnessýsla	2596,5	563,6	3160,1	96494,0	30,54
Dalasýsla	4193,0	81,1	4273,1	108262,9	25,33
Barðastrandarsýsla	3730,0		3730,0	114272,3	30,63
Ísafjarðarsýsla	4573,0	3,98	4576,98	111602,9	24,38
Strandasýsla	1776,0	64,8	1840,8	45879,9	24,92
	21531,5	903,7	22435,2	602608,3	26,86

C. Norður- og austuramtið.

	Hundraðatal.			Leiðrètt matsverð.	Meðal-upph. hvers cw í dalatali.
	Gamalt fast hundraðatal.	Útfundið hundraðatal.	Þessi hundruð samanlögð.		
Húnavatnssýsla	8014,7	353,4	8368,1	211953,0	25,3
Skagafjarðarsýsla	9693,0	331,3	10024,3	225985,6	22,5
Eyjafjarðarsýsla	7920,0	343,8	8263,8	233210,7	27,0
Þíngeyjarsýsla	5743,3	260,3	6003,6	207250,8	34,5
Norður-Múlasýsla	2389,5	45,9	2435,4	123030,5	50,5
Suður-Múlasýsla	1893,7	214,6	2108,3	113896,4	54,02
	35654,2	1549,3	37203,5	1115327,0	29,88

Þannig er yfir allt land:

Suðuramt,			27349,88	838553,8	30,60
Vesturamt,			22435,18	602608,3	26,86
Norð. og Aust.amt,			37203,50	1115327,0	29,88
Samtals			89868,56	2556489,1	29,4

Framsögumaður (Jón Guðmundsson): Eg ætla að leyfa mèr að hvíla mig eptir upplesturinn, setja mig niður, og bíða átekta, hvort nauðsynlegt verði, að eg standi upp aptur.

E. Ó. Kúld: Það er sannarlega gleðilegt, að sjá afleiðíngar

verka sinna, þegar verkin eru góð, og þeim vel af lokið, og svo er nú um jarðamatsmálið, að gleðilegt væri að sjá það vel á veg komið, þetta mál, sem 4 þíng hafa sveitzt yfir og borið á örmum sèr, og sem með öllum rètti heita má fósturbarn alþíngis, það væri gleðilegt segi eg, að sjá þetta barnið svo búið undir staðfestíngu, að það væri nú orðið fermíngarfært. Þíngið hefir við ekkert mál lagt sig eins í líma, og við þetta; 1855 geingu allir þíngmenn í nefndir í jarðamatsmálinu og allur hugi manna var sannarlega á málið lagður. En þótt eg nú ekki efist um, að nefndin, sem sett var í málið á þessu þíngi, hafi viljað leggja sitt hið bezta fram, sakna eg þó ekki allfárra skilyrða fyrir því, að eg geti kallað málið vel úr garði gjört frá nefndinni, því mèr finnst, satt að segja, í nefndaráliti þessu felast ójöfnuður, ósanngirni, og hið mesta gjörræði. Mönnum mun víst þykja dómur þessi harður, en eg skal reyna að færa ástæður fyrir honum og sannanir.

Nefndin hefir þá fyrst og fremst farið út í gönur, þar sem hún þvert á móti aðalreglu þeirri, sem híngað til allt af hefir verið fylgt fyrst af þínginu 1847, þá 1853, þá 1855, og síðast af Rekjavíkurnefndinni, hefir fallizt á 3 faldan deili, í staðinn fyrir 1 einfaldan. Nú kemur nefndin 1857 og kollvarpar með þessum 3 deilum öllu því, sem starfað hefir verið að málinu, og færir þó eingar, að minnsta kosti ei verulegar eða nægar ástæður fyrir, en hèr af leiðir hina hörmulegu ósanngirni við einn hluta landsins, nefnilega Vestfirðíngafjórðúng, sem því með sanni má kallast olbogabarn nefndarinnar. Árið 1849 var, samkvæmt rentukammerbrèfi 1. september 1848, metið eptir einum mælikvarða, nefnilega eptir því, hvernig jarðir yrðu sanngjarnlega seldar eptir gæðum sínum; eptir þessu þótti mönnum nú Vestfirðíngafjórðúngur verða of lágt metinn, og til að fyrir byggja þetta, byggði þíngið 1855 á öðrum mælikvarða, nefnilega afgjöldunum af jörðunum, — og þessi mælikvarði hlaut að vera rèttur fyrir Vestfirðíngafjórðúng, ef hann annars var það fyrir aðra hluta landsins. Með þessu hækkuðu nú Vestfirðir aptur, en nefndin er ekki ánægð með þessa hækkun, nei! hún vill, og það með ójöfnuði, hækka matið í vesturamtinu enn þá meira. Það verður að vera hverjum þeim manni augljóst, sem stigið hefir fæti sínum á Vesturland, að þar er öðruvísi landi háttað, en annarstaðar hèr á landi, fullt af háum fjöllum og skriðum, svo að menn varla geta ímyndað sèr, að það sè sama landið, og sumstaðar annarstaðar, enda lýgur þegjandi votturinn sízt; Vesturland sýnir sig bezt sjálft á því, hvað það fram-

flytur, í samjöfnuði við suður-, norður- og austurömtin; því það er gott, ef á hvern mann í heimili í vesturamtinu kemur $^3/_4$ af lausafjárhundraði, þar sem í suðuramtinu kæmi rúmlega 1 hundrað, og í norður- og austur-umdæminu 3—4 hundruð; eg get sannað þetta af skýrslu í Nýjum Tíðindum 1851. Eg gæti nú reyndar vel ímyndað mèr, — því utanþíngs hefir mèr verið slett því í nasir, — að einhver yrði til þess, að bæta þeirri silkihúfunni ofan á hina, að segja um Vestfirðínga, að þeir ekki tíunduðu eins vel og hinir (hlátur!), en hvern þann, er þetta kynni að segja, kref eg til að sanna slíkt; því tók nefndin ekki annað til bragðs? t. a. m. að hafa sýslu- og hreppadeila, með því hefði matið getað orðið sanngjarnara, en með 3 deilunum, er eingan jöfnuð hafa í för með sèr. Eg veit ekki, hvernig nefndin skilur brèf stjórnarherrans til *konúngsfulltrúa,* en ekki held eg í því sè fólginn sýsludeilir, heldur má ske hitt að þíngið ætti nú að ákveða hundraðatal á hverja sýslu, með tilliti til þess jafnaðar, sem alþíngi 1855 og Reykjavíkurnefndin átti áð vera búin að finna milli sýslnanna. Hvað hlunnindin í vesturamtinu snertir, þá skal eg ekki neita því, að sjávaraflinn er mikill, en eg skora á menn, að þeir sýni mèr og sanni, að hann sè meiri þar, en hèr í suðuramtinu, að undantekinni hákallaveiðinni, sem þá aptur er eins mikil, eða að minnsta kosti getur verið það, í norðuramtinu; önnur hlunnindi eru reyndar meiri í vesturamtinu, en í hinum ömtunum, en menn mega ekki heldur gleyma, hversu stopul hlunnindin eru; við skulum einúngis setja svo, að stríð kæmi, svo ekki yrði fluttur út dúninn, og þá er eg hræddur um, að eigandi jarðar, sem feingi allt afgjaldið af jörðinni í dún, ekki hèldi það stór hlunnindi, að minnsta kosti sýnir það, hve óhagfelldara gjald það er, en landauraafgjald jarða. Dúnpundið er talið vættarvirði, en eg bið menn bera það saman við landauravættina í fríðu, sem þó er hið vanalegasta afgjald, og mun þetta sjaldnast eða því nær aldrei ná heim. Þetta virðast mèr nú töluverðar ójöfnur, ekki að tala um formið á því, sem nefndin fer fram á; því hvað er nú orðið af aðgjörðum þíngsins 1855 og hinnar konúnglegu jarðamatsnefndar? allt ónýtt! öllu fleygt í sjóinn! Eg verð því að áskilja mèr breytíngaratkvæði á þá leið, að deilirinn verði einúngis 1 yfir allt land, en ekki 3, sinn fyrir hvert amt. Meiri hluti nefndarinnar hefir komizt til þeirrar niðurstöðu, að breyta matinu á Akureyjum, og hækka það, en eins og eg ekki skil, hvers vegna hin konúnglega jarðamatsnefnd breytti mati því, sem jarðamatsmennirnir

í fyrstu settu á Akureyjar, eins get eg ekki heldur skilið, hvers vegna nefndin nú aptur fer að breyta þessu, og leyfi eg mèr því að skora á nefndina, að hún gefi upplýsíngar um það, hvernig stendur á graut þessum. Hvað Leiðarhöfn snertir, vona eg, að hinu heiðraði þíngmaður Norður-Múlasýslu gefi þær upplýsíngar, sem lofað er í nefndarálitinu. Við uppástúngu nefndarinnar Nr. 4 *a* vil eg að svo stöddu ekki gjöra breytíngaratkvæði, þó eg samt ekki kunni við hana, og heldur vildi fresta henni, einkum ef jarðamatsmálið fer nú eins frá þínginu, eins og frá nefndinni, því eg vildi heldur hafa 5 ár, til að heyra umkvartanir manna, og lagfæra þar eptir, svo að jarðamatið á eptir gæti staðið óbreytt þess leingri tíma. Uppástúngu nefndarinnar nr. 4 b vildi eg ekki lögleiða, fyr en skattgjaldslögin væri komin, enda kynni það má ske að flýta fyrir þeim, og ætti fasteignir að tíunda eptir þessum nýju reglum, kæmist margar fasteignir, sem áður voru fríar, t. a. m. konúngs- og kirkjujarðir, þar inn undir, og vil eg því áskilja mèr breytíngaratkvæði hèr að lútandi. Hvað uppástúngu nefndarinnar nr. 4 *litr. c* snertir, þá get eg ekki sèð, hvaða heimild nefndin hefir haft til, að taka þetta með inn í nefndarálitið, því mèr virðist það liggja öldúngis fyrir utan verkahríng hennar. Þá er enn eptir fíkjan nr. 5, sem nefndin hefir troðið inn í endann á nefndarálitinu, og vildi eg óska, að nefndin ekki hefði sett allt þíngið í þann vanda, að eiga að fara að vega verðugleika þeirra manna, er voru í hinni konúnglegu jarðamatsnefnd, og fyrst hún ekki gat geingið þegjandi fram hjá þessu, vildi eg lángtum heldur, að hún hefði stúngið upp á einhverri vissri upphæð, t. a. m. 300 ríkisdölum, í aukaþóknun handa öllum þeim, sem í nefndinni voru, og falið formanni hennar á hendur, að útbýta þessu fè meðal nefndarmanna eptir verðugleikum, eða þá gjört öllum í nefndinni jafnt.

G. Brandsson: Eg er í vafa um, hvort kalla skuli ræðu hins heiðraða varaþíngmanns Snæfellínga sókn, eður vörn; hann hefir ekki enn þá með einu orði sannað, að nefndin hafi tekið skakka stefnu. Í nefndarálitinu er skýrt frá því, hvað vesturamtið mundi lækka að hundraðatali, en hin ömtin hækka, ef sami deilir væri hafður yfir land allt, og ekki held eg sè hægt að sjá, hvað vesturamtið hefir geingið af sèr meir en hin ömtin; því skriðurnar og fjöllin, sem hinn heiðraði þíngmaður gat um, þekkjum við nú líka hèrna fyrir sunnan, og þess utan sjávarágáng, sandfok og eldfjöll, og ekki veit eg til, að eldfjöllin sè mörg fyrir vestan. Mèr virtist hann vera farinn að vega dúnpundið á móti fiskivætt og öðrum landaurum, en það

geingur eins með dúninn, og hverja aðra vöru, að verðið fellur og stígur, og með dúninn og önnur hlunnindi geingur eins og með hvað annað hèr í heimi, að það er svipult, og hefir hinn heiðraði þíngmaður dæmi upp á það mjög svo uærri sèr, þar sem fjárkláðinn er, og ef sjávaraflinn er svipull í vesturamtinu, þá er hann það líka í hinum ömtunum, og ef ófrið her að höndum, þá held eg hann geti orðið jafnhættulegur fyrir allt landið. Hann fór nú reyndar lèttum fótum yfir hlunnindin, og hægt held eg sè að sýna og sanna, að þau eru meiri í vesturamtinu, en annarstaðar á landinu, t. a. m. selveiðin, eggver og hákallaveiði. Að afgjöldin af jörðum fyrir vestan eru lág, kemur einnig til af því, að þau eru þar víða goldin eptir gömlu lagi, að spesían er gjörð á 30 álnir; víst er um það, að þetta á sèr stað sumstaðar í Mýrasýslu; þegar alþíngistollurinn var lagður á, stóð það að nokkru leyti í valdi sjálfseignarbóndans, að segja til afgjalds af jörð sinni, og sumstaðar munu þau hafa verið byggð á gömlum byggíngarbrèfum; og margir af þeim, sem möttu jarðir fyrir vestan, munu hafa farið eptir þessu, þegar þeir ákváðu dýrleika jarðarinnar, og kann vel að hafa ollað mannlegur breyskleiki, að þeir ekki settu þeir hærra, en þeir gjörðu; ekki er heldur að furða, þó vesturamtið í tilliti til tíundar heldur sè undir en yfir, í samanburði við hin ömtin, því þar er fólkið færra, þar sem líka þiljuskipin eru ekkert tíunduð, og eins og hefir verið sagt hèr áður á þínginu, þó má ske gefa af sèr 2000 rdl. á ári, sem er þó ekki lítill hagnaður, og mest er af þeim til fyrir vestan, svo að þó þar sè fæst fólkið, er þar samt arðurinn mestur í samanburði við fólkstöluna. Eg vildi biðja hinn heiðraða þíngmann að sanna, hvaða ástæða er fyrir því, að vesturamtið skuli falla um nærri 2000 hndr., sem leggja ætti á hin ömtin. (*E. Ó. Kúld:* eg skal gjöra það). Hvað 5 ára frestinn snertir, sè eg ekki, til hvers hann er, nema til að fá kvartanir í það óendanlega, og hafa menn bæði getað kvartað, og líka gjört það við undirmöt og yfirmöt, og þaðan er einmitt kominn Akureyjagrauturinn þíngmannsins, sem eg varla held að verði ætari, en áður, þó farið yrði að sjóða hann að nýju í 5 ár.

G. Einarsson: Eg verð þó að vera á máli hins heiðraða varaþíngmanns Snæfellsnessýslu. Mál þetta hefir nú geingið, eins og allir vita, frá nefnd til nefndar, frá undirmati til yfirmats, og loks kom málið fyrir Reykjavíkurnefndina, sem vann að því af öllum kröptum eptir uppástúngum alþíngis 1855, og komst að þeirri niðurstöðu, að minnkaójöfnur jarðamatsins með afgjaldi jarðanna; loksins

var hèr á þíngiuu núna valin 9 manna nefnd, til enn þá einu sinni að íhuga málið og endurskoða eptir Reykjavíkurnefndina, en í staðinn fyrir að byggja ofan á það, sem hún hafði gjört, og halda áfram stefnu þeirri, sem hún hafði tekið, og verjast þannig úr efsta stigi jöfnunarinnar, hefir nefndin nú gripið til þess, að stökkva ofan í næsta stig, og fara að gjöra eins konar nýtt mat, með því að taka upp nýjan þrefaldan deili, sinn fyrir hvert amt; þetta stökk sitt mun nefndin aldrei geta varið með rèttu, en má ske með atkvæðafjölda. Aðalundirstaða sú, sem nefndin hefir byggt á deila þessa, er hundraðatalið í fornöld, en þetta er gripið úr lausu lopti, því eingin sönnun er fyrir því, að það sè jafnsanngjarnt alstaðar á landinu; hins vegar eru líkur fyrir því, að hundraðatalið hafi verið mjög misjafnt í hinum ýmsu hèruðum, og áttu stólseignirnar gömlu í því mikinn þátt, því þær munu hafa verið fullur sjöundi hluti landsins.

Það er því sannfæring mín, að hèr sè einúngis um einn deili að tala; en sè vikið frá honum, og hlaupið í amtadeili, því má þá ekki taka sýslnadeili, eða, ef til vill, hreppadeili?

E. Ó. Kúld: Hinn heiðraði þíngmaður úr Gullbríngusýslu sagðist ekki hafa skilið af ræðu minni, hvort hún heldur hefði átt að vera sókn eða vörn fyrir nefndarálitið; það er sannarlega illt, að ræða mín virðist svo óljós, eða eg hefi talað svo lágt, að hann hafi eigi getað heyrt eða skilið meiníngu mína; en svo hann sè ekki leingur í vafa um það, skal eg segja honum, að eg eingan veginn get fallizt á nefndarálitið. Hann gjörði sèr mikið far um, að reyna til, að tylla Vestfirðíngafjórðúngi upp í móts við aðra hluta landsins; eitt af því, sem hann taldi honum til gildis, var það, að hann væri ekki undirorpinn skaðræði af eldgjósandi fjöllum, eins og hinir hlutar landsins; einmitt þetta sannar berlega, hversu ókunnugur þessi þíngmaður er í Vestfirðíngafjórðúngi, og líklega hefir hann aldrei þángað fæti sínum stigið, því hann veit alls ekki til, og hefir má ske aldrei heyrt getið um öll þau hraun, sem þar eru, sem bera þess ljósan vott, hversu Vestfirðir í þessu tilliti geta verið undirorpnir sama skaðræði, og hinir hlutar landsins; hann sagði, að sjávaraflinn hèr á Suðurlandi væri næsta stopull, en það er hann á Vestfjörðum líka; þá taldi hann og það hlunnindi fyrir Vestfirði, að þar væri þiljuskip allmörg, og sem væri laus við tíundargjald; en má eg spyrja: hví nota Sunnlendíngar ei þessi hlunnindi, þar sem allt sýnist benda að því, að þeim sè það öllu hægra? Úr þessum ástæðum gjöri eg annars lítið, af því eg hugsaði mèr, að nefnd sú, sem alþíngi setti í

þessu máli, hefði verið jarðamatsnefnd, en ekki sjávarmatsnefnd!!! Hann vildi ekki, að þau hundruð, sem vesturamtið lækkaði um, ef einn yrði deilir fyrir allt landið, yrði lögð á hin ömtin, en þetta álít eg þó í eðli sínu hljóti að vera rètt. Það er þó sannarlega munur á Vestfjörðum, þar sem $^3/_4$ lausafjárhundraðs koma á mann, og á hinum ömtunum, þar sem í öðru er rúmlega eitt hundrað á mann, en í hinu um þrjú; ef einn væri deilirinn fyrir allt landið, nl. 29,5 rdl., þá yrði hlutfallið hèr um bil svona: suðuramt 7, vesturamt 5, norður- og austuramt $9^1/_2$, og líti maður til flatarmálsins, þá, eptir þessu hlutfalli, yrði

suðuramtið . . .	207 [ ] m.,	en er	192 [ ] m.
vesturamtið . .	148 —	og er	148 —
norður- og austuramt.	285 —	en er	424 —

Nú vil eg spyrja hinn heiðraða þingmann, hvers vegna að þær 640 [ ] mílur, sem hèr vanta til Vestfjarða eptir rèttu hlutfalli við hin ömtin, eiga ástæðulaust að hlaðast á þá.

J. Hávarðsson: Eg fyrir mitt leyti get ekki annað, en verið á móti því, sem nefndin hefir stúngið upp á undir 4. tölulið, nefnilega því, að þingið biðji konúnginn, að veita lögbók þessari lagagildi, undir eins og búið er að fastsetja dýrleika allra jarðeigna hèr í landi samkvæmt þessu jarðamati, heldur vil eg styðja það, að alþýðu gefist kostur á, að kynna sèr jarðamat þetta um nokkur ár, svo menn geti komið fram með kvartanir sínar, og feingið leiðrèttíngu á því, sem illa þykir hafa tekizt til með, eptir því, sem bezt getur orðið, og þegar menn væri þannig búnir að kynna sèr jarðabókina, og sætta sig við hana í nokkur ár, þá vil eg leggja það til, að hún sitji leingur við það, sem hún hefir þá feingið, en nefndin gjörir ráð fyrir; en þó nú þessu yrði þannig til hagað, get eg ekki sèð, að fyrir það þurfi að ónýta aðgjörðir þessa þíngs við jarðamatið. Það hefir eður mun komast að einhverri vissri niðurstöðu, hvað hundraðatöluna snertir, og látum svo vera, að henni verði ekki breytt af næsta alþíngi, þá samt get eg ímyndað mèr, að menn vildi laga smágalla, sem orðnir eru á jarðamatinu í ýmsum hreppum af ýmsum orsökum; eg tek til dæmis, að eg veit til, að yfirmatið hefir breytt undirmatinu, bæði hækkað það og lækkað, þegar hlutaðeigendur báru það fram með rèttu formi, en þar sem formsins var ekki gætt, þar gáfu yfirmatsmenn eingan gaum að umkvörtunum manna, og við þetta varð nokkur ósamhljóðan á undirmatinu í mörgum hreppum; líka veit eg til þess, að skýrslur frá einum prófasti

voru ekki alveg rèttar, þar sem kúgildi eru látin fylgja einni jörðu af þremur, sem þau eiga að hvíla á, en jörðu þessari var skipt í 3 jarðir af hlutaðeigandi erfíngjum, eptir að jarðamatið fór fram, með því skilyrði, að kúgildin skyldi hvíla á þeim öllum; slíka og því líka galla mætti að ósekju lagfæra. Mèr þykir annars þessi mælikvarði nokkuð undarlegur, sem nefndin hefir aðhyllzt, nefnilega þessir 3 deilar, í tilliti til Múlasýslnanna; því það sem lækkar í öðrum sýslum amtsins, það kemur allt niður á Múlasýslunum, og þar við hækka þær geysimikið. Eg verð þess vegna að vera á því máli, að bezt mundi vera, að einn og sami mælikvarði gilti yfir allt land, en fyrst nefndin vildi nú ekki hafa það svo, því vildi hún þá ekki hafa mælikvarðana fjóra, eptir hinum fornu fjórðúngaskiptum landsins? Eg verð því að halla mèr að því, sem hinn heiðraði varaþíngmaður Snæfellínga sagði, að stjórnin hefði bent til, að sinn deilir væri við hafður við hverja sýslu (*E. Ó. Kúld:* nei); því sè þessi amtsdeilir við hafður, þá geingur öll hækkunin út yfir Múlasýslurnar, og skil eg ekki í, að nefndin skuli hafa getað komizt að þeirri niðurstöðu; það er enda tilfinnanlegast með Húnavatnssýslu, sem þó er að allra dómi einhver bezta sýslan í landinu; að hún minnkar við þetta um 1184 hndr., sem, eins og annað, leggst á Múlasýslurnar. Þó eg sè ekki gjörkunnugur í Húnavatnssýslu, þá hefi eg þó farið um hana, og sèð þar gras og góðan gróður, eins og í Múlasýslunum, og það veit eg, að bústofn er þar hálfu meiri, en þar, en fólkstal einúngis að rúmum fjórðúngi meira. Eg get því ekki annað, en annaðhvort mælt með einum og sama deili yfir allt landið, þó það valdi Músasýslum um 162 hndr. hækkun, eða þá öllu heldur sínum deili fyrir hverja sýslu.

G. Brandsson: Mèr gleymdist áðan að svara því í ræðu hins heiðraða þíngmanns Snæfellínga, sem hann sagði, að jarðir í vesturamtinu hefði verið metnar eptir því, sem þær geingi í kaupum og sölum manna á milli, (*G. Einarsson:* nei, nei!) og það er nú ekki að furða, þó jarðir í vesturamtinu sè seldar við lágu verði, því afgjaldið af jörðunum þar mun ekki vera svo hátt! En þó eg þekki nú ekki mikið til jarða fyrir vestan, vildi eg þó feginn eiga hinn heiðraða varaþíngmann Snæfellínga að, með að útvega mèr þar einhverja jörðina, sem lágt er metin, fyrir matsverðið, og tek eg til dæmis Hrappsey. Þar sem hinn sami heiðraði þíngmaður fór að tala um flatarmálið, þá get eg ekki skilið að hann fái út úr því neina sönnun, því þó hann ætli sèr að taka alla jökla og hraun, eyðimerkur og sanda inn í þenna flatarmálsreikníng, þá þarf ekki annað, en líta á landabrèfið

til að sjá það, að fjöll og óbyggðir eru víðar til á Íslandi, en í vesturamtinu, og enda meiri annarstaðar, en þar. Þar sem þíngmaðurinn færði það til, að verzlunin væri sönnun fyrir því að vesturamtið væri ófrjóvsamara, en aðrir hlutar landsins, því verzlunin væri þar minnst, þá er það mjög náttúrlegt, því það kemur beinlínis af því, að fólkstalan er þar miklu minni en annarstaðar, en alls ekki af því, að landið sè þar lakara. Eg kann hinum heiðraða þíngmanni Dalasýslu miklar þakkir fyrir það, að hann minnti mig á stólsjarðirnar, þó mèr hefði reyndar átt að detta það í hug sjálfum, því það er hverju orði sannara, sem hann sagði um stólsjarðirnar, að þær voru fram úr öllu hófi hátt metnar að hundraðatali; en þegar hann fer að draga ályktun af þessu háa mati á þeim, til að sanna, hversu vesturamtið sè ósanngjarnlega hækkað af nefndinni, þá hætti eg nú að skilja, og eg held stefnan verði þar eitthvað skökk; það er eins og þíngmaðurinn vilji lètta á vesturamtinu einmitt með því, að þýngja á hinum ömtunum, og af þeim eru þó stólsjarðirnar svo mikill hluti, og hinn heiðraði þíngmaður hefir þó sjálfur játað, að stólsjarðirnar væri ósannsýnilega hátt metnar, svo það væri ekki annað, en ósanngirni á ósanngirni ofan, ef enn væri hert á matinu þar, sem það þó er of hátt undir. Mèr finnst að meiníngar manna sè ekki orðnar mjög fastar enn sem komið er, viðvíkjandi þessum umrædda deili, að minnsta kosti er eg ekki orðinn viss í því enn, hvers konar deili hinn heiðraði þíngmaður Suður-Múlasýslu vill hafa, hvort hann vill hafa sinn deili í hverju amti, fjórðúngi, sýslu, eða jafnvel hverri sveit, eða þá einn einasta deili yfir allt landið. Þessi sami heiðraði þíngmaður sagði, að Múlasýslurnar mundi hækka mjög mikið að hundraðatali eptir uppástúngum nefndarinnar, og því skal eg aldrei neita, en annað mál er það, hvort þær hækka of mikið, því með allri þessari hækkun verða þó báðar Múlasýslurnar til samans ekki enn stórt hærra metnar, en Eyjafjarðarsýsla ein, og hygg eg þó, að þeir, sem þekkja hvorartveggja sýslur þessar, mundi ekki vilja skipta þeim að slèttu, og því mun matið á Múlasýslunum ekki fjærri sanni, þó hátt þyki.

G. Einarsson: Það er sannast að segja, að hinn heiðraði þíngmaður fyrir Gullbríngusýslu er sjóndaprari, heyrnarsljóvari og skilníngsdaufari í dag, en hann annars á að sèr, því fyrst byrjar hann á því að skúta mig út fyrir það, sem eg hef aldrei talað, en eg skal nú sleppa því, því að honum kann að hafa orðið mismæli; svo fer hann nú að tala um það, sem eg sagði um stólsjarðirnar, en

hvernig sem hann hefir tekið það, þá var sú meiníng mín með því að taka stólsjarðirnar til dæmis, að eg vildi sýna fram á, hversu sá grundvöllur, sem nefndin byggir hèr á, er öldúngis óhafandi, og þegar grundvöllurinn hrynur, hlýtur líka það allt að hrynja, sem ofan á hann er byggt, og vil eg biðja þíngmenn vandlega að gæta þess, að hlaupa ekki á sig með að aðhyllast þann yfirskinsblæ, sem nefndin hefir breitt yfir sinn amtadeili, til að reyna til að gjöra hann sennilegan.

P. Sigurðsson: Tveir hinir heiðruðu þíngmenn Vestfirðínga hafa ávítað nefndina fyrir það, að hún hafi leitazt við að gjöra vesturamtið að olbogabarni, og þá er líklegt að þeir hugsi, að hin ömtin sè óskabörn hennar, en ekki get eg fundið, að Rángárvallasýsla hafi orðið fyrir því happi; það var af öllum viðurkennt hèr á þíngi 1855, að Rángárvallasýsla mundi vera hæst metin af öllum sýslum, og hærra en Mýrasýsla, sem þíngmenn álitu mikið sanngjarnlega metna, og tóku hana því eins og nokkurs konar mælikvarða, til að bera aðrar sýslur saman við. Það ætlar að rætast, er eg spáði hèr á þíngi 1855, að ef farið væri að hafa núverandi afgjöld jarða fyrir hjálparmeðal til að leiðrètta með jarðamatið, þá yrði seinni villan argari þeirri fyrri, og þetta er nú komið fram; þessi mælikvarði hefir orðið til þess, að skekkja þeim jöfnuði, sem Reykjavíkur-nefndarinnar aðalætlunarverk átti að vera að koma jöfnuði og samhljóðun í matið milli sýslna og amta landsins; því afgjöld jarða, eins og þau eru nú, eru næstum eins óáreiðanleg, að þau svari til gæða hverrar jarðar, eins og hundraðatal það, sem nú er á jörðum landsins; það var og átti að vera aðaltilgángurinn með þessu nýja jarðamati, að rètt hlutföll milli sýslna og amta yrði fundin, og síðan ætti hundraðatal landsins að geta orðið svo samkvæmt sjálfu sèr, að hver sú jörð, sem var lík að gæðum að affelldum ókostum, yrði með líku hundraðatali, hvar sem hún væri á landinu. Að leysa þetta af hendi viðunanlega, hefir Reykjavíkurnefndin ekki gjört, og líklega ekki getað gjört, úr því hún tók jarðaafgjöldin sèr fyrir hjálparmeðal; þetta hefir líka nefnd sú, er kosin var í málið á þíngi þessu, fljótt fundið, þegar hún hefir ekki sèð sèr fært, að hafa einn deili fyrir allt landið, því nefndin hefir fundið, að þá kæmi fram sáójöfnuður milli amta og sýslna, sem ekki gæti staðizt, og því hefir hún tekið það upp, að falla upp á amtadeili. Það kemur samt fram með þessari aðferð þeir sömu gallar, og áður, þó þeir ekki kunni að verða eins stórkostlegir fyrir ömtin, sem heild, eins og ef einn deilir væri við hafður. Fyrir Ráng-

árvallasýslu er þessi amtadeilir næstum eins ránglátur, sem hinn; því með honum yrði hundraðatal það, er fèlli á sýsluna, nærri $^1/_5$ hærra, en það gamla hundraðatal, sem nú er í sýslunni, að meðtöldum þeim jörðum, er ekkert hundraðatal hafa haft, og sem reiknuð eru út eptir meðalverði hinna. Með þessu fær þá þessi sýsla, ef ný tíund á að leggjast á, að gjalda $^1/_5$ hærri fasteignartíund, en hún á nú að gjalda, og þar allir þíngmenn hafa játað, að sýsla þessi hafi verið með fullháu mati, þá mundi þvílíkur eignaskattur, svona lagður á tóm ímynduð hundruð, verða ærið óvinsæll, svo eg held, að Rángæíngar finni ekki ástæðu til, að þakka þínginu fyrir þvílíkar aðgjörðir.

Eg vil þó ætla, að það gamla hundraðatal í Rángárvallasýslu sè nægilega hátt, og það sè lítil ástæða til að hækka það. Það er eitt með fleiru, sem sýnir, hvað báglega Reykjavíkurnefndinni hefir tekizt að setja sýslur landsins í rèttan jöfnuð; það er lagfæríng sú, sem hún hefir gjört á eyjunni Árnesi í Þjórsá. Nefndin segir hún hafi fyrst lagfært matið á henni eptir þeim mælikvarða, sem matsmenn Rángæínga hefði brúkað, og svo með þeim, er matsmenn Árnesínga hefði haft, og þá kemur fram, að verð það, er matsmenn Rángæínga höfðu sett á eyju þessa, lækkar um nærri $^1/_4$; nú er auðvitað, að matsmenn Rángæínga hafa matið eyju þessa öldúngis samkvæmt grundvallarreglum þeim, er þeir brúkuðu við matið í næstu hreppum sýslunnar og henni allri, því 2 sömu matsmenn voru með sýslumanni við matið í öllum hreppum sýslunnar, til að sjá um, að matið færi fram eptir sömu grundvallarreglum í henni allri; af þessu eina dæmi má þíngmönnum ljóst vera, að matsmenn Rángæínga og Árnesínga hafa gjört matið eptir nokkuð ólíkum grundvallarreglum, og einnig, hvernig Reykjavíkurnefndin hefir leyst starfa þann af hendi, er henni var feinginn til meðferðar af þínginu 1855; eg játa það, að þíngið þá benti á afgjöld jarða sem hjálparmeðal við lagfæríngu þessa, en í þeim bendíngum átti eg lítinn þátt, því eg var þeim mótfallinn. Rángárvallasýsla hefir átt, og sýnist ætla að eiga enn ekki miklu láni að fagna við þetta jarðamatsverk; fyrst þótti hún vera matin vel hátt, það viðurkenndi þíngið 1855; þar til þóttist það finna þá formgalla á mati þessu, að því þyrfti að vísa heim í hèrað til nýrra umbóta. Nú var gjört eins og varð að þeim göllum, og svo tók Reykjavíkurnefndin sýslu þessa, eins og aðrar, undir verndarvængi sína, til að koma henni sem heild í rètt hlutfall við aðrar sýslur landsins, en þetta hefir nefndinni öldúngis ekki tekizt,

sem ekki heldur var von, þegar hún brúkaði þar til þau hjálparmeðöl, sem ekki áttu við, jarðaafgjöldin; því það mun víðast reynast, að afgjöld eru tekin miklu meiri af þeirri 40 eða 60 hundr. jörð, sem klofin er sundur í mörg smábýli, en af annari jafnri að gæðum, þar sem er 1 eða 2 ábúendur; en þessi útskiptíng jarðanna í mörg afbýli er almenn í Rángárþíngi, einkum í eystri hluta þess; eg hefi líka álitið, og gjöri enn, að eystri hluti sýslunnar sè heldur harðara metinn en hinn; eg get heldur ekki talið ýmsar kvaðir með sönnum jarðargæðum, t. a. m. skipsáróður, en kvöð þessi, þegar hún liggur á mörgum, gjörir þó álitlega hækkun í afgjaldinu.

Það er líka merkilegt, að Mýrasýsla, sem þíngið 1855 hafði eins og hyrníngarstein að byggja við, er nú með þessari ráðstöfun búið að færa úr stað, og setja hana niður; Borgarfjarðarsýsla lækkar líka töluvert, og þar eg ekki þekki þær ástæður, sem þetta byggist á, verður nefndin að skýra það fyrir mèr; því ekki hafa sýslur þessar þau eyðileggíngaráhöld innan vèbanda sinna, sem Rángárvallasýsla, svo sem Heklu, Markarfljót, og fleiri ár, og sandágáng með sjávarstraum, og ekki eru þar hlunnindajarðirnar; eg verð því að áskilja mèr rètt til þess breytíngaratkvæðis, að sýsludeilir sè brúkaður fyrir landið, eða þá suðuramtið, og vil eg orða það nákvæmar síðar.

R. M. Ólsen: Þeir þíngmenn, sem hèr hafa tekið til máls í dag um jarðamatið, hafa ei talað með öllu fylgislaust, nema þíngmaður Gullbríngusýslu, sem hefir helzt haft tillit til alls landsins; hinum hefir helzt orðið að vegi, að líta helzt á þær sýslur og þau öint, sem þeir eru búsettir í, og það, sem næst þeim liggur. Þíngmaður Suður-Múlasýslu er óánægður með, að hundraðatalið í Múlasýslunum skuli hækka, en þar á móti lækka í Húnavatnssýslu, þar hann segist hafa farið um og sèð þar grös og gróður; eg hefi líka farið um Múlasýslur, og virtist mèr sveitir þær ólíkar þeim í Húnavatnsýslu, t. d. Jökuldalur, þar sem er hið bezta og víðlendasta land. Þíngmönnum er líka ljóst, hve lágar að hundraðatali jarðir í Múlasýslu eru, og að þar er venjulegt, að gjalda 12 ál. í landskuld eptir jarðarhundraðið, en í Húnavatnssýslu er það ei nema 12 fiskar; í þessari sýslu eru jarðir mjög háar að hundraðatali, t. d. í Lángadal og Vatnsdal, svo sem kristfjárjörðin Márstaðir 50 *c* að dýrleika, sem er að öllu samtöldu lakari en sum 10 *c* kot, og þess vegna er það eðlilegt, að hundraðatalan hækki í Múlasýslum, en lækki í Húnavatnssýslu. Eg get ei fallizt á að hafa *einn sameiginlegan deili*

fyrir allt land, og byggi eg það á þeirri mismunandi virðíng á ömtunum, sè eg bezt, hve ósanngjarnt það er, við að bera Húnavatnssýslu saman við Strandasýslu, þar sem eg er kunnugastur utan sýslu. Þegar Staðarhreppur í Húnavatnssýslu var metinn, fram fór virðíngin á Melum í Hrútafirði, af því hagkvæmt húsrúm vantaði í Staðarhreppi; var þar við staddur sá maður úr Strandasýslu, er síðar virti þar jarðir, og fylgdi sömu grundvallarreglu, sem í Húnavatnssýslu var við höfð, nema þar voru innstæðukúgildin metin með, svo að sú jörð, sem í Húnavatnssýslu var virt 600 rd., var í Strandasýslu virt 640 rd.; þess vegna finnst mèr, að jarðamatsnefndin í Reykjavík hafi um of sett niður Strandasýslu, að lækka hana um 17,5 %; en á þessu ræðst aptur bót við að hafa lægri deili fyrir vestur- en norðuramtið; eg verð því að aðhyllast það, að sinn deilir verði hafður fyrir hvert amt. Það væri mjög illa farið, ef jarðamatið skyldi verða ónýtt eptir alla þá fyrirhöfn og kostnað, sem af því hefir flotið; allir vita, að á öllum mannaverkum þykja meiri og minni ófullkomlegleikar og gallar, og sama mun niðurstaðan ætíð verða með jarðir, að meðan *menn* meta þær, mun matið fá ýmsa dóma.

Hinn heiðraði varaþíngmaður Snæfellínga hefir skorað á þíngnefndina í jarðamatsmálinu, að gjöra grein fyrir aðgjörðum hennar viðvíkjandi Akureyjum og Víðidalstúngu, og leyfi eg mèr, hvað seinni jörðinni við víkur, að geta þess, að eg get ei fellt mig við aðgjörðir Reykjavíkurnefndarinnar; hún hefir virt Lækjarkot sèr, og held eg það sè gagnstætt reglugjörð jarðamatsmanna frá 1. sept. 1848, § 2, vegna þess að Lækjarkot er *nýbýli,* byggt í *parti* af afrèttarlandi, sem það ómögulega getur notað sèr, nema litla deild af; þar að auki mun Lækjarkotsland vera *áfast* við *annað* afrèttarland, er kallast Austurheiði. Eigandinn hefir sjálfur ráðlagt Reykjavíkurnefndinni, að virða *allt* afrèttarlandið, sem Lækjarkot stendur í, jafngildi Stóruhlíðar, sem er hjáleiga frá Víðidalstúngu, 144 rd., um leið hann þó sjálfur viðurkennir, að í Lækjarkoti sè meira vetrarríki, hættur og ágángur, og eru þetta þó ei óveruleg atriði, samt hefir nefndin fylgt bendíngu hans og virt Lækjarkot á 144 rd.; yfir höfuð get eg einga sanngjarna ástæðu fundið fyrir því, að setja Víðidalstúngu eina niður í Húnavatnssýslu.

E. Ó. Kúld: Eg kann hinum heiðraða þíngmanni Húnvetníngа miklar þakkir fyrir þær upplýsíngar, er hann nú gaf mèr, því hann er þó sá eini af hinum heiðruðu nefndarmönnum, sem hefir fundið það skyldu sína, að tilgreina ástæður fyrir breytíngum þeim, er eg

vissi ekki neitt hverníg á gat staðið, og hann hefir nú gjört það svo vel og greinilega, hvað Víðidalstúngu snertir, að eg fell frá breytíngaratkvæði mínu í tilliti til þeirrar jarðar, en eg skora á hinn háttvirta formann í hinni konúnglegu jarðamatsnefnd, sem hèr var í Reykjavík, að gefa mèr skýríngar viðvíkjandi breytíngunni á matinu á Akureyjum. Hinn heiðraði þíngmaður Suður-Múlasýslu beindi því að mèr áðan, að eg hefði sagt, að stjórnin hefði bent til, að sinn deilir væri viðhafður við hverja sýslu, en það er misskilníngur hjá þíngmanninum, því sú var ekki meiníng mín. Eg þarf því síður að svara hinum heiðraða þíngmanni Gullbríngusýslu, sem hinn heiðraði þíngmaður Dalasýslu hefir tekið af mèr það ómakið. Eg skal geta þess, að ef sinn deilir er við hafður í hverju amti, þá er með því ónýttur allur starfi þíngsins við jarðamatið 1855, og líka allur starfi hinnar konúnglegu jarðamatsnefndar hèr í Reykjavík, og vildi eg mega skora á hinn hæstvirta *konúngsfulltrúa,* að skýra þínginu frá, hvaða myndugleika hin heiðraða nefnd muni hafa til að ónýta allt þetta.

Konúngsfulltrúi: Það eru einúngis 2 atriði í nefndarálitinu, sem liggur fyrir, um hver eg skal fara nokkrum orðum. Hið fyrra er uppástúnga nefndarinnar undir tölulið 2, í hverjum nefndin hefir farið því á flot, að sá mælikvarði, eptir hverjum setja á dýrleika eða hundraðatal á allar jarðir í landinu, eigi skuli vera einn og hinn sami fyrir allt landið, heldur 3, eður sinn fyrir hvert af 3 ömtum landsins, og út af hverri uppástúngu hinn heiðraði þíngmaður Snæfellínga skoraði á mig að segja, hvaða heimild nefndin hefði haft, til að taka 3 í staðinn fyrir einn deili eða mælikvarða, til að ákveða jarðeignanna hundraðatal. Eg skal nú ekki ráðast í, að segja neitt um, hvað rètt nefndin hafi gjört í þessu, eða meta þær ástæður, sem hún hefir fært fyrir framgángsmáta sínum, en eg skal einúngis lýsa því yfir, að með því að brúka 3 deila í staðinn fyrir einn, hefir nefndin kollvarpað að miklu leyti þeim grundvelli *(Basis),* á hverjum jarðadýrleikinn eptir minni meiníngu átti að byggjast. Eptir því sem eg hefi skilið allar þær ákvarðanir, er út hafa komið frá því fyrsta til hins síðasta um það, hvernig jarðamatið skyldi fram fara, þá miða þær allar til þess, að finna hið sanna og hlutfallsrètta matsverð allra jarðeigna í landinu, og allt, hvað fram hefir farið, og gjört hefir verið til að framfylgja þessum ákvörðunum, hefir miðað til þess, að finna hið rètta jafnaðarverð jarðanna í landinu, svo að þegar það væri fundið, ekki þyrfti annað, en að skipta öllum jörð-

um í landinu, til að finna hið rètta hundraðatal á hverri jörðu. Til hins sama augnamiðs miðuðu allar þær leiðrèttíngar jarðamatsins, sem fyrir teknar voru á alþíngi 1855, og loksins miðuðu til hins sama allar þær leiðrèttíngar við jarðamatið, er fyrirteknar voru af hinni konúnglegu jarðamatsnefnd, er skipuð var í Reykjavík 1855. Nú ætlaði eg, og eg held margir aðrir með mèr, að nú, eptir allan þenna undirbúníng og aðgjörðir, væri fundið hið sanna og rètta matsverð, er allar jarðir í landinu ætti að hafa eptir rèttri tiltölu hver við aðra, svo að nú þyrfti ekki annað en skipta matsverðinu á öllum jarðeignum landsins með einum og sama deili, til að finna það rètta hundraðatal, þannig að hvert hundrað í sèrhverri jörðu og öll til samans yrði jöfn að verði og gæðum; og mèr skilst ekki betur á nefndarálitinu, en að nefndin hafi álitið þannig vera geingið frá jarðamatinu með öllum þeim leiðrèttíngum, sem það hefir feingið, að hinu ofanumgetna augnamiði nú væri fullkomlega náð, og sá rètti grundvöllur til jarðadýrleikans fundinn. En nú kastar nefndin öllum þessum grundvelli og öllum þessum undirbúníngi burtu, og fyrir tekur einhverja hina stórkostlegustu leiðrèttíngu á jarðamatinu, með því að stínga upp á þremur sèrstaklegum og ójöfnum deilum í staðinn fyrir einn, og þessi leiðrèttíng jarðamatsins er svo stórkostleg, að hún hækkar jarðamatsverð allra jarðeignanna í vesturamtinu um $^1/_7$ part frá því, sem það var eptir jarðamatinu og leiðrèttíngum þess, og frá því, sem það hefði orðið, ef einn mælikvarði hefði verið brúkaður fyrir allt landið. Þó eg nú þannig að forminu til ekki geti fallizt á það úrræði, er nefndin hefir gripið til, vil eg þó þar með hvorki hafa álasað henni eða sagt nokkuð um, hvort þetta úrræði hafi verið heppilegt, eða ekki, því þar til er eg ekki nógu kunnugur öllum jarðamatsgjörðunum og leiðrèttíngum þeirra.

Hið annað atriði, er eg vildi minnast á, er uppástúnga nefndarinnar 4 litr. *b*, eptir hverri allar fasteignartíundir skulu greiðast eptir hinum nýja dýrleika í jarðabókinni þegar í stað, eptir að hún hefir náð lagagildi. Eg er ekki viss um, hvort eg skil þessa uppástúngu rètt, hvort það er meiníng nefndarinnar, að tíund skuli taka eptir hinum nýja dýrleika af öllum jörðum, hvort þær áður hafa verið tíundarfríar, eða ekki, og bið eg því hinn heiðraða *framsögumann*, að skýra mèr, hvernig uppástúngan í þessu tilliti á að skiljast.

Framsögumaður: Nefndinni datt ekki í hug að breyta hinum núgildandi tíundarlögum, heldur einúngis að tíundir yrði teknar sam-

kvæmt þessu jarðamati, þegar jarðamatsbókin væri búin að fá lagagildi, að því leyti tíundarskylda hvíldi á jörðunum, eptir núgildandi lögum og landsvenju.

Konúngsfulltrúi: Ef þetta er hinn rètti skilníngur uppástúngunnar, vil eg ráða til, að breyta orðatiltækjunum í þeim umgetna staflið *b;* því þau leiða beinast til þess skilnings, að nú eigi að leggja tíundarskyldu á *allar* jarðir í landinu eptir hinni nýju jarðabók. En að öðru leyti þykir mèr þessi ákvörðun óráðleg, og eg held rèttara, að tíundir sèu teknar eptir hinum gamla dýrleika jarðanna, þángað til hin nýju skattalög koma, hvers eigi mun lángt að bíða, eptir að hin nýja jarðabók hefir öðlazt konúnglega staðfestíngu.

M. Andrèsson: Eg ætla mèr ekki að tala margt í þessu mikla málefni, enda mun þess ekki gjörast þörf, því það verða aðrir til þess, sem færari eru um það en eg, og það skal í þetta sinn verða því styttra, sem eg tala, sem eg heyrði núna, að ræða hins háttvirta *konúngsfulltrúa* stefndi einmitt í þá áttina, sem eg hafði hugsað mèr að tala; eg var nefnilega í vafa um það, hvernig hin heiðraða nefnd mundi hafa hugsað sèr þetta mál viðvíkjandi fasteignartíundinni, þángað til hinn háttvirti *varaforseti* skýrði það nú fyrir mèr. Eg sè, að hin gamla bændaeign hækkar mjög mikið, og er það mjög eðlilegt, þegar matið á gjörvöllu landinu stígur upp, hvort sem það er nú æskilegt eða ekki, þegar stjórnin áskildi þó einga vissa hundraðatölu, og hefði því gjört sig ánægða með hina fornu, svo mèr finnst nefndin hafa stigið einu feti of lángt í því efni, og villzt einmitt á stólsgóssunum, en ekki hugað nógu vandlega að því, að það var eingin mynd á mati stólsjarðanna, eins og menn hafa sèð á undanförnum þíngum, og hinn heiðraði þíngmaður Dalasýslu sagði áðan; en af því að stólsjarðirnar voru svona óhæfulega hátt metnar í samanburði við bændaeignir, þá er eins og nefndin hafi komizt til þeirrar niðurstöðu, að hækka bændaeignirnar mikið, til þess að koma einhverjum jöfnuði á, en það er nú eptir að vita, hvort rètt er að koma jöfnuðinum á með þessu móti, því forfeður vorir höfðu þó líka nokkurt vit á að meta jarðir, eins og vèr. Bændaeignir í Árnessýslu voru eptir fornu mati nálægt 795 *cr*, en hjá nefndinni er það orðið að 1055 *cr*, og hefir bændaeignin þannig hækkað um 260 *cr*, eða $^1/_4$, frá því 1760; svo að hver sú jörð, sem þá var 30 *cr* að dýrleika, verður nú eptir þessu mati 40 *cr*, o. s. frv. eptir sama hlutfalli, og sumar af bændaeignunum hækka um helmíng og æði-margar um þriðjúng, en það eru alls 6 jarðir sem lækka af bændaeignum og

það um 1 og 2 *cr.* Þessi mikla breytíng frá því, sem verið hefir frá ómunatíð, hygg eg muni nú olla megnri óánægju, og hefði eg því kann ske hallað mèr að breytíngaratkvæði hins heiðraða varaþíngmanns Snæfellínga, hefði eg ekki aðhyllzt það, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði áðan, að farið yrði eptir hinni fornu fasteignartíund með tíundagreiðsluna, í hið minnsta fyrst um sinn, þángað til kæmi ný skattalög. Það, sem hinn heiðraði þíngmaður Rángvellínga tilfærði um Árnesið, það fannst mèr ekki geta sannað mikið, því þó að það væri misjafnt metið, gat það eðlilega komið af því, að vèr Árnesíngar þekktum það ekki eins vel, og Rángvellíngar, því að svo stendur á, að beitiland þetta er notað úr Rángárvallasýslu, en ekki Árnessýslu, en eg skal samt ekki neita því, að ef nefndaráliti þessu verður fylgt, þá verður Rángárvallasýsla harðara úti, en Árnessýsla, eptir því sem eg hefi getað komizt næst, og er eg þó á báðum þeim stöðum nokkuð kunnugur. Eg skal ekki vera margorður um 5. töluliðinn í niðurlagsatriðum nefndarálitsins, en ekki get eg greitt atkvæði mitt með því, sem þar stendur, eins og það nú liggur fyrir; eg veit það, að það voru 3 menn í þessari konúnglegu jarðamatsnefnd hèr í Reykjavík, og eg ímynda mèr, að þeir hafi allir haft mikið fyrir þessu vandasama verki, en eg er ekki svo fróður um starfa þeirra, hvers fyrir sig, að eg geti gjört þenna mun á þeim, sem hèr er gjörður, að einn þeirra á að fá 100 rdl., einn 50 rdl., og einn ekkert, þó getur það vel verið, að það sè sanngjarnt, að þessi, sem er í meðallagi, fái 50 dalina fyrir geymslu skjalanna og húsrúm handa nefndinni, en það held eg hinir nefndarmennirnir hefði átt að jafna við hann, og fá svo annaðhvort allir jafna viðbót eða einginn neitt.

V. Finsen: Eg ætla að fara nokkrum orðum viðvíkjandi niðurlagsatriðum nefndarinnar. Undir tölulið 2, er stúngið upp á, að þegar skipta skuli dýrleikanum niður á hinar einstöku jarðir, þá skuli við hafa sèrstakan deili fyrir hvert amt, þannig að dalatala sú, sem gánga á í hvert jarðarhundrað, verði mishá í hverju amti. Það er nú kunnugt, að jarðamatsnefndin 1855 átti að laga allar ójöfnur milli hinna einstöku sýslna eða hèraða, með því að leggja til grundvallar upphæð afgjaldanna í hverri sýslu, og með þeirri aðferð virðist mega álíta að jöfnuður sè á kominn yfir höfuð. Eingu að síður skal eg ekki mótmæla því, að einhverjar ójöfnur kynni að eiga sèr stað enn þá, og að því gæti verið spursmál um, að við hafa á einum stað annan deili en á öðrum, og hefi eg sjálfur á þínginu 1855,

þegar spursmál var um, að leggja til grundvallar jarðaafgjöldin, til að fá jöfnuð milli sýslnanna, bent til, að ef enn þá yrði ekki öldúngis jafnt matið, mætti laga þetta með ólíkum deilum. En slíka ólíka deila á ekki að við hafa, nema eptir fullum og nægum ástæðum, og ef vissa er fyrir því, að meiri jöfnuður fáist með því móti, og það get eg ekki álitið að nefndin hafi hèr sannað að sè. Nefndin hefir viljað byggja á upphæð hundraðatalsins í hinum einstöku ömtum, en það er kunnugt, að hið forna hundraðatal er mjög rángt og ónákvæmt, og nefndin hefir eingan veginn sannað, að sá ójöfnuður, sem er á mati einstakra jarða sín á milli, sè ekki öldúngis eins milli hèraðanna eða amtanna innbyrðis. Það er líka almennt viðurkennt, að ójöfnuður á sèr stað á hundraðatölunni í milli sýslnanna innbyrðis, og meðal annars gekk skattanefndin 1845—46 út frá slíkum ójöfnum milli hèraða. Eg verð því að vera mótfallinn því, að ólíkir deilar verði fyrir hvert amt, ekki af því að eg áliti aðgjörðir Reykjavíkurnefndarinnar ónýttar fyrir það, því eg hefi einmitt, eins og eg sagði áðan, gjört ráð fyrir, að slíkir ólíkir deilar gæti átt sèr stað, heldur vegna hins, að alls eingin sönnun er fram komin fyrir því, að þá aðferð þurfi að við hafa, eða að nú eigi sèr nokkur ójöfnuður stað. Eg álít því, að við hafa ætti sama mælikvarðann fyrir allt landið, og þá mætti, ef menn vildi, taka meðaldeilinn, sem yrði nálægt 29,5 eða, sem eg vil þá heldur stínga upp á, sá deilir, sem mundi verða ofan á í suðuramtinu, nefnilega 30,5 því með því móti hækkar ekki hundraðatalan í suðuramtinu, og stjórnin hefir að sönnu sagt svo fyrir, að hundraðatölunni á öllu landinu mætti haga eptir því, sem þíngið vildi, þó svo, að hún yrði ekki minni en hún er nú; og mundi hundraðatalan kann ske lækka nokkuð með mælikvarðanum 30,5, en bæði er aðgætandi, að sú hundraðatala, sem nefndin hefir geingið út frá, hèr um bil 86,000 hundraða, er að nokkru leyti útfundin með útreikníngi, nefnilega, hvað snertir þær jarðir, sem eingin forn hundraðatala er á, svo eingin sönnun eða vissa er fyrir því, að þessi hundraðatala sè öldúngis rètt, og í öllu falli yrði það, sem hundraðatalan í öllu landinu lækkaði, ekki svo mikið, að það svaraði neinu verulegu, svo eg ímynda mèr, að stjórnin geingi eins vel inn á það, og á sèrstaka deila.

Viðvíkjandi 3. niðurlagsatriði nefndarinnar er eg í vafa um það, hvort það mundi æskilegt, að jafna svo nákvæmlega niður hundraðatalinu, að jafnvel t. a. m. 1 alin eða 3 álnir verði teknar með; slík nákvæmni er of mikil og þýðíngarlaus, eins og hún er óþægileg og

umsvifamikil við útreiknínga; og vildi eg stínga upp á, að sleppt væri alveg öllu, sem er fyrir innan $^1/_{10}$ hundraðs, og að álnirnar verði ætíð $^1/_{10}$, $^2/_{10}$, $^3/_{10}$, o. s. frv. af jarðarhundraði, en því, sem þar er á milli, sleppt. Ekki get eg heldur fallizt á þá skoðun, að jarðabókin verði lögð fyrir alþíng að 10 ára fresti, því það þykir mèr of stuttur tími. Úr því jarðabókin einu sinni er tekin sem gild, þá vil eg gánga út frá því, að hún sè góð, og að ekki þurfi að fara að breyta henni strax aptur, en ef hún ætti að koma fyrir þíngið aptur að 10 ára fresti til endurskoðunar, þá eru menn eptir þau 10 ár naumast meir en svo byrjaðir að nota jarðabókina. Það er aldrei álitið hollt, heldur sannkallað neyðarúrræði, að breyta jarðamati mjög opt, og þegar jarðamatið væri nú viðtekið, væri æskilegt, að það gæti þar á eptir verið í gildi sem leingst, og vil eg því áskilja mèr rètt til breytíngaratkvæðis í þá átt, að jarðabókin verði látin gilda að minnsta kosti í 20 ár, eptir það, að hún hefir feingið lagagildi, áður en hún verði lögð undir endurskoðun.

Viðvíkjandi niðurlagsatriði nefndarálitsins undir töluliið 4. staflið *b* er eg á sama máli, og hinn háttvirti *konúngsfulltrúi,* nefnilega, að ísjárvert er, að heimta strax tíundir eptir hinni nýju jarðabók, og álít eg að bezt mundi fara, að jarðabókin sè þegar löggilt, en síðan beðið eptir lagaboði um það, frá hvaða tíma byrja skuli að greiða opinber gjöld eptir henni, og áskil eg mèr breytíngaratkvæði í þá stefnu, eins og um hin önnur atriði, er eg hefi talað um. Hinn heiðraði varaþíngmaður Snæfellínga skoraði á mig áðan, að skýra frá ástæðum fyrir breytíngunum á matinu á Akureyjum og Víðidalstúngu, en eg skal geta þess í því tilliti, að öll skjöl þau frá jarðamatsnefndinni, sem þar að lúta, hafa verið lèð nefndinni í máli þessu, til þess að henni gæfist kostur á að kynna sèr þær ástæður, eins og hver þíngmaður getur haft aðgáng að sjá skjöl þessi, og að öðru leyti hefi eg einga heimild til, að svara þessari áskoran þíngmannsins í allrar nefndarinnar nafni. Viðvíkjandi jörðinni Leiðarhöfn, skal eg geta þess, að jarðamatsnefndin í Reykjavík hafði mikinn vafa eptir matsbókunum um matið á þessari jörð, en upplýsíngarnar voru ekki nægar til að breyta matinu. Að endíngu vil eg óska þess af heilum hug, að jarðamat þetta verði nú viðtekið, því það hefir frá fyrstu verið of mikið fyrir því haft og til þess kostað, til þess að það nú verði að eingu.

St. Jónsson: Eg vildi þó heldur hvetja til þess, að fullkomna núna jarðamatið, heldur en að eiga það leingur yfir höfði sèr, að flækja

því og fresta um 5 ár enn, og verð eg að vera því mótfallinn, því eg get ekki séð, að það verði til annars en til að rugla jarðamatið enn meira. Eg held menn fari þá að telja fram hraunin í hverri sýslu og steinana í hverju hrauni og annað þess háttar, eptir sem nú heyrist á ræðum manna. Það hefir nú verið margrætt um, hvort hafa ætti 1 deili yfir allt land, eður 3 deila, sinn fyrir hvert amt, eg hefi nú ætíð staðið í þeirri meiníngu að hafa 1 deili, en eg finn, að hinir færa nokkrar ástæður fyrir máli sínu, en eg býst þá líka við, að menn vilji hafa sýsludeili, og svo hreppadeili, og þá ber að því á endanum, að það verði sama sem að segja: við viljum ekkert jarðamat nema það, sem verið hefir. Þar sem nokkrir þíngmenn hafa tekið það fram, að í norður- og austuramtinu væri svo margt lausafè, þá er það ekki rètt að meta jarðir eptir fjárframfærslu einni, því það er svo margt annað, sem gjörir áhrif á verð jarðannna. Eg efast um, að þótt mönnum gæfist kostur á að róta við jarðamatinu og rugla því til í 10 eða 20 ár enn, að það mundi þá verða nokkru betra, en það er nú; eg er þvert á móti hræddur um, að menn fái þá fyrst þann graut í jarðamatið, sem gjörði það verra, en ekki betra.

G. Brandsson: Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* var hræddur um, að ef tekinn væri mælikvarði nefndarinnar, þá mundi raskast verk Reykjavíkurnefndarinnar; en það getur þó ekki orðið að öllu leyti, eða yfir allt land, því það raskast þó að eins á milli amtanna, en ekki í ömtunum sjálfum; hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði líka, að nefndin hefði byggt á uppástúngum alþíngis 1855; en þær voru svo lagaðar, að Reykjavíkurnefndin átti að vera sèr úti um skjöl og skýrslur hjá embættismönnum um sanngjarnan leigumála jarðanna; en þessar skýrslur hefir hún ekki feingið, og nefndinni verður þó ekki um það kennt, heldur embættismönnunum, er hún hefir skrifað til um skýrslurnar; það er því ekki von til, að nefndin í Reykjavík gæti fullnægt því ætlunarverki, er alþíngi 1855 fól henni á hendur, þar sem hana vantaði skýrslur um sanngjarnan leigumála jarðanna; hvernig á þá þíngið núna að geta byggt að öllu leyti á þessu hennar verki, sem hlaut að verða svona ófullkomið? Hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður sagði, að það vantaði sönnun fyrir því, að Vestfirðíngafjórðúngur hefði verið fyrrum rètt metinn, eður að forna hundraðatalan væri rètt; en það vantar líka sönnun fyrir hinu gagnstæða, og það ræður að líkindum, að hinir fjórðúngarnir, þar sem stólsgóssin voru, hafi verið hærra metnir, og því hafi Vestfirðínga-

fjórðúngur verið heldur lágt metinn í samanburði við þá. Það hefir verið talað um, að hafa deili fyrir hverja sýslu; stjórnin hefir líka talað um, að leggja víst hundraðatal á hverja sýslu, þó hún hafi ekki tekið það berlega fram, að sèrstakur deilir væri tekinn fyrir hverja þeirra; en hún hefir þó gefið þínginu frjálsar hendur með hina nýju hundraðatölu, nema að það einúngis stígi ekki niður úr því gamla. Hinn háttvirti 5. konúngkjörni stakk upp á, að hafa 1 deili fyrir allt land, og brúka til þess deilinn fyrir suðurland, $30,_5$; en ef það væri gjört, þá mundi vesturamtið hrapa niður úr öllu hófi og hundraðatalan á öllu landinu verða minni, en hin gamla hundraðatala.

Það hefir og verið minnzt á launaviðbót þá, sem í 5. uppástúngu nefndarinnar er ætlazt til að tveir af þeim, er sátu í Reykjavíkurnefndinni, skyldi fá. Í nefndarálitinu eru teknar fram ástæður fyrir því, að formaður nefndarinnar skyldi fá þessa þóknun fyrir húsnæði, átroðníng o. s. frv., og þykir mèr það sanngjarnt; en hitt er eingu síður sanngjarnt, að hinn háttvirti *varaforseti* fái líka þessa 100 rdl., sem til eru teknir í uppástúngum nefndarinnar; því hann hefir orðið að skerða atvinnuveg sinn fyrir þann muninn, og fá mann fyrir sig við ýmisleg skrifarastörf, sem hann sjálfur hafði áður á hendi, og þar eð hann er embættislaus, er allt öðru máli að gegna með hann, en hina, sem ekki þurftu að tapa neinu af launum sínum fyrir þenna starfa.

Framsögumaður: Þegar nú ræða er um þessa 3 mælikvarða nefndarinnar, þá mega menn ekki, eins og hinn háttvirti þíngmaður Gullbríngusýslu hefir bent til, missa sjónar á því, er alþíngi 1853 og 1855 rèð til, að ekki mætti beinlínis fara eptir afgjaldamælikvarðanum, heldur laga hann og miðla til, áður hann væri hafður til að leiðrètta jarðamatið, eptir útveguðum skýrslum frá embættismönnum um hið mismunanda eptirgjald jarðanna; þessara skýrslna hefir Reykjavíkurnefndin leitað, en ekki feingið. En nú kemur þá upp á, ef 1 mælikvarði er hafður yfir allt land — sem óneitanlega lá næst, einkum ef áreiðanlegar skýrslur hefði feingizt um hinn mismunanda leigumála í ýmsum hèruðum, — hvort ekki kæmi fram slíkarójöfnur á jarðamatinu, að það yrði ófært, og það sýndi sig þá, að eitt amtið mundi lækka um 2000 *rd*, og suðuramtið mundi svo talsvert hækka, að það yrði 1172 *rd* dýrara en áður var, en norður- og austuramtið hèr um bil standa í stað. Þenna ójöfnuð gat nú nefndin ekki rèttlætt, og því tók hún það ráð, að hafa sinn mæli-

kvarða fyrir hvert amt. Það hafa nú þrír menn úr vesturamtinu setið í nefndinni og fallizt á þetta, eða með öðrum orðum, þeir hafa orðið að fallast á, að menn skorti ástæður til að geta rèttlætt ójöfnurnar, er leiddi af aðaldeilinum; eg segi, að þær hefði að líkindum eingar orðið, enn þótt einn mælikvarði hefði verið við hafður yfir allt land, hefði Reykjavíkurnefndin getað feingið áreiðanlegar skýrslur um afgjaldamismuninn, og getað lagað afgjaldamælikvarðann fyrir leiðrèttíngunum þar eptir; en nú varð hún að fara beint eptir tölustærðum afgjaldanna, eins og þau lágu fyrir; og eg segi, að einmitt þær ójöfnur, sem nú koma fram fyrir aðaldeili til hundraða yfir allt land, leiði af þeim mismunandi afgjöldum, sem eingin upplýsíng fèkkst um. Tveir heiðraðir þíngmenn, þíngmaður Dalasýslu og varaþíngmaður Snæfellínga, hafa þrátt fyrir þeirra laungu ræður ekki rèttlætt það enn, að vesturamtið hafi geingið svo mikið af sèr meir en hinir fjórðúngar landsins, en þeir aptur batnað að því skapi, að vesturamtið eigi nú að rèttu lagi að vera 2000 ☞ eður $^1/_{11}$ minna að hundraðatölu, en það var að fornum dýrleika, og bíður nefndin eptir þessari rèttlætíngu, og skal eg þá fúslega taka þeim — og það veit eg nefndin gjörir öll með ánægju, og fellst á einn og sama mælikvarða yfir allt land, — en þeir hafa ekki komið með eina ástæðu, er geti rèttlætt þessar ójöfnur, þrátt fyrir allar hinar óendanlegu gönur, sem þíngmaðurinn úr Snæfellsnessýslu hefir hlaupið í í ræðum sínum; en eg treysti mèr ekki til að eygja hann á þeim gönuhlaupum, auk heldur að elta. Hinn háttvirti þíngmaður Gullbríngusýslu hefir svo ljóslega sýnt, hvernig opt fer, þegar menn, eins og hinn háttvirti þíngmaður Húnvetníngа sagði, einblína á það, sem næst manni er, en horfa ekki yfir allt málefnið eða gjörvallt landið; þannig fór nú fyrir þíngmanni Dalasýslu, hann sýndi með dæmi sínu áhrærandi hina miklu hærri hundraðatölu á stólsgóssunum einmitt það, að gamla hundraðatalan hefði að tiltölu verið talsvert hærri fyrir norðan og sunnan, heldur en fyrir vestan, þvert á móti því, sem hann víst ætlaði að sýna. Þetta og annað eins er sláandi vottur þess, að menn horfa helzt til of nærri sèr.

Það hefir verið sagt, að það væri lítið lausafè fyrir vestan; en það er í mörgum öðrum hèruðum, sem þó eru kölluð efnuð, mjög lítið lausafè; það hefir og verið sagt, að menn vildi bera Vestfirðíngum á brýn tíundarsvik; það hefir einginn sagt, en hitt get eg sagt, að menn í vesturamtinu hafa sýnt sig hneigðasta til, að lækka, og fá út sem lægst jarðamat að mögulegt er, og get eg sýnt og sannað

tilraunir þeirra, til að gjöra sem minnst úr jörðum sínum; í vesturamtinu einu voru samtals 7 hreppar, sem þurfti að meta upp aptur eptir öðrum hreppum sýslna þeirra, er þeir hreppar eru í, og þurfti að hækka þá alla í mati, en eingan að lækka; í annan stað sýnir jarðamatsfrumvarpið, að nefndin 1855 hefir mátt þar að auki til að hækka matsverðið í sýslunum: í Snæfellsnessýslu um 35,5 %, í Dalasýslu um 40,1 %, og í Barðastrandarsýslu um 52,5 %. Eg lái nú að vísu ekki þeim mönnum, sem stóðu svo nærri þessu eptirtektaverða mati í vesturamtinu, þótt þeir vilji reyna að mæla því bót, en þeir ætti samt að vera dálítið vandir að ástæðum sínum. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* taldi nú margt til á móti amtsmælikvörðunum, og vildi heldur hafa hann einn yfir allt land; það vildi nefndin líka í rauninni, þó ekki svo, að af honum leiddi þær ójöfnur, sem með eingu móti yrði rèttlættar; og hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hefir heldur ekki, það eg gæti sèð, rèttlætt þær ójöfnur, er nefndin hefir sýnt fram á að hlyti að leiða af einum mælikvarða. Amtmaðurinn í vesturamtinu hefir líka í álitsskjali sínu til stjórnarinnar 29. jan. 1851 komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki mundi hlíta, að hafa einn mælikvarða yfir allt land til að ákveða hundraðatöluna, — því það mundi valda ójöfnuði, eins og nú er komið fram, — heldur yrði nauðsynlegt að hafa sinn mælikvarða fyrir hvert amt. Af þessum ástæðum hefir nefndin tekið amtsdeilinn, og, að eg vona, líka rèttlætt hann svo, að ekki sè ástæða til að hafna honum.

Hinn heiðraði þíngmaður Rángvellínga og hinn heiðraði þíngmaður Suður-Múlasýslu hafa minnzt á misjöfnur í einstökum sýslum, og hinn heiðraði þíngmaður Suður-Múlasýslu benti til, að betra mundi að hafa sinn mælikvarða í hverjum fjórðúngi, mèr ætti og sem fulltrúa Skaptfellínga, að þykja þetta ákjósanlegt, ef eg vildi hafa fram sem lægst hundraðatal í þeim sýslum, því þá feingi menn mælikvarða sèr fyrir þeim 3 sýslunum, sem allt af hafa verið álitnar með lánglægsta hundraðatali á öllu landinu; en eg get ekki lagt til, að þetta lága hundraðatal haldist um aldur og æfi. Þíngmaðurinn úr Suður-Múlasýslu þóttist ekki skilja í því, að það gæti verið á rèttum rökum byggt, sem upp á yrði, ef amtamælikvarðarnir væri hafðir, að allar sýslur í norður og austuramtinu lækkuðu að hundraðatali eða dýrleika hjá því sem áður var, — eða svona tókst mèr eptir honum, — nema Múlasýslurnar einar, þær hækkuðu að dýrleika, og það svo feykilega fram yfir það, sem verið hefir, að því skapi, sem allar hinar sýslurnar í norður- og austur-amtinu lækkuðu. Það er

nú meir en satt, að bæði Húnavatns- og Eyjafjarðar, en einkum Skagafjarðarsýsla verða með talsvert lægri hundraðatölu eptir þessu nýja jarðamati, heldur en þær höfðu áður að fornum dýrleika; hundraðatalan í Þíngeyjarsýslu hækkar þar í móti um nál. 1000 hndr., og báðar Múlasýslurnar til samans um nál. 3484 hndr.; þetta sýnist nú að vísu feykileg hækkun í fljótu áliti, en þess ber fyrst að gæta, að Múlasýslurnar hafa jafnan verið álitnar með miklu lægra hundraðatali, heldur en allar aðrar sýslur á landinu, eins og eg tók fram áðan, og þar næst ber og að gæta hins, að enn þótt Múlasýslurnar hækki nú um 3484 hndr., svo að þær verða nú báðar samtals 8028 hndr., þá verða þær nú *báðar til samans* með litlu hærra hundraðatali, heldur en Eyjafjarðarsýsla, sem þó lækkar að dýrleika um nál. 250 hndr.), því Eyjafjarðarsýsla verður nú 7905 hndr., og verða þá báðar Múlasýslurnar samtals einum 123 hndr. dýrari en Eyjafjarðarsýsla; og eg held allir verði þó að játa, að Múlasýslurnar báðar eru í raun og veru svo sem þessu svari betri en hún. Jarðamatsnefndin frá 1802 setti Norður-Múlasýslu eina 500 hndr. og Suður-Múlasýslu 1100 hndr. dýrari en Eyjafjarðarsýslu, og þá varð og Suður-Múlasýsla 100 hndr. hærri að hundraðatali, heldur en Húnavatnssýsla; eg ætla, að af þessu megi sjá það; eins og af svo mörgu öðru, ef saman væri borið og nákvæmlega rannsakað, að þetta nýja jarðamat hefir fram miklu betri jöfnuð á dýrleikanum bæði sýslna á milli og á einstökum jörðum, heldur en áður var. — Þetta sama verður nú upp á, þegar Rángárvallasýsla og það hundraðatal, sem hún nú fær, er borið saman við hið nýja hundraðatal í öðrum sýslum; það er að vísu satt, hún hækkar nú að dýrleika um nál. 1500 hndr., en þetta ætla eg ekki um of, hvorki í samanburði við aðrar sýslur, sem hafa fyr og síðar verið álitnar að standa Rángárvallasýslu jafnfætis, eða því sem næst, nè heldur þegar litið er til sjálfrar þessarar sýslu, hvað hún hefir óneitanlega til að bera, og hvern mannfjölda hún forsorgar. Rángárvallasýsla hefir leingi verið talin með hinum beztu sýslum landsins, má ske frýrari en þær allrabeztu, en á borð við og ekki lakari en t. d. Skagafjarðar og Eyjafjarðarsýsla; þrátt fyrir það, hvað Rángárvallasýsla nú virðist hækka frekt að hundraðatali, verður hún samt mjög áþekk Húnavatnssýslu að dýrleika; hún verður með nálægt 400 hndr. lægra dýrleika en Skagafjarðarsýsla, 700 hndr. lægri en Eyjafjarðar og 1100 hndr. lægri en Árnessýsla. Áhrærandi sjálfa Rángárvallasýslu skal eg að eins geta þess, að af þeim 1500 hndr., sem hún nú hækkar um, þá lendir sem næst þriðjúngur þess, eður nálægt 500 hndr.,

á Holtamannahreppi einum saman, og mun þó hinn heiðraði þíngmaður Rángvellínga kannast við, að sá hreppur er matinn heldur lágt en hátt, eptir því sem álitið hefir verið; en af þessari 500 hndr. hækkun í þeim hreppi lendir 117 hndr. hækkun á Hábæjartorfunni eða Þykkvabænum, og ætla eg heldur ekki um of, þó jarðartorfa með nálægt 60 búendum komist upp í 174 hndr. að dýrleika; mest öll hin hækkunin lendir einkum á einstöku stórjörðum og höfuðbólum í sýslunni, sem áður hafa verið með mjög lágu hundraðatali, skal eg meðal þeirra nafngreina til dæmis: Holt undir Eyjafjöllum, Stóradal, Hlíðarenda, Eyvindarmúla-eignina, Breiðabólstað í Fljótshlíð, Oddastað, og fleiri slíkar jarðir, er flestar eru undanþegnar tíund; en af öllu þessu leiðir það, að hinar smærri bændaeigna-jarðir, sem tíund greiða, hækka mjög lítið að hundraðatali yfir höfuð að tala.

E. Ó. Kúld: Eg ætla mèr nú ekki að svara öllu því, er hinn háttvirti *varaforseti* sagði, en eg verð samt að biðja hann að leiða rök að því, er hann sagði, að menn í vesturamtinu hefði reynt til að rýra matið á jörðum sínum með öllu móti (*Framsögumaður:* það sagði eg ekki); það var þó að mèr skildist meiníngin í orðum hans, og vil eg þá spyrja hann, hvort honum þykir þetta tilhlýðilega talað, því það veit hann, að í vesturamtinu voru þó eins eiðsvarnir menn eins og annarstaðar. Mèr finnst ekki rètt að tala svona um þá, einkum þegar menn gæta þess, að reglur þær, sem jarðamatsmönnum voru feingnar til að meta eptir, mátti teygja eins og hrátt skinn, og hver gat skoðað þær frá sínu sjónarmiði, án þess þær í raun og veru byndi mann við eina aðalreglu; en nú er ekki leingur að tala um atgjörðir jarðamatsmannanna, heldur um jarðamat alþíngis 1855 og Reykjavíkurnefndarinnar, því jarðamatið núna, eins og það liggur fyrir, er að álíta sem frá þeim, en ekki frá hinum fyrstu jarðamatsmönnum, og segi eg það satt, að eg vildi óska, að þetta jarðamat væri lagt á sömu hylluna, ef uppástúngur nefndarinnar fá samþykki óbreyttar, sem sveitastjórnarmálið geymist á, að minnsta kosti þángað til skattalögin nýju komast á. Hinn háttvirti *framsögumaður* vildi segja, að aldan fyrir 3 deilunum væri runnin frá hinum háttvirta *konúngsfulltrúa,* og þó eg þurfi ekki, eða ætli mèr að halda hèr uppi svörum fyrir hann, þá skal eg geta þess, að eg verð að biðja hinn heiðraða *framsögumann* að gæta þess, að það var allt öðru máli að gegna með jarðamatið 1851, heldur en nú, þegar það er byggt á aðgjörðum Reykjavíkurnefndarinnar og ráðstöfun alþíngis 1855; en eg skal ekki fara um þetta fleiri orðum, því hinn háttvitri

konúngsfulltrúi getur bezt svarað fyrir sig sjálfur. Þá vildi hinn háttvirti *framsögumaður* skylda hinn háttvirta þíngmann Dalasýslu og mig, til að rèttlæta það, að rètt væri að fara eptir jarðaafgjöldunum yfir allt land; en mèr þykir það nokkuð ósanngjörn krafa, að heimta af okkur að rèttlæta þann grundvöll, sem hinn háttvirti *framsögumaður* barðist sjálfur fyrir á alþíngi 1855 og í Reykjavíkurnefndinni, því þá gekk hann út frá jarðaafgjöldunum, þó hann gjöri það ekki núna.

J. Hávarðsson: Eg vildi helzt hafa 1 mælikvarða fyrir allt landið, af því að þegar 3 mælikvarðar eru hafðir, þá er einn hafður fyrir nærfellt hálft landið, en 2 mælikvarðar fyrir hinn partinn af landinu, sem er rúmlega helmíngur; til dæmis í norður- og austuramtinu eru forn ☞ 37,203, og virðíngarverð þeirra 1,115,327 rd., en í suður- og vesturamtinu eru 49,782 ☞, og virðíngarverð þeirra 1,441,161 rd., allt svo 1 mælikvarði yfir $^2/_5$ parta landsins, en 2 yfir hèr um hil $^3/_5$; þetta finnst mèr einginn jöfnuður, að fella þannig 1 mælikvarða á allt norður- og austuramtið, og því verð eg að vera því mótfallinn; eg er og svo því mótfallinn, að flýtt sè fyrir jarðabókinni, og að hún verði löggilt strax; en eg vil samt ekki, að alþíng 1859 feingi fullkomlega lausar hendur, til að breyta jarðamatinu, heldur að hverjum hrepp yrði gefinn kostur á, að jafna góðfúslega sín á milli ójöfnur á jarðamatinu í hverjum hrepp. En þar sem hinn heiðraði þíngmaður Eyfirðínga var hræddur um, að menn mundi fara að telja fram hraun og steina, þá get eg ekki gjört mikið úr því, og verð að vera fastur á því, að bezt væri, að láta prenta nokkur exemplör af jarðabókinni, eins og hún kemur nú frá þínginu, svo að menn fái að sjá, hvernig jarðamatið lítur út, og hvaða stefnu það tekur, og geti komið fram með ýmsar umkvartanir yfir smágöllum þess, og því vil eg áskilja mèr breytíngaratkvæði í þá stefnu, ef sá heiðraði þíngmaður frá Snæfellsnessýslu hefir ekki gjört það.

P. Sigurðsson: Hinn háttvirti *varaforseti* hefir nú tekið enn betur fram, heldur en eg gjörði, ójöfnurnar á jarðamatinu í Rángárvallasýslu, því hann hefir mælt þær út í smáskömtum, þar sem hann tók fram einstakar jarðir, Holt, Stóradal og Hlíðarenda; eg veit nú, að hinn háttvirti *varaforseti* þekkir nokkuð til í Holti, og því vil eg minna hann á Holtsá og Holtsós, hvílík eyðileggíng jörðunni er búin af landbroti af þessari á og ósi, svo að það hefir verið opt talað um, að flytja staðinn burt og hjáleigur þær, sem kríngum hann liggja, frá eyðileggíngum þeim, er Holtsá ógnar þeim með; og komi

slíkt fyrir, sem ætfð vofir yfir, þá er einginn staður til í heilu landareigninni, sem staðurinn einn, auk heldur hjáleigur hans, verði settur á.

Hvað Stóradal viðvíkur, þá er hans landareign, bæði hagar og eingi, mikið eydd af umbrotum Markarfljóts, og í tilliti til Hlíðarenda, þá ætti sú jörð heldur að færast niður, en upp í hundraðatali, því þó sú jörð hafi fyrrum verið girnilegt höfðíngjasetur, er nú orðið öðru máli að gegna; Þverá hefir nú brotið jörð þessa upp að knjám, eins og Bjarni amtmaður kvað; eitthvað það fegursta eingi, 4 til 500 hestar af rennislèttum og grasgefnum valllendisslægjum hefir hún brotið burt; en jarðargjöld eru tekin jafnhá og verið hefir áður. Hinn háttvirti *framsögumaður* var að bera Rángárvallasýslu saman við Eyjafjarðar- og Húnavatnssýslu. Eg þekki nú lítið til í þessum sýslum, eg játa það, en þó hefi eg litið augum yfir Húnavatnssýslu, og verð eg að segja, að hvergi varð eg þar var við þá eyðileggíng af náttúrunnar völdum, sem er svo geysimikil í Rángárvallasýslu; í öðru lagi þá heyra Húnavatnssýslu til bæði stórar og góðar afrèttir suður eptir öllum heiðum, og er það mikill kostur, og full ástæða til að allar jarðir í sýslunni væri fyrir það hærra metnar; en nú vita allir kunnugir menn, að Rángárvallasýsla er afrèttarlaus að kalla má. En af hverri ástæðu að nefndin lætur Borgarfjarðarsýslu lækka í verði, það hefir hinn háttvirti *framsögumaður* ekki með einu orði upplýst mig um. Mèr virðist allt benda til þess, að hafa eigi við sýsludeili, og amtadeilir sè eins vikinn frá þeim rèttu grundvallarreglum, en komi samt með honum fram meiri ójöfnur, en sýsludeili, og vil eg áskilja mèr breytíngaratkvæði í þá stefnu, sem eg hefi nefnt, að nokkur viðunanlegur jöfnuður milli sýslna í þessu efni geti komið á, því annars er sífari villan argari þeirri fyrri.

J. Sigurðsson: Eg býst við, að mönnum komi það varla óvart, þó eg aðhyllist ekki breytíngaratkvæði hins heiðraða þíngmanns Snæfellínga, að hafa 1 deili yfir land allt; því eg mun hafa verið sá fyrsti, ef ekki sá eini, sem stakk upp á sýsludeili, þá jarðamatið kom fyrst fyrir sjónir á þíngi hèr 1853; þótti mèr flestir hlutir benda til þess, að svo hlyti að vera, ef nokkurt vit ætti að fást út úr því; töldu mèr þá ýmsir menn, sem bezt höfðu vit á þessu, trú um, að vel mætti laga þetta, og jafnvel ná einum deili yfir allt með reikníngum upp og niður á pappírnum; var eg þá svo tornæmur á trú þessa, að mig furðar nú, að Reykjavíkurnefndin skuli hafa því verki svo á veg komið, að eg geti nú sætt mig við amtadeilinn.

þessi heiðarlegi þíngmaður sagði, að það hefði einmitt verið aðalaugnamið og tilætlun stjórnarinnar og formsins, að einn og sami aðaldeilir væri hafður fyrir landið, og hugsaði eg hann mundi meina, að með reglunum, sem gefnar voru til jarðamatsins, hefði menn haft einn og hinn sama mælikvarða til eptirbreytni; en fyrst hafði eg aldrei mikið álit á þeim, enda batnaði lítið, þá hann fór að telja fram kostina á leiðarvísi þessum, og sagði, að hann hefði verið eins og hrátt skinn, sem hefði mátt teygja og þenja svo vítt og mikið, sem hver hefði haft lyst til; þetta sagði nú þíngmaðurinn satt, og þó þykir honum þetta góður mælikvarði, til að hafa einn deili yfir land allt. Eg veit það hefir verið verið að berjast fyrir þessum eina mælikvarða, en það hefir öll aðferðin og formið einatt lotið að því, að hann geti aldrei átt sèr stað. Eins og hann sagði, hafa sumir kyprað saman formið, sumir glennt það upp, því það hafa sumir gjört sèr allt far um, að virða jarðir lítið, og gjöra sem minnst úr þeim; aðrir hafa viljað virða þær sem hæst. Mælikvarðar og mátar á jarðamatinu voru ekki færri, en 20, því 20 voru lögsagnarumdæmin, og sinn stjórnaði matinu í hverri sýslu, því hefi eg leingi hugsað, að bezt yrði, að hafa sýsludeili. Aptur gef eg því ekki svör, sem þíngmaðurinn sló fram, að hafa sveitadeili, það þarf ekki; þó eg sè nú Vestfirðíngur, þá held eg, að eg verði ekki góður borðsmaður með hinum, að verja Vestfirði fyrir dýrleikanum, því mèr þykir það sönn ránginda, að vilja setja jarðir sínar og hèruð of lágt, eins og á hinn bóginn að virða það of hátt. Eg fyrir mitt leyti finn vesturamtinu eingan skaða búinn, þó það sè hafður amtadeilir, og hefði ekki hèr á þíngi 1855 komið inn í þetta verk sú nýja regla, að taka jarðaafgjöldin til eptirsjónar, þá þykir mèr líklegt, að Reykjavíkurnefndin hefði kann ske getað lagað það svo, að einn deilir hefði orðið brúkanlegur. Eg veit, að það, að Mýrasýsla var sett niður, og Dalasýsla varð ekki hærri, en hún nú er, hefir flotið af afgjöldunum; í þessum sýslum er víða heldur lág skuldsetníng; það eru til að mynda sumstaðar landskuldir hálfar goldnar enn í peníngum eptir gömlu lagi, sumir hafa keypt ábúðarjarðir sínar, og hafa gömul byggíngarbrèf að framvísa, sem þeir hafa haft áður með lágri skuldsetníngu; margir búa á sjálfseignum, og menn vita, að í hverri sveit á hreppstjóri og 2 menn með honum að finna jarðaafgjöldin, og munu víðast hafa valizt til þessa verks jarðeigendur, og hafa þeir þá sjálfir getað skapað sèr jarðaskuldir, þó það væri tekið upp óstinnt áðan fyrir þíngmanni Gullbríngusýslu; þessa vegna hefir nú Reykjavíkurnefndin

sett virðínguna lága á vesturamtið, og þó amtsdeilirinn sè hafður, stíga margar jarðir bæði í Dala- og Mýrasýslu niður, sem þó máttu standa í stað.

Áður en eg sezt niður (því eg mun ekki opt standa upp, til að sitja öðrum í ljósi að ræða í þessu máli), þá ætla eg að minnast á eitt atriði, sem kom til tals fyrir mèr í nefndinni; það er það, að þar sem eg hefi rennt augum yfir jarðamatið, og er eg nú nokkuð kunnugur í Dalasýslu, nokkru af Snæfellsnessýslu, og eg held víðast í Mýrasýslu, þá hefi eg hvergi sèð jafnstóra misfellu á mati, svona á stöku jörðum, sem á Stafholti; það er virt á 1167 rdl.; sjálf jörðin Stafholt er þó, og hefir verið fullgott búmannssetur, og opt verið höfð þar fullgóð 2 bú, því henni fylgir sá merkilegasti bújarðarkostur, sem mest prýðir hverja bújörð, það er heyskapurinn; töðuvöllurinn er þar bæði grasgefinn og fláki stór; heyskapurinn er sumur rètt hjá túninu og einginn lángt frá, uppgripasamur, og heyin sum töðugæf, en öll fóðurgæf; eg vil halda, að í meðalári sè hægt að fá þar, ef slægjur eru notaðar, 10 hundruð hesta tólfræð, og eg veit til, að þar hefir verið heyjað á einu sumri 14 hundruð tólfræð; jörðinni fylgir hjáleiga Lambagerði; þar eru optast 2 kýr; jörðin Melkot, sem er fullgóð bújörð; þar hafa verið hafðar 5 og 6 kýr; jörðin Flóðatángi; þar munu verða vel hafðar 4 kýr; hagbeitin er yfir höfuð kjarnagóð, og hæg fyrir stórgripi, sumar og vetur; en fjárhagar eru litlir heima, en þeir eru samt til; það má jafnast við miðlúngsjörð öll ítökin, sem fylgja, ef þau eru notuð, 1. selstöðuland á Bjarnadal, flæmi stórt og gott líka, 2. selstöðuland, svo köllað Staðartúnga, við Lángavatn, sem bæði hefir slægjur og góða beit til að bera, 3. Sauðhúspartur, sem hefir skóg, beit og slægjur, og að fornu kallað 10 hundraða land, Skógareyja í Hreðavatni, skógarland í Skoradal, reki norður á Ströndum, þó hann sè lángt frá, laxkerið í Norðurá, sem leingi hefir verið kallaður kjörkostur við jörðina; líka á það laxveiði í Þverá, og selveiði hefir líka verið dálítil í Hvítá. Þessi torfa, sem hefir nú 5 býli með öllum þessum ítökum, er nú virt á 1167 rdl., og Hjarðarholt í sömu sveitinni, sem einginn getur álitið nema almennilega einbýlisjörð, það er virt 3 dölum meira, eður 1170 rdl. Eg álít nú að sönnu Hjarðarholt of dýrt metið, en eg álít líka Stafholt fjarska lágt metið, og að það ætti að setjast upp til 15 eða 16 hundruð dala, og vil eg því taka mèr rètt til breytíngaratkvæðis á þessa leið; að sönnu hafa meðnefndarmenn mínir viljað veigra sèr við þessari ákvörðun, þar ekki hafi komið nein

kvörtun um þetta frá hlutaðeigendum, en það stendur svo á því, að kvartanir koma frá hlutaðeigendum, þar sem of hátt er metið, en ekki þar sem of lágt er metið, og þarf að setja upp, en eg álít, að alþíngi eigi að laga gallana, þar sem einhver getur rèttilega bent á þá; þess vegna ber eg fram þessa breytíngu; eg get þá eins fallið frá því aptur, ef þíngræðurnar sannfæra mig um, að alþíngi eigi ekki með að laga þetta.

V. Oddsen: Til þess, að hinn heiðraði varaþíngmaður Snæfellínga ekki skuli þurfa að ómaka sig til að standa upp í þriðja sinn, til þess að krefja mig um upplýsíngu viðvíkjandi jörðinni Leiðarhöfn, ætla eg nú að reyna til að lýsa jörðinni, jafnvel þó hinum heiðraða þíngmanni sè ekki vorkun að gjöra sig ánægðan með þær upplýsíngar, sem eg hefi gefið um þessa jörð í nefndinni, og verður mèr það þeim mun lèttara, sem eg veit, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* þekkir þessa jörð allt eins vel og eg. Jörð þessi er að fornu hundraðatali 4 ⅋, og mundi, ef ei væri sett niður úr þessum 1000 rd., sem hún er virt á, verða 34 ⅋ að dýrleika; það, sem hún hefir til kosta, er helzt að telja lítinn varphólma fyrir landi hennar, sem mun gefa af sèr árlega hèr um bil 10 ℔ af hreinsuðum dúni, og lítinn túnblett, er fóðrar laklega eina kú; að öðru leyti er jörð þessi svo heiskaparlaus, að ekki munu dæmi til, að slegið hafi verið eitt fáng auk heldur meira utan garðs, og þar að auki er jörð þessi svo land- og útbeitarlítil, svo að að þarf að kaupa hagbeit vetur og sumar fyrir þær fáu skepnur, sem á jörðinni eru hafðar, og sem heyjað er handa í annara löndum. Eg hefi ekki álitið nauðsynlegt, að telja jörð þessari það til gildis, að hún hefir allgóða lendíng, eptir því sem á Austurlandi er að gjöra; það mundi líka verða til þess, að hinum heiðraða þíngmanni Snæfellínga þætti það sjávar- en ekki jarðarmat, hafi eg skilið rètt ræðu hans áðan.

P. Sigurðsson: Hinn háttvirti *varaforseti* hefir sagt, að Holtahreppur sè of lágt metinn, en eg verð nú að neita því öldúngis; en hitt er það, að hann kynni að vera með vægara mati en austustu hreppar í Rángárvallasýslu, því hann hefir minnstar eyðileggíngar, og þó er Þykkvibærinn ekki óhultur fyrir eyðileggíngum eða skaðræði af vötnum, þar sem allir búendur í Holtamannahrepp verða að leggjast á eitt árlega, að verja plássið fyrir skaðræði af vatnayfirgángi, þó *framsögumaður* álíti þessa jörð eina af þeim, sem mátulegar sè að taka við skellum, sem koma út úr nefndarálitinu. Þegar menn á annað borð eru farnir að gánga inn á einstök atriði, og ef

menn fara að gjöra breytíngaratkvæði við einstaka jörð, þá finnst mèr líka að eg megi koma með hinum og áskilja mèr rètt til, að sýslan feingi sèrstakan deili út af fyrir sig, eða suðuramtinu · væri skipt með sýsludeili.

Framsögumaður: Hinn heiðraði varaþíngmaður Snæfellínga sagði, að eg hefði dróttað að eiðsvörnum jarðamatsmönnum í vesturamtinu, að þeir hefði metið jarðirnar rángt, en það voru aldrei mín orð, eg sagði einúngis, að það hefði sýnt sig einhvers konar tilhneigíng hjá vesturamtsbúum til þess, að meta jarðirnar lágt í vesturamtinu, og það vona eg sýni sig líka. Eg get ekki sèð, að það eigi við að gjöra breytíngaratkvæði nú viðvíkjandi matinu á einstökum jörðum; menn hefði getað 1855 á alþíngi gjört það, ef það hefði verið vilji hlutaðeigenda þá, og sízt get eg vorkennt þíngmanni Ángvellínga; því honum hefði verið það innanhandar 1855, eða einkum sem endurmatsmanni. Það stendur í skýrslu jarðamatsnefndarinnar í Reykjavík, í hvaða hreppum nefndin átti að jafna matið, en hinir hrepparnir komu henni ekki við, einkum þar eð þess var ekki farið á flot á seinasta þíngi.

E. Ó. Kúld: Fyrst hinn háttvirti *varaforseti* ekki hefir meint, að jarðamatsmennirnir vestra hafi viljað rýra verð jarðanna, læt eg mèr nægja með það, sem hann sagði. Mèr þykir það ekki svo undarlegt, sem hinn heiðraði þíngmaður Mýramanna sagði, því það var við því að búast; hann er einn af þeim, sem hafa skrifað undir nefndarálitið. Eg hefi ekki farið fram á annað, en að það væri nokkur jöfnuður í matinu á jörðum vesturamtsins í samanburði við hin ömtin, en það lítur ekki svo út, sem hann sè á því; eg get ekki annað en vorkennt honum. En það er auðheyrt, að honum tekur ekki sárt, þó kjósendur hans borgi of háa fasteignartíund. Hann hefir barizt svo mikið og ákaft fyrir einstöku jörðum, en hann hefir þó sem nefndarmaður einga upplýsíngu gefið viðvíkjandi Akureyjum, og sagðist þó vera næsta kunnugur í Dalasýslu. Að lokum vil eg geta þessa, að eg mun taka mèr breytíngaratkvæði í líka stefnu og hinn heiðraði 5. konúngkjörni þíngmaður, fyrst eg fæ ei hjá nefndinni þær upplýsíngar, er eg hefi um beðið.

G. Brandsson: Eg heyri, að sumir kenna reglum þeim, sem jarðamatsmönnunum voru gefnar, um það, hvernig jarðamatið hafi tekizt, en mèr finnst, að það sè óþarfi, því þær voru að mínu áliti bæði góðar og greinilegar, og eg get ekki skilið, að nokkur af jarðamatsmönnunum hafi verið svo einfaldur, að hann ekki gæti hèr um bil

sèð, hvað hver jörð gángi að kaupum og sölum, eða að minnsta kosti fyrir hvaða verð hann hefði sjálfur viljað selja hana eða kaupa, og þetta var þó eitt af því, sem tekið var til í jarðamatsreglunum. Mèr finnst hinn heiðraði þíngmaður Suður-Múlasýslu vera farinn að verða nokkuð hvikull; hann vildi áðan hafa marga deila, líklega í sýslum og hreppum, auk amtmanna, en nú í seinni ræðu sinni vill hann hafa 1 deili fyrir allt land; hann taldi það til, að norður- og austuramtið væri stærst, og því vildi hann hafa þann mælikvarða, sem þar er lagður fyrir hundraðatölu jarðanna, yfir allt land, eða að afl og fólksfjöldi skuli að miklu leyti ráða, og þetta hvorttveggja er nú mest í norður- og austuramtinu. Menn þurfa nú ekki að fara leingra, en til Leiðarhafnar í Norður-Múlasýslu, til að sjá, að jarðir þar eystra eru of lágar að hundraðatali, þar sem Leiðarhöfn er 4 *c.* að dýrleika, en nú metin 1000 dala virði, og þó nefndin hafi uú stúngið upp á að setja jörð þessa niður í 550 rdl., þá er eg viss um, að ekkert jarðarhundrað í suðuramtinu er svona dýrt; sama er að segja um eyjarnar á Breiðafirði, hundraðið af þeim er opt selt á 100 dali, og eins opt á 100 spesíur; hvílík ósanngirni væri það því ekki, ef setja ætti niður slíkar jarðir í vesturamtinu! Hinn heiðraði þíngmaður Mýrasýslu er bæði hlífinn og óhlífinn, eptir því sem varaþíngmanni Snæfellínga þykir, en mèr sýnist, að það ætti að virða vel af honum, að hann vill ekki ota fram neinni ósanngirni fyrir amt sitt eða sýslu, því hann vill þó rètt og jöfnuð. Hvað viðvíkur því, að nefndin vill setja upp matið á Akureyjum í það, sem þær voru fyrst metnar, þá finnst mèr, að hinn heiðraði varaþíngmaður Snæfellínga megi vera því ánægðari með það, þar sem það er samkvæmt mati eiðsvörnu mannanna, sem hann var áðan að tala um.

J. Hávarðsson: Sá heiðraði þíngmaður úr Gullbríngusýslu heldur fast á því, að skora á mig, og undir eins bregður mèr um hviklyndi, en eg þykist ekkert hviklyndi hafa sýnt; eg tók það fullskýrt fram, að eg vildi helzt halda mèr að einum deili yfir allt land fremur en að amtadeili, þegar nefndin hefði ekki viljað hafa 4 deila, sum sè fyrir hvern fjórðúng landsins, en þó eg viti það með vissu, að Múlasýslurnar hækka við þenna eina deili, þá ætla eg samt ekki að láta mèr verða eins heitt fyrir hjartanu, eins og honum er út af því, að við einn deili hækkar suðuramtið nokkuð, að eg taki mèr breytíngaratkvæði um 1 deili fyrir hvern fjórðúng landsins.

P. Sigurðsson: Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti *varaforseti* gat þess, að hann vildi hafa jarðamatinu lokið sem fyrst, eg vil það

nú líka, ef það gæti orðið rètt, og nokkur jöfnuður á því, en heldur vil eg það verði enn lagt undir dóm þjóðarinnar, áður en það yrði lögleitt, heldur en því yrði veitt lagagildi með öllum þeim ójöfnum, sem eg álít nú vera á því í tilliti til þess, sem áhrærir jöfnuð sýslna á milli, eins og nefndin hefir orðið að fallast á að væri milli amtanna, ef hafður væri 1 deilir.

J. Sigurðsson: Eg tilstend gjarnan það, sem hinn háttvirti *varaforseti* sagði, að það hefði verið rèttara og hentugra, að eg hefði komið með þessa athugasemd um Stafholt hèr á þingi 1855, en eg verð að geta þess, að eg átti þá ekki eins góðan kost á því, að kynna mèr jarðamatsgjörðirnar, því eg var ekki í jarðamatsnefndinni, en jarðamatsnefndin stóð næstum gegnum allan þingtímann, og hafði undir höndum allar jarðamatsbækurnar, svo hinir þingmenn áttu lítinn kost á, að kynna sèr þær, eða lesa í þeim, fyr en síðustu daganá, og var þá sjúkdómurinn. Jarðamatinu í Stafholtstúngum var eg ókunnugur áður, því eg var þar ekki jarðamatsmaður, og ekki var eg heldur við yfirmatið í Mýrasýslu; mèr þykir nú ekki heldur enn nú vera forhlaupin tíðin, að laga megi gallana, þar sem á þá verður bent, og eg álít það nú hvers þingmanns skyldu, að segja nú til gallanna, þar sem hann sèr þá mesta, og þingsins skyldu, að laga nú það mesta, sem það getur, misfellurnar á jarðamatinu á þessu þingi, því eg er því samþykkur, að jarðamatið ætti nú fyrst um sinn að standa við það, sem þetta þing setur, og jarðabókin að löggildast, eins og þingið nú ákveður, og eg held það sè mesta vitleysa, að lofa alþýðu nú á næstu þingum að fara að grauta í henni með sínum aðfinníngum; eg held það yrði, eins og þingmaður Húnavatnssýslu sagði, til þess, að við kann ske aldrei feingim jarðabók.

Á. Einarsson: Eg saknaði þess úr ræðu hins háttvirta *varaforseta*, að hann hætti við að tala um jöfnuð þann milli sýslnanna, er jarðamatsnefndin hafði stúngið upp á, einkum í tilliti til Húnavatns og Stranda-sýslna, sem þingmaður Húnvetníngu minntist á; þó eg álíti eingum skyldara, en *framsögumanni*, að skýra það, skal eg þó leyfa mèr að geta þess, hvers vegna Strandasýsla hafi, eins og þingmaður Húnvetníngа kvartaði um, lækkað meira í matinu hjá jarðamatsnefndinni í Reykjavík, en Húnavatnsýsla, og er þá fyrst eitt, sem til þess ber, og er það, að kúgildin voru metin með í Strandasýslu, en í Húnavatnssýslu voru þau metin sèr, eins og þingmaðurinn gat um, og sýndi hann fram á, að þá hefði lík jörð átt að verða á 640 rd. í Strandasýslu, sem hefði verið á 600 rdl. í

Húnavatnssýslu. Mönnum þykir samt, að Strandasýsla hafi verið matin of lágt, og er ekki hægt að skýra þetta í fljótu bragði; eg veit ekki svo nákvæmlega, hve mörg kúgildin eru á hverri jörð, svo áreiðanlegur sè samanburður þíngmanns Húnvetníngа, en víst er um það, að vestan til í Húnavatnssýslu voru líkar reglur, ef ekki hinar sömu viðhafðar við jarðamatið, eins og í Strandasýslu, að því mèr er kunnugt. Það hefir líklega komið Reykjavíkurnefndinni til að lækka Strandasýslu, að þar munu vera lægri jarðaafgjöld víðast, einkum norðan til, heldur en í Húnavatnssýslu, og eru þetta náttúrlegar afleiðíngar af vetrarharðindum í Strandasýslu, og hafísum, er þar koma opt. Eg hefi borið saman landjarðir í Barðastrandarsýslu og Strandasýslu, og finnst mèr, að Barðastrandarsýsla sè jafnhærra metin, en þó ber þess að gæta, að hún liggur undir mildara loptslagi og hefir mikil hlunnindi, eins og kunnugt er; ójöfnuður milli sýslna verður ekki betur leiðrèttur, en jarðamatsnefndin hefir gjört, nema með sýsludeili, sem flestum þykir ógjörlegt nú þegar að brúka, enda væri þá mestu verki jarðamatsnefndarinnar kollvarpað, og mjög óvíst, að betra kæmi í staðinn.

Það þarf ekki að brigzla þíngmanni Snæfellínga um það, að blóðið renni til skyldunnar, þegar hann er að atyrða nefndina, en hann verður að gæta að því, af hverjum orsökum það er, að jarðamatið hefir orðið svo fyrirhafnarmikið; þać er mikið því að kenna, hvernig undirmatið fór í kríng um Breiðafjörć. Eg vil spyrja hann að einu, hvort hann hafi heyrt, að nokkurstaðar hafi verið metnar jarðir í heilli sýslu heima á einum bæ, og þó mun jarðamatið ekki hafa farið betur sumstaðar kríng um Breiðafjörð, svo hafi það orðið þar heldur hátt hjá jarðamatsnefndinni, hefir þar komið skellur sem skyldi; það er opt hætt við því, að þegar maður ætlar að rètta það, sem mjög er bogið, þá verði of mikið aðgjört, svo að aptur bogni á hina hliðina, svo eg held að þíngmaðurinn hefði ekki átt að atyrða þíngnefndina mjög, þó hún leiddist inn á amtadeilinn. Þíngmaður Snæfellínga skorar mjög á menn, að skýra frá, hvað þíngnefndinni hafi geingið til, að breyta matsverði því á Víðidalstúngu og Akureyjum, sem jarðamatsnefndin hafi sett, og verð eg í því að vísa honum til nefndarálitsins. Hvað Víðidalstúngu áhrærir, þá er eg þar ókunnugur, en um Akureyjar hefi eg heyrt, að á árunum frá 1810 til 1825 hafi verið goldið í landskuld af þeim hálfum 30 ℔ æðardúns, 60 ℔ fiðurs og 10 vetrarsela skinn, og held eg af þessu sè auðsætt, hvort eyjar þessar eru metnar of hátt, hafi þær ekki

geingið því meira úr sèr; það var líka eptirtektavert, að einúngis einn yfirmatsmaðurinn, sem var mótfallinn því, að fallast á hinar fyrri umkvartanir Akureyjaeigandans, skyldi nú verða til að fallast á umkvartanirnar, og var hann þó kunnugur Akureyjum við yfirmatið, því hann var þar upp alinn, en ef þíngmaðurinn vill fá um þetta betri skýrslur, verða spurníngar hans að gánga boðleið til þíngmannsins frá Dalasýslu.

Menn eru að tala um, að prenta jarðabókina og senda út um landið, áður en hún er löggilt; þetta get eg ekki fallizt á, því eg er hræddur um, að þá mundi koma mjög margar ógrundaðar umkvartanir, og tefja fyrir málinu, sem mörgum mun þykja hafa staðið nógu leingi yfir, og þó farið væri nú að grugga í þessu mati enn þá, mundi það ætíð verða mannaverk, og með ýmsum göllum. Eg er sannfærður um, að jarðamatið hefir batnað frá því, sem það var, og því vil eg heldur það sè lögleitt sem fyrst, og verði reynt með í 10 ár, áður en farið er að rugla í því.

J. Samsonsson: Eg verð nú, eins og sumir aðrir hèr, að óska þess, að þíngið ekki fèlli nú frá þessu máli, eður felldi það með breytíngaratkvæðum sínum; það er nú orðið þjóðinni svo dýrt, að það kemur upp á mörg þúsund ríkisdala, og það væri henni veruleg skapraun, að svo færi. Hin heiðraða nefnd hefir gjört allt, hvað í hennar valdi stóð, og faung voru á, til að leiðrètta jarðamatið eptir afgjöldunum, því það er nú um seinan, að tala um það, að betra hefði verið, að boðorð stjórnarinnar til þeirra útnefndu kunnugu jarðamatsmanna hefði í fyrstunni verið svo lagað, að þeir hefði einúngis gefið upp álit sitt um það, hvort sú eða sú jörð, sem þá var um að gjöra, væri í samanburði við sín eigin gæði hæfilega leigð, eður ekki, en tala ekkert um kaup þeirra, eður sölu, sem mest hefir orsakað hið stóra hneyxli og skaða, sem til er orðinn við þetta jarðamat; og þó eg nú sjái, að nokkuð aukist jarðahundraðatalan sumstaðar í Skagafjarðarsýslu, mest af áður ómetnum jörðum til hundraðatals, en rýrni sumstaðar, þá gjöri eg mig ánægðan með það, af því eg veit með vissu, að hvað opt sem reynt verður, að fást við þetta mál, verður það aldrei álitið aldeilis rètt, og aldrei linni bænarskrám, kveini, og klögunum, sem orsaka það, að aldrei fást endurbætt skattalögin fyrir það sama.

M. Andrèsson: Eg er á máli hins heiðraða þíngmanns Strandasýslu, að þótt margir sè óánægðir yfir jarðamatinu yfir höfuð, þá sýnist mèr þó, að menn reyni að bjarga því fram, en eingan veginn

fella það, allrasízt núna, þegar svo miklu er búið að kosta upp á það; af tvennu illu er þó betra, að láta það ná lagagildi í 10 ár; en að fresta því, er sama, sem að gjöra úr illu verra, auka óendanlegan kostnað, og orsaka sífelldar klaganir úr öllum áttum, sem enginn gæti botnað í. Ef hinn heiðraði 5. konúngkjörni þíngmaður sleppir sínu breytíngaratkvæði, þá ætla eg að gjöra það hèr um bil á þessa leið: að aptan við 4. uppástúngu nefndarinnar á eptir orðin: „allrahæst lagagildi“ verði sett: „frá fardögum 1859“.

J. Sigurðsson: Þar eð einginn nefndarmanna hefir svarað því, sem *framsögumaður* vitnaði til okkar, þá vil eg áður en umræðunni hættir með fæstu orðum gjöra mína skýrslu viðvíkjandi þessari þóknunarviðbót fyrir starfa Reykjavíkurnefndarinnar. Nefndin fann sèr skylt, að segja álit sitt um það efni, þegar hún fór að ræða það mál, sagði *varaforseti* strax, að hann gjörði sig vel ánægðan með það, sem sèr hefði verið borgað fyrir þann starfa; hinum nefndarmönnum held eg hafi fundizt eins og mèr, að þar hafi þó verið nokkur munur á kjörum mannanna í nefndinni, þar sem 2 af þeim hafi samt getað stundað sitt embætti, og haft full embættislaun, og þessi laun svo í aukabita, en *Jón Guðmundsson* hafi orðið að búa að þessari þóknun einni, því hann hafi ekki getað innunnið sèr lifibrauð með öðru móti á meðan; líka mega flestir vita það, að svo leingi sem jarðamatið stendur yfir, og hann kemst að því, þá hefir hann svo sökkt sèr inn í það mál frá upphafi, að hvað duglegir menn sem með honum eiga að starfa að því, þá mun þeim verða bágt annað, en að láta hann þó hafa mest fyrir því, því þæði er hann nú duglegur, og svo er hann því máli kunnugastur; því þótti okkur það ekki ótilhlýðilegt, að stínga upp á því, að bæta við hann einn 100 rdl., en hann stakk þá upp á því, að bæta við landfógetann 50 rdl. fyrir skrifstofulán og átroðníng við nefndarfundi, og braut þá enginn það, sem hann byggði, í því tilfelli.

Þar sem hinn heiðraði þíngmaður Snæfellsnessýslu sokraði á nefndina, að gjöra grein fyrir því, hvers vegna við hefðum raskað virðíngu Akureyja, sem Reykjavíkurnefndin hafði sett, þá er það nú hægt yfir sögu að fara að mínu leyti; eg nefnilega tók til þess, sem þessum sama þíngmanni þótti áðan sterkast og óbilanda, að yfir- og undirmatsmennirnir í Dalasýslu höfðu svarið eið, og áleit eg svo mat þeirra rètt, og vildi svo láta það standa, en eg vissi ekki til, að Reykjavíkurnefndin hefði svarið neinn eið upp á gjörðir sínar í þessu efni, nema ef einhver þeirra hefði kunnað að sverja eið við

hann síra Friðrik sinn, að setja niður Akureyjar, og kunni eg ekki að meta það.

E. Ó. Kuld: Eg skal ekki svara lángt hinum heiðraða þíngmanni úr Strandasýslu upp á álasið, sem hann gaf þeim, sem möttu kríng um Breiðafjörð, því það átti sèr ekki stað í minni sýslu, og ekki í því kjördæmi, sem eg mæti fyrir hèr, svo eg frá þeirri hlið gæti með fullum rètti beðið hann að stínga þeirri slettu aptur niður í vasa sinn. Hvað það snertir, er hann sagði, að blóðið rynni ekki til skyldunnar hjá mèr, fyrst eg hefði verið svo harðorður við nefndarálitið, þar eð mèr skyldir menn hefði verið í nefndinni, jú, eg vissi það, en eg legg ei sannfæríngu mína undir skyldugleika; og eg veit fyrir víst, að þessi heiðraði þíngmaður álítur ekki, að eg sverji mig úr ætt hans — því við erum skyldir — þó eg láti ei skyldugleikatilfinníngu koma mèr til að falla frá því, sem eg er fullsannfærður um að rètt er, og að eg einnig núna ei hafi gjört það, hlýtur að álítast sönnun fyrir því, að eg hafi á rèttu að standa.

G. Brandsson: Eg vil bæta því við, viðvíkjandi athugasemd þíngmannsins úr Strandasýslu, að nefndin hafði rètt til, eptir brèfi stjórnarinnar, að stínga upp á launaviðbót til jarðamatsnefndarinnar í Reykjavík, þó þíngmaður Snæfellínga hèldi það ekki, og þó einum yrði borgað meir, en öðrum, þá gefur áminnzt brèf þínginu fulla heimild til þess.

V. Finsen: Í tilefni af því, sem hinn heiðraði þíngmaður Mýrasýslu mælti, skal eg geta þess, að þó eg, sem formaður jarðamatsnefndarinnar frá 1855, verði að votta, að hinn háttvirti *varaforseti,* sem meðlimur nefndarinnar, hafi tekið fullan og mjög mikinn þátt í störfum nefndarinnar, þá álít eg samt, að þessu þíngi geti ekki verið fært, að dæma um það, hver af nefndarmönnum hafi átt mestan, eða hver minnstan þátt í starfi nefndarinnar, og álít eg því, að þíngmenn ætti að láta vera að dæma þar um.

Ó. Sivertsen: Eg stend eigi upp til þess, að tala *lángt,* enn nú síður að eg vænti það geti verið *snjallt.* Eg þarf ei heldur að tala lángt eða svara svo mörgu, því bæði *framsögumaður* og nokkrir meðnefndarmenn mínir hafa þegar tekið það fram, sem helzt mun hafa átt við að svara þeim ítrekuðu lángorðu útásetníngum á nefndarálitið. Eg vil einúngis drepa á það, sem nokkrir þíngmenn núna seinast hafa verið að berja blákalt fram, að þeir vilja ekkert láta breytast tíundargjaldið gamla, þó nýtt jarðamat sè lögboðið; þeir vilja hver einn jarðarábúandi búi við óbreytt gjald þetta, — eg veit ekki

hvað lánga tíma — hversu mikið sem hundraðatal ábýlisins breytist, en til hvers miðar slíkt? þegar maður sèr, að rammhallast á hestinum, á þá aldrei að taka í, eða gjöra við á honum, þángað til snarast af? Eg vildi þó biðja þíngmenn hugleiða, að jarðadýrleiki, sem nú hefir verið óbreyttur og ólagaður um 800 ár, er fyrir laungu síðan orðinn svo ósanngjarn, að nú við hið nýja jarðamat mundi mega finna t. a. m. 40 *cr* jörð, sem lækkaði um $^2/_5$ eða má ske meira, og þó vilja þessir menn níðast á þessara jarða ábúendum og láta þessa vesalínga halda áfram að gjalda þessa ránglátu tíund eptir sem áður. Aptur vilja þeir eins ósanngjarnlega um hina, sem búa á þeim jörðum, er hækka eins mikið og meira en hinar lækka, að þeir skuli ekki greiða frekara tíundargjald, en áður. Það eru t. a. m. eyjar á Breiðafirði, sem hækka hèr um bil þrefalt, eða 40 *cr* verða nálægt 120 *cr*; menn þekkja, að eg er Breiðfirðíngur, og eg læt þessa heiðruðu þíngmenn vita, að eg vil þó ekki þiggja þessa ráðstöfun þeirra; eg vil ekki auðgast fyrir lægri tíund, en vera ber, á ránglátri tíund hinna, sem allt of leingi hafa orðið fyrir hallanum, og saklausir orðið að ríða af baggamuninn. Þó eg hafi ei lángorðara um þetta atriði, vona eg þess, að þíngmenn skilji og líti rèttara á málið, en mèr finnst sumir hafi gjört í dag, er talað hafa móti nefndarálitinu.

M. Andrèsson: Mèr er ekki ljóst um, hvaða myndugleika nefndin hafði, að setja lög um tíundargjaldið; eptir því, sem mèr finnst, átti hún einúngis að segja álit sitt um jarðir; en var ekki hitt fyrir utan hennar verkahríng?

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, álít eg undirbúníngsumræðu þessa máls lokið, og kemur þá, samkvæmt dagskránni, til undirbúníngsumræðu *málið um innsetníng ómyndugra fjár í jarðabókarsjóðinn.*

Var málið því næst feingið í hendur *frumsögumanni* þess, *Þ. Guðmundssyni,* til upplestrar. Las hann þá nefndarálitið fyrir þínginu:

„Hið heiðraða alþíngi hefir kosið oss, sem hèr undir ritum nöfn vor, í nefnd, til að yfirvega uppástúngu frá undirskrifuðum þíngmanni Snæfellínga, er lýtur að því, að þíngið fram beri fyrir hans hátign konúng vorn þá þegnsamlegustu bæn, að skipun fjárgæzluráðherrans af 12. apríl 1855 verði, að því leyti hún bannar, að setja minna fè en 100 rdl. í senn tilheyrandi hverjum einstökum ómynd-

ugum, eða opinberum stofnunum á vöxtu í jarðabókarsjóðinn, apturkölluð.

Eptir að vèr grandgæfilega höfum íhugað þetta málefni, leyfum vèr oss, að láta álit vort um það í ljósi á þessa leið:

Vèr hljótum að játa það, að þessi ráðherraskipun eigi, eins og á stendur, eingan veginn vel við hèr á landi, heldur fullyrðum vèr þvert á móti, að hún sè næsta óhagfelld og frábrugðin þeirri venju, sem hèr var á komin með tilliti til móttöku ómyndugra fjár og opinberra stiptana á leigu í jarðabókarsjóðinn.

Það var nefnilega með brèfi hins fyrveranda rentukammers af 28. septemberm. 1822 eptir ósk landsmanna leyft, að setja á vöxtu í jarðabókarsjóðinn í hið minnsta 20 rdl. í hvert sinn fyrir hvern ómyndugan eða opinbera stiptan. Seinna var ákveðið, að upphæðin ei mætti vera undir 25 rdl., og leyfði tilskipun um fjárforráð ómyndugra frá 18. febrúarm. 1847, 7. grein, samanber 5. grein, að koma þvílíkri upphæð á leigu í jarðabókarsjóðinn fyrir sèrhvern ómyndugan, ef einginn vildi taka peníngana á vöxtu móti jarðarveði, og vottun hlutaðeiganda sýslumanns um, að þeir hefði forgefins verið boðnir upp á manntalsþíngi, fylgdi með. Þessi tilhögun kom sèr vel, og var notuð af landsbúum allt þángað til ráðherraskipunin af 12. aprílm. 1855 gjörði hèr á þá breytíngu, að ekki mætti móttaka minni upphæð á vöxtu í jarðabókarsjóðinn, en 100 rdl., og skyldi það vera eign eins ómyndugs, eða einnar opinberrar stofnunar.

Með því nú stendur svo á hèr á landi, að fæstra ómyndugra arfar í peníngum nema 100 rdl. eða þar yfir, heldur flestra miklu minna, eins og það opt er mikilsvert fyrir opinberar stofnanir, sem hafa litlar tekjur, að koma á vöxtu minni upphæðum, og eingar þær stofnanir, t. a. m. bánki eða sparisjóðir, eru hèr til, er geti veitt slíku fè móttöku á leigu, eins og reynslan hefir sýnt, að einstakir menn ei hafa viljað taka þessa fjármuni á vöxtu móti lagaveði, og þar eð það er bundið miklum erfiðleika og kostnaði, að kaupa rentuberandi ríkisskuldabrèf í Kaupmannahöfn, og sem þar að auki eru föst (uopsigelige), er fyr greind ráðherraskipun, er neitar minni upphæð en 100 rdl. móttöku á vöxtu í jarðabókarsjóðinn, næsta óhagkvæm. Hvað hina ómyndugu snertir, þá leiðir af þessu, að fè þeirra liggur með öllu arðlaust, eins og fjárhaldsmönnunum og yfirfjárráðendunum eykst við þetta þúngbær ábyrgð af geymslu fjárins. Þar að auki vogum vèr að fullyrða, að hinir ómyndugu mundi, vegna þess að fjárhaldsmennirnir og yfirfjárráðendurnir ekki geta komið fè

þeirra á vöxtu, en hljóta að sitja inni með það, optsinnis verða fyrir tjóni, þegar fjárhaldsmennirnir, eða yfirfjárráðendurnir, eða bú þeirra væri gjaldþrota, sem opt getur að borið. Hætta sú, sem hinum ómyndugu er búin af þessu, mundi þar á móti að öllu leyti hverfa, ef fè þeirra, þegar það nemur 25 rdl. fyrir hvern einn, eða þar yfir, gæti orðið veitt móttaka á vöxtu í jarðabókarsjóðinn, og er þar með næg tryggíng unnin fyrir varðveizlu þessa fjár, og þar eð það, svo og þær minni upphæðir, sem eptir framanskrifuðu væri hagkvæmt að geta sett á rentu fyrir opinberar stofnanir, ei nema neinni fjarskahárri upphæð í öllu landinu, mundi það ei verða mjög tilfinnanlegt fyrir ríkissjóðinn, að svara leigu af því.

Vèr leyfum oss því, að ráða hinu heiðraða þíngi til, að senda hans hátign konúngi vorum allraþegnsamlegasta bænarskrá um:

> að það megi allramildilegast verða leyft framvegis, að veita móttöku á leigu í hinn konúnglega jarðabókarsjóð ómyndugra fè og opinberra stofnana, er nemur 25 rdl. og þar yfir.

Reykjavík, hinn 8. dag ágústm. 1857.

E. Ó. Kúld. Þ. Guðmundsson, V. Finsen.
form. og framsögum.

Framsögumaður: Eg vonast, að þetta nefndarálit gedjist þíngmönnum, svo eg ekki þurfi að tala því neitt til varnar.

Einginn tók til máls, og sagði þá *forseti* undirbúníngsumræðu þessa máls lokið.

Fundi slitið.

---

12. ág. — tuttugasti og sjöundi fundur.

Allir á fundi, nema hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, og þíngmaður Suður-Þíngeyjarsýslu, sem voru sjúkir.

Þíngbók frá 2 síðustu fundum lesin og samþykkt.

Forseti: Það, sem í dag fyrst kemur til umræðu, er fyrirspurn þíngmanns Árnessýslu til *konúngsfulltrúans*. Þíngmaður Árnesínga hefir nefnilega skrifað mèr þannig hljóðanda brèf:

„Eg hefi orðið þess áskynja, að híngað til Reykjavíkurbæjar sè kominn danskur maður, sem eigi að verða hèr lögregluþjónn fram-

vegis, og að þeir 2 lögregluþjónar, sem hèr voru fyrir, skuli þó viðhaldast, og að öðrum þeirra muni verða launað úr jafnaðarsjóði suðuramtsins. Þetta er að líkindum byggt á opnu brèfi 24. nóv. 1856, og sè því að álíta það sem kostnað, er leiði af hinni frjálsu verzlun; en í áminnztu opnu brèfi er það skýlaust tekið fram, að áður en það verði fast ákveðið, að sú eða sú ráðstöfun sè nauðsynleg, skuli það mál verða borið undir alþíngi, jafnvel þó stjórnin áskilji sèr rètt til, að skera úr því til bráðabyrgða. Eg skil nú ekki, hvers vegna stjórnin ekki leitaði álits þessa þíngs um fjölgun lögregluþjóna hèr í bænum, og væri mèr kært, að fá upplýsíngu um það. Eg vil því biðja hinn háttvirta *alþíngisforseta*, að greiða mèr formlegan veg til þess, að mega upp bera spurníngu í þá átt fyrir hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa*.

Reykjavík, 10. ágúst 1857.

Magnús Andrèsson".

Eptir brèfi þessu skrifaði eg hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* þannig:

„Þíngmaður Árnesínga hefir ritað mèr hjálagt brèf, viðvíkjandi fyrirspurn, er hann óskaði að bera upp fyrir hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* um það, hvers vegna stjórnin hafi ekki leitað ráðaneytis alþíngis, áður en settur var hinn þriðji lögregluþjónn í Reykjavík.

Þar eð eg sè ekki annan formlegan veg til að koma fram þessari fyrirspurn af þíngmannsins hendi, vegna þess ekkert það mál liggur fyrir, sem þetta geti heyrt undir, en ef herra *konúngsfulltrúinn* vildi að sínu leyti leyfa honum að bera hana upp, og tjá sig viljugan til að svara honum, þá leyfi eg mèr hèr með að spyrja, hvort nokkuð geti verið þessu til fyrirstöðu.

Með svarinu leyfi eg mèr að biðja um brèf þíngmannsins aptur.

Reykjavík, 10. ágúst 1857.

J. Sigurðsson".

Upp á þetta brèf mitt fèkk eg svar frá *konúngsfulltrúa*, svo hljóðanda:

„Um leið og eg, eptir tilmælum yðar, háttvirti *alþíngisforseti*, í heiðruðu brèfi, dagsettu í gær, endursendi yður brèf þíngmanns Árnesínga, leyfi eg mèr hèr með að tilkynna yður til auglýsíngar fyrir tèðum alþíngismanni, að þó eg, eins og eg fyrrum hefi lýst

yfir hèr á þíngi, ekki viðurkenni, að mèr liggi nokkur skylda á herðum, til að svara sèrstaklegum spurníngum, er ekki við koma neinum þeim málum, er liggja fyrir þínginu til umræðu, vil eg þó í þetta sinn ekki hafa á móti, að þíngmaðurinn fram beri þá spurníngu, sem brèf hans umgetur.

Reykjavík 11. ágúst 1857.

P. Melsteð".

Samkvæmt leyfinu í þessu brèfi *konúngsfulltrúans* hefi eg sett mál þetta á dagskrána. Kann ske hinn heiðraði þíngmaður Árnesínga vilji taka til máls.

M. Andrèsson: Af brèfum þeim, sem hinn háttvirti *forseti* hefir nú lesið, er það ljóst, að eg má fram bera spurníngu þá, er þau upp á hljóða, fyrir hinn hæstvirta *konúngsfulltrúa,* og ætla eg því, áður en eg fram ber spurníngunа, að skýra með fáum orðum frá þeim orsökum, hvers vegna eg fer þessu á flot.

Fyrir alþíngi 1855 var lagt konúnglegt frumvarp um það, hvernig greiða skuli kostnað þann, er þarf til að framfylgja lögum 15. apríl 1854 um siglíngar og verzlun á Íslandi. Þetta frumvarp tók þíngið til lögskipaðrar meðferðar, og varð um það töluverður ágreiníngur í þínginu, hvaðan sá kostnaður greiðast skyldi, en svo lauk, að það var samþykkt með litlum atkvæðamun, nefnil. 10 mót 9, að þenna kostnað skyldi greiða af jafnaðarsjóði hvers amts. Þann dag, sem til atkvæða var geingið um þetta mál, stóð svo á, að eg var lasinn, eins og fleiri um þann tíma, svo eg gat ekki verið á þíngi, en hefði eg verið þar, þá hefði eg fylgt þeim 9, og þá hefði það fallið með jöfnum atkvæðum, að þetta skyldi lenda á jafnaðarsjóðunum, og með fram þess vegna liggur mèr þetta málefni svo nærri. Hvað sem um þetta er, kom lagaboðið út 24. nóv. 1856. Að öllum líkindum hefir það ekki borizt híngað, fyr en með póstskipi, þegar það kom frá Liverpool eptir miðjan vetur, en víst hefir ekki dregizt leingi, að senda þá bón hèðan frá Reykjavík, að fjölgað yrði lögregluþjónum hèr, þar maðurinn er nú híngað kominn; eg efast ekki um það, að þetta sè ráðstöfun stjórnarinnar, en hvað því hefir valdið, að hún ekki bar þetta mál undir alþíngi, er mèr að öllu óljóst; naumleiki tímans gat það varla verið, jafnvel þó eg sjái, að flest, sem frá stjórninni kom til þessa þíngs, er dagsett 27. og 30. maí, en þetta þurfti ekki að taka upp lángan tíma. Hvernig þíngið hefði litið á þessa nauðsyn Reykjavíkurbæjar, kann eg ekki með vissu að segja, en svo mikið er þó öllum ljóst, að ekki hefir, enn

sem komið er, aukizt hèr aðsókn af utanríkis verzlunarskipum; þó hèr komi einstöku skip frakknesk, eða hvaðan sem þau eru, þá eru þau í einhverjum öðrum erindagjörðum, og við koma ekki frjálsu verzluninni; eg held því, að hennar vegna mætti komast hèr af með 2 lögregluþjóna, eins og að undanförnu. Það kann nú að vera, að stjórnin hafi gjört þessa ráðstöfun til bráðabyrgða, og leggi þetta svo undir álit alþíngis 1859, sem eg efast þó um, þar málið ekki var borið undir þetta þíng; en þó svo væri, þá mundi samt, eptir því sem venja er til, að alþíngismálefnum gángi erlendis, líða 4 ár, þángað til málið væri útkljáð, og hinum 3. lögregluþjón á meðan launað 200 rdl. árlega af amtssjóðnum, sem er því tilfinnanlegra útsvar, sem nú hlaðast margar þúngar byrðar á þann sjóð.

Eg vil að svo mæltu leyfa mèr, að bera þá spurníngu upp fyrir hinn hæstvirta *konúngsfulltrúa:*

1. Hvort það er ráðstöfun stjórnarinnar, að lögregluþjónum er nú fjölgað hèr í Reykjavík, og
2. Hver orsök er til þess, að það mál var ekki borið undir þetta þíng.

Konúngsfulltrúi: Eg verð fyrst að geta þess, að eg vil svara fyrirspurn hins heiðraða þíngmanns Árnesínga í því formi, sem hún er borin upp af *forseta,* nl. „hvers vegna stjórnin hafi ekki leitað ráðaneytis alþíngis, áður en settur var hinn þriðji lögregluþjónn í Reykjavík"; þar næst vil eg leiða þíngsins athuga að því, að eg hefi áður lýst því yfir hèr á þínginu, að eg ekki gæti viðurkennt þíngsins rètt til, að fram bera fyrir *konúngsfulltrúa* sèrstaklegar fyrirspurnir *(Interpellationer),* er ekkert við koma þeim málum, er þíngið hefir tekið til umræðu og meðferðar, og ekki heldur skyldu *konúngsfulltrúa* til, að svara slíkum spurníngum. Ástæðurnar fyrir þessari skoðun minni eru að lesa í alþíngistíðindunum 1855, bls. 270-1, til hverra eg í þessu tilliti skýrskota. Þar af leiðir, að þó eg í þetta sinn hafi lofað að gefa svar upp á hina framsettu spurníngu, þá er svar þetta eingan veginn að álíta sem gefið stjórnarinnar vegna, heldur sem mína eigin persónulega meiníngu, og hún er þá þessi: að mèr þykir líklegt, að stjórnin muni hafa álitið svo, sem það væri fyrirfram samþykkt af alþíngi, bæði að hinn 3. lögregluþjónn skyldi verða settur í Reykjavík, og líka að honum væri launað af amtsjafnaðarsjóðnum. Í álitsskjali þíngsins til konúngs um stjórnarfrumvarp áhrærandi, hvernig greiða skuli kostnað þann, er leiðir af því, að framfylgja hinni frjálsu verzlun eptir lögum 15. apríl.

1854, er svo að orði kveðið (alþíngis tíð. 1855, bls. 841): „að öðru leyti virðist þessi skoðun — að leggja kostnaðinn á amtsjafnaðar- en ekki bæjar-sjóðinn — einnig eiga að gilda um hinn þriðja lögregluþjón, sem þegar er ákveðið að setja í Reykjavík vegna frjálsu verzlunarinnar, þannig að hann fái laun sín af jafnaðarsjóði suðuramtsins“. Með þessu er samstemma bæði allt álitsskjal þíngsins og uppástúngur þess.

Jón Guðmundsson: Viðvíkjandi heimild þeirri, er hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* áleit að stjórnin hefði til þess, að gjalda lögregluþjóni í Reykjavík úr jafnaðarsjóði suðuramtsins, er hann byggði á því, að þetta virtist ráðgjört í álitsskjali alþíngis 1855, um kostnað þann, er leiðir af hinni frjálsu verzlun, þá getur mèr ekki virzt betur, en að stjórnin, ef hún vill binda sig við eitt atriði í álitsskjali þessu, sem þó ekki er niðurlags- eða uppástúngu-atriði, þá verði hún og, og það miklu fremur, að binda sig við hina beinu uppástúngu í sama álitsskjali, sem konúngurinn hefir samþykkt og gjört að lögum, um, að ekkert skuli verða fast ákveðið, að sú eða sú ráðstöfun sè nauðsynleg, fyr en málið er borið undir alþíngi; þetta er nú orðið lögákveðið með opnu bèfi 24. nóv. 1856, 2. gr., og við það er ráðherrann bundinn, og verður sem aðrir að fara eptir lögunum; hann gat eptir þessum lagastað að vísu skipað til bráðabyrgða, að greiða laun lögregluþjónsins af jafnaðarsjóðnum fyrir þetta yfirstandanda ár, en hann átti að leggja málið undir álit þessa alþíngis, en það hefir hann nú ekki gjört; sem þíngmaður Skaptfellínga mótmæli eg því öldúngis þessari heimildarlausu aðferð ráðherrans.

Konúngsfulltrúi: Eg verð stjórnarinnar vegna öldúngis að mótmæla því, er hinn heiðraði *varaforseti* nú sagði.

Forseti: Umræðu þessa máls er þá lokið, og kemur samkvæmt dagskránni *fjárkláðamálið til undirbúníngsumræðu.*

Eins og þíngmenn vita, fólu þeir mèr á hendur í fyrra dag, að rita stiptamtmanninum brèf; gjörði eg það, og hljóðar brèfið þannig:

„Einn af nefndarmönnum í málinu um fjárkláðann bar upp í dag á alþíngi, að það mundi vera hagkvæmt, ef herra stiptamtmaðurinn gæti eða vildi gjöra svo vel, áður en umræðurnar um þetta mál byrja í þínginu, að láta þínginu í tè skriflega meiníngu sína um, að hve miklu leyti þèr, að því leyti þèr eruð amtmaður í suðuramtinu, mundið finna yður skylt eður treystast til, að fram fylgja ályktunum þeim, er alþíngi tæki í fjárkláðamálinu, ef þær færi í líka stefnu,

sem nefnd sú, er sett var í málið, hefir tekið; og var það jafnframt talið æskilegt, ef herra stiptamtmanninum þóknaðist, áður en þèr svarið, að gefa nefnd þeirri, sem sett er í þessu máli, tækifæri á, að bera sig saman um uppástúngur sínar við yður, og reyna að koma sèr saman um það við yður, sem framast gæti orðið til miðlað eða gjört í þessu efni; var það þar eptir samþykkt af þíngmönnum, að *forseti* sendi herra stiptamtmanninum nefndarálitið í málinu, og feingi um leið að vita, hvort yður þóknaðist að eiga fund við nefndina áhrærandi uppástúngur hennar, og þær miðlanir, sem þar í kynni að mega gjöra.

Jafnframt og eg þannig hèr með hefi þá æru, að senda herra stiptamtmanninum tèð nefndarálit með uppástúngum nefndarinnar, leyfi eg mèr að beiðast þess álits yðar og svars, sem þíngið hefir þannig til mælzt, og jafnframt að mega spyrja, hvort nefndin mætti eiga von á, að mega eiga samræður við yður um þetta mál, og hve nær, og leyfi eg mèr í því tilliti að geta þess, að vegna þíngstarfanna og annara orsaka væri það mjög æskilegt, ef þessar samræður gæti orðið á morgun.

Reykjavík 10. ágúst. 1857.

Jón Sigurðsson".

Upp á brèf þetta fèkk eg svar frá stiptamtmanni, svo hljóðanda:

„Herra alþíngis-*forsetinn* hefir í brèfi 10. þ. m. tjáð mèr, að alþíngið óskaði, að eg vildi skriflega tjá því meiníngu mína um, að hve miklu leyti eg sem amtmaður í suðuramtinu mundi finna mèr skylt, eður treystast til, að framfylgja ályktunum þeim, er alþíngi tæki í fjárkláðamálinu, ef þær færi í líka stefnu, og nefnd sú, er sett var í málið, hefir tekið, og að það jafnframt væri álitið æskilegt, að eg, áður en eg gæfi svarið, veitti nefndinni kost á, að bera sig saman við mig um uppástúngur sínar, og hún reyndi að koma sèr saman við mig sem framast gæti orðið til miðlað eða gjört í þessu efni.

Af uppástúngu minni til alþíngisins af 14. f. m., viðvíkjandi málefni þessu, mun herra *forsetinn* hafa sèð, að myndugleiki minn í þessu efni er greinilega takmarkaður af brèfi lögstjórans 30. apr. þ. á. þannig, að eg sè mèr ekki fært, að framkvæma ályktun þíngsins um þetta efni, ef hún geingur út fyrir *niðurskurð á hinu sýkta fè*. A fundi í gær með alþíngisnefndinni í málinu tjáði eg henni þetta, en til þess, ef mögulegt væri, að fá hana til, að halda uppástúngu

sinni innan þeirra takmarka, sem gjörði mèr mögulegt að framkvæma strax ályktun þíngsins, tjáði eg henni einnig, að eg hefði sent þá 3 dýralækna, sem hèr eru, sinn í hverja sýslu, Hansteen til Árnessýslu, Finnbogasen til Kjósar og Gullbríngu-, og Jensen til Borgarfjarðarsýslu, með skipun til, að taka hið sjúka fè til lækninga í öllum hreppum þessara sýslna, og feingið þeim til meðferðar umburðarbrèf til allra hreppstjóra og hreppanefnda, og er þeim í því skipað, að aðstoða dýralæknana á allan hátt, fylgja þessum, hver í sínum hreppi, á þá bæi, hvar dýralæknar sjálfir standa fyrir lækníngum, þannig að meðlimir nefndanna sjálfir framkvæma lækníngarathöfnina undir umsjón læknisins, svo að þeir bæði geti lært að þekkja einkenni sjúkdómsins, og meðferð á honum, og svo að þeir, þegar læknir fer í annan hrepp, sjálfir geti haldið áfram lækníngunum á þeim bæjum, hvar læknirinn ekki hefir komið, svo að lækníngum geti orðið lokið fyrir gaungur. Því er og ráðstafað, að hrepparnir strax útvegi sèr nauðsynleg meðöl, eins og dýralæknir mun einnig hafa með sèr nægilegt af þeim, til að geta byrjað lækníngar á þeim bæjum í hverjum hrepp, er þeir koma á; þegar að gángnatíma er komið, mun dýralæknum og hreppanefndum verða skipað, að vera *til staðar í rèttunum,* til *þess að hafa* strángt *eptirlit á,* að hið *sjúka* og *heilbrigða fè* verði þar *strax aðskilið,* og að einúngis hið heilbrigða fè verði heim rekið, en hið sjúka strax *tekið undir lækníngar,* að undanteknum þeim kindum, sem dýralæknir kynni strax skipa að skera; að viss tími verði ákveðinn fyrir lækníngunna, og hið læknaða fè verði að honum liðnum heim rekið, en hinu slátrað. *Væri þvílíkri aðferð nákvæmlega framfylgt,* mætti að öllum líkindum við því búast, að ekki yrði hætt við frekari útbreiðslu sýkinnar, en það er alþíngi auðvelt, að sjá um, að henni verði framfylgt, með því, að undirbúa lagaboð um nægilega hegníngu fyrir þá, sem í þessu efni ekki gjöra skyldu sína, eins og fyrir þá, er sýna beinlínis óhlýðni, en sèrstaklega fyrir þá, sem ekki tafarlaust skýra hreppanefndinni frá því, þegar sýkinnar verður vart á fè þeirra; og þegar tölu hreppsnefndarmanna er fjölgað eptir stærð hreppsins, verða nefndirnar sjálfsagt færar um að vetrinum, að hafa nauðsynlegt eptirlit á meðferð fjárins í hreppunum, og að annast um, að skepnur þær, sem sýkjast kynni, annaðhvort verði strax drepnar, ellegar stránglega aðskildar frá hinum heilbrigðu, og teknar til lækníngar. Eg áleit, að þetta, ásamt því, er nefndin hefir uppástúngið um breytíngu fjárhúsa, mundi vera nægilegt, til að út rýma sýkinni, og að sjálfsagt ekki geti verið

nein hætta fyrir útbreiðslu hennar til annara sveita, þegar það enn fremur er ákveðið, að *ekki skuli reka fè* til afrètta næsta ár, fyr en búið sè nákvæmlega að rannsaka það af hreppanefndunum, og þannig, að einúngis þeim hjörðum veitist aðgángur að afrèttunum, í hverjum eingin sýkíng finnst, eða hefir fundizt hinn seinasta mánuð. Eg leiddi athygli nefndarinnar að því, að ef alþíngið fèllist á þessar ráðstafanir, mundi það traust, er innbyggjendurnir við það feingi á þeim, verða hið kröptugasta meðal til þess, að þeim yrði nákvæmlega fylgt, en ef uppástúnga alþíngisins þar á móti fer harðari ráðstöfunum fram, *sèr í lagi niðurskurði á heilbrigðu fè,* kynni það *auðveldlega að koma til leiðar viljaleysi hjá bændum eða andstyggð á lækníngunum,* þar eð það er eðlilegt, að þeir ekki vilji eyða bæði tíma og peníngum til þeirra, þegar fè þeirra, hvort sem er, skal skera niður; og ef hinar ítarlegri ráðstafanir, sem þíngið stíngur upp á, ekki skyldi öðlast konúnglegt samþykki, mundi málefnið með þvílíkri meðferð komast í mjög óvænlegt horf.

Þar eð nefndin samt ekki að öllu leyti gat fallizt á skoðanir mínar á málefninu, og aðrar ítarlegri tilraunir til, að þoka meiníngunum hverri nær annari, mistókust, hlýt eg að láta mèr nægja þessa skýrslu, en vil þó að endíngu vekja athygli þíngsins á hinni miklu ábyrgð, er það stofnar sèr með því, að aðhyllast þær skoðanir, sem ekki verða strax framkvæmdar.

Íslands stiptamthúsi, 12. ágúst 1857.

J. D. Trampe".

Þíngmenn sjá þannig, hvernig þessu hefir reitt af, og hvert svar stiptamtmaðurinn hefir gefið.

Lèt *forseti* síðan afhenda málið *framsögumanni,* hinum 3. konúngkjörna þíngmanni, og las hann upp álit nefndarinnar, svo hljóðanda:

„Eptir að *konúngsfulltrúinn* hafði lagt fyrir alþíngi „frumvarp til tilskipunar um ráðstafanir til þess, að útrýma og varna útbreiðslu fjárkláðans, er geisar á Suðurlandi", samið af amtmönnunum fyrir vestan og norðan, og sömuleiðis uppástúngur stiptamtmannsins í þessu tilliti, og boðið þínginu, samkvæmt brèfi dómsmálastjórnarherrans, frá 30. apríl þ. á., að taka þetta mál til meðferðar, kaus þíngið oss undirskrifaða í nefnd, til að íhuga áminnzt frumvarp og uppástúngur, og skulum vèr nú segja álit vort um málið á þessa leið:

Eins og hinu heiðraða þingi af áminnztu frumvarpi amtmannanna og álitsskjali stiptamtmannsins þegar er kunnugt, hefir að vísu öllum amtmönnunum komið saman í því, að nauðsynlegt væri, að reisa allar skorður við því, að fjárkláðasýkin gæti útbreiðzt til hinna ósýktu hèraða landsins, og í því skyni eru verðir fyrirskipaðir, til að verja samgaungum fjárins á afrèttum í sumar, eins og líka stiptamtmaðurinn í sama tilgángi hefir feingið hingað tvo dýralækna frá Danmörku; þar á mót gátu amtmennirnir ekki orðið á eitt sáttir um það, að hve miklu leyti nauðsynlegt væri, að lóga sauðfè í haust í þeim hèruðum, þar sem fjárkláðinn til þessa hefir gjört vart við sig, með því frumvarp amtmannanna fyrir vestan og norðan fer fram á, að öllu sauðfè, heilbrigðu og sjúku, verði strax í haust slátrað í Árness-, Gullbríngu-, Kjósar- og Borgarfjarðarsýslum, en stiptamtmaðurinn hefir stúngið upp á, að í þessum sýslum sè einúngis skorið niður allt hið veika og grunaða fè á þann hátt, sem fyrir er skipað í frumvarpi hinna amtmannanna, en þó bætt við þeirri varauppástúngu, skyldi aðaluppástúnga hans ekki þykja nógu tryggjandi, að það verði gjört sýslunefndunum í hinum sýktu hèruðum að skyldu, með ráði hreppsnefndanna, að ákveða, hvað margt fè hver bóndi megi halda í samanburði við það fóðurmegn, sem hann hefir, og fólksfjölda til hirðíngar fjárins, svo að meiri hluti fjárstofnsins, einkum þess, sem leitar á afrèttina, verði slátrað.

Þegar nú er litið til þeirrar uppástúngu amtmannanna fyrir vestan og norðan, er lýtur að almennum niðurskurði fjárins í Árness-, Gullbríngu-, Kjósar- og Borgarfjarðarsýslum á í hönd faranda hausti, þá getur nefndin ekki gefið henni jákvæði sitt, heldur verður að vera á máli stiptamtmannsins í því, að slík ráðstöfun mundi ekki verða nauðsynleg, nè nægilega tryggjandi, þar það ekki verður álitið áreiðanlegt, að fjárkláðinn um það leyti niðurskurðurinn yrði að fara fram, ekki sè á öðrum stöðum, en í hinum nefndu sýslum, þrátt fyrir verðina og þær ráðstafanir, sem gjörðar hafa verið, til að varna útbreiðslu hans í sumar, með því það enn má álítast nokkrum vafa undirorpið, af hvaða rótum fjárkláði þessi sè sprottinn, eins og einnig álit dýralæknanna og lækníngatilraun sú, sem þeir þegar hafa gjört, bendir til þess, að hann verði læknaður, þegar fjárfjöldi, heyfaung og hirðíng fjárins standa í rèttu innbyrðis hlutfalli. Hèr við bætist það nú einnig, að stiptamtmaðurinn hefir álitið lítt mögulegt, ef ei ómögulegt, að framkvæma slíka ráðstöfun, sem og styrkist af þeim bænarskrám, sem til þíngsins hafa komið frá fjölda búanda í hinum

fjársjúku hèruðum, er flestar fara fram á, að þar megi verða eptirskilinn nokkur fjárstofn, en flestar þær bænarskrár, sem biðja um algjörlegan niðurskurð, gjöra það að einkaskilyrði, að áreiðanleg vissa fáist þegar í haust fyrir því, að norður- og vesturland sè öldúngis kláðalaust. Aptur á móti getur nefndin ekki aðhyllzt þá aðaluppástúngu stiptamtmannsins, einúngis að skera niður í haust allt hið veika og grunaða fè, því slík ráðstöfun virðist ekki geta komið í veg fyrir framhald og útbreiðslu fjárkláðans, með því veikin getur komið upp seinna, og á þann hátt haldizt við í því fè, sem ekki er lógað í haust, og yrði þá afleiðíngin sú, að hann hvorki yrði upprættur í hinum sýktu hèruðum, nè heldur komizt hjá vörðum næsta sumar, ef það reyndist, að þeir í sumar gæti varnað útbreiðslu fjársýkinnar, og mundi framhald slíkra varða bundið ærnum og ókljúfanda kostnaði. Til að koma í veg fyrir þetta, hefir stiptamtmaðurinn að sönnu stúngið upp á, að þær hreppsnefndir, sem settar yrði, ætti að vori komanda eptir ráðstöfun sýslunefndanna að láta rannsaka nákvæmlega allt fè í landinu, og að þá skyldi aptur skera niður allt hið veika og grunaða fè. En þessi uppástúnga sýnir einmitt, hversu lítil tryggíng það væri, að fylgja hinni fyr nefndu uppástúngu um niðurskurð hins veika og grunaða fjár í haust, því eins og sýkt og grunað fè getur hugsazt að vori komanda með slíkri tilhögun, þannig getur það og hugsazt að hausti komanda, af því hugmyndin um hið grunaða fè er óviss og óákveðin, og lítt mögulegt, að hafa gætur á því, hve nær fjárkláðinn kemur upp, af því hann er ómerkjanlegur í byrjun sinni, og mundi þá af því leiða, að ekki yrði sèð fyrir endann á honum, auk þess, sem niðurskurður að vorinu til er hið mesta tjón fyrir eigendur fjárins.

Hvað þar á mót varauppástúngu stiptamtmannsins snertir, þá verður nefndin að fallast á þá hugmynd, sem liggur til grundvallar fyrir henni, að svo miklu leyti, sem hún hnígur að því, að varna útbreiðslu fjárkláðans, með því að ákveða, að það verði gjört sýslunefndunum í hinum sýktu hèruðum að skyldu, með ráði hreppsnefndanna að ákveða, hve margt fè hver bóndi megi halda í samanburði við það fóðurmegn, sem hann hefir, og fólksfjölda til hirðíngar fjárins, og að því fè verði einkanlega slátrað, sem á afrètt leitar. Þessa hugmynd hefir nefndin nákvæmar ákveðið og út fært í þeim uppástúngugreinum, sem hún hefir samið og hèr með leggur fram fyrir hið heiðraða þíng; en að öðru leyti hefir hún lagt frumvarp amtmannanna fyrir vestan og norðan til grundvallar fyrir uppástúngum sínum, sèr

í lagi hvað form og lögun snertir, og annaðhvort breytt hinum einstöku greinum þess, eða bætt við það nýjum greinum. Það aðalsjónarmið, sem nefndin hefir haft fyrir augum, er sèr í lagi það, að leitast við að tryggja sem bezt hið almenna með nauðsynlegum takmörkunum og ráðstöfunum, og veita hverjum einstökum allt það frelsi og ívilnun, sem staðizt gæti innan þessara takmarka, og gjöra framkvæmd lækníngatilraunanna mögulega. Þó nefndin þess vegna af áður töldum orsökum ekki gæti fallizt á almennan niðurskurð alls sauðfènaðar í haust í áðurnefndum sýslum, varð hún þó að gánga út frá því sem gefnu, að sýkin enn ekki þá ætti sèr stað í hinum ömtunum, sízt á sama stigi og í suðuramtinu, og álíta meiri líkur fyrir því, að henni mundi geta orðið varnað að útbreiðast þángað í sumar, og þess vegna hlaut hún að ráða til þess, að öllu því fè yrði lógað í opt nefndum sýslum, sem gjöra mætti ráð fyrir, að sýkin gæti flutzt með til hinna ósýktu hèraða að sumri, ef það væri látið lifa; eins og hún líka hefir álitið nauðsynlegt, að hvervetna væri stofnaðar hreppa- og sýslunefndir, ekki einúngis til að sjá um framkvæmd þessarar ráðstöfunar, heldur og til þess með skoðunargjörðum og nákvæmu eptirliti að reisa skorður við frekari útbreiðslu fjárkláðans. En þó stefna nefndarinnar í þessu aðalatriði komi heim við varauppástúngu stiptamtmannsins, getur hún þó ekki fallizt á það atriði í uppástúngu hans, að lógun geldfjárins skuli einúngis ná til þeirra sveita, sem liggja á takmörkum amtanna, bæði af því, að slík ákvörðun naumast mundi geta gefið næga tryggíngu fyrir því, að fjallafè úr hinum fjærlendari sveitum rásaði að sumri komanda svo lángt og víðsvegar, að það þannig kynni að flytja veikina inn í hin ósýktu hèruð, og líka af því, að þegar lógun fjárins væri að eins fyrirskipuð í einstökum sveitum, mundi ekki verða komizt hjá því endurgjaldi, sem stiptamtmaðurinn hefir stúngið upp á, en sem nefndin ekki sèr sèr fært að ákveða hvaðan taka skyldi. Hèr við bætist það nú einnig, að það mundi geta valdið megnum ágreiníngi, við hvað slíka takmörkun ætti að miða. Af þessum ástæðum þótti nefndinni það í alla staði óhultast og mest tryggjanda, að öllu geldfè væri nú þegar í haust lógað í Árness-, Gullbríngu-, Kjósar- og Borgarfjarðarsýslum, svo að algjörlega yrði að sumri komizt hjá þeim ærna kostnaði, sem af vörðum milli amtanna leiðir, og virðist nefndinni ekki geta orðið talað um eiginlegt endurgjald, þegar þessi regla geingur alstaðar jafnt yfir, nema að svo miklu leyti, sem nefndin samkvæmt frumvarpi amtmannanna hefir stúngið upp á, að sú skylda

verði á herðar lögð sèrhverjum fjáreiganda í hinum ósýktu hèruðum, að selja fè til Suðurlands, skyldi þar að reka, að almennur niðurskurður þyrfti hèr fram að fara. Þó það sè auðvitað, að þessi ákvörðun um almennan niðurskurð geldfjárins í hinum sýktu hèruðum hljóti að verða eigendunum mjög tilfinnanleg og samfara nokkrum skaða, er það þó verulegt og mildanda atriði í þessu efni, að fèð verður í fullkomnum haustholdum, þegar því skal lóga, eins og þetta líka, í sambandi við aðrar þar að lútandi ráðstafanir, virðist hið eina ráð til þess, að eigendurnir sem fyrst geti feingið nýjan og heilbrigðan fjárstofn.

Þegar spurt er um, að hvað miklu leyti þíngið muni hafa heimild til, að taka þá ákvörðun, sem nefndin þannig hefir stúngið upp á með tilliti til lógunar hins heilbrigða fjár í hinum sýktu hèruðum, þá er það nú að vísu satt, að sá skilníngur, sem stiptamtmaðurinn hefir haft á áður áminnztu brèfi dómsmálastjórnarherrans frá 30. apríl þ. á., liggur nær orðunum, en sá, sem hinir amtmennirnir hafa lagt í það, með því þar einúngis er talað um, „hvort, og að hvað miklu leyti niðurskurður á *hinu sýkta fè* skuli eiga sèr stað"; en þó getur nefndin ekki álitið, að frumvarp amtmannanna gángi út yfir takmörk þess myndugleika, sem þeim með greindu brèfi er gefinn; því með brèfi þessu er þeim yfir höfuð falið á hendur, að semja frumvarp um hinar ítarlegri ráðstafanir, sem við þyrfti, til að hnekkja fjársýkinni, og því lagt á þeirra vald, að til taka og ákvarða allt það, sem þeir í þessu tilliti mætti álíta nauðsynlegt. En hafi amtmennirnir þannig haft heimild til, að stínga upp á almennum niðurskurði alls sauðfènaðar í hinum sýktu hèruðum, getur alþíngið því síður átt á hættu, að fara út fyrir þann verkahríng, sem stjórnarherrabrèfið hefi tiltekið, þó það stíngi upp á lógun geldfjárins í hinum sýktu hèruðum, og takmarki þannig þann almenna niðurskurð, sem amtmennirnir í frumvarpi sínu hafa farið fram á.

Hvað þeim kostnaði viðvíkur, sem þeim ráðstöfunum er samfara, er lúta að því, að uppræta fjárkláðann, og varna útbreiðslu hans, þá hefir amtmönnunum komið saman um, eptir því sem ráða má af ástæðunum fyrir 12. grein frumvarpsins, að hvert amt fyrir sig skuli bera þann kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er gjörðar eru í þessu tilliti í hverju amti fyrir sig, og finnur því ekki nefndin ástæður til, frekar að hreifa við þessu atriði. Þar á móti hefir nefndin tekið til yfirvegunar þær uppástúngur, sem amtmennirnir í ástæðunum við 12. grein frumvarpsins undir nr. 1—4, og stipt-

amtmaðurinn í álitsskjali undir nr. 1—3 hafa borið undir þíngið, og skal nefndin leyfa sèr, að láta álit sitt um þær í ljósi á þessa leið:

Hvað uppástúngu amtmannanna undir nr. 1 snertir, „að alþíngi fyrir sitt leyti leggi samþykkt á þær ráðstafanir, er amtsyfirvöldin hafa gjört, til að varna útbreiðslu fjárkláðans til hinna ósjúku hèraða landsins“, þá skal nefndin geta þess, að þó það ekki væri neinum vafa undirorpið, að alþíngi hafi vald til, þannig að leggja dóm á yfirvaldagjörðir í þessu máli, hefir nefndin þó ekki þær skýrslur um allar hinar einstöku hèr að lútandi ráðstafanir amtsyfirvaldanna, að hún geti feingið fullkomið yfirlit yfir þær. Með því líka stiptamtmaðurinn ekki hefir farið þessu sama á flct að sínu leyti, virðist það óákveðið, hvort orðatiltækið, *amtsyfirvöld,* nái hèr til allra amtmannanna, eða að eins til amtmannanna fyrir vestan og norðan. Að öðru leyti mun þíngið sjá af uppástúngum og tillögum nefndarinnar, að hún álítur varðhaldið á fjöllunum milli hinna sýktu og ósýktu hèraða nauðsynlega ráðstöfun.

Hvað uppástúnguna nr. 2 snertir, „að alþíngi yfirvegi og ræði nákvæmlega þau frumvörp, miðandi til að útrýma fjárkláðanum, er stiptamtmaðurinn og amtmennirnir eptir undirlagi stjórnarinnar leggja fyrir þíngið“, þá hefir nú *konúngsfulltrúinn* þegar, samkvæmt fyr nefndu brèfi ráðherrans, borið þetta mál undir þíngið, og þíngið tekið það til meðferðar.

Viðvíkjandi uppástúngu frumvarpsins nr. 3, „að alþíngi, ef því virðist bráð nauðsyn til bera, veiti bráðabyrgðagildi ákvörðunum þeim, sem það samþykkti, til útrýmíngar fjárkláðanum, og leiti síðan allraþegnsamlegast hans hátignar konúngsins allrahæsta samþykkis til þess, að ákvarðanir þær, er þíngið hefir fallizt á í þessu efni, fái fullkomið lagagildi“, — þá skal nefndin leyfa sèr að geta þess, að með því það virðist óumflýjanlega nauðsynlegt, að sem fyrst sè farið að undirbúa framkvæmd þeirra ráðstafana, sem alþíngið gjörir í tèðu efni, samkvæmt tillögum nefndarinnar, og það yrði of seint, að bíða með þetta eptir allrahæstri staðfestíngu konúngsins sjálfs, sem ekki er fyrirsjáanlegt að geti feingizt, fyr en seint í októbermánuði, þá vill nefndin ráða þínginu til, að biðja *fulltrúa konúngsins* um, samkvæmt opt nefndu stjórnarherra brèfi, að veita þeim ákvörðunum, sem það samþykkir í þessu máli, lagagildi til bráðabyrgða, uns allrahæsta staðfestíng getur feingizt, og fela *konúngsfulltrúanum* að senda þær amtmönnunum til framkvæmdar.

Hvað uppástúngu amtmannanna nr. 4 snertir, þá þykir nefndinni

að svo komnu ekki full nauðsyn bera til, að fallast á hana. Skyldi þar á mót verða að reka að algjörlegum niðurskurði haustið 1858, gjörir nefndin ráð fyrir, að amtsyfirvöldin hlutist til um, að útvega hjá stjórninni einhvern styrk handa þeim nauðstöddu, að minnsta kosti til bráðabyrgða, þángað til alþíngi 1859 gæfist kostur á, að láta tillögur sínar í tje um þetta efni.

Hvað þessu næst hinum einstöku uppástúngum stiptamtmannsins viðvíkur, þá hefir hann undir nr. 1 farið því á flot, að dýralæknar þeir, sem væntanlegir eru, sè látnir rannsaka ásigkomulag og útbreiðslu sýkinnar. Eins og hinu heiðraða þíngi er kunnugt, eru nú 2 danskir dýralæknar komnir híngað til landsins, og hafa þegar byrjað lækníngatilraunir hèr í nærsveitunum, og eptir þeim fregnum, sem menn hafa feingið af þessum lækníngatilraunum þeirra, og skýrslum þeim, er þeir hafa gefið, verður það að álítast líklegt, að tilraunir þeirra geti haft góðan árángur, sèr í lagi þegar fènu verður fækkað, eins og nefndin hefir stúngið upp á; en þar eð þetta þó er undir því komið, að þeim gefist nægur tími til, að reyna lækníngarnar til hlítar, vill nefndin ráða þínginu til, að fara því á flot, að áður nefndir dýralæknar verði látnir dvelja hèr að minnsta kosti til næsta sumars og halda störfum sínum á fram undir umsjón og ráðstöfun stiptamtmannsins, samkvæmt tillögum þeirra sýslna- og hreppanefnda, er settar verða í hinum fjársjúku hèruðum, og að þeir einnig fari víðar, og jafnvel inn í hin ömtin, ef þurfa þykir.

Áhrærandi uppástúngu stiptamtmannsins undir nr. 2, að niðurskurður á hinu sýkta fè verði fyrir skipaður á framan skrifaðan hátt mót endurgjaldi til eigendanna, verður nefndin að skýrskota til þess, sem hèr að framan er tilgreint um tillögur hennar í þessu efni.

Loksins skal nefndin geta þess, að hún fellst á uppástúngu stiptamtmannsins undir nr. 3, að kostnaður sá, sem leiðir af híngaðferð og hèrveru dýralæknanna, greiðist af upphæð þeirri, sem með ríkistekjulögunum er veitt til ófyrirsjáanlegra útgjalda handa Íslandi, eða ef þessari upphæð skyldi vera öðruvísi ráðstafað fyrir þetta ár, þá fyrirfram af ríkissjóðnum móti endurgjaldi af sömu upphæð næsta ár.

Samkvæmt því, sem þannig er mælt um uppástúngur amtmannanna í ástæðunum fyrir 12. grein frumvarpsins og stiptamtmannsins í álitsskjali hans, leyfir nefndin sèr, að ráða þínginu til, að samþykkja eptirfylgjandi atriði, og bera þau í álitsskjali sínu til konúngs undir hans allrahæsta samþykki:

1. Að dýralæknar þeir, sem komnir eru híngað til landsins, verði

látnir dvelja hèr að minnsta kosti til næsta sumars, og halda störfum sínum áfram undir umsjón og ráðstöfun stiptamtmannsins, samkvæmt tillögum þeirra sýslna- og hreppa-nefnda, er settar verða í hinum fjársjúku hèruðum, og að þeir einnig fari víðar, og jafnvel inn í norður- og vestur-amtið, ef þurfa þykir.

2. Að kostnaður sá, sem leiðir af hingaðferð og hèrveru dýralæknanna, greiðist af upphæð þeirri, sem með ríkistekjulögunum er veitt til ófyrirsjáanlegra útgjalda handa Íslandi, eða ef þessari upphæð skyldi vera öðruvísi ráðstafað fyrir þetta ár, þá fyrirfram af ríkissjóðnum móti endurgjaldi af sömu upphæð næsta ár.
3. Að þingið veiti þeim ákvörðunum, sem það samþykkir í þessu máli, til að varna útbreiðslu fjárkláðans, lagagildi til bráðabyrgða.
4. Að þingið allraþegnsamlegast leiti hans hátignar konungsins allrahæsta samþykkis til þess, að tèðar ákvarðanir fái fullkomið lagagildi.

Alþingi, 7. dag ágústm. 1857.

R. M. Ólsen. *Þ. Guðmundsson.* *K. Árnason.* *P. Pèturssson,* form. og framsögum.
E. Ó. Kúld, skrifari nefndarinnar. *St. Jónsson.* *Á. Einarsson.*
Jón Guðmundsson.

J. Sigurðsson: Með þeim athuga, að mèr þykir vanta skýlausa ákvörðun um, að allt sjúkt og grunað fè sè niður skorið allt fram til miðs vetrar, og iðulegri skoðunargjörð haldið á heilbrigði fjárins inn til þess tíma.

Fylgiskjal 1.

Breytíngaruppástúngur
við
frumvarp eptir amtmennina til tilskipunar til þess, að út rýma og varna útbreiðslu fjárkláðans.

§ 1 (sbr. frv. 1. gr.).

Í þeim fjórum sýslum, Árness-, Gullbríngu-, Kjósar, samt Borgarfjarðarsýslum skal almennt farga sauðfènaði haustið 1857 með þeim takmörkunum, sem hèr eptir segir.

§ 2 (ný gr.).

Sèrhver búandi, sem grasnyt hefir, má setja nokkrar ær á vetur, en þó svo, að einginn má setja á fleiri ær, en hundrað, að meðtöldum kúgildisám.

§ 3 (ný gr.).

Þar á móti skal skera eða lóga öllum geldfènaði og lömbum, hvort sem sjúkt reynist eða heilbrigt; sömuleiðis dilkám og geldum

ám, sem á afrèttum hafa geingið, en þó má setja á vetur brundhrúta þá, er til ánna þurfa, sem og veturgamlar gimbrar innan þeirrar ærtölu, sem til er tekin í annari grein.

§ 4 (sbr. frumv. 4. gr.).

Förgun þess fjár, sem farga á, skal hver maður hafa af lokið fyrir 7. desember 1857.

§ 5 (sbr. frumv. 2. gr.).

Á hverju því heimili, þar sem fjársýkin gjörði vart við sig næstliðinn vetur eða vor, en ekki hafa verið rifin fjárhúsin í sumar, samkvæmt reglugjörð stiptamtsins 13. febr. þ. á., skal öll fjárhús rífa á hausti komanda, og byggja aptur upp á öðrum stað, háum og þurrlendum, ný fjárhús, nægileg fyrir ærstofn þann, sem hver búandi má gjöra ráð fyrir að hann megi á setja samkvæmt þessari tilskipun, og með þeirri stærð og lagi, sem tilskipunin 2. marz 1776 til tekur.

Viðina úr gömlu fjárhúsunum má brúka í hin nýju, ef þeir eru sviðnir áður, eður bikaðir utan.

Hafa skal sèrstaklegt tillit til þess, þegar ákveðin verður ærtala sú, er hver má á vetur setja, hve rækilega búandi hefir, samkvæmt þessari grein, leyst af hendi rof hinna eldri fjárhúsa, og uppbyggíngu hinna nýju.

§ 6 (frumv. 3. gr.).

Til þess að annast um ásetníngu og lógun fjárins, rof og endurbyggíng fjárhúsanna, sem og annað fleira, er hèr er tekið fram í 1.—5. gr., skal hver sýslumaður kveðja sèr til ráðaneytis og aðstoðar 3 eða 4 hina beztu menn hèr og hvar úr sýslu sinni.

Hin sama regla gildir og fyrir lögsagnarumdæmið Reykjavík og bæjarfógetann þar.

§ 7 (sbr. frumv. 3. gr.).

Í hverjum hrepp skal velja hreppanefndir á þann hátt, að hreppstjórinn kveðji með sèr, eptir stærð hreppsins, 2 eða 4 hina beztu hreppsbændur, og sè hreppur mjög stór, svo vatnsföll geti um leingri tíma hindrað samfundi, þá sè hreppsnefndir 2 eða 3, svo til þeirra sè kvaddir, ef þarf, alls 6 menn.

§ 8 (ný grein).

Einginn sýslu- eða hreppsnefndarmaður má skorast undan þeim starfa án lögmætra forfalla, sem sýslumaður þá metur, og skal þegar kveðja nýjan mann til nefndar, ef eins missir við úr nefndinni.

§ 9 (sbr. frumv. 3. gr.)

Hreppanefndir skulu byrja starfa sinn svo fljótt, sem verður, og þegar innan 6. októbers hafa sent sýslumanni skýrslu um búnaðar- og heimilisástand hvers búanda í hreppnum, samkvæmt þeim eyðublöðum, sem þeim til þessa verða send, og sem nefndin út fyllir.

§ 10 (ný grein).

Sýslumaðurinn skal, undir eins og hann hefir feingið skýrslur þær frá hreppanefndum, sem getið er um í 9. grein, kalla saman sýslunefndina, og skal hún leggja úrskurð á um það, hversu margar ær hver búandi í hverjum hreppi sýslunnar má á vetur setja innan þeirrar tölu, sem til er tekin í annari grein. Þennan úrskurð skal sýslunefndin senda tafarlaust til hlutaðeigandi hreppanefnda, svo að þær hafi feingið úrskurð sýslunefndarinnar innan 6. nóvembers.

§ 11 (sbr. frumv. 5. gr.).

Hreppanefndir sjá um, að úrskurðum sýslunefndarinnar verði fullnægt, svo að einginn setji meir á, en þar er til tekið, og skulu þeir tilkynna þetta öllum hreppsbúum með hreppaseðli rètta boðleið, að við lögðum sektum fyrir boðfall. Óhlýðnist nokkur búandi því, sem þannig er ákveðið, skal hreppsnefndin tafarlaust tilkynna það sýslumanni, en hann höfðar opinbert lögreglumál móti hinum seka, til óhlýðnissekta eptir málavöxtum og málskostnaðarútláta.

Þá dóma sýslumannsins má ei áfrýja; málskostnaðinn má strax taka lögtaki, en lagabrotssektirnar eptir amtsúrskurði.

§ 12 (ný grein).

Í seinasta lagi innan viku frá þeim seinasta niðurskurðarfresti, sem til er tekinn í 4. grein, skulu hreppanefndirnar hefja rannsóknarferð um hreppinn, til þess að komast að fullri raun um, að hver búandi hafi hlýtt úrskurði sýslunefndarinnar, halda rannsókn þessari áfram tafarlaust, svo henni sè lokið og sýslumanni tilkynnt svo fljótt, sem verða má.

Strax eptir miðjan vetur skulu hreppanefndir aptur fara um hreppinn, og eiga þær þá enn að nýju að gánga úr skugga um, að hvergi sè sett á fram yfir það, sem ákveðið var, og enn fremur kynna sèr heilbrigðisástand og hirðíngu fjárins, hvort lækníngatilraunir hafa verið við hafðar, og hver árángur af þeim hefir orðið, og gefi sýslunefndinni hið fyrsta þar um greinilegar skýrslur. Þriðju skoðunarferð skulu hreppanefndir gjöra um Jónsmessuleytið, eða svo fljótt sem ærfè almennt fer úr ullu, og gefa sýslunefndinni þá greini-

lega skýrslu um heilbrigðisástand fjárins og fleira, er þar að lýtur, eins og fyr segir í þessari grein.

§ 13 (ný grein).

Sýslunefndirnar skulu hafa vakanda auga á öllu því, sem að því lýtur, að lögum þessum verði tilhlýðilega hlýtt og framfylgt, leiðbeina hreppanefndunum í öllu, er þurfa þykir, og vera þeim til ráðaneytis, hve nær sem þær leita þess.

§ 14 (ný grein).

Undir eins og sýslunefndirnar hafa úrskurðað um ásetníng fjárins í hverjum hrepp, samkvæmt 10. grein, skal sýslumaður senda amtmanni greinilega skýrslu þar yfir; svo skal og sýslunefndin senda amtmanni skýrslu um afdrifin af miðsvetrar- og vorskoðun hreppanefndanna, jarnsnart sem hver sú skoðun um sig er af geingin, og gjöra athugasemdir og uppástúngur um það, sem henni, samkvæmt skýrslu hreppanefndanna, virðist þörf á, einkum með tilliti til lækníngatilraunanna, meðalaútvegunar, og fleira.

§ 15.

Sýslumaður skal, þegar vafasamt þykir, leita úrskurðar amtmanns um það, hvort mál skuli höfða, hvort heldur er gegn einstökum búanda, eður hreppsnefndarmönnum, fyrir óhlýðni, mótþróa, eða önnur afbrot mót þessum lögum.

§ 16 (ný grein).

Einginn maður í þeim sýslum, sem til eru teknar í fyrstu grein, má að sumri komanda reka neitt lamb, eða nokkra sauðkind á fjöll, heldur skal hann halda þeim í búfjárhögum.

§ 17 (ný grein).

Að vori eða sumri komanda má einginn í fjársjúkum hèruðum fá að, nè flytja þángað neina sauðkind úr hinum ósýktu hèruðum.

§ 18 (sbr. frumv. 5. gr.).

Hver sá, sem af skeytíngarleysi verður valdur að því, að hið sóttnæma kláðafaraldur flytjist í þau hèruð, sem fè almennt er heilbrigt í, skal sæta, auk skaðabóta, fjársektum frá 1—15 dala, en verði nokkur sannur að því, af ásetníngi eða með vilja að hafa flutt faraldrið inn í hinar ósýktu sveitir, varðar það frelsistjóni frá 2—5 ára.

§ 19 (ný grein).

Hver sá maður í hinum ósýktu hèruðum, sem annaðhvort af skeytíngarleysi, eða af ásetníngi, verður uppvís að því, að hafa leynt

kláðanum á fè því, er hann hefir undir höndum, skal sæta fjársektum frá 5—30 dala.

§ 20 (frumv. 11. gr.).

Í öllum öðrum sýslum landsins, en þeim, sem til eru teknar í fyrstu grein, skal hlutaðeigandi amtmaður nú þegar í haust hlutast til, að settar verði nefndir í hverri sýslu og hverjum hreppi á þann hátt, sem fyr er sagt í 6. og 7. grein.

§ 21.

Skyldi hins sóttnæma kláðafaraldurs verða vart á einstökum bæ í hinum sýslunum, þá skal tafarlaust drepa niður hinar kláðugu kindur, halda þar öllu fè í straungu varðhaldi og nákvæmri gæzlu, og verja því samgaungur við annara fè; komi þá í ljós kláði á fleirum kindum að 4—6 vikum liðnum, skal allt fè á því heimili niður skera, en bæta þá eiganda skaðann af opinberum sjóði, ef hann reynist óvaldur að, nè sannur að skeytíngarleysi.

§ 22.

En verði vart hins skaðvæna fjárkláða hèr og hvar í einhverjum hreppum þessara sýslna (sbr. 20. gr.), og á fleirum heimilum í senn, þá skal í hverjum þeim hrepp fram fara almennur niðurskurður, eða förgun fjárins, með þeim takmörkunum og á þann hátt, sem segir í 1.—17. grein, ef sýslunefndin kýs heldur þann kost, en algjörlegan niðurskurð, þó skal jafnan, ef kostur er á, leita hèr um úrskurðar amtmanns. Ef ei er, þegar svo stendur á, af ráðinn algjörður almennur niðurskurður, skal stránga vöktun á því hafa, að það fè, sem lifir, nái ei samgaungum við heilbrigt fè.

§ 23.

Verði sú raun á að hausti komanda, að fjárkláðasýkin ekki sè almennt upprætt í sýslum þeim, sem til eru teknar í fyrstu grein, eða öðrum þeim hèruðum suðuramtsins, þar sem sýkin þá hefir almennt gjört vart við sig, skal almennur niðurskurður fram fara og honum lokið fyrir jólaföstu, þó með því skilyrði, að sýkin hafi þá ekki útbreiðzt um fleiri hèruð, eða víðsvegar í norður-, austur- og vesturamtinu.

Hin sama regla skal gilda í öllum hèruðum í tèðum ömtum, þar sem kláðasýkin hefir útbreiðzt (áþekkt því sem ráðgjört er í 21. gr.), en ekki verið upp rætt.

Í hverju því hèraði, sem almennur niðurskurður verður að hausti samkvæmt ákvörðunum í þessari grein, skal öll fjárhús rífa, og byggja þau aptur upp að vori 1859 á öðrum stað.

§ 24.

Ef sýkin þar á móti er upp rætt að hausti 1858 í öllum sýslum suðuramtsins, nema Skaptafellssýslunum, þá eru öll hin hèruð amtsins laus við þær lagaskyldur, sem tilteknar eru í 23. grein. En reynist sýkin út breidd í annari hverri þeirri sýslu, eða báðum, þá skal þar fyrir hið næsta ár fara að öllu eptir þeim reglum, sem segir í 1.—17. grein hèr að framan. Verði fjárkláðinn ekki upprættur í annari hverri þeirri sýslu haustið 1859, skal þar framfara almennur niðurskurður eptir 21. grein.

§ 25.

Ef nokkurt fè úr ósýktum hèruðum kemur inn í hin sýktu hèruð, skal því þar lóga, og alls ei á vetur setja.

§ 26 (frumv. 6. gr.).

Skyldi svo fara, að almennur niðurskurður yrði að eiga sèr stað á Suðurlandi samkvæmt 23. grein, skal sèrhver fjáreigandi maður í þeim sýslum og byggðarlögum, hvar allmennur niðurskurður, eða með þeim takmörkunum, sem segir í 21. grein, ekki hefir átt sèr stað, skyldur til, eptir tiltölu til fjáreignar sinnar, vorið 1859 að selja svo mikið af ám með lömbum að vorlagi, að hver búandi í þeim sýslum, hvar algjörður niðurskurður hefir fram farið, geti feingið helmíng þeirrar ærtölu, sem hann 1856 hefir talið fram til landbúskapartöflunnar, og skulu yfirvöld annast um útbýtíngu fjárins eptir þessu hlutfalli.

§ 27 (7. gr. frumv.).

Ærnar skulu látnar af hendi í fullgildu standi, og borgist eptir verðlagsskrá þeirri, er ræður frá miðju maímánaðar 1859 til jafnleingdar 1860 í þeim sýslum, hvaðan ærnar eru.

§ 28 (8. gr. frumv.).

Amtmenn ákveði eptir landbúskapartöflunni úr hverju amti, hvað margt fè hverri sýslu ber að selja, en sýslunefnd í hverri sýslu, hvað margt kemur á hvern hrepp, og hreppsnefnd í hverjum hrepp, hvað hverjum fjáreiganda ber skylda til að selja. Skal það með miðsvetrarpóstum tilkynnt stiptamtmanni, hvað margt fè fáist í hverju byggðarlagi fyrir sig, svo hann geti til tekið, hvert hver sveit eigi að leita fjárkaupanna. Ef það virðist óvinnanda, að reka fè úr hinum fjarlægustu sýslum til Suðurlands, skulu þær nálægari sýslur leggja því fleiri ær til, en sè aptur það, sem þær láta í tè fram yfir rèttar tiltölur, endurgoldið frá þeim fjarlægari sýslum. Kostnaðurinn til þessa fjárflutníngs greiðist úr hlutaðeiganda amts jafnaðarsjóði.

§ 29 (9. gr. frumv.).

Til fjárkaupa komi Sunnlendíngar um jónsmessuleyti 1859, og skal hreppstjóri í hverjum hrepp með helztu mönnum hreppsins vera þeim hjálplegur í því, að ná saman hinu lofaða fè.

§ 30.

Allar sektir eptir þessum lögum gánga í sveitarsjóð.

Ástæður

við breytíngaruppástúngur nefndarinnar.

Við 1. gr.

Þessi grein kemur í staðinn fyrir frumvarpsins fyrstu grein.

Við 2. gr.

Þessi grein er ný. Nefndin áleit rèttara, að hafa þá ærtölu tiltekna, er mest mætti setja á vetur, heldur en öldúngis óákveðna; að sönnu er nefndunum falið á hendur, að gjöra innbyrðis jöfnuð í þessu tilliti milli hinna einstöku búenda í hverjum hrepp og sýslu, en bæði þeim til leiðbeiníngar og til enn meiri tryggíngar fyrir ásetníngunni, hefir nefndinni þótt rèttast, eins og áður er sagt, að hafa þessa ákveðnu ærtölu, með því hún líka hlýtur að virðast nægilegur fjárstofn fyrir hvern búanda mann, eins og líka gjöra má ráð fyrir, að þeir, sem ætti fleiri ær í hinum fjársjúku hèruðum, helzt mundu lóga þeim kláðaveiku, og þannig einkis í missa, þó ærtalan minnkaði. Með þessu móti gæti og þeim fátækari orðið hægra fyrir, að fá sèr ær til ásetníngar, innan þeirra af sýslunefndinni ákveðnu takmarka.

Við 3. gr.

Þessi grein er ný. Um lógun geldfjárins er talað áður í nefndarálitinu.

Við 4. gr. (sem og er frumv. 4. gr.).

7. desemb. þ. á. er tiltekinn sem hinn seinasti skurðartími, af því þá er ærfè, auk heldur geldfè og lömb, búið að taka haustbata; og auk þess, að þannig sparast eigendum hey og frekari hirðíng fjárins, þótti það æskilegt, að hreppsnefndirnar gæti af lokið þeirri í 12. gr. fyrirskipuðu rannsóknarferð, áður en dagur er stýztur. Aptur þótti ekki ráðlegt, að gefa styttri frest vegna þess fjárfjölda, sem farga þarf.

Við 5. gr. (sem er frumv. 2. gr.).

Þessi grein er að mestu leyti löguð eptir vísbendíngu þeirri, sem dýralæknarnir hafa gefið nefndinni, um nauðsynlegt rof á fjárhús-

unum og hreinsun þeirra, og þótti nefndinni þetta atriði svo mikilvægt, að henni fannst ástæða til, að hafa sèrlegt tillit til þess, þegar ákveðin yrði ærtala sú, er hver mætti á vetur setja, hversu rækilega því væri fram fylgt. Að öðru leyti ætlast nefndin til, að þíngið láti prenta nægilega stórt upplag af þeim greinum tilskip. 2. marz 1776, sem hljóða um fjárhúsabyggíngarnar,

Við 6. gr. og 7. gr. (sbr. frumv. 3. gr.).

Í frumvarpinu er sagt svo fyrir, að amtmaður skuli kjósa 2 eða 4 menn í hverri sýslu hlutaðeiganda sýsluyfirvaldi til ráðaneytis og aðstoðar. En nefndinni þykir það rèttara, að sýslumaður til taki þessa menn sjálfur, bæði til hægðarauka, og vegna nákvæmari þekkíngar hans á sýslubúum, og vildi nefndin, að þessir menn væri ekki færri en 3, og teknir ekki allir á sama stað, heldur hèr og þar úr sýslunni, svo þeir gæti verið ástandi hreppanna sem kunnugastir, og getur þetta ekki verið neinum sèrlegum erfiðleikum bundið, þar sem ætlazt er til, að sýslunefndin hafi svo sjaldan fund með sèr.

Eptir sömu reglu þótti nefndinni bezt hlýða, að hreppstjórinn kveddi með sèr 2 eða 4 beztu hreppsbændur, eptir stærð hreppsins, en ákvörðunin um 2 eða fleiri hreppsnefndir í sama hreppi hefir tillit til þess erfiðleika, sem fundarhaldi nefndanna gæti orsakazt, bæði af stærð hreppsins, vatnsföllum og öðru fleiru.

Við 8. gr.

Þetta er ný grein.

Við 9. gr. (sbr. frumv. 3. gr.).

Nefndin ætlast til, að þíngið láti prenta vissa tölu af þeim eyðublöðum, sem gjört er ráð fyrir að hreppsnefndunum verði feingin til útfyllíngar, eptir því formi, sem nefndin hèr með leggur fram fyrir þíngið. Af því rèttir í haust fara svo snemma fram hèr í suðuramtinu, taldi nefndin það víst, að hreppsnefndirnar innan 6. októbers gæti verið búnar að senda hlutaðeigandi sýslumönnum skýrslur um búnaðar- og heimilisástand hvers búanda.

Við 10. gr.

Þetta er ný grein. Nefndinni þótti í alla staði rèttara, að láta úrskurðarvaldið um ásetníngu og niðurskurð vera í höndum sýslunefndanna, heldur en hreppanefndanna, sèr í lagi vegna þess, að þegar hinar fyrtöldu hafa fyrir sèr skýrslur úr allri sýslunni, geta þær gjört rèttari jöfnuð milli hinna einstöku hreppa, og þá einnig milli hinna einstöku búenda.

Við 11. gr. (sbr. frumv. 5. gr.).

Nefndin hefir fylgt þeirri sömu reglu og frumvarpið í því, að ákveða, að þau mál, er höfðuð yrði fyrir óhlýðni við hreppanefndirnar, skyldi höfðast sem opinber lögreglumál móti hinum seku.

Við 12. gr.

Þetta er ný grein. Þessi grein hljóðar um þær rannsóknarferðir hreppanefndanna, er nauðsynlegar þóttu, ekki einúngis til að gánga úr skugga um, hvort nokkurstaðar hefði verið sett á fram yfir hið ákveðna, heldur einnig til að kynna sèr heilbrigðisástand og hirðíngu fjárins yfir höfuð, og hvaða árángur lækníngatilraunir hafa borið á hverjum stað.

Við 13., 14. og 15. gr.

Þetta eru nýjar greinir. Þessar greinir hljóða um starfa sýslunefndanna, og þótti það tilhlýðilegt, að sýslumenn sendi amtmönnum skýrslur bæði um ásetníngu fjárins í hverjum hreppi, um ástand þess og lækníngatilraunir, svo hann gæti feingið yfirlit yfir þær gjörðu ráðstafanir, framkvæmd þeirra, og heilbrigðisástand fjárins í öllu amtinu, og gæti í vafasömum tilfellum lagt úrskurð á, hvort höfða skyldi mál fyrir óhlýðni, mótþróa, eður afbrot gegn þessum lögum.

Við 16. gr.

Þetta er ný grein.

Við 17. gr.

Þetta er ný grein. Með þessari ákvörðun er það ekki meint, að ei megi fá kindur til skurðar úr hinum ósýktu hèruðum.

Við 18. gr. (sbr. frv. 5. gr.).

Nefndinni virðist ástæða til, að setja niður þá hegníngu, sem frumvarpið hefir til tekið fyrir þá, sem af skeytíngarleysi flytja kláðafaraldrið inn í þau hèruð, sem fè almennt er heilbrigt í, vegna þess að fjárkláðinn í byrjun sinni er svo ómerkjanlegur. Að öðru leyti þótti ekki ástæða til, að ákveða hegníngu fyrir tilraun til þeirra afbrota, sem þessi grein hljóðar um, þar eð slík tilraun er vítaverð eptir löggjöfinni.

Við 19. gr.

Þetta er ný grein.

Við 20. gr. (sbr. frv. 11. gr.).

Þessi grein skýrir frá, hvernig nefndir skuli setja nú þegar í haust í öllum öðrum sýslum landsins, en þeim, sem til eru teknar í 1. gr.

Við 21. og 22. gr. (sem eru nýjar gr.).

Það áleit nefndin bæði rètt og nauðsynlegt, að bæta eiganda skaðann af opinberum sjóði, ef kláðinn kæmi upp á einhverjum einstökum bæ í hinum ósýktu sýslum, svo þar þyrfti að skera fèð niður, þegar þetta ekki væri af völdum nè skeytíngarleysi eigandans. En skyldi kláðinn þar á mót koma upp á fleiri heimilum hèr og þar í einhverjum hreppum þessara sýslna, fellur þetta endurgjald burtu, eins og í hinum sýktu hèruðum suðuramtsins, en það verður að láta það vera komið undir úrskurði sýslunefndarinnar, ef ekki næst til amtmanns, hvort þar skuli fram fara algjörlegur eða takmarkaður niðurskurður, því þetta hlyti að miklu leyti að vera komið undir kríngumstæðunum.

Við 23. og 24. gr.

Þessar greinir skýra frá, hvernig að skuli fara að hausti komanda, skyldi fjársýkin þá ekki verða upprætt í þeim hèruðum, hvar hún til þessa tíma hefir gjört vart við sig, og áleit nefndin algjörlegan niðurskurð þá óumflýjanlegan í þessum hèruðum; þó varð það að vera skilyrðið, að sýkin hefði ekki útbreiðzt í hinum ömtunum; því skyldi svo fara, verður ekki búizt við heilbrigðum fjárstofni þaðan, sem þó er tilgángur hins algjörlega niðurskurðar. Vegna þess, hvernig tilhagar í Skaptafellssýslunum, varð nefndin að álíta, að öll hin önnur hèruð suðuramtsins væri laus við niðurskurðarskyldu haustið 1858, ef fjárkláðinn þá væri upprættur úr þeim, þó hann enn kynni að vera eptir óupprættur í Skaptafellssýslu.

Við 25. gr.

Þetta er ný grein.

Við 26., 27., 28., 29. gr.

Sjá ástæðurnar fyrir frumvarpsins 6., 7., 8. og 9. gr.

Fylgiskjal 2.

Býli	Nöfn búenda	Fólkstala		Heyafli að faðmatali	Nautpeningur á heyjum	Hrosspeningur á heyjum	Hvort kláðas. var þar næstl. vetur eða vor	Fjárhús		Hvort og hvað margir verkfærir karlm. fara til sjóróðra	Hvað margar ær setjandi á vetur.	Athugasemdir.
		alls	verkfærir karlar					leingd ál.	breidd ál.			

Framsögumaður (P. Pèturssón): Eg finn einga ástæðu til, að fara mörgum orðum um nefndarálit þetta, en eg vona, að þíngmenn játi, að verk það, er nefndin hafði á hendi, eigi var vandalítið. Skoðanir manna í máli þessu eru svo ólíkar, að heita má þær fari hver í sína áttina; sumir eru með amtmönnunum á algjörðum niðurskurði, aðrir vilja ekki snerta neina heilbrigða kind, fremur en hver eigandi vill. Nefndin hefir nú reynt að fara meðalveginn milli beggja þessara skoðana, og hefir hún viljað reyna, að gánga út frá því sjónarmiði, að tryggja hið almenna sem mest, án þess þó að gánga hverjum einstökum of nærri. Þíngið dæmir nú um, hvernig nefndinni hefir tekizt þetta, en hvernig sem dómur manna verður um það, vona eg að allir verði mèr samdóma í því, að nauðsynlegt sè, að þíngið ræði mál þetta með allri þeirri stillíngu og óhlutdrægni, sem þíngi þessu annars er svo eiginleg og ómissandi, ef mál þetta á að bera heillavænlegan ávöxt.

Þar eð það er auðheyrt af brèfi því, er *forseti* las upp, frá stiptamtmanninum, að hann eigi treystist til, að framkvæma breytíngaruppástúngu nefndarinnar undir 3. gr., þó þíngið fèllist á hana, þá skal eg leyfa mèr, að áskilja nefndinni rètt til, að gjöra þær breytíngar við 3. gr., er henni þætti við þurfa, til þess, ef mögulegt væri, að miðla málum.

G. Brandsson: Það er ekki að orsakalausu, þó menn álíti mál þetta örðugt og flókið, því það er aldrei hlaupið að því, að koma saman mörgum ólíkum meiníngum, enda finnst mèr ekki heldur nefndinni hafa tekizt þetta. Grundvöllur sá, er nefndin hefir byggt á, er óeðlilegur, hvort heldur menn líta á gömul lög eða ný, því í tilskipuninni af 12. maí 1772 var ekki skipaður niðurskurður, nema á sýktu fè, og í brèfinu frá lögstjórnarherranum er einúngis gjört ráð fyrir, hvort, og að hve miklu leyti skuli skera niður hið sjúka fè, en ekki með einu orði minnzt á, að snerta hið heilbrigða. Hjá öllum þjóðum, er siðaðar vilja heita, er það eitthvert hið mesta aðalatriði laganna, ekki að skerða eignarrètt manna, og ætla eg þetta sè einnig tekið fram í grundvallarlögum Dana, þar sem svo segir: „eignarrètturinn er friðhelgur; einginn er skyldur að láta af hendi eign sína, nema almennings velferð heimti, og þá einúngis móti fullri borgun“; en eg ætla þó, að nefndin hèr vilji skerða eignarrèttinn. Frumvarp amtmannanna í vestur- og norður-umdæminu geingur að vísu leingra, en nefndin, þar sem þeir fara fram á almennan niðurskurð, og einnig virðist mèr stiptamtmaðurinn fara nokkuð lángt líka,

þar sem hann ekki einúngis vill láta skera sjúkt fè, heldur einnig *grunað;* því að það gæti rekið lángt, ef menn ætti að skera allt það fè, er menn gæti haft grunsamt af kláðasýkinni; enda þótt nú nefndin hafi dregið nokkuð úr þessu, verð eg þó að biðja hana, að skýra mèr nokkuð betur breytíngaruppástúngur sínar við frumvarp amtmannanna. Það er þá fyrst, hvað 3. gr. snertir, að eg vildi leyfa mèr að spyrja, hvaða tryggíng hún muni veita, þar sem ekkert er feingizt um, hvort ærnar megi vera veikar, eða ekki, og sama er um hrútana að segja. Eg veit vel, að menn munu segja, að dýralæknarnir muni verja slíku; en láti þeir nú líka skera niður, eins og sagt er, að þeir hafi ráðgjört um fè það, sem mjög væri sjúkt, þá er eg nú hræddur um, að fèð fari að fækka; enda er mèr það öldúngis óvíst, hvort fè af afrèttum muni vera meir kláðasjúkt, en fè það, sem hefir verið heima í sveitum, og þætti mèr jafnvel líklegra, að fèð væri því heilbrigðara, þess frjálsar sem það hefði geingið, því sóttnæmi kláðans, eins og hverrar annarar næmrar sýki, hlýtur að aukast við samnúníng fjárins, og á það heima um ærnar, sem opt eru reknar saman í þèttum hópum, og mjólkaðar í kvíum, má ske ekki ætíð sem bezt rúmgóðum eða hreinum. Hvað 5. gr. snertir, þá get eg nú ekki skilið, til hvers það væri, að rífa niður fjárhúsin, þar sem þó ekki er loku fyrir það skotið, samkvæmt 3. gr., að menn geti sett á kláðakindur, og að menn þá þannig verði að láta þær inn í nýju fjárhúsin. Þá er 6. gr., og get eg ekki skilið í, hvernig sýslumaðurinn á að geta haft mikið gagn af mönnum þeim, er hann kveður sèr til ráðaneytis og aðstoðar hèr og hvar úr sýslunni. Eg vil taka til dæmis, að sýslumaðurinn hèr í sýslu tilkveddi 3 menn, einn upp á Kjalarnesi, annan í Krísuvík, og hinn þriðja á Suðurnesjum, og held eg það liggi í augum uppi, að ef nauðsyn bæri til, að þeir fljótt kæmi saman til ráðagerðar, mundi það ekki vera alls kostar hægt, og væri þá kann ske einasta ráðið, að gefa þeim öllum jafnmikið vald, svo menn, hvað þetta mál snertir, feingi eina 4 sýslumenn í hverja sýslu, og væri þó samt ekki ómögulegt, að þeir ekki allir yrði á eitt sáttir, eingu að síður, en menn hèrna um daginn sögðu um amtmennina. Í 8. greininni þykir mèr það merkilegt, að sýslumaðurinn á að vega, eins og á reizlu, forföll sýslu- og hreppsnefndarmanna; finnst mèr einginn síður til þess fallinn, en sýslumaðurinn; og vildi eg heldur kjósa hreppstjórann til þess. Ekki sè eg, hvað menn græða við 9. greinina, þó hreppanefndirnar nú færi að telja upp býli, nöfn búenda, fólkstölu, heyafla að málfaðma-

tali (sem eg held nú fæstir þekki, nema þeir feingi sèr Búalög eða reikníngsbók *varaforseta),* o. s. frv., eins og ráð er fyrir gjört á eyðublöðum þeim, er nefndin vill innleiða. Eg get ekki sèð, hvað sýslumaðurinn getur grætt á skýrslum þessum, fyrir utan það, að hreppanefndinni er ómögulegt að vita innan 6. októbers, hversu margir fara til sjóróðra, eða hversu margir kynni að deyja, eða á annan máta gjörast óverkfærir, og svo er einnig með heyjaásetníngunna, að ekki er gott að vita, hvernig vetra muni, eða hvort útigángur, þar sem hann er, muni heppnast, og margt fleira mætti til dæmis taka þessu viðvíkjandi. Við 10. gr. vil eg geta þess, að mèr ekki skilst, hvernig sýslunefndin, þó nú sýslumaður ætti hægt með, að kalla hana saman, gæti lagt úrskurð á um það, hversu margar ær hver búandi í hverjum hreppi sýslunnar má á vetur setja. Eins og eg hefi áður sagt, álít eg sýslunefndina þýðíngarlausa, og yrði þá sýslumaður að gjöra það einn, og er þá ekki fyrir öðru að sjá, en að hann einúngis feingi vald til, að samþykkja það, er hreppsnefndin segði, því ómögulegt er að búast við, að hann beri jafnt skynbragð á hagi manna og kríngumstæður í allri sýslunni, eins og hreppanefndirnar í hverjum hrepp. Þó að í 11. gr. sè gjört ráð fyrir, að hreppanefndirnar eigi að sjá um, að einginn setji meira á, en tiltekið er, þá efast eg um, að þeim væri mögulegt, að fullnægja þessu, jafnvel þó þær væri á sífelldum ferðalögum fram og aptur um hreppinn, því ekki er altènd sagt, að allt fèð sè heima, og ekki fást ávallt svo glöggir menn á mark, að þeir svona í svipinn þekki þau öll, og þannig viti, hvað hverjum búanda tilheyrir af fènu, sem gjöra má ráð fyrir að opt yrði úti á víðavángi. Hvað 12. gr. snertir, þá eru sömu annmarkarnir á nýju rannsókninni, sem þar er stúngið upp á, eins og þeir, er eg tók fram við 11. gr., að örðugt mun vera, að komast fyrir allt. Hvað 14. gr. snertir, held eg að skýrslurnar, er samkvæmt henni eiga að sendast amtmanni, yrði til lítils annars, en auka fyrirhöfn og skriptir. Eg hefi ekki getað skilið, hvað nefndinni hefir getað geingið til, eins og hún í 17. gr. gjörir, að vilja banna mönnum í hinum fjársjúku hèruðum, að fá að eða flytja þángað kindur úr hinum ósýktu hèruðum. Það skyldi þá hafa verið það, að nefndin hefði óttazt, að fèð mundi strjúka til átthaga sinna, og þannig, ef það væri orðið sjúkt, flytja með sèr sjúkleikann þaðan. En gæti menn haldið fènu, og á mörgum stöðum er það auðvelt, væri ástæða þessi horfin. Í 21. gr. er gjört ráð fyrir, að ef kláðafaraldrið gjörði vart við sig á einstökum bæ í hinum sýslunum, þá

skuli þar tafarlaust drepa niður hinar kláðugu kindurnar, en þá skuli eigandinn fá skaða sinn bættan af opinberum sjóði; en við hèrna fyrir sunnan eigum að skera niður, ekki einúngis hið sjúka fè, heldur einnig allt vort geldfè, hvort sem sjúkt er, eða ei, án nokkurra skaðabóta. Eg get ekki neitað, að mèr sýnist þetta næsta merkilegt. Hvað 25. gr. snertir, þá get eg haldið mèr til þess, er eg sagði um 17. gr. — 26. greinin fer í líka stefnu og amtmennirnir fyrir norður- og vesturamtinu. Eins og það er skerðíng eignarrèttarins, að skera niður fè, þó ósjúkt sè, hvort eigandinn vill, eður ekki, eins er hitt skerðíng eignarrèttarins, að skipa manni, ekki einúngis að selja eign sína, heldur einnig hitt, fyrir hvaða verð hann skuli selja hana. Eg leyfi mèr því að skora á hina háttvirtu nefnd, að hún gefi mèr frekari upplýsíngar viðvíkjandi þessum uppástúngum sínum, því fái eg þær ekki, verð eg að lýsa því yfir, að eg er mjög svo óánægður með nefndarálitið.

H. Kr. Friðriksson: Þar er þá vandamál þetta komið fyrir þíngið, og það er sannarlega vandamál, og eitthvert hið mesta vandamál, sem fyrir þetta þíng hefir verið lagt. Ekki svo vegna þess, að örðugra sè í sjálfu sèr að ráða fram úr því, en hitt er það, að það á að finna þau ráð, er fylgja má nú þegar, og sem stjórnin muni aðhyllast á eptir, og verði eigi þau ráð fundin, er stjórnin aðhyllist, verður málið að bíða næsta þíngs. Undir máli þessu er, ef til vill, velferð landsins komin, og vildi eg því óska þeirrar mælsku, að eg gæti leitt þíngið á hina rèttu leið og sannfært það um, að nefndin ekki hefir fundið þau ráð, er við þurfa. Eg vil spyrja: hvaða vald hefir alþíngið til, að löggilda annað eins, og breytíngaruppástúngur nefndarinnar, eins og 3. niðurlagsatriðið í nefndarálitinu fer fram á? ráðherrabrèfið segir með berum orðum, að ræða skuli um, hvort og að hve miklu leyti niðurskurður eigi fram að fara á hinu *sýkta* fè, og höfðu því amtmennirnir ekkert vald til, að stínga upp á, að einnig hið heilbrigða skyldi skerast niður, og alþíngi getur heldur ekki farið fram á neitt, sem er fyrir utan þetta, því ekki getur alþíngi sjálft samþykkt sínar eigin uppástíngur, eða gefið þeim lagagildi, og amtmennirnir geta því að eins fallizt á, að framkvæma ályktanir þíngsins, að þær ekki gángi út fyrir brèf stjórnarherrans, en það gjöra þær; því brèf þetta talar ekkert um skurð á heilbrigðu fè, enda hefir stiptamtmaðurinn lýst því yfir, að hann ekki treystist til, að framkvæma ályktanir þíngsins í stefnu þá, er nefndin hefir farið, og verður því framkvæmd þessa máls að bíða, þángað til sam-

þykki stjórnarinnar fæst, og er málinu þannig skotið á frest, þángað til einhvern tíma í haust, að samþykki þetta fæst, annaðhvort með póstskipi eða á einhvern annan hátt. Ef alþíngi fellst á nefndarálitið, þá leggur þíngið þær tálmanir í veg fyrir tilraunir þær, er stiptamtmaðurinn þegar hefir gjört til að útrýma kláðanum, að öll líkindi eru til, að tilraunir þessar með öllu ónýtist; því þegar þjóðin sèr, að alþíngi hefir stúngið upp á því, að niður sè skorið allt geldfè, jafnvel þó heilbrigt sè, geta menn varla búizt við, að nokkur maður muni fara að kosta upp á lækníngar. Á hinn bóginn get eg eigi sèð, að nokkur líkindi sè til, að stjórnin muni fallast eða geta fallizt á uppástúngur nefndarinnar, því uppástúngur þessar gánga leingra, en stjórnin, samkvæmt ráðherrabrèfinu, hefir til ætlazt, og sjálf stúngið upp á, og einnig leingra, en tilskipun af 12. maí 1772. Uppástúngur nefndarinnar skerða eignarrèttinn, og það að óþörfu og gegn öllum lögum; hèr er eingin almenníngsheill, sem útkrefur þessi lög, því einginn getur sagt, að skepna sú, sem nú er heilbrigð, gjöri skaða að ári, og getur því einginn byggt á þessum grundvelli, því að einginn hefir rètt til, að taka eign annars manns, og eyða henni af þeim rökum, að vel geti svo farið, að hún gjöri tjón. Því að eins verður eignarrètturinn skertur, að vissa sè fyrir því, að svo muni fara, og menn geta ekki búizt við, að nokkur stjórn geti fallizt á skerðíngu eignarrèttarins, nema þessi vissa sè feingin. Hvort sem eg skoða ráðherrabrèfið, tilskipun af 12. maí 1772, eða lög þau, sem út hafa komið í Danmörku um líkt efni, get eg ekki álitið neina von til, að stjórnin fallist á uppástúngu nefndarinnar. Mèr hefir einatt verið slett því í nasir hèr á þíngi, að mèr ekki væri sárt um skildínginn, hafi jeg stúngið upp á, að verja nokkrum hundruðum ríkisdala til einhvers þarflegs fyrirtækis, en það lítur svo út, að nefndin heldur ekki kynoki sèr við kostnaðinn, þar sem hún vill láta drepa niður 40—50,000 fjár, því að það mun hèr um bil vera tala geldfjárins hèr á Suðurlandi; í Árnessýslu einni voru í vor rúmar 26,000. Nefndin getur þó varla álitið fè þetta einkisvirði, enda getur hver maður sèð, að arðurinn af fè þessu um heilt ár er ekki lítill, því að það er víst, að eg legg ekki of mikið í, þótt eg telji ull hverrar kindar 1 rdl., og að geldkindin þroskist um árið, svo sem svaraði öðrum ríkisdalnum. Ef halda ætti fram stefnu nefndarinnar, held eg væri hægt, að finna annað, eins gott aðhald, og það, sem nefndin stíngur upp á; eg held, að eins góð vörn móti fjárkláðanum gæti feingizt með lækníngatilraunum eptir skynsamlegum reglum. Nefndin játar, að

skurðurinn mundi vera eigendum fjárins tilfinnanlegur skaði, en þó vill hún ekki tiltaka neinar skaðabætur handa þeim, og hefir þó nefndin fundið, að ef ræki að niðurskurði annarstaðar á landinu, yrði að bæta eigendunum þar skaða sinn. Hinn heiðraði þingmaður Gullbríngusýslu hefir sýnt fram á galla þá, er uppástúngur nefndarinnar hafa; eg skal nú reyna að byggja aptur upp í þau skörð, er hann hefir í rifið, og skal eg leyfa mèr, að bera fram nokkrar uppástúngur, sem eg vona að verði eins hægar til framkvæmdanna, og heilladrjúgar, eins og uppástúngur nefndarinnar. Eg get stuttlega sagt frá aðalundirstöðunni fyrir þeim; eg gekk út frá því, að eignarrèttur hvers manns eigi að vera friðhelgur. Eg skal nú leyfa mèr að lesa upp uppástúngur þessar, sem eg veit að stiptamtmaðurinn muni þegar samþykkja og framfylgja, og sem eg vona að stjórnin fallist á, og sem eg held að þjóðin muni vera ánægð með; þær hljóða þannig:

1. gr.

Til þess að varna og út rýma fjárkláðanum, skal fylgja reglum þeim um niðurskurð og læknîngar á kláðsjúku sauðfè í haust og vetur, sem fyrir eru skipaðar í lögum þessum.

2. gr.

Það fè, sem reynist kláðsjúkt að afloknum fjallgaungum í haust, skal þegar aðskilið frá ósjúku fè, og annaðhvort skorið eða læknað að fullu innan næstu veturnótta.

3. gr.

Á öllum þeim bæjum, sem fjárkláðinn gjörði vart við sig næstliðinn vetur eða vor, og fjárhús eigi hafa verið rofin í sumar, skal þegar annaðhvort rífa þau að öllu, eða að minnsta kosti þakið af þeim, og hreinsa þau eptir fyrirmælum reglugjörðar stiptamtmannsins 13. febr. þ. á., og sè hinir gömlu viðir þeirra aptur hafðir í hin nýgjörðu hús, þá skal fara með þá, eins og fyrir er mælt í áminnztri reglugjörð. Hin nýju fjárhús skulu vera svo haganleg og rúmgóð, að nægileg sè fyrir það fè, sem hver búandi ætlar að setja á næsta vetur, og skal um stærð húsanna einkum farið að fyrirmælum tilsk. 2. marz 1776.

4. gr.

Til að annast um aðskilnað hins sýkta fjár frá hinu heilbrigða, og niðurskurð þess, rof og endurbyggíngu húsanna, o. s. frv., skal nefnd manna sett í hverjum hrepp; skulu í henni vera 3, 5, 7 eða 9 menn, allt eptir stærð hreppanna og öðrum ástæðum, og skulu

nefndarmenn kosnir af öllum búendum hreppsins. Fund til þessara kosníngа ákveða hreppstjórar, hver í sinni sveit, og stýra þeim, en eigi má þá sjálfa kjósa. Þessum kosníngum skal aflokið, áður en fjallgaungur og fjárrèttir fara fram í haust. Einginn má skorast undan slíkri kosníngu án gildra orsaka, sem hreppstjórar með hinum nefndarmönnum meti. Ef nokkurs nefndarmanns missir við á einhvern hátt, skal þegar kjósa annan í hans stað, á sama hátt og áður er sagt.

5. gr.

Auk starfa þess, sem hreppsnefndum er ætlaður samkvæmt 4. gr., skulu þær hafa nákvæmt eptirlit á heyjabyrgðum og ásetníng fóðurfènaðar hreppsbænda, gæzlu og hirðíngu sauðfjárins, og leiðbeina mönnum í þessu með góðum ráðum.

6. gr.

Þegar að liðnum næstu veturnóttum skulu hreppanefndirnar hefja rannsókn um heilbrigðisástand sauðfjárins, og skulu þær upp frá því rannsaka allt sauðfè, hver í sínum hrepp, að minnsta kosti einu sinni í hverjum mánuði, þángað til sauðfènaður almennt fer úr ullu á næstkomanda vori.

7. gr.

Skyldi kláðsýkin gjöra vart við sig eptir næstu veturnætur, skal þegar aðgreina hinar sjúku kindur frá hinum heilbrigðu, en treysti hreppsnefndin eigi eiganda til, að halda hinu sýkta fè út af fyrir sig og hirða það og lækna, er henni frjálst, að láta skera sauðkindur þær, er þannig sýkjast, og sè þeim skurði áfram haldið allt fram til nýárs. Ef vart skyldi enn verða sýkinnar eptir þann tíma á nokkurri sauðkind, skal hana tafarlaust aðskilja frá hinum ósjúku, og hafa við hana læknìngatilraunir eptir læknareglum þeim, sem þegar eru gefnar, eða hèr eptir verða gefnar um meðferð sýkinnar; en það er hverjum í sjálfsvald sett, hvort hann heldur vill skera kindur þær, er þannig sýkjast, eða hafa við áminnztar læknìngatilraunir

8. gr.

Hver búandi er skyldur að segja hreppsnefnd þegar til, er hann verður var við kláða á fè sínu. En leyni hann kláðanum, skal hann sekjast um 1 – 10 rdl. eptir málavöxtum, er sýslumaður meti.

9. gr.

Ef kláðsýki verður svo megn á sauðfè einhvers búanda eptir nýár, að hreppsnefndinni og dýralæknum þykir nauðsyn til bera, að hann skeri niður sauðfènað sinn, annaðhvort allan eða að nokkru

leyti, og hefir hann þó eigi sett meiri fènað á, en hreppsnefnd áleit hæfilegt, þá skal bæta honum skaðann eptir mati hreppsnefndarinnar úr jafnaðarsjóði amtsins.

10. gr.

Nú hefir einhver búandi sett meiri fènað á, en hreppsnefnd áleit hæfilegt eða vanrækt önnur ráð hreppsnefndarinnar, t. a. m. um byggíngu og ræksluseni fjárhúsanna og góða hirðíngu sauðfjárins, og sýkist sauðfènaður hans, en hann hefir eigi ástæður til að hirða hann og lækna, þá skal hreppsnefnd taka sauðfènað hans og lækna, ef því verður við komið, að öllu leyti á hans kostnað, eða skera að öðrum kosti, og skal honum það að eingu bæta.

11. gr.

Að næstkomanda vori má einginn búandi reka fè sitt til afrètta, nema hreppsnefndin áður hafi skoðað það, og lýst því yfir, að það alls eingan kláðavott hefði, nè heldur hefði haft hinn síðasta mánuð, áður en það er rekið.

12. gr.

Reki nokkur búandi fè sitt til afrèttar, er hreppsnefnd eigi hefir skoðað áður og álitið að öllu heilbrigt (sjá 11. gr.), skal hann sektast um 5 rd. — 30 rdl. eptir málavöxtum.

13. gr.

Hreppsnefndirnar skulu hver í sínum hrepp gefa hreppstjórum nákvæmar skýrslur um heilbrigðisástand fjárins einu sinni á mánuði hverjum, en hreppstjórar skulu senda skýrslur þessar sýslumönnum, og sýslumenn amtmönnum.

14. gr.

Verði nokkur uppvís að því, að hafa af skeytíngarleysi eða ásetníngi verið þess valdandi, að sýkin hafi borizt á annara fè, t. a. m. við samgaungur, skal hreppsnefndin tafarlaust tilkynna það hreppstjóra, og hann aptur sýslumanni, og skal hinn seki sæta fjárútlátum eptir málavöxtum frá 5—100 rdl., og geti hann eigi goldið sektina, skal hann afplána hana með líkamlegri refsíngu.

15. gr.

Hreppsnefndir geta feingið þóknun fyrir starfa sinn úr jafnaðarsjóðum amtanna; skal hreppstjóri stínga upp á því, hversu mikla þóknun nefndin í hans hrepp skuli fá eptir ástæðum, og senda sýslumanni, en sýslumaður sendir uppástúngurnar með áliti sínu amtmanni til úrskurðar.

16. gr.

Hreppstjórar skulu hafa vakanda auga á, að hreppsnefndirnar gæti skyldu sinnar eptir því, sem fyrir er mælt í lögum þessum; þyki einhver hreppsnefnd, eða einhver nefndarmaður, skeytíngarlaus í þessu efni, skulu hreppstjórar tafarlaust skýra sýslumanni frá, er þá ásamt 2 valinkunnum mönnum, er hann þar til kýs, rannsakar málið og ákveður sektir eptir málavöxtum frá 5—30 rdl.

17. gr.

Sýslumenn skulu og hafa vakanda auga á, að öllum ákvörðunum lagaboðs þessa sè nákvæmlega hlýtt og fram fylgt, og leiðbeina hreppsnefndum og styrkja þær í öllu því, sem þeim með lögum þessum er á herðar lagt.

18. gr.

Stiptamtmaður skal sjá um, að prentaður verði, svo fljótt sem orðið getur, greinilegur leiðarvísir til að þekkja kláðann og alla lækníngameðferð á honum, og skal senda hann öllum hreppsnefndum, sem um er getið í 4. gr.

19. gr.

Allar sektir, er ákveðnar eru í lögum þessum, skulu falla í sveitarsjóð.

Það er mín sannfæríng, að þetta sè sá eini vegur til, að fá samþykki stjórnarinnar, því hún getur ekki fallizt á það, sem skerðir eignarrèttinn að óþörfu. Það getur vel verið, að uppástúngum þessum sè ábótavant, bæði hvað formið snertir, og, ef til vill, í einhverju öðru, sem eg þó vona sè einúngis smávegis, en þetta mætti laga í hendi sèr; en því lýsi eg yfir, að fallist þíngið ekki á aðalatriðin í uppástúngum mínum, þá mun eg nota mèr rètt þann, er alþíngistilskipunin í 61. gr. gefur þíngmönnum, að koma fram með minna hluta uppástúngur til stjórnarinnar.

Framsögumaður: Það er ekki tilgángur minn, að reyna til, að verja nefndarálitið, og allrasízt að verja það með oddi og egg. Hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu fann svo margt og mikið að nefndarálitinu, að eg varla man af því fjórða partinn; honum þótti grundvöllur sá, er nefndin hafði byggt á, óeðlilegur, og áleit, að hann skerti eignarrètt manna meir en tilskip. 12. maí 1772, og skýrskotaði til hinna dönsku grundvallarlaga, hvar bannað á að vera, að snerta eign annara, nema því að eins, að almenníngsheill útheimti, og þó komi full borgun í staðinn. Eg á ekki gott með að svara þessu, því hann hefir hvorki sýnt eða sannað, að ráðstafanir þær, er

nefndin hefir stúngið upp á, væri ónauðsynlegar til að tryggja almenníngsvelferð, og þetta er einmitt skilyrðið; eg skal láta ósagt, hvaða rètt menn hafa til að skýrskota til dönsku grundvallarlaganna hèr. Þar sem bæði þessi þíngmaður og varaþíngmaður Reykjavíkurbæjar hafa vitnað í tilsk. af 12. maí 1772, þá skal eg leyfa mèr að geta þess, að það er aðgætanda, að þá var ekki spursmálið um, hvort skera skyldi niður heilbrigt fè eða ekki, því þá var það álitið svo, að allt fè væri sjúkt í vissum hèruðum og sýslum. Hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu mælti á móti svo að segja hverri einstakri grein í uppástúngum nefndarinnar, og skal eg ekki svara honum orði til orðs, en einúngis leyfa mèr að drepa á fátt eitt, er mèr enn er í minni af ræðu hans. Hvað 3. gr. nefndarinnar viðvíkur, þá gekk nefndin út frá því sem gefnu, að lækna mætti kláðann, þegar tala fjárins samsvaraði heybyrgðum og hirðíngu þeirri, er veita mætti fènu, og áleit því nefndin, að nauðsyn bæri til, ekki einúngis að skera hið sjúka, heldur einnig nokkuð af hinu heilbrigða, svo ekki yrði of margt eptir, því með öðru móti sá nefndin einga tryggíngu fyrir, að menn ekki setti of mikið á, og þar með trufluðu læknínga-tilraunirnar. Hann gat ekki skilið, til hvers væri að rífa niður gömlu fjárhúsin og byggja upp ný, meðan ekki enn væri búið að útrýma fjárkláðanum algjörlega, en mèr virðist þetta allt eins nauðsynlegt fyrir því, einkum vegna læknínganna, því til þeirra þurfa fjárhús, og þarf að að skilja hið sjúka frá hinu heilbrigða. Hann áleit sýslunefndirnar óþarfar, ef ekki ómögulegar, einkum vegna vandkvæða á því, að þær gæti komið saman, en þíngnefndin hefir sýnt fram á það, að sjaldan þyrfti þær að koma saman, og ekki nema í einstöku tilfellum, og gæti nefndarmenn að öðru leyti skrifazt á. Dæmi það, er hann tók hèr úr sýslu, átti ekki heldur við, því þíngnefndin hefir ekki ætlazt til, að menn væri teknir í nefnd þessa frá yztu takmörkum sýslunnar, heldur einúngis hèr og hvar úr sýslunni, svo í henni sæti menn úr fleiri en einum hrepp. Við 9. greinina þótti honum einkum tíminn, sem tiltekinn er, nl. 6. októb., óhæfilegur, því bæði gæti menn dáið og vetrarfar væri óvíst, en það mun verða bágt að ákveða vissan tíma, ef hann ætti að binda við það, að einginn deyi; eg treysti mèr ekki til þess. Það var varla von, að hann þekkti sýslunefndirnar, þar sem hann ekki hèlt hreppanefndirnar svo kunnugar, að þær þekkti landrými búenda í hreppunum eða mörk þeirra, og sè svo ástatt hèr á Suðurlandi, er honum í sannleika vorkun; hann áleit, að skýrslurnar til amtmannanna væri til

einkis annars, en auka umstáng og skriptir, en skýrslurnar til amtmannsins eru til þess, að hann fái fullkomið yfirlit yfir læknatilraunirnar og heilbrigðisástand fjárins, sem nauðsynlegt væri, að honum væri kunnugt, einkum ef að því ræki, að einhver breytti móti hinum fyrirskipuðu reglum, svo sektir lægi við, sem amtmaðurinn í vissu tilliti yrði að ákveða. Að sinni man eg nú ekki meira úr ræðu hins heiðraða þíngmanns úr Gullbríngusýslu, en allt miðaði það í sömu stefnu, nl. að rífa niður, en ekki byggja upp aptur, og á hinn heiðraði þíngmaður Reykjavíkurbæjar þakkir skilið fyrir það, að hann þó ekki vildi fleygja málinu svona frá sèr, án þess það væri rætt til lykta, en vildi setja annað í staðinn. Eg hefi nú ekki í svo fljótum hasti getað áttað mig í uppástúngum hans svo vel, að eg geti sagt, að eg hafi nokkra sannfæríngu um þær. Mèr virtist hann einkanlega vera fastur á því, að hvorki amtmennirnir nè þíngið hefði vald á, að fara leingra, en ráðherrabrèfið af 30. apríl 1857 virðist að heimila, nl. niðurskurð á hinu veika fè. Eg get ekki verið á sömu meiníngu, því amtmönnunum var falið á hendur yfir höfuð að taka ráðstafanir, til að út rýma fjárkláðanum, og stjórnarherrann talar um, að til að fyrirskipa niðurskurð á hinu sjúka fè, þyki sèr ekkt brýn nauðsyn *að svo stöddu (for Tiden)* (*H. Kr. Friðriksson:* Í ráðherrabrèfinu er einúngis talað um sjúkt fè). Já! af því að eptir þeirri fyrirspurn, sem gjörð var til ráðherrans, gat hann ekki farið leingra. Mèr virtist hinn sami heiðraði þíngmaður álíta, að amtmennirnir ætti að leggja samþykki sitt á gjörðir þíngsins, en það get eg ekki álitið, því eg sè ekkert þar að lútanda skilyrði í ráðherrabrèfinu; þar stendur einúngis, að ályktanir þíngsins, byggðar á frumvarpi amtmannanna, geti orðið að bráðabyrgðalögum, og álít eg því, að amtmennirnir eigi að framkvæma ályktanir þær, sem þíngið fellst á, og *konúngsfulltrúi* samþykkir; hitt er annað mál, að ákjósanlegt væri, að stiptamtmaðurinn, undir hverjum framkvæmdin í þessu máli mest er komin, væri þínginu samdóma, en nú er komið frá honum beinlínis svar í gagnstæða átt því, sem nefndin hefir farið, og verð eg því að áskilja nefndinni rètt til, að haga öðruvísi uppástúngum þeim, sem mest koma í bíga við meiníngu stiptamtmannsins, ef nefndin álítur sèr það mögulegt. Þíngmaðurinn vildi halda aðskildu hinu sjúka og heilbrigða fè, en eg er hræddur um, að ekki yrði hægt, að láta læknínga fram fara, þegar fjöldinn væri saman kominn, má ske fleiri hundruð; hann vildi, að læknað væri, eða þá skorið niður innan næstu veturnótta, en læknínga gæti má ske

verið vel á veg komnar, þó eigi sè þær fullkomnaðar. Eg er mikið hræddur um, að æði-mikið þætti komið á jafnaðarsjóðinn, þegar úr honum ætti að taka, ekki einúngis skaðabætur handa þeim, er skorið væri niður fyrir, heldur einnig laun handa nefndum þeim, er settar væri. Þó að sektir væri lagðar við að reka sjúkt fè á fjall, þá er eg hræddur um, að örðugt yrði að sanna, hvort fèð hefði verið sjúkt eða eigi, áður en það var rekið, enda er skaðinn meiri en sektum nemur; það skal einginn vera viljugri en eg, til að taka skynsamlegum ástæðum í máli þessu, en eg get þó ómögulega yfirgefið grundvallarreglu nefndarinnar, að tryggja hið almenna; en allt, hvað getur samrýmzt með þessari grundvallarreglu, og miðar til þess, að hver einstakur maður verði sem lèttast úti, mun nefndin og eg fúslega fallast á. Eg skal að endíngu leyfa mèr að geta þess, að þar sem hinn heiðraði þíngmaður Reykjavíkurbæjar gjörði ráð fyrir, að fèð, er ætti að skera niður, væri 40—50 þúsundir, þá virðist mèr skaðinn ekki stór, þar í hinum sömu hèruðum búa 15,000 manns, og yrði þá einúngis 3 kindur ætlaðar hverjum manni.

Forseti: Áður en leingra er farið fram í þetta mál, og allra helzt áður en þíngið kemur til að taka nokkra ályktan í því, þykir mèr nauðsynlegt, að afgjörð sè sú formspurning um töluliið 3., sem hèr hefir komið til umtals, um það atriði, hvort þíngið geti veitt ákvörðunum sínum lagagildi til bráðabyrgða. Það er nú mín meiníng, að það geti ekki veitt sínum eigin ákvörðunum lagagildi þetta. Þíngið getur, eptir mínum skilníngi, annaðhvort fallizt á amtmannafrumvarpið óbreytt, og þá gæti það frumvarp feingið lagagildi sem bráðabyrgðalög; eða þíngið gæti stúngið upp á breytíngum eða öðrum ályktunum, og ef amtmennirnir vildi samþykkja það, þá gæti það á þann hátt einnig orðið bráðabyrgðalög. Eptir mínu áliti verða nefnilega amtmennirnir hèr í líkri stöðu, til að mynda eins og konúngur, að samþykki þeirra og samþykki þíngsins verður að vera samfara, til þess að frumvarp til laga um þetta geti feingið bráðabyrgðagildi; en það væri án efa æskilegt að vita, hversu hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* lítur á þetta efni, eða hvort hann sem *konúngsfulltrúi* þykist hafa vald til, að veita samþykki til þess, að frumvarp þíngsins fái bráðabyrgðagildi.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að vera samdóma hinum háttvirta *forseta* í flestu því, er hann nú sagði, og eg held, að álit hans fari nær hinni rèttu meiníngu stjórnarherrabrèfsins, heldur en nefndarinnar, þar sem svo kveður að orði í álitsskjali hennar, þó það eigi

sè tekið upp í uppástúnguatriðin: „Þá vill nefndin ráða þínginu til, samkvæmt opt nefndu stjórnarherrabrèfi, að biðja *fulltrúa konúngsins* um, að veita þeim ákvörðunum, sem það samþykkir í þessu máli, lagagildi til bráðabyrgða, uns allrahæsta staðfestíng getur feingizt, og fela *konúngsfulltrúanum* að senda þær amtmönnunum til framkvæmdar"; því það er þíngið en ekki *konúngsfulltrúinn,* sem eptir stjórnarherrabrèfinu átti að veita ályktunum alþíngis bráðabyrgðagildi. Skyldi þíngið koma til þeirrar niðurstöðu, að veita ályktunum sínum í þessu máli bráðabyrgðagildi, þá sè eg ekki annað rèttara form þar til, en að þíngið útgefi sína ályktun, og láti hana undirskrifa af *forseta* sínum, má ske líka *varaforseta,* og skrifurum þíngsins. Nokkuð öðru máli gegnir það, ef eitthvert af landsins amtsyfirvöldum skyldi neita því, að framfylgja þíngsins ákvörðunum. Að öðru leyti get eg ekki öldúngis fallizt á það, sem hinn háttvirti *forseti* sagði, að skildaginn fyrir því, að veita mætti bráðabyrgðagildi ályktunum þíngsins, væri sá, að þíngið fèllist á amtmannafrumvarpið óbreytt. Eg held þvert á móti, að þíngið bæði hafi haft rètt til að gjöra breytíngar í amtmannafrumvarpinu, og eins til að veita ályktunum sínum bráðabyrgðagildi allt fyrir það.

Forseti: Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hefir nú sýnt það, sem mig líka grunaði, að uppástúngan í nefndarálitinu, töluliður 3., væri ekki formleg; eg ætla og, að það sè auðráðið af brèfi lögstjórnarherrans 30. apríl þ. á. til allra amtmanna á Íslandi, að þessi uppástúnga geti ómögulega staðizt, því að þar segir, að *konúngsfulltrúinn* eigi að leggja það frumvarp, sem amtmennirnir búa til, fyrir þíng, og svo, *ef alþíng fellst á þetta frumvarp,* getur það öðlazt lagagildi til bráðabyrgða, ef það virðist nauðsynlegt; eins verður að vera á hinn bóginn, ef alþíng fellst *ekki* á frumvarp amtmanna, en kemur með *nýtt* frumvarp, þá verða amtmennirnir að samþykkja það, eður þeir af þeim, sem eiga að sjá um, að því verði framfylgt, til þess það geti orðið að lögum, að minnsta kosti þángað til staðfestíng konúngsins fæst. Þetta er og í sjálfu sèr eðlilegt og samkvæmt reglum þeim, sem gilda um löggjöf og lagasetníng. Eg vil því leyfa mèr að að spyrja hinn háttvirta *konúngsfulltrúa,* ef hann þykist ekki geta staðfest frumvarp þíngsins upp á sitt eindæmi sem *konúngsfulltrúi,* hvort hann þá ekki sem amtmaður ásamt stiptamtmanninum þykist hafa myndugleika til, að staðfesta það sem bráðabyrgðalög, sem þíngið kynni að samþykkja, ef amtmennirnir að öðru leyti fèllist á það.

Konúngsfulltrúi: Eg skal bæta því við það, er eg áðan sagði,

að ef þíngið ekki getur komið sèr saman við stiptamtmanninn um það, að hann framfylgi þess ályktunum, álít eg það ráðlegast og tiltækilegast, að bíða eptir samþykki konúngsins.

E. Ó. Kúld: Í tilefni af því, er hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, skal eg leyfa mèr að geta þess, að nefndin í handriti sínu hafði dregið út orðin frá: „þá vill nefndin", og til endans, svo að þetta hefir misprentazt. Hvað snertir nefndarálitsins bls. 7. nr. 3, verður að virða nefndinni það til vorkunar, því að það er tekið úr frumvarpi amtmannanna. Viðvíkjandi stjórnarherrabrèfinu og formspursmálinu hefi eg haft aðra skoðun, en *forseti* og *konúngsfulltrúi*, en fyrst þeir hafa skýrt frá meiníngunni í stjórnarherrabrèfinu, skal eg ekki orðleingja þetta meir; eg er ekki heldur staðinn upp til þess, að mæla nefndinni mikla bót, því eg mun ekki vera fær að bæta um það, sem hinn háttvirti *framsögumaður* segir; eg skal ekki heldur hrinda mótbárum þeim, sem fram hafa komið móti nefndinni með nokkru kappi, því að eg vildi helzt, að allt kapp væri lángt burtu í máli þessu, því svo þykir mèr það mikilsvert, að eg hygg það útheimti af oss öllum, að vèr með mesta athygli og rósemi ræðum það; en af því hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu beiddi um upplýsíngar viðvíkjandi nokkrum greinum í nefndaruppástúngunum, sem hinn háttvirti *framsögumaður* að sönnu tók fram, þá skal eg reyna til að svara honum að því leyti, sem *framsögumaður* ekki gjörði það, orði til orðs. Þar sem hann þá ekki hèlt, að nefndin hefði ástæðu til að halda, að hrútar þeir, er menn kynni að setja á, væri kláðalausir, þá ætla eg þó, að nefndin hafi fulla ástæðu til að halda það, því það er bóndans eigið gagn, að þeir sè kláðalausir, en skaði hans, ef þeir hafa kláðann; viðvíkjandi 5. gr. um að rífa niður fjárhúsin, skal eg geta þess, að nefndin hefir upplýsíngar frá kunnugum mönnum, sem vit hafa á, að fjárhúsum og fjárhirðíngu er hèr á Suðurlandi miður hagað, en haga skyldi, og sjálfur eg þekki svo mikið til Suðurlands, einkum hèr á nesjunum, að eg þori óhætt að segja, að það, er menn hèr kalla fjárhús, megi alls ekki fjárhús heita. Hvað snertir 8. gr., að hreppstjórinn fremur en sýslumaður meti forföll nefndarmanna, þá gjörir þessi breytíng í sjálfu sèr lítið til, og skal eg því ekki fást um hana, því síður, sem hann ekki hefir áskilið sèr breytíngaratkvæði þessu viðvíkjandi; hann fann það eitt að skýrsluforminu, að það væri ómögulegt að vita á þeim tíma, sem nefndin hefir tiltekið, nefnil. 6. októbers, hversu margir menn mundi fara í verið. En ekki finnst

mèr það ómögulegt, því menn gæti bara spurt bóndann að, hvað marga menn hann ætlaði að senda til sjóróðra, og væri víst eingin ástæða til, að reingja hann að óreyndu. Hvað það snertir, að menn ekki gæti sett á hey á þessum tíma, þar menn ekki vissi, hvernig vetra mundi, eða hvort útigángur yrði góður, o. s. frv., þá kemur ekki þetta til greina, því verði fèð veikt, og eigi að læknast, getur einginn ímyndað sèr annað, en innistöðu og gjöf, og ekki er nærri tryggíng fyrir læknínguni, fyr en ráð er gjört fyrir nægu heyi til gjafar öllu fènu frani úr. Eg skal ekki lá honum, að hann ekki fellst á 11. gr., ef hann veit það fyrir víst, að menn hèr ekki þekkja mörk búenda í hreppnum, en sè það svo, þá er þetta víst undantekníng, sem einúngis á sèr stað á Suðurlandi, og þó munu einnig þar, eins og alstaðar annarstaðar á landinu, vera til markatöflur hjá hreppstjórunum; hann skildi ekki 17. gr., en eg held það sè hægt, því geti kláðinn dulizt í húsum og öðru fleira, þá mun ekki til mikils að taka heilbrigt fè í sjúk hèruð til lífs, en allt annað mál er að fá sèr skurðarfè, og það hefir nefndinni aldrei dottið í hug að banna; enda getur líka, eins og hann drap á, verið hætt við, að fèð vilji leita átthaga sinna, og verði strokgjarnt, og yrði þá ekki þessu hamlað með öðru en því, að setja áreiðanlega verði; en eg veit ekki betur, en að allir vilji komast hjá vörðunum, að minnsta kosti hefir komið ein bænarskrá til þíngsins þess efnis, að þeir væri af teknir, og verði meiníng nefndarinnar í þessu tilliti ofan á, verða verðirnir líka óþarfir. Hinn heiðraði varaþíngmaður Reykjavíkurbæjar sagði margt og mikið, en eg vona, að einginn undrist yfir því, þó eg ekki geti fallizt á eina einustu af uppástúngum hans, því þær fara allar í allt aðra stefnu, en nefndin; þar sem nefndin vill finna ráð til að út rýma sem fyrst fjársýkinni, stefna, að mèr virðist, uppástúngur hans að því, að ala sýkina sem leingst; hann hèlt að uppástúngur sínar, ef til vill, þyrfti einhverra smáumbóta við, en eg er hræddur um, að stórkostlegar breytíngar þyrfti við þær að gjöra, ef vel ætti að fara. Hann taldi það sem víst, að stjórnin ekki mundi aðhyllast uppástúngur nefndarinnar, en þó að mèr kæmi það óvart, að jafnmikill spámaður væri meðal vor upp risinn, verður hann að fyrirgefa mèr það, að eg ekki gjöri meira úr spádómum hans, en hann hefir viljað gjöra úr annara hèr á þíngi; hann talaði um, að nefndin mundi ónýta allar aðgjörðir stiptamtmannsins; eg skil ekki, hvernig hann getur látið sèr slíkt um munn fara, því þar sem nefndin fer í sömu átt og stiptamtmaðurinn, er hún þó víst ekki að reyna til, að ónýta

aðgjörðir hans, að eg t. a. m. taki til dæmis fjárhúsin, o. fl.; hann atyrti nefndina fyrir, að hún hefði ekki átt með að koma með slíkar uppástúngur, en eg skal leyfa mèr að segja honum, að þó að hann álíti stiptamtmanninn einvaldan, verður hann að lofa mèr að álíta, að þíngið hafi fullkominn rètt til, að gjöra hvaða uppástúngur sem því þóknast.

St. Jónsson: Tveir heiðraðir þíngmenn hafa þegar látið til sín heyra, sem hafa verið á móti nefndarálitinu, og álíta það með miklum vansmíðum. Nefndinni kemur þetta reyndar ekki óvart; hún bjóst ekki við öðru, en að einhverjum mundi mislíka, því svo er optast vant að fara; þíngmenn þessir hafa í flestu tilliti farið sinn í hverja áttina í skoðunum sínum, en í einu ber þeim saman, nfl. í því, að þeir ásaka nefndina fyrir, að hún vilji skerða eignarrètt manna; en hvernig var mögulegt, ef eg má spyrja, að eiga við mál þetta, án þess að snerta eignarrètt manna? Ef þíngið ekki hefði mátt snerta eignarrètt manna, þá hefði það, að leggja mál þetta fyrir þíngið, verið hið sama og segja við þíngmenn: þið eigið nú að skoða mál þetta á alla vegu, og íhuga sem bezt, hvernig eigi að útrýma fjárkláðanum, en þið megið öldúngis ekki snerta sauðkind nokkurs manns, að því leyti sem eignarrètt snertir, en þetta er ekki betra, en að segja: gjörið ekkert. En þar sem amtmennirnir hafa fjallað um mál þetta, held eg að það hafi verið í höndunum á meiri lagamönnum en þessum tveimur þíngmönnum, enda held eg líka, að hèr mætti heimfæra hið fornkveðna: að nauðsyn brýtur lög, og finnst mèr því ekki nefndinni láandi, þó uppástúngur hennar kunni að grípa inn í eignarrètt manna; stiptamtmaðurinn sjálfur, sem þó hefir viljað fylgja fram sem bezt hann gat hag þessa amts, hefir líka svo gripið mikið inn í eignarrèttinn, og það í frumvarpinu, sem hann lagði fyrir þíngið. Hinum heiðraða þíngmanni Gullbríngusýslu þótti það ósamkvæmni af nefndinni, að hún hefði ákveðið endurgjald fyrir þá, er skyldi skera niður samkvæmt 21. gr., en ekki fyrir þá, er skera niður samkvæmt 3. gr., en hann hefir ekki gætt að því, að í 3. gr. er gjört ráð fyrir, að skerast eigi á hausti, og að þar á við hið fornkveðna, að „hollur er haustskaði“, því þá er fèð skorið með svo fullu gagni, sem menn geta búizt við á því ári, en í 21. gr. er gjört ráð fyrir, að skera skuli niður, hve nær sem vera skal, nfl. hve nær sem kláðinn bryddir á sèr, og getur það verið á öllum ársins tímum; hann láði nefndinni það, að hún ekki hefði ákveðið að skera skyldi niður hið sjúka fè, en það eru öll líkindi til, að hver

maður forðist, að láta hið sjúka fè lifa, og á hinn bóginn er það ísjárvert, eins og hann líka drap á, að skera niður allt grunað fè, úr því að þá er ekki allt skorið, því grunur þessi gæti víst farið lángt; því þar sem ein kind er sjúk, má telja allt fèð grunsamt; hann varð svo smásmuglegur í að elta nefndina, að hann fór að tala um, að hrútarnir, er menn setti á, gæti verið sjúkir, en það er auðsætt, að einginn mundi setja á veika hrúta, nema því að eins, að ekki væri annars kostur; var þá rèttara, að sá maður hefði eingan hrút, sem ekki gat feingið hann ógrunaðan fyrir sýkinni? Hinn heiðraði þíngmaður hèlt, að nefndirnar, er þíngnefndin vildi hafa settar, mundi vera til einkis, og fann á þeim mikla annmarka; og er hann því víst mèr samdóma í því, að kláði þessi ekki sè sprottinn af vanhirðíngu eða vondum fjárhúsum, og fleiru, sem Sunnlendíngum er kennt um í þessu efni af lækni og yfirvöldum hèr, en þrátt fyrir það, þó eg sè honum samdóma í þessu, verð eg þó að álíta, að mikið gagn gæti flotið af nefndum þessum; eg vil ekki gjöra svo mjög mikið úr þeim, en eg verð samt að halda þær gagnlegri, en hann álítur. Varaþíngmaður Snæfellínga er búinn að svara honum viðvíkjandi 17. gr., og skal eg því ekki orðleingja það, en einúngis bæta því við, að eg ekki get sèð, hvaðan hann getur feingið ábyrgð fyrir því, að fèð ekki strjúki heim til átthaga sinna, ef það væri að flutt, nema því að eins, að það væri sett út á eyjar, eða hefði annað því um líkt aðhald; að skera niður geldfèð, álít eg öldúngis nauðsynlegt, og það einnig vegna þeirra manna sjálfra, er fèð eiga, og hafa þeir jafnvel sjálfir farið fram á þetta í bænarskrám til þíngsins, t. a. m. í bænarskrá frá Kjósarsýslu; eg nefni hana helzt af því, að mèr virtist hún fara skynsamlegum orðum um þetta mál; hún var líka fjölorðust, og hún fór fram á, að láta lifa nokkuð af ám, og fleiri hafa farið í líka stefnu. Hinn heiðraði varaþíngmaður Reykjavíkur vill byggja allt aðhald sitt og tilsjón móti útbreiðslu fjárkláðans á skýrslum nefndanna, er hann vill setja, en eg skal leyfa mèr að skýrskota til brèfs frá stiptamtmanninum til amtmannsins í norðuramtinu frá næstl. desemberm., í hverju hann samkvæmt skýrslum tjáir, að hann hljóti að halda sig sannfærðan um, að kláðafè ekki sè til í amtinu um þessar mundir, nema ef vera skyldi í Borgarfjarðarsýslu, hvaðan hann hafi einga skýrslu feingið. Ef að nú skýrslurnar úr suðuramtinu eru ekki áreiðanlegri en svo, að svona megi á þeim byggja, þá gef eg lítið fyrir þær, því raunin er ólygnust, hvernig hèr stóð á heilbrigði fjárins, og hefir það bezt sýnt sig

síðan, og ef fè ætti að rekast á fjöll eptir slíkum skoðunum, er ekki fyrir að sjá, hvað þar af gæti leitt.

Jón Guðmundsson: Eg þarf varla að skýra frá því, að mèr geðjast vel að skýríngu *konúngsfulltrúa* og *forseta* forminu viðvíkjandi, því það var einmitt í þessu skyni, er eg hreifði svona málinu fyrir fram í fyrra dag. Eg skal í umræðum þessa máls hafa mèr það hugfast, sem svo margir þíngmenn hafa hreift, að nauðsyn er, að ræða það með alvörugefni, rósemi og óhlutdrægni; eg held eg sè einn af þeim færri, er ætti að eiga hægast með að ræða þetta mál sanngjarnlega og hlutdrægnislaust, því eg get í vissu tilliti sagt um mig, að eg heyri ekki fremur einu amtinu til en öðru; ekkert á eg heldur fèð, og því er sjálfum mèr það einginn hagur, hverjum flokknum eg fylgi, hvort heldur þeim, er vilja almennan og takmarkalausan niðurskurð, til þess þeir geti keypt sèr sem fyrst heilbrigðan stofn, eða hinum, sem einga skepnu vilja skera, nema sjúka, af því þeir þykjast eiga margt og heilbrigt fè sjálfir, en skeyta því eingu, þótt ótal fátæklíngar eigi einga kind heilbrigða, og verði því hverja sína sauðkind að skera; eg á því við hvorugan flokkinn skylt. Hvað reynslu minni viðvíkur áhrærandi fjárpeníng, þá er eg í því tilliti kominn á raupskeiðið, því eg hefi verið einhver fjárríkasti bóndi í suðuramtinu, þó eg nú eigi einga skepnu. Síðan fyrst fór að brydda á kláðanum hèr syðra, hefi eg fylgt honum með mesta athygli og haft fastan augastað á öllum fyrirskipunum yfirvaldanna, og þeim árángri, er af þeim hafa orðið; eg hefi fylgt öllu þessu eptir því, sem eg hefi framast haft vit á og að svo miklu leyti, sem í mínu valdi stóð. Sem blaðamaður hefi eg haft tækifæri til að tala og skrifast á við menn nálega úr öllum hèruðum landsins, og held eg, að eg, ef eg mætti svo að orði komast, hafi heyrt meiníngar bæði hinna vitru og hinna fávísu um mál þetta. Menn eru meðal annars að klifa á því, að eptir uppástúngum nefndarinnar verði eignarrèttur manna skertur svo miklu meir nú, heldur en gjört var með tilskipuninni af 12. maí 1772, því hún hafi einúngis skipað, að skera hið hjúka fè; en menn gæta ekki að því, að mörg ár voru liðin frá því kláðinn byrjaði og þángað til 1772; þeir gá ekki, segi eg, að þeim tímanum og afleiðíngum, sem þar lágu á milli, og það, sem lá á milli, voru einmitt afleiðíngarnar af öðru eins sjálfræði og skeytíngarleysi eins og það, sem þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu vill nú láta ráða úrslitum, og annað eins árángurslaust kák, eins og varaþíngmaður Reykjavíkurbæjar nú fer fram á að gjöra að lögum; þetta

lá á milli, eins og sjá má af inngángi tilskipunarinnar, og þegar hún kom út, þá var *allt* fèð orðið sjúkt, *allt orðið spillt*, í flestöllum hèruðum landsins, nema í Skaptafells- og Múlasýslunum, norðurhluta Þíngeyjarsýslu, og má ske í nokkrum hèruðum fyrir vestan; þar sem því tilskipunin talar um niðurskurð á hinu sjúka eða spillta fè, þá talar hún um og skipar niðurskurð á *öllu fè* í öllum hinum hèruðunum; svona var hún líka skilin frá upphafi, og svona var henni framfylgt; en hèr tala menn um tilskipunina og leggja hana út, rètt eins og hún hefði komið út 1762. Eg vildi sannarlega óska þess, að vèr Íslendíngar ekki þyrftum að lifa upp aptur sama kákið og sjálfræðið í næstu 11 ár, því það yrði til þess, að stjórnin neyddist til, að skipa almennan niðurskurð í flestum hèruðum landsins, rètt eins og gjöra varð 1772. Eg er öldúngis samdóma hinum heiðraða þíngmanni úr Eyjafjarðarsýslu í því, að ef þíngið ekkert hefði mátt snerta við eignarrètti manna, þá hefði það ekkert getað átt við þetta mál. Aðalástæða hins heiðraða varaþíngmanns Reykjavíkurbæjar var sú, að stjórnin ekki mundi fallast á uppástúngur nefndarinnar, að minnsta kosti man eg ekki betur, en að hann tæki þetta fram þrisvar sinnum í ræðu sinni; en eins og eg áður hefi sagt hèr á þíngi, þá hræðist eg eigi slíkar spár, því eg er sannfærður um, að stjórnin fellst á uppástúngur alþíngis, eins í þessu máli sem öðrum, ef þær eru byggðar á skynsamlegum og ljósum rökum. Hèr við þetta mál verður ekkert gjört nema með einhverri takmörkun í eignarrèttinum; til þessa knýr skyldan við hin ósjúku hèruð, að vernda þau fyrir, að sýkin útbreiðist þángað, og heill alls almennings og gjörvalls landsins; það er enn fremur skyldan við sjálfa oss hèr í sjúku hèruðunum, er knýr oss til þessa, svo vèr getum haft von um, að halda nokkrum fjárstofni, því sè ekki fènu fækkað til muna, þá er eingin tilsjón til, að það geti læknazt, og þurfum vèr ekki að fara leingra en skoða árángurinn, er var af lækníngatilraununum í fyrra, og þetta, að fækka fènaðinum, finnst mönnum svo óbærileg skerðíng eignarrèttarins? Hinn heiðraði þíngmaður Reykjavíkur vill láta allt af vera að skoða fèð og skera það niður, jafnótt og þáð sýkist, en hvað ætlar hann þá að gjöra við dýralæknana, ef eingin sjúk kind má lifa til þess að gjöra við lækníngatilraunir? þeir eiga þó líklega ekki að lækna kindurnar, sem verið er að skera? Nefndin hefir geingið út frá því, að kláðinn væri læknandi, en þó einúngis læknandi undir þeim skilyrðum, að fækkað verði fènu, svo verulega, að hirðíng þess, sem lifir, og hjúkrun geti verið nokkurn veginn óyggjandi.

Þíngmaður Gullbríngusýslu var að tala um útigánginn, en það hefir víst eingum, og varla honum sjálfum, dottið í hug, að ætla að fara að lækna fèð hèr og hvar úti á gaddinum, eða t. d. á Vogastapa, sem mun vera það beitiland, er honum er næst. Fyrst hinum heiðraða þíngmanni Reykjavíkurbæjar tekur svona sárt til eignarrèttarins, væri gaman að spyrja lagamenn að, hvort hann ekki hefir gripið eins mikið eða meira inn í persónulegt frelsi manna með nefndunum, er hann vill setja, og þeim óvinnandi verkum, er þeim eru á herðar lögð, heldur en þíngnefndin hefir gripið inn í eignarrètt manna, þar sem hann vill skylda menn þá, er kosnir verða í nefndir þær, er hann er að skapa, til að taka móti þessari kosníngu, og þar með vera á einlægu flugi fram og aptur um sveitirnar liðlángan veturinn, svo þeir gæti aldrei verið heima, og þannig yrði sjálfum sèr gagnslausir á heimilum sínum, og yrði þó víst sjálfsagt til þess að velja duglegustu mennina (*H. Kr. Friðriksson:* Það er nú ekki svo ástatt nema í fáeinum sveitum); ójú! það er svo ástatt í mjög mörgum sveitum, en þetta og fleira kemur til af ókunnugleik þíngmannsins til sveitalífsins; væri hann dáltið kunnugri til sveita en hann er, og búinn að inndrekka dáltið minna af loptköstulunum hèr í Reykjavík, þá hefði hann naumast komið með þessar loptkastalabyggíngar hèr inn á þíng. Þar eð einginn enn hefir minnzt á takmörkunina á ærtölunni, þá skal eg leyfa mèr að gjöra það, og virðist mèr þá í mörgu tilliti mjög nauðsynlegt, að eitthvert fast takmark yrði sett, hvort sem það væri það, sem nefndin hefir stúngið upp á, eða annað, fyrst vegna þess, að þar við gæti orðið miðaður ásetníngur hreppanefndanna, og með því er einnig opnaður fátækum aðgángur til að fá heilbrigðan ærstofn hjá öðrum, er þurfa að fækka ánum, annaðhvort fyrir geldfè eða peníngа, eða sjúkar ær. Verði geldfèð skorið niður í haust í fullum holdum, þá er auðráðið, að skaðinn er ekki tilfinnanlegur og varla teljandi; en ef ætti að vera að káka við þenna niðurskurð fram á vetur og fram á vor, eins og þíngmaður Reykvíkínga vill, þá leiddi þar af ómetanlegt tjón og skaða fyrir þá, sem eiga.

G. Brandsson: Eg hefi nú setið og hlustað með athygli á ræður manna í máli þessu, því eg hefi verið að vonast eptir, að hverfa kynni vafi minn og vantraust á uppástúngum nefndarinnar, en það hefir samt ekki orðið. Hinn háttvirti *framsögumaður* áleit, að nefndin hefði einga verulega skerðíng gjört í eignarrèttinum; við höfum þar sína skoðunina hvor, og skal eg því ekki vera að þrætast við hann

um það; það mundi víst ekki hafa mikið upp á sig. Þó að grundvallarlög Dana ekki gildi hèr hjá oss í heild sinni, held eg, að undirstöðuatriði það, er eg til nefndi, vel megi segjast að gilda hèr, eins og hjá hverri siðaðri þjóð, að eignarrètturinn sè friðhelgur, og vona eg, að vèr í þessu tilliti ekki sèum rèttminni, en Danir, enda veit eg, að hinn háttvirti *framsögumaður* er svo mikill föðurlandsvinur, að hann vildi það ógjarnan. Að niðurskurðurinn 1772 hafi fram farið um vor, eins og sagt var áðan, er enn ósannað með öllu, og eigi unnt að sanna það; ekki get eg heldur skilið, hvernig það mætti kallast, að hlynna að fátækum, að skera niður fyrir þeim geldfè-þeirra, þó ófrískt væri, svo hann ekkert mætti setja á, nema þær fáu rollur, sem hann kynni að eiga, og sem gæti allar ollið út úr kláða; *framsögumanninum* fórst ekki vel að forsvara nefndirnar, enda var ekki von til, að hann gæti það, og eg get ekki skilið, hvernig sýslumaður og sýslunefnd eiga að geta sett á í hreppunum, fyrst ekki hreppanefndin er til svo mikils hæf. *Framsögumaður* hèlt, að ekki væri hægt, að hafa tilsjón með því, að ekki væri sjúkt fè rekið á fjall; en þar eð hver búandi á að segja til, hve nær kláði kemur í fè hans, og sektir liggja við, ef hann eigi gjörir það, og þess utan margir reka í einu upp á fjall, þá held eg þetta yrði ekki svo örðugt, því varla þyrfti við því að búast, að allir yrði svo þagmælskir, sízt þeir, er heilbrigt fè ræki, að þeir ekki segði til hinna, er sjúkt vildi reka. Mèr virtist hinn háttvirti *framsögumaður,* þó það ekki sè vani hans, heldur rángfæra orð mín, einkum það, er eg sagði um eyðublöðin, og hvað það snertir, að eg hafi viljað gánga úr skugga um, að enginn dæi, þá má þetta heita að svara út í hött, heldur tók eg það einúngis fram sem dæmi. Hinn heiðrаði þíngmaður Snæfellínga sagði, að mèr hefði þótt ófært, að rífa fjárhúsin, en það sagði eg ekki, heldur spurði eg einúngis, til hvers væri að rífa þau niður, ef kláðasjúkt fè ætti aptur inn í þau að fara. Hvað mörkunum viðvíkur og því, að fèð ekki sè heima, þegar nefndirnar koma og eiga að fara að setja á heyið, þá kann það vel að vera, að hann sè svo markaglöggur, að hann svona í svipinn þekki hvert mark í sveitinni, en það er nú ekki öllum gefið, enda mundu menn þurfa fleiri hæfilegleika hjá nefndarmönnum, en þann eina, að þekkja mörk; það væri heldur ekki hægt alstaðar að koma því við, að hafa með sèr markatöflurnar, hvernig sem veður væri; ekki vildi eg heldur einúngis rífa niður nefndarálitið, eins og *framsögumaður* sagði; eg vildi sýna galla þess, og vonaðist eg svo eptir, að nefndin mundi sletta bót á

stærstu gloppurnar, en það virðist mèr nú ekki henni hafa tekizt, enda finnst mèr ekki nefndin geta kvartað um, að ekki hafi verið byggt upp fyrir henni, þar sem þó eru bornar upp uppástúngur þíngmanns Reykjavíkurbæjar, og þekkti eg þær vel, áður en þær voru bornar upp, enda finnst mèr nefndina megi einu gilda, hvaðan gott kemur. Hvað snertir brèfið úr Mýrasýslu, sem áðan var lesið, þá sannar það þó svo mikið, að kláðinn hefir komið í sýslu þessa, og þó hann má ske hafi horfið aptur, er ekki ugglaust um, að hann þar, eins og annarstaðar, geti gjört vart við sig seinna. Það kynni að þykja gleðilegt sumum, ef nefndin gæti góðviljuglega komið fram ákvörðunum sínum um niðurskurðinn, en jafnvel þó amtmennirnir vildi framkvæma þessar ráðstafanir, þá get eg þó vel ímyndað mèr, að margar tálmanir kunni að verða á vegi þeirra; sèzt hefir annað eins; eg skal eingu um það spá; en einginn má við margnum. Hinn heiðraði *varaforseti* sagði, að allt fè hefði verið sjúkt 1772, en eg held ekki, að hann geti sannað það; hinn sami heiðraði þíngmaður sagði, að uppástúngur þíngmanns Reykjavíkur gjörði ráð fyrir, að skera allt af smátt og smátt, en þetta get eg hvergi beinlínis sèð í uppástúngum hans; hitt er allt annað mál, að skera það, sem ekki álízt læknanlegt. Þíngmaður Eyfirðínga gat um brèf frá stiptamtmanninum, ritað í desember, til amtmannsins yfir norðuramtinu, í hverju hann, samkvæmt skýrslum þeim, er hann hefði meðtekið, á að hafa tjáð kláðalaust í Árnessýslu, og skal eg í því tilliti leyfa mèr að geta þess, að kláðinn kom mestur í Árnessýslu eptir þann tíma að brèf þetta var skrifað, en þess ber vel að gæta, að þá voru eingar hreppanefndir komnar þar á; að minnsta kosti ekki eins lagaðar og þær, sem nú er verið að gjöra ráð fyrir. Uppástúngur þíngmanns Reykjavíkur virðast mèr nú í mörgu tilliti vera betri, en uppástúngur nefndarinnar, bæði vegna þess, hvað þær eru óbrotnari og minni vandkvæðum bundnar.

Forseti: Þar eg gjöri ráð fyrir, að margir þíngmenn enn vilji tala í þessu máli, og orðið er áliðið, skal eg fresta frekari umræðum til seinna í dag, og kveðja menn til fundar kl. 6 e. m.

Fundi slitið.

---

12. ág. — tuttugasti og áttundi fundur.

Allir á fundi, nema hinn 6. konúngkjörni þíngmaður og þíngmaðurinn úr Suður-Þíngeyjarsýslu, sem enn þá eru sjúkir.

Forseti: Á fundi þessum fer fram áframhald af *undirbúníngsumræðunni í fjárkláðamálinu.*

H. Kr. Friðriksson: Ræður þær, sem hèr voru fluttar á fyrra fundinum, gátu ekki sannfært mig um, að nefndin hefði farið rètta leið; heldur fundust mèr ástæður nefndarmanna bæði mjög veikar, og komu líka mjög í bága við sig sjálfar. Þeir tóku það báðir mjög skýrt og skilmerkilega fram, hinn háttvirti *varaforseti* og hinn heiðraði varaþíngmaður Snæfellínga, að eg mundi einginn spámaður vera, og verð eg að láta þá ráða þeim dómi; en *varaforseti* tók það fram, að hann væri sannfærður um, að stjórnin fèllist á uppástúngur alþíngis í máli þessu, ef þær væru skynsamlegar; eg er líka sannfærður um það; en eg er þar á móti líka sannfærður um, að stjórnin breytir ekki grundvelli löggjafarinnar, sem er eignarrètturinn, fyrir hinar skynsamlegu uppástúngur nefndarinnar. Nefndin hefir alls ekki sýnt fram á, að það þurfi að skerða eignarrèttinn svona, eins og hún stíngur upp á; og eg vona, að nefndinni takist aldrei að sanna það; því að eins getur nokkur stjórn skert eignarrèttinn, að það sè sýnt og sannað, að almenníngi sè vís hætta búin, og þó svo væri, þá samt því að eins, að þeim sè goldnar skaðabætur, sem verða fyrir missi eigna sinna á þenna hátt; eg get alls ekki skilið það, að menn hafi neinn rètt til þess, að skera niður hellbrigt fè, nema því að eins að það skaði aðra, en það get eg ekki kallað neina ástæðu, þótt menn segi, að helbrigða fèð *geti sýkzt,* og það geti komizt til þeirra hèraða, þar sem fèð er heilbrigt enn sem komið er, en ef þetta færi nú ekki svo, þá sjá allir að slíkt fellur gjörsamlega um sjálft sig. Hinn háttvirti *varaforseti* og hinn heiðraði þíngmaður Eifirðínga, þeir gátu ekki skilið í því, til hvers stjórnin hefði lagt mál þetta fyrir þíngið, nema það ætti vald á, að skerða eignarrètt manna, eins og þínginu væri eigi auðið, að finna neitt annað ráð, til að hamla útbreiðslu fjárkláðans; og það var ætlunarverk þíngsins, að finna önnur ráð til að út rýma kláðanum, heldur en þau, að skerða eignarrètt manna, og eg er sannfærður um, að þessi aðferð gjörir ekki annað en spilla beinlínis fyrir máli þessu hjá stjórninni, þar sem nefndin fer því fram, að skerða eignarrèttinn án alls endurgjalds; en bæði nefndin og líka eg höfum viljað komast hjá endurgjaldinu; en

mèr finnst munur á því, hvort sú skepnan er tekin frá eigandanum, sem hefir spillínguna í sèr, og er skorin með valdi móti vilja eigandans, og að taka skepnu, sem einginn getur sèð annað á en að sè alheil; því sú, sem veik er, hún getur skaðað aðra, en hin heilbrigða ekki. Menn hafa talað margt og mikið um það, að tala án allrar hlutdrægni í þessu mikilsvarðanda máli, og er eg einnig á því, að það væri æskilegt, en eg verð að segja það, að hinn heiðraði *varaforseti* hefir ekki gætt þessa, því hann er mjög hlutdrægur með nefndinni, þar sem hann leggur þann dóm á hreppanefndir mínar, að þær mundi verða harðla óáreiðanlegar, en þær nefndir, sem nefndin hefir stúngið upp á, þær eiga að vera áreiðanlegar; en eg er sannfærður um, að þær yrði alls ekki áreiðanlegri, og eru slíkar ástæður einúngis bornar fram út í bláinn, til að berja sína meiníngu blákalda fram. Þar sem hinn heiðraði *varaforseti* kom fram með það, að eg skerti persónulegt frelsi manna með nefndum mínum, þá gjörir nefndin það enn fremur með sínum nefndum, því nefndin hefir farið leingra en eg, með því að hún hefir ekki stúngið upp á, að menn þessir skyldi hljóta neitt endurgjald fyrir starfa sinn, en eg hefi þó stúngið upp á þóknun fyrir nefndarmenn þessa eptir kríngumstæðunum og sanngjörnu áliti manna. Þíngið hefir annars ekki verið svo spart á nefndum að undanförnu, til dæmis í sveitastjórnarmálinu og vegabótamálinu, og finnst mèr ekki, að eg hafi meir skert hið persónulega frelsi manna með mínum nefndum, heldur en þíngið með sínum. Hinn háttvirti *varaforseti* kallar mínar nefndir *kák;* en eg kalla þær nefndir, sem nefndin hefir stúngið upp á, *eintómt kák,* og eg er þó þeim mun betri en nefndin, að eg hugsaði um öll líkleg ráð til að lækna hið veika fèð, þar sem nefndin vill halda því veika, og gjöra þó ekki tilraunir til að lækna það; hún bindur allt við það, að halda megi eptir ánum, og það hvort þær eru veikar eða heilbrigðar, en ber þó ekki við, að leggja nein ráð til, að þær verði læknaðar eða mönnum haldið til þess. Hinn heiðraði *varaforseti* er nú allt í einu orðinn spámaður, og það vissi eg ekki fyr, þó eg vissi, að honum var margt vel gefið, og spáir því, að af læknínga tilraununum verði einginn árángur; en það er þó merkilegt, að hann skuli ekki viðurkenna árángur af læknínga tilraununum, þar sem hann hefir þó heyrt, og það hèr í salnum, greinilegar skýrslur um árángur læknínganna, og þó einginn árángur hefði híngað til af þeim orðið, getur hann þá með eingu móti skilið, að betur geti til tekizt hèr eptir, þar sem vèr nú höfum feingið aðstoð

tveggja danskra lækna, en á meðan vèr urðum að spila upp á vorar eigin spýtur? er það ekki munur að lækna fjárkláðann í vetur er var, þegar menn voru með öllu óvanir og ókunnir kláðanum og meðferðinni á honum, og höfðu að eins stuttan leiðarvísi, eða hèr eptir, þegar menn eru orðnir kunnir meðferðinni og lækníngunum, og hafa læknana við höndina, til að leita ráða til? Eg fyrir mitt leyti er mjög ófús á, að vèr flytjim oss aptur á bak til ársins 1772, og förum nú eins að, og þá var gjört, því það munu þó allir verða að játa, að dýralækníngum hefir miðað áfram síðan, eins og hverjum öðrum menntum, og nú hafa menn meiri alúð og kapp við allt þess konar, en þá var. Þar sem hinn háttvirti *framsögumaður* tók það fram, að tilskipunin 12. maí 1772 hefði boðið, að skera jafnvel á vorin hið sjúka fè, þá sannar það einmitt, að stjórninni hefir aldrei dottið í hug, að bjóða mönnum að skera niður heilbrigt fè, því þess er hvergi getið í tilskipuninni, svo að 1772 var ekki farið nærri því eins lángt, og nefndin vill nú fara, því að þótt það ætti sèr stað, að heilbrigt fè væri þá skorið niður, þá var það alls ekki skorið eptir fyrirmælum tilskipunarinnar. Það hefir verið sagt, að eigi væri auðið að koma við aðskilnaðinum á hinu sjúka fè og hinu heilbrigða, og eg hefi einnig gjört ráð fyrir, að það ætti sèr sumstaðar stað, en eg hefi um leið gjört ráð fyrir því, að hreppaeíndirnar lèti skera fèð niður, þar sem svo stæði á. Eg gjöri ráð fyrir, að það skuli varða sektum, ef menn yrði uppvísir að því, að reka sjúkt fè til fjalls á vorin, en menn hafa sagt, að slíkt væri eigi auðið að sanna, en það verður þá um það brot, eins og hvert annað lagabrot, að verði það eigi sannað, þá verður að sitja við svo búið. Hinn háttvirti *framsögumaður* gat ekki skilið reikníginn hjá mèr, en mèr finnst hann þó næsta ljós og greinilegur; það hafa nefnilega verið 40—50,000 geldfjár hèr í veiku sýslunum í vor, og í Árnessýslu einni voru 26,000 eptir skýrslum frá sýslumanninum sjálfum, og þetta verð eg að álíta árlega tölu, fyrst svo var í vor, því lömbin koma árlega í stað þess geldfjár, sem lógað er á hausti hverju, og þegar menn nú gjöra ráð fyrir, að arðurinn af hverri kind sè 2 rdl. árlega, það er að skilja það, sem hún þroskast, og ullin af henni, þá verður það 80—100,000 rdl., og þessu vill hinn heiðraði *varaforseti* fleygja frá sèr fyrir alls ekkert, einúngis til að fara eptir sínum eigin hugarburði, en þó þíngmenn sè stundum að bregða mèr um, að eg sè ekki hörundsár með peninga, þá vildi eg þó helzt ekki fara svona með fè manna, að fleygja því út að óþörfu, og eg vil

spyrja hið heiðraða þíng, hvort betra muni vera, að fleygja svo sem 100,000 rdl. í sjóinn fyrir ekkert, eða halda hreppanefndunum og gjalda þeim dálitla þóknun? Hinn heiðraði þíngmaður Eyfirðínga sagði, að bænarskrá Kjósarmanna væri hin skynsamlegasta, af því þeir hafi viljað farga geldfènu; þetta er nú reyndar vel sagt, og eg gæti skilið, að Kjósarmenn sendi þíngmanninum bráðum þakkarávarp fyrir orðin, en mèr finnst það líka nokkuð mikið sagt af þíngmanninum, að taka svo til orða, að þetta sè hið eina skynsama, og Kjósarmenn sè hinir einu skynsömu. Eg er nú sannfærður um, að svo margir eru alls móti niðurskurðinum í suðuramtinu, að þeir eru miklu fleiri, en allir Kjósarmenn, því að ef að niðurskurðinum ræki, mundi mjög fáir verða fúsir á hann, þótt menn láti nú líklega, á meðan þeir hafa ekki íhugað nákvæmlega afleiðíngarnar, og það mikla tjón, sem af honum hlýtur að leiða. Hinn háttvirti *varaforseti* sagði, að eg hefði gjört ráð fyrir í uppástúngum mínum, að vera að skera veika fèð fram á vor, en þar hefir hann nú ekki heyrt vel, eða viljað taka rètt eptir, því eg stakk upp á, að það fè, sem veiktist eptir nýár, eða, þegar sannarlegur skaði væri orðinn að skera það, það skyldi menn reyna að lækna, en skera það ekki, að minnsta kosti ekki nema með ráði dýralæknis, og ef hann rèði til að skera það, þá skyldi bæta það fè fullum bótum. Mèr hefir aldrei dottið í hug, að gjöra þetta mikilsvarðanda mál að kappsmáli, en eg fell því að eins frá sannfæríngu minni í þessu máli sem öðrum, að eg sjái skynsamlegar ástæður koma fram gegn henni, og á meðan nefndin sýnir ekki fram á, að óumflýjanlega nauðsyn beri til, að skera niður, til heilla fyrir almenníng, og þá komi sjálfsagt skaðabætur fyrir, fyr en nefndin sýnir fram á þetta, segi eg, og lofar um leið skaðabótum, fyr get eg ekki fallizt á álit hennar í þessu máli, því að öðrum kosti er eg sannfærður um, að stjórnin hlýtur að kalla þetta lagaleysi, en alls ekki skynsamlegar uppástúngur.

E. Ó. Kúld: Ekki ætla eg að elta hinn heiðraða varaþíngmann Reykvíkínga í alla þá króka, sem hann hefir nú smogið um, heldur stóð eg núna upp, af því eg vil binda skoðun mína á máli þessu við allt landið, en ekki við einstakar sveitir eða hèruð. Af uppástúngum hins heiðraða þíngmanns úr Reykjavík gæti það vel leitt, að það yrði mannfellir í suðuramtinu, — og þá er nú ekki til einkis barizt —, ef honum skyldi takast það, að koma því til leiðar bæði við þíngið og stjórnina, að ala kláðann hèr í landinu ár frá ári, þángað til á endanum ræki að því, að fella yrði allt sauðfè;

hinn heiðraði þíngmaður vill ekki hið allra-minnsta takmarka ásetníngu manna í haust, og það er þó sannfæríng mín, og svo munu margir fleiri vera, að það sè hið eina skilyrði fyrir því, að lækníngatilraunir dýralæknanna hafi nokkurn árángur, að fènu verði stórum fækkað. Þar sem þíngmaður Reykvíkínga talaði um, að nefndin vildi grípa svo gífurlega inn í eignarrètt manna, þá þótti mèr það nú fróðlegt að heyra, því hann grípur einmitt lángtum fremur inn í eignarrèttinn sjálfur með nefndum sínum; eg tek til dæmis, að nefndir hans kæmi á bæ, og á bænum væri allt fèð veikt, svo nefndin skipaði bóndanum að skera það allt niður, en hann neitar því, og eins hinu, að reyna að lækna það, þá hlyti að reka að því, að nefndin beitti ofríki, skæri fèð niður, eða tæki það af bóndanum með valdi og færi með það á annan bæ til að reyna þar við það lækníngar, og ef þess konar aðferð grípur ekki inn í eignarrètt manna, þá veit eg ekki hvað getur gjört það. Þíngmaður Reykvíkínga gjörði mikið úr lækníngatilraunum þeim, sem að undanförnu hafa fram farið, en þó að þær kunni nú að vera honum kunnugri en mèr, hygg eg samt, að árángur þeirra sè lítils virði, enn sem komið er, og gef eg lítið fyrir það blor, sem hann vill kasta í augu þíngmanna í því efni; hann veit það sjálfur, að vèr þíngmenn fórum margir saman hèr fram á nes um daginn -- og hann var sjálfur í ferðinni -- til að kynna oss fjárkláðann og heyra álit dýralæknisins um hann, sem líka fór fram eptir, en á leiðinni mættum vèr mönnum, sem spurðu oss, hvað vèr vildum fram á nes, til að skoða kláða, því þar væri ekki ein einasta kláðakind til, en hvernig fór? Þegar vèr komum fram eptir, fundum vèr þar ekki einúngis nógar kláðakindur, heldur kláða í sumum á vesta stigi, að sögn dýralæknisins sjálfs, og þetta finnst mèr nóg sönnun fyrir því, hversu óáreiðanlegt það er, sem sagt er um árángur lækníngana, og skýrslur þær, sem þar um eru gefnar, þess vegna mjög lítils virði, því þær sanna alls ekkert. Hinn heiðraði þíngmaður Reykvíkínga sendi hinum háttvirta *framsögumanni* skeyti áðan, og það fremur stórkostlegt, þar sem hann sagði, að hann vildi fleygja 100,000 ríkisdölum út fyrir alls ekkert annað en það, að mega skerða með því eignarrètt manna; þetta þykir mèr nú nokkuð gífurlega að orði kveðið, og þegar þetta kemur fyrir stjórnina, get eg ekki annað hugsað, en hún ímyndi sèr, að slík orð muni hafa komið frá einhverjum miklum grössera í Reykjavík, ekki sízt þegar það er borið saman við reikníng þíngmannsins um það, að hver einasta geld sauðking gefi af sèr 2 rdl. arð á ári, því eg þekki það ekki, að menn

telji neinn verulegan arð af geldum kindum auk þess, sem árlega þarf að kosta upp á þær, fyr en þær eru skornar á haustin, en þíngmaðurinn metur það einkis, sem kindin gefur af sèr, þegar hún er skorin, og hygg eg þessa skoðun hans næga sönnun fyrir því, hvað uppástúngur hans eru búmannslegar og lýsa þekkíngu hans á sauðfjárarðinum. Hinn háttvirti *framsögumaður* varð fyrir ádeilum af hinum heiðraða þíngmanni fyrir það, að eptir áliti nefndarinnar væri ekkert aðhald til að lækna, en eg vil halda, að þessar 9 manna nefndir hans, sem hann komst einhvern veginn yfir í gærdag, muni ekki verða neitt tryggara aðhald, heldur en aðhald nefndarinnar, því það er einmitt eiginn hagnaður bændanna sjálfra, sem nefndin vill láta vera aðhald til lækníngannа, og er eg sannfærður um, að menn eru fúsari á, að fara eptir því, sem heilbrigð skynsemi segir að manni sè í hag, en eptir nokkrum útvortis-boðum. Þá var hann harðorður við hinn heiðraða þíngmann Eyfirðínga fyrir hrósið um þá í Kjósinni, og fannst hinum heiðraða þíngmanni, að þíngmaður Eyfirðínga ætti ekki mikið með, að leggja þann dóm á Kjósarmenn, að þeir væru skynsamir, en þó hann hefði nú gjört það, þá veit eg ekki, á hverju menn geta betur sèð skynsemi hjá mönnum, en á því, að þeir tilfæri skynsamlegar ástæður fyrir því, sem þeir vilja eða gjöra. Þessi sami þíngmaður sagði, að hann hefði ekki sèð neinar skynsamlegar ástæður í nefndarálitinu fyrir uppástúngum nefndarinnar, og þá má geta nærri, hvað þíngmaðurinn hefir mikið álit á skynsemi nefndarmannanna. Mèr skildist sem hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu hèldi, að þetta væri seinasta uppástúngan í bænarskránni úr Kjósarhreppi, sem hèr er um að ræða, en eg skal geta þess, að þær voru aldrei nema tvær, og þetta er hin síðari, og fer hún ekki einu sinni fram á eins mikið, og nefndin, því þar er að eins beðið um, að þeir mætti að eins halda fáeinum ám, og sama er farið fram á í annari bænarskrá til þíngsins frá Saurbæjarhreppi. Eptir því sem hinum heiðraða þíngmanni Reykjavíkur fórust orð um árángur lækníngannа hèrna, fór eg að ímynda mèr, að eingin kláðakind væri orðin eptir, en það er þá nýlega ef svo er, og eg skal þakka honum það, ef hann getur sannað mèr, að nú sè færri kláðakindur til, en þær voru, þegar byrjað var að lækna í Mýdal. Að endíngu vildi eg biðja hinn heiðraða þíngmann að skýra mèr frá, hvernig á því muni standa, að í brèfinu, sem um hefir verið getið, frá 23. desember 1856, eru allar lækníngatilraunir fyrirboðnar, held-

ur skyldi allt sjúkt fè vera skorið niður, en nú er þetta allt orðið óhafanda, og öllu snúið við.

G. Brandsson: Eg skal ekki svara mörgu af því, sem fram hefir komið í ræðum þeirra þíngmanna, sem nú hafa talað, enda var það fátt, sem snerti mig. Það hefir verið sagt, að dýralæknarnir hefði tekið það fram, sem skilyrði fyrir heppilegum læknínguni, að fènu væri fækkað, en uppástúngur hins heiðraða varaþíngmanns Reykjavíkur, gjöra líka ráð fyrir, að fækka fènu, með því þar er til tekið, að skera skuli allt sjúkt fè, eða lækna, og geta þá eigendur fjárins valið hvern kostinn, sem þeim þykir aðgeingilegri, og því er eingin ástæða til að segja, að hans uppástúngur sè ekki skynsamar, heldur byggðar í lausu lopti; það kemur annars ekki málinu við, að tala um skynsemi manna, því að eg held, að allir tali með þeirri skynsemi, sem þeir hafa til, þó hver fylgi sinni meiníngu, og verji hana með kappi nokkru, þángað til hann sannfærist um annað betra. Hinn heiðraði varaþíngmaður Snæfellínga sagði, að í bænarskrá Kjósarsýslumanna væri einúngis tvær uppástúngur, en hvað sem er um það, þá geta menn sèð af bænarskránni, að þeir vildu hafa *heilbrigðar* ær, en ekki sjúkar, því það er berlega tekið fram í bænarskránni; en að þar er ekki farið fram á meira, en að þeir mætti halda nokkrum ám, verð eg enn að halda að komi af því, að bænarskráin var samin á þeim dögum, þegar talað var mest um almennan niðurskurð, og menn höfðu frètt það frá þínginu víðsvegar, að það mundi ætla að fram fylgja þeim niðurskurði, er amtmennirnir höfðu til tekið í frumvarpi sínu. Það hefir verið tekið fram, að það vantaði vissu frá hinum ömtunum fyrir því, að fè væri þar ei sjúkt, og í álitsskjali nefndarinnar er sagt, að bænarskrár þær, sem fari fram á almennan niðurskurð, taki þetta fram sem aðalskilyrði fyrir honum, svo að niðurskurðurinn skuli ekki fram fara, nema því að eins, að kláðafaraldurinn sè ekki annarstaðar, og verð eg að vera fastur á því, að þessa vissu verða menn að hafa, annars er ekki til neins gagns að skera niður hèr, ef fjárkláðinn er í hinum ömtunum, en nefndin hefir leitt öldúngis hjá sèr að ákveða neitt um þetta. Nefndaruppástúngurnar gjöra að vísu ráð fyrir því, að dýralæknarnir skuli fara inn í hin ömtin, en það er svo óákveðið, bæði hvenær það skuli vera, og hvað þeir skuli gjöra; en auðvitað er, að þeir ætti að fara þángað, áður en ráðizt er í, að skera niður hèr, og útvega sèr vissu fyrir því, að þar sè ekki neinn fjár-

kláði; en af því þessa vissu vantar, verð eg að vera móti niðurskurðinum.

St. Jónsson: Eg vildi eg gæti fullnægt þeirri góðu ráðleggíngu þíngmanna, að tala um mál þetta svo hlutdrægnislaust, og með þeirri stillíngu, sem hlýðir. Eg skal og ekki gjöra þetta mál að kappsmáli, og að minnsta kosti ekki tala svo hátt, að það gángi gegnum höfuðið á mönnum; það er og víst, þegar vandræði ber að höndum, verða menn að taka það bezta ráð, sem menn vita, og eg held, að, eins og nú á stendur, geti menn ekki hitt á nokkurt betra úrræði, en nefndin hefir farið fram á, fyrst það einhlíta ráð, að skera allt fè í hinum sýktu hèruðum og flytja heilbrigt inn aptur, getur ekki feingizt, og eg get ekki heldur sèð, að það leiði nokkurt verulegt tjón af því fyrir Sunnlendínga, að skera niður allt geldfè, eins og nefndin hefir stúngið upp á, og skal eg færa þíngmönnum dæmi upp á þetta. Árið 1822 voru svo miklir óþurrkar í Norðurlandi, að ekkert heystrá náðist frá því 18 vikur voru af sumri, og fyrir það var sárlítill heyafli, svo að mjög margir bændur skáru allt fè sitt niður gjörsamlega nema ærstofninn, og urðu að þessu alls eingin vandræði, og fèð kom mjög fljótt upp aptur jafnmargt og aður, og sama mundi verða tilfellið hèr, þó menn skæri geldfèð, ef þeir hefði ærstofn nokkru nýtan; að láta geldfèð lifa er ekki eiganda á hættu, þegar eins horfir við og hèr er nú, og það gefur að skilja, að það er ekki annar skaði við að skera geldfè niður á haustin, heldur en sá mismunur, sem er á aldri geldfjárins t. a. m. á tvævetrum og þrevetrum sauð; fyrir því finnst mèr, að reikníngur hins heiðraða varaþíngmanns Reykvíkínga sè fjarstæðlega hár, og að minni ætlun lángt frá allri sanngirni. Eg held og, að margir hèr sè á því, að það sè einginn skaði, að skera geldfè sitt niður að haustinu til, því að það hafa margir iðrazt eptir, að þeir ekki skáru geldfè sitt í fyrra, sem hafa síðan misst það úr sýkinni fyrir lítið eða ekkert, og eins mun verða, ef þeir ekki skera það niður í haust. Hinn heiðraði varaþíngmaður Reykvíkínga fann það að nefndarálitinu, að þar var ekki stúngið upp á, að gefa neinar skaðabætur, en eg veit ekki, hvernig því verður komið við, því allir skera þó nokkuð til bús síns, og þá verða menn að gánga fyrir hvern mann, og spyrja: hvað mikið ætlar þú nú að skera? og hvað mikið ætlar þú að setja á? því ekki geta menn þó borgað fyrir það, sem hann sker fyrir sjálfan sig, en fyrir hitt geldfèð, sem hann ekki kveðst mundu skera fyrir sjálfan sig, verða menn að reikna mismuninn á

2 og 3 vetra gömlum og 3 og 4 vetra gömlum sauð, og í annan stað allan kostnað, fóður, hirðíng, ábyrgð, o. s. frv., þá komast menn sannarlega í vandræði, að meta, og flestir munu fá freistíngarefni til að segja, að þeir láti sem flest lifa. Það mun ekki verða vert fyrir mig, að minnast á brèf Kjósarmanna, sem hinn heiðraði varaþíngmaður Reykvíkínga áleit svo óskynsamlegt, en eg hèlt hann væri kominn á þíng til að ræða mál, og má ske vigta sauðfènað, en ekki til að vigta skynsemi hvorki þíngmanna nè annara úti í frá.

Forseti: Eg vil þó geta þess, ekki meira vegna hins háttvirta þíngmanns, sem nú talaði, heldur en annara, að þíngmenn ætti að gjöra sèr það að reglu, að vera ekki að dæma um skynsemi, sannfæríngu og vilja hvers annars, því þess konar skýrir ekki málið.

Jón Guðmundsson: Vildi ekki hinn háttvirti varaþíngmaður Reykvíkínga gefa mèr skýrslu um, hvað nefndirnar hans muni kosta; eg sè hann ætlar að standa upp, hvort sem er.

H. Kr. Friðriksson: Eg get svarað hinum heiðraða *varaforseta* því, að nefndirnar mínar skulu ekki verða landinu dýrari, en niðurskurðurinn hans, en eg hefi hugsað mèr það svo, að þóknun til nefndarmanna væri hæfilega metin af hreppstjóra, en sýslumaður sendi uppástúngur hreppstjórans með áliti sínu amtmanninum, og amtmaður síðan legði úrskurð á. Hinn háttvirti *varaforseti* og hinn heiðraði varaþíngmaður Snæfellínga hafa herfilega rángfært orð mín; eg vil spyrja hina heiðruðu þíngmenn, hvort nokkur þeirra geti ekki skilið þennan arð, sem eg gjöri ráð fyrir á hverri geldri kind, eptir því sem hún þroskast, og þar að auki er ullin af hverri fullorðinni kind 1 rdl. virði, eptir því sem ullin er nú borguð af kaupmönnum, og það er einginn örðugur eða brotinn reikníngur, heldur einföld samtala, því þegar menn vita, að sauðurinn kostar veturgamall 3 rdl., tvævetur 5 rdl., og þrevetur 7 rdl., þá getur hver maður sèð, að hèr er þó talsverður arður á ári hverju. Það getur nú vel verið, að hinn heiðraði þíngmaður Eyfirðínga hafi ekki beðið neitt tjón af þeim niðurskurði, sem hann talaði um, en það sannar ekkert, og mèr finnst að menn geti fyr talað um skaða, en að út af honum verði manntjón.

Hinn heiðraði varaþíngmaður Snæfellínga hèlt, að það gæti vel rekið að því, að ef uppástúngum mínum yrði framgeingt, þá mundi það leiða manndauða yfir Suðurland, en eg held það geti nú fremur farið svo, ef álit nefndarinnar fær framgáng, þar sem nefndin vill svipta Sunnlendínga meginhluta bjargræðisstofns þeirra, og menn hafa dæmin fyrir sèr, því manndauðann hèr á landi 1785 má að

nokkru leyti álíta sem afleiðíng niðurskurðarins 1772, og árin þar á eptir. Þar sem sami þíngmaður fór að tala um það, hvað stiptamtmaðurinn hefði skipað í fyrra, og hvernig nú væri komið málinu, þá verð eg að segja honum, að eg álít mèr það með öllu óviðkomanda. Þar sem hann sagði, að eg gripi inn í eignarrètt manna með nefndum mínum, hvað er það hjá þeim rèttarsvipti, sem nefndin hefir farið fram á? því það verða þó allir að játa, að það er stór munur á því, að skera niður sjúkt fè, sem líklegt er að gjöri öðrum skaða, og alheilbrigt fè, sem eingum getur gjört skaða. Þar sem eg sagði, að skerðíng á eignarrètti gæti ekki átt sèr stað, nema skaðabætur kæmi fyrir, þá var það eina vörnin hjá hinum heiðraða þíngmanni Eyfirðínga, að það væri svo örðugt og næstum óvinnanda, að koma því við, að meta þessar skaðabætur; það er *dáfalleg* ástæða; en eg get samt ekki gjört mig ánægðan með hana, því úr því nefndin vill skerða eignarrètt manna, þá verður hún einnig, segi eg enn, að finna eitthvert ráð til að bæta skaðann, hvort henni fellur það lètt eða ekki. Öllum eltíngum hins heiðraða varaþíngmanns Snæfellínga vil eg ekki virða mig til að svara.

Framsögumaður: Eg er sannfærður um það, að bæði herra stiptamtmaður og eins hinn heiðraði varaþíngmaður Reykvíkínga, eins og líka allir þíngmenn, hafa þann allrabezta tilgáng með tillögum sínum í þessu mikilsvarðanda máli, en meiníngamunurinn er einúngis um það, hvað sè nógu tryggjandi bæði fyrir suðuramtið og aðra hluti landsins. Ef almenníngur væri hèr í suðuramtinu aðrir eins dugnaðar og þrifamenn, eins og einstakir bændur eru hèr, þá mundi vera óhætt að framfylgja uppástúngum hins heiðraða þíngmanns úr Reykjavík, sem mun hafa hèr um bil sömu skoðun á máli þessu, eins og stiptamtmaður vor, en vegna þess, að því er nú ekki þannig varið, heldur mun vanta mjög mikið á, að allir sè jafnmiklir dugnaðar- og alúðar-menn, verð eg að álíta, að uppástúngur þessar sè hvorki nægilega tryggjandi fyrir suðuramtið nè hin ömtin. Hinn háttvirti þíngmaður úr Reykjavík vill tryggja einúngis með nefndum, sem eiga að hafa vakanda auga á fènu í hverjum hreppi, og álítur það nóg til að aptra útbreiðslu fjárkláðans, en nefndin vill bæði hafa nefndir og þar að auki fækka fènu til muna, svo menn geti verið vissir um, að það, sem eptir er, hafi betri umsjón og hirðíngu; um leið og hinn háttvirti þíngmaður úr Reykjavík byggir upp með nefndum sínum, um leið brýtur hann það niður, sem hann áður byggði, með fjárfjöldanum, því eg álít það óvinnanda verk, að komast yfir,

að gegna svo mörgu fè, og hlynna að því svo sem með þarf, þegar það væri orðið allt sjúkt af kláðanum, og hinn heiðraði þíngmaður vill ekki, að nefndirnar hafi neinn rètt til, að grípa inn í eignarrèttindi manna, en hvernig hefir hann þá hugsað sèr, að ráða bót á fóðurskorti, fjárhúsaleysi og margs konar vanhirðíngu á fènu? Það hefir verið gjört mikið úr árángrinum af lækníngatilraununum, og eg ætla nú ekki að draga efa í það, að hann sè mikill, þó eg ímyndi mèr, að allt geldfè verði trauðlega læknað og alheilt orðið að vori komanda, ef tala þess er ekkert takmörkuð, og þá fer það náttúrlega upp á fjöll og kemur þar saman við fèð úr hinum ömtunum, því ekki vil eg halda, að menn vilji fremur slátra því í vor, heldur en nú í haust. Það hefir mikið verið talað um það, að uppástúngur nefndarinnar skertu svo mjög eignarrèttinn; en má eg spyrja, er það þa ekki líka skerðíng eignarrèttarins að kasta 4000 rdl. upp á almenníng fyrir verðina á fjöllunum í sumar? en vegna þess, að þetta verður að álítast nauðsynlegt, finnst mèr einginn geti neitt um það talað. Eg skal sýna með dæmi, að í öðrum löndum á sèr áþekk skerðíng eignarrèttarins stað, og sú, sem hèr er um að ræða: ef eldur kemur upp í einhverjum bæ og grípur um sig, þá má ekki að eins brjóta þau hús niður, sem eldurinn geisar í, heldur líka húsin, sem standa næst því, til þess að hamla því, að eldsvoðinn breiðist enn meir út, og þetta dæmi finnst mèr að minnsta kosti svipað því, hvernig hèr stendur á. Hinn háttvirti þíngmaður Reykvíkínga hefir misskilið mig, þar sem talað var um töluna á geldfènu hèr í suðuramtinu, sem hann segir að sè 45,000, en fólkstalan er 15,000, og eptir því væri 3 kindur lagðar á borð með hverjum manni, ef geldfèð væri allt skorið niður, og það finnst mèr ekki mjög stórkostlegt, en eg hèlt, að geldfèð væri lángtum fleira hèr. Þegar hinn heiðraði þíngmaður úr Reykjavík var að reikna skaðann, sem menn hefði af því, ef allt geldfèð væri skorið niður hèr í suðuramtinu, þá virðist mèr hann ekki hafa það hugfast, að æðimikið verður skorið hvort sem er, og um það er, að eg held, ómögulegt að kenna nefndinni, og þegar eru kveðnar upp þessar stóru tölur, svo sem að Sunnlendíngar hafi 100,000 rdl. tjón af niðurskurðinum, þá ætti einnig að hafa dálítið tillit t. a. m. til fóðurs, hirðíngar, ábyrgðar, og til lækníngannna sjálfra mest af öllu; þessu virðist mèr menn verða að velta öllu fyrir sèr á alla vegu. Hinn heiðraði þíngmaður úr Gullbríngusýslu fann það að nefndarálitinu, að það væri ekki sett sem skilyrði fyrir niðurskurðinum, að vissa væri fyrir því, að kláðinn væri ekki í hinum

fjórðúngum landsins, en eptir stefnu málsins er honum auðgefið að gjöra breytíngaratkvæði í þá átt, að dýralæknarnir verði sendir norður og vestur, til að fá vissu fyrir þessu, ef það annars verður sèð um þetta leyti ársins, og þó nú kláðinn fyndist þar, mætti vel haga sèr eptir því, því ekki verða uppástúngur nefndarinnar að lögum fyr en konúngleg staðfestíng væri feingin, og það getur þó ekki orðið fyr en í haust með póstskipinu í októbermánuði.

G. Brandsson: Eg skal þá láta þessa bendíngu hins háttvirta *framsögumanns* mèr að kenníngu verða, og taka mèr breytíngaratkvæði í þessa stefnu. Hinn háttvirti *framsögumaður* var hræddur um, að hreppanefndirnar, sem getið er um í uppástúngum hins heiðraða varaþíngmanns Reykvíkínga, mundi eingu tauti geta á komið með heyjabyrgðir og ásetníngа, en hann verður að gæta þess, að hreppsnefndirnar eiga að eins að leiðbeina mönnum í þessu með góðum ráðum; en á hinn bóginn er sekt lögð við, ef hinir óhlýðnast, svo að skaði geti af því orðið; en hvernig hugsar hann þá, að sýslumönnunum og sýslunefndunum sínum gángi að koma nokkru tauti á niðurskurð alls geldfjár? Eg verð að segja: það skil eg ekki, hvernig þeim ætti að gánga betur. Hinn háttvirti *framsögumaður* tók það dæmi, að þegar eldsvoði kæmi upp í bæ, þá bryti menn niður það hús, sem eldurinn kæmi í, en þetta dæmi eða samlíkíng á ekki öldúngis hèr við, því það væri þá að eins rètt valið, ef skera ætti niður allt fè, en uppástúngur nefndarinnar gjöra ráð fyrir, að nokkur ærstofn skuli vera eptir, og þessi ærstofn er, eins og ef menn lèti hálfbrunnin hús standa innan um öll hin húsin. Menn hafa fært það til sem ástæðu fyrir niðurskurði geldfjárins, að menn með því móti girti fyrir, að það færi á afrètt. Eg skil vel þessa ástæðu; en eg get nefnt nokkra hreppa í Gullbríngusýslu, t. d. Rosmhvalaneshrepp, Hafnahrepp og Strandarhrepp, sem hafa geldfè sitt heima á sumrin, svo það fer ekki saman við annara fè, nema má ske Árnesínga, helzt Ölfussveitarmanna, og þó mun það vera mjög sjaldgæft, svo að nokkru nemi, og að vetrinum til þarf varla fyrir því að óttast, og því ætla eg til vara, hvort sem uppástúngur nefndarinnar verða samþykktar eða ekki, að áskilja mèr það breytíngaratkvæði, að hreppar þessir verði undanskildir niðurskurði þeim, sem nefndin fer fram á.

J. Hávarðsson: Í tilliti til þess, sem sá heiðraði þíngmaður frá Reykjavík sagði, að geldfè í þessum kláðasýktu sýslum mundi vera yfir 40,000, finnst mèr liggja nokkur ósamkvæmni, því það er

þá eins margt eins og árið 1856, því þá voru í þessum sýslum allur sauðfénaður 70,989; þar af voru 27,562 ær, en 43,427 geldar ær, sauðir og gemlíngar, og vita þó allir, að yfrið margt fè hefir dáið í þessum sýslum síðan. Eg tók líka svo eptir, að hinn sami þíngmaður segði, að manndauða hefði leitt af niðurskurði fjárins, þá kláðafaraldrið gekk hèr á 18. öld, en það var eingan veginn, því frá því kláðinn kom 1761 og þángað til hann var um garð geingin 1779, fjölgaði fólk á landinu allt að 6000.

M. Andrèsson: Mèr væri geðfelldast að tala ekkert orð í þessu máli; mín orð vega lítið, hvort sem er, og mundi eingum bregða við það, þó eg þegði, því eg er ekki mikill ræðumaður; en vegna þess að sá orðrómur ríkir hèr meðal manna, — það hefir ekki dulizt mèr —, að eg sè einhver hinn ákafasti í því, að fram fylgja algjörlegum niðurskurði í haust, þá mætti virðast kynlegt, ef eg mælti ekkert orð í þessu máli, og má ske einhverjir kölluðu mig þá gúngu, sem ekki þyrði að láta meiníngu mína í ljósi, ef eg ætti von á mótbárum; því nafni vil eg ekki nefnast, enda finn eg eingan einurðarskort hjá mèr, að tala það, sem mèr býr innan brjósts, þó einhverjir sè á öðru máli, og ætla því með nokkrum orðum að gjöra grein fyrir trú minni í þessu efni. Eg játa það fúslega, að eg hefi haft þá skoðun á þessu fjárkláðafaraldri, sem nú geisar yfir, strax frá byrjun þess, að því mundi ekki verða út rýmt til hlítar, nema með því, að skera fèð niður á því svæði, er sýkin hafði inntekið, og því fyr því betra, áður en hún næði að grípa meira um sig, en ekki hefi eg fram fylgt þessari skoðun minni með neinum ákafa, og allrasízt með brögðum; í því tilliti get eg skýrskotað til hinnar heiðruðu nefndar í kláðamálinu, og enda til allra þíngmanna yfir höfuð, að eg hefi verið lítið viðriðinn við kappræður og þráttanir, sem hèr hafa þó eigi verið sjaldgæfar um þenna þíngtíma, og eins laus við það, að lokka menn á mitt mál, en haldið þó fast við mína sannfæríngu, að niðurskurður hlyti að verða fyr eða síðar, ætti sýkin ekki að viðhaldast; þetta kemur nú má ske af því, að eg er gamall, og lifi meir í fornöldinni en hinir úngu. Á úngdómsárum mínum, og það eptir að eg var kominn til vits og ára, gafst mèr tækifæri að tala við marga skynsama menn, er lifað höfðu í Árnessýslu alla kláðatíðina af, sem kölluð var, en hún varði þar einna leingst; sýkin fluttist þángað nær því strax, sem hún var komin í landið, með hrútum þeim, er Brynjólfur sýslumaður Sigurðsson fèkk hjá barón Hastfer, svo kláðasýkin kviknaði í Bytru, eins og nú, sem er næsti bær við Hjálmholt, hvar

sýslumaðurinn bjó; af þessara manna frásögn er eg gagnkunnugur því, hvernig hinn fyrri kláði hagaði sèr, og í hvað mörgum myndum hann kom fram, og þegar eg ber það saman við það, sem lesa er í 10. deild árbókanna, mig minnir 72. bls., eptir þann mikla sagnaritara J. Espólín, þá ber þeim lýsíngum svo saman, að þar er eínginn mismunur á; nú sýnir kláðasýkin sig í Árnessýslu í öllum hinum sömu 4 eða 5 slags myndum, sem fyr; það er mèr kunnugt af eigin sjón og reynslu. Reynt var að lækna hinn fyrra kláða, og lèt hann undan lækníngatilraunum um tíma, en kom ávallt upp aptur, enda batnaði hann mikið á sumrin, en vesnaði, þegar hausta tók; líka lá hann niðri á stöku bæ 2 ár eða leingur, en kom þar því verri upp aptur, það er því mikið satt, sem stiptamtmaður vor ritaði í brèfi til sýslumannsins í Árnessýslu 29. sept. f. á., þar sem hann talar um kláðann frá Mýdal, sem kominn sè í Ölfusið, og fer um það þessum orðum; „og þar eð það frá árunum 1769—1778, þegar sýki sú gekk hèr á landi, hefir sýnt sig, að þó hún um stund gæti læknazt, fær sauðfèð hana þó jafnóðum aptur hvað af öðru“, og því felur hann sýslumanni að láta rannsaka fèð og síðan gjöra þá ráðstöfun, að streingilega verði lifað eptir tilsk. 12. maí 1772, og sèst af þessu, að hann hefir þá álitið niðurskurð nauðsynlegan. Að þessi kláðasýki, sem nú geingur, sè að öllu leyti sama eðlis, og hinn fyrri kláði á 18. öld, er eg sannfærður um, hvað sem vitríngar vorir segja, þar á meðal einhver sá landi vor, sem ritað hefir hina miður vinsælu grein, er prentuð var í Berlíngatíðindum í vor; þar stendur nefnil. að hinn fyrri kláði hafi verið klaufnaveiki illrar tegundar, þar á móti sè þessi veiki miklu vægari í eðli sínu, en eg ætla það fjærri öllum sanni, því þessi sýki geisar miklu bráðar yfir, og líka sýnir sig fullt eins skaðvæna og smittandi. Það er nú ljóst, að ekki tókst að út rýma hinum eldra kláða, nema með almennum niðurskurði, en að nú takist betur til, um það ætla eg eingu að spá; eg heyri menn segja, að fólk sè nú leingra á leið komið með ýmsa upplýsíngu, líka má ske hirðusemi og aðgæzlu í mörgu, þó er í þeirri áminnztu Berlíngsgrein bændum brugðið um óforsvaranlegt skeytíngarleysi, trassaskap og margt því um líkt, og sè það satt, sem þar er sagt, þá er varla að búast við góðum árángri af lækníngatilraunum; eg játa það, að sá er munur á ástandi fyrri aldar og nú, að híngað eru komnir 2 dýralæknar frá Danmörku, og þeir má ske vel að sèr í dýralæknisfræði, en þó get eg ekki annað en efazt um, að þeim takist svo að lækna allan fjárfjölda þann í 4

sýslum, sem settur yrði á vetur, ef allir væri látnir sjálfráðir, að sýkinni yrði út rýmt með þeim lækníngum; svo er það líka eitt til fyrirstöðu, að almenníngi er víst ekki fáanda í hendur það meðal, sem þeir til þessa hafa brúkað til lækníngana, nefnilega völskueitur (arsenik); svo segja þeir líka sjálfir, að ullin sè strax núna orðin of mikil til þess, að lækníngar verði að notum. Eg sè það á uppástúngum hins heiðraða þíngmanns Reykvíkínga, að hann gjörir sèr mikla von um, að lækníngar gángi fljótt og vel, þar sem hann ætlar að láta allt fè vera orðið læknað um veturnætur; eg ætla nú ekki að reingja þessa hans háu hugmynd, en svo mikið má eg segja, að þá mega lækníngar gánga fljótar og heppilegar fram, en þær geingu hvað lömbin snertir, sem læknuð voru hèr á Arnarhólstúni fyrir rúmum 3 vikum; mèr er kunnugt, hvernig til gekk með þau, annað dó að 6 dögum liðnum, hitt lifir enn; í gærmorgun skoðaði eg það grandgæfilega ásamt þíngmanninum frá Gullbríngusýslu, og ályktuðum við, að það væri á eingum batavegi, heldur öllu kláðugra, en þegar byrjað var að lækna það.

Það voru mikil ósannindi, sem fóru fram af vörum hins háttvirta þíngmanns frá Reykjavík, þar sem hann sagði, að manndauðann mikla 1785 hefði leitt af niðurskurði fjárins 1772—76; nei, sá manndauði kom ekki af þeim niðurskurði, heldur af Skaptárjökuls eldgosinu 1783, sem eitraði allt gras á jörðinni, og svo kom hinn feiknaharði vetur 1784, sem jafnvel einginn hefir komið harðari á Íslands öldum; fyrir þau óár var komið upp nægilegt sauðfè; voru þó harðir vetrar 1778, 1779 og 1780. Í Rángarvallasýslu var allt fè skorið niður 1772, en 1781 flutti maður sig búferlum Þorsteinn að nafni frá Svínhaga á Rángárvöllum að Iðu í Árnessýslu; átti hann þá 300 fjár, eða meira, enda getur Jón konferenzráð Eiríksson þess í formála við Olavii reisubók, að í þessum sýslum hafi að fárra ára fresti verið kominn nægur fjárstofn upp aptur.

Hèr hafa ekki fram komið á þínginu nema 2 raddir, sem mótmæla nefndarálitinu, en þær eru líka næsta öflugar. Ræður þíngmannsins frá Gullbríngusýslu held eg hefði mátt innibindast í fáum orðum; hann er mjög mótfallinn nefndarálitinu, og vill fella það, en setur ekki í staðinn annað, en ótakmarkað sjálfræði; í hið minnsta get eg ekki dregið aðra meiníngu út af orðum hans en þá, að hver einn megi setja á vetur svo mikið fè, sem honum sjálfum þóknast. Þíngmaðurinn frá Reykjavík rífur nefndarálitið niður, sem mest hann getur, en hann byggir mikinn kastala í staðinn, en það er lakast

við þá byggíngu, að hún er grundvölluð á ómögulegleikum, og kemur það af ókunnugleika hans á ýmsum kríngumstæðum í sveitunum, t. a. m. að varna öllum samgaungum í þraungbýli er að öllu ómögulegt, ef fèð er látið fara út úr húsunum; að segja: þið skuluð undir strángar sektir halda fè ykkar hver í sínu lagi, án þess nokkur kind sleppi í annara fè, er sama sem að segja: þið skuluð einga kind eiga; allt eins er með hitt, að eingin veik geldkind sleppi á afrètt, ef veikar eru til; hreppanefndirnar hans er eg áður búin að minnast á, það er sitt hvað að ræða um þetta hèr í salnum og byggja loptkastala úr reikulum hugmyndum, eða hitt að framkvæma slíkt í verkinu.

Mèr virðist, að nefndin hafi þrætt hinn tiltækilegasta meðalveg í þessu máli, og því ætla eg að halla mèr að hennar uppástúngum, því þó eg sè, sem sagt, fastur á því, að reka muni að algjörlegum niðurskurði einhvern tíma þó seinna sè, þá sè eg þó líka á hina síðuna, að sökum þess, hve fjarstæðar skoðanir manna á þessu máli eru hver annari, og sumum þeirra fram fylgt með ærnu kappi, þá hlýtur reynslan að skera úr málinu og upp segja dóminn, en það getur hún ekki, nema hún fái nægan tíma, svo hún geti byggt ástæður sínar á gildum rökum, en sá frestur verður mörgum dýrkeyptur. Það mætti álítast þýðíngarlítið, að fá híngað með ærnum kostnaði 2 danska menn, ef þeim væri ekki lènt tækifæri til að reyna lækníngarnar til hlítar, og til þess gefst þeim henfugleikinn í haust og í vetur, og þá sèst á sínum tíma, hverjir hafa rèttast fyrir sèr í þessu máli.

P. Sigurðsson: Eg get verið því fáorðari í máli þessu, sem þíngmaður Árnesínga tók sumt af því fram, er eg ætlaði að segja. Sá háttvirti *framsögumaður* hèlt, ef allir bændur væri eins pössunarsamir, sem greifinn og þíngmaður Reykvíkínga, þá mundi vera óhætt að trúa þeim fyrir vöktun geldfjárins (*Framsögumaður:* Nei, ekki sagði eg það. *J. Guðmundsson:* Jú); eg vil eingan veginn efa dugnað þeirra sem embættismanna og góðra meðborgara í sinni stöðu, en ekki veit eg, hversu fimlega þeim tækist að elta geldfè á fjöll upp, ef það slyppi úr vöktun. Hèr hefir verið mikið rætt um skerðíngu eignarrèttarins, sem þeim hèruðum, sem kláðaveikin er í, væri gjörð, ef þeim væri skipað að skera fè sitt niður, en eg vil spyrja: er ekki til annar rèttur, sem líka er dýrmætur, friðhelgisrèttur, og, ef til vill, nauðverjurèttur, og þenna rètt eiga þeir landsmenn eins sterkan, sem búa utan takmarka þeirra kláðasjúku hèraða, eins

og hinir eignarèttinn á þessu skaðræðisgóssi. Það er nú þegar búið að elta ólar um mörg hin smærri atriði málsins, og ætla eg ekki að hreifa við þeim, en einasta að skoða þetta vandamikla mál í heild sinni, með þess núverandi kríngumstæðum. Eg held það hefði fyrir landsmenn yfir höfuð verið hið hollasta ráð, að taka til undirstöðu frumvarp amtmannanna fyrir vestan og norðan, kann ske með litlum breytíngum. Fè þetta allt í þeim veiku hèruðum er að vísu mikið, en þó má komast að því með nokkurn veginn vissu, hvað mikið það mundi kosta; það er auðvitað, að slátrun þessa fjár væri um tíma mikill hnekkir í búsæld þeirra, sem fèð eiga, en hann gæti líka orðið skammvinnastur, því komi ekki annað óvænt áfall fyrir, svo sem eldgos eða þess konar, þá mundi af þessari tilhögun eingin sèrleg neyð og því síður manndauði orsakast hèr á landi. Allan þann kostnað, sem nú á að brúka til lækníngar hins sjúka fjár, og alla þá peníngа, sem til þessa er og verður eytt, mætti þegar brúka til að fá aptur nýjan stofn, og fyrir nokkuð af verði þess sjúka; hver getur talið upphæð þess verðs, er allar þessar lækníngatilraunir kosta á endanum; það horfist ekki svo ólíklega á, að allur kostnaður, sem þetta hefir í för með sèr, komi á endanum til að hlaupa nokkuð upp í verð það, er nú liggur í öllu sauðfè í þessum 3 sýslum. En hver verður nú áráングurinn eptir allan þann kostnað, sem lækníngatilraunir þessar hafa í för með sèr, ef þær lukkast ekki? það er 1, að ef þær sýnast ekki vinna á á þessu ári, þá verður fènu eytt smámsaman, og er það æðimikið tilfinnanlegra bæði þeim, sem undir búa, og eins öðrum landsmönnum; þar með eyðist það verð, er nú liggur í fènu fyrir lítið eða ekkert, og svo bætist lækníngakostnaðurinn ofan á þá, og aðrir landsmenn, sem hefði átt að rètta þeim hjálparhönd, geta það ei á meðan; en 2. tilfelli óttast eg þessu meira; nú skyldi með þessum lækníngatilraunum verða unnið það svig á pest þessari, að hún sýndist horfin, og læknar segja nú væri björninn unninn, nú væri kláði þessi læknaður, en að litlum tíma liðnum, þegar menn væri hættir að hafa eins sterk varðhöld á útbreiðslu hans, og nú, þá gysi hann upp að nýju í eins vondri eða verri mynd, en áður, og væri þá orðinn, áður en öflugar skorður yrði við reistar, útbreiddur víðsvegar um landið, og yrði svo ekki stöðvaður utan með almennum niðurskurði fjárins. Hver ætti nú að fara að borga mönnum fyrir eignarèttinn á því niðurskorna fè, þegar pest þessi væri komin um land allt? skyldi þá landsmenn ekki mega borga það sjálfir með sínu eigin blóði? Eg ber að sönnu ekki vantraust til þessara nýju

lækna, sem nú með ærnum kostnaði eru hingað komnir frá Danmörku, en það traust ber eg heldur ekki til þeirra, að þeim takist að út rýma þessari pest að fullu, því það væri oftraust. Læknarnir okkar hèrna í Reykjavík hafa ekki með gjörðum sínum glætt traust það á læknîngum þessum hjá mèr, þó sumir þingmenn sè með þetta sterka traust á þeim; hefði fèð í Mýdal verið skorið, þegar kláði þessi fór að brjótast út, þá gat skeð hann hefði stansað; þetta var þá ekki gjört, og afleiðingarnar eru nú opnar fyrir þeim, sem að því vilja gæta; það má því segja, að þing þetta sè í miklum vanda statt, að geta fundið það, sem beztar afleiðingar hefir í þessu efni, þegar öll yfirvöld landsins ekki gátu orðið á eitt sátt, hvað nú skyldi af ráða, og sá embættismaður (amtmaðurinn í suðuramtinu), sem á að hafa framkvæmdir á ályktunum þingsins, varð á annari skoðun, en hinir; eg held því, að nefndin hafi þrætt hèr þann meðalveg, sem unnt var að finna, þegar hún þurfti að sigla svona vandasaman veg milli skers og báru; því að hún hefir haft stöðugt fyrir augum eignarrèttinn öðru megin, en nauðverjurèttinn hins vegar, og verð eg því að aðhyllast hennar stefnu, þegar því, sem eg álít hollast fyrir alla landsbúa, ekki getur orðið framgeingt. Það hefir verið sagt, að tilskipun af 1772 hafi ekki leyft að skera annað, en kláðasjúkt fè, og því hafi þá verið beitt harðstjórn og lagaleysi, að allt var skorið, en menn hafa fyrst að líkindum álitið allt fè sjúkt eða víst grunað í þeim sýktu hèruðum, og þó það kynni að hafa verið þá eitthvað, sem ekki var útsmittað, en sem samt var skorið niður, þá sýndi tíðin síðar, að þessi svo nefnda harðstjórn hafði þær góðu afleiðingar, að þar með var drepsótt þessari út rýmt með öllu, svo hún hefir síðan ekki veifað sínu eitraða sverði á landi þessu þar til nú; og væri það núverandi Íslendíngum lítil sæmd í augum seinni tíðar manna, að nú, nærri 100 árum síðar, þegar bæði betri upplýsíng þessarar tíðar, og aðferð sú, með hverrri feður vorir útráku morðeingil þennan, að í þess stað skyldum vèr taka upp það óráð, að reyna það smákák í vörnun, sem eingu orkaði, og með því gefa honum færi á, að festa hèr þær rætur, sem ekki síðar yrði við ráðið. Íslendíngar eru svo veglyndir, að fúsir mundi þeir hjálpa þessum meðbræðrum sínum með að bæta sem fyrst úr neyð þeirra aptur, þegar þeir væri búnir að hreinsa hèruð þau, sem pest þessi nú er búin að fordjarfa, frá vogesti þessum.

G. Brandsson: Hinum heiðraða þingmanni Rángvellínga hefir víst orðið mismæli, þar sem hann sagði, að kláðafaraldrið 1772 hefði

farið um allt landið, því kláðinn kom þó hvorki á alla Vestfirði né í Skaptafellssýslur eða Múlasýslurnar. Eg skal nú ekki svara hinum heiðraða þíngmanni Árnesínga mörgu, þó mèr fyndist hann leggja fremur ránga þýðíngu í orð mín, og það er honum þó nýtt, svo eg trúi ekki öðru, en að hann hafi tekið það nokkuð nærri sèr, þar sem hann sagði, að eg vildi einúngis rífa niður nefndarálitið, þá er það alls ekki svo, heldur hefi eg einúngis beðið um skýríngar við það; hann sagði einnig, að eg vildi leggja mönnum alveg í sjálfsvald, hvernig þeir höguðu sèr viðvíkjandi kláðanum, en til að hrekja það, ætla eg einúngis að vísa til 2. greinarinnar í uppástúngum þíngmanns Reykvíkínga, því menn vita, að eg hefi viljað styðja þær, og eg ber það ekki heldur af mèr. Þíngmaður Árnesínga hefir heldur ekki lesið vandlega 7. og 10. greinina í uppástúngum þíngmanns Reykvíkínga, fyrst hann ber mèr söguna, eins og hann gjörði áðan. Í 2. gr. sjá allir að niðurskurðurinn liggur nærri, ef mönnum þykir tíminn of stuttur til að koma við læknínguunum, og í 7. gr. er aptur skipað, annaðhvort að lækna eða þá skera niður, og er þá auðvitað, að menn geta tekið það auðveldara, nefnil. niðurskurðinn, ef þeir treystast ekki til að lækna. Greinir þessar sýna sig sjálfar, og eg vona, að af þeim geti öllum orðið fullljóst, að það er ekki meiníng mín, að hver maður sè látinn sjálfráður í þessu mikilsvarðanda málefni.

Þ. Guðmundsson: Af því eg var einn í nefndinni, og af því að ólíkar skoðanir hafa komið fram viðvíkjandi 2. gr. í frumvarpi nefndarinnar um, hvort til taka skyldi nokkra tölu á ám eða ekki, þá vil eg áskilja mèr það breytíngaratkvæði, að ærtalan skuli vera óákveðin. Eg þarf ekki að geta þess, að ærnar eru þær ábatasömustu sauðkindur, því þær gefa oss bæði mjólk og lömb; eg vildi taka fram þessa eiginlegleika ánna, vegna þess einginn þíngmanna hefir getið þeirra, og þess vegna vildi nefndin helzt hlífa þeim, og eg veit það mælist vel fyrir því hjá allri alþýðu, ef þíngið samþykkir þetta breytíngaratkvæði mitt.

V. Finsen: Það getur naumast verið neinn efi á því í þessu máli, að uppástúngur nefndarinnar verða samþykktar af þínginu, því í nefndinni eru 9 menn, hèr um bil helmíngur alls þíngsins, og þar að auki hafa fleiri þíngmenn, sem ei hafa verið í nefndinni, talað í sömu átt og hún. En ef uppástúngur nefndarinnar gánga í gegnum, þá verður þíngið, eptir því sem nú er fram komið, að senda álitsskjal um málið til stjórnarinnar og bíða eptir samþykki hennar.

Eg efast nú fyrir mitt leyti ekki um, að stjórnin muni samþykkja það, sem þíngið með miklum atkvæðafjölda ákveður í svo mikilvægu máli, en eg vildi samt benda til þess, hversu illa væri farið, ef sú skyldi verða niðurstaðan, að stjórnin ekki samþykkti uppástúngur þíngsins, og ef svo aptur skyldi líða 2 ár þángað til alþíngi gæti komið saman, og yfirvegað málefnið á ný; þar að auki geta kríngumstæðurnar breytzt til næsta árs og sjúkdómurinn t. a. m. útbreiðzt víðar en nú lítur út fyrir. Eg álít það mjög heppilegt, að málefnið var lagt fyrir þíngið í ár, og álít, að því sè framvegis bezt borgið, þannig, að þíngið hafi áhrif á úrslit þess, og eg vil þess vegna áskilja mèr breytíngaratkvæði á þá leið, að ef stjórnin skyldi ekki samþykkja uppástúngu alþíngis, eða kríngumstæðurnar að öðru leyti verða breyttar til næsta árs, þá verði aukaalþíngi haldið næsta ár til að ræða fjárkláðamálið.

E. Ó. Kúld: Eg skal nú ekki tala margt í þetta sinn. Af því hinn háttvirti 4. konúngkjörni þíngmaður, sem var einn með í nefndinni, hefir áskilið sèr breytíngaratkvæði við 2. gr. í breytíngaruppástúngum nefndarinnar um tölu ánna, þá vil eg áskilja mèr rètt til breytíngaratkvæðis um eitt orð: „vorið 1859“ í 26. gr. nefndarfrumvarpsins, og setja í þess stað „haustið 1859“. Um þetta atriði greindi mig á við nefndina, því eg vildi, að þeir mætti flytja til sín fèð að haustinu, með því eg var sannfærður um, og sú sannfæríng mín styðst við álit dýralækna, að sýkin gæti leynzt, hversu mikil varkárni sem væri við höfð, húsrofin og viðir þurrkaðir, og því væri áhætta að flytja fè híngað að vorinu til, ef fjársýkin væri ekki horfin um haustið 1858; en hins vegar væri það lítill halli fyrir Suðurland, því að ullina af fènu gæti menn feingið með sèr, og lömbin ætti þá að fylgja með að haustinu, en það er kunnugt, að fè, sem lángt að er rekið að vorinu, og kemur óhagvant, gjörir ei mikið sumargagn, svo eg sè ei, að Sunnlendíngar missi í við það, þó þessi varkárni væri við höfð. Eg er hræddur um, að hinum heiðraða þíngmanni Gullbríngusýslu hafi orðið mismæli, þar sem hann sagði, að fjársýkin fyrri hefði ekki komið á Vestfjörðu, því hún komst þó að minnsta kosti að Þorskafirði. Eg skal nú ekki tala margt um uppástúngur hins heiðraða varaþíngmanns Reykjavíkur, því 2. greinin í uppástúngum hans er nóg til að fella þær allar, og sýnir, hvernig allt rekur sig hvað á annað; þar stendur, að aðskilja eigi sjúkt fè frá ósjúku, að afloknum fjallgaungum. Eg veit nú ekki, hversu vongóður hann er um fèð á fjöllunum, en eg held, að það sè ekki

svo heilbrigt, að þar sè ekki einhver kláðakind innan um, og að minnsta kosti komi ein í hverja rètt, og nú þarf ekki, eptir sögn kunnugra manna, nema að kind snerti snöggvast aðra, til þess hún sýkist. Nú ímyndar einginn sèr, að fèð verði tekið úti í haganum, án þess það sè rekið einhverstaðar inn í rètt og aðskilið þar, og þá fær ein kindin sýkina af annari, og svona geingur koll af kolli, þángað til allt er orðið sjúkt og allt verður að skera. Eg skal ekki fara neinum orðum um hinar einstöku greinir, en þó vil eg geta þess, að 10. greinin sannar það, að honum hefir orðið það líka á, að skerða eignarrèttinn, sem hann hefir þó álasað nefndinni fyrir. Í 11. greininni hugsar hinn heiðraði varaþíngmaður sèr hreppanefndir lærðari en eg, ef þær geta gefið hverri kind læknisattest, áður en hún fer á fjöll upp.

G. Brandsson: Eg verð að svara hinum heiðraða varaþíngmanni Snæfellínga því, að eg vissi mikið vel, að allir Vestfirðir fóru ekki varhluta af kláðasýkinni á 18. öld, en hún geisaði þó ekki yfir nema nokkurn part af Barðastrandarsýslu og í kríngum Breiðafjörð. Eg sè það á breytíngaratkvæði hins háttvirta 4. konúngkjörna þíngmanns, að hann vill þó samþýða beggja meiníngar, svo að eg get gjört mèr von um, að menn geti borið sig saman milli undirbúníngs- og ályktarumræðu, og þá má ske komið sèr saman, og þykir mèr það mjög svo æskilegt, því það er illa farið, ef mikill tvístríngur verður á meiníngum manna, allrahelzt í svo áríðanda máli, sem þetta er.

St. Jónsson. Af því það mun vera svo tilætlað, að inngángsumræðu þessa máls verði lokið í kvöld (*Forseti:* Ef þíngmenn óska, að halda leingur áfram, þá er eg ekkert á móti því); það munu fleiri vilja, en eg vildi að eins áskilja mèr breytíngaratkvæði í þá stefnu, að sú ærtala, sem í uppástúngum nefndarinnar er ætlazt til að hin öntin skuli láta af hendi við suðuramtið, sè ekki bundið við hálfa ærtölu, þá er Sunnlendíngar áttu vorið 1856, heldur við einn þriðjúng hennar eður því um líkt. Menn gátu sèð af nefndarálitinu, að gjört er ráð fyrir, að það gæti komizt að almennum niðurskurði að hausti hèr í Sunnlendíngafjórðúngi, og því ákváðu nefndarmenn, að Sunnlendíngar skyldu fá helmíng ærtölu þeirrar, er þeir áttu vorið 1856, en nú get eg hugsað, ef þessi undandráttur verður á niðurskurði, eins og líkur eru til, þá geti svo farið, að fè fækki fyrir norðan, því líklegt er, að menn skeri þar og lógi talsverðu af fè sínu af ótta fyrir sýkinni; líka getur hún flutzt þángað, svo grípa

þurfi til skurðar fyrir hana; því vil eg ekki, að ærtala sú, sem Norðlendíngar láta af hendi, sè ákveðin svona hátt, ef þar skyldi verða talsverð fjárfækkun, og fyrst ekki fer fram almennur niðurskurður í haust, þurfa ekki Norðlendíngar að vera bundnir við frumvarp amtmannanna í þessari grein.

J. Sigurðsson: Eg held eg haldi aldrei lángar umræður í þessu kláðamáli, því mèr virðist þess ekki þörf, því það gjöra aðrir, og eg ætla ekki að svara neitt sitt hverjum, því mèr kom það ekkert óvart, þó að ýmsar skoðanir eða meiníngar kæmi upp um þetta mál, því það er vandskoðað, og er sannarlegt vandamál. Það hafa sèr í lagi gjörzt 2 þíngmenn til að setja sem mest út á nefndarálitið, og viljað rífa það niður, en aptur hafa þeir menn af nefndinni, sem hafa talað, bæði kunnað að forsvara álit sitt, og mèr virðist líka, að þeir hafi gjört það, svo eg ætla ekki að bæta þar neinu við; það var einúngis að eg með fám orðum vildi skýra hugmynd mína við þessa athugasemd, sem eg lèt standa við nafn mitt, undir nefndarálitinu; það var ekki svo að skilja, að eg væri ósamþykkur nefndinni í neinum hennar aðalpörtum yfir höfuð að tala, því mèr virtist, að allir nefndarmenn bæði vildi vanda álit sitt sem bezt, og líka fara því fram, sem þeim þótti forsjállegast; og eg mun aldrei gjöra mörg breytíngaratkvæði við nefndarálitið, þó mèr þætti það vanta, að skýlaust væri framtekið, að allt sjúka fèð skyldi skera. Þegar mál þetta var lagt fyrir þíngið, þá virtist mèr það vera lagt fyrir það í þeim búníngi og áformi, að menn ætti að leggjast á jafntök með, að finna upp ráð, til að út rýma fjárkláðanum, og varna útbreiðslu hans; amtmennirnir allir höfðu lagt fram álit sitt til eptirsjónar fyrir þíngið, og þó þeir yrði ekki allir samdóma, þá miðaði þó álit allra nokkuð í sömu stefnu, nefnilega að niðurskurðurinn yrði það öruggasta ráðið, að út rýma sýkinni; 2 vildu hafa hann algjörðan, en 1 þó nokkuð takmarkaðan. Eg held nú, að ráð þeirra 2 amtmanna hefði nú kann ske verið allrabezt, ef sýkin hefði þá í sumar ekki út breiðzt til hinna hèraðanna, svo þau hefði verið fær um, að hjálpa um fèð aptur, en bæði af því, að eg var nú ekki ugglaus um það, og svo þótti mèr nokkuð þurfa að fara eptir ráðum og vilja stiptamtmanns, þar til hans kæmi framkvæmdin á mestu á eptir, þá gat eg ekki lagt til algjörðan niðurskurð, heldur það sama, sem nefndin hefir gjört, að fènu yrði fækkað, svo við það yrði ráðið, að hirða vel um það, sem eptir yrði; en eg vildi, að það hefði verið skýrt fram tekið, að það sjúka og grunaða væri skorið í haust, og ef sýki þessi er svo

mikil og víða, sem menn hafa af henni látið, þá held eg að fèð mundi svo fækka, að hægt yrði að fóðra og hirða það, sem eptir væri. Þessi ráðstöfun held eg hlyti að verða vinsæl, því fyrst búast allir við því, og hafa það hugfast, að skera undir veturinn það, sem veikt er, og svo væri það mesta heilræði, sem alþíng legði í því tilfelli, að menn færi ekki að eiga það á hættu, að kosta meðulum, fyrirhöfn og fjármönnum til lækníngа þess sjúka í haust, og missa það svo kann ske á eptir. Þessi skoðun mín geingur nú út á það, að eg hefi einga trú á læknisdómunum, og þá eg lít nú yfir tilraunir stiptamtmannsins (sem þíngmanni Reykvíkínga þótti vest að yrði að eingu, ef niðurskurður fram færi), þá sè eg ekki enn, að þær hafi gjört nokkurt gagn, og af þeim skýrslum og tilraunum, sem dýralæknarnir hafa gjört, hefi eg ekki feingið hina minnstu vissu um, að lækníngarnar sè eingáng mögulegar, því síður að þær gángi í gegn hjá almenníngi. Þíngmaður Árnesínga hefir nú lýst því, hvað vel þeim hefir geingið að lækna, svo eg þarf ekki að gjöra það, og eg vil spyrja, hvort þeir menn, sem taka nú þessa menn að mönnum fornspurðum upp á kostnað þeirra, narra menn svo til að fara að kosta fèmunum sínum til að lækna sjúka fèð, og svo skyldu meðulin og lækníngarnar draga það fram í horinn og dauðann, eg vil spyrja, segi eg, hvort þessir leiðtogar taka þá ekki býsna-mikið hendinni inn í eignarrètt manna, og skerða eigur manna? Eg held þau 45000, sem þíngmaður Reykvíkínga gat um, væri þá betur skorin í haustholdum, svo að menn ætti verðið þeirra, heldur en bæði að missa þau fyrir ekkert að vori, og svo annað eins í læknislaunum, meðulum og fóðri; eg ætla því einúngis að gánga inn á aðra grein í reglum þessa þíngmanns, að allt sjúkt fè, sem ekki er búið að lækna á veturnóttum, skuli skorið, því eg vona hann láti þá verða framhald af því, og láti til að mynda allt það fè, sem sjúkt og ólæknað finnst með jólaföstu, verða skorið, og svo við árslok, og svo með þorra, og þá er fèð þó enn þá ætt; verði þetta nú vel framkvæmt, á eg von á, að fèð verði í þessum 3 sýslum farið að fækka svo, að hægt verði að hirða vel það, sem eptir er, ef það væri heilbrigt, og þá líka heldur þaðan í frá reynanda og kljúfanda, að leita lækníngа því, sem kynni að sýkjast; þetta væri nú sú eina tilraun að út rýma fjárkláðanum með takmörkuðum niðurskurði, og hver veit nema það kynni að lukkast. Nefndin hefir nú reist skorður við útbreiðslu fjárkláðans með því, að allt geldfè skyldi skera, svo það ekki gæti að sumri rásað á afrèttir hinna ósýktu hèraða, og stipt-

amtmaður hefir líka álitið, að það fè ætti að verða fyrir niðurskurði, sem leitaði á afrètti; en eg hèlt, að sú ákvörðun hans kynni líka kann ske að duga, að skera geldfèð á takmörkum kláðans, eða í þeim sveitum, sem ætti afrèttir nálægt eða saman við hin ósýktu hèruð, og þess vegna gat eg þess í nefndinni, að eg ekki fyndi mèr orsök til, að æskja niðurskurðar á heilbrigðu geldfè út á Akranesi eða suður á Strönd, eða Suðurnesjum, því þaðan gæti eg ekki óttazt samgaungur að sumri til Norðlendínga eður vesturamtsbúa, en nefndinni þótti það óhultast og rèttvísast, að ein regla geingi yfir allt í þessum sýslum, en þó mèr þyki stundum munur, hvernig á stendur, þá fann eg litla orsök fyrir mig, að gjöra ágreiníng í þessu. Eg þykist líka vita, að allir forstandsmenn, sem búa í þessum sýslum, og eru orðnir umflæktir þessum háska, að þeim muni þykja það ráðlegast, að skera alla þá sauði, sem þeir eiga í haust, á meðan þeir eru í fullu gagni, eða selja þá, en eigi þá ekki á hættu, að þeir kunni að sýkjast af kláðanum og verða svo ónýtir, og þá kemur ekki skaðinn fram, nema á lömbunum, að mega ekki setja á lömbin, þau heilbrigðu, því veturgömlu gimbrarnar má setja á; þær koma í ærtöluna; eg vildi því, að sú ákvörðun yrði gjörð, að allt það sjúka og grunaða fje yrði skorið, allt til miðsvetrar; þaðan frá yrði hirðíng og læknìngar reynt til hausts, og ef þá ekki yrði sèð fyrir endann á kláðasýkinni, fram færi niðurskurður eptir nefndarinnar uppástúngum, og að sumri yrði eingin skepna látin fara til fjalls úr nærsveitunum við ósýktu hèruðin. Eg vil nú ekki leingja meira ræðuna í þetta sinn, því það er komið myrkur, og það, sem eg vildi hafa meira sagt, er ekki svo áríðanda, að eg ekki geti látið það bíða.

Forseti: Þar eð eg sè, að það eru fleiri þíngmenn, er vilja enn ræða mál þetta, en svo mjög er áliðið tíma í kvöld, að það getur ekki orðið fullrætt til undirbúníngs, þá skal eg slíta fundi í kvöld, og láta halda áfram umræðunni á morgun, og ákveð eg því fund kl. 12 á morgun.

Fundi slitið.

---

13. ág. — tuttugasti og níundi fundur.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi feingið brèf frá hinum

háttvirta fimmta konúngkjörna þíngmanni um, að hann sè hindraður frá að koma á fund í dag, að minnsta kosti framan af.

Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Það, sem þá fyrst kemur til umræðu í dag eptir dagskránni, er framhald af undirbúníngsumræðunni í fjárkláðamálinu. Eg vildi leyfa mèr að tala nokkur orð í þessu máli, til þess að þíngmenn viti, hvað eg vildi til leggja; því mèr finnst það eiga við, að frá *forseta* komi nokkur bendíng um, hverja stefnu eg vildi óska að þíngið tæki í þessu máli.

Það hefir verið mjög svo opt talað um, hversu fráleitlegt allt ástand á Íslandi væri frá því, sem er í öðrum löndum; það eru til margar útlendra manna ferðabækur um Ísland, og það hefir stundum verið tekið til dæmis, að einhver þeirra segi svo frá, að á Íslandi sè 2 bæir Skálholt og Hekla, þar sem biskupinn býr. Slíkar sögur eru margar, og það má segja um þær, að því betur sem þeim hefir tekizt, að skýra frá, hversu ólíkt allt væri á Íslandi og frábrugðið, því merkilegri hafa þær þótt; sama skoðun hefir og komið fram hèr á landi, því margir hafa opt álitið, að Ísland og Íslendíngar væri allt öðruvísi, en önnur lönd og aðrir menn í öllum heimi, og því tjáði ekki að hafa hèr neitt eins og það er haft í öðrum löndum; menn hafa t. a. m. sagt, að þótt verzlunarfrelsið væri gott fyrir alla menn í öllum heimi, þá væri það samt óhafanda fyrir Íslendínga, því þeir væri öðruvísi en aðrir menn. Þessari skoðun bregður eins fyrir í máli þessu um fjárkláðann, þar sem svo lítur út, sem margir byggi á því, að hèr verði að fara allt öðruvísi að með hann, heldur en alstaðar annarstaðar er tíðkanlegt. Það er að vísu satt, að Ísland er í nokkru frábrugðið, en hitt er eins raung skoðun, að álíta, að ekkert eigi hèr við, sem almennt er reynt og játað að eigi við í öllum öðrum löndum. Þessari skoðun ættum vèr að út rýma. Fjárkláði er einginn óalmennur sjúkdómur í öðrum löndum, og þekkja hann þar allir, að hann er bæði vel læknandi, og alls ekki hættulegur, þegar hann er tekinn í tíma. Þegar nú sýkin kemur híngað, þá liggur ágreiníngurinn beinast við um það, að sumir vilja láta drepa allt niður, en aðrir vilja gefa öllum mönnum fullt sjálfræði; gjöra svo hvorir öðrum gersakir um, að hinir vilji spilla öllu málinu. Mèr virðist auðsætt, að hèr verði að fara nokkurs konar meðalveg, og þá er vandinn í að rata hann. Eg er ekki svo mjög harður á móti því, þó skorið sè niður á einum bæ, þó menn reyndar ætti fyrst að vita, hvort fèð yrði ekki læknað, en þó það væri rètt, að skera nið-

ur á einum bæ, þá verður það samt bersýnilega rángt, að skera niður allt fè í 3 sýslum, því auk þess, að allur almúgi missir þar með sinn aðalbjargræðisstofn, þá leiðir af því, að menn geta ekki goldið til allra stètta, og almenníngur fer, ef til vill, á vonarvöl, og mörg önnur vandræði geta af því flotið, sem ekki er hægt að sjá fyrir. En þegar eg nú ekki vil láta skera allt niður eða gefa mönnum sjálfræði í öllu, þá hlýt eg að reyna til, að þræða eitthvert meðalhóf, en það er, eins og menn vita, jafnan vandratað. — Hvaða ráð eigum vèr nú að taka? Eg veit menn muni segja: „Vèr fálmum nú ekki í blindni í þessu máli; vèr höfum dæmin eg reynsluna fyrir oss, því vèr höfum haft einmitt sama kláðann hèr á 18. öld, og þá var allt skorið niður; nú stendur öldúngis eins á og þá, fyrir því er almennur niðurskurður eina ráðið". Hèr held eg þó sè mikið öðru máli að gegna, en var um 1772; fyrir það fyrsta ætla eg, að það sè talsvert öðruvísi ástatt nú, en var hèr á landi fyrir næstum 100 árum síðan, og þarf eingan sèrlegan kunnugleik á sögu lands þessa, til að sjá það; eg ætla, að mönnum megi vera það ljóst, að fjárkláðinn hafi þó verið öðruvísi tekinn nú en þá; nú hefir verið mikið um hann rætt og ritað, menn hafa komizt á ferð og flug, og gjört ýmsar tilraunir til að lækna hann, og til að varna útbreiðslu hans, og það hefir í öllu þessu lýst sèr almennur áhugi manna, og margar tilraunir sýna, að menn geta þó miklu komið til leiðar, ef þeir vilja, og viljinn tekur rètta stefnu. Af því menn hafa nú verið miklu framkvæmdarsamari, en 1772, þá getur líka betur farið nú en þá. Þá var heldur eingan veginn drepið allt niður í heilum 3 sýslum í einu, heldur að eins í yztu sýslunum beggja megin, svo lángt var á milli fjársjúku og heilbrigðu hèraða, og svo færðu menn sig smátt og smátt saman. Þegar menn nú tala um 1772, þá verða menn líka að gæta þess, að þá höfðu menn ekki eins góð læknismeðul, eins og nú; nú hafa menn óbrigðult meðal við fjárkláðanum, sem ekki var þá fundið, og því finnst mèr, að það sè sá rètti meðalvegur, sem menn eigi að taka, að frelsa það, sem frelsað verður, og því reyna að lækna svo mikið, sem menn geta, en síðan sè skorið það sjúkt fè, sem menn geta ekki læknað, en sem getur orðið hinu fènu að tjóni, þegar það er ólæknað. Það álít eg eigi að vera grundvallarreglan í þessu máli, að menn hafi það fyrir augum sèr, sem dýralæknar segja og ráða til, en treysti ekki um of sínu eigin viti í þeim efnum, sem menn hljóta að hafa lítið eður ekkert vit á, því ef hver fer hèr eptir sínu eigin höfði, þá verð eg að álíta, hversu

mikið álit sem eg annars gæti haft á þeim sem góðum bændum, að öll tryggíng sè farin. Þetta skal eg nú láta sagt um sjúkdóminn sjálfan; en auk þess, að eg vil fara þar meðalveg, þá vil eg og líka fara meðalveg í takmörkun eður skerðíng eignarrèttarins; eg vil ekki grípa inn í eignarráð manna um skör fram, og þannig raska grundvallarstólpa þeim, sem allt mannlegt fèlag er á byggt; eignarrètturinn og verndun hans er ekki að eins í hinum dönsku grundvallarlögum; hann er máttarstólpi undir hverju þjóðfèlagi í öllum menntuðum heimi, og 1851 var það hèr ein af uppástúngum þjóðfundarins: að eignarrètturinn væri friðhelgur, og einginn væri skyldur, að láta eign sína, *nema almennings þörf krefði,* og *kæmi fullt verð fyrir.* Frá þessari uppástúngu þjóðfundarins vill nefndin nú breyta, og henni er ekki nóg, að sleppa aptan af greininni skilyrðinu fyrir því, að skerða megi eignarrèttinn, sem er, að almenníngsheill krefji svo, og þá því að eins, að komi fullt verð fyrir, því hún setur mönnum í hinum öntunum taxta, til að selja Sunnlendíngum fè sitt eptir; þetta er bæði takmörkun á eignarráðum manna, og þar að auki er það mjög óforsjállegt, því með því sviptast kaupendur, ef til vill, þeim hagnaði, að kaupa fè fyrir minna verð, en taxtinn ákveður. Þessara tveggja atriða hefir nefndin ekki gætt.

En hvað viðvíkur aðferð stiptamtmannsins, þá getur það vel verið, að hún hafi ekki verið að öllu leyti góð, en þetta er kríngumstæðunum að kenna. Stiptamtmaðurinn byrjaði eins og aðrir með tilskipuninni frá 1772, og skipaði að skera fè niður, en það kom þó líklega ekki að öllu leyti til framkvæmdanna. Þessi skipan stiptamtmannsins, að skera niður fè manna bótalaust eptir hundrað ára gamalli tilskipun, varð nú svo víðfræg, að hún komst til Danmerkur; en þegar menn heyrðu slíkar aðfarir, þá hlógu menn almennt og sögðu: „Það er skárri stiptamtmaður að tarna, að skipa að skera niður fènað fyrir mönnum bótalaust, og það af eintómum kláða“. Þegar hann heyrði nú þetta, og fór að kynna sèr hugsunarhátt skynsamra þjóða, og rit dýralækna um fjárkláðann, þá held eg hann hafi sansað sig, og hætt við að skipa að skera, en fallizt á hitt, að reyna að frelsa það, sem frelsað yrði. Þegar nú svona er ástatt, þá finnst mèr embættismanninum sè mikil vorkun, þótt hann skipaði að skera niður, og fylgdi tilskipun þeirri, sem allir geingu með í vasanum, og voru fúsir til að láta fram fylgja, að minnsta kosti á fè náúnga síns, þó þeir kann ske ekki kærði sig um það á fè þeirra sjálfra. Mèr finnst ekki heldur, að menn geti,

með rèttu álasað stiptamtmanninum, þótt hann breytti úrskurðum sínum, þegar hann sá, að lækníngarnar dugðu nokkuð, því að í fyrstu hafði hann ekkert annað en tilskipunina við að styðjast. Allir byrjuðu líka fyrst með þessa 100 ára gömlu tilskipun, en þegar menn sáu, að lækníngarnar tókust, þá fóru þeir fyrst að efast í trúnni á hana og reyna betur lækníngarnar. Eg skal leyfa mèr að nefna nokkra heiðursmenn, sem eg þykist hafa áreiðanlega vissu fyrir að reynt hafi lækníngar, og hafi tekizt vel; það er dannebrogsmaður Árni Magnússon á Árnóti, Jón Halldórsson á Búrfelli í Grímsesi og Guðmundur Thorgrímsen á Eyrarbakka, enn fremur Hannes Hannesson á Þórustöðum, og þessi síðast nefndi læknaði allt sitt fè, yfir 200 fjár, og læknaði það svo, að hann hèlt hverri kind, og seldi ull sína fyrir hæsta ullarverð nú í vor; en þar hjá má þess geta, að hann varði til lækníngánna margfalt meiri fyrirhöfn og kostnaði, en ef hann hefði kunnað þá aðferð, sem dýralæknar nú hafa. Vitnisburð þessara manna mun einginn hèr vilja reingja, og þá ekki heldur hinn háttvirta þíngmann Gullbríngusýslu, sem sjálfur hefir líka læknað margt fè; af þessu ætla eg megi ráða, að lækníngar eru ekki eins óvissar, eins og margir halda, ef sýkin er að eins tekin nógu snemma, og tilhlýðilega sinnt hinu sjúka fè. Einn merkisbóndi í Árnessýslu hefir játað um sjálfan sig, að það hefði gjört sèr fjármissi, að hann hefði ekki tekið kláðann nógu snemma, og því hefði hann misst fè sitt. Því undarlegra þykir mèr það, að hinn heiðraði þíngmaður Árnessýslu skyldi vilja gjöra svo lítið úr sèr, að minnast á þau 3 lömb, sem hèr hafa verið og þíngmenn lètu taka í lækníngaskyni, því það vitum vèr allir, að eitt af þeim var svo að segja sjálfdautt, þegar það kom; annað var svo mikill vonarpeníngur, að dýralæknirinn tók það aldrei í öðru skyni, en rètt til reynslu, því hann áleit það ólæknanda; hið þriðja hefir ekki haft pössun til hlítar, en er þó í bata, svo þó þau dæi öll þrjú, þá kalla eg það ekkert sanna móti lækníngunum. Eg get ekki gjört að því, að mèr hefir fundizt, þó það geti nú verið að mèr skjátlist í því, eins og sumum mönnum kom það illa, ef þeir heyra, að nokkur kind verði læknuð, heldur elska þeir mest þær sögur, sem segja kláðann sem hryllilegastan og með öllu ólæknanda, en reynslan mun sanna hèr sem annarstaðar, að kláði sè eingin drepsótt, heldur vel læknandi. Þegar nú stiptamtmaðurinn vill láta lækna og gjöra allt sitt til, að lækníngunum verði framfylgt sem bezt, og hinna beztu bænda eru á hans máli, þá held eg alþíngi gjörði rètt-

ast í, að styrkja stiptamtmanninn og þessa heiðursmenn, sem gánga á undan í lækníngatilraunum. Eg held, að hinir háttvirtu alþíngismenn gjörðu rèttast í, að hafa ekki leingur þenna Þór frá 1772 í stafni heldur setja skynsemina í stafn, því ef þíngmenn gjöra allt sitt til, að styrkja þá skoðun hjá landsmönnum sínum, að bjarga því, sem bjargað verður, þá er eg sannfærður um, að þeir geta komið bæði miklu meiru og betra til leiðar, heldur en ef þeir stuðla til þess hèr með atkvæðum sínum, að eyðileggja allar tilraunir til að lækna fènað eptir þeim reglum, sem við eru hafðar í öllum menntuðum löndum. Eg held alþíngismönnum væri auðgefið, að gángast fyrir því, hver í sínu kjördæmi, að menn úr hinum fjórðúngunum sendi efnilega únglínga til dýralæknanna, til að vera með þeim og læra af þeim læknìngar, góða fjárhúsaskipun, rètta meðferð í allri kvikfjárækt og einkum fjárræktinni, og eg held þíngmenn gjörði betur í, að styrkja þetta mál, heldur en að sitja hèr á þíngi og greiða atkvæði til að eyðileggja sem mest að mögulegt er af því, sem gjöra mætti til góðs í þessu efni. Hvort sem menn nú vilja með sjálfum sèr hafa niðurskurð, eða ekki niðurskurð, þá held eg, að þeim beri þó samt fyrst á það að líta, hvað vèr getum feingið framkvæmt og hvað ekki. Mèr virðist það ljóst og óefað, að eptir því sem hèr stendur á, þá tekur þíngið á sig alla ábyrgð fyrir það, sem forsómast, ef það kemur sèr ekki saman við stiptamtmann, sem hèr hefir æðstu umsjón yfir framkvæmdunum. Þegar stiptamtmaður býðst til að hafa sem snarpasta tilsjón með mönnum, þá eigum vèr að styrkja hann í því, og koma oss saman við hann og dýralæknana um reglur þær, sem setja þarf, til þess að tilsjónin verði sem skörpust; ef vèr gjörum það, þá höfum vèr feingið allt, sem feingizt getur. Það má vera öllum ljóst, að vèr vinnum fyrir gýg, ef vèr ætlum, að stjórnin fallist á það lagafrumvarp, sem skipar niðurskurð á heilbrigðu fè bótalaust; það er, sem brýtur alla helgi eignarrèttarins á bak aptur, sem kippir burt máttarstólpunum undan öllu mannlegu fèlagi; en ef stjórnin samþykkir ekki frumvarpið, þá eru veiktar tilraunir stiptamtmanns, en styrkt sú hugsun almennings, að ekkert sè til bjargar nema drepa allt niður, og mèr þykir það sannarlega undarlegt, að alþíngi vilji stuðla til þess, að ónytjúngarnir ráði, sem ekki vilja eða nenna að lækna, en hinir duglegri mennirnir, sem vilja stuðla til að frelsa það, sem frelsað verður, verði látnir líða og beygja sig undir ónytjúngsskap hinna. Þetta háttalag minnir mig á þá hugsun manna hèr fyrir skemmstu, þegar sumir álitu, að þilskip væri til skaða. Eg man svo lángt, að

það komu menn til mín, sem kváðust vera sannfærðir um, að þilskip væri ekki nema til helbers skaða fyrir hina fátæku, sem ekki hefði efni á, að leggja í þilskip, heldur yrði að fiska á bátum, því það væri svo sem auðvitað, að þilskipin drægi frá þeim alla björg, þar eð þau gæti farið djúpt undan landi, en bátarnir ekki, og tælt þannig aflann frá bátamönnum, sem væri þó allur þorrinn. Eg get ekki neitað, að eg varð nokkuð hissa, og spurði því, hvort þeir vildi fyrirbjóða öll þilskip? „Já, einmitt það", sögðu þeir; „vèr viljum fyrirbjóða að fiska nema á bátum". Þetta og því um líkt forsvar eiga þeir jafnan, sem ekki vilja taka sèr fram; það er ætíð af umhyggju fyrir þeim fátæku, en endalyktin verður, að það verður til að gjöra fleiri fátæka. Ef þíngið verður nú ekki með stiptamtmanni, þá er auðvitað að það ónýtir með því allar tilraunir hans, þar eð það stælir alla þá menn upp, sem hugsa, að hèr sè ekki annað við að gjöra, en að skera allt niður; hinir duglegri hika sèr við að kosta upp á lækníngar, þegar þeir heyra á alþíngismönnum, að það komi fyrir ekki, því fènaðurinn verði skorinn, hvort sem sè, allar lækníngatilraunir hætta, og vèr missum 3 beztu haustmánuðina, svo að ekkert verður gjört, menn forsóma að byrgja sig með meðölum, breyta húsum sínum, tala sig saman, kjósa nefndir og gjöra ýmsar aðrar nauðsynlegar ráðstafanir. Eg veit, að menn muni segja: „Stjórnin samþykkir sjálfsagt frumvarp það, sem kemur frá þínginu„; eg vil nú ekki leiða neinar getur að því, en hitt get eg sagt, að vèr missum allt haustið eins fyrir því, og það er sá tími, sem mest verður gjört á, og á þessar kríngumstæður álít eg mönnum beri að líta, en ekki stara einúngis á sannfæríngu sína, sem ekki er byggð, og ekki getur verið byggð, á nægilegri þekkíngu. En hèr er annað enn verra. Eg get ekki varizt þess, að eg er nokkuð eigingjarn fyrir þetta þíng, og eg vona, að hinir háttvirtu þíngmenn taki mèr ekki þessa eigingirni illa upp; en einmitt af þessari eigingirni vildi eg æskja þess, að vèr komum oss saman við stiptamtmann, því ef vèr gjörum það ekki, þá losum vèr hann við alla ábyrgð, en köstum henni upp á sjálfa oss, með því vèr skipum honum að framkvæma það, sem allur skynsamur heimur hlýtur að fordæma, og viljum, að hann fylgi í þessu 100 ára gamalli tilskipun, og það í enn strángari skilníngi, en hún nokkurn tíma var. Nú verður þá annaðhvort, að stiptamtmaður leggur árar í bát, eður hann stíngur upp á við stjórnina einhverjum reglum, sem hún þá kann að fallast á, og segja honum að

framkvæma, og getur þá alþíngi auðsjáanlega eingan þátt tekið í því. Þetta segi eg er oss sjálfum að kenna, ef þannig færi.

Það hefir verir sagt hèr, að í nokkrum bænarskrám hafi verið farið fram á hið sama, sem nefndin stíngur upp á; einkum er til þessa nefnd bænarskráin úr Kjósarsýslu. Það geingur nú öldúngis yfir mig, að nefndin skuli hafa getað skilið þessa bænarskrá þannig, og yfir höfuð allar þær bænarskrár, sem biðja um að halda nokkrum fjárstofni; að skilja þær svona er öldúngis eins, og ef einhver vildi kaffæra mann, og maður segði: „Blessaður, láttu þó standa upp úr á mèr nefið, svo eg kafni ekki til fulls;“ og þá segði hinn: „Nú, það er auðsèð, þú vilt láta halda þèr öllum í kafi, svo ekkert standi upp úr nema nefið“. Eg get ekki skilið þessar bænarskrár öðruvísi en svo, að þær sè neyðarhróp til alþíngis í þeim mikla kvíða manna, sem almennur er, fyrir því, að alþíngi yrði með almennum niðurskurði eptir frumvarpi amtmannanna.

Hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður sagði, að sú aðferð, sem nefndin vildi við hafa, væri þó ekki óheyrð, og tók til dæmis, ef eldur hlypi í hús í einhverjum bæ, þá bryti menn það niður, og önnur hús í kríng; en eg verð þó að biðja hinn háttvirta þíngmann að gæta vel að því, að fyrst brjóta menn ekki húsið niður, fyr en menn sjá, að því verður ómögulega bjargað, og þá fyrst brjóta menn niður hús í kríng, þegar menn sjá, að það er eina ráðið til að frelsa hin húsin; svo að þetta dæmi held eg sanni einmitt, að það er almenn regla, að bjarga því, sem bjargað verður. Menn útvega sèr jafnan þá tryggíng, sem við á, og þeir geta feingið bezta, og með sem beztu móti, eptir því sem á stendur, en sú bezta tryggíng, sem vèr getum feingið í þessu máli, er, að nefndin og þíngið komi sèr saman við stiptamtmann um vissar reglur, og hvort sem nú skoðun stiptamtsmanns er rètt eða raung, sem eg eptir minni fullkomnustu sannfæríng held að sè rètt, þá er það hin bezta tryggíng, segi eg, fyrir því, að vèr fáum gjört það, sem gjöra þarf, því það er hið eina, er vèr fáum framkvæmt, eptir því sem hèr stendur á.

Mèr finnst sem sumir vilji ekki lækna, af því þeir látast ekki sjá kláðann í hinum ömtunum, heldur álíta þau öldúngis hrein, og þegar kláðasögurnar berast þaðan, þá segja þeir, að það sè ekki annað en óþrifakláði; en þó það nú aldrei væri annað en óþrifakláði, þá held eg, að það væri þó betra að lækna hann samt. Vèr höfum feingið svo margar fregnir, bæði fastar og lausar, að eg kalli þær svo, bæði að austan, norðan og vestan, og þessar fregnir bera það

með sèr, að það sè líklega kláði í hinum ömtunum, sömu tegundar, sem hinn mildasti hèr fyrir sunnan, og einginn annar munur, en hann er þar á lægra stigi. Þetta held eg sè líka eðlilegt og getur komið, ef til vill, af mismun á veðuráttufari, og svo verða menn einnig að gæta þess, að fè er nú orðið svo margt, að það hefir aldrei eins margt verið, en hirðíng fjárins og húsaskipun hefir ekki farið fram að því skapi, sem fèð hefir fjölgað. Mèr þykir því næsta undarlegt, að hin heiðraða nefnd skuli ekki hafa svo mikið sem spurt um álit dýralæknanna á skýrslum þeim, sem komið hafa um kláðann í hinum ömtunum, því vissan um, hvort þar sè kláði eða ekki, skiptir mestu í þessu máli, eins og nefndin sjálf byggir á. Þar á móti hefir víst hin heiðraða nefnd þá æru, að hafa fundið upp þá spurníng, sem er líklega ný í þessari vísindagrein, og það er, hvort lömbin fæðist ekki með kláða, eða og hefði hann í móðurlífi. Þessi spurníng verður líklega, eða ætti að minnsta kosti skilið að verða eins nafnfræg, eins og spurníngin, sem vísindafèlagið danska lagði fyrir fræðimenn á Íslandi á fyrri öld, þegar það spurði, hvernig á því stæði, að ísinn yrði svartur með aldrinum, og svo harður, að honum yrði brennt. Eg skal nú ekki þreyta þíngið leingur, en eg vil innilega ráða því til, að það leitist við, að fá þá einu tryggíngu, sem það getur feingið, og að nefndin komi sèr því saman við hinn háttvirta þíngmann Reykjavíkur, og svo síðan við stiptamtmanninn, um að fá tilsjónina og aðhaldið sem sterkast, til þess að allt verði læknað, sem auðið er að lækna, en því að eins slátrað, sem veikt er og ekki verður komizt yfir að lækna.

Þ. Guðmundsson: Eg hugsaði altènd, að það mundi reka að því, að eg þyrfti að skýra frá feril mínum í þessu kláðamáli. Fyrir fram skal eg lýsa því yfir, að eg þekki bæði Skálholt og Heklu, og hið sorglega kláðafaraldur í Árnessýslu, sem síðan í fyrra haust er búið að gjöra þar svo fjarskamikið illt af sèr. Eg skal þá fyrst geta þess, að nóttina milli þess 23. og 24. september 1856 móttók eg með hraðboða brèf frá landlækni dr. Hjaltalín, hvar í hann biður mig um, að koma daginn eptir út í Ölfusrèttir, til aðgæta ásamt sèr hið kláðasjúka fè, sem þá var komið af afrèttunum, og að gjöra ráðstafanir áhrærandi það, en eg neitaði að koma þángað, af því eg hafði af ráðið að ferðast daginn eptir upp í Flóamannarèttir, til að gjöra þar nauðsynlegar ráðstafanir, ef kláðasjúkt fè kæmi fram þar í safninu. — Þegar eg er þángað kominn, fæ eg að vita, að 3 kindur með kláða hafi sèzt daginn áður í fjárrèttum Hrunamanna, en úr

þeim rèttum geingur árlega mikill úrgángur til Flóamannarètta. Þessar kindur, sem voru frá Bytru í Hraungerðishrepp, höfðu kvöldið áður verið látnar inn í hesthús í Syðra-Lángholti, og var eiganda þeirra sagt til þeirra í Flóamannarèttum, og honum munnlega skipað af mèr þar um daginn, að skera þær strax. Með því nú eg mátti óttast fyrir, að Flóamannafè, sem kom af afrèttunum og var þar í rèttinni, væri grunsamt, jafnvel þótt menn ekki gæti sèð kláða á nokkurri kind, beiddi eg bóndann Guðmund Magnússon á Minna-Hofi, að safna saman á einn háan hól nálægt rèttunum öllum þeim mönnum úr Rángárvallasýslu, sem heimtu sauðfè sitt þar í rèttunum, og bannaði eg þeim að reka fè sitt heim til sín austur yfir Þjórsá, til þess að sýkin ekki útbreiddist til Rángárvallasýslu. Mennirnir gáfu að banni þessu hinn bezta róm, og hlýðnuðust því fullkomlega, með því þeir seldu þetta sauðfè sitt Árnesíngum þar í rèttinni. Sama dag bannaði eg brèflega öllum ferjumönnum á Þjórsá, að flytja nokkra sauðkind austur yfir ána inn í Rángárvallasýslu, og hafa allir þessir ferjumenn nákvæmlega hlýðnazt þessu boði mínu. Við þessa ferð mína upp í Skaptholtsrèttir og ráðstafanir þær, sem eg þar gjörði, var þannig unnin trygging gegn útbreiðslu fjárkláðans til Rángárvallasýslu, og þótti mèr vænt um, að eg ekki fór út í Ölfusrèttir; eg þóttist líka sjá fram á, að það mundi lítt mögulegt *þar í rèttinni*, að aðskilja hið sjúka fè frá því heilbrigða.

Með brèfi frá 29. september 1856, er eg móttók þann 6. október næst á eptir, skipaði amtmaðurinn í suðuramtinu að rannsaka nákvæmlega allt fè í Árnessýslu, og að skera hið sjúka, hvar að auki hann bauð, að tilskipunin af 12. maí 1772 skyldi setjast í krapt. Eg tilkynnti öllum hreppstjórum í sýslunni þetta amtsbrèf, og sendi í alla 13 hreppa sýslunnar eptirrit af fyrtèðri tilskipun *in extenso;* voru það 26 arkir skrifaðar. Hinn háttvirti *forseti* sagði, að hver maður geingi í vasanum með þessa tilskipun af 12. maí 1772, en það held eg ekki sè, því í Árnessýslu eru einúngis 13 skrifuð eptirrit af henni. Hann lèt sèr líka um munn fara, að mjög fátt fè hefði verið sjúkt í Árnessýslu í fyrra haust, en þetta er heldur ekki rètt hermt, því eptir skýrslu, sem eg sendi amtmanninum í suðuramtinu, mig minnir í nóvemberm. í fyrra, fundust við rannsóknirnar í Árnessýslu, eptir því sem mig bezt rekur minni til, hátt á 3. þúsund kláðasjúkar kindur, sem öllum var strax lógað. Af því kláðasýkin allt af fór vaxandi, ritaði eg þann 31. desember stjórninni og stiptamtmanni um þetta sorglega ástand, og lèt í ljósi í því brèfi, að hèldi sýkin

áfram framvegis með sama ákafa, eins og þángað til, uggði mig, að Árnessýsla mundi með öllu verða sauðlaus að ári liðnu; beiddi eg því stjórnina innilega um, að senda duglega dýralækna snemma í vor híngað til landsins, sinn í hverja af þeim af fjárkláðanum meinguðu sýslur, um það leyti sem fèð færi úr ullu; kom þetta af því, að eg var þá sannfærður um, að lækna mætti fjárkláðann, áður en hann magnaðist frekar. Eptir miðjan vetur, þegar vetrarhörkurnar byrjuðu, espaðist sýkin geysilega, og hefir haldið því stöðugt áfram síðan, þrátt fyrir hrósverðar lækníngatilraunir margra hverra af bændum, og sèrlega góða aðhjúkrun fjárins, sem alstaðar var tekið á beztu gjöf strax í fyrra haust, enda voru heyin, er aflað var í fyrra sumar afbragðsgóð. Að vísu var dýralækni Teiti Finnbogasyni af stiptamtmanni falið, þegar leið fram á vetur, að ferðast um suðuramtið til að lækna hið sjúka fè, en þær tilraunir gáfust illa, sem vonlegt var; því bæði var það ofætlun fyrir einn mann, að af leysa vel þetta ætlunarverk, þrátt fyrir að eg skikkaði honum til aðstoðar 66 menn í Árnessýslu; líka vantaði næg meðul, og voru þau ei næg komin, þegar böðun fjárins átti að fram fara í vor, hvers vegna hún sumstaðar fórst fyrir með öllu, en sauðfèð var allt af að hrynja niður fram að Jónsmessu, þrátt fyrir það, að vorið, sem leið, var frá sumarmálum eitthvert hið inndælasta, sem menn muna. Eg þekki bændur í Árnessýslu, sem misstu á einni viku í vor 80 fjár fullorðið úr kláða frá nógum húsum, heyjum og sæmilegum lækníngatilraunum, og var hrunið svona almennt í hinum flestu hreppum Árnessýslu. Upp úr öllu þessu fè náðist ekki svo mikið verð, sem nemur einum skildíng. Haustverð fjárins, meðulin, hið mikla hey, sem fór í þetta fè í fyrra vetur — því reynslan hefir sýnt, að ein kláðasjúk kind er fóðurfrekari en 3 heilbrigðar —, er allt hrunið með fènu og orðið með öllu að eingu. Þessi sorglega reynsla sýslubúa minna á næstliðnum vetri, sem er orðin fjarska-dýrkeypt, knúði mig til, að rita stiptamtmanninum þann 15. maí í vor brèf, hvar í eg lèt í ljósi það álit mitt og hinna skynsömustu manna í umdæmi mínu, að skyldu lækníngarnar hèr í suðuramtinu í vor og sumar ekki gefast svo vel, að þær með öllu hefði getað út rýmt fjárkláðanum, mundi með öllu verða nauðsynlegt, að stjórnin uppábyði almennan niðurskurð sauðfjárins strax í haust í Árnes-, Gullbríngu-, Kjósar- og Borgarfjarðarsýslum, þó einúngis undir því skilyrði, að áður væri feingin öldúngis áreiðanleg og óbifanleg vissa fyrir því, að sýkin ekki þegar eða þá væri komin norður eða vestur. Áður hafði amtmaðurinn í

suðuramtinu, eptir uppástúngu frá mèr, ákveðið, að verðir skyldi setjast á fjöllum uppi í skarðinu milli Hofsjökuls og Lángajökuls, og á Spreingisandsveginum.

Þegar eg, eptir að eg var kominn suður á alþíng, varð þess vísari, að menn grunaði, að kláðasýkin mundi, ef til vill, hafa þreingt sèr inn í norður- og vesturamtið, og á hinn bóginn 2 dýralæknar voru sendir híngað til suðuramtsins með seinasta póstskipi, er kom híngað 20. júlím., var eg með öllu frálallinn almennum niðurskurði sauðfjárins í hinum umgetnu sýslum í suðuramtinu, heldur vildi eg þá einúngis halda eptir ærstofninum, er læknìngatilraunirnar skyldi við hafa á, og þótti mèr ekki nógu tryggjanda fyrir hina fjórðúngana, að leyfa að setja geldfè á vetur, af hverju þeim gæti orðið hætta búin á næsta sumri, og finnst mèr með öllu órèttvíst, að neyða hina ósýktu fjórðúnga með þessu móti, til að halda á næsta sumri hina kostbæru verði á fjórðúngamótunum.

Nefndin hefir með tillögum sínum viljað vernda eignir manna hèr í suðuramtinu frá að falla á næsta vetri, ef til vill, fyrir ekkert verð; líka hefir hún viljað tryggja hina fjórðúngana fyrir, að kláðafaraldrið, þetta óttalega eitur, dreifist út í þá; einnig hefir hún viljað gefa læknunum og þeim vísindum hæfilegt vinnusvið, og gjöra læknìngarnar mögulegar, því hún gat ekki skilið, hvernig það væri mögulegt fyrir 3 lækna, að komast yfir að lækna þann fjárfjölda, sem enn þá skrimtir hèr í suðuramtinu. Eg vona, að hinir heiðruðu þíngmenn sjái, að nefndin ekki hefir verið nærsýn, og að hún hefir bæði munað eptir að vernda eignir Sunnlendínga, og ekki að láta þær gjöra Norðlendíngum og Vestfirðíngum — því þeir eru þó náúngar okkar — og okkur sjálfum, eða öllu landinu óbætanlegt tjón.

Menn hafa hèr talað svo mikið um helgi eignarrèttarins, og skal eg aldrei gjöra lítið úr henni, en verð samt að lýsa því yfir, að menn verða þó altènd að vera nokkuð takmarkaðir í eignarrètti sínum af eignarrètti annara, sem er eins heilagur og vor, með öðrum orðum: eignarrèttur hins einstaka takmarkast og hlýtur að takmarkast af almennri nauðsyn og heill hins gjörvalla. Rètturinn til lífsins er heilagri en eignarrètturinn, og leyfa þó lögin í ýtrustu nauðsyn að svipta annan lífinu öldúngis straffslaust. Þetta nefnist nauðvarnarrèttur. Allir sjá nú líka, að nauðvarnarrèttur á sèr einnig stað í ýtrustu nauðsyn með tilliti til eigna; fæ eg því ei betur sèð, en að Norðlendíngar og Vestfirðíngar hafi fullkominn rètt til, að drepa

þær kláðasjúku sauðkindur Sunnlendínga, sem sækja í sauðfè þeirra sökum vangæzlu þessara á þeim.

Jón Guðmundsson: Hinn háttvirti *forseti* byrjaði hina fögru og laungu ræðu sína á því, að vitna í útlendar ferðabækur um Ísland, þar sem sagt sè, að ekki væri hèr á landi aðrir bæir heldur en Hekla og Skálholt; en slíkar ferðabækur bera ljósastan vottinn um það, hvað hinar siðuðu þjóðir þekkja vel til, hvernig til hagar hèr á landi, hversu áreiðanlegir dómar annara þjóða eru um oss, og þó þær nú kunni að þekkja fleiri bæi hèr á landi, þá mun dómur þeirra um það, hvernig hèr hagar til og hvað hèr henti bezt, verða eins marklaus í þessu máli, eins og meðan þeir ekki þekktu nema Skálholt og Heklu. Það er að vísu aldrei nema gott, að taka upp eptir öðrum þjóðum sem flest af því, sem gott er og til framfara má horfa, en hitt er ekki ráðlegt, heldur heimskulegt, að láta óttann fyrir áfellisdómi þeirra breyta áliti manna á því, sem hèr eigi bezt við, og byggt er á þekkíngunni um það frábrugðið ásigkomulag hèr á landi, sem aðrar þjóðir geta ekkert þekkt til, því sá dómur mun optar verða rángur og byggður í lausu lopti.

Það hefir verið mikið talað um, að nefndin færi helzt til of freklega fram á að skerða eignarrèttinn, þenna máttarstólpa mannlegs fèlags; það dettur nú eingum í hug, að bera í móti þessu, en eignarrètturinn á sèr líka takmörk, eins og hvað annað; hvað er rèttarhærra en mannhelgin, og þó má maður verja líf sitt með því að leggja annan að velli, eins og hinn háttvirti 4. konúngkjörni þíngmaður tók til dæmis, þegar menn eiga líf sitt að verja, og geta það ekki með öðru móti, heldur en því, að verða hinum að bana; rèttur hins einstaka, í hverju efni sem er, má til að víkja fyrir heill og velferð hins almenna; þetta er tilfinníng, og grundvallarregla, sem gjörir sig gildandi bæði hjá skrælíngjum og siðuðum þjóðum. Við hvað verður nú takmörkun eða skerðíng eignarrèttarins að vera bundin hèr í þessu máli? eingan veginn við það, hvort fèð er sjúkt eða ósjúkt, heldur við kríngumstæður og ásigkomulag, sem hèr á landi er einkennilegt og sèrstaklegt, og sem útheimta öðruvísi skerðíngu eignarrèttarins hèr, heldur en í öðrum löndum, til þess að hinum ósjúku hèruðum og almenníngsvelferð megi vera borgið; því þó það eigi vel við í öðrum löndum, að drepa niður hið sjúka fè, þar sem menn hafa nógan mannafla, til þess að geta hæglega aðgreint sjúkt fè og heilbrigt, og sett hvort um sig í sjálfheldu, en þetta hvorttveggja er næsta auðgefið, bæði sakir veðurblíðu, þètthýlis

og að hver maður hefir þar umgirt beitilönd sín, þá mega menn samt til að gánga leingra hèr, heldur en til hins sjúka, þar sem allt fè geingur hèr saman, bæði í byggðum og á fjöllum uppi, og ekki verður lögum yfir annað komið. Menn segja, og halda því fast fram, að það megi með eingu móti skerða eignarrètt manns, þegar um heilbrigt fè er að ræða, en úr eignarrèttinum á hinu sjúka fè gjöra menn ekkert, og það er eptirtektaverð kenníng, að halda því fram, að helgi eignarrèttarins sè horfin, undir eins og kindin er orðin sjúk; en eg vil spyrja, hvort ekki mundi svo fara, að hjá hinum ríka, sem á 400 fjár, muni allt verða *álitið* heilbrigt, en hinir fátækari verða látnir skera niður hverja sína kind, af því fè þeirra sè sjúkt? Þetta er eg sannfærður um að yrði upp á í þessu máli, og eg vil öruggur leggja það undir dóm allra siðaðra þjóða, hvort hèr af leiði ekki það, að menn verði að skerða eignarrèttinn meir, heldur en að eins til þess, að skera niður sjúkt fè; sá, sem á sjúkt fè, en fátt, á einatt eins hægt með að gæta síns fjár svo, að það gjöri ekki öðrum skaða, eins og hinn, sem á það margt, þó það kunni að vera heilbrigðara í þann svipinn, því ekki þarf nema eina kind til að gjöra það allt sjúkt. Það hefir verið talað svo margt um rèttan skilníng á tilsk. frá 1772, að eg skal ekki karpa um hann í þetta sinn; tilsk. ber það sjálf með sèr, bæði í inngánginum, í 1. gr. og 8. gr., að hún geingur út frá því, að *allt* fè sè sjúkt eða „spillt" í þeim hèruðum, þar sem sýkin var komin, og því skipar hún að skera *allt* fè niður í þeim hèruðum, eins og líka var gjört, þó það væri ekki gjört í öllum hèruðum á sama árinu, eða því fyrsta ári, sem tilskipunin var hèr lögleidd; og því vil eg biðja hinn heiðraða þíngmann Reykjavíkur, að setja sig betur inn í skilníng tilskipunarinnar, því þenna skilníng mun hver lagamaður hafa lagt í hana, þegar hún kom út og henni var framfylgt, og verða að leggja í hana enn í dag. Hinn háttvirti *forseti* tók það svo opt fram, að menn ætti að bjarga því, sem bjargað yrði; eg er því að öllu leyti samdóma, en þó með því skilyrði, að öðrum hèruðum, sem hafa heilbrigt fè, sè ekki skaði búinn; og þessa hefir nefndin líka gætt; það hefir verið sagt, að nefndin hafnaði lækníngum; nei! hún vill einmitt hafa lækníngar fram, en hún vill gjöra þær mögulegar, og vill ekki takast það í fáng, að reyna til að láta lækna allan þenna grúa, sem nú er til af fè, því það yrði ekki mögulegt, enda þótt dýralæknir væri á hverjum bæ, það væri tómur hugarburður, að hugsa sèr, að hafa hèr fram lækníngar með þessu móti; og þótt hinn hátt-

virti *forseti* vilji bregða mönnum um það, að þeir í þessu máli gángi með tilsk. 1772 í hjartanu, eða í vasanum, eins og hann sagði, þá held eg menn verði að gá að því, að eingar af þessum kláðalækníngum sè formandi, nema menn hafi fyrir hið sjúka fè nóg og gott fóður allan veturinn út í gegn, góð fjárhús og nægan mannafla, til að hirða það og hjúkra því; þetta er skilyrðið fyrir að hafa fram lækníngar á kláðafè, og geta haft þær fram í öllum öðrum löndum, og það segir sig líka sjálft. Eg held, að mjög margra undanfarinna ára reynsla hafi bezt sýnt, hvernig menn hirða hèr heilbrigt fè, og þá vil eg spyrja, hvort slík hirðíng muni verða holl á sjúku fè; hvort nokkurt vit sè í, að hugsa til að lækna kláðafè, sem eru ætlaðar útigaungur, hve nær sem jarðir eru uppi, og það með mjög misjafnri hirðíngu; eða vita það ekki allir, að sauðfènaði, einkum hèr á Suðurlandi, er upp og ofan ekki ætlað nema frá 6—8 vikna gjöf allan veturinn, eða með öðrum orðum, að vart $^1/_5$—$^1/_6$ af þeim fènaði, er menn setja á, er ætlað fullt fóður allan veturinn út? Eg veit, að menn munu svara: Vèr viljum koma mönnum til, að leggja af vanhirðínguna, og til þess að bæta fjárræktina. Allir verða að játa, að það væri æskilegt, og að þess er mesta þörf; en þeir, sem þekkja nokkuð til í sveit, munu allir vera mèr samdóma í, að þessu getur ekki orðið framgeingt svona í einum rykk. Og þegar hinn háttvirti *forseti* fór að leiða rök að því, að lækníngarnar væri vel mögulegar, þá gat hann þó ekki nefnt, nema eina 4 menn, sem hefði tekizt nokkurn veginn að lækna fè sitt, — eina *fjóra* menn, takið þið vel eptir því! er þetta ekki bein sönnun fyrir því, að lækníngarnar verði óvinnandi og ómögulegar fyrir almenníng með sama fjárgrúa og sömu aðferð? en fyrst að hann hefir nafngreint menn, þá vil eg líka leyfa mèr, að nefna aðra merkisbændur, sem ekki sjá annað úrræði í þessu máli, heldur en talsverðan niðurskurð; tel eg þá helztan Magnús bónda Jónsson í Austurhlíð; allir vita, að hann er einn hinn merkasti maður, skynsamur og reyndur bóndi, og hann hefir sagt við mig fyrir fáum dögum: Ef menn af ráða ekki algjörlegan niðurskurð, þá vil eg láta tiltaka þá mestu ærtölu, er hinir beztu bændur megi á setja, því með þessu eina móti er hugsanda til, að reyna lækníngar, en ekki með því, að láta alla vera sjálfráða um, hvað mikið þeir setji á. Eg veit, að meiníngar manna eru misskiptar um þetta mál, og það er eðlilegt, en eg fer ekki eptir meiníngum einstakra manna, heldur eptir því, sem eptir eðli hlutarins og órækri reynslu, og hinu sanna ásigkomulagi hèr á landi verður að álíta hið eina úrræði, til þess að lækníngarnar verði

ekki til einkis, og öllum kostnaðinum, sem af þeim leiðir, hirðíngunni og fóðrinu, sem til er kostað, eins og kastað í sjóinn, og þetta úrræði er takmarkaður niðurskurður. Hinn háttvirti *forseti* rèð þínginu til, að fara mest eptir tillögum dýralæknanna, bæði í því, hvað margt og hvaða fè skuli setja á, og hvernig skuli lækna; eg vil trúa dýralæknunum fyrir læknîngunum, fyrir að skýra frá eðli sjúkdómsins, og hvaða meðul og læknîngaaðferð eigi bezt við hann, en ef þeir fara að gefa ráð um það, hvað margt fè og hverrar tegundar hèr sè hentast að setja á, og um annað, sem snertir sèrstakt ásigkomulag þessa lands, þá hefi eg þau ráð þeirra og tillögur að eingu marki, því þeir hafa þar á ekkert vit; eg held og, að ekki dugi, að miða við skýrslur þessara fáu manna úr Árnessýslu, eða byggja á þeim, að allt megi lækna, því eins og ein svala gjörir ekkert sumar, eins eru læknîngatilraunir þessara fáu manna eingin sönnun fyrir, að almennar læknîngar geti tekizt með sama fjárfjölda; þvert í móti, það er fram komin sönnun fyrir, að almenníngi sè ekki mögulegt að lækna, nema því að eins að fjártalan sè mjög svo takmörkuð, fyrst að svo fáum sem eingum hefir tekizt það, ekki nema þessum fáu svölum. Það er og eintóm svala í loptinu, að hugsa sèr að umskapa alla á einu ári eptir þessum 5 mönnum, og að geta steypt alla í sama mót, sem þá, og naumast verða einhlítar til þess hreppanefndirnar, er hinn heiðraði varaþíngmaður Reykjavíkur hefir stúngið upp á, og sem menn hafa rèttilega kallað kastala í loptinu, og eg verð að álíta allt þetta frumvarp hans líkast því, þegar menn eru að banda eða „fikta“ í lausu lopti; eg er á því, eins og eg hefi áður sagt, að ekki verði gefnar neinar bætur fyrir það, sem skorið er niður í haustholdum, og ætla eg, að uppástúngur nefndarinnar sè ekki í því tilliti lakari, en uppástúngur varaþíngmannsins, því eg má spyrja, ef allt veikt fè er skorið niður allan veturinn fram á vor, eins og hann vill láta gjöra, og það bótalaust, hvort það sè ekki töluvert meiri skaði, sem bændum er þar með búinn, heldur en með haustskurðinum, sem nefndin hefir stúngið upp á; nefndin hefir og alls ekki veikt traust manna á læknîngum, heldur að eins viljað gjöra þær mögulegar; en hreppanefndir varaþíngmannsins, sem ávallt eiga að vera á flugferð, haust vetur og vor, og hverju sem viðrar, gjöra sannarlega allar læknîngatilraunir ómögulegar, að minnsta kosti eiga þessir nefndarmenn ekki hægt með að hafa fullt eptirlit með fè sjálfra þeirra, og læknîngatilraunum við það, þegar þeir eiga að vera svona allt af fjærri heimilum sínum. Hinum háttvirta varaþíngmanni Reykjavíkur tókst sann-

arlega í gær að tala mig í rot, í orðsins eiginlegasta skilníngi því hann talaði svo fjarskahátt, en mèr var illt í höfðinu undir, svo að eg gat ekki svarað honum, þó eg hefði viljað, en það vildi svo vel til, að aðrir þíngmenn náðu í vænginn á honum, og það í þeim efnum, sem honum eins og menntuðum manni hefði átt að vera fært að gánga frá lýtalaust, t. a. m. um það, hvort mannfellirinn 1784—5 hefði leitt af niðurskurðinum 1772—1778, og eins um reikníngsdæmi það, sem hann setti upp viðvíkjandi arði af fènaðinum, sem skera yrði niður; þegar honum hefir nú skjátlazt svo mjög í þessu, sem hann ætti að hafa vit á, þá er eingin furða, þó hann fari flatt í þeim efnum, þar sem hann hefir einga reynslu fyrir sèr. Einn þíngmanna spurði hann um, út af 12. gr. í uppástúngum hans, hvernig færi, ef einhver búandi ræki sjúkt fè á afrètt, því ekki yrði auðgefið að sanna upp á hann, að fèð hefði verið veikt, þegar hann rak það, þó að það fyndist seinna sjúkt á afrèttinni, en þá sagði hann: það fer þá eins um þessa ákvörðun, eins og hverja aðra, sem ekki verður sèð fyrir endann á, og ómögulegt er að fram fylgja, að hún fellur um koll af sjálfu sèr; en svona eru allar greinirnar í uppástúngum hans, að þær falla um sjálfar sig. Hinn sami heiðraði þíngmaður sagði, að nefndir sínar væri eins góðar og nefndirnar, sem þíngnefndin hefir stúngið upp á, að hennar hreppanefndir hefði eins mikinn og vandasaman starfa, eins og hans nefndum væri ætlaður, en eg ætlaði þó þíngmanninum svo mikið, að geta gjört mun á 3 og 10, eða á því, að hans nefndir eiga að hafa fram 10 skoðanir á 10 mánuðum, nefndirnar, sem vèr höfum stúngið upp á, ekki nema 3 skoðanir alls; en eins og starfi sá, sem þíngmaðurinn leggur sínum nefndum á herðar, er töluvert meiri, þá er hann einnig allt öðruvísi, því það er allt annað, að kasta lauslega tölu á fáar kindur, eða að skoða margt fè í krók og kríng, til að fullvissa sig um, hvort nokkur kláði sè í þeim; en það getur verið, að þíngmanninum sè ekki þessi mismunur ljós, því hann hefir víst lítið feingizt við kindur; þar á móti hafði sami háttvirti þíngmaður rètt í því, að eg í gær hafði misskilið hann um, að hann vildi láta skera sjúkt fè niður að vorinu eða sumrinu, áður en rekið væri á afrètti; en það kom til af því, að eg hugsaði, að fyrst hann nú einu sinni hafði læst sig í lagðinn á stiptamtmanninum með allar aðrar uppástúngur sínar, þá mundi hann ekki hafa sleppt honum í þessu eina atriði, og eg held það hefði verið betra fyrir hann, að halda í stiptamtmanninn einnig í þessu atriði, því þá hefði verið sèð fyrir því, að ekkert sjúkt fè væri rekið á afrètt, en

nú er eingin tryggíng fyrir því eptir 12. gr. í uppástúngum hans. Þá vildi hinn sami heiðraði þíngmaður ekki með neinu móti segja mèr það í gær, hvað nefndir hans mundi kosta, því hann hefir þó heitið þeim þóknun fyrir starfa sinn; eg álít mèr því skylt, að nálgast hann og segja honum frá því; það eru nú 176 hreppar í öllu landinu, og gjörum, að 5 menn verði að meðaltali í hverri nefnd, og fyrir ferðir og skoðanir um hreppinn einu sinni um mánuðinn í 10 mánuði getur maður ekki gjört neinum minna, en svo sem eins mánaðar kaup eða 1 rdl. um daginn; það yrði 26,400 rdl, sem kastað væri út fyrir alls eingan árángur, því nefndum hans er ekki ætlað neitt vinnanda verk.

E. Ó. Kúld: Eg vildi svara hinum háttvirta *forseta* fáeinu, því eg virði mikils ráðleggíngar hans, þó að þær hèr fari í gagnstæða stefnu við skoðun mína á málinu; hann kom fram með vitnisburð nokkurra manna í Árnessýslu, og skal eg eingan veginn reingja þessa menn, nè skýrslur þeirra, en mig vantaði nokkuð í endann á frásögn Hannesar Hannessonar á Þórustöðum, sem hefir læknað 210 kindur; hann hefir talað við nokkra þíngmenn og sagt þeim, að kláðinn væri farinn að magnast aptur, síðan hann baðaði eptir leiðsögninni í vor. Eg held, að menn hafi ekki mikið traust á þessum lækníngum hèr fyrir sunnan, því eg hefi heyrt borið frá prestinum á Þíngvöllum, sem þó er talinn góður búmaður, að hann ætlaði að setja einar tólf ær á vetur, einúngis sèr til gamans, en lóga öðru fè sínu. Fregnin um veiki í hinum ömtunum eru næsta lausar og óáreiðanlegar, enda virtist mèr hinn háttvirti *forseti* ekki heldur byggja mjög mikið á þeim. Það hefir verið sagt, að uppástúngur nefndarinnar muni verða fyrir álasi af öðrum þjóðum og áfellisdómi, en eg vil sjálfur gángast undir hann fúslega, því hann verður að líkindum ekki mjög áreiðanlegur; eg vil út rýma fjárkláðanum, en ala hann ekki í landinu; af því kunna að leiða vandræði og mannfelli; eg hefi fulla sannfæríngu um þetta í þessu máli, og að gefa atkvæði móti henni, get eg ekki með góðri samvizku, en hana vil eg ekki láta fyrir dóm annara, sem lítið eða ekkert þekkja til, hversu hèr hagar til á landi voru; en eg er líka ekki hræddur um, að þessi áfellisdómur komi. Frumvarp til laga, lagt fyrir landsþíngið 3. des. 1856, um lækníngar á heimadýrum í Danmörku til tekur í 3. gr., að loka skuli fè inni; hèr er það ei mögulegt, og því verðum við að taka verðina í þess stað, og það sýnir, að verðirnir eru óumflýjanlegir, og þetta er veruleg ástæða fyrir því, að hafa ekki nema ær, því með því

kemst maður fyrir það, að kosta upp á verðina, sem útheimta ærið fè, en ærnar eru þar að auki arðmesti og bezti stofninn. Eg skal ekki mæla meir að sinni, og eg mun ekki optar standa upp, til að mæla fram með nefndarálitinu.

P. Gudmundsson: Af því eg áskildi mèr breytíngaratkvæði um ærtöluna við 2. gr., þá verð eg líka að áskilja mèr breytíngaratkvæði við 10. gr., af því hún stendur í sambandi við 2. gr., að orðin: „innan þeirrar tölu, sem til er tekinn í 2. gr.“, falli úr, og svo vil eg áskilja mèr viðaukaatkvæði um það, „að þeir, sem byggja á umflotnum eyjum, væri undanþegnir niðurskurðinum eptir þessum lögum“.

H. Kr. Friðriksson: Það er vel farið, að eg hefi þó getað rekið hinn háttvirta *varaforseta* í gær, og hefir hann orðið sjálfur að játa það, þar sem hann sagði, að eg hefði rotað hann; enda reyndi hann alls eigi til, að koma með svo mikið sem eina ástæðumynd gegn því, er eg sagði; því það get eg ekki kallað ástæðu, þótt hann segi, að eg þekki ekki fjárhirðíngu, því eg þekki hana, og ef til vill eins vel og hann. Hinn háttvirti *varaforseti* og hinn háttvirti 4. konúngkjörni þíngmaður gjörðu mikið úr varnarrèttinum, og tók annar þeirra það fram, að maður mætti jafnvel drepa mann, ef svo bæri undir; eg veit gjörla, að svo er, ef maður á hendur sínar að verja, en það er líka skilyrðið, það er jafnan *neyðarúrræðið,* sem þessi rèttur er bundinn við; og eins mætti víst drepa niður fèð hèr fyrir sunnan, ef sýkinni eigi yrði varið með öðru móti frá að flytjast inn í hin ósýktu hèruðin; en má eg þá spyrja: er hèr ekkert annað ráð fyrir hendi, en að drepa heilbrigt fè niður fyrir mönnum bótalaust? Það hefir verið sagt, að eg vildi líka skera niður; það er satt, en sá er munurinn, að eg vil láta skera sjúkt fè, en nefndin heilbrigt fè. Menn segja, að bændur vilji sjálfir skera niður geldfè sitt; gjöri þeir svo vel; eg skal ekki banna þeim það, en eg vil ekki heldur neyða þá til þess; eg vil að hver skeri, sem vill, en að þeim, sem vill hirða fè sitt og lækna það, gefist kostur á því, þegar honum er trúanda fyrir því. Menn hafa og orðið til að finna að reikníngi þeim, er eg kom með í gær, en eg hugsa, að menn þurfi þó varla að vita miklu meira í reikníngi, en kennt er í reikníngsbók hins heiðraða *varaforseta,* til að vita, að 45,000 rdl. × 2 sè 90,000 rd., og þetta kostar að minnsta kosti tiltæki nefndarinnar á ári, því að arðurinn af geldkindinni er að minnsta kosti 2 rdl. um árið, og í þeim 3 sýslum, sem hún vill skera niður í, er geldfè að minnsta

kosti 45,000. Þenna reikníng hefir enn einginn hrakið. Hinn háttvirti *framsögumaður* sagði, að eg hefði ekki tekið hirðíng fjárins með í reikníninn, en það er mjög skiljanlegt, því menn lifa einmitt á hirðíngunni. En eg vil nú spyrja hina heiðruðu nefnd, og einkum hinn háttvirta *framsögumann,* hvaðan hann ætlar að taka gjöld af lausafè til prests og kirkju, til konúngs og fátækra, til jafnaðarsjóðsins, o. s. frv., þegar hann er búinn að láta skera allt geldfè niður í 3 sýslum. Þetta og annað eins í nefndarálitinu hugsa eg að sanni, hversu allt er hjá henni byggt í lausu lopti. Það hefir verið fundið að þessari fjártölu minni, að eptir henni yrði geldfè minna í þessum 3 sýslum 1856, en nú eptir skýrslu minni; en mèr finnst þetta allt mjög svo skiljanlegt; því að sannleikurinn er, að fjárfellirinn úr kláðanum hefir ekki verið svo mikill, sem orð er á gjört, enda held eg mèr sè óhætt að fullyrða, að ekki hafi drepizt fleira úr kláðanum, heldur en úr bráðasóttinni áður, þar sem að dó 100 fjár á einum bæ í Norðurlandi á skömmum tíma, og þó vill einginn gjöra við því. Menn hafa þótzt hafa rekið á mig stampinn fyrir það, er eg sagði í gær, að mannfellirinn 1784—85 hefði meðfram komið af fjárskurðinum, sem þá var ný geinginn úr garði. Eg veit nú, að hinn háttvirti *varaforseti* og þíngmaður Rángæínga eru vel að sèr í sögu landsins, og þó hinn háttvirti þíngmaður Árnesínga enn betur, en þó verð eg að ætla, að Hannes biskup Finnsson hafi þó vitað þetta eins vel, og eg trúi honum öllu betur; hann segir svo frá: „1780 var af undangeingins árs bágindum meiri bjargræðisskortur, en menn í lángan tíma höfðu reynt, því kúpeníngur gjörði lítið gagn. Sauðfè hafði verið gjörsamlega niðurslátrað vegna fjársýkinnar. Í mörgum sýslum hafði búfólk fátt sauðfè, og margir höfðu geingið nærri sèr, til að kaupa það til viðkomu. Þetta kreppti þá að þeim á tvennan hátt, bæði að lítilll sauðfjárstofn var til, flest þó úngt og óhagvant, er illa gekk vetur, og líka að andvirði þessa tilkeypta fjár hafði minnkað eigur kaupendanna“. Reki menn þetta ef þeir geta (heyrið, heyrið!); það liggur líka í augum uppi, að eins og hver einstakur maður eigi er fær um að taka harðærinu, er hann hefir misst eigur sínar, eins verður að hafa verið um landið allt. Menn hafa og sagt, að fjárstofninn hafi komið undir eins upp aptur, og það svo fljótt, að fè hafi verið orðið því nær eins margt 1783, eins og það var fyrir niðurskurðinn, en M. Stephensen segir svo frá í eptirmælum 18. aldar, að árið 1760 hafi allur sauðfènaður verið 500,000, en 1783 ekki nema 232,000; af þessu má sjá, að nokk-

ur hnekkir hefir orðið fyrir landið af niðurskurðinum, þar sem fjárfjöldinn 1783 eigi var einu sinni helmíngurinn af því, sem hann áður var, og vil eg skjóta því til dóms allra skynsamra og óvilhallra manna, hvort þetta muni ekki hafa leitt með fram af boðum tilskipunarinnar 1772; eg þori og að leggja þessa tilskipun fyrir hvern lögfróðan mann, með eins miklu trausti og *varaforseti*, og mun hann hvergi finna það í henni, að boðið hafi verið að skera niður annað, en sjúkt fè; eg fyrir mitt leyti þykist vita, að fleira var skorið, en það var eigi tilætlun tilskipunarinnar, því að annars gæti hvorki M. Stephensen nè J. Eiríksson sett upp svo mikið hól á Erlend Sigurðsson fyrir þá föðurlandsást, er hann hefði sýnt með því, að skera niður allt fè sitt heilbrigt, og mundi þeir ekki hafa gjört það, ef þeir hefði talið hann skyldan til að skera; ef hin heiðraða nefnd og *framsögumaður* vill ábyrgjast, að ekkert tjón leiði af því á eptir, og eingin harðæri komi að minnsta kosti 10 árin næstu, þá skal eg gjarnan játa, að landið geti staðizt það tjón, er það bíður af niðurskurðinum. Það hefir opt verið tekið fram, að menn vildi því að eins almennan niðurskurð, að fè væri heilbrigt með öllu annarstaðar, en nú vita menn, að kláði er í hinum ömtunum, og er hægt að sannfærast um það, því að eg hefi hèr fyrir mèr lýsíngu hèraðslæknis Jóseps Skaptasonar, og hafa 30 Sunnlendíngar og það margir skynsamir menn, skrifað þar á, og boðizt til að sverja það, að lýsíng þessi væri einmitt lýsíng á kláðanum á Suðurlandi, eins og hann var hèr í fyrra sumar. Eg hefi hèr og brèf frá sýslumanninum úr Mýrasýslu núna í vor, og þar er svo aðorði kveðið:

„Í haust er leið, þann 19. október, barst mèr sú fregn frá Hvítársíðu, að á Bjarnastöðum í hrepp þessum hefði fundizt ein kind með kláða; skipaði eg því strax samstundis hreppstjóranum í Hvítársíðu, ásamt með tveimur helztu og skynsömustu bændum í hreppnum, að fara fram að Bjarnastöðum, og skoða þar allt fè, og taka þessa veiku kind og drepa hana, sem líka var gjört. Síðan var skoðað allt fè í hreppnum, af hreppstjóra og þeim þar til kvöddu mönnum, og fundust fáar kindur veikar, en þar sem þær hittust, voru þær drepnar. Síðan sendi eg brèf til hreppstjóranna út um alla sýsluna, til að skoða fèð á hverjum bæ, ásamt með þar til kvöddum mönnum í hverjum hrepp, og fór skoðun sú fram seinustu dagana af októbermánuði, og fundust þá kláðsjúkar kindur á mörgum bæjum, en allar þær vestu af þeim voru drepnar“. . . . „Þar sem vart varð við kláðann, var öllu fè, sem veikin fannst í, haldið

út af fyrir sig, og samgaungur bannaðar milli fjárins á bæjum þessum við fè nágranna og annara. Kláðinn sýndi sig helzt sem þurran neglíngskláða, bólurnar rauðleitar niður við, en með hrúðri í kollinum, mest í nárum og undir bógum fjárins niður á fætur. Líka voru, þar sem kláðinn var vestur, í herðakambinum bólur gulleitar á lit, líkar smákýlum, sem stóðu nokkuð djúpt inn í hörundið á sumum kindunum, en flestar af kindum þessum voru drepnar; hinar voru út af fyrir sig, og batnaði annaðhvort af sjálfu sèr, eða með því að brúka, eins og eg ráðlagði við lömbin á Jarðlangsstöðum, sem flestöll voru veik, smyrsli af tjöru og tólk með brennisteini og tóbakslög. Síðara hluta nóvembermánaðar gjörði hèr hart norðanskot og jarðleysur um suðurhluta sýslunnar, og voru þá á flestum bæjum kindur teknar í hús, og bar þá lítið á kláða í þeim, nema á Stórafjalli og Gröf, hvar óþrifin sýndu sig í frekara lagi, en þar voru kláðameðul brúkuð, og þó að fènu batnaði seint af smyrslunum á Stórafjalli, þá var þó við skoðunargjörð, er eg lèt hreppstjórann í Álptaneshrepp gjöra þar í miðjum marz, fèð alveg kláðalaust og beztu þrif í því. Kláðinn sýndi sig í vetur mest sem þurrakláði eða hrúður um snoppu og fætur fjárins, en sem annaðhvort batnaði af sjálfu sèr, eða við brúkun smyrslanna".

Af þessu má það ráða, að kláðinn hefir verið í Mýrasýslu, og að kláðinn hefir verið þar læknaður, og að þar hefir hinu sjúka fè verið haldið aðgreindu frá hinu ósjúka; og ef því verður við komið í Mýrasýslu, þá má sannarlega koma því eins við hèr í suðursýslunum; það hefir verið fundið að hreppsnefndum mínum, að þeim væri ekki trúanda, en eg held þó, að ef trúa má hreppsnefndum þrisvar, þá megi og trúa þeim 10 sinnum. Það er satt, að eg legg þeim meiri byrði á herðar, hreppsnefndunum, en nefndin hefir gjört; en eg ætla þeim líka þóknun; eg ætla og, að allir þakki og taki vel góðum ráðum nefndanna, enda tel eg sjálfsagt, að hinir skynsömustu bændur verði fyrir kosníngum, og þeir muni þá gjöra meira og annað, en skemma hverjir fyrir öðrum; en geti samt hinn heiðraði *varaforseti* fundið meira aðhald, en eg hefi gjört, þá skal eg manna fúsastur fallast á það. Þar sem það hefir verið fundið að 12. gr. í uppástúngum mínum, að verði það ekki sannað, að búandi hafi rekið sjúkt fè á fjall, þá verður honum ekki hegnt; en svo er þessu og varið með þjófinn; verði hann ekki sannur að sök, þá er honum ekki hegnt, og svo er það með hvert lagabrot. Nefndin hefir einúngis barið uppástúngur mínar niður, en ef grundvöllur nefndarinn-

ar væri ekki rángur, þá skyldi eg hafa reynt að lagfæra uppástúngur hennar; en það er rángt, þar sem hún setur lög um 3 sýslur einar, en lætur allar hinar vera lagalausar; hefði hún látið ein lög gánga yfir land allt, þá var öðru máli að gegna; en í 21. gr. hefir hún allt aðra reglu í hinum sýslunum, og skapar þannig tvenn lög í landinu, og þá er illa að verið. Það er eins og nefndin hafi ekki heyrt: „með lögum skal land byggja, en með ólögum eyða"; og það kalla eg ólög, er neyða skal menn til að selja eign sína fyrir ákveðið verð, enda stendur í ástæðunum fyrir uppástúngum amtmannanna, að fyrir þeirri ákvörðun verði eingin rèttlætíng fundin nema nauðsynin ein. En hvernig verður því komið við, að neyða menn til að selja sèr í skaða? og eg get sannarlega ekki kastað þúngum steini á Norðlendínga og Vestfirðínga, þótt þeir selji fènað sinn við sem mestu verði þeir geta, enda er hætt við, þegar fènaður fækkar í landinu, að hann hækki talsvert í verðlagsskránni, og hann verði Sunnlendíngum fulldýr. Þar sem menn segja, að lækníngarnar hafi mistekizt, þá verða menn að gæta þess, að þær hafa ekki verið reyndar nema um 2 mánuði, og það er eingin reynsla; eg vil láta fækka fè, bæta hús og hirðíngu, og gjöra allt til, að þeim verði hegnt, sem ekki hlýða lögunum, og ábyrgðin lendi á þeim, sem eigi fara að skynsamlegum ráðum, og tilsjónin verði sem traustust, og með þessu er feingið það aðhald, sem feingizt getur.

Framsögumaður: Hinn háttvirti *forseti* hefir tekið fram mörg atriði í þessu máli, og fært röksemdir fyrir þeim, en hinn háttvirti *varaforseti* hefir svarað því flestu, svo eg get verið því fáorðari; það var einúngis ein ástæða hjá hinum háttvirta *forseta,* sem eg vildi svara; hann var hræddur um, að ef aðgjörðir þíngsins færi í sömu stefnu og nefndin, þá mundi það spilla fyrir málinu hjá stjórninni, þar sem nefndin stíngur upp á að fækka fè, og þar með mundi áhugi manna á lækníngunum veikjast; eg get þó ekki sèð, að ástæða þessi sè næg nè gild, því nefndin ætlar mönnum ærstofn handa dýralæknum, til að reyna sig á, og þeir hafa einmitt játað, að fækka yrði fè; en það getur ekki deyft áhuga manna á lækníngunum, enda þótt þíngið skipi eða leggi það til, að skera geldfè, því þótt það fregnist heim í sveit, þá berst það líka, að þíngið hafi ætlazt til, að ærstofn væri látinn lifa, og með því nú, að áhuginn getur ekki dofnað á því, að láta lækna ærnar, og hann getur ekki dofnað fyrir geldfè, meðan það er á fjöllum uppi, þá get eg heldur ekki sèð, að uppástúngur nefndarinnar, þótt þíngið fèllist á þær, hindri lækníngatil-

raunir, þángað til staðfestíng getur feingizt frá stjórninni, heldur miklu fremur styrki þær. Eg fellst með öllu á það, er hinn háttvirti *forseti* sagði, að úngir menn væri sendir úr hinum ömtunum til að læra hjá dýralæknunum hèr; en þar sem hann var hræddur um, að uppástúngur nefndarinnar mundu virðast nokkuð skrítilegar í augum annara þjóða, þá held eg það gjöri lítið til, þó einhverjir spjátrúngar á Kaupmannahafnar götum kunni að henda gaman af þeim, ef þær að öðru leyti eru skynsamlegar og nauðsynlegar vegna kríngumstæðanna, og yfir höfuð held eg ekki verði hætt við því, að þessar uppástúngur verði víðfrægar, því það eru sèrstaklegar ákvarðanir fyrir Ísland; en hvort spurníngin, sem nefndin átti að leggja fyrir dýralæknana, verði nafntoguð eða ekki, um það vil eg eingu spá, þó eg reyndar hafi heyrt, að hörundsveiki gæti geingið í erfðir, og ef svo er, þá er spurníngin ekki svo kátleg, eins og einstakir menn kynni að ætla. Hinn háttvirti varaþíngmaður Reykjavíkur sagði, að nefndin hefði ekki gjört annað en að rífa niður uppástúngur sínar; þetta getur nú verið, en það var einmitt af sömu ástæðum, sem hann þóttist hafa haft til þess, ekki að laga uppástúngur nefndarinnar, að nefndinni þótti grundvöllurinn fyrir uppástúngum hans óhæfur; eg fyrir mitt leyti hefði óskað, að hinn heiðraði þíngmaður hefði lagt til grundvallar atkvæði stiptamtmanns; mèr þykir uppástúngur hans of margbrotnar og mótsagnir í þeim, hvað grundvöllinn snertir. Hinum heiðraða þíngmanni hefir og orðið það á, að skerða eignarrèttinn, sem hann hefir þó líklega ætlað að forðast, þar sem hann hefir ætlað að framkvæma allt með ráðleggjandi nefndum, en út af þessu ber þó í 10. gr., þar sem segir: „þá skal hreppsnefnd taka sauðfènað hans og lækna, eða skera að öðrum kosti, og skal honum það að eingu bæta“. Hèr fær hin ráðleggjandi nefnd hans framkvæmdarvald, og í 7. gr. er henni aptur gefið framkvæmdarvald, þar sem sagt er, að ef eigandinn er óhæfilegur til að greina hinar sjúku kindur frá hinum heilbrigðu, þá er henni frjálst að láta skera sauðkindur þær, er þannig sýkjast, auk þess, sem í sömu grein er mótsögn, því þar er sagt, að ef nokkur sauðkind verður veik eptir nýár, þá skuli hana tafarlaust aðskilja frá hinum ósjúku, en áður í greininni er gjört ráð fyrir, að eigandinn sè óhæfur til að aðgreina fè sitt; það ætti þá að vera, að eigandinn skyldi koma hinum veiku kindum fyrir á annan bæ, en það held eg sè lítt mögulegt um hávetrardag. Eg get því ekki fallizt á uppástúngur hins heiðraða varaþíngmanns, eins og þær eru, en það kynni að mega laga þær. Þíngmaðurinn

vill ekki neyða menn, en hann hefir þó sjálfur neyðzt til, að neyða aðra, og þetta held eg sanni, að það verður aldrei komizt hjá, að neyða suma, að vísu ekki hina hyggnu, heldur hina, sem ekki kunna ráð fyrir sèr; hann hefir neyðzt til að taka þær ákvarðanir, sem grípa inn í eignarrèttinn, en það hefir nefndin ekki viljað gjöra, enda þótt hún hafi neyðzt til, að neyða vilja manna. Hinn heiðraði þíngmaður getur því ekki tekið hart á því, þó nefndin hafi ráðið til, að láta drepa geldfè í hinum fjársjúku hèruðum.

Á. Einarsson: Eg ætlaði mèr ekki að leingja þíngræðurnar þessu máli viðvíkjandi, þær eru orðnar nógu lángar samt. En eg sè, að hèr er ekki til góðs að gjöra. Hinn háttvirti *framsögumaður* hefir með svo skynsamlegum ástæðum hrakið mótbárurnar á móti nefndarálitinu, að eg ekki sè mèr fært að bæta neinu við það, og eg vil ekki vera að taka það upp aptur. Samt sem áður skal eg leyfa mèr að fara fáeinum orðum um formspursmálið, sem komið hefir til umræðu bæði í dag og í gær. Menn hafa talað um, að nauðsyn væri fyrir þíngið, að koma sèr saman við stiptamtmanninn, sem í þessu tilliti mest væri komið undir, hvað framkvæmdina snertir; þetta væri mikið æskilegt, ef þess væri kostur; sömuleiðis hafa menn talað um, að gott væri að fá samþykki *konúngsfulltrúans* sem amtmanns í vesturamtinu, en einginn hefir þar á móti minnzt á, að fá samþykki amtmannsins í norðuramtinu, og þó hafa menn í öðruhvoru orði gjört ráð fyrir, að kláðinn væri í öllum ömtunum. Setjum nú svo, að bæði stiptamtmaður og amtmaðurinn í vesturamtinu fallist á ákvarðanir þíngsins, en amtmaðurinn fyrir norðan afsegi að framkvæma þær, hvað er þá til bragðs að taka? Menn hafa líka verið að tala um það, að vafasamt væri, hvort stiptamtmaðurinn gæti framkvæmt ályktanir þíngsins, þó stjórnin staðfesti þær, en eg vona, að þíngmenn muni — að minnsta kosti er mèr það ekki úr minni liðið —, að honum hèrna um árið fullkomlega tókst að framkvæma skipanir stjórnarinnar. Samband þíngsins við stiptamtmanninn skil eg ekki hvernig getur verið, því meðan innanlandsstjórn vorri er hagað eins og enn er, á hann einúngis að standa *stjórninni* reikníngsskap sinnar ráðsmennsku, en fyrir þínginu hefir hann einga ábyrgð; hefði hann ábyrgð fyrir þínginu, mundi þíngið, ef hann skorðist undan að framkvæma ályktanir þess, vita, hvað til síns friðar heyrði. Jafnvel þó þíngið fái vald til að gefa bráðabyrgðalög, hafa amtmennirnir einúngis stjórninni að svara til þess, hvort þeir framkvæma þau, ef stjórnin skipar þeim það, en fyrir þínginu hafa þeir,

jafnvel þó þeir fallist á uppástúngur þess, einúngis siðferðislega ábyrgð. Það getur nú rekið að því, að hinn heiðraði þíngmaður Reykvíkínga sendi stjórninni, eins og hann hótaði, minnahluta-uppástúngu sína, samkvæmt 61. grein í alþíngistilskipuninni, og að stjórnin samþykki hana, og verða þá amtmennirnir líklega að fylgja henni. Eg hræðist nú ekki svo mjög hótanir hans um, að senda ágreiníngsuppástúngur sínar, því menn vita, að slíkt hefir áður verið gjört, og eg að minnsta kosti hefi ekki séð, að mikið hafi út af því komið. *Framsögumaður* hefir lýst uppástúngum þíngmannsins svo vel, að eg hefi þar eingu öðru við að bæta, en því, að eg óska honum til lukku með þær. Vèr erum allir skammsýnir menn, og er því ekki von, að gjörðir vorar sè fullkomnar; vèr vinnum hèr má ske fyrir gýg, og kláðinn er ef til vill, og þess vildi eg af öllu hjarta óska, alveg horfinn, áður en komið er í kríng með samþykki stjórnarinnar. Ágreiníngurinn á milli nefndarinnar og þíngmanns Reykvíkínga og þeirra, er hans flokk fylla, virðist mèr einkum liggja í því, hvort skera skuli allt *sjúkt* eður þá allt gelt fè, svo að einúngis hið heilbrigða geldfè er á milli, því hitt er önnur spurníng, hvort þetta skuli ske móti, eða án endurgjalds, en þó að endurgjald þetta gæti á einhvern veg greiðzt, virðist mèr það aldrei geta orðið meira, en eins og samsvarar skaða þeim, er sá, sem sker niður, bíður við það, að hann ekki fær að láta það geldfè lifa, sem er um fram það, er hann þarf að skera til búsþarfa, og þannig taka þeim framförum, sem orðið gæti, og yrði þó hèr frá að dragast fóður og hirðíng; eg vildi óska að menn vildi íhuga, hvernig þetta gæti bezt komið fram. Eg hefi aldrei stutt að því, að skerða eignarrètt manna, þar sem ekki er yfirgnæfandi ástæða fyrir því. Á Kollabúðafundi fyrir vestan kom það til tals, að bjóða endurgjald, ef skorið væri fyrir kláðann t. a. m. í Borgarfjarðarsýslu, heldur en að neyðast til að setja verði, en menn sáu fram á það, að ekki mundi kláðinn út rýmast, ef ekki allt væri skorið, og mundi hvað sýkjast af öðru; reynslan mun sýna, ef uppástúngur þíngmanns Reykjavíkur fá framgáng, hversu miklu betur þeim reiðir af, en nefndarinnar; hann vill vera að skera fram eptir öllum vetri, og setur þannig slagbrand fyrir allar lækníngar, því varla ætlar hann sèr að lækna það, sem dautt er, og hið heilbrigða fèð, þarf ekki læknisins við. Góðir búmenn, sem eru orðnir ærfáir, gjöra það opt, að setja á væn gimbrarlömb, og láta þau fá, hafa þau svo í kvíum, en færa seint frá þeim; eg vil þó ekki gjöra uppástúngu um þetta hèr, þar eg er

ekki kunnugur búreglum Sunnlendínga í þessu, og skyldi eg ekki hafa getið um þetta, ef eg ekki hefði heyrt, að menn voru að skopast að fyrirspurn nefndarinnar hjá dýralæknunum. Það er vissulega ekki gott að eiga við mál þetta; menn eru sinn á hverri skoðuninni hèr syðra, en hitt hefði átt að vera mönnum hægt, að velja ekki nefndinni þau bituryrði, sem hèr hafa fram farið á þessu þíngi; orð þau, er hèr hafa verið töluð, koma fyrir augu stjórnarinnar, og fyrir augu þjóðarinnar, og hver maður verður að standa reikníngsskap af þeim fyrir samvizku sinni; gæti þeir einkum að, að hún ekki áfelli þá. Hafi nefndin farið í mál þetta með morðhuga og eigingirni, hlýtur dómur samvizku hennar að minna hana á, að svipur hinna dauðu verður ekki til baka rekinn; því það er fyrir dómi samvizkunnar sama, hvort maður drepur ránglega skepnur þær, sem öðrum eru ætlaðar til lífsbjargar, og án hverra hann ekki getur lifað, eða hann sjálfan. Það er víst og satt, sem hèr var sagt áðan, að menn eiga að styrkja hinn duglega og framkvæmdarsama mann, sem menn bezt geta, en þar fyrir er ekki hann sá einasti, sem á að lifa; þeir, sem hafa mest vit og krapta, verða að leiða hina veikari og fávísari sèr við hönd á framfaraveginum, en ekki hlaupa undan þeim, og láta þá slitna af lestinni, eins og ótemju. Hinar siðuðustu þjóðir í heiminum, sem leingst eru komnar í öllum framförum, hafa orðið að reka sig á, að þær hafa farið heldur lángt, hvað þetta snertir, t. a. m. Einglendíngar, en þá þóknaðist forsjóninni að vekja upp þann mann, sem gat sýnt og sannað, að hinn fátæki einnig hefði rètt, og að einúngis ætti að vera eitt sauðahúsið, og hirðirinn einn. Eg skal nú ekki fara hèr um fleirum orðum, og vildi eg einúngis óska þess, að mál þetta mætti gánga sem bezt, svo úrslit þess yrði landi voru til sem mests gagns, og þínginu til sem mestrar sæmdar.

M. Andrèsson: Hinum háttvirta *forseta* þótti eg gera lítið úr mèr í gærkvöldi með því, að minnast á kláðalömbin, sem læknuð voru hèrna á dögunum á Arnarhólstúni; það kann nú að vera, að honum virðist svo, en það munar þá litlu frá því, sem er í raun og rèttri veru, í hið minnsta hefi eg aldrei verið stór í sjálfs míns augum, en það dró mig til þeirrar smámunasemi, að lambaumínginn hefir daglega verið að sýna sig mèr, nálægt húsi því, sem eg bý í, og hvað meira er, í gær virtist mèr, að það lángaði til, að sýna sig öllum þíngmönnum, þegar það var að klóra sèr hèr við húsdyrnar, sem við allir gaungum um daglega. Hann sagði, að lítið hefði verið að marka lækníngatilraunir á því, það hefði lítið verið um það hirt, en eg vil

spyrja: hvernig hefði hirðíngin átt að vera? víst tvisvar var borinn í það kláðalögur og burstað úr honum; svo hefir það verið hèr á þurru og góðu túni í sífelldu blíðviðri, og kom nærri eingri kind, hvað vantaði nú á góða hirðíngu? Þó eg gjörði lítið úr mèr, að minnast á lambið, þá ætla eg þó ekki að láta þar við lenda, eg ætla að gjöra lítið úr *fleirum,* og það mínum kæru Árnesíngum, því mèr skilst það af orðum hins háttvirta *forseta,* að hann álíti þá alla í minnimannatölu, sem halda með niðurskurði, en það eru þó margir Árnesíngar á því máli, og miklu fleiri, en hinum háttvirta *forseta* er kunnugt, því þó honum sè til handa komin mörg skjöl úr Árnessýslu þessu máli viðkomandi, þá eru þau þó færri, en til var ætlazt, því svo tókst til, að þegar sá maður (Dbrm. Árni á Stóra-Ármóti), sem tók sèr fram um það, að skrifa öllum hreppstjórum sýslunnar, og skora á þá, að kalla alla bændur á fund, til að skýra frá meiníngu sinni um það, hvort þeir vildi niðurskurð, eða ekki, þá sýndu hreppstjórar í 4 hreppum þá óhlýðni, að þeir skeyttu ekki brèfum þessum, jafnvel þó það stæði í þeim, að maðurinn sagðist gjöra þetta að tilhlutun stiptamtmannsins og alþíngis-*forsetans,* og hafa þessir hreppstjórar tjáð mèr, að þetta hafi komið af því, að þeir ekki þekkti þetta sambland af yfirvaldaráðstöfunum og alþíngisstörfum. En það er mèr kunnugt, að í þessum hreppum eru flestir á einu máli um það, að óska eptir almennum niðurskurði, sè kláðinn ekki út breiddur víðar, en kunnugt er.

Áður en eg sný orðum mínum að hinum prentuðu uppástúngum þíngmannsins frá Reykjavík, er hèr liggja fyrir, vildi eg leyfa mèr að spyrja, hvort þær eiga að koma til atkvæða, því sè svo, þá kynni eg að fara um þær fleiri orðum, en ella; eg hefi nú yfirvegað þær nokkuð betur, en í gærkvöldi, og því fleiri ómögulegleika í undirstöðu þeirra verð eg var, sem eg skoða þær betur, og það einkum í tilliti til hreppanefndanna; þeim mönnum hefir uppástúngumaðurinn lagt þá byrði á herðar, sem þeir ekki geta undir risið, án þess að forsóma umhyggju fyrir sínu eigin heimili, eins og hinn háttvirti *varaforseti* hefir tekið ljóslega fram; þetta eiga þó sjálfsagt að vera beztu menn í hreppnum, og því meiri skaði er það sveitinni, að þeir eyðileggi sjálfa sig; þeir eiga nefnil. eptir uppástúngunum, auk þess að annast um í byrjuninni öll húsarof og endurbyggíngu þeirra á hverjum bæ, og aðskilnað allra sjúkra kinda frá heilbrigðum strax eptir fjallgaungur, að ferðast 11 sinnum um allan hreppinn, skoða grandgæfilega hverja eina sauðkind á öllum bæjum í hverr

ferð, taka til læknínga þann sauðfènað, sem eigendur ekki hafa ástæður til að hirða og lækna sjálfir, þar á ofan eiga þeir 11 sinnum að gefa hreppstjóra sínum *nákvæma* skýrslu um heilbrigðisástand fjárins, svo úr garði gjörðar, að hún sè sendandi sýslumanni, og síðan amtmanni; þetta er þó nokkur ábætir, einkum í þeim hreppum, hvar einginn bóndi, að undanteknum hreppstjóra — hann má ekki vera í nefndinni —, er fær um að semja þvílíka skýrslu, og þekki eg marga hreppa, sem svo eru á sig komnir. Allt þetta saman lagt, sem þessum hreppanefndum er upp á lagt að framkvæma, er svo þúng byrði, eins og eg hefi áður sagt, að hún er óbærileg.

Viðvíkjandi 15. gr. í uppástúngunum vil eg geta þess, að eg hefi gjört áætlun um, hvað þessar hreppanefndir muni kosta. Í Árnessýslu yrði nefndamenn að líkindum hèr um bil 80; ætti hver þeirra að ferðast 11 sinnum um hreppinn, og vera í hið minnsta 3 daga í hverri ferð, og fá 1 rdl. nm daginn — minna má það ekki vera, — þá yrði þetta 2640 rdl., og eru hèr þó óreiknuð yfriðmörg aukaverk og öll ritstörf. Þetta er nú að vísu mjög mikill kostnaður, en hann er þó í raun rèttri lángt of lítill í samanburði við það, hversu miklu þessir menn mundi tapa í forsómun heimilisumhyggjunnar, og eg er viss um, að einginn hygginn búmaður geingi *viljugur* að þessum starfa, þó endurgjaldið væri tvöfalt eða þrefalt.

Þó eg sè nú ekki reyndar fær um, að upplýsa hinn heiðraða þíngmann Reykvíkínga um neitt, sem honum er óljóst, því hann er margfróðari mèr í öllu vísindalegu, þá ætla eg þó að fræða hann á einu, sem hann annaðhvort veit ekki, eða honum hefir gleymzt í áætlunarreikníngum sínum yfir það, hve mikill skaði sè að niðurskurði geldfjárins í haust, og hefir í því tilliti skýrskotað til fjártalslista þeirra, sem komu frá Árnessýslu á næstliðnu vori; eg vil nefnilega fræða hann á því, — en það er ógnarlega hègómlegt — að sauðkindur þær, sem búnar eru að lifa 1 vetur, eru að vorinu til kallaðar *„gemlíngar“*; af þessum „gemlíngum“ eru á hverjum bæ hèr um bil helmíngur „gimbrar“. Í fjártölulistunum frá Árnessýslu ætla eg að „gemlíngar“ hafi verið í *einum* dálki óaðgreindir; eg vil því biðja þíngmanninn frá Reykjavík að íhuga þetta, og jafnvel draga gimbratöluna, ef hann getur, út úr áætlunarreikníngum sínum, því nefndin hefir ekki ætlazt til, að veturgamlar gimbrar verði almennt skornar í haust, heldur settar á vetur innan þeirrar ærtölu, sem hún hefir til tekið.

Forseti: Mèr var það kært, að hinn háttvirti þíngmaður Ár-

nesínga færði til nokkuð það, er mèr viðvèk í þessu máli. Það er satt, að Árni hreppstjóri Magnússon kom til mín, og talaði um mál þetta við mig, og sagði, að margir menn í Árnessýslu væri mótfallnir niðurskurði fjárins. Eg hvatti hann þá til að safna atkvæðum þeirra manna í sýslunni, sem væri móti, eins og með niðurskurðinum, því eg álít það í alla staði rètt og hverjum manni heimilt, að reyna, til, bæði leynilega og opinberlega, að neyta allra löglegra meðala að koma því fram, er hann álítur satt og rètt, enda hèlt eg einginn mundi móti því mæla, og sízt hefði eg trúað þíngmanni Árnesínga til þess, þar sem er að tala um gagn og velferð sýslubúa hans sjálfs. Eg sè ekki heldur, að hèr sè neinn formgalli á, því eg held, að hver einn einstakur maður hafi rètt til, og ekki einúngis amtmaðurinn eða sýslumaðurinn, að skora á menn að segja almennt meiníngu sína í svo mikilvægu máli, sem þetta er. Eg má játa, að eg hugsaði ekki, að hreppstjórarnir í Árnessýslu væri það fínari í forminu en allir aðrir, að þeir gæti við eingan átt, nema sýslumanninn, í öðru eins máli og þetta er. Eg þykist einnig hafa heimild á, hvort sem eg er alþíngis*forseti* eða ekki, að láta í ljósi, að eg óski sem flestra upplýsínga og skýrslna, sem feingnar verða um hvert það mál, sem til umræðu kynni koma á þeim þíngum eða í þeim samkundum, sem eg kynni að eiga hlutdeild í. Þessu vona eg hinn háttvirti þíngmaður hafi ekki á móti. (*M. Andrèsson:* Nei). Eg má nú að öðru leyti þakka hinum háttvirtu þíngmönnum fyrir, hvað vægilega þeir hafa vikið orðum að því, er eg talaði í þessu máli, og veit eg vel, að það kemur af því, að þeir vita, að staða mín hèr á þínginu gjörir mèr það mjög örðugt að svara, eða taka reglulegan þátt í umræðum. Eg vildi samt í þetta sinn hafa minnzt á nokkur atriði, og er það þá fyrst, að ef setníng hins háttvirta *varaforseta,* að menn yrði að skera það, sem kynni að veikjast, væri rètt, þá ætti að skera allt niður, svo eingin kind gæti veikzt, og orðið þannig öðrum að skaða. Það er hinn mesti munur á því, með tilliti til skerðíngar eignarrèttarins, hvort skera skal sjúkt eður heilbrigt. Eignarrèttinn á að virða til hins ýtrasta, og grípa inn í hann fyrst þá, þegar augljóst er orðið, að tjón fyrir aðra að öðrum kosti verður af að hljótast. Að grípa svona inn í eignarrèttinn, án þess skaðinn á hinu bóginn sè augljós, er rètt eins og ef maður segði við mann, sem maður mætir með byssu: „Þú ert þar með hættulegt morðvopn, eg tek það af þèr, því þú kannt að gjöra skaða með því"; þetta vitum vèr þó allir að eingum dettur í hug, að taka svo af manni eign

hans, fyrir tóma grunsemi eða ótta. Hinn háttvirti *framsögumaður* snèri því svo, að það, sem væri hèr um að ræða, væri einúngis að beygja vilja manna, en þetta er allt annað, en það, sem hèr er umtalsmál, að skerða eignarrètt þeirra. Hið fyrra er stundum bæði rètt og nauðsynlegt, og höfum við, bæði þíngmaður Reykjavíkur í uppástúngum sínum og eg, viðurkennt þetta. Menn eiga hèr að halda sèr allramest til þess, að fá sem bezta umsjón og tryggasta, og fullkomið og nákvæmt yfirlit yfir sjúkdómsins gáng, þá ríður eptir mínu áliti á minna um niðurskurð, því hann yrði einúngis á sjúku fè eptir kríngumstæðum, þar sem læknínguin yrði ekki komið við. Í þessu tilliti er eptir uppástúngum þíngmannsins úr Reykjavík eins mikla tryggíng að fá, eins og eptir uppástúngum nefndarinnar. Menn gæti má ske komið sèr saman um það, að minni tilsjón þyrfti, en hann hefir stúngið upp á, og sjálfsagt væri, að slaka mætti á henni, þegar sýkin færi að læknast, en allt af verður að þvínga hirðuleysíngjana, og virðist mèr það eingum hægra, en hreppa- og sýslu-nefndunum. Það kann vel að vera, að fyrirkomulag þetta eptir uppástúngum þíngmannsins úr Reykjavík sè ófullkomið, en það er að minni hyggju eins gott, og það er hjá nefndinni. Það er að öðru leyti auðsèð, að hin heiðraða nefnd er í einhverjum bobba, því nú eru fyrst nefndarmenn sjálfir farnir að stínga upp á því, að ærtalan verði ótakmörkuð, og síðan er komið fram með, að eyjar skuli undanþegnar niðurskurðinum; þó er fè úr eyjum eins rekið á afrètti, og annað fè, og kemur svo þaðan aptur út í eyjarnar. Allar þessar uppástúngur um undanþágur sýna, að aðgreiníngur milli geldfjár og ærpeníngs til niðurskurðar er óhafandi, og að einginn mismunur er þar rèttur eða skynsamlegur nema sá, að gjöra mun á sjúku og heilbrigðu fè. Þó læknarnir hafi ráðið til að fækka fènu, hafa þeir ekki ráðið til þess, að skera niður heilbrigt fè, og allrasízt geldfèð, sem þeir einmitt álíta að vera almennt hið frískasta af öllum fènaðinum, en aptur á móti ærnar veikastar. Nefndin hefir því einmitt ráðið til, að halda því veikasta, en eg held, að það megi verða hverjum augljóst, að rèttara hefði verið í þessu tilliti að fylgja þeim mönnum, sem menn geta þó ekki neitað um að hafi bezt vit á þessu máli.

P. Guðmundsson: Eg skal leyfa mèr að geta þess um þíngmann Árnesínga, að uppástúnga sú um sóttvörnina, er gegnum mig var send í amtið, var samt hans verk, því þó nafn hans ekki stæði undir henni, hafði hann þó samið hana, og hún orðið til að hans

undirlagi, og er hann enn á sama máli og hann var þá, að vilja vernda hina fjórðúngana, þar sem hann nú vill hlynna að nefndarálitinu. Að eg tók mèr viðaukaatkvæði viðvíkjandi eyjabúum, kom til af því, að eg veit, að menn hafa sett fè út á eyjar, og feingið þaðan gott fè, og ekki geta menn ímyndað sèr, að ef frískur væri fjárstofninn á eyjunum, að nokkur maður mundi láta reka fè þaðan til afrètta, og held eg, að þetta sè misskilníngur af hinum háttvirta *forseta.* Fjársamgaungurnar milli lands og eyja eru víst ekki aðrar en þær, að fèð kynni á sundi að leggjast að landi, og óvíðast held eg samt standi svo á eyjum, að menn geti hugsað sèr þetta.

J. Sigurðsson: Eg hefi ætlað að standa upp, þó fyr hefði verið, til að þakka hinum háttvirta þíngmanni úr Reykjavík fyrir lesturinn, nefnilega fyrir upplesturinn á skýrslunni, sem hann hafði frá sýslumanninum í Mýrasýslu, og eg þakka honum fyrir, að hann framfærði hana sem sanna, rètta, sem áreiðanlega, því eg antek hana svo, og eg hygg, að allir þíngmenn antaki svo það, sem kemur frá þeim manni.

En hvað sannaði nú þíngmaðurinn með þessari skýrslu? hann sannaði ekki það, sem hann vildi sanna, að kláði væri líka í Mýrasýslu; hvað sannaði hann þá með skýrslunni? hann sannaði, að *kláðalaust* væri í Mýrasýslu, að þar væri einginn kláði, að það hefði verið seint í marz hreinlega geingið úr skugga um það af útnefndum, óviðkomandi og óvilhöllum mönnum með sèrstakri ferð og skoðunargjörð, að þar væri öldúngis kláðalaust fèð; hann sannaði, að það hefði í haust og í vetur verið kláði í Mýrasýslu, og hann sannaði, að honum hefði verið gjörsamlega út rýmt, en með hverju? með því að hafa stöðuga aðgæzlu á fènu, og skera undir eins með það sama hverja skepnu, sem kláðasýkin vottaði sig á, og hann sannar líka, að bændur sjálfir hafi ekki álitið sèr þetta neinn skaða, þar þeim hafi þótt það forsjálni, að hafa gott af kindunum í haustholdum, og að hleypa ekki kláðasýkinni í hitt fèð; hann sannar, að niðurskurðurinn sè því það eina ugglausa ráðið, til að út rýma fjárkláðanum; hann sannar, að það, sem amtmennirnir fyrir vestan og norðan hafa ráðlagt, sè það allrabezta, það er niðurskurðurinn; hann sannar, að það, sem stiptamtmaðurinn hefur stúngið upp á, sè öruggast; það er líka niðurskurðurinn, þó hann sè takmarkaður; en það er von til, því hann sannar líka hèr með sína eigin hugmynd, því í hans sjálfs uppástúngu er niðurskurðurinn það eina úrræðið svo að segja í hverri grein; eg vil benda til 1., 2., 4., 7., 9. og 10. greinar, og uppá-

stúngugreinir hans miða allar að því, að kríngumstæðurnar verði svo, að niðurskurðurinn hljóti að fram fara; eg þarf ekki að fara leingra, en að benda til annarar greinar hans, að allt fè, sem sjúkt verður í haust, skuli annaðhvort vera búið að lækna eða skera á veturnóttum; það gánga þá fljótar og betur lækníngarnar, en þær hafa geingið, ef það verður búið að lækna allt sjúka fèð á veturnóttum, og í 10. grein segir, að hreppsnefndin skuli taka fè bændanna á aðra bæi og lækna eða skera; mèr þykir gaman að sjá, þegar að nefndarmenn, eða aðrir hreppsmenn í harðindum fara að taka annara manna fè til lækníngа í sèrstök hús og á þessa litlu gjöf, sem þetta kláðasjúka fè þarf; en ef það verður ekki, þá á að skera það; ætli það verði þá ekki sjálfsagt? jú! það held eg; uppástúnga þíngmannsins og reglur hans eru því reglulegur dauðadómur yfir öllu sjúku fè, og mèr kemur að því leyti furðuvel saman við hann, því eg hefi einga trú á lækníngunum; þær hafa ekki geingið svo vel fyrir sjálfum læknunum enn sem komið er, og sá háttvirti *forseti* varð að kannast við, að þeir hefði ekki getað læknað eða hirt vel um ein 2 lömb; hvað skyldi þá fyrir fávísri alþýðu um margt fè; og eg hefi ekki einúngis litla trú á lækníngunum, heldur hefi eg á þeim vestu ótrú, á þessari ráðstöfun greifans, sem nú fer fram, að vera að senda menn þessa núna upp um sveitir, til að reyna lækníngar við fèð með eitri, að fara að maka það allt í eitri rètt fyrir skurðartíðina, og þegar þetta fè drepst, eða verður að skera það, af því það læknast ekki, þá hafa læknarnir sagt, að ekki dygði annað, en grafa það með húð og hári djúpt niður í jörð; þá er fallega farið með lífsbjörg manna; eg held það væri bezt að skera það og nota það fyrst í haust ólæknað, og þó það verði bannað að eta þetta eitraða fè í haust, þá trúi eg ekki þurfandi og bjargarlítilli alþýðu til, að hlýða því; það mun mörgum þykja ísjárvert, að kasta svona bezta bjargræði sínu, feitu fè á haustdag, þó það verði að skera það, af því það læknast ekki, svo mèr þykir nú gott, ef þessi ráðstöfun verður ekki til þess, að drepa fèð, og fólkið glæpist svo á, að eta það, til þess að drepa fólkið og kveykja í því pest; eg vildi því helzt, að lækníngar væri eingar við hafðar í haust, en allt sjúka fèð væri óveilt niðurskorið allt fram til miðsvetrar; þá mætti reyna lækníngarnar á útmánuðum og í vor, þá fèð fer úr ullinni og gróðurinn og jörðin er heilnæmust. Eg vildi annars fyrir mitt leyti lofa heilbrigða fènu að lifa, en samnefndarmenn mínir hafa borið það fyrir, að nefndunum sè ekki ætlanda, að þekkja

í sundur það sjúka og heilbrigða fè. Eg vildi nú gjarnan reyna til, að sætta nefndina við þann háttvirta þíngmann Reykjavíkur, og koma saman meiníngum þeirra; hann treystir nefndunum vel til þessa verks, og þykir það vel vinnanda, og eg þykist vita, að stiptamtmaður, sem eg heyri líka að muni eiga nokkurn þátt í uppástúngugreinum þíngmannsins, að hann treysti sèr til, að framkvæma það, sem þær fara fram á, og mèr þykir líklegt, að þessir báðir kynni að treysta sèr til, að spila svo út heilbrigða fènu, sem eptir væri, þá búið væri að skera það sjúka, að allir gæti átt dálítinn fjárstofn, en einginn hefði svo margt, að ekki mætti vel hirða það, og leita því læknínga, ef eitthvað kynni að sýkjast, því eins mætti gjöra þessara sýslna innbúum að skyldu, að selja hver öðrum fè, eins og mönnum í öðrum ömtum, að selja það híngað. Treysti nú þessir menn sèr að koma þessu svona fyrir, vildi eg leggja til við samnefndarmenn mína, að þeir slaki til með sína uppástúngu með niðurskurðinn á því heilbrigða, og eg vildi feginn stuðla að því, að það yrði svo miðlað málum, að allir gæti orðið á eitt sáttir.

Framsögumaður: Í tilefni af því, er hinn heiðraði þíngmaður Mýrasýslu sagði, skal eg geta þess, að stiptamtmaðurinn hefir beðið dýralæknana, ekki að hafa eitur í læknínguin sínum, og mun því fylgt vera. Eg get ekki betur sèð, en að það, hvernig sem menn svo vilja orða það, sè þvíngun á vilja annara, að drepa niður fè, þó sjúkt sè, á móti vilja eigandans, því það er eingan veginn meiníng nefndarinnar, að þeir, er skipa niðurskurðinn, eigi sjálfir að skera, heldur megi þeir þvínga eigandann til að gjöra það. Það er öldúngis satt, er hinn háttvirti *forseti* hafði eptir dýralæknunum, að geldfè væri heilbrigðara en ær og lömb, því það veit eg til að þeir hafa sagt; en eg skal leyfa mèr að geta þess, að dýralæknarnir munu hafa sèð minnst af geldfènu, því þeir hafa einúngis sèð það, er heima gekk, og ef eptir þessari reglu ætti að fara, þá ætti menn að drepa niður ærnar og láta geldfèð lifa; en ærnar eru þó einmitt lífsvegur fjárbóndans, en geldfèð ekki, og held eg að menn, ef þessari reglu væri fylgt, hafi gleymt að hugsa nógu lángt fram í tímann, því geldfèð, er brátt verður að eyðast, getur ekki orðið bóndanum til gagns til lángframa. Þó einstakir nefndarmenn taki sèr breytíngaratkvæði, þá er þetta ekki gjört af allri nefndinni, og hvílir því ekki á henni skuldin fyrir það, og sízt ætti menn að lá nefndinni, þó einhver þíngmaður, sem í henni væri, tæki sèr breytíngaratkvæði, þegar það miðar til, að rýmka ívilnun þá fyrir einstaka menn, er sumir hèr eru svo

mikið áfram um. Eg gleymdi áðan að svara hinum heiðraða varaþíngmanni Reykjavíkurbæjar, þar sem hann sagði, að nefndin hefði látið aðra parta landsins lagalausa í þessu tilliti, og vil eg einúngis biðja hann svo vel gjöra, að lesa betur 22. gr. í nefndarálitinu, og mun hann sjá, að með henni er farið fram á, að hin sömu lög gildi alstaðar þar, er fjárkláðinn brýzt út; 21. gr. hljóðar einúngis um þau tilfelli, að kláðinn komi einúngis á einstaka bæi, en þar eð nefndin gekk út frá því, að það væri sannað og sýnt, að kláðasýkin væri almennt út breidd í þessum 4 sýslum, þá gjörði hún ekki hvað þær snerti sömu takmörkun, og tekin er fram í 21. grein.

G. Brandsson: 2 þíngmenn, sem talað hafa, þíngmaður Strandasýslu og þíngmaður Mýrasýslu, hafa gjört tilraun til að miðla málum, og sæmir það vissulega betur, en sundra meiníngum manna í máli þessu, enda held eg, þegar á allt er litið, að millibilið milli meiníngar nefndarinnar og þíngmanns Reykjavíkurbæjar sè ekki svo afarmikið. Bæði nefndin og hann vilja ekki einberan niðurskurðinn, heldur einnig að læknígar sè viðhafðar jafnframt niðurskurðinum. Frestur sá, er þíngmaður Reykjavíkur hefir sett, getur ekki gjört annað, en það, að menn fylgdi sèr þess betur að læknígunum. Hinn heiðraði *varaforseti* skýrskotaði til inngángsins til tilskipunarinnar af 1772, og var það gott, að hann minntist á þetta, því einmitt í inngánginum til tèðrar tilskipunar er kláðafaraldrið, sem þá gekk, kennt óhirðu og skeytíngarleysi á fènu, hvers vegna grípa yrði til niðurskurðarins á hinu sjúka fè, og eigi því inngángur þessi að sanna nokkuð með heimfærslu sinni til vorra tíma, sannar hann einúngis það, að vèr ekki nú sèum leingra komnir í þessu tilliti, en menn voru þá, og er það bágt að vita, ef svo er. Það var fundið að uppástúngu þíngmanns Reykjavíkur, að hann vildi leyfa mönnum að reka á afrètt, og óttuðust menn af þessu útbreiðslu kláðans, en þar sem 11. gr. til tekur, að fè það, er þannig sè rekið á afrètti, fyrst skuli skoðast af hreppanefndinni og hún lýsa því yfir, að það alls eingan kláðavott hafi, og svo er ekki þar með búið, heldur á einnig fèð að vera laust við allan kláðavott heilan mánuð áður en það var rekið, þá get eg ekki skilið betur, en að hèr sè nóg tryggíng, og hvaða ástæða er þá til, að álíta, að þetta fè, sem þannig er heilbrigt, þegar það er rekið, og hefir verið heilan mánuð áður en það er rekið, og má ske aldrei verið sjúkt, skuli sýkjast fremur, þó það komi sunnan að, heldur en fèð, sem kemur að norðan eða vestan? Báðar uppástúngurnar, bæði nefndarinnar og þíngmannsins

vilja fækka fènu, og mismunurinn milli þeirra í þessu tilliti liggur einúngis í aðferðinni, er við ætti að hafa. Hinn heiðraði *varaforseti* sagði, að ef uppástúngur þíngmannsins Reykjavíkur feingi framgáng, yrði lítt nýt ferð dýralæknanna hèr til landsins, rètt eins og uppástúngurnar færi fram á, að drepa skyldi allt, sem sjúkt væri, og það, sem sýktizt. Eg veit ekki, hvaðan hann tekur þetta; en hafi hann þannig misskilið uppástúngurnar, sem þó liggja prentaðar á borðinu fyrir framan hann, geingur það hreint yfir mig, ekki skilníngsdaufari en hann er. Það má nærri geta, að eg ekki muni vera móti breytíngaratkvæði hins 4. konúngkjörna þíngmanns, viðvíkjandi eyjunum, sem hann vildi taka undan þessu meginlandsbanni, þó reyndar sumar þeirra ekki liggi svo fjarskalángt frá landi, að samgaungur væri ómögulegar, enda held eg líka, að mönnum mætti vera í fersku minni keituauglýsíngin hèrna í vor, því eptir henni að dæma ætti mennirnir eins að geta sýkt fèð; það er reyndar ekki á henni auðsèð, hvort Norðlíngar og Vestanmenn gæti það, þó þeir hefði fjallað lángtum meir um fè hèr syðra, heldur en kaupafólkið, sem fer hèðan norður og vestur, því það er einúngis kaupafólkið eða föt þess, sem lauga á úr keitu, en kláðamaurinn tollir víst hvorki við Norðlendínga nè Vestfirðínga, að minnsta kosti lítur ekki svo út eptir keitubrèfinu. Væri því breytíngaratkvæðið tekið, væri má ske ástæða til að út víkka þetta brèf amtmannanna, svo það gilti einnig um samgaungur milli lands og eyja, og þá fyrir alla, sem kæmi úr sjúkum hèruðum, hvers stands sem þeir væri, og úr hverjum fjórðúngi þeir svo kæmi. Viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði þíngmaður Strandasýslu sagði, að nefndinni hefði verið eignaður morðhugur og annað því um líkt, þá verð eg að játa það, að þó eg þykist hafa tekið eptir ræðum manna með athygli, hefi eg eingan mann hèr á þíngi heyrt láta sèr slík orð um munn fara.

P. Guðmundsson: Eg stend eingan veginn upp, til þess að mæla fram með breytíngaratkvæði mínu um eyjabúana, því það er rètt hvorttveggja til, að eg falli frá því aptur.

St. Jónsson: Þó eg nú standi upp til að bera upp breytíngatkvæði, þá er eg samt hinum heiðraða *framsögumanni* samdóma í því, að þau breytíngaratkvæði, sem einstakir nefndarmenn bera upp, hafi eingin áhrif á nefndina að öðru leyti en því, sem breytíngaratkvæðin kynni að vera öðrum nefndarmönnum að skapi. En það atriði, sem eg vildi minnast á, er það, að í nefndarálitinu er eingin ákvörðun gjörð um, hvernig með skal fara, ef kindur úr hinum

fjársýktu hèruðum koma inn í hin ósýktu, sem þó getur vel átt sèr stað, þar sem ekki er nema vatnsfall á milli sýslna og hèraða, og fyrst gjörð er ráðstöfun um, hvernig menn eigi að fara að, ef fè úr hinum ósýktu hèruðum kemur inn í hin sýktu; verður því breytíngaratkvæði mitt við 25. gr. nefndarfrv., og get eg síðar orðað það í þá átt, að fè úr sýktum hèruðum, sem skyldi koma inn í hin ósýktu, falli rèttlaust, því þar þarf aðhald og alúð við, að afstýra samgaungum. Eg hreifði þessu í nefndinni, en eg sakna þess í uppástúngum nefndarinnar. Eg virði mikils ræðu hins háttvirta *forseta* í mörgu tilliti, þó mèr virðist bæði hann og þíngmaður Reykjavíkur velja nefndinni nokkuð hörð orð um niðurskurð þann, er hún fer fram á. Menn hafa hèr verið að tala um kostnað þann, er flotið gæti af nefndum þeim, er þíngmaður Reykjavíkur stakk upp á; eg held líka, að ekki sè gott að segja, hvað mikill hann verður, en vera kann, að hèr sè bót í máli, nefnil. að nokkuð fáist upp í hann með sektum þeim, er þíngmaðurinn stíngur upp á að menn eigi að lúka, svo að á endanum vegi salt laun þau, er menn eiga að hafa fyrir starfa sinn, og sektir þær, er þeir eiga að lúka fyrir yfirtroðslur sínar; svo að menn geti sagt um þá: reyndar hafa þeir gjört þetta og þetta, og fyrir það skulu þeir laun hafa, en þeim hefir líka yfirsèzt þetta og þetta, og fyrir það skulu þeir sektast, og geta því laun þeirra geingið upp í sektirnar, svo allt jafni sig á endanum, og það er líklega tilgángurinn!!! Hvað það snertir, er hinn háttvirti *forseti* sagði viðvíkjandi bænarskránni úr Kjósarsýslu, þá hefi eg haft þá skoðun, að ær hèr í suðuramtinu stæði ekki í sama hlutfalli við geldfè, sem hèr er, eins og nef á manni er að hlutfalli við allan líkamann, því þá skyldi eingin ær hèr með mínum vilja hafa haldið lífi yfir næsta vetur, en aðrir munu þekkja þetta hlutfall betur en eg.

J. Hávarðsson: Þar eð menn hafa farið svo mörgum orðum um, að eignarrèttur manna skertist, ef uppástúngur nefndarinnar feingi framgáng, vil eg í tilefni af orðum þíngmannsins úr Strandasýslu leyfa mèr, að vekja athuga þíngsins á því, hvort ekki væri mögulegt að gefa skaðabætur, ef menn geingi inn á skoðun nefndarinnar, og þá einnig að hugsa um, hvað miklar þær ætti að vera.

Ó. Sívertsen: Það mun þó leingi rætast, sem sagt hefir verið, þegar hver ónýtir mál fyrir öðrum, að þá sè „komið í óvænt efni“. Eg er nú að sönnu ekki á því, að hèr ónýtist mál með öllu; þó verð eg að geta þess, að mèr þykir báglega takast til, þegar mönn-

um er svo torvelt, að koma sèr saman í þessu máli. Það er *mál*, sem er svo mikils nmvarðandi; það er *mál*, sem krefur fljótustu framkvæmd; það er *mál*, sem alþíngi virðist hafa feingið frekastan rètt í, og því betur og eindrægnislegar ætti það að vera úr garði gjört. Eg veit það er vandamál, og í því vandamáli finnst mèr nefndarálitið fara meðalveginn. Aðalatriðið er, að varna viðhaldi og útbreiðslu fjárkláðasýkinnar, og að það sè gjört sem allrafyrst; en það lítur svo út, sem menn vanti framkvæmdina í því, þá, sem stjórnin hefir þó til ætlað, ef yfirvaldanna samþykki fæst ekki; því þau ein hafa í þessu framkvæmdarvaldið, og þá verður að bíða úrslita frá stjórninni. Samt sem áður held eg þíngið eigi að ákveða alla þá beztu ráðstöfun, sem það getur, til að hindra viðhald og útbreiðslu fjárkláðans. Þetta hvorttveggja hræðast menn allramest; þetta er það háskalegasta; þetta er það, sem amtmennirnir fyrir vestan og norðan tóku strax fyrir öndverðan seinast liðinn vetur, þegar þeir vissu, að pestnæm kláðsýki var í landinu, og er það ei ofsögum sagt um amtmann Vestfirðínga, að hann með mikilli alúð og röggsamlegum ráðstöfunum hefir tekið þessu máli, og fram haldið því stöðugt, nú, eins og menn munu vita, seinast sent hèðan alla leið vestur á Vestfirði, og látið bæði sýslumann og lækni skoða nokkrar sauðkindur á Bæ í Gufudalssókn, og ætla eg það satt að segja, að þíngmenn og fjórðúngsmenn megi kunna honum miklar þakkir fyrir það, því með þessu er að öllu niðurkæfður kur sá, er þrumaði og gekk hèr ljósum loga um vonzkukláða kominn upp á Vestfjörðum. Sýslumenn í vesturumdæminu hafa ótrauðir fylgt dæmi amtmannsins, einkum sýslumaður Mýramanna og sýslumaður Barðstrendínga. Þessi síðar nefndi sótti í því skyni Kollabúðafund, og kom því til vegar, að þar var kosin 9 manna nefnd í fjárkláðamálinu. Eg hefi hennar álit hèr í höndum; hún sýnir það sama, sem önnur brèf og bænarskrár bera með sèr, er komin eru hèr til þíngs, að biðja um vörn móti viðhaldi og útbreiðslu kláðasýkinnar.

Nefndir þær, er sýslumenn settu í sveit hverja, hafa, það eg veit til, gegnt trúlega köllun sinni, allt eins hreppstjóri þeirrar sveitar, sem áminnztar Bæjarkindur voru í; er það víst, að hann og aðrir meðnefndarmenn hans rannsökuðu kindur þessar, bæði áður og eptir að utansveitarmaður fór að skoða þær. Hreppstjórinn lèt þá hindra samgaungu kinda þessara við annað fè; var setið hjá því á daginn, en byrgt í rètt niður á sjóartánga á nóttunni; fyrir skipaði hann böðin á því og samslags læknínguu, eins og áður hefir verið við haft móti

óþrifakláða og hafíslús, er eg hefi sèð og reynt, jafnvel fyrir meir en 30 árum síðan, og varð eingin pestnæm sýki úr slíkum kláða; enda voru þessar Bæjarkindur álitnar albata eptir 2½ viku, nema 2 lömb, er til varúðar voru skorin. Eg hefi nú frá áminnztum hreppstjóra 3 brèf í höndum, er sanna þessa sögu, og hefir hann óskað þess, að þau væri birt í dagblöðum, en eg álít einga þörf að kosta upp á frekari auglýsíngu þeirra, en það, sem nú er hermt, og hver, sem vill, getur lesið þau hjá mèr.

Eg fann mèr skylt, að skjóta þessu inn í tölu mína, en vík nú til hins aptur, að eg vildi feginn finna meðalveg, sem hvað bezt væri lempaður eptir uppástúngum amtayfirvaldanna, og því er alþíngi væri hæfilegast til að ráða, landsmönnum hollast og framkvæmdinni hagkvæmast; en hvað er mèr að hugsa eg geti það, þegar þíngræðurnar gánga eins og núna? Eg vil samt reyna, hvort ei get látið uppástúngur stiptamtmannsins og nefndarálitið nálgast nokkuð meira í sömu áttina, og taka mèr því breytíngaratkvæði þeirrar meiníngar:

Að geldfè allt sè skorið niður í haust á takmörkum milli suðuramtsins og hinna amtanna, eða þar sem sýkin nú er í, en um allt miðbik suðuramtsins megi setja á vetur ósjúkar úngar geldar kindur allt að 40 hjá búanda, þó með því skilyrði, að þær vaktist í búfjárhögum, eins sumar og vetur, meðan sýkin er ei með öllu útdauð, og að hreppanefndir annist um það, og líti nákvæmlega eptir því á hverjum mánuði að sumrinu, láti sýna sèr kindurnar með tölu í hvert sinn, og sektist hver nefndarmaður um 1 rdl., sem vanrækir þessa köllun sína, en þeir fjáreigendur, sem sleppa eður týna geldfènu, sektist um hálft verð hverrar slíkrar kindar.

Eg held þetta yrði tryggilegra, en ráðstöfunin, sem talað er um í uppástúngum þíngmanns Reykjavíkur í 12. grein; því hvað þýða 5 rdl., og þó þeir væri 30, móti því, ef kláðasjúkt fè færi á fjall og sýkti heilbrigt fè í öðrum hèruðum landsins? hver getur bætt það tjón? Eg held líka, að það olli eingri óánægju hjá þjóðinni, þó hún verði að fækka geldfè í nokkuð frekara lagi; eg hefi heyrt marga ráðgjöra það af sjálfsdáðum, og um það var rætt á umtöluðum Kollabúðafundi, og voru flestir þar á því máli.

Fyrst eg fór þá að taka mèr breytíngaratkvæði á annað borð, ætla eg að bæta við fáeinum nl.:

Við 12. grein í nefndarálitinu bætist: skoðun um sumarmál.
— 17. — — — — — þó má kaupa skurðarfè.
— 20. — — — — — líti líka eptir heyjaásetníngu.

Svo verð eg líka að halla mèr að breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Eyjafjarðarsýslu við 26. grein, að skyldusala verði niður sett til $^1/_4$ eða $^1/_3$ af því, sem þar er til tekið, einnig að breytíngaratkvæði hins 5.- konúngkjörna þíngmanns í gær, ef vandræði verða á úrsliti þessa máls, og ef fjárfaraldrið eykst eða fer í illa stefnu, að þá verði beðið um aukaalþíng að ári, 1858, og skal eg laga þessi atkvæði mín betur síðar.

E. Ó. Kúld: Það var tvennt í ræðu þíngmanns Reykjavíkur, er eg vildi geta um, og var það fyrst, að hann vitnaði í brèf frá lækni Skaptasen, en hann vildi þó ekki segja nær það er dagsett, eða skýra meir frá því. Eg segi þetta, af því mèr finnst það ekki eiga við, að hann með þess háttar ræðum sè að reyna að glepja sjónir fyrir þíngmönnum, því Skaptasen hefir einmitt sannað með skýrslu 16. júní þ. á., og sem eg hefi hèr í höndunum, að einginn kláði þá sè í norðuramtinu. Hitt, er eg vildi geta um, var það, að hann vill leiða þá meiníngu út úr brèfi sýslumannsins úr Mýrasýslu, að þar sè kláðinn, en þetta brèf sannar einmitt, að þar sè kláðalaust, og á nefndur heiðursmaður, sýslumaðurinn í Mýrasýslu, ekki skilið, að menn sè hèr að rángfæra orð hans, því þó margir hafi geingið vel fram í því, að varna útbreiðslu kláðans, þá hefir þó einginn enn lagt jafnmikið í sölurnar til þess, og hann.

H. Kr. Friðriksson: Brèf sýslumannsins úr Mýrasýslu sannar einmitt það, sem eg ætlaðist til að það skyldi sanna, það, að kláðinn hefir verið þar, en verið læknaður; sýslumaðurinn segir það sjálfur, og eg hefi aldrei sagt annað, því eg hefi ekki sagt, að kláðinn væri þar nú. Hið sama sannar fregnin úr Barðastrandarsýslu, nefnilega að kláðinn getur gosið upp, hvar sem vera skal í landinu. Viðvíkjandi brèfi Skaptasens held eg ekki að eg þurfi að gefa mikla lýsíngu, því að lýsíng sú, sem hann sjálfur hefir látið prenta, og sem víst allir þíngmenn þekkja, og sú lýsíng, sem hann hefir gjört á norðlenzka kláðanum, er einmitt lýsíng á kláðanum hèr fyrir sunnan, eins og hann var *í fyrra,* en eigi nú. Þíngmaður Árnesínga kallaði athugasemd sína um gimbrarnar hègómlega, og það er víst, að svo er; en eg skal leyfa mèr að segja honum, að eg hefi munað eptir þeim, en þá koma lömbin í þeirra stað, því ekki verða þau veturgömul að ári, ef þau verða skorin í haust. Um 7. og 10. gr. hefir hinn háttvirti *framsögumaður* misskilið mig; eg ætlast einúngis til, að þegar ljós vottur er fyrir, að skaði muni af hljótast, og

kláðanum ekki verður varnað að breiðast út, þá fyrst megi grípa til þess, að drepa niður.

G. Einarsson: Eg skal öldúngis formálalaust leyfa mèr að bera upp varauppástúngu þá, er eg vil gjöra, ef svo kann að fara, að uppástúngur þíngmanns Reykjavíkur fái framgáng, nfl. að svo framarlega sem ákveðið verður, eða leyft, að geldfènaður megi lifa næstkomanda sumar í þeim sýslum, sem fjárkláðasýkin nú geisar yfir, og við haldist veikin í þeim, en vestur- og norðurumdæmin reynist frí við tèða veiki, þá skuli suðurumdæmið vera öll þau sumur skuldbundið til, að halda *verði* á sinn kostnað með Hvítá í Borgarfirði og í jökla fram, og í jökulskörðum öllum, þar sem þörf gjörist, til að varna fjársamgaungum öllum milli suður-, vestur- og norðurumdæmisins. Þessir varðmenn skulu vera leigðir úr vestur- og norðurumdæminu, og standa undir stjórn og umsjón yfirvaldanna þar.

P. Sigurðsson: Eg held sá virðulegi varaþíngmaður Reykvíkínga sè ekki jafnkunnugur sveitalífinu og smalamennsku þar, eins og hann þyrfti að vera, og heldur ekki eðli sjúkdóms þessa; hann þorir óhræddur að reka geldfè til afrèttar, ef ekki hefir litla stund áður borið á veikinni; en því lík ráðstöfun væri ekki mjög trygg. En að vakta geldfè í heimahögum, sem áður hefir geingið í afrètt, þá tryði eg hvorki honum eða öðrum fyrir, að ábyrgjast þá vöktun svo, að fulltryggjandi væri. Ef mèr væri þetta skipað, þá mundi eg heldur skera niður geldfè mitt að haustinu, heldur en takast á hendur vöktunarábyrgðina, því eg treystist ekki til þess, svo óyggjanda væri. En að kindur sè ordnar grunlausar, ef ekki hefir sèð neitt á þeim nokkurn tíma, þá gjöri eg lítið úr því, og þykist eg hafa nokkuð reynsluna fyrir mèr í því á fè því, er Hreinn flutti í forboði inn í Rángárvallasýslu. Örðugleika þá, sem hèr eru til að varna samgaungum fjárins, hafa amtmennirnir fyrir norðan og vestan haft fyrir augum, þegar þeir bjuggu til frumvarp sitt; þeir hafa báðir verið embættismenn í sveit, og þekkja því örðugleika þessa nákvæmlega, og hvernig hèr hagar til á landi, og því er eðlilegt, að þeir hafi hèr um ljósari skoðun, en danskur maður, þó hann sè bæði merkur embættismaður, og vilji landi voru vel, því það er náttúrlegt, þó honum hætti til að líta eptir, hvernig til hagar í Danmörku í þessu efni. Það hefir verið sagt, að bændur sè búnir að lækna kláðann; það væri þó merkilegt, ef þeir gæti það, þessir ólærðu menn, sem kallaðir eru skottulæknar, og í neyð nýtandi, en ekki skuli enn verða sýnd ein einasta fulllæknuð kind, eptir læknana okkar sjálfa, sem þó hafa sagt

þetta svo hægt, og hefi eg þó áreiðanlega menn hèr í bænum, sem hafa sagt mèr, að kláðakindur hafi í vor verið sendar hingað frá Mýdal til dýralæknis Teits, að hann reyndi á þeim lækníngar, og fram boðið fóður með, en hann tók ekki við þeim, og sagði þær yrði ekki læknaðar fyrir hor; síðan voru þær skornar, og skárust með 5 og 6 mörkum, og eru þvílíkar aðgjörðir ekki góðar til afspurnar í augum almennings.

Eg held, að varaþíngmaður Reykvíkínga hermi það ekki sem rèttast, að mannfall hafi orsakazt af þeim fyrra niðurskurði, því í Rángárvallasýslu hefi eg vottorð nokkurra merkra manna frá þeim tíma, að 1778 var kominn upp mikill fjárstofn aptur þar, og þá fóru þeir að hjálpa Árnesíngum um fè. Þó M. Stephensen og J. Eiríkssen væri merkir menn, þá getur skeð, að þeir hafi líka haft í höndum sagnir, er ekki voru sem áreiðanlegastar, og sèst það eitt, að annar nefnir bóndann í Rángárvallasýslu Runólf, en annar Erlind; en þó sá maður væri sèr í lagi nafngreindur, var ekki að furða, sem skar sitt aðfeingna og hrausta fè niður aptur, öðrum til eptirbreytni, að þeir væri því fúsari til, að hlýðnast lögunum, sem miðuðu til, að afvenda háskanum. Eg held það, sem eg framfærði áðan með dýralækninn, gjöri mann ekki sterkan í trúnni með, að þetta djöflakyn verði út rekið með lækníngum.

K. Árnason: Fyrst svo margir af mínum heiðruðu meðnefndarmönnum eru farnir að taka sèr breytíngaratkvæði við þetta nefndarálit, sem hèr liggur fyrir, held eg, að eg verði líka að fara að manna mig upp með það, eins og þeir, og vil eg þá áskilja mèr viðaukaatkvæði við 3. gr. nefndarinnar á þessa leið, að við enda greinarinnar bætist: „enn fremur mega þeir bændur, sem hrepps- og sýslunefnd álítur hafa ástæður til að setja á fleiri ær, en hann á, eða fyrir elli og sjúkleika sakir getur látið lifa, setja á vetur nokkrar lamb-gimbrar, sem væri kláðafríar, þó með því skilyrði, að hann vakti þær með ásauð sínum næsta sumar"; við 10. gr.: að á eptir „ær" bætist: „og lamb-gimbrar".

G. Brandsson: Eg áskildi mèr í gær nokkur breytíngaratkvæði, en eg skal samt leyfa mèr að bæta einu við í dag á þessa leið: „að setja megi á næsta vetur öll heilbrigð haustlömb í Gullbríngu- og Kjósarsýslum. Menn geta sèð af þessum mínum breytíngaratkvæðum, að eg legg mikla rækt við nefndina, svo hafa líka fleiri gjört með breytíngaratkvæðum sínum, og þó er tvísýnt um, hvort henni verður við hjálpað; en uppástúngur þíngmanns Reykjavíkur

eiga nú ekki því láni að fagna, að nokkur leggi þessa rækt við þær; það er rètt eins og þær annaðhvort sè einhver konúnglegur úrskurður, sem einginn þorir að hreifa við, eða þær sè ekki til annars hæfar, en að smáhnjáta í þær, án þess að reyna til að laga þær, eða bæta í nokkru; þó virðist mèr, að hinn heiðraði þíngmaður Barðstrendinga vera sá eini, sem helzt hafi reynt að stuðla til þess, að nefndin nálgaðist dálítið uppástúngurnar, hvern árángur sem það kann að hafa.

V. Óddsen: Jafnvel þó margir hinna heiðruðu þíngmanna hafi tekið sèr breytíngaratkvæði við uppástúngur nefndarinnar í þessu máli, þá verð eg að vera einn á meðal þeirra, og áskilja mèr breytíngaratkvæði við 1. greinina á þá leið, að orðin „með þeim takmörkunum, sem hèr eptir segir“ falli burtu.

Jón Guðmundsson: Menn trúa því má ske ekki, en eg stend þó upp til þess, að bera upp viðaukaatkvæði; það er við 24. gr. í uppástúngum nefndarinnar; en það kemur til af því, að mèr er kunnugt, að svo stendur á sumstaðar í Skaptafellssýslum, að þó kláðinn kæmi þar upp, eru samgaungur við annað fè ómögulegar, að eg taki til dæmis Kleifahrepp og Öræfahrepp; eg vil eg því leyfa mèr að áskilja mèr það viðaukaatkvæði við 24. gr., að fyrir aptan orðin: „sem segir í 1.—17. gr. hèr að framan“ verði bætt: „eptir nákvæmari ráðstöfun yfirvaldsins“. Mèr þykir eingin von á því, að hinn heiðraði þíngmaður Reykjavíkur sè fróður og minnisgóður um annað, fyrst hann ekki einu sinni veit eða man, hvað gamall hann er sjálfur; eptir því, sem eg kemst næst hefir hann gjört sig 16 árum eldri, en hann er; hann þarf ekki að hrista höfuðið yfir þessu, þíngmaðurinn, því honum hefir sagzt svona frá sjálfum; 24 ár segist hann hafa verið í sveit; síðan fór hann að læra í látínuskólanum hèrna; þá sigldi hann til háskólans; þá giptist hann; þá varð hann skólakennari, og nú situr hann hèr á þínginu sem þíngmaður Reykjavíkur; svo mèr getur ekki betur reiknazt, en að hann hafi fulla sex um fimmtugt, og ber hann þá aldur sinn næsta vel; hann var að lesa upp klausur eptir Magnús Stephensen og Hannes Finsen, en þó eg virði þessa menn mikils, og tilgátur þeirra, get eg ekki álitið, að mikið verði byggt á klausum, sem þannig eru rifnar upp og lesnar sèr án alls samanhaingis. Það vita allir, sem nokkuð þekkja til óárunarinnar, er leiddi nálega yfir allt land af jarðeldinum 1783, að fèð dó niður hrönnum saman af öskunni, sem fèll, og hefði allt að einu og ekki síður fallið, þó það hefði verið fleira; að minnsta kosti varð

hin almenna eymd og neyð, sem gekk yfir Skaptafellssýslurnar þau ár, ekki kennd niðurskurðinum frá 1772, því þar var þá ekkert skorið. Hann var að lesa upp skýrsluna frá sýslumanninum í Mýrasýslu, rètt eins og hún væri spánný, en eg get frætt hann um, að hún er fyrir laungu prentuð í „Þjóðólfi"; að öðru leyti sýndi hinn heiðraði þíngmaður Mýrasýslu ljóslega, að þessi skýrsla sannaði ekki annað en það, að nú væri með öllu kláðalaust í þeirri sýslu. Þíngmaðurinn í Reykjavík þykist með uppástúngum sínum hafa útvegað nóg aðhald; já! það hefir hann í sannleika gjört, því hann hefir útvegað meira aðhald en nokkurn tíma verður auðið að fá; hann bað menn að láta ekki þar við lenda, að fetta fíngur út í uppástúngur sínar, heldur leiðrètta þær, en mèr virðast þær svo götótt flík, að eg ekki treystist til, að sletta bótum á hana, en skeð getur, að eg bendi á stærstu glompurnar í ályktarumræðunni.

R. M. Ólsen: Jafnvel þó með sanni megi segja, að „víða komi Hallgerði pislíngar", þar sem hinn heiðraði varaþíngmaður Reykvíkínga á hlut að máli, verð eg þó að mótmæla þeirri þýðíngu, er hann leggur í hina prentuðu skýrslu læknis Skaptasons um fjárkláðann, að eptir henni hafi kláðinn verið á sama stigi í Húnavatnssýslu næstliðinn vetur, eins og hann var hèr á Suðurlandi í fyrra sumar; um þetta getur þíngmaðurinn enn betur sannfærzt við að fá til yfirlesturs hjá skiptavini sínum, varaþíngmanni Snæfellínga, skýrslu, er Skaptason hefir samið næstliðinn 11. júni; og þó að þíngmaður Reykvíkínga segist grundvalla þetta álit sitt á dómi greindra manna hèr syðra, verð eg þó að halda, að læknir Skaptason hafi allt eins grundaða þekkíngu á þessu.

Þar eð þíngmennirnir frá Barðastrandar- og Snæfellsnessýslum hafa hèr í dag vottað amtmanni sínum verðskuldaðar þakkir fyrir afskipti hans af kláðamálinu, finnst mèr vel við eiga, að sá vitnisburður kæmi úr hörðustu átt, þar sem eg á hlut að máli, að einnig amtmaður Havstein eigi beztu þakkir skilið af Norðlendíngum fyrir þann framúrskarandi áhuga, alúð og fyrirhöfn, er hann hefir í ljósi látið í kláðamálinu, og vona eg, að eptir kríngumstæðunum álítist *minn* vitnisburður þar um fullkomin lagasönnun.

H. Kr. Friðriksson: Eg vona til, að hinn heiðraði þíngmaður hafi heyrt, hvað eg sagði; eg sagði að eins, að þeir 30 Sunnlendíngar, sem eg talaði um, hefði sagt, að Jósep Skaptason hefði lýst kláðanum í Húnavatnssýslu, eins og kláðinn hefði verið hèr á Suðurlandi í fyrra vor; en eg bar það alls eigi upp á Jósep Skaptason, að hann

hefði eigi eins vel vit á honum, eins og þessir menn; en eg veit eigi til, að hann hafi skoðað kláðann hèrna fyrir sunnan í fyrra. Það er búið að tala æðiopt um það, eins og uppástúngum mínum til lasts, að hinn heiðraði þíngmaður úr Gullbríngusýslu og stiptamtmaðurinn sè eitthvað riðnir við þær. En eg sè ekkert lastvert í því, þótt eg hafi leitað ráða til þessara manna, og eg tel víst, að hinn heiðraði fulltrúi Gullbríngusýslu hafi eins mikla þekkíngu á sveitalífinu, eins og hinn heiðraði *varaforseti,* þótt hann hafi verið 10 ár í sveit.

R. M. Ólsen: Það hefir verið viðurkennt af öllum hèr, utan þíngs og innan, að fjárkláðinn sè með tvennu móti, næmur og ekki næmur, en að hin lakari tegund hans ekki hafi verið í Húnavatnssýslu, þar um verð eg að skýrskota til hins heiðraða þíngmanns Eyfirðínga, sem á leið sinni híngað suður í vor með amtmanni Havstein og hans fylgjurum sá í Miðfirði hina lángvestu kláðategund í Húnavatnssýslu, og mun honum hafa sýnzt hann allt öðruvísi og á ósaknæmara stigi, en hèr syðra, og ekki annað, en hinn gamli „vanþrifakláði", er um allt land hefir stúngið sèr niður á bæ og bæ, og sem öldúngis ekki er *næmur,* en á hverjum hefir borið meira næstliðinn vetur en áður, af því honum var þá betri gaumur gefinn.

Framsögumaður: Þó eg ekki geti verið á meiníngu þíngmanns Reykjavíkur og þeirra manna, er honum fylgja, viðvíkjandi reglum þeim, er menn ætti að við hafa til tryggíngar móti fjárkláðanum og hnekkis honum, álít eg þó, að hann eigi þakkir skilið af þínginu fyrir það, að hann kom fram með uppástúngur sínar, því vegna þess varð málið betur rætt frá þíngsins hálfu; uppástúngurnar miða til þess, að hlífa sem mest fènu í suðuramtinu, og held eg, að í þessu tilliti eigi einnig stiptamtmaður vor miklar þakkir skilið, því hann hefir, eins og honum fremst var unnt, gjört sitt til í þessu máli, og mun víst einginn geta neitað honum um, að hann í því hefir verið óhlutdrægur.

Jón Hávarðsson: Samkvæmt því, er eg áður sagði, skal eg, ef nefndarálitið fær framgáng, leyfa mèr að bera fram það breytíngaratkvæði, að:

þeim mönnum, sem verður gjört að skyldu að skera geldfè sitt í haust fram yfir þá tölu, sem þeir þurfa að skera til búa sinna, eptir mati sýslunefndarinnar, verði borgaðar skaðabætur eptir úrskurði hlutaðeiganda amtmanns, með hliðsjón af þar að lútandi uppástúngum sýslunefndanna, og greiðast skaðabætur þessar fyrst um sinn úr ríkis-

issjóðnum, en verði síðar endurgoldnar og jafnaðar niður á allt landið, eins og alþíngistollurinn.

St. Jónsson: Eg ætlaði ekki að standa upp í þetta sinn, en fyrst þíngmaður Húnvetníngа skoraði á mig um, að segja álit mitt um fjárkláðann í Miðfirði, þá býst eg við, að það verði tekið álíka gilt, sem eg segi um það, eins og það hefir verið tekið, sem Norðlíngar hafa sagt híngað til um kláðann þar; það er svo mikið búið að ræða um athugasemdir J. Skaptasonar, og byggja á þeim ýmsar rángar meiníngar, að eg mun hèr ekki fá þeim talið hughvarf, sem enn eru að berjast fyrir því, að kláðinn sè fyrir norðan, sem annarstaðar; raunin ber vott um, hvernig hefir farið með kláðann þar, hvernig hann er byrjaður, hvernig hann við helzt, og hvort hann er horfinn, og raunin ber einnig vott um, hvernig hefir til tekizt hèr syðra, og þetta mun tíðin leiða í ljós, þegar tímar líða, en það er ekki von, að þeir trúi öðrum, sem vart trúa því, sem þeir taka á sjálfir, að eg svo til orða tek. Menn hafa reyndar nefnt menn, sem eiga að hafa læknað fènað sinn, og er sèr í lagi til nefndur Hannes Hannesson á Þórustöðum; eg hefi líka átt tal við hann sjálfur, og er hann þrátt fyrir lækníngatilraunir sínar miklu meir áfram um niðurskurð, en nokkurn tíma nefndin hefir farið fram á, en eins og aðrir, sem hafa aðhyllzt algjörðan niðurskurð, með því fororði, að sýkin væri ekki fyrir norðan og vestan. Mèr er aldrei mikið um lofræður, hvort sem þær eru um sjálfan mig eða aðra, sízt upp í eyrun, en eg verð þó að viðurkenna, að það er fullkomlega verðskuldað, er þíngmaður Húnvetníngа sagði um amtmanninn í norðuramtinu, enda mun það vera hverjum manni þar kunnugt, hversu vel og duglega bæði hann og aðrir fleiri hafa tekið í streinginn í þessu efni, og hverja framkvæmd og áhuga þeir hafa lagt á, að hindra útbreiðslu sýkinnar, og það vona eg að lifi í meðvitund manna og verði virt að maklegleikum, og það met eg meira, en lofræður á þíngi.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, er undirbúníngsumræðu máls þessa lokið, og kemur þá samkvæmt dagskránni til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu *málið um viðtöku ómyndugra fjár og opinberra stofnana í jarðabókarsjóðinn.* Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í máli þessu, og vona eg allir hinir háttvirtu þíngmenn hafi hana fyrir sèr.

Atkvæðaskrá
í málinu
um viðtöku ómyndugra fjár og opinberra stofnana í jarðabókarsjóðinn.

1. *Nefndin:* að það megi allramildilegast verða leyft framvegis, að veita móttöku á leigu í hinn konúnglega jarðabókarsjóð ómyndugra fè og opinberra stofnana, er nemur 25 rdl. og þar yfir.
2. *Nefndin:* að alþíng riti konúngi þegnlega bænarskrá um þetta atriði.

Framsögumaður: Þar eð ekkert breytíngaratkvæði er fram komið við álit nefndarinnar í máli þessu, finn eg einga ástæðu fyrir mig að tala frekar um það að svo stöddu.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, verð eg að álíta ályktarumræðu þessa máls lokið, og skal eg því biðja þíngmenn að gánga til atkvæða.

Síðan voru atkvæði greidd, og fóru þau á þessa leið:

1. Nefndin: samþykkt með 20 atkvæðum.
2. — samþykkt með 20 atkvæðum.

Forseti: Eg skal ákveða dagskrá til næsta fundar svo fljótt sem orðið getur.

Fundi slitið.

---

14. ág. — Þrítugasti fundur.

Konúngsfulltrúinn hafði tilkynnt *forseta,* að hann lasleika vegna gæti ekki komið á þíng í dag, og falið hinum fimmta konúngkjörna þíngmanni, kanselíráði *Finsen,* að vera í *konúngsfulltrúa* stað.

Af þíngmönnum voru hinn 6. konúngkjörni þíngmaður og þíngmaðurinn fyrir Þíngeyjarsýslu enn þá sjúkir.

Enn fremur hafði þíngmaðurinn fyrir Norður-Múlasýslu tjáð *forseta* forföll sín frá því að koma á fund í dag; allir aðrir þíngmenn voru á fundi.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur *jarðamatsmálið* í dag *til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu;* eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í máli þessu, og vona eg, að hún liggi fyrir hverjum þíngmanni.

Atkvæðaskrá

í

konúnglegu álitsmáli um jarðamatið.

1. *Meiri hluti nefndarinnar* (1 *a*):
Að breytíng sú, sem jarðamatsnefndin hefir gjört á matsverði jarðarinnar:
a, Akureyja í Skarðsstrandarhrepp innan Dalasýslu, og
b, á heimajörðinni Víðidalstúngu í Þorkelshólshreppi, verði ekki samþykkt, heldur verði hver þessara jarða um sig látin halda sínu upprunalega matsverði, leiðrèttu eptir þeim mælikvarða, sem jarðamatsnefndin hefir ákveðið fyrir sýsluna, áður en á þessar jarðir verður sett hundraðatal.
2. *Nefndin* (1. *b*):
að hið leiðrètta matsverð á jörðinni Leiðarhöfn í Vopnafjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu verði sett niður til 550 rdl., áður en á þessa jörð verður settur dýrleiki.
3. *Jón Sigurðsson:* að Stafholt í Mýrasýslu verði hækkað að mati, svo að virðíngarverð þess verði sett 1560 rdl.
4. *Nefndin:* að þíngið samþykki (að öðru leyti) jarðabókarfrumvarp það, sem stjórnin hefir nú lagt fyrir það, eins og það er leiðrètt af jarðamatsnefndinni frá 1855.
5. *Páll Sigurðsson:* að þíngið ákveði mælikvarða til þess, að settur verði dýrleiki eða hundraðatal á allar jarðeignir á Íslandi, eptir því leiðrètta matsverði, sem hver jörð hefir í frumvarpinu, svo að ákveðið dalatal hins leiðrètta matsverðs gángi í hvert nýtt jarðarhundrað, þannig:

Í Skaptafellssýslu . . .	29 rdl.
- Rángárvallasýslu . . .	34 —
- Árnessýslu	30 —
- Gullbríngu- og Kjósarsýslu	31 —
- Borgarfjarðarsýslu . . .	28 —
- Vestmannaeyjasýslu . . .	26 —
- Reykjavík	32 —
- Mýra- og Hnappadalssýslu	29 —
- Snæfellsnessýslu	30 —
- Dalasýslu	25 —
- Barðastrandarsýslu . . .	30 —
- Ísafjarðarsýslu	25 —
- Strandasýslu	25 —

Í Húnavatnssýslu . . . . 25 rdl.
- Skagafjarðarsýslu . . . 22 —
- Eyjafjarðarsýslu . . . . 27 —
- Þíngeyjarsýslu . . . . 34 —
- Norður-Múlasýslu . . . 50 —
- Suður-Múlasýslu . . . . 50 —

6. *Páll Sigurðsson* (til vara): að þíngið ákveði mælikvarðann samkvæmt nr. . . (eptir sýslum) einúngis í suðuramtinu.
7. *Páll Sigurðsson* (til vara): að til þess að ákveða dýrleika eða hundraðatal jarðeigna í Rángárvallasýslu eptir hinu leiðrètta matsverði, er gángi í hvert nýtt jarðarhundrað, sè hafður deilir 34.
8. *Nefndin* (nr. 2): að þíngið ákveði mælikvarða til þess, að settur verði dýrleiki eða hundraðatal á allar jarðeignir á Íslandi eptir því leiðrètta matsverði, sem hver jörð nú hefir í frumvarpinu, svo að ákveðið dalatal hins leiðrètta matsverðs gángi í hvert nýtt jarðarhundrað, þannig:

   Í suðuramtinu . . . 30,5 rdl. í hvert hundrað.
   Í vesturamtinu . . . 26,5 -- — —
   Í norður- og austuramt. 29,5 -- — —

9. *E. Ó. Kúld:* að þíngið ákveði, o. s. frv. (sem næst undanfarin grein) . . . . þannig: „í öllu landinu 29,5 rdl. í hvert hundrað“.
10. *V. Finsen:* að þíngið ákveði (o. s. frv. sem nr. 8), svo að 30,5 rdl. hins leiðrètta matsverðs gángi í hvert nýtt jarðarhundrað.
11. *V. Finsen:* að eptir orðin „sèrskilið matsverð“ (í uppástúngu nefndarinnar nr. 3.) verði sett: „þannig, að álnatalan verði ákveðin með tugabrotum af jarðarhundraði ($^1/_{10}$, $^2/_{10}$, o. s. frv.), en því, sem ekki nær fullum tíundupörtum, sleppt.
12. *Nefndin* (nr. 3): að þíngið hlutist til um, að eptir þessum mælikvörðum [mælikvarða] verði til hundraða og álna nákvæmlega út reiknaður og í jarðabókinni til færður dýrleiki hverrar einstakrar jarðeignar, er hefir sèrskilið matsverð,
    a, annaðhvort með því, að biðja konúnginn að leggja fyrir stjórnina, að ákveða nákvæmari ráðstafanir til þessa starfa, eða
    b, að þíngið kjósi sjálft til þess starfa 2 af þeim mönnum, sem voru í jarðamatsnefndinni 1855, gegn sanngjarnri þóknun, er stjórnin ákveður.
13. *E. Ó. Kúld* og *Jón Hávarðsson:* að þíngið biðji konúng um, að jarðabókin ekki öðlist lagagildi, fyr en með árinu 1862, en

að hún verði sem allrafyrst prentuð, eptir að búið er að setja dýrleika á allar jarðir samkvæmt tillögum alþíngis 1857, og að minnsta kosti 1—2 exemplör send til hvers hrepps í landinu að sumri komanda, og jarðabókin síðan lögð undir álit og samþykki alþíngis 1861, til að fá þar eptir fullkomið lagagildi.

14. *M. Andrèsson:* að eptir orðin: „allrahæst lagagildi“ í nr. 15, verði sett: „frá fardögum 1859“.

15. *Nefndin* (nr. 4): að þíngið biðji konúnglnn, að hann, þegar búið er að fastsetja dýrleika allra jarðeigna (eptir 3 *a, b,*), veiti þessari jarðabók allrahæst lagagildi, þannig: (sem segir í 4 *a—d*).

16. *E. Ó. Kúld:* að stafliðurinn 4 *a,* (18) falli burt.

17. *V. Finsen:* að í stað orðanna í 4. töluliið *a*: „10 ár“ verði sett „20 ár“.

18. *Nefndin* (nr. 4 *a,*): að jarðabókin verði lögð undir algjörlega endurskoðun og leiðrèttíngu, þegar 10 ár eru liðin frá því, að hún nær lagagildi, eptir þeim nákvæmari ráðstöfunum, sem alþíng ákveður þar að lútandi.

19. *V. Finsen:* að í staðinn fyrir 4 *b, c, d,* komi nýr stafliður: „að frumvarp verði síðar lagt fyrir þíngið um, frá hvaða tíma byrja skuli að greiða opinber gjöld eptir jarðabókinni“.

20. *E. Ó. Kúld* og *M. Andrèsson:* að stafliðurinn 4 *b,* (21) falli burt.

21. *Nefndin* (nr. 4 *b,*): að allar fasteignartíundir verði heimtar og greiddar eptir hinum nýja dýrleika í jarðabókinni þegar í stað, eptir að hún hefir náð lagagildi, og upp þaðan, nema öðrnvísi verði ákveðið með nýjum skattgjaldslögum.

22. *E. Ó. Kúld* og *M. Andrèsson:* að stafliðurinn 4 *c,* (23) falli burt.

23. *Nefndin* (nr. 4 *c,*): en þó haldi þeir prestar, sem eru í kallinu, þegar hin nýja jarðabók nær lagagildi, preststíund sinni af fasteignum, eptir hinum eldra dýrleika jarðanna, allt svo leingi þeir eru í sama embætti, svo framt fasteignartíundin er á þann hátt ríkari, heldur en eptir hinni nýju jarðabók.

24. *E. Ó. Kúld* og *M. Andrèsson*: að stafliðurinn 4 *d,* (26) falli burt.

25. *Nefndin* (nr. 4 *d,*): að jarðabókinni verði gefið allrahæst lagagildi frá fardögum 1859, þannig, að tíundir verði eptir henni teknar og goldnar í fyrsta sinn í fardögum 1860.

26. *E. Ó. Kúld:* að þíngið biðji konúnginn að veita í aukaþóknun jarðamatsnefndarmönnunum hverjum 100 rdl.

27. *Nefndin* (nr. 5): að þíngið biðji konúnginn að veita í aukaþóknun þeim jarðamatsnefndarmönnunum frá 1855, formanni nefndarinnar, kanselíráði, land- og bæjar-fógeta *V. Finsen* 50 rdl., og examin. juris alþíngismanni *Jóni Guðmundssyni* 100 rdl.

Framsögumaður (J. G.): Eins og menn sjá, hafa komið æðimörg breytíngaratkvæði við nefndarálitið í þessu máli, og hefir nefndin yfirvegað þau á reglulegum fundi, en ekki getað fallizt á neitt af þeim, og eru ástæður nefndarinnar fyrir því áður teknar fram, bæði af mèr og öðrum, við undirbúníngsumræðu málsins, og sè eg því einga ástæðu til, að taka það hèr upp aptur, og þess vegna ætla eg ekki að tala neitt, fyr en einhverjir þíngmenn hafa tekið til máls.

Þ. Jónassen: Eg vil, sem einn af nefndarmönnum í þessu máli, leyfa mèr að tala fáein orð, áður en geingið verður til atkvæðagreiðslu. Mig greindi upphaflega á við meðnefndarmenn mína um einstök atriði, en þegar leingra kom fram í málið og við fórum að ræða það ítarlegar í þess einstökum greinum, komst eg yfir höfuð í samhljóðun við meðnefndarmenn mína. Það voru einkum 2 atriði, sem eg var sèr í lagi í efa um; það var um deilinn, og um þann tíma, sem löggildíng jarðabókarinnar ætti að vera bundin við, og þessi atriði urðu líka í nefndinni mikið umtalsefni. Í sjálfu sèr er það án efa eðlilegast, eins og það upphaflega virðist að hafa verið meiníng stjórnarinnar, að einn og hinn sami deilir væri við hafður fyrir allt land, en eptir því sem málið lá fyrir, hlaut eg að kannast við, að það væri, eins og gjört hefir verið af nefndinni, yfirgnæfandi ástæður fyrir því, að hafa sinn deili fyrir hvert amt, og eru ástæðurnar fyrir því teknar, að eg ætla, svo greinilega fram í nefndarálitinu, að eg hefi eingu þar við að bæta.

Það er sjálfsagt, að þessi þrefaldi deilir raskar að nokkru leyti þeim grundvelli, sem þegar er lagður, sèr í lagi nú seinast af hinni konúnglegu jarðamatsnefnd; en eg get þó ekki betur skilið, en að þessi röskun geti staðizt, og að hún í öllu falli finni rèttlætíngu í því, að þessi breytíng leiðir til meiri jafnaðar, þar sem vesturamtið með einum og sameiginlegum deili fyrir allt land fèlli í hundraðatali lángt niður úr því, sem nú er, og þetta kæmi aptur niður á suður- og norðuramtinu, sem þegar á allt er litið, mun vera metið töluvert hærra, en vesturamtið, eins og ljós rök eru leidd að í nefndarálitinu.

Þar á móti get eg með eingu móti fallizt á atkvæði þíngmannsins úr Rángárvallasýslu, um sýsludeila, því með því raskast gjörsamlega allur sá grundvöllur, sem búið er að leggja fyrir jarðamatið, og Múlasýslurnar, sem hafa hæstan deili, sæti þá við sitt gamla hundraðatal, sem allir hljóta þó að játa að er miklu lægra en annarstaðar í landinu, og ljós rök eru leidd að nú og fyrri.

Áhrærandi breytíngaratkvæðið undir tölulið 13 skal eg einúngis geta þess, að eg hafði framan af í nefndinni sömu skoðun, sem þessa atkvæðis höfundur, en eg fèll síðan frá henni, sèr í lagi vegna þess, sem tekið er fram af stjórninni til þíngsins 1855 um það, að hlutaðeigendur hefði átt kost á því, að bera fram umkvartanir sínar við yfirmatið, og yrði því að kenna sjálfum sèr um, ef þeir þættist aflaga bornir; eg get því ekki verið meðmæltur þessu breytíngaratkvæði.

Um breytíngaratkvæðið undir tölulið 26 skal eg ekki fara mörgum orðum, því eg vona þíngmenn greiði fyrir því götuna.

Loks skal eg geta þess, hvað tíundargreiðsluna eptir þeim nýja jarðadýrleika snertir, að eg einnig er þar orðinn á skoðun nefndarinnar, þó mèr upphaflega þætti það eðlilegra, að tíundin yrði tekin og greidd eptir gamla dýrleikanum, þángað til búið væri að löggilda jarðabókina, enda ætla eg þetta muni verða almenníngi miklu geðfelldara, því upphaflega var það umkvörtun yfir tíundinni, sem ekki þótti, nè heldur var orðin í rèttu hlutfalli við jarðagæðin, sem gaf tilefni til hins nýja jarðamats.

Eg hefi minnzt á þessi atriði einúngis af þeirri ástæðu, að mig upphaflega ágreindi um þau við meðnefndarmenn mína.

Konúngsfulltrúi (V. Finsen í forföllum amtmanns *P. Melsteðs):* Í umboði *konúngsfulltrúans* skal eg leyfa mèr fáeinar athugasemdir við atkvæðaskrána í máli þessu. *Konúngsfulltrúinn* hefir þegar við undirbúníngsumræðuna látið í ljósi, að hann ei gæti fallizt á, að sèrstakur deilir væri við hafður fyrir hvert amt, þegar hundraðatalinu er niður jafnað, og enn þá síður getur þá verið spursmál um sèrstakan deili fyrir hverja sýslu. Með aðferð þeirri, sem jarðamatsnefndin frá 1855 hefir við haft, má álíta, að jöfnuður sè feinginn milli hinna einstöku sýslna og amta, en með því, að við hafa sèrstaka deila, yrði þeim jöfnuði raskað, og með því, að byggja á því, hver hundraðatala nú er í hverri sýslu eða amti, þá gánga menn út frá því, sem eingin vissa er fyrir að menn geti byggt á, því það er kunnugt, að hin núverandi forna hundraðatala er mjög ójöfn, og

gildir það eins milli hinna einstöku sýslna. Þar næst skal eg minnast á uppástúnguna undir tölulíð 12 *b;* þar er gjört ráð fyrir, að þíngið, til að út reikna hundraðatöluna fyrir hinar einstöku jarðir, kjósi 2 af þeim mönnum, sem voru í jarðamatsnefndinni 1855, en til slíkrar kosníngar hefir þíngið eingan myndugleika. Það var annað mál, þegar á þínginu 1855 voru kosnir menn í jarðamatsnefndina, því konúngsúrskurður 18. maí 1855 hafði stúngið upp á, að þíngið kysi þessa menn, og að *konúngsfulltrúinn* þá kysi hinn 3. nefndarmanninn, en í konúngsúrskurði 27. maí þ. á., hvar með þetta málefni er lagt fyrir þíngið, er reyndar gjört ráð fyrir, að þíngið, meðan það stæði, lèti út reikna dýrleikann, og að þessi starfi væri falinn annaðhvort jarðamatsnefndinni frá 1855, eða þá nefnd, sem þíngið til þess kysi, en í þessu er ekki innifalin nein heimild fyrir þíngið til að kjósa nefnd, er eigi að starfa, eptir að þínginu er slitið. Eg verð því að mótmæla því, að þíngið kjósi slíka nefnd, og er það að öðru leyti líka óþarfi að brúka slíka aðferð, því það á bezt við í öllu tilliti, að fela stjórninni þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru í þessu tilliti, eins og stúngið er upp á í tölulíð 12 *a.*

Framsögumaður: Eg skal geta þess, að þegar vèr nefndarmenn höfðum borið oss saman, þá kom oss saman um, að greiða atkvæði einúngis með 12 *a,* en að stafliðurinn *b* fèlli í burtu, þó eg geti ekki sèð, að það sè á móti konúngsúrskurðinum.

G. Einarsson: Þíngmaðurinn frá Strandasýslu skoraði á mig við undirbúníngsumræðu þessa máls, að segja álit mitt um matið á Akureyjum í Dalasýslu. Eg held eg verði nú að fylgja straumnum í þessu máli, og fara undan í flæmíngi, því þá aðferð virðist mèr þeir hafa brúkað, sem skorað hefir verið á í þessu atriði. Þó vil eg geta þess, að eg þykist ekki hafa minnstu ástæðu til, að vefeingja undirmatið eða yfirmatið í Dalasýslu á eyjum þessum; miklu fremur þykist eg, sem ekki ókunnugur ýmsum aukaatvikum við málefni þetta, hafa ástæðu til að halda, að eitthvað veilt sè við tilraunir þær, að fá matinu á Akureyjum breytt.

Það var í alla staði rètt, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* tók fram við undirbúníngsumræðu máls þessa, og sá, sem situr nú í sæti hans, endurnýjaði samstundis, að þíngnefndin í jarðamatsmálinu hefði með amtadeilinum fundið upp nýjan mælikvarða, til að meta eptir jarðir landsins, og þessi mælikvarði er hið forna hundraðatal. Fái nú amtadeilirinn framgáng á þínginu, þá er að mínu áliti grafið undan öllum grundvelli hins nýja jarðamats. Eg skil ekki, hverja

samkvæmni að hin heiðraða nefnd getur fundið í því, að við hafa þenna amtadeili byggðan á og styrktan með hinu forna hundraðatali, þeim mælikvarða, sem var, vegna ójafnanna á honum, álitinn öldúngis óhafandi. Þar að auki álít eg þetta aðra eins reikníngsvillu, eins og maður setti í þríliðu dalatal í forlið og miðlið, en jarðarhundraðatal í apturlið, og ætlaði sèr svo að finna út af þessu ný jarðahundruð í fjórða lið. Við undir- og yfirmatið voru jarðirnar virtar til dalatals eptir gæðum; það var hið 1. matsverð; því næst tók Reykjavíkurnefndin málið fyrir, og lagði eins konar mat á jarðirnar aptur, byggt á afgjöldum þeirra, þar af kom hið 2. matsverð, eða hið svo nefnda leiðrètta mat; við þetta hefði nú átt að standa, en þíngnefndin lætur nú ekki nema staðar hèr við; hún fer feti leingra og grípur nú hið forna hundraðatal — heyrið það — fyrir mælikvarða, og þar af kemur hið 3. matsverð á jarðirnar. Eg legg nú þetta undir þíngsins álit, undir þjóðarinnar álit, hvort hèr sè ekki farið fram ójöfnuði, og hvort það sè rètt, að láta hann lenda á hinum rýrasta hluta landsins, Vestfirðíngafjórðúngi.

J. Hávarðsson: Þegar eg sá niðurlagsatriði nefndarálitsins í þessu máli undir tölulið 4., þá rak mig í rammastans, því svo leingi sem staðið hefir á máli þessu, og hvað opt sem það hefir breytzt, hefir það þó ávallt breytzt til batnaðar híngað til; það verða allir að meðkenna, en þó málið hafi mikið lagazt, þá eru þó á því miklir gallar, og mèr virðist menn ætti að stuðla til þess, að lagfæra þá sem fremst verður, en ef nefndarálitið fær framgáng í þessu efni, þá er loku skotið fyrir allar lagfæríngar, og finnst mèr það þó vera í mesta máta sanngjarnt, að þjóðin hafi frelsi til, að lagfæra helztu gallana á jarðabókinni, svo hún yrði svo vel úr garði gjörð, sem framast er unnt, áður en hún er löggilt, og þetta var það, sem kom hinum heiðraða varaþíngmanni Snæfellínga og mèr til að taka oss breytíngaratkvæðið undir tölulið 13. Það lítur svo út, sem nefndin haldi, að ef jarðamatið komist undir næsta þíng, þá muni hinir nýju þíngmenn umturna því öllu fyrir ókunnugleika sakir, en þetta get eg nú ekki skilið, að minnsta kosti væri þá til lítils barizt fyrir hinum frjálsu kosníngum, ef allir þíngmenn, sem eptir þeim væri kosnir, væri hálfvitlausir, en það er nú lángt frá, að eg ímyndi mèr, að svo muni til takast, því eg ímynda mèr, að allir þeir þíngmenn, sem hafa reynzt vel, muni verða kosnir á ný, en hinir rýrari ekki, eður, sem lakar hafa reynzt, moðaðir úr, og betri kosnir í þeirra stað; og þó nú næsta þíng komist að annari niðurstöðu í jarðamatsmálinu,

en þetta þíng hefir komizt, hvað á þá þetta þíng með, að taka fram fyrir hendurnar á næsta þíngi og þjóðinni allri yfir höfuð? og það er meira að segja, að eg sè ekkert á móti því, að fella með öllu þetta jarðamat, ef það væri vilji þess þíngs, sem kemur, og þjóðarinnar, því þó menn horfi í það, að það sè búið að kosta upp á það svo miklu fè, þá hafa þó ekki þeir peníngar, sem til þess hefir verið kostað, borizt út úr landinu, og það finnst mèr þó vera mikil bót í máli. Það hefir verið talið sem víst, að hvenær sem jarðamatinu yrði lokið, þá yrði skattgjaldslögin tekin fyrir, en ef nefndarálitið fær framgáng, þá leiðir þar af, að skattgjaldslögunum hlýtur að seinka; það vogar einginn að taka þau fyrir, fyr en sá tími er liðinn, að búið er að lagfæra það aptur, en þar á móti má strax taka skattgjaldslögin fyrir 1863, ef jarðabókin er löggilt með árinu 1862. Eg held eg megi fullyrða, að nú er einmitt hinn hentugasti tími til þess, að jarðamatið færi fram; því nú eru jarðabæturnar sem óðast að byrja, en eingan framgáng búnar að fá, en eptir nokkur ár, eða t. d. 1870, yrði jarðir orðnar mjög breyttar frá því, sem þær eru nú, og þyrfti því að breyta svo fjarskalega miklu þá, til þess að lögun gæti ákomizt. Loksins vil eg geta þess, að nefndin hefir ekki að öllu leyti uppfyllt boð stjórnarinnar, nefnilega að þetta þíng ákveði hundraðatöluna á hverri jörð eptir matsverðinu; menn segja reyndar, að þetta sè ekki nema auðvelt reikníngsdæmi, og eg neita því ekki að svo sè, en þíngið hefir þó ekki uppfyllt þetta boð stjórnarinnar. Eg vona, að allir þíngmenn og jafnvel nefndarmennirnir sjálfir sjái það, að það er bæði sanngjarnt og nauðsynlegt, að þjóðin sjái, hvaða stefnu jarðamatið hefir nú tekið, svo mönnum gefist kostur á, að lagfæra þá galla, sem á því eru, áður en jarðabókin fær löggildíngu konúngsins.

J. Sigurðsson: Eg held eg berjist aldrei leingi fyrir breytíngaratkvæðinu, sem eg á hèrna á atkvæðaskránni. Eg skýrði mönnum bara frá ástandi og ítökum jarðarinnar við undirbúníngsumræðuna, og sagði það, sem mèr þótti satt vera í því falli, því ef eg hefði farið að skrökva nokkuð um það, þá mátti eg vita, að það mundi berast fljótt ofan í mig aptur, því tíðindin koma brátt hlutaðeigendum og kunnugum fyrir sjónir. Eg vildi gjöra mína vísu, að benda á, þar sem mèr þótti mest misfella á matinu, svo þó þíngið núna kann ske ekki þættist hafa rètt á, að hækka jörðina, þar eingin skýrsla væri komin frá jarðamatsmönnunum, þá kynni þetta umtal að geta orðið til leiðbeiníngar í eptirtíðinni, þá jarðabókin yrði

löguð og endurskoðuð, eins og ráð er fyrir gjört. Breytíngaratkvæðið nr. 5 býst eg við að aldrei geti feingið meðhald þíngsins, því þá fyrirfærist sú tilætlun, að Múlasýslurnar hækkuðu að hundraðatali, sem öllum kemur þó saman um, að svo ætti að verða; aptur vil eg veita meðmæli breytíngaratkvæðinu nr. 6, að sýsludeilir sè í suðuramtinu, því þar hygg eg verði mestar ójöfnur, ef amtsdeilir er hafðar, því það mun satt, að Rángárvallasýsla stigi þá of mikið upp, en Skaptafells- og Borgarfjarðarsýslur verði aptur of lágar. Breytíngaratkvæðið nr. 9, að einn deilir sè yfir land allt, álít eg óhafanda, og hafa verið fram færðar nægar ástæður fyrir því, bæði við undirbúníngsumræðuna, og núna af hinum háttvirta konúngkjörna þíngmanni, og þó eg sè úr vesturamtinu, þá get eg ekki verið svo sèrdrægur vegna þess, að mèr ekki þyki það geta borið sitt reyfi, eða það þurfi að fara að níðast á hinum ömtunum og kasta af sèr 2000 hundruðum upp á þau. Breytíngaratkvæðið nr. 17 liggur mèr við að aðhyllast, því þegar nú er loksins búið að gánga frá jarðamatinu, vildi eg það gæti verið svo, að það mætti nú standa óraskað eins leingi, og verk þetta hefir staðið yfir, og þar nú hefir svo hepnazt, að flestir þeir sömu menn eru hèr lifandi, sem kunnugastir eru öllu þessu verki, kríngumstæðum og reglum þess, og sumir, sem hafa tekið mestan þátt í því, allt frá því, að allrafyrst var farið að hugsa um og tala um, að jarðamatið þyrfti að ske, eru hèr nú til svara, þá þykir mèr það ólaglegt og undarlegt, að vilja nú láta þá hætta við það hálfskeint, þegar stjórnin ætlast þó til, að þessa þíngs aðgjörðir skuli þó standa. Eg get ekki skilið, hvað ynnist við það, að fara nú að hleypa á nýjum umkvörtunum og öllum þeim graut, sem þar af flyti, og leggja það allt aptur undir næsta þíng; þeir menn verða þó málinu líkast til ókunnugir, þó þeir ekki yrði vitlausir (*Forseti:* Eg vildi menn vildi velja sèr kurteisari orð, en ekki svona klúr); eg hefi þau eptir öðrum, og það þess vegna, að mèr þykir eingin prýði að því; eg held, þó þeir þíngmenn yrði vel að sèr, sem eg held að einginn efi, þá yrði þeir ekki eins vel inn í svona vandasömu máli, ef þeir yrði ókunnugir því; eg skal eingan öfunda af því, að kynna sèr það allt vel, og kljá það á endann á einum þíngtíma. Ekki fellst eg á breytíngaratkvæðið nr. 26. *Framsögumaður,* sem var meðlimur Reykjavíkurnefndarinnar, játaði, að borgunin, sem þeir nefndarmenn hefði feingið, hefði verið nægileg, og þó okkur nefndarmönnum þætti hafa verið munur á fyrir honum, sem ekki gat aflað sèr lifibrauðs með öðru móti, meðan hann var að

þessu starfi, og hinum, sem sátu við full laun, og gátu feingið þessa borgun í viðbót, og við beint eptir bendíng stjórnarherrabrèfsins stíngim upp á viðbót við hann, þar hann líka, eins og allir vita, hefir einatt mest af öllum starfað að jarðamatinu, þá gef eg ekkert um, að fara að biðja stjórnina að bæta við hina að þarflausu, því stjórnin hlýtur þó að taka það einhverstaðar frá, líkast til eins og jarðamatskostnaðinn af jarðeigendunum.

P. Sigurðsson: Nú er þá bráðum komið að því, að þíngmenn fari að gefa atkvæði sín, og með því að hnýta að þessu mikla jarðamatsverki; en breytíngar þær, sem nokkrir þíngmenn eiga á atkvæðaskránni, sýna það ljóslega, að þeim þykir ekki uppástúngur eða stefna sú, sem nefndin hefir varið, alls kostar rètt; nokkrir vilja hafa einn deili fyrir allt landið, og er það að vísu rèttast í grundvallarreglum, en nefndinni þykir hann óhafandi, eins og satt mun vera, en þar með hlýtur hún líka að viðurkenna, að þærójöfnur, sem áður voru í innbyrðis ósamkvæmni milli amta og sýslna, og sem þínginu 1855 þóttu svo stórkostlegar, að nefnd var kosin milli þínga, til að reyna að lagfæra þær, það hafi henni öldúngis ekki tekizt að laga, eins og óskanda væri. Nefndina tekur ekki svo sárt, þó hún gjöri Rángárvallasýslu að olbogabarni sínu, því hún hefir viðurkennt, að með þeim deilum, sem hún vill brúka, þá verði jarðeignir allar í landinu 10 hundruð hundraða meiri, en áður var. Þetta er að vísu ekki svo mikið, væri því sanngjarnlega niður jafnað, en það fer fjærri að svo sè, því ekki einasta þessi hækkun þess gamla hundraðatals alls landsins bætist allt á hið gamla hundraðatal í Rángárvallasýslu, heldur vill nefndin bæta við hana rúmum 4 hundruðum hundraða meir, sem hljóta að dragast frá hundraðatali annara sýslna; eg veit ekki, hvaðan þau koma; hún líklega veit það ekki sjálf, því ekki hefir *framsögumaður* upplýst mig um, af hvaða ástæðum Borgarfjarðarsýsla er færð niður; það er of miklu búið að kosta upp á þetta jarðamat í Rángárvallasýslu, ef hún fær á eptir að bera nýjan ímyndaðan fasteignaskatt, sem er ránglátari, þegar hann er miðaður við aðrar sýslur landsins, en sá fyrri var innbyrðis í sýslunni, sem með þessu jarðamati átti að jafna; og hver helzt fasteignaskattur sem á yrði lagður, verður hann ætíð ósanngjarn, þegar undirstaðan er svo skökk, að nærri $^1/_5$ allra fasteignahundraða sýslunnar eru ekki utan ímynduð. Eg hefði ekki mælt harðlega móti, hefði nokkuð hækkað, þó eg álíti það, sem nú er, nærri sanni, hefði það verið gjört að rèttum jöfnuði móts við aðrar sýslur landsins. Til að reyna að ná

þessum ójöfnuði nokkuð af, þá hefi eg borið upp þau breytíngaratkvæði nr. 5, 6, 7, á atkvæðaskránni. Nefndin hefir ekki getað aðhyllzt, að hafa deili fyrir hverja sýslu, og sýnist hann þó vera öllu sanngjarnari, og líka sýnist stjórnarherrabrèfið benda til hans, fremur en að hafa amtadeili. Nefndinni þykir hann óhæfilegur fyrir Múlasýslur, en var henni þá ómögulegt, að finna sanngjarnan deili handa þeim? En ef þíngið ekki skyldi geta aðhyllzt, að hafa sýsludeili, þá bið eg menn vel að athuga varaatkvæði mín, því að hafa við sýsludeili einasta fyrir suðuramtið, raskar að eingu aðalstefnu nefndarinnar; en með því hverfur að hálfu það ránga hundraðatal, sem nefndin nú ætlar að demba á Rángárvallasýslu. En landið er samt með hærri hundraðatölu, en áður, og vil eg því vona, að þíngmenn aðhyllist það, eða þá að sýsla þessi fái þann rètt, að mega hafa sèrstakan deili út af fyrir sig; eg veit, að þíngmenn hugsa, að sýsla þessi hljóti að vera kostagóð, þar hún sè með svo háu mati, en þeir vita líka, að matsmenn í sýslunum gjörðu matið eptir nokkuð mismunandi grundvallarregln, og hefi eg með dæminu af mati Árnessins sýnt, að þetta hefir átt sèr stað í næstu sýslum. Nefndinni er það ekki nóg, að láta Rángæínga líða órètt litla stund; hún vill fá jarðamatið svona úr garði gjört, þegar löggilt, og ekki nóg með það, heldur að það skuli standa óhaggað 10 ár, og sumir þíngmenn 20, og með því taka fyrir kverkar öllum Rángæíngum, og keyra þá inn í eitthvert svarthol málfrelsisleysis, svo ekki geti í þeim krimtað, þó þeir liggi undir ójöfnuði; og þó þetta þíng skyldi samþykkja þessa rángsleitni, þá vona eg svo góðs til stjórnarinnar, að hún samþykki það ekki. Einn þíngmanna talaði í gær, að það væri um að gjöra, að menn gæti farið heim með góða samvizku fyrir aðgjörðir sínar við málefnin; eg hefi nú leitazt við, að skýra mál þetta sem mèr er unnt fyrir þíngmönnum, og veit eg, að þíngmenn greiða atkvæði í þessu máli sem öðrum eptir beztu sannfæríngu; en þar eg á nú ekki orðið optar í þessu máli, þá vil eg geta þess, að þó þíngið felli nú þessi mín breytíngaratkvæði og aðhyllist nefndarálitið, og stjórnin skyldi lögleiða það, sem eg þó vona ekki verði, og Rángæíngar mætti búa nauðugir undir afarkostum slíkum, þá getur forsjónin enn fram leitt einhvern nýjan Tómas Sæmundsson, til að koma þessu málefni með ljósum ástæðum í árbækur landsins, því ef þessi uppástúnga nefndarinnar fær hèr samþykki og síðan löggildíngu, þá dreg eg mig inn í þetta ríki þagnarinnar til meðbræðra minna; þó eg gjöri það nauðugur, þá verð eg þar að lúta fyrir aflinu.

E. Ó. Kúld: Eg stend upp í þetta sinn einúngis til þess, að mönnum bregði ekki við, að eg skuli allt af sitja, en það álít eg óþarfa, að standa upp, til að mæla fyrir breytíngaratkvæðum þeim, sem við mig eru kennd, á atkvæðaskránni, því eg vona, að allir sjái, að þau eru byggð á sanngirni. Eg sannaði það við undirbúníngsumræðu þessa máls, að ef nefndarálitinu yrði framgeingt, þá væri það hinn mestiójöfnuður og hið einstakasta gjörræði, og þessi orð mín voru þá ekki hrakin af hinum háttvirta *framsögumanni,* svo mèr dettur alls ekki í hug, að taka þau orð aptur, sem eg talaði þá um amtadeilinn, sem byggist ekki á neinu öðru en ósanngirni. Eg sýndi og fram á það við undirbúníngsumræðuna, hvernig Vestfirðir eru úr garði gjörðir af náttúrunni, t. a. m. að landslagi, stærð, tíundarstofni og verzlunarvörumagni, og þeir menn eru líka í nefndinni, sem vita þetta allt eins vel og eg, enda er það allt óhrakið. Það hefir verið talað um fiskiaflann fyrir vestan, en hann er nú einmitt minni þar, en hèr, og af hlunnindum kann hákallsaflinn að vera það eina, sem Vestfirðir hafa fram yfir aðra hluti landsins, auk dúns og fiðurs, og þó hygg eg hann sè allt að því eins mikill í Norðurlandi, að minnsta kosti mætti hann vera það. Hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður sagðist ekki geta fallizt á einn deili fyrir allt landið, og skýrskotaði til ástæðnanna í nefndarálitinu fyrir þreföldum deili, en það er nú ónýtt fyrir mig að skýrskota til þeirra, því eg finn þær ástæður hvergi í nefndarálitinu, og hinn heiðraði þíngmaður Mýrasýslu talaði ekki heldur rètt, þar sem hann skýrskotaði til þeirra ástæðna fyrir þreföldum deili, sem hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður hefði framborið, því þær heyrði eg ekki heldur, sem ekki var von, því hann nefndi eingar. Það hefir verið sagt, að fyrsta aldan til amtadeilisins mundi runnin frá amtmanninum í vesturamtinu, en eg vil biðja menn að gæta þess, að 1851 er allt annað en 1857, því 1855 kollköstuðu menn að nokkru leyti jarðamatinu, sem gjört var eptir reglunum, sem gefnar voru 1848, og fóru þá að byggja á afgjöldum jarðanna, og því hèlt hin konúnglega jarðamatsnefnd í Reykjavík áfram, en nú hefir þíngnefndin aptur umturnað öllu þessu, með því að uppvekja þenna amtadeili, og ef þetta er ekki *gjörræði* (kann ske menn skilji ekki orðið; eg sè það er brosað að því; það er á dönsku „Vilkaarlighed"), þá veit eg ekki hvað það er, því það er hið einstakasta gjörræði, sem eg þekki. Eg fyrir mitt leyti get nú ekki kunnað nefndinni neinar þakkir fyrir það, að hún hefir ónýtt allt það, sem híngað til hefir verið gjört við jarðamatið, því eg álít það hið sama, eins

og ef nefndin hefði geingið með þá peninga, sem til jarðamatsins hefir verið varið frá upphafi, hèrna fram á einhverja bryggjuna, og kastað þeim í hafsins djúp. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* tók það fram við undirbúníngsumræðuna, að hann gæti ekki fellt sig við þenna þrefalda deili, og sama hefir hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður tekið fram í dag, bæði sem *konúngsfulltrúi* og sem þíngmaður, en eg verð að álíta það mjög illa farið fyrir Vestfirðíngum, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* gat ekki mætt hèr á þínginu í dag, því eg er sannfærður um, að hann hefði lagt þeim eitthvert liðsyrði, ef hann hefði hèr verið, og þar að auki mun einn deilir fyrir allt landið missa eitt atkvæði fyrir það, að sá maður situr í *konúngsfulltrúa* sætinu, sem þar situr nú. Eg hefi líka saknað þess, að hinn háttvirti *forseti* hefir enn ekki tekið til máls sem þíngmaður Ísfirðínga, til að halda uppi svörum fyrir Vestfirðínga í máli þessu, og skora eg því á hann að gjöra það. Viðvíkjandi tölulið 2, þá þykir mèr nokkuð kynlegt, að gjöra slíkar breytíngar einúngis eptir sögusögn einstaks manns, hversu merkur sem hann að öðru leyti er, og vil eg því biðja hinn háttvirta *framsögumann* um skýríngar þar að lútandi. Mèr þykir það líka nokkuð undarlegt, að vera að gjöra einstakar jarðir að umtalsefni hèr, eins og gjört er undir tölulið 3. Viðvíkjandi tölulið 5. er mèr næst geði að fylgja málshættinum: „Af tvennu illu taktu það minna“, því þó sýsludeilinum verði lítil bót mæld, álít eg hann þó skárra, en amtadeilinn, og eg held það væri ekki heldur neitt óráð, þó menn gjörði þetta jarðamat allt sem allravitlausast, svo menn gæti verið vissir um, að stjórnin aðhylltist ekki neitt af því. Eg þarf því síður að tala um breytíngaratkvæði mitt undir tölulið 13, sem hinn háttvirti þíngmaður Suður-Múlasýslu hefir þegar gjört það, og hinn háttvirti *framsögumaður* hefir enn geymt að svara því, hvort sem hann hefir nú gjört það, til að sitja mig af stokkunum eða ekki; hin breytíngaratkvæði mín fljóta hvert af öðru. Viðvíkjandi tölulið 26, þá álít eg enn, að það, sem þar stendur, sè bæði sanngjarnt og rètt, og eg get ekki skilið, hvernig sá, sem nú situr í *konúngsfulltrúa*stólnum, gat hlustað á það, hvernig hinum heiðraða þíngmanni úr Mýrasýslu fórust áðan orð um þetta breytíngaratkvæði.

Forseti: Þar sem hinn heiðraði varaþíngmaður Snæfellínga furðaði sig á því, að hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður hefði getað hlustað á seinasta kaflann af ræðu þíngmannsins úr Mýrasýslu, þá liggur það beinast við, að hann muni ekki hafa fundið

sèr skylt í *konúngsfulltrúa* stað að grípa þar neitt fram í, heldur væri það *forsetans*. En þó eg eingan veginn sè hinum heiðraða þíngmanni úr Mýrasýslu samdóma í þessu máli, og mèr geðjaðist ekki heldur að því, hvernig honum fórust orð, þá fann eg þó ekki ástæðu til, að taka harðara á honum, en eg gjörði.

Hinn heiðraði varaþíngmaður Snæfellínga skoraði á mig, sem þíngmann Ísfirðínga, að segja álit mitt um þetta mál, og skal eg leyfa mèr að gjöra það í fám orðum. Eg skal þá fyrst snúa mèr að nr. 4 á atkvæðaskránni, að eg ímynda mèr, að svo sè tif ætlazt, að þíngið vilji með því atriði fullnægja stjórnarherrabrèfsins I. lið, en ekki að það sè meiníng þíngsins þar með að löggilda jarðamatið. Eg skil það svo, sem nefndin þar með vilji stínga upp á, að þíngið skuli samþykkja jarðabókarfrumvarpið sem frumvarp, með þeim breytíngum, sem hin konúnglega jarðamatsnefnd í Reykjavík hefir við það gjört, en ekki sem lög, fyr en eptir uppástúngunni nr. 15 á atkvæðaskránni.

Framsögumaður: Nefndin ætlaði reyndar að gánga leingra. Undir nr. 4 hefir nefndin sameinað svarið upp á konúngsúrskurðarins I. staflíð *a* og *e*; hitt áleit nefndin alls ekki eiga við, að setja dýrleikann á hinar einstöku jarðir, eða finna og ákveða mælikvarða fyrir því, fyr en þíngið væri komið að raun um, hvort það gæti samþykkt jarðamatið með þeim breytíngum, sem á því eru orðnar eptir Reykjavíkurnefndina.

Forseti: Viðvíkjandi töluliðnum 8 á atkvæðaskráni, eða um deilinn, sem meiníngar manna eru mest tvískiptar um, þá er eg nú í því tilliti á sama máli og hinn háttvirti varaþíngmaður Snæfellínga, því það er augljóst, að það hefir ávallt legið til grundvallar í öllum reglum fyrir jarðamatinu, að sami deilir yrði að lokum hafður fyrir allt landið. Hinum heiðruðu þíngmönnum er það nú kunnugt, að þíngmaður Ísfirðínga hefir aldrei haft neinar mætar á þessu jarðamati, heldur hefir honum þótt það óhentugt og óþarft og ótímabært, og sönnu meiníngar er hann enn. En þíngmanni Ísfirðínga þykir það undarlegt, að fyrst að með jarðamatið hefir verið farið frá upphafi eins og reikníngsdæmi, þá skuli vera brugðið út af því, þó menn sjái fram á, að nokkur hluti landsins ætli að hafa hagnað af öllum reikníngnum; því þetta, að svona fer, sannar þó ekkert annað en það, að jarðamatið er ekki byggt á rèttum grundvelli; það er eins og ef að tveir menn færi að spila, og þegar annar þeirra sæi, að hann ætlaði að vinna spilið, þá ruglaði hann saman spilunum, til

að láta hann ekki vinna, en þetta mundi vera kallað að hafa rángt við. Það er að vísu satt, að amtadeilirinn, eða þetta mat í lausu lopti, getur farið mjög vel á pappírnum, en þegar til framkvæmdanna kemur, þá getur varla hjá því farið, að hann verði orsök í endalausum umkvörtunum og óánægju. Af þessu er hinum háttvirtu þíngmönnum það ljóst, að eg felli mig vel við uppástúngu hins háttvirta þíngmanns Snæfellínga undir tölulið 9. Sömuleiðis get eg ekki betur sèð, en það sè alveg rètt, sem hèr er farið fram á undir tölulið 13, því mèr finnst það í mesta máta sanngjarnt, að jarðabókin sè lögð fyrir augu þjóðarinnar, áður en hún er löggilt af konúnginum. Þó eg væri sá aumasti bóndi, þættist eg eiga fullan rètt á, að sjá það svart á hvítu, hvað mikið jörðin mín væri metin, og að mèr gæfist ráðrúm til að sýna og sanna, að matið væri í einhverju tilliti ránglátt, ef svo kynni að standa á með mína jörð, og að eg þá gæti feingið leiðrèttíngu á því. Eg veit ekki betur, en að þetta sè og venja annarstaðar, og þegar jarðamatið fór fram í Danmörku, og hafði staðið yfir í 40 ár eða meira, þá veit eg ekki betur, en að mönnum þar á eptir þó væri gefinn 5 ára frestur, til að koma fram með umkvartanir sínar yfir því. Mèr finnst það lýsa einhverjum ótta hjá nefndinni, að hún þorir ekki að leggja með því, að frumvarpið komi fyrir allra augu; það er eins og hún þori ekki að sleppa frá sèr jarðamatinu undir umtal manna og dóm, án þess það sè lögleitt áður; en eg get ekki sèð, að við það sè neitt unnið; því þó menn nú biðji um löggildíngu á því, svona eins og það er, þá mega menn gánga að því vísu, að það streyma á hverju ári umkvartanir um það inn á þíngið, og þá er ekki miklu bættara, en þó að það fèlli nú þegar, því ef jarðamatið getur ekki staðizt dóm manna um þessi 5 ár, þá álít eg það ónýtt, og að það eigi þess vegna að falla. Hið eina jarðamat, sem fram hefir farið hèr á landi, það sem samið var 1802 — því jarðabók Árna Magnússonar er ekki annað en jarðalýsíng, og jarðabókin 1760 er gjörð af Skúla landfógeta heima í stöfu hans eptir jarðabók Árna og skýrslunum til tukthússtollsins — fór þannig, að þegar það var búið, þá hófust svo miklar raddir í móti, að landið að lokunum losaðist við það. Nú gæti eg vel ímyndað mèr, að líkt færi með þetta, og þá mundi litlu bættara, þó það væri gjört að lögum, án þess að það hefði komið fyrir sjónir almennings. Út af því, sem stendur á atkvæðaskránni undir tölulið 18, skal eg geta þess, að eg álít það mjög skaðlegt, þegar gefin eru út lög, að til taka fyrir fram, að þau lög

skuli ekki gilda nema vissa tiltekna áratölu, því þá er það svo sem auðvitað, að ef mönnum geðjast ekki að lagaboðinu, þá róa menn að því öllum árum, að það gildi alls ekki leingur, en hinn ákveðna tíma. Ef stjórnin væri beðin að leggja jarðamatið aptur undir algjörlega endurskoðun að 10 eða 20 ára fresti, þá mundi það vera hið sama, eins og sagt væri, að jarðabókin skyldi ekki vera í gildi nema þessi 10 eða 20 ár. Þá mundi kvartanirnar verða svo miklar, að ekki yrði komizt hjá að meta jarðirnar algjörlega á ný, og það mundi aptur hafa hinar háskalegustu verkanir á allan landbúnað, einkum allar jarðabætur, þá færi menn að hugsa um það, að sjá svo fyrir, að jarðir þeirra skyldi fremur lækka, en hækka við næsta mat. Af þessu geta hinir háttvirtu þíngmenn séð, að eg get hvorki fállizt á nr. 17 nè 18 á atkvæðaskránni, og að eg vil láta jarðamatið koma fyrir augu almennings ólöggilt, svo menn geti gjört á því breytíngar, ef þurfa þykir; eg vil láta til taka víst árabil, ekki of stutt, en heldur ekki of lángt — eg álít 5 árabil mátulegt — til þess að koma fram með uppástúngur um breytíngar, eða kvartanir um, þar sem gallar kynni á að þykja, en síðan vil eg ekki að lagagildi jarðabókarinnar sè bundið við neinn tíma, heldur að það skuli standa óhaggað að öllu, eptir að konúngurinn hefir gjört það að lögum. Eg þarf ekki að geta þess, að eg verð öldúngis að fallast á það, sem stendur undir nr. 26 á atkvæðaskránni; því mèr finnst það öldúngis samsvarandi góðri reglu, að eg ekki segi góðum sið, en hitt væri mjög óviðkunnanlegt og undarlegt, að fara að gjöra mun á mönnum, sem hafa unnið saman í einni nefnd.

G. Brandsson: Þessi amtadeilir, sem verið er að tala um, hefir reyndar feingið æðiharðan dóm hjá sumum þíngmönnum, en mèr getur þó ekki betur fundizt, en að menn hljóti því fremur að sannfærast um, að þrefaldur deilir er rèttari fyrir allt landið en einn deilir, því meira sem um það er talað. Það er að vísu satt, að það er fagurt á pappírnum, að hafa sama mælikvarða yfir allt, en úr því verður einber ósanngirni, þegar til framkvæmdanna kemur, því eg get ekki skilið, hvaða rètt vesturamtið hefir til þess, að varpa af sèr nærri 2000 hundraða yfir á hina fjórðúnga landsins, og það er eingin ástæða til að halda, að hið forna jarðamat á vesturamtinu hafi verið of hátt; þvert á mót sýndi hinn heiðraði þíngmaður Dalasýslu við undirbúníngsumræðuna ljóslega fram á það, að jarðir hefði verið miklu hærra metnar hèr á Suðurlandi, þar sem hann tók stólsjarðirnar til dæmis. Hinn heiðraði þíngmaður Suður-Múlasýslu hèlt áðan, að

jarðamatsbókin mundi verða vinsælli hjá þjóðinni, ef hún væri lögð fyrir augu almennings, áður en hún væri löggilt, svo menn gæti kvartað yfir þeim ójöfnum, sem á matinu kynni að vera; en um þetta var mjög mikið talað í nefndinni, og hún áleit, að ef jarðamatið væri nú látið gánga út um allt land, og mönnum boðið að gjöra við það athugasemdir eptir eigin velþóknun, áður en það yrði lögleitt, þá mundi seint verða séð fyrir endann á slíku, en ef það yrði nú lögleitt innan skamms tíma og kæmi svo fyrir almennings sjónir, þá mundu menn hafa meiri hvatir til, að íhuga það rólega og vandlega í þessi 10 ár, sem nefndin hefir til tekið, þángað til það yrði endurskoðað, en eingum held eg hafi dottið í hug, að þá yrði byrjað á algjörlega nýju jarðamati, heldur mundi það verða einúngis lagfæríng á þessu, samkvæmt þeim umkvörtunum, sem frá þjóðinni kæmi um það. Það hefir verið mikið talað um það, hvað dýrt jarðamat þetta væri orðið og kostnaðarsamt þjóðinni, en mér ægir það nú ekki svo mikið, því það hefir þó ekki kostað meira en hér um bil 8000 rdl., og það er lítið meira en það, sem alþíng hefir kostað á einu ári, en ekki tel eg þar í þann kostnað, sem alþíngisræðurnar um það hafa haft í för með sér, heldur felst hann í öðrum þíngkostnaði. Jarðamatið, sem ferðanefndin samdi um aldamótin seinustu, mun hafa kostað miklu meira en þetta, og þó var það á eptir öldúngis óbrúkanlegt, en þetta er vafalaust miklu betra, en hitt, og má ske eitt það bezta, sem vér höfum feingið, þó að þjóðin kunni að sjá á því nokkrar misfellur. Eg er nú á því, að þótt hinn heiðraði varaþíngmaður Snæfellínga hefði ekki staðið upp, til að mæla fyrir breytíngaratkvæðum sínum, eins og hann sagðist ekki þurfa, því þau töluðu fyrir sér sjálf, þá hefði þau líklega farið sömu leiðina, og eg vona að þau fari; hann talaði margt um það enn, sem fyrri, hvað Vesturland væri hrjóstrugt og magurt, en ekki sannast það nú á Frökkum, þar sem þeir eru að berjast við að útvega sér þar jarðnæði; hann vildi reyna að sanna með skýrslum kaupmanna, hvað verzlunarvörumegnið á Vesturlandi væri lítið, en það er nú alkunnugt, hversu slíkar skýrslur eru óáreiðanlegar, og svo hafa menn eingar slíkar skýrslur frá lausakaupmönnum *(E. Ó. Kúld:* Jú), sem vanir eru að leita þángað, fremur en híngað til Suðurlandskaupstaðanna, og þó þeir sumir komi hér sem snöggvast, þá standa þeir hér ekki við, vegna þess þeir þurfa að flýta sér til Vesturlandsins, og líka senda kaupmenn héðan vörur vestur, til að verzla þar, og innfæra svo þær vörur, sem þeir fá fyrir vestan, í skýrslur sínar, eins og þær væri t. a. m. hér úr

suðuramtinu. Þessum sama heiðraða þíngmanni var mjög heitt niðri fyrir út af því, að hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður gæti ekki greitt atkvæði með einföldum deili vegna stöðu sinnar hèr á þíngi í dag, en eg skal hugga hann með því, að það vantar líka 2 af nefndarmönnunum, svo mèr sýnist hann vera vel í haldinn, enda mun hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður geta greitt og greiða atkvæði, ef honum svo sýnist, og eins og honum sýnist. Viðvíkjandi uppástúngu nefndarinnar undir tölulið 27, þá hèlt hinn heiðraði varaþíngmaður Snæfellínga, að nefndin mundi ekki hafa átt með, að stínga upp á því, sem þar er gjört, en eg verð einúngis að vísa honum til stjórnarherrabrèfsins, því það er ljóslega tekið fram, að nefndin átti fullan rètt á því. Eg skal ekki furða mig á því, þó hinum heiðraða þíngmanni Rángvellínga taki nokkuð sárt til kjördæmis síns, og það því síður, sem mèr virðist sú sýsla verða of hart úti í samanburði við aðrar sýslur, því þó Reykjavíkur-nefndin hafi slegið af matsverði heunar nærfellt 5000 dölum, þá hækkar hún þó mjög mikið að hundraðatali við það, sem þar var áður; þetta kemur nú til af því, að jarðaafgjöldin þar eru hærri en víða annarstaðar, einkum þar sem margbýlið er í henni. Þó geingið væri inn á breytíngaratkvæðið undir tölulið 7, þá minnkaði hundraðatalan á allri sýslunni einúngis um 7 hundruð hundraða, og held eg það mætti vel missast, því hin nýja hundraðatala á öllu landinu yrði þó nokkuð meiri, en hún áður var eptir hinu gamla hundraðatali. Eg er nú reyndar ekki svo kunnugur sem skyldi í tilliti til Skaptafellssýslu, og aðrir eru miklu kunnugri, en eg er þó ekki svo ókunnugur, að mèr ekki finnist hún fremur í lægra lagi, á móti því, sem Rángárvallasýsla er metin; því eins og hinn háttvirti *varaforseti* tók fram við undirbúníngsumræðuna, að í Rángárvallasýslu væri auðnir miklar sumstaðar, en sumstaðar líka afbragðsgóðir blettir, eins mun þetta eiga heima um Skaptafellssýslu, og sannarlega er það undarlegt, að hún skuli ekki nærri hafa náð helmíngsverðlagi á móti Rángárvallasýslu, svo af því verð eg að ráða, að matið í þeim muni vera töluvert mismunanda.

M. Andrèsson: Það, sem menn greinir hèr á um, er einkum það, hvort rèttara sè, að hafa einn og hinn sama mælikvarða, eða með öðrum orðum, einn deili yfir land allt, eða sinn í hverju amti, til að finna dalatal það, sem leggjast skal í hvert jarðarhundrað; þetta held eg muni ekki æríð miklu, og nærfellt að mig gildi einu hvort er, en með hitt er eg óánægður, hvað fáa dali nefndin hefir

ætlað í hvert hundrað yfir höfuð að tala, svo þar við hækkar hundraðatal á mörgum gömlum bændaeignum, sem menn munu una illa við; eg skil ekki, hvað nefndinni hefir geingið til þess, eg vil ætla, að stjórnin hafi ekki sett svo þraung takmörk með það, hvað hátt hundraðatal skyldi verða á öllu landinu; breytíngarkvæði mín eru sprottin af þeirri rót, að eg vil ekki, að tíundargjöld af fasteign breytist, fyr en breytt er skattalögunum yfir höfuð. Nefndin hefði að mínu áliti getað leitt það hjá sèr, að ákveða neitt um þá tíundargreiðslu; stjórninni var trúanda til að muna það, þó ekki væri hún á það minnt. Uppástúngu nefndarinnar undir 18. töluliö á atkvæðaskránni er eg samþykkur, og gef henni mitt atkvæði. Það, sem nefndin hefir stúngið upp á um aukaþóknun til jarðamatsnefndarmanna, er mèr eingan veginn geðfellt, og halla eg mèr í því tilliti að breytíngaratkvæði hins heiðraða varaþíngmanns Snæfellínga.

H. Kr. Friðriksson: Eg skal nú ekki vera lángorður um þetta jarðamatsmál, og mun mönnum líka þykja, að eg beri ekki mikið skynbragð á það, eða sè reyndur jarðamatsmaður. Það er einúngis um þenna amtadeili, sem eg ætla að fara fáeinum orðum, því að því, er hann snertir, þykist eg hafa nokkurt vit á máli þessu. Þegar fyrst var byrjað á jarðamatinu, þá átti að leggja sanngjarnt verð jarðanna í kaupum og sölum til grundvallar, en alþíngi 1855 lagði til grundvallar afgjöld jarðanna, og skyldi meta jarðirnar til verðs eptir þeim, og síðan var hinni konúnglegu jarðamatsnefnd, sem sett var hèr í Reykjavík, falið á hendur, að jafna matið í hinum einstöku sýslum og hreppum, og ætlunarverk þessa þíngs er, að segja, hvort Reykjavíkurnefndinni hafi tekizt þessi starfi, eða ekki, og ef henni hefir ekki tekizt hann, þá að leiðrètta þá gallana, sem hún hefir eptir skilið, eða sem þíngið kynni að finna nýja, en ónýta það ekki, því í hinum konúnglega úrskurði 27. maí er hvergi leyft, að fara að meta upp aptur, heldur einúngis að skipta hundruðunum niður á sýslurnar eptir því verði, sem þegar var á komið. En nú hefir þíngnefndin í máli þessu komizt að þeirri niðurstöðu, að vesturamtið væri allt rángt metið, og tekið það því til bragðs, að meta það upp aptur, og til þessa hefir nefndin skapað sèr nýjan deili, sem er tekinn öldúngis af handahófi og úr lausu lopti; það getur nú verið, að þessi deilir sè rèttur í rauninni og sanngjarn, en svo mikið er víst, að nefndin hefir ekki tekið fram eina einustu ástæðu, til að sýna fram á það, og finnst mèr, að ef nefndin hefði getað sannað það, að vesturumdæmið væri of lágt metið, þá hefði hún átt að meta það

upp aptur, til að fá sama deili um allt land; en stjórnin hefir hvergi leyft slíkt mat, og því hlýtur það að liggja öllum í augum uppi, að þetta, sem nefndin hefir gjört við málið núna, er ekki til að lagfæra jarðamatið, heldur til að eyða því, með því að breyta af handahófi einni aðalreglunni í því, sem er sami mælikvarði yfir allt landið. Það er þó sannarlega undarlegt, þegar farið er að meta einhverja jörð eptir fiskinum í sjónum, því það getur þó hver maður skilið, að jarðir eiga ekki að metast eptir því, heldur einúngis eptir gæðunum, og því hagræði, sem jörðin hefir til að hagnýta sèr fiskiaflann, og öðrum hlunnindum, og sama er að segja um það, að eg veit ekki, hvað jarðirnar eiga skylt við verzlunina. Fiskiveiðarnar og verzlunin hefir sína tolla og skatta. Hinn heiðraði varaþíngmaður Snæfellínga hefir ljóslega sýnt fram á það, að arðurinn af vesturamtinu er ekki meiri, en af hinum ömtunum að tiltölu; og það finnst mèr næg ástæða til þess, að hafa sama deilinn fyrir það amtið, og fyrir hin. Að endíngu skal eg fara fáeinum orðum um breytíngaratkvæði þíngmanns Snæfellínga undir tölulið 26, og uppástúngu nefndarinnar undir tölulið 27, og er eg þá samdóma hinum háttvirta *forseta* í því, að það sè þínginu ósamboðið, að meta gjörðir þeirra manna hvers um sig, sem sátu í jarðamatsnefndinni, og gjöra mun á þeim, og þíngnefndinni gat ekki verið kunnugur neinn munur á starfa þeirra; það er formaður nefndarinnar einn, sem gat stúngið upp á því, að þeir hefði ólík laun sökum þess, þeir hefði misjafnt starfað. Eg vil ekkert um það segja, hvort 500 rdl. sè of mikil eða of lítil þóknun; en eg er á því, að það megi að minnsta kosti ekki minna vera, og eg álít þá vel að því komna, þó þeir fái þá viðbót, sem getið er um undir staflið 26, en eg vil, að þeir fái allir jafnt, því hvað mikið, sem hinn heiðraði *varaforseti* hefir haft fyrir þessu starfi, þá er eg viss um það, að hann eigi sèr öfundarauga yfir því, þótt hinir fái eins mikið og hann, ef hann að eins fær svo, að hann sè nokkurn veginn í haldinn fyrir sitt starf, og mèr er það líka kunnugt, að hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður varði til þess mjög miklum tíma, og eg verð að halda fast við það, að verður er verkamaðurinn launanna, hvort það eru heldur embættismenn eða aðrir; því þess konar starfi er þó auk embættisannanna, og hann leggur því meira á sig. Eg kann og eins illa við það, og þykir eingin ástæða til þess, að 3. maðurinn, sem í jarðamatsnefndinni var hèr í Reykjavík, skuli vera settur hjá af þíngnefndinni, með því eg veit eigi til, að meðnefndarmenn hans hafi borið sig upp undan því, að hann hafi

ekki uppfyllt skyldu sína, eða að hann hafi dregið sig undan sínum hluta.

Framsögumaður: Það vantar ekki, að eg hafi ekki ýmislegt til að svara, ef eg væri þar eptir maður til þess, en það eru þó einkum 2 atriði, amtsdeilirinn og breytíngaratkvæði tölul. 13, sem meiníngar eru misskiptar um, og eg verð að gjöra að helzta umtalsefninu. Mèr skildist svo af ræðu hins heiðraða varaþíngmanns Reykvíkínga, sem nefndin hefði stígið út fyr verkahríng sinn eptir hans meiníngu, þar sem hún stakk upp á amtadeilinum, því það spursmál hefði ekki legið fyrir; en ef hann les úrskurð konúngs frá 27. maí þ. á., þá getur hann fundið, í I, *b,* að nefndinni eru gefnar í þessu frjálsar hendur, eins og hlýtur að vera, því menn verða að gá að því, að þetta er mat frá upphafi, og ekki bundið við neitt víst, eða fast ákveðið, heldur er allt byggt á mati frá upphafi, og eins verður að vera um þenna mælikvarða. Það var tekið fram um daginn, að enda þótt í uppástúngu stjórnarinnar til leiðrèttíngar á jarðamatinu, sem lögð var fyrir alþíng 1855, væri ætlazt til að nefndin skyldi hafa afgjöldin fyrir mælikvarða fyrir öllum leiðrèttíngum sínum, þá samþykkti alþíngi því að eins, að hafa þenna eina mælikvarða, og með því skilyrði, ef feingizt gæti áreiðanlegar skýrslur um hin mismunandi jarðaafgjöld; eptir þeim skýrslum átti Reykjavíkurnefndin að miðla til, eða laga afgjaldamælikvarðann, áður en hún leiðrètti matið eptir honum; þessa ályktun alþíngis hefir nú konúngur samþykkt. Reykjavíkurnefndin fèkk nú aldrei neinar hèr að lútandi skýrslur, og var því nauðugur einn kostur, að taka afgjöldin fyrir mælikvarða með þeim óbreyttu tölustærðum, sem þau eru tilfærð með í afgjaldaskránni, og brúkaði síðan fyrir leiðrèttíngunum einn og sama aðalmælikvarða yfir allt land, eins og í sjálfu sèr var eðlilegast og tiltækilegast, hvort sem skýrslurnar um afgjaldamismuninn hefði feingizt eður eigi, en nú, þegar fara átti að finna mælikvarða fyrir hundraðatölunni eða dýrleikanum, þá komu sjálfkrafa í ljós þær ójöfnur og misfellur, sem af því hafa leitt, að Reykjavíkurnefndin hefir ekki getað feingið neinar áreiðanlegar skýrslur um afgjaldamismuninn, og lagað matsleiðrèttíngar sínar þar eptir, og þessar ójöfnur og misfellur, sem auðsjáanlega yrði, ef einn og sami mælikvarði fyrir hundraðatölunni væri við hafður yfir allt land, ójöfnur, sem með eingu móti verða rèttlættar, fann þíngnefndin sèr skylt að afmá, enda hverfa þær að öllu, ef þíngið samþykkir amtamælikvarðann, eins og nefndin hefir stúngið upp á þeim. Hinn hátt-

virti *forseti* sagði, að hefði menn sinn mælikvarða fyrir hvert amt, en gæti ekki viðhaft einn mælikvarða yfir allt land, þá sýndi það, að jarðamatið væri byggt á raungum grundvelli, og að allur grundvöllur þess mundi þar með gjörraskast; en þetta er ekki rètt álitið, því jarðamatið er þó ekki annað en mat, og þar sem það er ekki of seint enn að sjá þann galla nú, og gjöra við honum, sem af því mundi leiða, ef einn og sami mælikvarði væri brúkaður yfir allt land, til að finna hundraðatöluna, þá gæti það orðið of seint síðar og mjög illt viðgerðar, þegar búið væri að útvega jarðabókinni lagagildi. En menn mega ekki gleyma því, að þetta jarðamat er búið að gánga gegnum svo marga hreinsunarelda, undirmat beztu manna í hèruðunum, yfirmat hið sama, og síðan 3 þíng, og nefndina frá 1855, að það ætti ekki að enda með þeim ójöfnuði, sem svo áþreifanlega yrði upp á, ef einn mælikvarði væri hafður yfir allt land, að vesturamtið færðist niður um nálægt 2000 ℔, eður $^1/_{11}$, og suðuramtið upp um annað eins. Hefði nú Reykjavíkurnefndin feingið upplýsíngar og skýrslur um hinn mismunanda leigumála, eins og til var ætlazt, þá hefði líka verið sjálfsagt, og með öllu óhult, að hafa einn og sama mælikvarða fyrir hundraðatölunni yfir allt landið, en þá gat líka skeð, að vesturamtið hefði hækkað enn meira að dýrleika, heldur en verið hefir. Konúngsúrskurðurinn leyfir og þínginu að aðhyllazt og ákveða hvern mælikvarða, sem rèttastur þykir og reynist að hafa minnstar misfellur í för með sèr, og þá einnig þessa þrjá mælikvarða, — (*E. Ó. Kúld:* Hvar í úrskurðinum?) — undir stafl. *b*. Það hefir verið sagt, að þjóðin vildi hafa einn deili; já, eg get trúað því, ef menn meina með þjóð tóma Vestfirðínga, en eg held, að þjóðin fyrir sunnan og norðan geti ekki beygt sig undir þann þjóðarvilja vestanmanna einna; það er eitt, sem hefir verið borið fyrir, að svo lítið flyttist út af vörum fyrir vestan; en það vita allir, að verzlunarskýrslurnar eru fjarskalega óáreiðanlegar, og hinn heiðraði þíngmaður úr Gullbríngusýslu benti þar að auki á ýmislegt, sem þaðan geingi af kaupstaðarvöru til innlendra hèraða; eg skal taka til dæmis, að margir lausakaupmenn fara hèðan vestur, og einn búsettur kaupmaður hèr í Reykjavík hefir mestu verzlun sína fyrir vestan og sendir þángað 3 skip árlega, en allar vörur hans eru taldar hèr í skýrslunum svo, að þær sè út fluttar frá Reykjavík, — (*E. Ó. Kúld:* Nei) — jú, það er.

Viðvíkjandi 13. tölulið, þá er spursmálið, hvort lögleiða skuli jarðabókina strax, eða hún skuli lögð fyrir almenníngs sjónir, og

lögð undir alþíngi 1861, og ef umkvartanir koma fram, þá er mikið efamál, hvort það á nokkurn tíma að löggilda hana. Hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga sagði, að þetta væri siður í öðrum löndum, og í Danmörku hefði jarðamatið staðið yfir í 40 ár, og þó hefði almenníngi verið gefinn 5 ára frestur, til að kynna sèr hina nýju jarðabók, áður en hún var lögleidd, og þess vegna mætti ekki hèr gefa mönnum minna en 5 ára tíma, til að kynna sèr þessa jarðabók; en þetta dæmi á ekki hèr við, því þar bjó til jarðabókina regluleg jarðamatsnefnd, líkt og hèr 1802, en hèr voru beztu menn meðal alþýðunnar í hverju hèraði teknir til að meta jarðirnar, og ekkert yfirmat fór þar heldur fram, eins og hèr; því hefir og stjórnin í uppástúngunni um jarðamatið til alþíngis 1855 sagt, að einmitt af því öllum hefði formlega verið gefinn kostur á, að bera sig upp undan matinu, bæði bændum og leiguliðum, þá mætti nú hèðan af ekki segjast, að hverjum manni stæði opið, að finna að matinu á sinni jörð. En fyrir mitt leyti skyldi eg samt ekki vera harður á móti þessu, ef það væri ekki til fyrirstöðu verulegum leiðrèttíngum á jarðabókunum; það er að sönnu álitleg ástæða, að menn ætti að eiga kost á, að bera sig upp undan jarðabókinni, áður en hún verður löggilt, en eptir því, sem eg þekki til, álít eg, að þetta ekki leiði til neins nema hins verra; menn eru hèr ekki svo afskiptasamir um hag sinn, og á meðan ekkert kallar að, láta menn „já og sjá“ við slíku, og því er eg viss um, að þetta yrði til þess, að halla verulegum rètti manna, eða til að útiloka þá frá að ná honum, ef þessi 5 ára tími ætti síðar meir að meina mönnum að koma fyrir sig orði eða eiði, með því jarðabókin ætti þaðan í frá að vera gildandi um aldur og æfi. En á hinn bóginn tel eg víst, að löggildíng jarðabókarinnar knýi menn til, eptir hæfilegan áratíma, og þar á byggðri reynslu, að koma fram með verulegar og á rökum byggðar aðfinníngar sínar; þá er nauðsynin búin að opna augun á því, sem að er í raun og veru; því menn eru hèr almennt svo daufir og afskiptalausir, að þeir vakna eigi, fyr en nauðsynin knýr á dyr, og þegar nú á að rannsaka og endurskoða jarðabókina að 10 eða 20 árum liðnum, þá vil eg spyrja, hvort nokkuð verði unnið við það, að gefa mönnum nú kost á, að skoða hana í 5 ár, og síðan löggilda hana um aldur og æfi; það er vegna þessa, af því að eg vil gefa mönnum kost á að koma fyrir sig orði og eiði, að eg vil hún verði endurskoðuð aptur eptir 10—20 ár; það getur nú verið, að 10 ár sè of stuttur tími, og eg vildi reyndar, að minnsta kosti fyrir mitt leyti, hafa heldur 20 ár,

en eg slakaði til um það við meðnefndarmenn mína. Það er því alls ekki af ótta fyrir verulegum aðfinníngum við jarðabókarfrumvarpið, heldur af fullri sannfæríngu og einlægum vilja, til þess að stuðla til, að almenníngur hvetjist og knýist til að ná rètti sínum, að eg vil að jarðabókin nái nú þegar lagagildi og verði síðan endurskoðuð aptur eptir vissan árafjölda, en það er tómur misskilníngur af hinum háttvirta þíngmanni Ísfirðínga, að halda, að þessi endurskoðun útheimti nýja löggildíngu og jarðabókin ætti því nú ekki að ná lagagildi nema um ein 10 ár; þetta geta menn sannfærzt um, ef menn bera saman 15. og 18. töluliðinn; og því get eg ekki heldur skilið í, að þessi ákvörðun verði til nokkurrar fyrirstöðu nýjum jarðabótum, og heldur ekki nýjum skattgjaldalögum. Hinn heiðraði þíngmaður Árnesínga efaðist um, hvort nefndin hefði haft rètt til, að láta hundraðatöluna verða hærri, en hún hefir áður verið; eg held einmitt, að uppástúngur stjórnarinnar til alþíngis 1855 leyfi það, því á 12. bls. í þeim er ekkert annað takmark sett hundraðatölunni, en að hún verði ekki minni en áður; annars skyldi eg ekki almennilega þráðinn í ræðu hans; mèr fannst honum standa á sama, hvort hafður væri 1 mælikvarði, eða 3 mælikvarðar; en ef hafður væri 1, þá mundi hina nýju hundraðatölu að vísu greina minna á við hina gömlu yfir allt landið; það er satt, en það er á hinn bóginn eptirtektavert, að þessum þíngmanni, sem þó finnst að bændaeignirnar í Árnessýslu hækki svo mjög að dýrleika, skuli standa það á sama, að þær hækki enn meira, eins og yrði upp á, ef einn og sami mælikvarði væri hafður yfir allt landið, því þá hækkaði suðuramtið um 1172 *er* fram yfir það, sem nú verður með sínum mælikvarðanum fyrir hvert amt. Nú skal eg snúa mèr að hinum einstöku breytíngaratkvæðum; hinn háttvirti þíngmaður Dalasýslu kom með þríliðudæmi, en eg játa, að eg skildi það ekki; hinn háttvirti þíngmaður Suður-Múlasýslu sagði, að nefndin vildi binda hendur á næstu þíngum; eg veit ekki gjörla, hvað hann meinar, hvort hann ætlast til, að þíngið gjöri ei annað, en horfa í gaupnir sèr, og leiða getur að því, hvað næsta alþíng muni gjöra, en þá gæti þetta alþíng einga álykun tekið, en það liggur þó beint við, að þíngið á samkvæmt konúngsúrskurðinum að fullnægja öllum þeim störfum, sem þar með eru fyrir það lögð. Eg skal ekki tala margt um sýsludeilinn; það hafa margir meðnefndarmenn mínir þegar gjört; heldur skal eg minnast lítið eitt á töluliið 7; hinn heiðraði þíngmaður Rángvellínga kvartaði yfir ójöfnum, sem yrði á matinu í Rángárvallasýslu við amtsdeilinn, en hann hrakti þó ekki

það, sem eg gaf honum undir fótinn, í undirbúníngsumræðunni, að Rángárvallasýsla væri álitin að stappa mjög nærri Árnes- og Húnavatns-, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslu að efnahag og afkomu, en hún verður þó talsvert lægri að hundraðatölu, en bæði Skagafjarðar og Eyjafjarðarsýsla, og 1100 *cr* minni en Árnessýsla; eg þekki og sjálfur nokkuð til Rángárvallasýslu, því eg hefi átt þar heimili um tíma, og átt leið um hana þvera og endilánga um mörg ár, og get ekki sèð, að hún verði nú með of háu hundraðatali í samanburði við aðrar sýslur; ef til vill kann einstaka jörð að verða með heldur háum dýrleika, en það getur víðar átt sèr stað, en við því verður ekki gjört, þar sem þetta kemur af því, að þessar jarðir hafa þá verið of hátt metnar í samanburði við aðrar jarðir, en verða nú hèðan af að standa að svo komnu, þar sem eingar umkvartanir hafa komið fram um þær. Holtahreppur hækkar mest að hundraðatali, nefnil. nálægt um hálft sjötta hundrað hundraða, og koma 117 hundruð af þessari hækkun á Þykkvabæinn. Það liggur í augum uppi, að hvorki nefndin nè eg get fallizt á 10. breytíngaratkvæðið, því þá mundi vesturamtið eitt minnka um 2667 hundruð, en hundraðatalan á öllu landinu verða rúmum 3000 hundraða minni, en áður var, en það er móthverft stjórnaruppástúngunni 1855; nefndin getur heldur ekki fallizt á 11. breytíngaratkvæðið, því ef öllum þeim brotum væri sleppt, eptir því sem þar er ráðgjört, þá mundi hundraðatalan verða minni eptir sjálfri jarðabókinni, en gjört er ráð fyrir í uppástúngum nefndarinnar, og minni en hún á að vera í raun og veru; á hinn bóginn þarf nákvæm álnatala alls ekki að valda neinni villu um tíundargreiðsluna, því tíundarlögin innihalda fastákveðnar reglur þar að lútandi. Jarðamatsnefndin 1802 var skipað, að meta allar jarðir til dýrleika með nákvæmu hundraða- og álnatali, og það gjörði hún líka.

Á. Einarsson: Eg þarf ekki að tala margt, því mèr finnst ekki þörf að bæta mörgu við það, sem hinn háttvirti *varaforseti* hefir sagt, og eg mundi líklegast ekki hafa tekið til máls, ef þíngmaður Rángvellínga hefði ekki skorað á menn, að gefa atkvæði með samvizkusemi, en dómur samvizkunnar um, hvað rèttast sè, getur verið eins rángur, eins og dómur dómandans, þegar hann dæmdi eptir fölskum vitnum; en það er mesti munur á, af hverju vitnisburðurinn kemur, en hitt held eg, að einginn geti dróttað að manni samvizkuskorti, þótt hann gefi atkvæði fyrir jarðamati þessu, því eg held það verði seint svo heflað og slètt, að nokkur geti sagt: „Nú er það öldúngis rètt“; væri þá tiltök um, að bregða nokkrum um samvizku

sína, þá væri það helzt þeim mönnum, er halda mjög fram kjördæmi sínu; það er nú búið að ræða svo mikið um amtadeilinn, og, eins og eg sagði um daginn, þá var mikið hugsað um hann í nefndinni, og þá sagðist eg vilja gefa atkvæði með honum, því mèr fannst hann næst rèttum vegi; eg fèllst og á það, að endurskoða skyldi jarðabókina eptir 10 ár, því þá átti maður þó einhvern tíma endurlausnar von frá villum jarðabókarinnar, en það held eg allir verði að játa, að nefndin hefir lagfært mikið; eg veit, að það má finna að hinu og öðru, en betra er að veifa raungu trè, en eingu, og af tvennu illu taka hið skárra. Af því það hefir verið gefinn kostur á, að kvarta, meðan jarðamatsnefndin sat að verki sínu, og menn gátu gefið skýrslur um, hvernig afgjöldin voru tekin, hvort þau voru greidd eptir gömlu lagi, spesían á 30 áln. o. s. frv., eða ný landskuld hefði verið sett á jörðina; það hafa nú komið fram umkvartanir um 2 jarðir, og þíngmenn hafa feingið að sjá, á hverju þær voru byggðar, og geta ekki fallizt á þær, og því síður aðrir, sem jörðunum eru kunnugir. Eg skal ekki tala um 13. breytíngaratkvæðið, því hinu háttvirti *framsögumaður* hefir fært sennilegar ástæður móti því; eg vil ekki að fresturinn sè bundinn við 3 eða 4 ár, því þá er eg hræddur um, að annaðhvort noti menn ekki frestinn, eða þeir þjóti upp til handa og fóta, til að finna að, og má nærri geta, að sumt verði ekki sem skynsamlegast, og gæti einmitt spillt fyrir málinu; eg vil því heldur gefa frestinn leingri, svo menn geti skoðað jarðabókina með rósemi og fundið að henni með ástæðum; en heldur vil eg fella jarðamatið, þó mèr þyki það illt ráð úr þessu, en að löggilda það um aldur og æfi og menn eigi aldrei endurlausnarvon úr svartholi jarðabókarinnar, hversu sem einstakir gallar kynni að sjást á því eptir skynsamlega yfirvegun. Hinn heiðraði þíngmaður Mýramanna talaði um kostnaðinn, sem mundi verða kastað á landið, en eg held, að það sè of snemmt, að spyrja um það nú, en hitt held eg sè ljóst, hvort það er þíngsins verk, eða stjórnarinnar, sem gjört hefir verið við jarðamatið af hinni konúnglegu jarðamatsnefnd.

Forseti: Það er sjálfsagt, að það er talsverður meiníngamunur milli mín og tveggja hinna háttvirtu þíngmanna, er nú mæltu; en það er ekki tími til, að gjöra út um það nú, og mun ekki vera til neins að leingja um þíngræður; það er háskalegt eptir minni meiníngu, að meta jarðir opt upp aptur og aptur, en það er nú ekki þeirra meiníng; þeir segja, að eingar kvartanir muni koma; það tel eg vel

farið, því þá væri ekkert að óttast; jarðabókin kæmist á þegjandi og vèr værim úr öllum vanda, en kæmi umkvartanir, þá vil eg gjarnan taka þeim, því mèr finnst það sè skylda þíngsins, að veita þeim eptirtekt og beina þeim veg í tíma.

St. Jónsson: Mèr finnst nauðsynlegt, að mönnum gefist kostur á, þegar nauðsyn ber til, að fá lagfæríngu á einstaka jörð, því með tímanum geta skriður, landbrot og margt annað gjört mikinn skaða, án þess það standi í mannlegu valdi, að við því verði gjört. Hinn háttvirti *forseti* var hræddur um, að ný endurskoðun mundi verða nýjum jarðabótum til fyrirstöðu; eg er honum að nokkru leyti samdóma í þessu, og af því eg veit, að menn hafa bætt talsvert jarðir sínar 7 eða 8 síðustu árin, eptir það jarðamatið var byrjað, þá er orðinn sá mismunur á jörðum nú, að eg er hræddur um, að ef menn mætti nú í 5 ár rugla og hræra til í jarðamatinu, að það yrði tilefni til þess, að nokkur hundruð manna mundi koma fram með breytíngar, og þætti nú, að nábúajörðin væri betri að sínu leyti en sín, þótt hún einmitt hefði batnað það á þessu tímabili, síðan matið var, þá væri ekki rètt, að setja jörðina upp fyrir það, fyrir því verð eg að vera því samþykkur, að jarðabókin verði gjörð gildandi sem fyrst, svo að menn geti ekki framar rótað við því, að öðru leyti, en eg gat um áðan; enda held eg það mætti leingi gánga, þángað til einginn fyndi neina ójöfnu eða ástæðu til umkvörtunar.

Framsögumaður: Eg gleymdi að svara hinum háttvirta varaþíngmanni Snæfellínga því, að það er einmitt skýrt tekið fram í nefndarálitinu, að aðalástæðurnar fyrir amtamælikvarðanum lægi í sjálfum jarðamatsbókunum; þíngmaður kvaðst heldur vilja hafa sýsludeili en amtsdeili; já! eg trúi því vel, því þar með gæti hann feingið það fram líka, að vesturamtinu kopaði um 2000 *cr*; og eg skyldi heldur ekki hafa móti sýsludeilinum, ef þar með yrði bætt úr skák, en það er ekki því að fagna.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, er álýktarumræðu þessa máls lokið, og skal eg því biðja þíngmenn gánga til atkvæða.

Síðan voru atkvæði greidd, og fóru þau á þessa leið:

1.	*a,* samþykkt	með	17	atkvæðum	gegn	2.
	b, — —	—	15	— —	—	3.
2.	— —	—	17	— —	—	1.
3.	hrundið	—	13	— —	—	4.

4. samþykkt í einu hljóði.
5. hrundið — 17 — — — 3.
6. — — — 15 — — — 2.
7. — — — 14 — — — 4.
8. samþykkt — 13 — — — 7.
9. og 10. tölul. fallnir eptir atkvæðagreiðslunni við 8. tölulið.
11. samþykkt með 10 atkvæðum gegn 7.
12. *a,* samþykkt með 19 atkvæðum.
b, tekið aptur af nefndinni, og þar einginn tók það að sèr, var það fallið.
13. hrundið með 13 atkvæðum gegn 6.
14. — — — 14 — — — 3.
15. samþykkt — 14 — — — 6.
16. fallið úr.
17. Þar eð atkvæðagreiðslan þótti óglögg, lèt *forseti* fram fara nafnakall; sögðu þessir

já:	nei:
R. M. Ólsen.	G. Einarsson.
V. Finsen.	Á. Einarsson.
Þ. Guðmundsson.	E. Ó. Kúld.
G. Brandsson.	H. Kr. Friðriksson.
Þ. Jónassen.	J. Hávarðsson.
J. Guðmundsson.	M. Andrèsson.
J. Samsonsson.	Ó. Sívertsen.
J. Sigurðsson.	P. Sigurðsson.
K. Árnason.	St. Jónsson.
P. Pètursson.	
H. G. Thordersen.	

Var þá töluliðurinn samþykktur með 11 atkvæðum gegn 9.
18. samþykkt með 15 atkvæðum gegn 4.
19. hrundið — 10 — — — 9.
20. — — — 11 — — — 6.
21. samþykkt — 13 — — — 6.
22. hrundið — 10 — — — 9.
23. samþykkt — 12 — — — 5.
24. hrundið — 13 — — — 5.
25. samþykkt — 15 — — — 5.
26. Þar eð uppástúngumaður æskti nafnakalls, lèt *forseti* það fram fara, og sögðu:

já:	nei:
G. Einarsson.	G. Brandsson.
R. M. Ólsen.	J. Sigurðsson.
Á. Einarsson.	P. Sigurðsson.
E. Ó. Kúld.	V. Finsen } gáfu ekki
Þ. Guðmundsson.	J. Guðmundsson } atkvæði.
H. Kr. Friðriksson.	
Þ. Jónassen.	
J. Hávarðsson.	
J. Samsonsson.	
K. Árnason.	
M. Andrèsson.	
Ó. Sívertsen.	
P. Pèturssson.	
St. Jónsson.	
H. G. Thordersen.	

27. fallið eptir atkvæðagreiðslunni við 26. tölulið.

Síðan las *forseti* frumvarp til álitsskjals frá þínginu til konúngs í *fjárhags* og *útboðsmálinu;* einnig frumvarp til bænarskrár frá þínginu til konúngs í málinu um *viðtöku ómyndugra fjár í jarðabókarsjóðinn,* og voru þau bæði samþykkt svo látandi:

„Til konúngs.

Samkvæmt allrahæstum úrskurði 27. maí þ. á. hefir *fulltrúi* yðar hátignar á alþíngi þessu kvatt þíngið til, að yfirvega og segja álit sitt um, hversu að alþíngi fyrst um sinn, meðan fjárhagsfyrirkomulag Íslands ekki er komið í kríng, geti gefizt kostur á, að segja álit sitt um tekju- og útgjalda-áætlun (Budget) Íslands, og í öðru lagi um það, hvort Ísland eigi að taka þátt í útboði til hins konúnglega herflota, svo og hvernig haga skuli slíku útboði, ef þíngið fèllist á það.

Til þess að íhuga þetta mál kaus þíngið 5 manna nefnd; síðan var það rætt á 2 aðalfundum, og leyfir þíngið sèr nú allraþegnsamlegast að bera upp álit sitt um það á þessa leið.

Í athugasemdum eða ástæðum þeim, er fulltrúi yðar hátignar hefir afhent þínginu, áhrærandi málefni þetta, er þess getið, að eins og þegar 1851 var frá stjórnarinnar hálfu gjörð uppástúnga um, að alþíngi yrði veitt hlutdeild í því, að ræða og semja tekju- og útgjalda- áætlun Íslands, en hverri uppástúngu ei síðar var fram fylgt,

þannig hefir ríkisþíngið, er híngað til hefir haft fjárhagsáætlun Íslands eingaungu til meðferðar, hvað eptir annað kvartað yfir því, að sig vantaði næga þekkíngu um, hvernig til hagaði á Íslandi, og látið í ljósi þá ósk, að alþíngi væri veitt meiri hluttekníng í þessu efni, og hefir í nefndarálitinu á ríkisþínginu um frumvarp til fjárhagslaga $18^{56}/_{57}$ verið bent til, að þessu mætti koma á á þann hátt, að meðferð hinnar íslenzku fjárhagsáætlunar yrði falin alþíngi, en að ríkisþíngið samþykki árlegt fjártillag handa Íslandi um ákveðna áratölu. Að sönnu hefir nú stjórnin álitið ógjöranda, að leggja fyrir þíngið frumvarp til slíkrar fullkominnar niðurskipunar á fjárhagsmáli Íslands, þannig að alþíngi væri veitt ályktanda vald, hvað tekju- og útgjaldaáætlun Íslands snertir, á meðan spurníngunni um stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins ekki er ráðið til lykta, en þar eð það þó hefir virzt æskilegt, að ríkisþíngið gæti stuðzt við kunnugleika alþíngis, þegar til meðferðar væri tekin fjárhagsáætlun Íslands, hefir stjórnin álitið rèttast, að leggja nú fyrir alþíng álitsmál þetta um ráðgefandi hluttekníngu alþíngis á undirbúníngi á fjárhagsáætlun landsins, og er í allrahæstum úrskurði 27. maí þ. á. bent til 2 aðferða, er við hafa megi til að koma á slíkri hluttekníngu, nefnilega annaðhvort að alþíngi tæki eitt sinn fyrir öll fjárhagsáætlun Íslands til ítarlegustu yfirvegunar, þannig að þínginu gæfist kostur á, að láta í ljósi álit sitt, bæði um niðurröðun atriðanna í áætluninni, og eins um hin einstöku atriði í henni, eða þá að áætlunin væri reglulega á vissum tímamótum lögð fyrir þíngið.

Þíngið getur nú ekki álitið annað, en að það væri veruleg framför fyrir þíng þetta, ef því veittist sú hluttekníng, sem hentuglega væri komið fyrir, í ákvörðun fjárhagsmála landsins, hvar með þeirri tilhögun, sem nú er, að ríkisþíngið eingaungu án hluttöku frá Íslands hálfu hefir áætlun Íslands til meðferðar, yrði breytt. Hvað þar á móti tilhögun þá snertir, er hèr er stúngið upp á, þá getur þíngið ekki annað, en fundið veruleg vandkvæði á báðum þeim aðferðum, er í konúngsúrskurðinum er bent til, og leyfir það sèr allraþegnsamlegast að fara hèr um nokkuð fleiri orðum.

Hin fyrri aðferðin, sem bent er til, er sú, að alþíngi tæki eitt sinn fyrir öll fjárhagsáætlun Íslands til ítarlegustu yfirvegunar, þannig að þínginu gæfist kostur á, að láta í ljósi álit sitt bæði um niðurröðun atriðanna í áætluninni og eins um hin einstöku atriði í henni. Ef að þessu yrði geingið, virðist það liggja nærri, að hèr með ætti að koma fram einhvers konar aðal- eður undirstöðu-áætlun (Normal-

budget) fyrir Ísland, byggð á athugasemdum alþíngis, þannig, að geingið væri þar á eptir ætíð út frá þessari aðaláætlun, og breytíngar þær, sem nauðsynlegar væri síðar meir, yrði ákvarðaðar með hliðsjón til hennar. Þíngið verður nú samt að álíta, að eins og það yrði mjög vandasamt fyrir alþíngi, að koma við svo ítarlegum og verulegum athugasemdum við hina einstöku kafla eða atriði áætlunarinnar, að eptir þeim mætti síðar fara sem einhvers konar mælisnúru fyrir leingri tíma við samníngu hinnar árlegu áætlunar fyrir Ísland, þannig getur það fyrir alþíng ekki haft mikla þýðíng, hvernig atriðunum yrði raðað niður í áætluninni, úr því ekki væri spursmál um neinn aðgreiníng á fjárhag Íslands, og mundi það þannig einkum ekki geta vakið mikinn áhuga hér á landi, hvernig hagað yrði tekjum landsins, þar sem ekki væri spursmál um með þessu fyrirkomulagi, að hækkun eða lækkun þeirra hefði nein áhrif á það, hvað miklu varið væri til útgjaldanna. Þar á móti gæti verið meiri hvöt fyrir alþíng, að hafa áhrif á útgjöldin, þar sem t. a. m. gæti verið spursmál um ýmsar stofnanir og ráðstafanir, er koma ætti á um laun embættismanna, o. s. frv., en þíngið getur eigi séð betur, en að þó alþíng lèti í ljósi álit sitt þannig eitt sinn fyrir öll um þessi atriði, þá gæti þetta ekki haft þýðíngu nema um stuttan tíma, þar sem kríngumstæðurnar hljóta að breytast svo fljótt og ný atriði koma fram, svo að síffelldir viðaukar og breytíngar hlyti að eiga sèr stað í áætluninni, og yrði þá að líkindum sú niðurstaðan, að meðan menn ef til vill í einstökum atriðum mundi halda sèr fast við uppástúngur alþíngis, og áætlunin þannig standi ef til vill nokkuð meira í stað, en æskilegt væri, hlyti á hinn bóginn veruleg atriði fljótt að breytast, og áætlunin að því leyti missa þýðíngu sína.

Ástæður þær, sem gilda á móti þessari aðferð, eiga að sönnu ekki að öllu leyti við hina síðari, nefnilega að áætlunin sè reglulega á vissum tímamótum lögð fyrir þíngið; en eins og þó hèr um bil hið sama mundi gilda hèr um, ef það yrði niðurstaðan, að nokkuð leingra tímabil, t. a. m. 6 ár, væri látið vera á milli þess, að áætlunin væri lögð fyrir þíngið, þannig er þess að geta, að ef áætlunin yrði lögð fyrir hvert þíng, þá yrði það að vera áætlun fyrir 2 ár í senn, en sem ekki kæmi heim við það, að ríkisþíngið ræðir og stjórnin út gefur áætlun fyrir hvert ár, og enn fremur er það í ofannefndum athugasemdum, eða ástæðum, er *fulltrúi* yðar hátignar hefir afhent þínginu, tekið fram sem vandkvæði við þessa aðferð, að fjarlægð Íslands getur verið því til fyrirstöðu, að áætlun landsins geti ætíð

verið komin, þegar ríkisþíngið er haldið, og skal þíngið þar við bœta þeirri athugasemd, að þetta á sèr einkum stað um umræðurnar hèr á þínginu, er nauðsynlega hlyti einnig að taka til greina, en sem hætt er við að yfir höfuð ekki gæti í danskri útleggíngu verið komnar svo tímanlega til stjórnarinnar, að nota mætti þær við samníng áætlunarinnar eða ályktun ríkisþíngsins um hana.

Yfir höfuð álítur þíngið það verulegastan ókost við uppástúngu þá um ráðgjafarvald handa alþíngi, hvað tekju- og útgjalda-áætlun Íslands snertir, er hèr ræðir um, að það hlýtur að liggja mjög nærri, að þar með sè um óvissan, og ef til vill lángan tíma, slegið á frest, að ákveða nákvæmar stöðu Íslands í ríkinu, þar sem með uppástúngunni, ef henni yrði framgeingt, gæti virzt að gjörð væri nokkur veruleg framför, en sem þó í raun og veru ekki gæti haft mikla þýðíngu. Þíngið álítur, að slík tilhögun, sem hèr er stúngið upp á, geti ekki vakið áhuga alþíngis eða Íslendínga, og það virðist á annan bóginn eins hætt við, að þíngið, þar sem ekki er spursmál um sèrstakan fjárhag fyrir landið, eða neinn hag þess, eða halla eptir því, hvort tekjur eða útgjöld þess sè hærri eða lægri, eigi muni geta rætt áætlunina með þeirri alvöru og alúð, sem kemur fram af sjálfu sèr, þar sem einhver þjóð hefir ályktanda vald um sinn eigin fjárhag, eins og það á hinn bóginn væri illa farið, ef það skyldi verða ofan á, sem eigi gæti verið ólíklegt eptir því, sem nú var sagt, að stjórnin og ríkisþíngið opt eigi tæki til greina tillögur alþíngis í fjárhagsmálinu, hvað eð mundi gjöra þær enn þýðíngarminni.

Alþíng hefir því, samkvæmt því sem þannig er talið, komizt til þeirrar niðurstöðu, að ráða allraþegnsamlegast yðar hátign frá, að lögleiða tilhögun þá með tilliti til ráðgjafarvalds alþíngis við undirbúníng tekju- og útgjalda-áætlunar Íslands, er þannig er stúngið upp á.

Þar á móti hefir þíngið ekki getað annað en athugað við þetta tækifæri, hvort ekki mundi vera æskilegt fyrir Ísland og þetta þíng, að því yrði veitt þvílíkt ályktanda vald í fjárhagsmálinu, sem fjárhagslaganefndin á ríkisþínginu, bæði 1856, og eins þetta ár hefir ætlazt til, þannig að einhvers konar aðgreiníngur ætti sèr stað á sèrstökum tekjum og útgjöldum Íslands, og að alþíngi veittist ályktanda vald áhrærandi hvorttveggja, með ákveðnu árlegu tillagi frá ríkissjóðnum. Alþíng ætlar, að það mundi verða landi þessu til verulegs hags, ef það feingi slík ráð á fjárhag sínum, hvar með alþíngi feingi hvöt til, að hugsa alvarlega um tekjustofna landsins, og hvernig þá mætti nota sem bezt, um rètta brúkun krapta þeirra, er landið hefir, um,

hvernig skynsamlega bæri að verja tekjunum, og hvernig haga mætti útgjöldunum, svo þau samsvari efnum landsins, og jafnframt þörfum þess, og getur þíngið ekki álitið annað, en að áhugi sá, sem þannig mundi vakna á efni þessu, mundi bera góða ávexti til framfara landsins.

Það er kunnugt, að tekjur þær, sem frá Íslandi greiðast í ríkissjóðinn hafa híngað til í fjárhagslögunum verið taldar með tekjum af öðrum pörtum ríkisins, eins og útgjöldin meðal útgjalda hinna annara ríkishluta, en þegar tekjur þessar og útgjöld eru borin saman, kemur það fram, að útgjöldin hafa ætíð verið meiri, en tekjurnar. Til að bæta úr þessum tekjuþrotum, hefir, eins og áður er getið, nefnd sú, sem á ríkisþínginu var sett, til að segja álit sitt um fjárhagslögin $18^{56}/_{57}$, í álitsskjali sínu gjört ráð fyrir, að jafnframt og alþíng feingi ályktanda vald um tekju- og útgjalda-áætlum Íslands, yrði ákveðið úr ríkissjóðnum árlegt tillag til Íslands um ákveðna áratölu, og hefir á síðasta ríkisþíngi nefndin í málinu um fjárhagslögin $18^{57}/_{58}$ sett fram sömu bendíngu, og er þar að eins nefnt ákveðið tillag úr ríkissjóðnum, án þess að tilgreina, að það eigi að verða að eins um tiltekna áratölu. Þíngið skal ekki hèr hreifa neinni rannsókn um það, hvað mikið árlega hafi vantað upp á, að tekjur landsins væri fyrir útgjöldum þess, nè heldur, að hve miklu leyti spursmál gæti verið um niðurröðun einstakra atriða í því tilliti, eins og bent er til í ofannefndum athugasemdum frá *fulltrúa* yðar hátignar; en þíngið getur ekki dulizt þess, að þegar gætt er að, hversu upphæð þess, er eptir samanburði á tekjum og útgjöldum landsins eptir fjárhagslögunum gæti álitizt skotið til landsins, hefir hækkað, t. a. m. um síðustu 10 ár, er gjöra mætti ráð fyrir að mundi halda áfram í líku hlutfalli, og þegar á hinn bóginn er litið til vanda þess, sem er á, að koma á nýrri tilhögun á gjöldum og tekjustofnum Íslands, og óvissunnar um, hvað fljótt tekizt gæti, að koma slíkri tilhögun á, þá gæti verið nokkuð, sem talaði fyrir því, að þó tillagið úr ríkissjóðnum væri ákveðið að staðaldri eptir þeim kríngumstæðum, sem nú eru, þá væri þetta að því leyti hagur fyrir ríkissjóðinn, að útgjöldin yrði þá ei framvegis meiri að upphæð en nú, sem þau að líkindum annars mundi verða. En eingu að síður hefir þíngið þó ekki fundið nægilegt tilefni til, að stínga upp á öðru, en að tillagið verði ákveðið um vissa áratölu, þar þíngið hefir þá von, að landið muni geta komið svo fyrir opinberum gjöldum sínum, og varið svo tekjustofnum sínum, að því yrði fært innan ekki allt of lángs tíma, ef alþíng feingi ályktanda vald í fjárhagsmálinu, að vera án þess umrædda tillags,

að minnsta kosti svo, að það færi smámsaman minnkandi, að því leyti það gæti álitizt styrkur úr ríkissjóðnum, og að tilraunir þær, sem hèr af mundi leiða, til að koma slíkri tilhögun á, muni í raun rèttri styðja að framförum landsins.

Þíngið hefir því fundið tilefni til, að beiðast þess allraþegnsamlegast, að alþíngi megi allramildilegast verða veitt ályktanda vald, hvað tekju- og útgjalda-áætlun Íslands snertir, en að ákveðið árlegt tillag verði greitt landinu úr ríkissjóðnum um vissa áratölu, þángað til ætla megi, að landið geti smámsaman farið að bera útgjöld sín án slíks tillags, og að frumvarp eða uppástúnga frá stjórninni hèr um mætti allramildilegast verða lagt fyrir næsta alþíng.

Hvað nú þar næst hið annað atriði snertir, er þínginu ber að segja allraþegnsamlegast álit sitt um, nefnilega hluttekníngu Íslands í útboði til hins konúnglega herflota, þá hefir bæði á ríkisþínginu, hvar málefni þessu hefir verið hreift, og í álitsskjölum amtmannanna, er send hafa verið stjórninni, verið bent á hin mörgu vandkvæði, er hljóta að verða samfara slíkri tilhögun, og snerta vandkvæði þessi, sumpart kostnað þann, er af því mundi leiða fyrir ríkissjóðinn, sumpart óhagræði og erfiðleika fyrir þetta land. Þannig mundi, ef þeir, sem yrði fyrir útboði, ætti að flytjast til Danmerkur, orsakast mikill kostnaður af flutníngi þeirra, er t. a. m. fyrir 40 menn mundi verða að minnsta kosti 1200 rdl., og jafnmikið aptur, þegar þeir væri fluttir til baka. Þar við bætist, að þeir, sem útboðaðir yrði, hlyti að fá ferðapeníngа, þegar þeir fara heiman að frá sèr til hafnar þeirrar, hvaðan þeir ætti að flytjast, eða fara á skip það eða þau, er þeir ætti að þjóna á, og yrði kostnaður þessi ekki alllítill, þar vegaleingdin opt yrði laung, en yfir höfuð ómögulegt að gjöra slíkar ferðir hèr á landi vegna vatnsfalla, nema ríðandi; loksins bætist hèr við ferðakostnaður eða dagpeníngar fyrir sýslumenn og læknа við útboðsþíngin (Sessioner), er ekki mundi nema alllitlu fè fyrir allt landið. Á hinn bóginn eru vandkvæðin, þegar litið er til hagsmuna þessa lands, ekki minni. Það er kunnugt, að fólksfjöldi og vinnumagn er hèr á landi allt of lítið í samanburði við atvinnuvegina, sem sýnir sig meðal annars í hinni miklu vinnuhjúaeklu, og leiðir hèr af, að landið síður en nokkuð annað land getur missst nokkuð af vinnukröptum sínum, nema til mikils baga fyrir atvinnuvegina, eins og á hinn bóginn sèrhver missir af vinnufærum mönnum hlýtur að verða hèr mjög tilfinnanlegur; í þessu tilliti ber þess og að geta, að talsverður fjöldi ferst hèr á hverju ári í sjó, eða á ferðalögum,

og verður því sèrhver missir, sem þar við bætist, því sárari. Enn fremur ber þess að geta, að ferðirnar til útboðsþínganna, er menn almennt í öðrum löndum leitast við að gjöra sem hægastar fyrir hina útboðsskyldu, hljóta að verða mjög svo örðugar og kostnaðarsamar hèr á landi; útboðsþíngin hlyti, ef útboðið kæmist á, að ætlun þíngsins að vera eitt í hverri sýslu, og þótt valinn væri til þess hinn hentugasti staður í miðbiki sýslunnar, þá verður ei hjá því komizt, eptir víðáttu sýslnanna, að þeir, sem leingst væri í burtu frá útboðsþíngstaðnum, ætti þángað frá 5—20 mílur eða leingra, eða 1—5 dagleiðir, opt yfir heiðar og vatnsföll, er þeir yrði að fara ríðandi, og mætti eigi reikna kostnaðinn fyrir dag hvern, sem þeir væri á leiðinni fram og aptur, minna en 1 rdl., auk vinnu og bjargræðismissis á bagalegasta árstíma, og gæti menn naumast búizt við, að úr þessu yrði bætt með því, að halda útboðsþíngin í hverjum hrepp eða á fleirum stöðum í sýslunni, þar eð ekki væri að búast við því, að læknar landsins, sem hver fyrir sig hefir fleiri sýslur að annast, gæti komizt yfir, að fara á útboðsþíngin á þann hátt, auk þess að jafnvel einstakir hreppar eru á stundum mjög víðáttumiklir. Að öðru leyti er þess, hvað hluttekníngu læknanna í útboðsþíngunum snertir, að geta, að fæð þeirra og víðátta hèraða þeirra, sem undir hvern þeirra eru lögð, hæglega getur orsakað, einkum í sóttarárum, að útboðsþíngunum þyrfti að fresta, eptir að þeir útboðsskyldu væri komnir, eða að þau vöruðu leingur en annars, og bættist þá þar með enn meira á þá óþolandi byrði og kostnaður, er lögð yrði á þá útboðsskyldu, en sem þó, ef útboðið ætti að eiga sèr stað, ekki gæti verið spursmál um að endurbæta þeim.

Vegna allra þessara vandkvæða og erfiðleika, er leiða mundi af byrði þeirri, er hèr er spursmál um að leggja á innbúa þessa lands, á hverjum þvílík skylda aldrei hefir legið híngað til, og þar eð þíngið verður að álíta það mjög vafasamt, hvort á hinn bóginn mundi hlotnast landinu verulegur hagur af tækifæri því, er hinum útboðuðu gæfist til, að kynna sèr önnur lönd og fá áhuga og þekkíngu á sjómennsku og siglíngum, hefir þíngið ekki getað fundið annað, en að mjög ísjárvert væri, að leggja á land þetta slíka hluttekníngu í útboði til herflotans, sem stúngið er upp á, og hlýtur alþíng því allraþegnsamast að ráða frá, að slík útboðsskylda til hins konúnglega herflota verði lögð á Ísland.

Samkvæmt öllu því, sem þannig er talið, leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast:

1. Með 18 atkvæðum gegn 2:
   að ráða frá, að tekju- og útgjalda-áætlun Íslands verði, samkvæmt því sem stúngið er upp á í allrahæstum úrskurði yðar hátignar frá 27. maí þ. á., lögð fyrir alþíng til álita, hvort heldur væri eitt sinn fyrir öll, eða á tilteknum tímamótum.
2. Með 16 atkvæðum gegn 4:
   að bera þá bæn fram fyrir yðar hátign, að alþíngi mætti allramildilegast verða veitt ályktanda vald, hvað tekju- og útgjalda-áætlun Íslands snertir, en að úr ríkissjóði verði greitt til landsins ákveðið árlegt tillag um tiltekna áratölu, og að frumvarp eða uppástúnga um hið nákvæmara fyrirkomulag á þessu verði lagt fyrir næsta þíng.
3. Með 15 atkvæðum gegn 4:
   að ráða frá að útboðsskylda til hins konúnglega herflota verði lögð á Ísland að svo komnu.

Reykjavík, 14. d. ágústm. 1857.

allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson, *V. Finsen*".
varaforseti.

„Til konúngs.

Þíngmaður Snæfellínga hefir í þetta skipti borið upp á alþíngi uppástúngu nokkra, er lýtur að því, að þíngið fram beri fyrir yðar konúnglegu hátign þá þegnsamlegustu bæn, að skipun fjárgæzluráðherrans af 12. aprílm. 1855 verði aptur kölluð, að því leyti hún bannar að setja minna fè en 100 rdl., tilheyrandi einstökum ómyndugum eða opinberum stiptunum, á vöxtu í jarðabókarsjóðinn.

Eptir að málefni þetta hefir verið íhugað af 3 manna nefnd og rætt á tveimur aðalfundum, leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast að láta í ljósi álit sitt um það á þessa leið.

Alþíngi hlýtur að játa það, að fyrtèð ráðherraskipun eigi, eins og á stendur, eingan veginn vel við hèr á landi, og fullyrðir, að hún sè næsta óhagfelld og frábrugðin þeirri venju, sem hèr var á komin með tilliti til móttöku ómyndugra fjár og opinberra stiptana á leigu í jarðabókarsjóðinn.

Það var nefnilega með brèfi hins fyrveranda rentukammers af 28. septemberm. 1822 eptir ósk landsmanna leyft, að setja á vöxtu í jarðabókarsjóðinn í hið minnsta 20 rdl. í hvert sinn fyrir hvern ómyndugan, eða opinbera stiptan. Seinna var ákveðið, að upphæðin ei mætti vera undir 25 rdl., og leyfði tilskipun um fjárforráð ómynd-

ugra af 18. febrúarmán. 1847, 7. grein, sbr. 5. gr., að koma þvílíkri upphæð á leigu í jarðabókarsjóðinn fyrir sèrhvern ómyndugan, ef einginn vildi taka peníngana á vöxtu móti jarðarveði, og vottun hlutaðeiganda sýslumanns um, að þeir forgefins hefði verið boðnir upp á manntalsþíngi, fylgdi með. — Þessi tilhögun kom sèr vel og var notuð af landsbúum, allt þángað til ráðherraskipunin af 12. aprílm. 1855 gjörði hèr á þá breytíngu, að ekki mætti taka minni upphæð á vöxtu í jarðabókarsjóðinn en 100 rdl., og skyldi það vera eign eins ómyndugs eða einnar opinberrar stiptunar.

Með því nú stendur svo á hèr á landi, að fæstra ómyndugra arfar í peníngum nema 100 rdl. eða þar yfir, heldur flestra miklu minna, og það opt er mikils vert fyrir opinberar stiptanir, sem hafa litlar tekjur, að koma á vöxtu minni upphæðum, og með því eingar þær stofnanir, t. a. m. bánki eða sparisjóðir, eru hèr til, er geti veitt slíku fè móttöku á leigu, eins og reynslan hefir sýnt, að einstakir menn ei hafa viljað taka þessa fjármuni á vöxtu móti lagaveði, og þar eð það er bundið miklum erfiðleika og kostnaði, að kaupa rentuberandi ríkisskuldabrèf í Kaupmannahöfn, sem þar að auki eru föst (uopsigelige), er fyr greind ráðherraskipun, er neitar minni upphæð en 100 rdl. móttöku á vöxtu í jarðabókarsjóðinn, að þíngsins áliti næsta óhagkvæm. Hvað hina ómyndugu snertir, þá leiðir af þessu, að fè þeirra liggur með öllu arðlaust, eins og fjárhaldsmönnunum og yfirfjárráðendunum eykst við þetta þúngbær ábyrgð af geymslu fjárins. Þíngið vogar þar að auki að fullyrða, að hinir ómyndugu muni, vegna þess að fjárhaldsmennirnir og yfirfjárráðendurnir ekki geta komið fè þeirra á vöxtu, en hljóta að sitja inni með það, optsinnis verða fyrir tjóni, þegar fjárhaldsmennirnir eða yfirfjárráðendurnir, eða bú þeirra yrði gjaldþrota, sem opt getur að borið. Hætta sú, sem hinum ómyndugu er búin af þessu, mundi þar á móti að öllu leyti hverfa, ef fè þeirra, þegar það nemur 25 rdl. fyrir hvern einn, eða þar yfir, gæti orðið veitt móttaka á vöxtu í jarðabókarsjóðinn, og væri þar með næg trygging unnin fyrir varðveizlu þessa fjár, og þar eð það, svo og þær minni upphæðir, sem eptir framanskrifuðu væri hagkvæmt að geta sett á rentu fyrir opinberar stiptanir, ei nema neinni fjarskahárri upphæð í öllu landinu, mundi það ei verða mjög tilfinnanlegt fyrir ríkissjóðinn, að svara leigu af því.

Alþíng leyfir sèr af þessum ástæðum með 20 atkvæðum allraþegnsamlegast að beiðast af yðar konúnglegu hátign:

að það megi allramildilegast verða leyft framvegis, að veita

móttöku á leigu í hinn konúnglega jarðabókarsjóð ómyndugra fè og opinberra stiptana, er nemur 25 rdl. og þar yfir.

Reykjavík, 14. d. ágústm. 1857.

Allraþegnsamlegast:

Jón Sigurðsson. Þ. Guðmundsson".

Fundi slitið.

---

15. ág. — Þrítugasti og fyrsti fundur.

Allir á fundi, nema hinn 6. konúngkjörni þíngmaður og þíngmaður Norður-Þíngeyínga, er voru sjúkir.

Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Margir af hinum háttvirtu þíngmönnum hafa skrifað mèr svolátandi brèf:

Í konúnglegri auglýsíngu til þessa alþíngis, 27. maí þ. á., um árángur af þegnlegum tillögum alþíngis 1855 segir svo á 5. bls., að konúngi hafi ei þótt nauðsyn á, að gjöra frekari ráðstöfun til þess, sem alþíngi 1855 fór fram á, að birta á íslenzku ríkiserfðalögin 31. júlí 1853, og lagaboð 10. febrúar 1854 um ríkismyntina, og er á sama stað til fært sem ástæða fyrir þessari synjun, „að það megi ætla, að lagaboð þessi sè fyrir laungu birt á *Íslandi*".

En þó að svo kunni að vera, að einstöku valdsmenn hèr á landi hafi leyft sèr, að birta tèð lagaboð, eða þínglýsa þeim, á *danska túngu*, þá verðum við undirskrifaðir þjóðfulltrúar að álíta, að það stríði á móti gildandi lögum, t. d. konúngsúrskurði 31. okt. 1831, tilskipun 21. desember s. á., og að því sè þar með hallað á skýlausan rètt landsmanna.

Þessu vildum vèr leyfa oss að biðja hinn háttvirta *alþíngisforseta* að lýsa yfir í heyranda hljóði á þínginu fyrir hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa*, einkum í því skyni, að stjórn konúngs, og valdsmenn hans hèr á landi tæki þetta til greina, svo landslögunum einnig í þessu tilliti verði hlýtt.

Reykjavík, 13. ágúst 1857.

Á. Einarsson. E. Ó. Kúld. G. Einarsson. J. Guðmundsson. J. Hávarðsson. J. Sigurðsson. K. Árnason. St. Jónsson. J. Samsonsson. G. Brandsson. P. Sigurðsson. H. Kr. Friðriksson. V. Oddsen. Ó. Sívertsen R. M. Ólsen. M. Andrèsson.

Eg hlýt fyrir mitt leyti að álíta þetta atriði í hinni konúnglegu auglýsíngu mjög þýðíngarmikið, einkanlega vegna þess, að það kynni að virðast, sem þar í lægi eins konar boðun um, hverja þýðíngu stjórnin ætlaði að leggja í auglýsíngu lagaboðanna hèr á landi, og í það, hvort þau væri auglýst á máli landsmanna eða ekki. Af því mèr nú, eins og hinum háttvirtu þíngmönnum, sem hafa ritað mèr brèfið, þykir miklu skipta, hver þýðíng hèr í væri lögð, þá leyfi eg mèr að spyrjast fyrir hjá hinum háttvirta *konúngsfulltrúa*, hvort svo muni vera til ætlazt af stjórninni, að lög þau, sem hèr eru nefnd, ætti að vera skuldbindandi eptir þessum þínglestri, sem auglýsíngin talar um, eða hvort þessi þínglestur eða auglýsíng hafi ekki aðra þýðíng, en að láta landsmenn hèr vita, að þessi lög sè komin út í Danmörku, en sè ekki skuldbindandi fyrir Ísland.

Konúngsfulltrúi: Eg skal svara áskorun hins háttvirta *forseta* þannig, að eg get fyrir hönd stjórnarinnar ekki gefið aðra upplýsíngu í því málefni, er *forsetinn* minntist á, en þá, sem hin konúnglega auglýsíng til alþíngis inniheldur þar um, svo að það, sem eg nú segi, ekki er annað, en mín persónuleg meiníng. Eg held, að stjórnarinnar skoðun hafi verið sú, og hún held eg sè öldúngis rètt, að þegar búið var að senda ríkiserfðalögin híngað til landsins, og þau voru hèr á landi kunnug orðin, þá hafi þau með það sama verið skuldbindandi fyrir Ísland; því það segir sig sjálft, að þess konar lög, er hafa samþykki allra stórveldanna í norðurálfunni, og sem eru samþykkt af hinu löggefanda ríkisþíngi Danmerkur, verða að gilda fyrir konúngsríkið allt, og alla þess parta, og þess vegna einnig líka fyrir Ísland, án þess þar til þurfi sèrstaklega þínglýsíngu hinnar íslenzku útleggíngar laga þessara. Hvað hið annað áminnzta lagaboð um ríkismyntina snertir, þá sè eg ekki heldur, að sèrstaklega íslenzka útleggíngu af því þurfi að þínglesa hèr, því þetta lagaboð er hèr á landi þegar geingið í gildi, eins og nauðsynlega hlýtur að vera, þar sem Ísland hefir sömu peníngamynt, sem Danmörk. Annað mál hefði það verið, hefði hèr átt að innleiða danska bánkaseðla, því áður en þeir hefði getað orðið gjaldgeingir hèr á landi, þá hefði þar um orðið að þínglesa nýtt lagaboð. Eg skal og geta þess, að áður en var farið að leggja lagaboðin út á íslenzku, voru tilskipanirnar sendar híngað á dönsku, og innihald þeirra tilkynnt alþýðu á manntalsþíngum af sýslumönnum, og efaði hèr þá einginn maður um gildi þeirra, þegar þau áttu við (t. d. tilskipunin 3. júní 1796). Eg get ekki heldur fundið, að lagaboðin, sem vitnað er til

í brèfinu til *alþingisforsetans,* sanni það, er nokkrir þíngmenn hafa viljað út af þeim leiða. En þar eð eg finn það náttúrlegt, að þjóðina lángi til, að eiga ríkiserfðalögin á sínu máli, skal eg, ef það er ósk þíngmanna, mæla fram með því við stjórnina, að hún sendi híngað ríkiserfðalögin út lögð á íslenzku.

Forseti: Eg álykta það af svari hins háttvirta *konúngsfulltrúa,* að stjórnarinnar meiníng kunni að vera, að þessi lög sè skuldbindandi án frekari birtíngar, og án þess þeim sè snúið á íslenzku. En eg hlýt að álíta með hinum háttvirtu þíngmönnum, sem ritað hafa mèr brèfið, að þess konar birtíng geti alls ekki verið skuldbindandi, og að það sè ástæða fyrir alþíng, að halda fast við þá grundvallarreglu, sem lögð er í tilskipun 21. desbr. 1831, og síðan styrkt á margan hátt af konúngum og staðfest með hæstarèttardómum. Eg álít einnig, að þíngið hafi ástæðu til, að álíta þessi 2 lagaboð svo merkileg, að, ef þau ætti að vera hèr gildandi, þyrfti að leggja þau fyrir alþíng og íslenzka þau, og að þau geti ekki verið skuldbindandi með öðru móti. Eg leyfi mèr í þíngsins nafni, að fram bera þá ósk og von, að stjórnin haldi fast við þessa reglu hèr eptir, bæði um þessi lagaboð og önnur, svo að, ef það er ætlun stjórnarinnar, að þau skuli gilda hèr á landi, þá verði þau á vanalegan og fyrirskipaðan hátt lögð fyrir alþíng og íslenzkuð, á sama hátt og hvert annað almennt lagaboð. Eg bið þá heiðruðu þíngmenn, sem vilja vera mèr samdóma í, að fram bera þessa ósk og von, gefa það til kynna með því, að standa upp. (Stóðu þá allir þíngmenn upp).

Eg álít það mjög heppilegt, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* vill styrkja þíngsins tillögur í þessu efni, og að hann er samdóma því í aðalatriðinu.

Eg hefi feingið nefndarálit *í kúgildamálinu,* en vegna naumleika tímans hefi eg ekki sèð til neins, að setja það mál á dagskrána.

Þá er og enn eitt mál eptir, og það er umönnun á sölu alþíngistíðindanna, og skal eg jafnframt geta þess, að eg hefi einga skýrslu feingið um útsölu tíðindanna frá síðasta þíngi. Nú vil eg stínga upp á því, að bókasafnsnefndinni sè falin á hendur sala tíðindanna undir umsjón *varaforseta.*

H. Kr. Friðriksson: Eg skal leyfa mèr að geta þess, að eg hefi feingið landfógetanum nokkuð á annað hundrað rdl., er komið hafa til mín fyrir seld alþíngistíðindi.

Síðan lèt *forseti* þíngmenn gánga til atkvæða um uppástúnguna, og var hún samþykkt í einu hljóði.

Forseti: Áður en tekið er til umræðu, skal eg geta þess, að eg hefi sem *forseti* alþíngis feingið brèf frá dbrm. Árna hreppstjóra Magnússyni á Ármóti. Brèf þetta er svo látanda:

„Eptir að eg og ýmsir aðrir menn höfum af ítrasta megni gjört oss far um, að koma í veg fyrir það, að almennur niðurskurður, fyrst á öllu fè, ám og geldfè, því næst á ám að nokkru leyti, og geldfè að öllu leyti, og nú síðast á geldfè að öllu leyti, fari fram í þeim svo kölluðu sýktu sýslum í suðuramtinu, og það, þó að bæði eg og aðrir búandi menn hafi berlega sýnt í orði og verki, að lækna má veikina, og þó að dýralæknar þeir, sem híngað hafa verið kvaddir erlendis frá, segi, að veikin sè læknandi, og hún megi heita hæg, eptir að eg og aðrir menn, segi eg, höfum reynt af ítrasta megni, að koma í veg fyrir slíkan niðurskurð, sem nú var nefndur, og sem eptir beztu sannfæríngu minni og ýmsra málsmetandi manna er að einu leytinu ekki nauðsynlegur fyrir almenna heill manna og velfarnan, og að öðru leytinu horfir til ómetanlegs tjóns fyrir mikinn hluta lands þessa, ef ekki fyrir landið allt, þykist eg enn sjá af umræðum þeim, er fram fóru á þíngi hèr í gær og í fyrradag, þann 12. og 13. þessa mánaðar, að þorri þíngmanna muni í atkvæðum sínum hneigjast að hinum hryllilega niðurskurði, og finn eg mèr því skylt, að lýsa því hèr með yfir í nafni sjálfs mín sem privatmanns, og hrepps þess, sem eg hefi verið settur yfir sem hreppstjóri, að ef slík niðurskurðarráðstöfun verður tekin, og það mestmegnis eptir tillögum og atkvæðum þeirra manna, sem eru úr þeim byggðarlögum, er niðurskurðurinn alls ekki nær til, þá álít eg kosti mínum og hreppsbúa minna þúnglega misboðið, og ætla mèr á sínum tíma að verja öllum þeim meðulum, sem löglega verða á mínu valdi, til að sporna á móti slíkri röskun á eignarrèttindum mínum og þeirra manna, er mèr eru við hönd.

Staddur í Reykjavík, þann 14. ágústm. 1857.

Árni Magnússon,
hreppstjóri í Hraungerðishrepp.

Til
hins háttvirta alþíngisforseta“.

Samkvæmt dagskránni kemur þá fjárkláðamálið til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í málinu, er eg vona að allir þíngmenn hafi við höndina.

Atkvæðaskrá
í málinu um vörn við fjárkláðanum.

§ 1.

1. *H. Kr. Friðriksson* (1. gr.): Til þess að varna og út rýma fjárkláðanum, skal fylgja reglum þeim um niðurskurð og lækníngar á kláðasjúku sauðfè í haust og vetur, sem fyrir eru skipaðar í lögum þessum.
2. *Guðmundur Brandsson:* að eptir orðið „1857“ (í 4) verði bætt í: „eptir að feingin er áreiðanleg vissa fyrir því, að sauðfè sè alveg kláðalaust í norður-, austur- og vesturömtunum“.
3. *V. Oddsen:* að orðin í 1. grein nefndarinnar (4): „með þeim takmörkunum, sem hèr eptir segir“, falli burt.
4. *Nefndin* (1. gr.): Í þeim 4 sýslum, Árnes-, Gullbríngu- og Kjósar-, samt Borgarfjarðarsýslum skal almennt farga sauðfènaði haustið 1857, með þeim takmörkunum, sem hèr eptir segir.
5. *Frumv.* (1. gr.): Til þess að út rýma og varna útbreiðslu þess hættulega og sóttnæma kláðafaraldurs, er nú geisar á Suðurlandi, skal almennur fjárskurður fram fara strax í haust í Árness-, Gullbríngu- og Kjósar-, samt Borgarfjarðar-sýslum.
6. *H. Kr. Friðriksson* (2. gr.): Það fè, rem reynist kláðasjúkt að afloknum fjallgaungum í haust, skal þegar aðskilið frá ósjúku fè, og annaðhvort skorið eða læknað að fullu innan næstu veturnótta.
7. *Þ. Guðmundsson:* að 2. grein nefndarinnar (9) verði þannig orðuð: „Sèrhver búandi, sem grasnyt hefir, má setja á vetur svo margar ær, veturgamlar og eldri, að meðtöldum kúgildisám, sem sýslunefndin ákveður, samkvæmt þeim reglum, sem henni þar um eru gefnar í lögum þessum“.
8. *Jón Sigurðsson:* að orðin: „en þó svo . . . . . 100“ í greininni (9) verði þannig: „Einginn má setja á veikar ær, eða fleiri en 100“, o. s. frv.
9. *Nefndin* (2. gr.): Sèrhver búandi, sem grasnyt hefir, má setja nokkrar ær á vetur, en þó svo, að einginn má setja á fleiri ær en 100, að meðtöldum kúgildisám.
10. *G. Brandsson:* Setja má á næsta vetur öll heilbrigð haustlömb í Gullbríngu- og Kjósarsýslum.
11. *Ó. Sívertsen:* Skera skal niður í haust allt geldfè á takmörkum suðuramtsins við norður- og vesturamtið, eða þar sem fjárkláðinn nú er, en um allt miðbik suðuramtsins má setja á vet-

ur ósjúkar úngar geldar kindur, allt að 40, þó með því skilyrði, að þær vaktist í búfjárhögum allt eins sumar og vetur, meðan sýkin er ei með öllu upprætt, og hreppanefndir annist um og líti eptir því á hverjum mánuði að sumrinu, og láti í hvert sinn sýna sèr kindurnar með tölu. Hver nefndarmaður, sem vanrækir þessa köllun sína, sektist um 1 rd., en þeir fjáreigendur, sem sleppa geldfènu, sektist um hálft verð þeirrar kindar, sem sleppur á fjall.

12. *Nefndin* (3. gr.): Þar á móti skal skera eða lóga öllum geldfènaði og lömbum, hvort sem sjúkt reynist eða heilbrigt; sömuleiðis dilkám og geldum ám, sem á afrèttum hafa geingið, en þó má setja á vetur brundhrúta þá, er til ánna þurfa, sem og veturgamlar gimbrar innan þeirrar ærtölu, sem til er tekin í 2. grein.

13. *Gudmundur Brandsson:* að við greinina sè bætt: „Þó skal einginn niðurskurður á heilbrigðu sauðfè fram fara í Gullbríngu- og Kjósarsýslum.

14. *Gudmundur Brandsson* (varauppástúnga): Þó skal einginn niðurskurður á heilbrigðu sauðfè fram fara í Grindavíkur-, Hafna-, Rosmhvalaness- og Strandar-hreppum innan Gullbríngusýslu, nè heldur í Akraness-, Skilmanna-, Mela- og Leirár-hreppum í Borgarfjarðarsýslu.

15. *Kolbeinn Árnason* (viðaukaatkvæði við 3. grein (12), samþykkt af nefndinni):
Enn fremur mega þeir bændur, sem hrepps- og sýslunefnd álítur hafa ástæður til að setja á fleiri ær, en hann á, eða fyrir elli og sjúkleika sakir getur látið lifa, setja á vetur nokkur gimbrarlömb, sem væri kláðafrí, þó með því skilyrði, að hann vakti þau með ásauð sínum næsta sumar.

16. *Nefndin* (4. gr.): Búendurnir í þeim sýslum, sem til eru teknar í (1.) grein, er þannig skyldast til að farga geldfènaði sínum í haust, skulu fá skaðabætur, miðaðar við framtölu geldfjárins næstliðið vor, að frádregnu því skurðarfè, er menn þurfa að leggja frá til búa sinna; en það metur hver hreppsnefnd.

Skaðabótum þessum fyrir allar tèðar sýslur, samtals 9000 rdl., skiptir amtmaðurinn í suðuramtinu niður á hverja sýslu, eptir geldfjárframtalinu í fardögum 1857; sýslunefndirnar aptur niður á hvern hrepp sýslunnar eptir framtalinu í hreppnum, en hreppsnefndirnar aptur niður á hvern búanda eptir framtali hans og nauðsynlegum geldfjárskurði til búsins.

Ef einhver búandi þykist verða afskiptur við úthlutun skaðabótanna í samanburði við aðra í hreppnum, má hann bera sig upp undan því við sýslunefndina, síðan við amtmann, og leggur hann úrskurð á málið.

Þessir 9000 rdl. greiðist fyrir fram sem skyndilán úr ríkissjóðnum, gegn endurgjaldi af hálfu Íslands. Næsta alþíngi ákveður, á hvern hátt að fè þetta skuli endurgjalda.

17. *Jón Hávarðsson* (uppástúnga): Að þeim mönnum, sem verður gjört að skyldu að skera geldfè sitt í haust, fram yfir þá tölu, sem þeir þurfa að skera til búa sinna eptir mati sýslunefndanna, verði borgaðar skaðabætur eptir úrskurði hlutaðeiganda amtmanns með hliðsjón af þar að lútandi uppástúngum sýslunefndanna, og greiðast skaðabætur þessar fyrst um sinn úr ríkissjóðnum, en verði síðan endurgoldnar og jafnaðar niður á allt landið, eins og alþíngistollurinn.

§ 2.

18. *H. Kr. Friðriksson* (3. gr.): Á öllum þeim bæjum, sem fjárkláðinn gjörði vart við sig næstliðinn vetur eða vor, og fjárhús eigi hafa verið rofin í sumar, skal þegar annaðhvort rífa þau að öllu, eða að minnsta kosti þakið af þeim, og hreinsa þau eptir fyrirmælum reglugjörðar stiptamtmannsins 13. febr. þ. á., og sè hinir gömlu viðir þeirra aptur hafðir í hin nýgjörðu hús, þá skal fara með þá eins og fyrir er mælt í áminnztri reglugjörð. Hin nýju fjárhús skulu vera svo haganleg og rúmgóð, að nægileg sè fyrir það fè, sem hver búandi ætlar að setja á næsta vetur, og skal um stærð húsanna einkum farið að fyrirmælum tilsk. 2. marz 1776.

19. *Nefndin* (5. gr.): Á hverju því heimili, þar sem fjársýkin gjörði vart við sig næstliðinn vetur eða vor, en ekki hafa verið rifin fjárhúsin í sumar, samkvæmt reglug. stiptamtsins 13. febr. þ. á., skal öll fjárhús rífa á hausti komanda, og byggja aptur upp á öðrum stað, háum og þurrlendum, ný fjárhús, nægileg fyrir ærstofn þann, sem hver búandi má gjöra ráð fyrir að hann megi á setja samkvæmt þessari tilskipun, og með þeirri stærð og lagi, sem tilsk. 2. marz 1776 til tekur.

Viðina úr gömlu fjárhúsunum má brúka í hin nýju, ef þeir eru sviðnir áður eður bikaðir utan.

Hafa skal sèrstaklegt tillit til þess, þegar ákveðin verður ærtala sú, er hver má á vetur setja, hve rækilega búandi hefir,

samkvæmt þessari grein, leyst af hendi rof hinna eldri fjárhúsa og uppbyggíngu hinna nýju.

20. *Frumv.* (2. gr.): Þar sem kláðasýki og niðurskurður hefir átt sèr stað, skal rjúfa öll fjárhús og láta tóptirnar standa opnar næstkomanda vetur, en hreinsa vandlega viðu alla annaðhvort í eldi, sjó eða söltu vatni; einnig bræla veggina, samt brenna, hreinsa eða upp ræta sèrhvað það, sem nokkur líkindi eru til að efni til kláðasýkinnar geti dulizt í.

§ 3.

21. *H. Kr. Friðriksson* (4. gr.): Til að annast um aðskilnað hins sýkta fjár frá hinu heilbrigða, og niðurskurð þess, rof og endurbyggíngu húsanna, o. s. frv., skal nefnd manna sett í hverjum hrepp; skulu í henni vera 3, 5, 7 eða 9 menn, allt eptir stærð hreppanna og öðrum ástæðum, og skulu nefndarmenn kosnir af öllum búendum hreppsins. Fund til þessara kosníngа ákveða hreppstjórar hver í sinni sveit, og stýra þeim, en eigi má þá sjálfa kjósa. Þessum kosníngum skal aflokið, áður en fjallgaungur og fjárrèttir fara fram í haust. Einginn má skorast undan slíkri kosníngu án gildra orsaka, sem hreppstjórar með hinum nefndarmönnum meti. Ef nokkurs nefndarmanns missir við á einhvern hátt, skal þegar kjósa annan í hans stað, á sama hátt og áður er sagt.

22. *Nefndin:* að á eptir orðunum (í 23) „lógun fjárins“ verði bætt: „niðurjöfnun og úthlutun skaðabótanna“.

23. *Nefndin* (6. gr.): Til þess að annast um ásetníngu og lógun fjárins, rof og endurbyggíng fjárhúsanna, sem og annað fleira, er hèr er tekið fram í 1.—5. gr., skal hver sýslumaður kveðja sèr til ráðaneytis og aðstoðar 3 eða 4 hina beztu menn hèr og hvar úr sýslu sinni.

Hin sama regla gildir og fyrir lögsagnarumdæmið Reykjavík og bæjarfógetan þar.

24. *Nefndin* (7. gr.): Í hverjum hrepp skal velja hreppanefndir, á þann hátt, að hreppstjórinn kveðji með sèr, eptir stærð hrepps síns, 2 eða 4 hina beztu hreppsbændur, og sè hreppur mjög stór, svo vatnsföll geti um leingri tíma hindrað samfundi, þá sè hreppsnefndir 2 eða 3, svo til þeirra sè kvaddir, ef þarf, alls 6 menn.

25. *Nefndin:* að í stað: „6. október.“ (í 26) komi: „20. nóvbr.“

26. *Nefndin* (9. gr.): Hreppanefndir skulu byrja starfa sinn svo fljótt

sem verður, og þegar innan 6. októbers, hafa sent sýslumanni skýrslu um búnaðar- og heimilisástand hvers búanda í hreppnum, samkvæmt þeim eyðublöðum, sem þeim til þess verða send, og sem nefndin út fyllir.

27. *Frumv.* (3. gr.): Til þess að annast um niðurskurð fjárins og rof húsanna, skal amtmaður kjósa 2 eða 4 menn í hverri sýslu hlutaðeiganda sýsluyfirvaldi til ráðaneytis og aðstoðar, en hver sýslunefnd skal út nefna nokkra menn í hverjum hreppi, til þess að hafa hið nákvæmara tillit með framkvæmd þess fyrirskipaða, og skulu nefndarmenn láta skera fèð og rjúfa húsin á eiganda kostnað, ef þeir óhlýðnast, en borgun fyrir þenna starfa takist lögtaki hjá eigendum, á þann hátt, sem fyrir er mælt í opnu brèfi 2. apríl 1841.

28. *Nefndin* (8. gr.): Einginn sýslu- eða hreppsnefndarmaður má skorast undan þeim starfa, án lögmætra forfalla, sem sýslumaður þá metur; og skal þegar kveðja nýjan mann til nefndar, ef eins missir við úr nefndinni.

29. *H. Kr. Friðriksson* (5. gr.): Auk starfa þess, sem hreppsnefndum er ætlaður samkvæmt 4. gr., skulu þær hafa nákvæmt eptirlit á heyjabyrgðum og ásetníng fóðurfènaðar hreppsbænda, gæzlu og hirðíngu sauðfjárins, og leiðbeina mönnum í þessu með góðum ráðum.

30. *H. Kr. Friðriksson* (6. gr.): Þegar að liðnum næstu veturnóttum skulu hreppanefndirnar hefja rannsókn um heilbrigðisástand sauðfjárins, og skulu þær upp frá því rannsaka allt sauðfè, hver í sínum hrepp, að minnsta kosti einu sinni í hverjum tveimur mánuðum, þángað til sauðfènaður almennt fer úr ullu á næstkomanda vori.

31. *H. Kr. Friðriksson* (7. gr.): Skyldi kláðasýkin gjöra vart við sig eptir næstu veturnætur, skal þegar að greina hinar sjúku kindur frá hinum heilbrigðu; en treysti hreppsnefndin eigi eiganda til, að halda hinu sýkta fè út af fyrir sig og hirða það og lækna, er henni frjálst að láta skera sauðkindur þær, er þannig sýkjast, og sè þeim skurði áfram haldið allt fram til nýárs. Ef vart skyldi enn verða sýkinnar eptir þann tíma á nokkurri sauðkind, skal hana tafarlaust aðskilja frá hinum ósjúku, og hafa við hana lækníngatilraunir eptir læknareglum þeim, sem þegar eru gefnar, eða hèr eptir verða gefnar um meðferð sýkinnar; en það er hverjum í sjálfsvald sett, hvort

hann heldur vill skera kindur þær, er þannig sýkjast, eða hafa við áminnztar lækníngatilraunir.

§ 4.

32. *Nefndin:* að í stað „7. desbr.“ í eptirfylgjandi grein komi: „31. desbr.“

33. *Nefndin* (4. gr.): Förgun þess fjár, sem farga á, skal hver maður hafa aflokið fyrir 7. desbr. 1857.

34. *Frumv.* (4. gr.): Niðurskurður fjárins byrji að afloknum fjallgaungum, og sè honum í sèrhverju byggðarlagi lokið fyrir næstu jólaföstu. Rjúfa skal húsin jafnótt og fènu er lógað, og áður en frost hindra.

35. *K. Árnason:* að eptir orðið „ær“ (í 38) komi: „og gimbrarlömb“ (samþykkt af nefndinni).

36. *Þ. Guðmundsson:* að orðin í eptirfylgjandi grein: „innan þeirrar tölu, sem til er tekin í 2. grein“, falli úr.

37. *Nefndin:* að í staðinn fyrir „6. nóvbr.“ (í 38) komi: „6. desbr.“

38. *Nefndin* (10. gr.): Sýslumaður skal undir eins og hann hefir feingið skýrslur þær frá hreppanefndum, sem getið er um í 9. grein, kalla saman sýslunefndina, og skal hún leggja úrskurð á um það, hversu margar ær hver búandi í hverjum hreppi sýslunnar má á vetur setja, innan þeirrar tölu, sem til er tekin í 2. gr. Þenna úrskurð skal sýslunefndin senda tafarlaust til hlutaðeigandi hreppanefnda, svo að þær hafi feingið úrskurð sýslunefndarinnar innan 6. nóv.

39. *H. Kr. Friðriksson* (8. gr.): Hver búandi er skyldur að segja hreppsnefnd þegar til, er hann verður var við kláða á fè sínu. En leyni hann kláðanum, skal hann sekjast um 1—10 rdl. eptir málavöxtum, er sýslumaður meti.

40. *H. Kr. Friðriksson* (9. gr.): Ef kláðsýki verður svo megn á sauðfè einhvers búanda eptir nýár, að hreppsnefndinni eptir ráði dýralækna þykir nauðsyn til bera, að hann skeri niður sauðfènað sinn, annaðhvort allan eða að nokkru leyti, og hefir hann þó eigi sett meiri fènað á, en hreppsnefnd áleit hæfilegt, þá skal bæta honum skaðann eptir mati hreppsnefndarinnar úr jafnaðarsjóði amtsins.

41. *H. Kr. Friðriksson* (10. gr.): Nú hefir einhver búandi sett meira fènað á, en hreppsnefnd áleit hæfilegt, eða vanrækt önnur ráð hreppsnefndarinnar, t. a. m. um byggíngu og rækslusemi fjárhúsanna og góða hirðíngu sauðfjárins, og sýkist sauðfènaður

hans, en hann hefir eigi ástæðu til að hirða hann og lækna, þá skal hreppsnefnd taka sauðfènað hans og lækna, ef því verður við komið, að öllu leyti á hans kostnað, eða skera að öðrum kosti, og skal honum það að eingu bæta.

42. *H. Kr. Friðriksson* (13. gr.): Hreppsnefndirnar skulu hver í sínum hrepp gefa hreppstjórum nákvæmar skýrslur um heilbrigðisástand fjárins einu sinni á mánuði hverjum, en hreppstjórar skulu senda skýrslur þessar sýslumönnum, og sýslumenn amtmönnum.

§ 5.

43. *H. Kr. Friðriksson* (14. gr.): Verði nokkur uppvís að því, að hafa af skeytíngarleysi eða ásetníngi verið þess valdandi, að sýkin hafi borizt á annara fè, t. a. m. við samgaungur, skal hreppsnefndin tafarlaust tilkynna það hreppstjóra og hann aptur sýslumanni, og skal hinn seki sæta fjárútlátum eptir málavöxtum frá 5—100 rdl., og geti hann eigi goldið sektina, skal hann afplána hana með líkamlegri refsíngu.

44. *Nefndin:* eptir orðin „málskostnaðarútláta“ (í 45) komi: „og skaðabótamissis“.

45. *Nefndin* (11. gr.): Hreppanefndir sjá um, að úrskurðum sýslunefndarinnar verði fullnægt, svo að einginn setji meira á, en þar er tiltekið, og skulu þær tilkynna þetta öllum hreppsbúum með hreppaseðli rètta boðleið, að viðlögðum sektum fyrir boðfall. Óhlýðnist nokkur búandi því, sem þannig er ákveðið, skal hreppsnefndin tafarlaust tilkynna það sýslumanni, en hann höfðar opinbert lögreglumál móti hinum seka til óhlýðnissekta eptir málavöxtum, og málskostnaðarútláta.

Þá dóma sýslumannsins má ei áfrýja; málskostnaðinn má strax taka lögtaki, en lagabrotssektirnar eptir amtsúrskurði.

46. *Nefndin* (18. gr.): Hver sá, sem af skeytíngarleysi verður valdur að því, að hið sóttnæma kláðafaraldur flytjist í þau hèruð, sem fè almennt er heilbrigt í, skal sæta, auk skaðabóta, fjársektum frá 1—15 dala; en verði nokkur sannur að því, af ásetníngi eða með vilja að hafa flutt faraldrið inn í hinar ósýktu sveitir, varðar það frelsistjóni frá 2—5 ára.

47. *Frumv.* (5 gr.): Þeir, sem af skeytíngarleysi verða fundnir að því, að flytja hið sóttnæma kláðafaraldur inn í ómeinguð hèruð og byggðarlög, skulu, auk skaðabóta, sæta fèsektum frá 5—30 rdl. r. m., og skal þau mál sækja sem opinber lögreglumál.

Sömu fjársektum skal það og varða, ef nokkur sýnir óhlýðni eður mótþróa gegn því, sem skipað er í þessari tilskipun til að út rýma og varna útbreiðslu kláðafaraldursins. Skyldi nokkur af ásetníngi eða illvilja flytja kláðafaraldrið inn í ósýktar sveitir, varðar það frelsistjóni eptir málavöxtum frá 2—5 ára.

48. *Ó. Sívertsen:* Eptir orðin „greinilegar skýrslur" (í 49) komi: „Þriðja skoðan fram fari um sumarmál; fjórðu skoðunarferð, o. s. frv.

49. *Nefndin* (12. gr.): Í seinasta lagi innan viku frá þeim seinasta niðurskurðarfresti, sem til er tekinn í 4. gr., skulu hreppanefndirnar hefja rannsóknarferð um hreppinn, til þess að komast að fullri raun um, að hver búandi hafi hlýtt úrskurði sýslunefndarinnar, halda rannsókn þessari áfram tafarlaust, svo henni sè lokið, og sýslumanni tilkynnt svo fljótt sem verð má.

Strax eptir miðjan vetur skulu hreppsnefndir aptur fara um hreppinn, og eiga þær þá enn að nýju að gánga úr skugga um, að hvergi sè sett á fram yfir það ákveðið var, og enn fremur kynna sèr heilbrigðisástand og hirðíngu fjárins, hvort lækníngatilraunir hafa verið við hafðar, og hver árángur af þeim hefir orðið, og gefi sýslunefndinni hið fyrsta þar um greinilegar skýrslur. Þriðju skoðunarferð skulu hreppsnefndir gjöra um jónsmessuleytið, eða svo fljótt sem ærfè almennt fer úr ullu, og gefa sýslunefndinni þá greinilega skýrslu um heilbrigðisástand fjárins og fl., er þar að lýtur, eins og fyr segir í þessari gr.

50. *Nefndin* (13. gr.): Sýslunefndirnar skulu hafa vakandi auga á öllu því, sem að því lýtur, að lögum þessum verði tilhlýðilega hlýtt og fram fylgt, leiðbeina hreppsnefndunum í öllu, er þurfa þykir, og vera þeim til ráðaneytis, hve nær sem þær leita þess.

51. *Nefndin* (14. gr.): Undir eins og sýslunefndirnar hafa úrskurðað um ásetníngu fjárins í hverjum hreppi, samkvæmt 10. gr., skal sýslumaður senda amtmanni greinilega skýrslu þar yfir, svo skal og sýslunefndin senda amtmanni skýrslu um afdrifin af miðsvetrar- og vor-skoðun hreppanefndanna, jafnsnart sem hver sú skoðun um sig er afgeingin, og gjöra athugasemdir og uppástúngur um það, sem henni, samkvæmt skýrslum hreppanefndanna, virðist þörf á, einkum með tilliti til lækníngatilrauna, meðalaútvegunar, o. fl.

52. *Nefndin* (15. gr.): Sýslumaður skal, þegar vafasamt þykir, leita úrskurðar amtmanns um það, hvort mál skuli höfða, hvort heldur

er gegn einstökum búanda eður hreppsnefndarmönnum, fyrir óhlýðni, mótþróa, eður önnur afbrot mót þessum lögum.

53. *H. Kr. Friðriksson* (11. gr.): Að næstkomanda vori má einginn búandi reka fè sitt til afrètta, nema hreppsnefndin áður hafi skoðað það, og lýst því yfir, að það alls eingan kláðavott hefði, nè heldur hefði haft hinn síðasta mánuð, áður en það er rekið.

54. *Nefndin* (16. gr.): Einginn maður í þeim sýslum, sem til eru teknar í 1. gr., má að sumri komanda reka neitt lamb eða nokkra sauðkind á fjöll, heldur skal hann halda þeim í búfjárhögum.

55. *H. Kr. Friðriksson* (12. gr.): Reki nokkur búandi fè sitt til afrèttar, er hreppsnefnd eigi hefir skoðað áður og álitið að öllu heilbrigt (sjá 11. gr.), skal hann sektast um 5 rdl.—30 rdl., eptir málavöxtum.

56. *Ó. Sívertsen:* að bætt verði við greinina (57): „þó má kaupa skurðarfè“ (samþykkt af nefndinni).

57. *Nefndin* (17. gr.): Að vori eða sumri komanda má einginn i fjársjúkum hèruðum fá að, nè flytja þángað neina sauðkind úr hinum ósýktu hèruðum.

58. *Nefndin* (19. gr.): Hver sá maður í hinum ósýktu hèruðum, sem annaðhvort af skeytíngarleysi eða af ásetníngi verður uppvís að því, að hafa leynt kláðanum á fè því, er hann hefir undir höndum, skal sæta fjársektum frá 5—30 dala.

59. *Nefndin* (21. gr.): Skyldi hins sóttnæma kláðafaraldurs verða vart á einstökum bæ í hinum sýslunum, þá skal tafarlaust drepa niður hinar kláðugu kindur, halda þar öllu fè í straungu varðhaldi og nákvæmri gæzlu, og verja því samgaungur við annara fè; komi þá í ljós kláði á fleirum kindum, að 4—6 vikum liðnum, skal allt fè á því heimili niður skera, en bæta þá eiganda skaðann af opinberum sjóði, ef hann reynist óvaldur að, nè sannur að skeytíngarleysi.

60. *Nefndin* (22. gr.): En verði vart hins skaðvæna fjárkláða hèr og hvar í einhverjum hreppum þessara sýslna (sbr. 20. gr.), og á fleiri heimilum í senn, þá skal í hverjum hrepp fram fara almennur niðurskurður, eða förgun fjárins, með þeim takmörkunum og á þann hátt, sem segir í 1.—17. gr., ef sýslunefndin kýs heldur þann kost, en algjörlegan niðurskurð. Þó skal jafnan, ef kostur er á, leita hèr um úrskurðar amtmanns. Ef eigi er, þegar svo stendur á, afráðinn algjörður almennur niðurskurður,

skal stránga vöktun á því hafa, að það fè, sem lifir, nái ei samgaungum við heilbrigt fè.

61. *Nefndin* (23. gr.): Verði sú raun á að hausti komanda, að fjárkláðasýkin ekki sè almennt upp rætt í sýslum þeim, sem til eru teknar í 1. gr., eða öðrum þeim hèruðum suðuramtsins, þar sem sýkin þá hefir almennt gjört vart við sig, skal almennur niðurskurður fram fara, og honum lokið fyrir jólaföstu, þó með því skilyrði, að sýkin hafi þá ekki út breiðzt um fleiri hèruð eða víðsvegar í norður-, austur- og vesturamtinu.

Hin sama regla skal gilda í öllum hèruðum í tèðum ömtum, þar sem kláðasýkin hefir útbreiðzt (áþekkt því, sem ráðgert er í 21. gr.), en ekki verið upprætt.

Í hverju því hèraði, sem almennur niðurskurður verður að hausti, samkvæmt ákvörðunum í þessari gr., skal öll fjárhús rífa, og byggja þau aptur upp að vori (1859) á öðrum stað.

61. *b, Jón Guðmundsson:* að eptir orðin „1—17. gr. hèr að framan“ verði sett: „eptir nákvæmari ráðstöfun yfirvaldsins“ (samþykkt af nefndinni).

62. *Nefndin* (24. gr.): Ef sýkin þar í móti er upprætt að hausti (1858) í öllum sýslum suðuramtsins nema Skaptafellssýslunum, þá eru öll hin hèruð amtsins laus við þær lagaskyldur, sem til teknar eru í 23. gr. En reynist sýkin út breidd í annari hvorri þeirri sýslu eða báðum, þá skal þar fyrir hið næsta ár fara að öllu eptir þeim reglum, sem segir í 1.—17. gr. hèr að framan. Verði fjárkláðinn ekki upprættur í annari hvorri þeirri sýslu haustið 1859, skal þar fram fara almennur niðurskurður eptir 21. gr.

63. *Nefndin* (25. gr.): Ef nokkurt fè úr ósýktum hèruðum kemur inn í hin sýktu hèruð, skal því þar lóga, og alls ei á vetur setja.

64. *St. Jónsson* (viðaukaatkvæði, samþykkt af nefndinni): En ef nokkur kind úr hinum sýktu hèruðum kemur inn í hin ósýktu, þá skal hún dræp og rèttlaus falla.

§ 6.

65. *E. Ó. Kúld:* að í stað orðanna: „vorið 1859“ (í 67) verði sett: „haustið 1859“.

66. *St. Jónsson* og *Ó. Sívertsen:* að fyrir orðin: „helmíng þeirrar ærtöln“ (í 67) verði sett: „þriðjúng þeirrar ærtölu“.

67. *Nefndin* (26. gr.): Skyldi svo fara, að almennur niðurskurður yrði að eiga sèr stað á Suðurlandi samkvæmt 23. gr., skal sèr-

hver fjáreigandi maður í þeim sýslum og byggðarlögum, hvar almennur niðurskurður eða með þeim takmörkunum, sem segir í 21. gr., ekki hefir átt sèr stað, skyldur til, eptir tiltölu til fjáreignar sinnar, vorið 1859 að selja svo mikið af ám með lömbum að vorlagi, að hver búandi í þeim sýslum, hvar algjörður niðurskurður hefir fram farið, geti feingið helmíng þeirrar ærtölu, sem hann 1856 hefir talið fram til landbúskapartöflunnar, og skulu yfirvöldin annast um útbýtíngu fjárins eptir þessu hlutfalli.

68. *Frumv.* (6. gr.): Sèrhver fjáreigandi maður í þeim sýslum og byggðarlögum, hvar almennur niðurskurður fjárins vegna fjársýkinnar ekki hefir átt sèr stað, skal skyldur til, eptir tiltölu fjáreignar sinnar, að selja svo mikið af ám með lömbum að vorlagi, að hver búandi í þeim sýslum, er kláðafaraldrið hefir geingið yfir, geti feingið helmíng þeirrar ærtölu, sem hann næstundangánganda ár (1856) hefir talið fram til landbúskapartöflunnar, og skulu yfirvöld annast um útbýtíngu fjárins eptir þessu hlutfalli.

§ 7.

69. *Nefndin* (27. gr.): Ærnar skulu látnar af hendi í fullgildu standi, og borgist eptir verðlagsskrá þeirri, er ræður frá miðju maímánaðar 1859 til jafnleingdar 1860 í þeim sýslum, hvaðan ærnar eru.

70. *Frumv.* (7. gr.): Ærnar skulu látnar af hendi í fullgildu standi, og borgist eptir verðlagsskrá þeirri, er ræður frá miðju maímánaðar 1858 til jafnleingdar 1859 í þeim sýslum, hvaðan ærnar eru.

§ 8.

71. *Nefndin* (28. gr.): Amtmenn ákveði eptir landbúskapartöflunni úr hverju amti, hvað margt fè hverri sýslu ber að selja, en sýslunefnd í hverri sýslu, hvað margt kemur á hvern hrepp, og hreppsnefnd í hverjum hrepp, hvað hverjum fjáreiganda ber skylda til að selja. Skal það með miðsvetrarpóstum tilkynnt stiptamtmanni, hvað margt fè fáist í hverju byggðarlagi fyrir sig, svo hann geti til tekið, hvert hver sveit eigi að leita fjárkaupanna. Ef það virðist óvinnanda, að reka fè úr hinum fjarlægustu sýslum til Suðurlands, skulu þær nálægari sýslur leggja því fleiri ær til, en sè aptur það, sem þær láta í tè fram yfir rètta tiltölu, endurgoldið frá þeim fjarlægari sýslum. Kostnað-

urinn til þessa fjárflutnings greiðist úr hlutaðeiganda amts jafnaðarsjóði.

72. *Frumv.* (8 gr.): Amtmenn ákveði eptir landbúskapartöflunni úr hverju amti, hvað margt fè hverri sýslu ber að selja, en sýslumaður í hverri sýslu, hvað margt kemur á hvern hrepp, og hreppstjóri í hverjum hrepp, hvað hverjum fjáreiganda ber skylda til að selja. Skal það með miðsvetrarpóstum tilkynnt stiptamtmanni, hvað margt fè fáist í hverju byggðarlagi fyrir sig, svo hann geti til tekið, hvert hver sveit eigi að leita fjárkaupanna. Ef það virðist óvinnanda, að reka fè úr hinum fjarlægustu sýslum til Suðurlands, skulu þær nálægari sýslur leggja því fleiri ær til, en sè aptur það, sem þær láta í tè fram yfir rètta tiltölu, endurgoldið frá þeim fjarlægari sýslum. Kostnaðurinn til þessa fjárflutnings greiðist úr hlutaðeiganda amts jafnaðarsjóði.

§ 9.

73. *Nefndin* (29. gr.): Til fjárkaupa komi Sunnlendíngar um jónsmessuleyti 1859, og skal hreppstjóri í hverjum hrepp með helztu mönnum hreppsins vera þeim hjálplegur í því, að ná saman hinu lofaða fè.

74. *Frumv.* (9. gr.): Til fjárkaupa komi Sunnlendíngar um jónsmessuleyti næsta ár, og skal hreppstjóri í hverjum hrepp með helztu mönnum hreppsins vera þeim hjálplegur í því, að ná saman hinu lofaða fè.

§ 10.

75. *Frumv.* (10. gr.): Að afloknum fjárskurði í þeim meinguðu sýslum skal stiptamtmaður og amtmenn hver fyrir sig, með tilstyrk sýslumanna og annara merkra manna, alúðlega gángast fyrir því, að safna gjöfum til hjálpar hinum nauðstöddu, er hlotið hafa tjón af kláðafaraldrinu.

§ 11.

76. *Ó. Sívertsen:* að við enda greinarinnar (77) sè bætt: „Nefndir þessar líti einnig eptir heyjaásetníngi“.

77. *Nefndin* (20. gr.): Í öllum öðrum sýslum landsins en þeim, sem til eru teknar í 1. gr., skal hlutaðeigandi amtmaður nú þegar í haust hlutast til að settar verði nefndir í hverri sýslu og hverjum hreppi, á þann hátt, sem fyrir er sagt í 6. og 7. grein.

78. *Frumv.* (11. gr.): Í öllum þeim sýslum landsins, hvar almenn-

ur niðurskurður fjárins vegna fjársýkinnar ekki hefir átt sèr stað, skal hlutaðeigandi amtmaður kjósa 5 manna nefnd næstkomanda vetur, og svo leingi þurfa þykir, til þess að vaka yfir heilbrigðisástandi fjárins, góðri fjárhirðíngu og skynsamlegum ásetníngi. Skal amtmaður gefa hverri nefnd erindisbrèf, eptir því sem til hagar í hverri sýslu.

§ 12.

79. *Frumv.* (12. gr.): Skyldi mót von hið sóttnæma kláðafaraldur dreifa sèr til þeirra sýslna, sem nú eru ómeingaðar, skal, strax sem verður vart við það á einstöku bæjum, halda saman öllu fè í straungu varðhaldi, svo það alls eingar samgaungur geti haft við annað fè, og skera það niður án allrar undantekníngar eptir yfirvalds tilhlutun móti því, að tjónið verði bætt, sumpart með niðurjöfnun á amtsbúa, sumpart með gjöfum.

80. *H. Kr. Friðriksson* (15. gr.): Hreppsnefndir geta feingið þóknun fyrir starfa sinn úr jafnaðarsjóðum amtanna; skal hreppstjóri stínga upp á því, hversu mikla þóknun nefndin í hans hrepp skuli fá eptir ástæðum, og senda sýslumanni, en sýslumaður sendir uppástúngurnar með áliti sínu amtmanni til úrskurðar.

81. *H. Kr. Friðriksson* (16. gr.): Hreppstjórar skulu hafa vakanda auga á, að hreppsnefndirnar gæti skyldu sinnar, eptir því, sem fyrir er mælt í lögum þessum; þyki einhver hreppsnefnd, eða einhver nefndarmaður, skeytíngarlaus í þessu efni, skulu hreppstjórar tafarlaust skýra sýslumanni frá, er þá ásamt 2 valinkunnum mönnum, er hann þar til kýs, rannsakar málið og ákveður sektir eptir málavöxtum frá 5—30 rdl.

82. *H. Kr. Friðriksson* (17. gr.): Sýslumenn skulu og hafa vakanda auga á, að öllum ákvörðunum lagaboðs þessa sè nákvæmlega hlýtt og framfylgt, og leiðbeina hreppsnefndum, og styrkja þær í öllu því, sem þeim með lögum þessum er á herðar lagt.

83. *H. Kr. Friðriksson* (18. gr.): Stiptamtmaður skal sjá um, að prentaður verði, svo fljótt sem orðið getur, greinilegur leiðarvísir til að þekkja kláðann, öll einkenni hans og alla læknínga-meðferð á honum, og enn fremur skal í leiðarvísi þessum skýrt frá, hvernig með fènað skuli fara, til að verja hann kláða, og skal senda leiðarvísi þenna öllum hreppsnefndum, sem um er getið í 4. gr.

84. *H. Kr. Friðriksson* (19. gr.): að greinin (85) verði þannig orð-

uð: „Allar sektir, er ákveðnar eru í lögum þessum, skulu falla í sveitarsjóð“.

85. *Nefndin* (30. gr): Allar sektir eptir þessum lögum gánga í sveitarsjóð.

86. *G. Einarsson* (varauppástúnga): Svo framarlega sem ákveðið verður eða leyft, að geldfènaður megi lifa næstkomandi sumur í þeim sýslum, sem fjárkláðasýkin nú geisar yfir, og viðhaldist veikin í þeim, en vestur- og norðurumdæmin reynist frí við tèða veiki, þá skuli suðurumdæmið vera öll þau sumur skuldbundið til, að halda verði á sinn kostnað með Hvítá í Borgarfirði og í jökla fram, og í jökulskörðum öllum, þar sem þörf gjörist, til að varna fjársamgaungum öllum milli suður- og vestur- og norðurumdæmisins. Þessir varðmenn skulu vera leigðir úr vestur- og norðurumdæminu, og standa undir stjórn og umsjón yfirvaldanna þar.

87. Að greinaskipun frumvarpsins megi breytast.

88. Frumvarpið allt í heild sinni.

89. *V. Finsen* og *Ó. Sívertsen* (viðaukaatkvæði): Að þíngið biðji stjórnina, ef hún ekki skyldi samþykkja í því verulega uppástúngu alþíngis í þessu máli, eða fjárfaraldrið skyldi út breiðast víðar um landið, en nú er fyrir að sjá, eðá kríngumstæðurnar að öðru leyti skyldu vera svo, að nauðsyn væri á frekari ráðstöfunum, en þeim, sem af alþíngi verða nú samþykktar, að hún þá boði alþíngi, eins og það er saman sett eptir kosníngarreglunum í tilskipun 8. marz 1843, á aukafund næsta ár (1858), til að ræða þær ráðstafanir, er þyrfti til útrýmunar kláðafaraldursins eða varna gegn því.

90. *V. Finsen* og *Ó. Sívertsen* (varaatkvæði, ef uppástúngur nefndarinnar verða ekki samþykktar): Að þíngið biðji stjórnina að boða alþíngi, eins og það er saman sett eptir kosníngarreglunum í tilskipun 8. marz 1843, á aðalfund næsta ár (1858), til að ræða þær ráðstafanir, er þyrfti til útrýmunar kláðafaraldursins eða varna gegn því.

Niðurlagsatriði nefndarálitsins.

91. Að dýralæknar þeir, sem komnir eru híngað til landsins, verði látnir dvelja hèr að minnsta kosti til næsta sumars, og halda störfum sínum áfram undir umsjón og ráðstöfun stiptamtmannsins, samkvæmt tillögum þeirra sýslna-og hreppanefnda, er settar

verða í hinum fjársjúku hèruðum, og að þeir einnig fari víðar, og jafnvel inn í norður-og vesturamtið, ef þurfa þykir.

92. Að kostnaður sá, sem leiðir af hingaðferð og hèrveru dýralæknanna, greiðist af upphæð þeirri, sem með ríkistekjulögunum er veitt til ófyrirsjáanlegra útgjalda handa Íslandi, eða ef þessari upphæð skyldi vera öðruvísi ráðstafað fyrir þetta ár, þá fyrirfram af ríkissjóðnum móti endurgjaldi af sömu upphæð næsta ár.

93. Að þingið veiti þeim ákvörðunum, sem það samþykkir í þessu máli, til að varna útbreiðslu fjárkláðans, lagagildi til bráðabyrgða (tekið aptur af nefndinni).

94. Að þingið allraþegnsamlegast leiti hans hátignar konúngsins allrahæsta samþykkis til þess, að tèðar ákvarðanir (ákvarðanir þær, sem það hefir samþykkt í þessu máli) fái fullkomið lagagildi.

95. *Jón Guðmundsson* (samþykkt af nefndinni): Að konúngur verði þegnsamlegast beðinn, að flýtt yrði fyrir hans allrahæstu staðfestíngu á þessum uppástúngum þíngsins, svo sem fremst má verða, annaðhvort með beinum skipaferðum, sem fyrst falla frá Kaupmannahöfn hingað, eður með því að láta póstskipið leggja fyr af stað þaðan, en vant er.

96. Hvort alþíngi vill bera atriði þessi undir samþykki konúngs í álitsskjali.

Framsögumaður: Eg verð að játa, að það er svo stutt síðan eg hefi feingið atkvæðaskrá þessa, að eg hefi naumast haft tíma til, að yfir fara hana svo, að eg geti nú þegar talað um öll hin einstöku atriði hennar. Eg sè hèr á atkvæðaskránni nr. 1 og víðar uppástúngur hins heiðraða varaþíngmanns Reykjavíkur; eg veit nú reyndar ekki, hvort þetta er alveg formlegt eða ekki, með því þær voru hvorki bornar upp sem breytíngaratkvæði við frumvarp amtmannanna nè við nefndarálitið; en þar eð mèr er ekki um að verja mál þetta með neinu kappi, þá skal eg ekki fást um þetta, heldur skal eg gefa atkvæði með þeim, svo leingi sem uppástúngur hans geta staðizt með sannfæríngu minni, og því skal eg ekki tala um þær frekar. Um breytíngaratkvæði hins heiðraða þíngmanns Gullbríngusýslu undir tölulið 2 skal eg ekki tala, fyr en eg heyri, hvernig hann hefir hugsað sèr, að þessi vissa gæti feingizt. Viðvíkjandi 3. tölulið, þá skil eg ekki, hvernig hinn heiðraði þíngmaður Norður-Múlasýslu hefir hugsað sèr breytíngaratkvæði sitt, nema ef hann vill alveg fara eptir frumvarpi amtmannanna um almennan

niðurskurð, og þá verður hann að bæta meiru við, og sèr í lagi því, að uppástúngur nefndarinnar verði þá að falla burt, að því leyti sem þær ekki geta samrýmzt almennum niðurskurði. Um töluliið 7. hefir verið talað við undirbúníngsumræðu þessa máls, og lèt eg þá í ljósi þá meiníngu mína, að eg hefði aldrei verið fjarlægur, að ærtalan væri óákveðin, þó eg sjái margt á móti því, að svo sè; en þar eð nefndin hefir fallizt á viðaukaatkvæðið undir 15. töluliið, þá verður 7. töluliður óþarfur. Viðvíkjandi 9. töluliið, þá er það bæði æskilegast og líklegast, að einginn setji á nema heilbrigðar ær, en með því nefndin vill við hafa lækníngar, þá getur hún ekki verið á móti því, að reynt sè að lækna ærnar. Viðvíkjandi 10. töluliið, þá hefir nefndin miðlað svo málum, að hún hefir fallizt á töluliið 15., að nú má setja gimbrar á vetur, en ekki geldínga, því nefndin varð að álíta, að ómögulegt væri, að halda geldíngunum heima á sumrin, svo eigandanum yrði nokkuð veruleg not að þeim að haustinu, og þetta er ein ástæðan fyrir mig, að samþykkja ekki 11. stafliið, því það er álitið ómögulegt, að vakta fèð og verða að paraka það svo heima við, að það verði í fullum holdum; því gat nefndin ekki fallizt á þessi breytíngaratkvæði, þó hún viðurkenndi mannúðleik hinna heiðruðu uppástúngumanna í því, að reyna til að miðla málum. Um uppástúngu nefndarinnar undir töluliið 16 skal eg geyma mèr að tala, þángað til síðar. 17. töluliið gat nefndin ekki aðhyllzt vegna þess, að þar er farið fram á, að taka óákveðnar skaðabætur úr ríkissjóð, en þetta áleit nefndin ófært að gjöra. Eg skal geta þess hèr, að hinn heiðraði varaþíngmaður Reykjavíkur hefir dálítið breytt uppástúngum sínum, en þó hefi eg hvergi fundið neina verulega breytíngu, nema við 30. töluliið; þar eru 2 mánuðir settir fyrir einn mánuð áður, og er það veruleg breytíng. Eg skal ekki tala meir að sinni um breytíngaratkvæði þau, sem fram eru komin, því eg álít það ekki vert, fyr en eg heyri ástæður uppastúngumanna.

Forseti: Viðvíkjandi hinni formlegu spurníngu, þá verð eg að álíta það rètt, að taka uppástúngur hins heiðraða varaþíngmanns Reykjavíkur sem breytíngaratkvæði við frumvarp amtmanna, öldúngis eins og uppástúngur nefndarinnar um það, því þráðurinn er hinn sami, þó að uppástúngurnar fari í nokkuð aðra stefnu; en hvað viðvíkur töluliið 30., þá get eg ekki sèð annað, en að uppástúngumanni hafi verið heimilt, að breyta uppástúngum sínum í smáatriðum á undan ályktarumræðu, þótt uppástúngurnar væri áður prentaðar, enda var það og auðvitað, að hann hefði getað borið þessa

breytíngu upp sem breytíngaratkvæði við uppástúngur sínar, en mèr þótti óþarfi að heimta þetta, eða að kljúfa þetta atriði meira, eptir þeim reglum, sem hèr hefir verið vani að fylgja.

Konúngsfulltrúi: Meðan þær laungu undirbúníngsumræður um þetta mál fóru hèr fram á þínginu, tók eg, eins og menn vita, ekki til máls; og var það sèr í lagi af þeirri orsök, að eg vildi, að málið skyldi fram koma til ályktarumræðu þannig lagað og í þeim búníngi, er þíngið sjálft vildi gefa því, án þess eg hefði nokkur áhrif á það. En af því að eg hefi með undirskrifað það frumvarp, sem lagt hefir verið til grundvallar fyrir meðferð málsins hèr á þínginu, þá verð eg nú að fara um það nokkrum orðum.

Þegar mál þetta kom til umræðu á amtmannafundinum, voru það sèr í lagi 2 aðalatriði, sem tekin voru til yfirvegunar. Hið fyrra atriði var, að stínga upp á þeim ráðstöfunum, er nægar væri til þess, að hindra útbreiðslu fjárkláðans frá hinum sýktu til hinna ósýktu hèraða, því öll landsins velferð mátti álítast vera undir því komin, að tryggjandi ráðstafanir í þessu tilliti yrði fundnar, og þeim með hyggindum og dyggilega framfylgt. Hið annað atriðið var, að út rýma fjársýkinni úr þeim hèruðum, hvar hún hafði tekið sèr bólfestu, og koma þar upp aptur heilbrigðum fjárstofni. Frumvarp okkar amtmanna fyrir norðan og vestan fór, eins og menn vita, því á flot, að algjörður niðurskurður fjárins skyldi eiga sèr stað í þeim sýktu hèruðum. Það duldist ekki fyrir okkur, að þetta voru stórkostleg, og eg vil segja hörmuleg úrræði; en við sáum ekkert annað fullkomlega tryggjanda meðal til þess, að frelsa landið frá þessum hættulega vogesti. Fjárkláðasýkin er, eins og hún hefir sýnt sig hèr á Suðurlandi, mjög næm, og það eptir allra viðurkenníngu; og þess vegna hafa menn í hinum ömtunum orðið að undirkasta sig hinni þúngu byrði, að setja verði og halda þeim í allt sumar á takmörkunum milli hinna sýktu og ósýktu hèraða, eður með öðrum orðum á takmörkunum milli Suðurlandsins á einn bóginn, og Norður- og Vestur-landsins á hinn, því annars mundi sýkin stöðvunarlaust hafa útbreitt sig strax á þessu sumri um mikinn hluta Vestur- og Norðurlandsins við samgaungur fjárins frá öllum þessum 3 landsfjórðúngum á fjöllum uppi. En nú sjá það allir, að það er óbærilegur kostnaður fyrir Vestur- og Norðurland, að kosta þessa verði í fleiri sumur, og því sýndist okkur ekkert annað tryggjanda ráð til þess, að hindra útbreiðslu fjársýkinnar til hinna amtanna, en algjörðan niðurskurð þess geldfjár, er á sumrum geingur á fjöllum uppi.

Þegar við á hinn bóginn litum á, hversu að sýkin í rúman árstíma hafði breiðzt út um 3 sýslur suðuramtsins, nl. Borgarfjarðar-, Gullbríngu- og Árnessýslur, og hvað lítinn, já, næstum því eingan árángur lækníngatilraunir þær, er gjörðar hafa verið, hafa haft, og hvað lítinn krapt, já, næstum eingan krapt, þær hafa haft til að út rýma fjársýkinni úr þeim sýktu hèruðum, þá sáum við ekkert annað tryggjanda meðal til að út rýma sýkinni í þeim sýktu hèruðum, og koma þar upp aptur heilbrigðum fjárstofni, en almennan niðurskurð hins sjúka fjár. Okkar frumvarp miðar því ekki einúngis til, að vernda þau heilbrigðu hèruð fyrir útbreiðslu fjárkláðans þángað, heldur einnig til að frelsa innbúa hinna sýktu hèraða frá hinum lángvinnu þjáníngum, sem leiða af því, að ala þar sýkina í fleiri ár, án þess að geta út rýmt henni, eða komið þar upp nýjum heilbrigðum fjárstofni. Það er nú að sönnu stórkostleg ólukka, að sýkin er orðin svo mjög útbreidd í þeim umgetnu 3 sýslum, en hitt sjá þó allir, að það er lángtum stærri eyðileggíng, eymd og ólukka, sem af því flýtur, ef sýkin náir að út breiðast um land allt; því hvaðan á þá að fá heilbrigðan fjárstofn? Þetta voru nú aðalástæður okkar til að semja frumvarpið, eins og við gjört höfum, og það var, *eins og þá á stóð,* mín innileg sannfæríng, að kláðasýkinni aldrei mundi verða út rutt með læknínguin einum hèr í landi, og því hikaði eg ekki við, að taka þátt í nefndu frumvarpi; en það var líka með fram tilgángur minn, að geta komið þessu málefni í rèttu formi inn á þíngið, svo að það yrði þar fyrir tekið til lögskipaðrar meðferðar án leingri undandráttar.

En þó þessi hafi nú verið skoðun mín á málinu, og sè það að nokkru leyti enn, og þó eg viti, að mjög margir menn, bæði innan þíngs og utan, bæði frá þeim sýktu og ósýktu hèruðum sè á sama máli, og við amtmennirnir, vil eg þó nú falla frá frumvarpinu, að svo miklu leyti það ætlast til algjörðs niðurskurðar, og fallast á nefndarálitið, er mèr virðist hafa þrætt hinn rètta meðalveg. Það inniheldur eptir mínu áliti tryggjandi ráðstafanir móti útbreiðslu sýkinnar til hinna ósýktu hèraða, ef vel er á haldið, bæði frá innbúanna og yfirvaldanna hálfu, og á hinn bóginn hlynnir það svo mikið að velfarnan manna í þeim sýktu hèruðum, sem mögulegt er, og staðizt getur með skyldu þíngsins, að verja hin ósýktu hèruð landsins. Nefndinni hefir af nokkrum mönnum hèr á þínginu verið harðlega álasað fyrir meðferð hennar á málinu, en eg ætla, að ekkert mál hafi verið betur og hyggilegar meðhöndlað af nokkurri nefnd hèr á þíngi, en þetta er; og eg get því eigi annað en vottað bæði

nefndarmönnum yfir höfuð, og sèr í lagi hinum heiðraða *famsögumanni* þakklæti mitt fyrir þá alúð og ástundun, er þeir hafa sýnt í meðferð þessa máls.

Það hefir verið sagt optsinnis hèr á þínginu, að tilskipun 12. maí 1772 ekki hafi fyrirskipað algjörðan niðurskurð í þeim sýktu hèruðum, heldur einúngis að skera hið sýkta fè; en þannig var tilskipunin ekki skilin, þegar hún kom út, og þegar henni var framfylgt, heldur var hún skilin svo, að skera ætti niður *allt fè* í þeim sveitum, hvar sýkin hafði gjört vart við sig, hvort á þeim sáust nokkur kláðamerki eða ekki, þegar niðurskurðurinn fram fór. Þetta hefi eg heyrt af mörgum merkum mönnum, er lifðu, þegar kláðasýkin fyrri gekk hèr, og þar á meðal af munni þess manns, er þá var sendur af stjórninni, til að annast um algjörðan niðurskurð í Þíngeyjarsýslu allt austur að Jökulsá á fjöllum, en það var amtmaður sálugi Stephán Thórarensen. Tilskipunin sjálf sýnir og, að hún á að skiljast svo, eins og hún var skilin í praxí, eptir að hún kom út, því í fyrstu grein hennar stendur: „hvers vegna þeim (innbyggjurunum), því fyr því heldur, enn nú meðan nokkuð er eptir, byrjar að taka sèr fyrir gjörsamlega að afmá þvílíkt sjúkt sauðfè, svo vel þar, sem sjúkdómurinn hefir innbrotizt við landamerkin af þeim óskjúku sýslum, *og þetta svo lángan veg, að menn kunni vissir um að vera, að spillíngin eigi sè leingra komin*". Þetta lýsir því, að niðurskurðurinn ekki hefir verið takmarkaður, eður bundinn við hið kláðasjúka fè einúngis.

Menn hafa talað hèr um helgi eignarrèttarins, og að það væri órètt að skerða hann. Eg fyrir mitt leyti vil halda eignarrèttinum í heiðri, og ekki láta skerða hann að nauðsynjalausu; en það gefast stundum þau neyðartilfelli, og það á sèr stað nú hèr í landinu, að menn verða að setja til síðu rètt einstakra manna, til þess að frelsa það gjörvalla. Það er sjálfsagt, að það á að endurgjalda þeim einstaka manni þann skaða, sem hann líður á eign sinni, þegar og að svo miklu leyti sem það er mögulegt, en þessi endurgjaldsrèttur, hann er takmarkaður eins og eignarrètturinn sjálfur, og getur ekki geingið út yfir mögulegleikans takmörk. Menn hafa enn fremur talað um, að það væri óráðlegt, að skera allt geldfè, en láta ær lifa; en til þessarar uppástúngu held eg að sè góðar og gildar ástæður. Það geldfè, sem á sumrum fer á fjöll upp og rásar þaðan inn í önnur hèruð, getur hæglega flutt sýkina með sèr inn í þær ósýktu sýslur, en ánum er, eins og allir vita, haldið heima. Þar að auki

geta menn af ánum komið upp nýjum fjárstofni aptur, ef þær yrði læknaðar, en ekki af geldfènu. Það er og búsmalinn, sem veitir manni mestan arð, og er meginpartur bjargræðisstofnsins hjá sveitabóndanum. Eg hefi því opt vitað, að menn í heyleysisárum hafa afgjörlega skorið niður geldfè sitt og lömb, en staðið þó jafnrèttir eptir sem áður, þegar þeir hèldu ám sínum vel fóðruðum, en þar á móti hafa þeir, er misst hafa ærstofn sinn, komizt í neyð og bágindi.

Eg skal ekki tala um uppástúngurnar á atkvæðaskránni. Eg hefi eigi heldur getað áttað mig vel í henni, því það var, að kalla má, fyrst í þessu augnabliki, að eg fekk hana að sjá. Eg held þíngmenn gjörði rèttast í, að fallast á uppástúngur nefndarinnar, og þau atriði, sem hún hefir fallizt á, en kasta öllum hinum.

H. G. Thordersen: Eg er ekki einn af þeim þíngmönnum, sem hefi sveitzt í þessu máli, að minnsta kosti ekki af því, að tala um það, en eg finn mig þó loksins tilkvaddan til þess, svo stutt, sem mèr getur orðið unnt, að gjöra grein fyrir því, hvernig eg muni greiða atkvæði mitt í þessu vandasama máli. Eg hefi nú heyrt svo margar sögur um þessa fjársýki úr öllum áttum þessa lands, og er þeim svo varið, að sitt segir hver, bæði um útbreiðslu og eðli kláðans, svo að eg fyrir mitt leyti get ekki að svo stöddu komizt að neinni fullri vissu eður sannfærzt um, að hèr sè svo óræk reynsla fyrir hendi, að eg geti á henni byggt atkvæði mitt, þar sem mig í þessu efni vantar enn sem komið er alla vissu fyrir því, að fjársýki þessi eigi sèr ekki stað í hinum ömtum landsins, þótt hún kunni að vera þar minni en í hinum þremur umtöluðu sýslum suðuramtsins; meðan því er svo varið, að eg af þeim sögum, sem hèr hafa farið fram á þínginu, og mèr eins og öðrum hafa borizt víðsvegar að úr landinu, ekki hefi getað komizt að því, hvað sannleikur eða reynsla megi heita í þessu efni, hefi eg fyrir mitt leyti ekki sèð önnur ráð, til að ná fastri meiníngu en að fara eptir einhverri grundvallarreglu, og sè eg þá ekki, að hèr geti átt sèr stað nema tvær aðalstefnur, sem er annaðhvort almennur niðurskurður, eður hins vegar niðurskurður á veiku fè, sem ekki verður læknað. Það er kunnugt, að tveir amtmenn landsins hafa tekið hina fyrnefndu stefnu, og verður sèrhver heiðvirður maður að játa, að þeir ekki einúngis hafa gjört það eptir beztu sannfæríngu, heldur einnig af einlægri föðurlandsást, og eg get ei annað en viðurkennt, að þessir menn hafa fylgt fastri og vissri stefnu; það ætti eingan veginn við, að tala nú um það, hvernig eg mundi hafa tekið undir málið, ef það hefði komið þannig fram

á þessu þíngi, því uppástúnga þessi verður nú, eptir að nefndarálitið er komið fram, að álítast eins og algjörlega fallin, og þó vil eg ekki að þetta verði svo skilið, eins og eg í nokkurn máta vilji áfella nefndina, af því einginn getur verið sannfærðari um það en eg, að hún í þessu máli hefir valið þann meðalveg, sem hún hugði að mundi geta sameinað meiníngar manna, þar sem hún vissi, að þær voru á nokkrum tvístríng, hvers vegna eg verð að viðurkenna, að henni hefir geingið hið bezta til í tillögum sínum, og hafa bæði nefndarmenn og sumir aðrir, síðan nefndarálitið kom fram, orðið til þess, að gánga hina sömu götu, til að ná samþykki alþíngis með því að fjarlægja sig meir og meir hinum almenna niðurskurði. Hvað nú þessa stefnu snertir, þá get eg ekki verið á henni, sökum þess, er eg áður minntist á, að mèr þykir vanta allar áreiðanlegar upplýsíngar, eður það, sem eg kalla reynslu í þessu kláðamáli. Það er eitt meðal annars, að flestir hafa orðið að játa, að vottað hafi víðast hvar í landinu til einhverrar kláðategundar, en sá er munurinn, að kláðategund þessi er álitin hættulegust í suðuramtinu, eður þó rèttara sagt, í nokkrum sýslum þess. Eg vildi eg væri maður til að dæma um það, hver kláðinn væri verstur, en eg er einginn dýralæknir, svo eg geti sagt, hvort sè fyrsta, annað, þriðja eða fjórða stig þessa kláða, en er þó hræddur við hann, í hverri mynd sem hann birtist; þeir verða að dæma um það, sem þekkja dýralækníngar, hversu miklu hann sè verri hèr í suðuramtinu, en í hinum ömtunum. En þó eg sleppi tilfinníngum sjálfs mín, þá er eg viss í því, að svo framarlega sem Sunnlendíngum væri það augljóst, að þessi sýki í fè þeirra væri svo næm og svo miklu hættulegri, en annarstaðar, að þar af væri auðsjáanlegt tjón búið bræðrum þeirra — því bræður erum vèr allir, hvort sem vèr erum að sunnan, austan, norðan eða vestan —, þá mundu þeir fúslega leggja allt í sölurnar til þess, að þeim yrði ei með sanni kennt um útbreiðslu þess sjúkdóms, sem svo er hættulegur fyrir velmegan og velfarnan þessa lands.

Þessu næst vík eg mèr þá að hinni aðalstefnunni, úr því ekki leingur getur verið umtal um almennan niðurskurð, sem er sú, að fækka öllu því sjúka fè, sem ekki verði læknað, en leyfa, að allt hið heilbrigða megi lifa með því skilyrði, sem seinna mun á minnzt verða. Þessar tvær aðalstefnur eru, eins og þessu máli enn er komið, svo lagaðar, að eg treysti mèr ekki, að sveima á milli þeirra, og mèr getur ekki öðruvísi virzt, en að sú seinni reglan muni

muni geta álitizt hættulaus fyrir þetta land, þar sem ráð er fyrir því gjört í uppástúngum þíngmanns Reykvíkínga, að mèr skilst, að eingin skepna um veturnætur verði sjúk eptir, svo ei annaðhvort sè læknuð eða skorin; þegar nú allt fè um þetta leyti er heilbrigt heima á hverjum bæ, þá er einúngis þess að gæta, hvort veikin tekur sig upp aptur, og þá ber þeirri nefnd, sem þar til er sett, að gæta þess, að annaðhvort náist lækníng, eður að öðrum kosti að skepnan sè skorin, eins og hitt, að sjúkt fè sè ei látið vera saman við heilbrigt. Það sem mest er talið því til fyrirstöðu, að geldfè megi setja á, er að það að sumrinu verði rekið á fjall, og gæti þannig komið saman við fè úr hinum ömtunum, sem eiga afrètti að sama fjalllendi; þessu verð eg nú að svara þannig, að um þessa samgaungu getur hèðan af ekki verið að tala fyr en að næstkomanda sumri, og er þá allur veturinn á milli, til að sjá og reyna, hvað á sínum tíma tiltækilegast muni þykja í þessu efni.

Skyldi nú fara svo illa, sem drottinn afstýri, að kláðinn enn á ný taki sig upp og magnist í fènu, þá efast eg ekki um, að til nýrra ráða verði tekið, bæði með ánýjuðum lækníngatilraunum, sem menn eru svo furðanlega lítið fyrir að tala um hèr á þíngi, eður meta ekki, eins og eg hygg að vera bæri, og þá, ef þetta bílar, með niðurskurði, og þykist eg viss um, að sú nefnd, sem þess á að gæta, muni ekki vanrækja svo árríðandi skyldu, eins og þá, sem henni er lögð á herðar í þessu tilliti, því þar á ríður, að öllum kröptum sè varið til þess næstkomanda vetur, að stuðla að því, að fjársýkinni verði burt rýmt, og er þessi tími svo lángur, að þegar bæði yfirvöld, skynsamir og góðir bændur taka ráð sín saman um það, sem eptir kríngumstæðunum virðist farsællegast, þá muni þetta leiða til heillavænna afdrifa, og þegar svo mikið hefir verið gjört úr samgaungum geldfjárins á afrèttum, svo sem hættulegum fyrir hin ömtin, þá verð eg að álíta, að enn sè góður tími til stefnu; þar að auki er líka ráð fyrir því gjört, að í næsta skipti þegar rekið verður á fjall, eigi tilteknir skynsamir menn að skoða hverja þá geldkind, sem rekin verður, og ábyrgjast, að ekki finnist á því fè nein kennimerki kláðasýkinnar, enda legg eg það til, að innan þess tíma, að næst verður rekið á fjall, verði af öllum þeim, sem útbreiðslu fjárkláðans eiga að varna, gjörð úrskerandi ákvörðun um það, hvort geldfè skuli reka, eður ekki. Eptir því, sem þessu máli enn er komið, verð eg því fortakslaust að verða á því, að einginn verði neyddur til að skera niður heilbrigt fè, hvort heldur er ær eða geldfè, þó með því skilyrði, að eingum

haldist uppi að óhlýðnast þeirri nefnd, sem yfir þessu á að vaka í hverjum hrepp eða sýslu, um nægilegt fóður fyrir fènaðinn, samt tilbærileg hús og hirðíng, og er í þessu tilliti sú mín einlæg sannfæríng, að í þessu efni eigi í hið ýtrasta að gánga að öllum slóðum og trössum, ef þeir ekki vilja hlýðnast. Á þessu þíngi hefir mikið verið talað um eignarrètt og frjálsræði manna, og er eg því að miklu leyti samdóma, en verð þó allt að einu að vera á, að í því efni, sem hèr um ræðir, og um annað á eg ekki tal að þessu sinni, verði að taka ráðin af þeim, sem ekki kunna að hafa ráð fyrir sjálfum sèr, og enda eg svo þetta tal með þeirri minni sannfæringu, eins og nú er komið þessu máli, að einginn að svo komnu verði skuldbundinn til að skera heilbrigt fè, þegar hann að öðru fullnægir þeim reglum , sem fyrir hann verða lagðar.

P. Jónassen: Eg hefi, eins og hinn háttvirti konúngkjörni þíngmaður, sem nú settist niður, hlýtt á umræður þíngmanna í þessu máli, og veitt þeim alla eptirtekt, og eg má þá játa það, að af þeim tveimur aðalstefnum í málinu, sem hèr er fylgt fram á þínginu, felli eg mig miklu betur við þá, sem hinn heiðraði fulltrúi Reykjavíkur mælir fram með, því hún fer, að mèr virðist, í rèttari áttina. Nefndin fer því fram, að allt geldfè skuli verða í haust skorið niður í þeim 3 sýslum, sem kláðasýkin hefir geingið í, bæði sjúkt og ósjúkt, án alls greinarmunar, en að bændur þó megi halda vissri ærtölu, án tillits til, hvort ærnar eru sjúkar eða ekki. Þetta get eg með eingu móti fellt mig við, því það liggur þó í augum uppi, að til þess að skipa að skera niður ósjúkt fè manna, hlýtur að vera yfirgnæfandi ástæða, en hún er sú hjá nefndinni, að þetta fè geti, þó heilbrigt kunni að vera í haust komanda, orðið veikt af kláðanum, og þannig haldið sýkinni við, og breitt hana út frá sèr til annara hèraða; mèr virðist nú þessi átsæða eingan veginn geta staðizt, því það er ekki meiri vissa eða líkur fyrir því, að heilbrigt fè verði sjúkt, en að það haldi áfram að vera heilbrigt; hún rèttlætir því hvergi nærri uppástúngu nefndarinnar, að skera ósjúkt fè þannig niður. Stjórnin virðist heldur ekki að aðhyllast niðurskurð nema á sjúku fè, eins og brèf ráðherrans til amtmannanna í vor ljósast vottar, og það eru ekki líkur til, að hún breyti þessari skoðun sinni, og það því síður, sem hún enn fremur hefir látið sömu skoðun í ljósi með því, að senda út híngað 2 dýralækna, því auðvitað er það, að ekki eiga læknar þessir að gjöra annað, en að reyna til að lækna hið sjúka fè, eins og bezt mætti verða; og þannig vill

stjórnin láta bjarga því, sem bjargað verður, en þetta kemur ekki heim við það, að skera ósjúkt fè niður í strá, eins og nefndin fer fram á. Eg skil ekki heldur, að það mæli, nema miður sè, meira fram með því, að halda kláðasjúkum ám og reyna að lækna þær, en að halda ósjúku geldfè, og farga hinu veika fè, og eg sè því minni ástæðu til þessa, sem ærnar yfir höfuð hafa, að sagt er, verið verst út leiknar af kláðanum.

Það hefur verið gjört lítið úr lækníngunum, en eg get þó ekki betur sèð, en að búið sè að sýna og sanna, að af þeim sè nú þegar orðinn töluverður árángur, og eptir að menn nú fara að kynnast lækníngunum betur og betur, má vænta þess, að allt gángi betur og greiðar, en híngað til, með lækníngarnar. Menn gjöra enn fremur mjög lítið úr allri tilsjón hèr, og telja á henni öll vandkvæði, svo ekki sè að ætla upp á, að menn fylgi þeim reglum, sem settar kynni að verða um meðferð og lækníngu hins sjúka fjár. Það kann að vera mikið hæft í því, að miklir erfiðleikar sè á því, að halda fastri reglu í þessu efni, sem öðru hèr í landi, en það þori eg þó að fullyrða, að ekki eru Íslendíngar þeir skrælíngjar, að þeir í öðru eins máli og þessu ekki muni leggja allt kapp á, að hlýðnast því, sem fyrir þá kynni að verða lagt; eg treysti þvert á móti hinu gagnstæða, þegar þeirra eigin og annara velferð liggur við. Það er líka alkunnugt, að allur almenníngur leggur, eins og von er til, allan áhuga á þetta mál og lækníngu sjúkdómsins, og vill bjarga því, sem bjargað verður. Þetta kemur einnig heim við það, sem mun við gángast í öllum siðuðum löndum, þar sem fjársýki kemur upp; menn reyna að bjarga fènu, eins og bezt verður, en fara ekki strax að strádrepa það niður, eða að leggja algjörlega árar í bát, en því síður drepa menn niður heilbrigt fè af ótta fyrir því, að það kunni að sýkjast; slíkt held eg sè eindæmi í slíkum tilfellum.

Eg skil ekki betur, en að hèr sè gjört allt, sem gjört verður, og gjöra ber, þegar menn nú í haust slátra svo miklu af fè sínu, að þeir hafa nægilegt fóður og hús handa því, sem eptir er, veturinn yfir, og varast að setja á nokkurt sjúkt fè, nema því að eins, að þeir geti haldið því algjörlega og með fullri tryggíngu út af fyrir sig, og leitað því lækníngа. Þetta er líka skoðun stiptamtmanns á málinu, og þar sem hann á að framkvæma allar að fjársýkinni lútandi ráðstafanir í þeim sýslum, hvar fjársýkin nú er, virðist nauðsynlegt fyrir þíngið, að hafa tillit til þessa atriðis. Með því að halda fram skoðun nefndarinnar er eg hræddur um, að nú þegar komi fram hjá

almenníngi óbifur og mótþrói gegn lækníngunum, sem, eptir ráðstöfun stiptamtmanns, nú eru í fullum gángi, þar sem 3 dýralæknar nú eru út sendir sinn í hvert hèrað, en það teldi eg hin mestu vandkvæði, ef svo yrði; því eg er fyrir mitt leyti fastur á því, að lækníngar geti miklu góðu til leiðar komið, og því sem dugir, einkum þegar fènu yrði svo fækkað, að menn geti vel komizt yfir að hirða um það, sem eptir er, eins og með þarf. Með þessum fáu orðum hefi eg viljað gjöra grein fyrir skoðun minni á þessu umvarðanda máli, og henni ætla eg að fylgja, þegar til atkvæða kemur.

J. Sigurðsson: Það mun ekki verða til mikils ávinníngs, þó eg fari nú upp á nýtt að ræða um þetta efni, því eg lèt meiníngu mína í ljósi um það við undirbúníngsumræðuna; eg skaut þessu litla breytíngaratkvæði hèr inn, því eg vildi reyna til að sjá um, að lagaboðið skyldi ekki verða svo óljóst, að í því gæti falizt eins og leyfi, eða jafnvel ginníng, til að setja á vetur kláðaveikar kindur; eg meina samt ekki með þessu, að menn megi ekki, þeir sem annars vilja, reyna lækníngar, því eg kalla ekki að það sè sett veikt á vetur, þó menn fái frísprok um vissan tiltekinn tíma, að reyna lækníngar, því ef það læknast, þá er það líka ósjúkt, og má þá setja það á, en ef það læknast ekki á þeim vissa tíma, þá á að skera það, því það má ekki minna vera, ef annars að nokkur skurður á að fram fara, til þess reynt sè að út rýma kláðasýkinni, en að allt það veika sè skorið, og að ekki sè annað sett á að haustnóttum undir veturinn, en það, sem mönnum sýnist þá heilbrigt vera, því af því, að byrja ásetníng með veikt fè, tel eg auðsjáanlegan skaða fyrir eigandann og háska fyrir aðra; eigandinn kostar fyrst fjármunum og armæðu til lækníngatilraunanna, en líkast til missir fèð svo á eptir, þegar fram á kemur, en á meðan líftóran er í því, þá er hættan búin, að það komi saman við, ef eitthvað er heilbrigt hjá öðrum, og kveykir svo í því aptur kláðasýkina. En til þess, að reyna til, að varna útbreiðslu kláðans, þá varð nefndin líka að fara leingra í fjárskurðinn, en til þess veika, er sæist í haust, því menn gjöra ráð fyrir, að veikin geti leynt sèr, og komið upp í því að vori, eða sumri; nú vita menn, að það er geldfèð, sem mest getur breitt út sýkina, því það fer víðast og rásar að sumri um fjöll, og saman við fè hinna ósýktu hèraða; þess vegna hlýtur að gjöra þá ráðstöfun, að það sè skorið, og þó sá háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður segði, að ekki yrði hætta búin af geldfènu í vetur, þá veit eg ekki til, að alþíng komi saman að vori eða nein sú samkoma, sem þá

geti upp fundið ráð og reglur móti samgaungum geldfjárins; eg sè að sönnu, að 11. og 12. grein uppástúngu þíngmanns Reykjavíkur, banna að reka sjúka fèð á fjall, en það getur óvart sloppið á fjall, ef fèð er til; eg vil taka til dæmis: það skal nú lifa geldfè Borgfirðínga í Andakíl, Bæjarsveit, Reykholtsdal og Hálsasveit, sem allt má kallast fjallvant á afrèttum Mýrasýslubúa; hver getur trúað þeim fyrir, að verja því á fjall að sumri, eður geyma það svo heima, að eingin skepna komist á sínar gömlu og vanalegu sumarstöðvar? þeir geta það ekki; þeim er það ómögulegt, þó þeir ætti að sektast eða straffast; það dugar ekki, og þegar menn nú líta til, hvernig þar geingur stjórnsemin. Stiptamtmaðurinn gaf út boð og befalníngu, að þar skyldi rífa fjárhúsin, og brenna þau innan, að þar skyldi þvo fèð í vor, og þetta var hægt að vinna; það var eingin hætta á ferðum í Mýrasýslu, og þó sá sýslumaðurinn þar svo um, að þar var þvegið allt fè. Í þessum sveitum, sem eg nefndi, var hvorki þvegið fèð, nè rifin húsin; þó skyldi menn halda, að menn þar hlýddi þeirri skipun, sem þeim væri ómögulegt að geta hlýtt; nei! undir slíku er ekki að eiga. Annað er það, hvað viðvíkur breytíngaratkvæðinu nr. 10, þíngmannsins úr Gullbríngusýslu, og nr. 14 þess sama; af því eg vildi feginn halda lífinu í öllu heilbrigðu fè, og því fè, sem ekki gæti orðið öðrum að skaða, þá vildi eg gjarnan veita þessum breytíngaratkvæðum meðmæli, og leggja það til, að menn vildi samþykkja þau, því eg get varla óttast, að geldfè utan af Akranesi, eða Melasveit, en því síður úr Gullbríngusýslu, eða sunnan af Suðurnesjum, komist norður á afrèttir Norðlendínga eða vesturamtsbúa, þó að sönnu sè ekkert fortakanda. Mèr fyrir mitt leyti stendur samt eins mikill ótti af gimbrargemlíngunum þeirra úr Reykholtsdalnum, Bæjarsveitinni og Hálsasveitinni að sumri, að þeir kunni að sleppa heiman að, og þá eru þeir komnir í fèð okkar strax. Mig minnir, að eg lofaði við undirbúníngsumræðuna að gánga inn á 2. grein þíngmannsins úr Reykjavík, þar stiptamtmaður mundi treysta sèr að framkvæma hana, nefnilega að það fè, sem reynist kláðasjúkt í haust að afloknum fjallgaungum, skuli þegar að skilið og annaðhvort skorið, eða læknað að fullu innan næstu veturnótta; þessa grein ætla eg líka að samþykkja við atkvæðagreiðsluna að mínu leyti, því mèr þykir þetta svo falleg og snögg Snæbjarnarskipti frá því, sem verið hefir með lækníngarnar, og framkvæmdirnar í suðuramtinu; annars varð eg mikið feginn ræðu hins háttvirta *forseta*, að hann sagði álit sitt viðvíkjandi formi á þessum uppástúngugrein-

um, og halla eg mèr með ánægju að því; áður var eg í mesta vafa um, hvort eg eða þíngmenn ætti nokkuð með, að ræða þær núna undir atkvæðagreiðslu, þar ekki sèst, að þær sè breytíngaratkvæði, hvorki við frumvörp amtmannanna, nè heldur við nefndarálitið, og ekki heldur viðaukaatkvæði; það er kallað uppástúnga, en uppástúngur er vant að bera undir álit þíngsins, og ef þær þykja þess verðar, þá annaðhvort að vísa þeim til nefndar, eða kjósa nefnd í þeim málum, svo þau verði skoðuð og rædd, áður ályktarumræða kemur.

Konúngsfulltrúi: Eg gleymdi áðan, þegar eg hafði orðið að skýra frá nokkrum af þeim ástæðum, af hverju eg hefði fallið frá minni upphaflegu meiníngu í þessu máli, en aðhyllzt nefndarinnar uppástúngur. Hèr eru nú, síðan frumvarpið var samið, komnir 2 duglegir og reyndir dýralæknar, við hverja eg hefi átt viðræður um fjárkláðann; þeir hafa sagt mèr, að ómögulegt mundi verða að út rýma fjárkláðanum með þeim kröptum, sem hèr eru fyrir hendi, nema fjárfjöldanum væri töluvert fækkað; en þegar þetta væri gjört, mundi mega út ryðja honum með lækníngum, en líklega mundi til þess gánga 3 ár, því svo væri vanalegt í Norvegi; og þetta hefir gjört, að eg hefi fallizt á, að niðurskurðurinn yrði ekki algjörður. Eg skal enn nú koma með eina athugasemd, sem eg ekki hefi heyrt enn þá hèr á þínginu. Menn hafa talið það vankunnáttumerki, að algjörður niðurskurður fór fram eptir tilsk. 1772, og að lækníngatilraunir ekki voru við hafðar. En reynslan hefir sýnt, að þessi tilhögun þó var holl fyrir landið, því síðan þessi niðurskurður átti sèr stað, hefir einginn nærnur kláðasjúkdómur á fè komið upp í landinu, fyr en nú að hann, eptir öllum líkindum, var fluttur inn í það með útlendu kláðasjúku fè, hvar í móti kláðasýkin erlendis kemur, eptir því sem mèr hefir verið sagt, upp aptur á 20 ára fresti, og virðist því að vera orðinn innlendur sjúkdómur, þar sem lækníngar eru við hafðar.

Framsögumaður: Það gladdi mig mjög sem nefndarmann, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* kannaðist við, að nefndinni hefði tekizt að þræða meðalveginn í þessu mikilsvarðanda máli. Eg er nú sannfærður um, að því hefði einginn getað orðið fegnari en nefndin, að geta komizt hjá því, að skera annað fè, en það sjúka, ef hún hefði getað álitið það nógu tryggjanda, en það var svo margrætt um þetta atriði í nefndinni, að sannfæríng manna mun vera orðin stöðug í því efni. Þó menn hefði aðhyllzt það, að skera ein-

úngis það sjúka, þá getur sýkin verið komin í það, sem manni sýnist heilbrigt, og þannig yrði menn allt af að vera að skera, eptir því sem fèð veiktist smátt og smátt; og ef menn yfirgefa alveg lækníngarnar, þá veit eg ekki, hvar það kynui að lenda, því sýkin gæti ávallt gripið meira og meira um sig án þess menn gæti hamlað því, vegna þess að hún er ómerkjanleg í upptökum sínum. Hinir háttvirtu 1. og 2. konúngkjörnu þíngmenn voru á því, að lóga að eins sjúka fènu, og hinn heiðraði þíngmaður úr Mýrasýslu var á sama máli, og það leit svo út, sem hann vildi hallast að 2. gr. í uppástúngum hins háttvirta þíngmanns Reykvíkínga, en mèr er það nú óskiljanlegt, enda er eg einginn lagamaður, hvernig það verður skipað, að menn sè búnir að lækna sjúkt fè fyrir vissan tiltekinn dag, og eg skil ekki annað, en það hlyti að reka að því, ef menn aðhylltust þessa grein, að menn yrði að drepa allt niður, vegna þess að það yrði ekki læknað fyrir hinn tiltekna tíma. Hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður fann það nefndinni til ámælis, að hún gjörði svo lítið úr öllum lækníngatilraunum, en eg vil spyrja að því, hvort nefndin gjöri minna úr lækníngunum, en hann gjörir sjálfur, því nefndin vill þó reyna lækníngar við allt ærfè, en hann vill lóga öllu sjúku fe, og reyna eingar lækníngar, ekki einu sinni fram til veturnótta. Hinn sami háttvirti þíngmaður byggði ræðu sína á því, að heilbrigða fèð hèldi áfram að vera heilbrigt, en mèr finnst eingin ástæða til, að álykta svo; en ef hann gæti sannað það, að hið heilbrigða fè sýktisi ekki framar, þá mundi eingum detta í hug að lóga því, en sorgleg reynsla sannar mönnum hið gagnstæða.

H. Kr. Friðriksson: Þær uppástúngur, sem eg á á þessari atkvæðaskrá, skulu standa og falla sínum herra, því eg ætla mèr ekki að taka þær aptur, þrátt fyrir loí það, sem uppástúngur nefndarinnar hafa hlotið hjá hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa*, fyrir það, að hún hafi þrætt hinn gyllta meðalveg. Eg ætla, að það sè auðvelt að sanna, að ef uppástúngur mínar eru ónógar, þá sè uppástúngur nefndarinnar eins ónógar. Það hefir t. a. m. verið talið alls eigi auðið fyrir hreppanefndirnar að sjá um það, að einginn bóndi reki geldfè á fjall að ári, en þó gjörir nefndin ráð fyrir, að það megi setja á vetur veturgamlar gimbrar, og vil eg þá spyrja, hvort nefndin vill ábyrgjast, að þær alls eigi fari til fjalls á þær stöðvar, sem þær geingu sumarið áður, þegar þær voru lömb, eða er það víst, að ekkert lamb geti hlaupið á fjall? Eins er það, að nefndin gjörir ráð fyrir, að menn megi kaupa skurðarfè í hinum ósjúku hèruðum,

en hver á að sjá um, að kaupandinn eigi setji á einhverja kindina? Það hefir verið sagt, að það sè niðurskurðinum 1772 að þakka, að síðan hefir eigi orðið vart við kláða, því að í Noregi komi kláði jafnaðarlegast upp aptur 20. hvert ár; eg er einginn dýralæknir, en læt dýralæknum að dæma um slíkt, hvert kláðinn liggi í skepnum, hverri fram af annari, í 20 ár. Eg held, að það sè ósannað, að sá kláði sem hèr hefir verið læknaður, hafi að eins verið óþrifakláði, eða að sá kláði, sem stúngið hefir sèr niður hèr og hvar, sè ekki allt sami kláðinn, og að það sè ekki náttúrlegar orsakir til þess, að meira hafi orðið úr honum núna, en endrarnær. Eg vil spyrja hinn háttvirta *framsögumann,* hvaðan hann ætlar að taka tekjur til sýslumanna, presta, kirkna, alþíngiskostnað, og gjöld til jafnaðarsjóðsins, þegar hann er búinn að láta skera niður allt geldfèð með valdi, og þessari spurníngu krefst eg að hann svari mèr. Það dugar lítið, þótt hann svari mèr því, að fèð falli, hvort sem sè, því hann getur ekki sannað það, og það er einúngis spádómur hans, og þegar eg segi, að það muni ekki falla, þá er minn spádómur eins góður, og hans. Eg ætla ekki að verja neitt uppástúngur mínar, en eg vil einúngis spyrja menn að því, hvort nefndarinnar uppástúngur eru hótinu betri; því að þær eru bæði ónógar og grundvallarlausar. Eg vil spyrja alla menn með heilbrigðri skynsemi, hvort þeir eigi heldur vilji þau lög, sem í einhverju smávegis sè ábótavant, ef þeim er fylgt fram með alúð og einlægni, bæði af yfirvöldum og undirgefnum, heldur en þau lög, sem allir beztu mennirnir, bæði yfirboðnir og undirgefnir, fylgja þvert á móti sannfæríngu sinni. Þess vegna er eg fastráðinn í því enn, þrátt fyrir hinn hálofaða og gyllta meðalveg nefndarinnar, að nota mèr það leyfi, sem alþíngistilskipunin gefur mèr í 61. grein.

E. Ó. Kúld: Ekki hefir hinum heiðraða þíngmanni Reykvíkínga enn tekizt að sannfæra mig svo, að eg falli frá uppástúngum nefndarinnar; kemur það af því, að eg á mèr sannfæríngu, sem er með öllu óbeygjanleg undir allt annað en það, sem samvizkan segir mèr að sè rètt. Eg ætla mèr samt hvorki að verja uppástúngur nefndarinnar með neinu kappi, nè hrekja uppástúngur þíngmanns Reykvíkínga, eða hvað maður nú á að kalla það, því uppástúngur geta það reyndar ekki heitið, því hvorki eru þær bornar fram sem breytíngar við frumvarp amtmannanna nè nefndarálitið, heldur er eins og þær sè komnar inn á þíngið sem einhvers konar konúnglegt frumvarp, og veit eg ekki, hversu lögformlegt það er. Eg skal ei

heldur fást um það, eða ætla mèr að hrinda þeim formsins vegna. Eg ætla einúngis að tala um eitt orð í ræðu hans núna seinast, og það er þar sem hann fór að tala um gimbrarnar; það lítur út fyrir að hinn heiðraði þíngmaður sè ekki vel kunnugur því, hvernig til geingur í sveitinni, hvað fènað snertir, og er honum reyndar vorkun, því í hans kjördæmi mun ekki vera mikið um kvífè, en eg skal nú segja þíngmanninum frèttir úr sveitinni, og þær hljóða svo, að þær gimbrar, sem eru veturgamlar í ár, þær verða einu ári eldri að ári, eða með öðrum orðum, tvævetrar, og þá eru þær orðnar ær, og af því þær eru orðnar ær, þá eru þær hafðar í kvíum og eru passaðar með hinum ánum. Menn hafa talað margt og mikið um það, að nefndin skerti eignarrètt manna með niðurskurðinum, en hvað gjörir þá hinn heiðraði varaþíngmaður Reykvíkínga með uppástúngu sinni undir tölulið 31.? Þar gjörir hann ráð fyrir, að bóndanum verði skipað að skera, en ef bóndinn segir nei, og nefndin hans lætur samt skera, er það þá ekki líka skerðíng á eignarrèttinum? Hinn háæruverðugi 1. konúngkjörni þíngmaður vildi að eins skera niður allt hið sjúka fè, og það svo vandlega, að menn gæti geingið úr skugga um það, að eingin vanheil kind væri á vetur sett; en hvað skyldi þá margt fè lifa, ef þetta feingi framgáng? því eg segi fyrir mig, að hèr í þessum hèruðum, þar sem sýkin hefir gjört vart við sig, er ekki til ein einasta kind, sem eg hefi ekki grunaða fyrir það, að kláðinn sè í henni, þó hann sè enn eins og falinn eldur, og til hvers væri þá dýralæknarnir, sem hèr eru komnir, og allur sá kostnaður, sem af þeim leiðir? Hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður álasaði nefndinni fyrir, að hún setti Íslendínga í röð með skrælíngjum; en eg má segja honum fyrir víst, að nefndinni hefir aldrei dottið í hug, að hafa svo lága hugmynd um landa sína, því hvað gæti nefndinni geingið til, að setja bæði sýslunefndir og hreppanefndir, ef hún hefði ekki meira álit á Íslendíngum, en þessum háttvirta þíngmanni finnst hún hafa. Eg á eitt einasta breytíngaratkvæði á atkvæðaskránni undir tölulið 65, og breytíngin er ekki meiri en svo, að það er eitt einasta orð, sem eg vildi láta breytast, en þótt svona sè lítið í það varið, ætla eg samt ekki að taka breytíngaratkvæðið aptur, heldur leggja það á þíngsins vald, svo þíngið geti farið með það eptir vild sinni. Eg tek það fram enn, að það kemur ekki til af því, að eg vilji ekki unna Sunnlendíngum sumargagnsins af ánum, heldur af kvíða fyrir því, að ef fè er flutt aptur inn í þau hèruð, þar sem kláðinn hefir geingið, eptir ekki leingri

tíma, en kollótt missiri, þá geti svo farið, að hið nýkomna fè fái enn sýkina, og byggi eg þetta á sögusögn dýralæknanna sjálfra, því þeir segja, að kláðamaurinn geti lifað leingri tíma í húsum, fötum, og enda færikvíum; eg get heldur ekki skilið, að þessi dráttur væri Sunnlendíngum til mikils skaða, því það er alkunnugt, að fè, sem flutt er þángað, sem það er óhagvant, þá er arður þess næsta lítill fyrsta árið, og eg treysti Norðlendíngum og Vestfirðíngum svo vel, að þeir muni eins láta ána með dilkinum að haustinu til, eins og á loðna og lembda á vordaginn, og þá er skaðinn fyrir Sunnlendínga ekki annar en sá, að þeir missa reyfið, og hygg eg, að þeir, sem láta fèð úti, muni ekki láta sig muna um, að láta þá hafa ullina með, sem við ánum eiga að taka.

Af því hinn háttvirti *forseti* las hèr upp brèf áðan, sem líklega verður prentað í þíngtíðindunum, þá ætla eg að fara um það fáeinum orðum, fyrst einginn annar hinna háttvirtu þíngmanna hefir orðið til þess, svo að landar mínir sjái, að þíngið hefir þó veitt þessu brèfi eptirtekt. Eg verð nú að játa, að eins og það er spánnýtt, að þetta þíng hafi löggjafarvald í nokkru máli, eins er það líka næsta óvanalegt, að slík brèf komi hèr inn á þíngið, og eg verð að vekja athygli hinna háttvirtu þíngmanna á því, ef nokkrum skyldi detta í hug, að greiða atkvæði sitt samkvæmt tillögum, eg vil ekki segja hótunum þess, sem brèfið hefir skrifað, þá stefnir vilji mörg hundruð manna í gagnstæða átt við brèf þetta, eins og sjá má af bænarskrám þeim, sem komið hafa hèr um til þíngsins. Eg veit ekki, hvaða gildi þetta brèf getur haft, en eg skora á einn af hinum háttvirtu þíngmönnum, sem eg veit, að er kunnugt um það, til að skýra þínginu frá stefnu þeirri, sem brèfskrifarinn hefir haft í þessu kláðamáli frá öndverðu, því þíngmaður hefir sagt mèr, að þessi heiðursmaður hafi í vor verið mjög meðmæltur jafnvel algjörðum niðurskurði á öllu fè, ef ei væri búið að lækna það um miðjan vetur, og það án endurgjalds, en það hefir þó þíngnefndin ekki fallizt á, en nú hefir hann tekið það í sig, að spyrna algjörlega móti broddunum, og vill alls ekki láta skera neina kláðakind. Af þessu öllu get eg nú ekki dregið annan lærdóm en þann, að maðurinn muni vera svo heppinn, að eiga til 2 sannfæríngar, en þær hræra mig því minna, sem þær eru fleiri, og mèr finnst ekkert efamál, að leita samþykkis stjórnarinnar um uppástúngur nefndarinnar, eins og þær liggja hèr fyrir, því ef stjórnin samþykkir þær, og gjörir þær að lögum, þá eru mótmæli brèfskrifarans ekki gegn þínginu, eða þess aðgjörðum, heldur

beinlínis móti stjórninni sjálfri. Eg ætla að halla mèr að varauppástúngu hins heiðraða þíngmanns Dalasýslu undir töluliið 86, því ef Sunnlendíngar vilja ala kláðann hjá sèr, þá eigum vèr í hinum fjórðúngum landsins sannarlega heimtíng á því, að verja oss með vörðum fyrir vogesti þessum, og það á þann hátt, sem til er tekið í varauppástúngunni, því ella mundi vörnin ekki verða nægilega tryggjandi. Mèr er það kunnugt, að þegar fè sýkist í Danmörku, þá er eigandinn skyldaður til, annaðhvort að skera það niður, eða lækna það, og halda því inni á sinn kostnað, svo það geti alls ekki komið nærri heilbrigðu fè á meðan það er sjúkt, og fyrst að það er bundið við húsið í Danmörku, þá get eg ekki skilið, að það sè ósanngjarnt, þó það sè bundið við fjöllin og verðina hèr í Íslandi. Eg get því eingan veginn aðhyllzt neina breytíngu á þessu, heldur verð eg að álíta, að Vestfirðíngar og Norðlendíngar eigi fullan rètt á, að krefjast þess, að kostnaður sá, er af vörðunum rís framvegis, sè eingaungu goldinn af suðuramtinu. Þessar miklu sögur, sem hèr gánga um ágæti lækníngánna, geta ekki sannað mikið fyrir mèr, meðan þær ekki sýna betur sína góðu ávexti, en enn er komið; enda ber þessum sögum ekki ætíð saman. Menn hafa talað um, að einn maður í Ölfusinu hafi í vetur læknað 210 fjár, en eg hefi heyrt á tal þessa manns ekki alls fyrir laungu, og hann sagði, að fèð hefði farið að vesna aptur í vor, og mèr skildist á honum, sem hann væri ekki fjarlægur því, að skera það niður í haust. Hið sama sannar líka ferð vor hèr fram á nesið um daginn, því þó þar ætti eingin kláðakind að vera, fundust þar þó þessi „Pragtexemplör“, svo sem lömbin, og álít eg allt þetta næga sönnun fyrir því, hversu lítið er að marka sögurnar af lækníngatilraununum. Ræða þessi mun nú vera orðin nokkuð laung eptir því, sem mèr er títt, en eg ætla nú líka að setjast niður, og er mèr þess meðvitandi, að eg hefi ekki lagt annað til í máli þessu, en það, sem samvizka mín og skynsemi sögðu mèr að mundi vera hollast fyrir land og lýð, og veit eg, að öllum þíngmönnum liggur það á hjarta, að ráða svo mál þetta til lykta, að það fái eflt heill og velferð ættjarðar vorrar.

St. Jónsson: Eg sakna þess hjá hinum heiðraða þíngmanni Reykjavíkur, að hann minntist ekki á skaðabæturnar með einu orði í dag, sem honum var svo títttalað um við undirbúníngsumræðu málsins, og veit eg því ekki, hvort honum geðjast í öllu vel að þeim eins og nefndin hefir nú fallizt á þær, sem eg vona að sè, eða hvort honum þykja þær ekki svaraverðar, fyrst hann þagði alveg um þær;

en það er auðsèð, að nefndin hefir gjört sem henni var mögulegt, til þess að koma sem mestri sátt og samlyndi á þetta mál, en nefndin hefir samt feingið litlar þakkir fyrir þenna meðalveg, sem hún leitaðist við að þræða, og eg ætla nú ekki að fjölyrða framar um það, hvort henni hefir tekizt það vel eða illa, en þó álít eg, að uppástúngur nefndarinnar sè í flestu betri, en uppástúngur þíngmanns Reykjavíkur, eða frumvarpið hans, eða hvað maður á nú að kalla það, því ef þær feingi framgáng, með nokkru fylgi, þá gæti auðveldlega rekið að því, að þær yrði mönnum miklu meiri skaða ollandi, en uppástúngur nefndarinnar. Hinn heiðraði þíngmaður Reykjavíkur gjörir ráð fyrir í 2. gr. sinni, að allt það, sem sýkin sjáist á í haust, skuli annaðhvort vera læknað eða skorið niður innan veturnátta; nú get eg talið víst, að margur bóndi kynni að eiga talsvert fè, og það allt sjúkt af kláðanum, en þó yrði ekki ein einasta kind af því öllu læknuð fyrir veturnætur, þegar ráða er af því, hvernig hèr hefir geingið, og enda þó tveir læknar sè komnir, og þá hlyti að reka að því, ef uppástúngum hans væri fram fylgt með tilhlýðilegu eptirliti og dugnaði, að allt fèð yrði skorið niður í búnka, svo það yrði eigandanum alls ómögulegt, að hagnýta sèr það, eða koma því svo undan, að það spilltist ekki stórum honum til skaða, og því álít eg, að nefndin hafi gjört miklu rèttara, þar sem hún leyfir í nauðsyn að fresta niðurskurðinum leingur, eða til jólaföstu og jafnvel nýárs. Eg hefi lesið það í embættisbrèfi frá stiptamtmanni, að þegar skoðunin á fènu fór fram í Mýdal í fyrra haust, þá fundust þar einar 20 kindur sýktar af 1000 fjár, sem sagt er í brèfinu að þar muni hafa verið, og fyrst mönnum ekki tókst, að halda þessum kindum aðskildum frá hinu fènu, og hindra með því útbreiðslu sýkinnar, þá treysti eg ekki úrskurðum yfirvaldanna hèr svo vel, að það verði mikið úr því, að aðskilja sjuka fèð frá hinu heilbrigða í haust, eptir því sem sýkin er nú orðin út breidd hèr um amtið. Hvað nú snertir niðurskurð þann, sem nefndin hefir gjört ráð fyrir, þá hygg eg, að þeir verði ekki svo margir, sem bíða af honum verulegt tjón, því bæði er það, að margir eiga ekki fleira geldfè, en þeir þurfa nauðsynlega að skera til heimilisþarfa sinna, og líka hitt, að þeir, sem fleira eiga, þora ekki að eiga undir því, að setja það á, og missa það svo ef til vill úr kláðanum einhvern tíma í vetur, eða má ske ekki fyr en komið er fram á vor, því þá hafa þeir þess eingin not. Eg tel það víst, að mörgum þyki það ekki tilvinnanda, að setja geldfè á í haust og eiga það á hættu, og bæta á sig þeirri ábyrgð, að ef það lifir af veturinn,

og fer á fjöll, og kemur þar saman við ósjúkt fè úr öðrum fjórðúngum landsins, og verði þannig þess ollanda, að fjárkláðinn breiðist út, og eg verð að halda, að margir menn sè svo samvizkusamir, að þeir vilji ekki vinna slíkt fyrir fáeinar geldkindur. En það er eingin von, að þeir sjái þetta, sem halda, að kláðasýkin sè ekki smittandi, og trúa jafnvel ekki sjálfri reynslunni til þess, og ekki þó þeir svo að segja geti þreifað á því. Eg ímynda mèr því eptir öllum þessum líkum, að þó að menn væri látnir sjálfráðir, þá mundu þeir naumast vilja vinna það til, að setja fátt eitt af geldfè á í haust, til að mega borga allan þann kostnað, sem leiðir af vörðunum á fjöllunum að ári, því bæði mundu þessir menn verða fáir, og kindurnar, sem þeir setti á, ekki svo margar eða mikils virði, að það væri tilvinnanda. Sumir hafa gjört ráð fyrir, að geldfèð mundi verða heilbrigðara í haust en ærnar, en það get eg alls ekki skilið, því ærnar eru þó víða að nokkru leyti aðskildar frá öðru fè, en geldfèð geingur allt hvað innan um annað á fjöllunum, að minnsta kosti eru eingar líkur fyrir því, að þar, sem ærnar voru sjúkar í vor, geti lömbin með nokkru móti verið heilbrigð í haust; hitt er, eins og allir geta sèð, miklu líklegra, að ærnar, sem voru heilbrigðar í vor, sè það enn, þó flest geldfè, sem ósjúkt var í vor, sè nú orðið sjúkt fyrir samgaungur við veikt fè á afrèttum í sumar. Eg skal ekki fara mörgum orðum um ráðstafanir yfirvaldanna hèrna, en svo mikið veit eg þó, að eingar af þeim ráðstöfunum, sem að nafninu til hafa verið gjörðar hèr í kláðasjúku hèruðunum, til að varna útbreiðslu sýkinnar, hafa náð til þessa kjördæmis; það er nú að vísu satt, að í Reykjavíkur lögsagnarumdæmi mun ekki vera margt sauðfè, en það mun þó hafa verið hèr nokkuð til í fyrra haust, og fram eptir vetri, þó það kunni að vera farið að fækka núna, að fullt tilefni hefði verið til að láta sömu ráðstafanir gánga yfir það, og finnst mèr ekki mikið byggjanda á þeim ráðstöfunum, sem svo eru ónákvæmar, og eg gæti tínt til lángtum fleiri dæmi til að sýna, hvað ráðstafanir sumra yfirvaldanna hèr hafa verið ónógar og ónákvæmar í þessu mikilvæga málefni. Eg ætlaði að svara hinum heiðraða þíngmanni Reykvíkínga upp á það, sem hann talaði um veturgömlu gimbrarnar, en hinn heiðraði þíngmaður Snæfellínga hefir að nokkru leyti tekið af mèr það ómak, og eg vil einúngis segja nefndinni það til afbötunar, að henni datt ekki í hug, að leggja hrís á hrygg mönnum, þó þeir missti eina á úr kvíum, eins og þíngmaðurinn hefir gjört í frumvarpi sínu, ef menn missti eina geldkind til afrèttar, því það munu

flestir halda svo mikið upp á málnytuna, að þeir sleppi ekki ám upp á fjöll.

G. Einarsson: Eg hefi lítið sem ekkert talað í máli þessu; það hafa orðið nógir til þess samt. Eg bar einúngis upp varauppástúngu þá, sem hèr stendur á atkvæðaskránni undir 86. töluliö; eg gjörði það formálalaust, og þarf ekki heldur að hafa neinn eptirmála, því þíngmaður Snæfellínga hefir tekið af mèr ómak. Eg get ekki gjört að því, þó að Sunnlendíngum þyki uppástúngan nokkuð hörð ákomu; hún er þó að mínu áliti öldúngis rèttvís. Fyrst þeir vilja ala vogestinn hjá sèr, þá verða þeir að kosta upp á fullkomna tryggíngu, að hann gjöri ekki öðrum skaða. Eg hefi haft þá lifandi sannfæríngu, og hefi hana enn, að farsælastur fyrir land og lýð yrði algjörður niðurskurður hins sjúka fjár, og að þeim, sem fyrir tjóninu yrði, væri hjálpað sem fyrst aptur til að koma upp stofni. En fyrst þetta mætir þvílíkum mótspyrnum, og er talið eins konar ódæði, þá vil eg ekki þrátta um það; eg er ekki heldur sá, sem vil bera brigð á sagnir dýralæknanna, þó að mèr þyki lækníngar þeirra takast ófimlega. 2 menn frá Hjálmholti töluðu við mig fyrir fám dögum, og sögðust hafa heyrt, að það fè, sem enda væri búið að tvíbaða fyrir austan, klæjaði eins. Allir vitum við um *lambið góða,* það er nú þegar mánuður síðan farið var að lækna það, og það er eingu betra (einn þíngm.: jú; fleiri nei); það hefði þó átt að vera sannfærandi dæmi upp á lækníngu kláðans.

Eg hefi hugsað mèr skoðun nefndarinnar á uppástúngu hennar um endurgjaldið fyrir hið skorna geldfè, og ímynda mèr hana á þá leið: Við undirbúníngsumræðuna var gjört ráð fyrir, að í hinum

sýktu hèruðum væri	40,000	geldfjár;
eptir venjulegum búreglum er helftin eða . .	20,000	skurðarfè,
eptir	20,000	fjár veturg.
af þessum fjölda eru veturgamlar gimbrar ætlaðar til ásetníngs, helftin	10,000	
verða eptir veturgamlir geldíngar	10,000	
frá þeim dregst 10 af hundr. fyrir vanhöldum komanda ár, út færist	1,000	
eru eptir	9,000	veturgamalt.

Það er sennilegt, að ætla, að veturgamall sauður batni annað árið um 2 dali, verður því ársarðurinn af þessum 9000 . 18,000 rdl.

Þar frá geingur fyrir fóðri, hirðíngu m. m., að vorreifi

Flyt	18,000 rdl.

Fluttir	18,000 rdl.
ítöldu, 1 rdl. fyrir kind, eða	9,000 rdl.
verða eptir	9,000 rdl.,

sem eiga að endurgjaldast. Hvað lömbunum viðvíkur, þá mun ekki verða um mörg gimbrarlömb að tala, ef það verður samþykkt, að þau megi lifa, en hrút- og geldíngslömbin þarf að skera hvort heldur er, og slíkt er líka altíðska, þegar harðæri er. Þess ber líka að geta, að hèr er allt geldfèð, sem skylduskurður hvílir á, borgað, og mun þó margt verða af því vonarpeníngur í haust.

Brèfið það, sem lesið var hèr upp, frá hreppstjóranum að austan, hefði verið betur ólesið, en lesið, því eptir mínum skapsmunum er það fremur æsanda en spekjanda, því ekki þarf hann að hugsa, að slíkar hótanir, og enda þótt harðari væri, hræði menn eða hreki frá sannfæríngu sinni. Eg hefi góða meðvitund með mèr, að hafa jafnan gefið atkvæði í málum eptir því bezta viti, sem eg hefi á, hlutdrægnislaust, og eins mun eg gjöra í þessu.

J. Hávarðsson: Sá háttvirti *framsögumaður* finnur það að mínu breytíngaratkvæði, að það sè óákveðið, og það getur skeð, að það sè það; en eg áleit nóga tryggíngu í því, að fela yfirvaldinu það á vald, að meta það, hvað bóndinn þyrfti nauðsynlega að skera til bús síns, og hitt, sem hann væri skyldugur til að skera, og hefði eg ímyndað mèr það svipað því, hvað snertir fullorðið fè, eins og sá heiðraði þíngmaður frá Dalasýslu tók fram, en mèr þótti þetta ekki nægar skaðabætur, og hefi eg í morgun á prívatfundi, þar sem 11 þíngmenn voru saman komnir, skýrt frá því, hvar fyrir eg gat ekki geingið inn á meiníngu nefndarinnar, þó hún hallaði sèr að breytíngaratkvæði mínu, nefnilega þess vegna, að hún gjörði eingar skaðabætur fyrir hrútlömb þau, sem skera verður niður. Jafnframt því, að eg verð að lýsa því yfir, að eg verð að fylgja nefndarálitinu, hvað niðurskurðinn snertir, vildi eg stuðla til þess af öllum kröptum, að skaðabæturnar yrði sem mestar og hagfeldastar Sunnlendíngum, og þar eg sè tvísýni á því, að geingið verði inn á mitt breytíngarafkvæði, þá vil eg standa upp fyrir breytíngu nefndarinnar, sem fyr kemur til atkvæða, en mitt, til þess að heldur komist nokkrar skaðabætur að, en eingar.

G. Brandsson: Það er hvort sem er, að því er spáð, að fjárkláðinn muni verða hèr lángsamur, enda held eg, að þíngræðurnar um hann ætli að verða lángsamar. Það hefir nú verið hnjátað hitt og þetta í uppástúngur þíngmannsins úr Reykjavík, en uppástúngur

nefndarinnar hafa heldur ekki farið varhluta af því, og eg vil ætla, að hvorugar sè svo fullkomnar, að ekkert megi setja út á þær, því svo er um öll mannaverk. Eitt meðal annars er nú það, sem nefndin hefir verið að fetta fíngur út í hjá þíngmanninum úr Reykjavík, að hegníng sú, sem hann hefir ákveðið undir töluliið 39—55, og einkum 43, sè of lin, vegna þess að skaði sá, sem af því geti leitt, ef einhver sýkir annara fè af skeytíngarleysi eða ásetníngi, verði ekki metinn. Hinn háttvirti *framsögumaður* talaði um það við undirbúníngsumræðu þessa máls, og þíngmaður Eyfirðínga aptur núna; einkum tók hann til þess, að þar skyldi vera lögð við líkamleg refsíng, ef hinn seki gæti ekki goldið fjársektir þær, sem ákveðnar eru fyrir þess háttar afbrot, en má eg spyrja: með hverju öðru móti á hann að afplána þessar sektir? Hin heiðraða nefnd hefir viljað láta þetta varða frelsistjóni frá 2 til 5 ára; en ætli skaði sá, sem orðinn er, verði þar með bættur? eg held ekki. Annars munu hegníngarlög ekki gefin í þeim tilgángi, að sektir þær, sem þau ákveða fyrir ýmisleg afbrot, bæti að fullu fyrir þau, heldur mun sú vera meiníngin, að hótanir þeirra haldi mönnum frá afbrotum þeim, sem sektir þessar eru við lagðar. Ekki kalla menn þann til lífsins aptur, sem myrtur er, þó morðínginn sè drepinn, og svo er um fleira, því orð og gjörðir verða ekki aptur teknar. Annars finnst mèr nú, að nefndin hafi töluvert nálgazt uppástúngur þíngmannsins úr Reykjavík, síðan mál þetta var seinast rætt til undirbúníngs, því nú hefir hún þó stúngið upp á skaðabótum fyrir heilbrigt fè, sem drepið yrði, en áætlun hennar um upphæð þessara skaðabóta mun reynast byggð vera í lausu lopti, ekki síður en uppástúngur þær, sem hún er að reyna til að hrekja með öllu móti; svo er enda um flestar áætlanir, að þær hitta sjaldan á hið rètta; en hvað um það, þetta er þó mikil bót í máli; annars hefði eg ekki viljað öfunda neinn af því, að fylgja fram ákvörðunum hennar, því það mun verða fullörðugt samt. Sumir af nefndarmönnum hafa verið að fetta fíngur út í það, hvernig þessar uppástúngur þíngmannsins úr Reykjavík væri komnar hèr inn á þíngið, og hvernig þær stæði á atkvæðaskránni, en slík aðfindni geingur nú mest yfir á hinn háttvirta *forseta,* og vona eg hann geti forsvarað gjörðir sínar í þessu, sem öðru; annars geta allir sèð, að þessar uppástúngur eru ekki annað en breytíngar breytíngaratkvæða þeirra, sem nefndin hafði gjört við frumvarp amtmannanna; þetta er nú ekki svo óheyrð venja, að menn þurfi að furða sig yfir því; allir muna, hvernig gekk til með kosníngarlögin til þjóðfundarins,

sem rædd voru hèr á þíngi 1849; þegar þíngið var búið að samþykkja frumvarp til þessara laga, sem það hafði sjálft búið til, þá kom frumvarp frá stjórninni, sem stefndi talsvert í aðra átt, bæði um aðferð kosninganna og þíngmannatöluna, en samt urðu eingin vandræði úr þessu, og man eg ekki betur, en að hinn heiðraði *framsögumaður* geingi bezt fram með breytíngaratkvæðum sínum, að koma öllu þessu vel heim, og mun honum ekki hafa farið aptur síðan. Bæði hann og þíngmaður Snæfellínga hafa nú nokkuð ráng-fært það, sem hinn fyrsti og annar konúngkjörni þíngmaður sögðu áðan í tilliti til niðurskurðarins; þeir töluðu aldrei um, að drepa allt sjúkt og grunað fè, því þeir hèldu sèr til uppástúngna þíngmannsins úr Reykjavík, sem hvergi nefnir þetta, heldur einúngis að lækna eða skera þær kláðasjúku sauðkindur, og þó fresturinn, sem til er tekinn frá rèttum til veturnótta, kunni að þykja stuttur í tilliti til lækninganna, þá er þetta einmitt aðhald fyrir þá, sem lækna vilja, að slá ekki slöku við þær tilraunir; eg þykist líka viss um, og það af nokkurri reynslu, að frestur þessi er nógu lángur við allar þær kindur, sem bærilegar eru, þó nokkuð sè kláðugar; hinar lökustu munu menn leggja frá óskipað. Eg held nú, að sögur þær, er þíngmaður Eyfirðínga sagði frá Mýdal síðan í fyrra sumar, sè nú farnar að verða nokkuð úr sèr geingnar; þar er orðin mikil breytíng síðan; fèð er þar miklu færra og líklega í betri hirðíngu, og svo er víða annarstaðar; það stendur því töluvert öðruvísi á núna, en í fyrra sumar; þá var kláðinn í byrjun sinni; menn vissu ekki, hverja stefnu hann mundi taka, eða hversu saknæmur hann gæti orðið; ráðstafanirnar móti útbreiðslu hans voru bæði seinar og ónógar, og um lækníngatilraunirnar mátti segja hið sama; nú hefi eg von um, að betur takist til, því nú er skorizt í málið með meiri alvöru, en þá var gjört, og eg hefi talsverða reynslu fyrir mèr um árángur lækníngatilrauna þeirra, sem ýmsir menn hafa gjört, og hefir að góðu orðið; þess vegna vil eg menn gángi áfram í máli þessu, en ekki aptur á bak, eða einblíni á tímabilið frá 1761 til 1779. Eg hefi vogað hèr inn á atkvæðaskrána nokkrum breytíngaratkvæðum; hið fyrsta þeirra er nú í raun rèttri ekki mitt verk, heldur þeirra, sem sömdu og sendu bænarskrár þær híngað til þíngsins, sem búnar eru að liggja hjá nefndinni í heilan mánuð, og henni má því vera kunnugt um; allar þessar bænarskrár taka það fram sem aðalskilyrði fyrir niðurskurðinum, að kláðalaust sè í hinum ömtunum; eg veit heldur ekki, hvað þessi niðurskurður ætti að þýða, ef

svo væri ekki; verið getur eg hefði átt að telja Skaptafells- og Rángárvallasýslur þar með sem ósýktar, en það er þá hægt, að koma þeim þar inn undir seinna, ef menn svo vilja. Menn munu spyrja, hvernig eigi að fá þessa vissu úr hinum ömtunum, en eg held nú að það sè ekki ómögulegt, annaðhvort með því, að láta dýralæknana rannsaka heilbrigðisástand fjárins þar, sjálfsagt í þeim sýslunum, sem liggja næst hinum sýktu í suðuramtinu, því í öllum geta þeir það ekki, áður en niðurskurðurinn ætti að byrja, eða þá með því, að láta læknana í hinum ömtunum gefa áreiðanlegar skýrslur um þetta, því eg er ekki eins tortrygginn, og þíngmaður Dalasýslu í varauppástúngu sinni undir tölulið 86, sem þíngmaður Snæfellínga breiddi svo fagurlega faðminn á móti, um leið og hann settist niður með þá góðu samvizku, sem hann var að tala um; annars er uppástúnga þessi mjög merkileg, því eptir henni að dæma, þá ætti eingum, hvorki yfirboðnum nè undirgefnum í suðuramtinu að vera trúanda, en það er gamall málsháttur, að einginn ætli það öðrum, sem hann hafi ekki nokkuð af sjálfur. Þá er nú breytíngaratkvæði mitt undir tölulið 10; eptir því held eg hættulaust að setja á öll heilbrigð haustlömb í Gullbríngu- og Kjósarsýslum; það vita nú allir, að sýslur þessar liggja lángt frá hinum ósýktu, þar sem Árnessýsla er á annan veg við þær, en Borgarfjarðarsýsla á hinn veginn, svo það eru mjög lítil líkindi til, að lömb fari að slángra yfir í sýslur þær, sem liggja svo fjærri, fyrir utan það, að flestir munu halda lömbum sínum heima að vetrinum til. Eg sè líka, að neíndin hefir geingið inn á viðaukaatkvæði þíngmannsins úr Borgarfjarðarsýslu um ásetníngu gimbrarlambanna, og það í öllum sýktu sýslunum, og þá sè eg ekki, hvað á móti því getur verið, að aðhyllast þetta. Um breytíngaratkvæði mitt undir tölulið 13 skal eg vera því fáorðari, sem eg í því tilliti get skýrskotað til þess, er eg nú hefi sagt; reyndar þori eg ekki eins að fortaka, að fullorðið fè geti slángrað í ósýktar sýslur, eins og lömbin, þó eru mjög lítil líkindi til þess núna næsta vetur, því eg gjöri ráð fyrir, að menn haldi öllu fè sínu í strángari vöktun, en verið hefir. Þá er að minnast á varauppástúngu mína undir tölulið 14, sem fer fram á það, að einginn niðurskurður á heilbrigðu sauðfè verði ákveðinn í Grindavíkur-, Hafna-, Rosmhvalaness- og Strandarhreppum innan Gullbríngusýslu, nè heldur í Akraness-, Skilmanna-, Mela- og Leirárhreppum í Borgarfjarðarsýslu. Um hreppana í Borgarfjarðarsýslu er eg ekki einn til frásagna, því bæði þíngmaðurinn þaðan, og þíngmaður Mýrasýslu hafa sagt mèr,

að þeir væri svo afskekktir, að hægt væri að verja allri samgaungu fjárins þaðan við aðra hreppa sýslunnar, og þá held eg þurfi varla að óttast fyrir, að fèð úr þeim hlaupi vestur yfir Hvítá vetrarlángt, enda var það auðheyrt áðan á ræðu þíngmannsins úr Mýrasýslu, að hann óttaðist það ekki, svo eg sè ekki, hvað á móti því er, að hlífa heilbrigðu fè þar við niðurskurði, þess heldur sem þar hefir lítið eða ekkert borið á kláðanum híngað til. Um hreppana í Gullbríngusýslu, sem eg nefndi áðan, er nú sama að segja; þeir liggja leingst allra hreppa frá takmörkum hinna sýktu og ósýktu sýslna; í sumum þeirra hefir lítið eða ekkert borið á kláðanum, og í sumum virðist hann að mestu leyti læknaður; skyldi nú þurfa að óttast nokkrar samgaungur milli fjárins úr þessum hreppum, og fjár annara hreppa, þá er það mest í Gullbríngusýslu sjálfri, og ef út af því bæri, þá í Árnessýslu, eða næstu hreppum hennar, til að mynda í Ölfus- eða Selvogshreppi, og ef nokkur skaði að því yrði, sem eg varla get ímyndað mèr, þá kæmi hann niður á Gullbríngu-, en ekki Árnessýslu; en varla mun þurfa að óttast fyrir, að fè sunnan úr Grindavík, eða þeim hreppum, sem eru enn nú fjær Rángárvallasýslu, fari þángað, austur yfir tvær sundár, og það um hávetur. Eg vildi nú annars mikillega óska, að kláðinn væri hvergi, nema í þeim 4 sýslum, sem sýktar eru kallaðar, en mèr er það nú nokkuð vafasamt, hvort svo er, að minnsta kosti heyrast margar sögur um það. Skýrsla læknis J. Skaptasonar sýnir það, að kláðinn hefir verið fyrir norðan á næstliðnum vetri; líka hefi eg sèð brèf, hvar í getið er um kláða í Múlasýslunum í fyrra haust, og honum lýst með einhverjum þeim verstu einkennum, sem kláðinn hèrna hefir. Söguna úr Barðastrandarsýslu, sem hèrna kom um daginn með manni þaðan, þekkjum vèr allir, þó sumir segi, að kláði sá, sem þá var þaðan sagður, sè nú horfinn; svo var líka með kláðann hèr syðra sumstaðar í fyrra haust, að lítið bar á honum í byrjun sinni, en hann þróaðist, þegar fram á veturinn kom, og líkt gæti víðar að borið. Einkenni hins saknæma og ósaknæma kláða, sem kallaður hefir verið, held eg liggi mjög nærri hvort öðru, svo þar sè ekki gott að finna bilið á milli, nema eptir því, sem tíð og reynsla leiðir það í ljós; þess vegna verð eg að vera fastur á því, sem eg áðan tók fram, að einginn niðurskurður verði hèr fyrir skipaður, fyr en feingin er áreiðanleg vissa um heilbrigði fjárins annarstaðar, þar sem nú er látið heita svo að það sè ósjúkt.

M. Andrèsson: Ekki þarf eg að standa upp til að mæla fyrir

breytíngaratkvæðum mínum í þessu máli, því þau eru alls eingin, og mun það í sumra manna augum virðast óforsvaranlegt umhyggju- og ræktarleysi frá minni hálfu, í tilliti til þess kjördæmis, sem eg er frá, að eg hefi ekki, eins og hinir piltarnir, reynt til, að út víkka frelsi manna í því, að setja lömb og geldfè á vetur, sem sumum þykir takmarkað um of. Af skjali því, sem nýlega var lesið, má það virðast ljóst, hvað sá maður, sem það hefir ritað, mundi hafa gjört, hefði hann setið í mínu sæti. En þó eg eigi ekkert breytíngaratkvæði á þeirri prentuðu atkvæðaskrá, er hèr liggur fyrir, þá hefi eg þó gjört breytíngaratkvæði við minn eiginn þánka, því eins og þíngmönnum er ljóst, hefði eg viljað fyrirkjósa, að algjörlegur niðurskurður færi fram á komanda hausti og vetri, í hið minnsta í nokkrum hluta hinna sýktu hèraða, ef allt reyndist ósjúkt í hinum hèruðunum, en þegar eg sá, að þetta gat eingan veginn haft framgáng í þínginu vegna ofurkapps þeirra manna, sem eingan niðurskurð vilja hafa, þá fór eg að sannfærast um það í þánka mínum, að hèr ætti að miðla málum á báðar síður, og láta svo reynsluna á eptir sýna, hverjir rèttast hefði að mæla, en það getur hún ekki, nema nokkur fjárstofn sè látinn lifa næsta ár, en þótt það verði til að tvöfalda tjónið fyrir þeim, sem nú þegar eru búnir að missa gjörvallt fè sitt, og hljóta svo að verða sauðlausir, í hið minnsta 2 ár, vegna hins veika fjár, sem við haldið er á sumum bæjum. Mig stansar á því, hvað maður sá, sem brèfið ritaði, er eg minntist á, er nú fastur á því, að við halda geldfè; þánki hans var allt öðruvísi á næstliðnu vori; það var mèr kunnugra en mörgum öðrum, en hann hefir feingið mikil sinnaskipti, og þau jafnvel aukizt töluvert við hans laungu dvöl hèr í Reykjavík nú á þíngtímanum. Hreppur sá, sem hann er að mæla fyrir, er þó eingin sauðasveit, margur líka þar búinn að missa mikið af fè sínu; eg held þeir í Hraungerðishrepp, mætti þakka fyrir, gæti þeir haldið þeim ærstofni, sem leyft er eptir nefndaruppástúngunum að setja á vetur, og ef svo tækist vel til, að þær ær yrði heilbrigðar, þá væri fjáreignin ekki leingi að komast í lag aptur. Eg hefi lifað nokkur þau ár, að öll lömb hafa verið skorin, og hefir það verið lítill hnekkir á bústofni manna, eins og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* tók fram, hafi gott ár komið á eptir. En þótt hreppstjóranum í nýnefndum hrepp sè fært með hans kríngumstæðum og þeim krapti og fylgi, sem hann hefir umfram flesta aðra, að hirða og má ske lækna fleira fè, en upp á er stúngið, þá þarf hvorki hann, nè aðrir, að ætla sèr, að mæla aðra

móti honum, en honum sjálfum til huggunar vil eg geta þess, að eg má ske gef atkvæði mitt fyrir 7. töluliö á atkvæðaskránni, og feingi það breytíngaratkvæði framgáng, þá rýmkaðist um ærtöluna fyrir þeim, sem nógan hafa kraptinn. Geldfjárviðhaldinu get eg ekki verið meðmæltur, og það einkum vegna þess, að eg held við Sunnlendíngar búum næsta illa í hag fyrir okkur, ef við höldum áfram með það, að ógna Norðlendíngum með okkar vondu kláðasýki, en það gjörum við svo leingi sem við sleppum fè á afrètti, meðan veikinni ekki er alveg út rýmt hjá okkur; og eg óttast fyrir, að við töpum nokkru af þeim góðvilja Norðanmanna með þessum drætti á niðurskurðinum, sem þeir annars hefði auðsýnt okkur, og sem eg vona þeir sýni okkur, ef drottinn verndar þá frá þessum eyðileggjara landsins velfarnanar. Af þessum orðum mínum er það ljóst, að eg mun halla mèr að uppástúngum nefndarinnar, og því ætla eg ekkert að tala um uppástúngur, frumvarp, eða hvað það á að heita, þíngmannsins frá Reykjavík, sem hèr er hrært saman við nefndaruppástúngurnar á atkvæðaskránni. Eg get ekki annað, en lýst ánægju minni yfir því, hvað hinni fjölmennu nefnd í þessu kláðamáli tókst að koma sèr saman og varð öll á einu máli, áður en störfum hennar var lokið, því ekki munu þeir menn hafa allir haft sömu meiníngu, þegar þeir fyrst geingu að ætlunarverki sínu; mèr virðist því að þíngmenn ætti að breyta eptir þeirra dæmi, og þræða þann meðalveg í máli þessu, sem nefndin hefir farið

Það hefir mikil óheppni fylgt þessu fjárkláðatilfelli frá byrjun þess, en „leingi býr að fyrstu gjörð“. Það var ekki lítið óhapp, að þegar kláðinn var nýkominn að Mýdal, og svo þar eptir að Bytru, að sá maður, sem í læknislegu tilliti fyrst fór að skipta sèr af honum, sagði þá, að hèr væri ekki mikil hætta á ferðum, þetta væri eingin næm veiki, og hægt væri að taka fyrir hana, þetta hefir komið af þekkíngarskorti, en hvernig fór? Ekki var tekið fyrir hana, og hefði það þó auðvelt verið, að kyrkja þenna vogest í fæðíngunni. Eg veit vel og játa fúslega, að þeir menn, sem hafa þá meiníngu, að allan kláðann megi auðveldlega lækna, og stríða af alefli móti niðurskurði, þeir gjöra þetta ekki af því, að þá skorti föðurlandsælsku, nei! þeir elska fósturjörð sína fullt svo vel, sem eg og hver annar; en eg get ekki staðið af mèr, að segja það, sem mèr býr innanbrjósts: „þeir vita ekki, hvað þeir gjöra“. Þetta eru sjálfsagt þau seinustu orð, sem eg tala á æfi minni í þessum sal þíngmálefnum viðkomandi, og ætla eg þá að enda þau með þeirri hjartansósk

minni, að þessi voðalega plága, sem nú geisar yfir landið, verði að minna tjóni, en á mig bítur, og að oss auðnast mætti sem fyrst með heillavænlegum ráðum, hverju nafni sem heita, að hindra hennar frekari útbreiðslu, og burt rýma henni frá voru kæra föðurlandi.

P. Sigurðsson: Eg ætla nú enn að láta álit mitt í ljósi, til að sýna, hvort eg hefi nokkuð breytt áliti mínu síðan við undirbúníngsumræðuna, og er það ekki; eg lýsti því þá, að eg áliti öllum landsbúum hættuminnst algjörðan niðurskurð strax í haust í þeim veiku hèruðum, þegar vissa væri feingin, að sýkin ekki væri í hinum, og það álít eg enn. Sá háttvirti *konúngsfulltrúi* tók fram í síðari ræðu sinni, að hann myndi ekki, að nokkur þíngmanna hefði tekið fram, að fyrir þann algjörða niðurskurð í fyrri kláðasýkinni mundi landið hafa frelsazt frá því, að pest þessi yrði innlendur sjúkdómur, en eg vil geta þess, að eg tók þetta atriði fram við undirbúníngsumræðuna, og gleður það mig, að sá háttvirti *konúngsfulltrúi* hefir hèr um sömu meiníngu. Eg sagði við undirbúníngsumræðuna, að eg hefði álitið hollast, að leggja til grundvallar frumvarp amtmannanna fyrir vestan og norðan með litlum breytíngum, en þegar það varð ekki einasta lagt til undirstöðu, þá gat eg ekki borið þær breytíngar upp við það, sem mèr höfðu í hug dottið, en þó vil eg nú skýra frá þeim, þó eg viti þær geti nú ekkert verkað á mál þetta, eins og það er nú komið. Frumvarpið ákvað almennan niðurskurð í haust í þeim sýktu hèruðum, og því var eg samþykkur, en þar sem ákveðið var, að aptur skyldi aðrir landsbúar selja þángað svo mikinn ærstofn, að svaraði helmíng við þá tölu, sem þar var talin fram, þá ætlaði eg að stínga þar upp á lítilli breytíngu, þeirri, að helmíngur af þeim ærstofni, sem frumvarpið til tók, væri gefin þeim hèruðum, sem hlutu að gjöreyða fènu, eins og nokkurs konar skyldu-, og undir eins þakklætisskatt fyrir það, þeir hefði sýnt þetta dreinglyndi, að gjöra sèr sjálfum algjört fjártjón, til að reyna að frelsa með því aptur bæði sig og aðra; en hinn helmínginn vildi eg að sönnu fyrir leggja að selja, en ákveða ekkert verð, því svo eru Íslendíngar veglyndir, að undir þeim kríngumstæðum mundu fáir þeir okrarar hittast, í hið minnsta mannorðs síns vegna, sem seldi nauðstöddum mönnum, er fellt hefði fè sitt fyrir velferð föðurlandsins, lángt yfir verðlagið, en allur þorri manna með miklu billegra verði. Það hefir verið sagt, að allt fè í þessum 4 sýslum sè um 45,000; þar af gizka eg á nærri helmíng ærfè, sem væri 22,000,

þar af helmíngur 11,000, og ætti þetta þá hèr um bil að vera ærtala sú, sem frumvarpið til tók að seljast skyldi; þar af helmíngur væri 5500; væri nú hver virt 3 rdl., þá feingi hèruð þessi strax í undirstöðustofn in natura 16,500 rdl; hèr við hefði innbúar þeirra fjárlausu hèraða fyrir utan verð það, sem kom af því niðurskorna fè, átt óeytt verð þeirra meðala, sem allar þessar góðu lækníngatilraunir kostuðu, og losazt við alla þá mæðu og fyrirhöfn, er þetta hefir í för með sèr, heyfaung þau óeydd, er því sjúka fè var ætlað, og allur kostnaður þeirra híngað sendu dýralækna sparaður, og mátti verja nokkru af þeim kostnaði til þeirra, er niður höfðu skorið, til nýrra fjárkaupa. Að þessi ráðstöfun hefði orðið sú hollasta, hefði henni orðið framgeingt, er að vísu ekki annað, en spádómur mín eins, og gæti hann auðveldlega brugðizt, en tíðin er það, sem leysir úr því, og því gildir mig einu, þó þetta komi fram á skoðunarplássið undir dóm þjóðarinnar. Síðan eg fór að veita athuga upptökum og útbreiðslu bráðasýkinnar hjá oss, sem nú er komin víða um landið, þá hefi eg komizt á þá skoðun, að hana hefði líka mátt drepa í fæðíngunni, hefði það verið reynt; pest þessi kom fyrst upp haustið eptir eldgos Eyjafjallajökulsins 1821, og bar fyrst á henni í sveitunum kríng um jökulinn, en ekki í ytra hluta sýslunnar næstu árin, svo fór hún að læðast út, fyrst smámsaman yfir alla sýsluna, og síðan út úr henni til fjærliggjandi hèraða, og nú vita menn, hversu mjög hún er orðin útdreifð, og hvern usla hún hefir gjört; hefði það verið reynt, að skera allt strax niður þegar í þeim sveitum, þar sem hún byrjaði, þá er það mín skoðun, að hana hefði mátt stansa. Eg ætla hèr ekki að dæma neitt um eðli veiki þessarar, því eg er ekki læknir; en ekki er ólíklegt, að efni hennar hafi komið af óhollustu eldgossins, og veikt fyrst fjárstofn þann, er næstur var, og síðan smámsaman smittað kynferðið út frá sèr við allar samgaungur; sýki þessi er nú búin að vara yfir 30 ár, og þrátt fyrir ýmsar tilraunir með lækníngar hefir hún samt út breiðzt, og er þetta sagt þeim til hugvekju, sem treysta upp á það, að kláðapest þessari verði útrýmt með tómum lækníngum. Eg hefi allt af ætlað mèr að fylgjast að með nefndinni, en nú er hún orðin svo tilslökunarsöm, að eg er nærri farin að efa mig með það, og er það atriðið um endurgjald þess niðurskorna fjár, eins og málið nú stendur, því mèr þykir nú nokkuð dýrkeypt fyrir aðra landsmenn, að skyldast til, að borga niðurskurðinn, og skyldast til á sínum tíma, að selja nokkurn ærstofn, meðan þeir hins vegar eru þó ekki óttalausir fyrir illum afleiðíngum

af því sjúka fè, sem úrskurða á til lífsins, þó reyna eigi að setja hættunni skorður; eg vil líka geta þess, að þrátt fyrir hið harðorða brèf, er *forseti* las upp áðan frá manninum í Árnesþíngi, þá veit eg líka, að margir merkir menn þar álíta nú hollastan almennan niðurskurð; eg vil líka segja þínginu það, og eins manni þeim, sem brèfið var frá, fyrst hann heyrir mál mitt, að eg fyrir það, þó eg heyrði þetta brèf, breyti ekki skoðun minni á þessu máli um þverfótarbreidd, en eg vil segja honum það, að bæði hann og þeir, sem hans skoðun aðhyllast, taka sèr stóra ábyrgð á herðar, með að hrópa fram lífið á þessu sýkta fè í þeirri stopulu von, að allt verði gjört gott með læknínguin, og mega þeir hafa sterka byggíngu, er staðizt gæti þau samvizkuslög, er hún yrði að veita, ef öðruvísi færi, en þeir vona, jafnvel þó eg verði að virða mjög mikils fylgi og þreklyndi mannsins með að fram fylgja skoðun sinni á máli þessu, þó hún fari í gagnstæða stefnu við mína.

Á. Einarsson: Eg verð líklega líka að vinna torfalögin, eins og aðrir, og standa upp og tala í máli þessu. Sumum hèr á þíngi hefir þótt það undarlegt, að *forseti* skuli hafa borið fram á þínginu brèf frá prívatmanni, og jafnvel líka hitt, að hann hefir sett uppástúngur þíngmanns Reykjavíkur á atkvæðaskrána sem breytíngaratkvæði, en eg fyrir mitt leyti get ekki verið á máli þessara manna, því mèr þykir það miklu fremur gleðilegt, að þetta hefir verið gjört, því meðan ekki hefir verið farið út fyrir rèttar reglur, lýsir þetta einúngis frjálslyndi *forseta,* og umhyggju hans fyrir því, að málið geti orðið rætt sem mest til hlítar. Það er vænt, að þjóðin og þíngið hafi sem mestan áhuga á málum þeim, sem það hefir til meðferðar, einúngis ef menn við hafa stillíng, rèttsýni og sannsögli.

Það er einkum tvennt í brèfi þessu, er eg skal leyfa mèr að fara fáeinum orðum um, og vona eg hinn háttvirti *forseti* gjöri svo vel, að leiðrètta mig, ef eg ekki hermi rètt, það sem mèr skildist að væri innihald brèfsins. Það er þá fyrst, að mig minnir, að þar standi, að kosti höfundarins og hreppsbúa hans sè þúnglega misboðið, og það mestmegnis af tillögum og atkvæði manna, sem væri úr þeim hèruðum landsins, til hverra niðurskurðurinn ekki næði; en þó hann má ske geti álitið menn úr hinum fjórðúngunum annaðhvort svo sèrplægna, eður þá svo vitlausa (*Forseti:* Þessi orðatiltæki virðast mèr hvorki vera þörf, nè heldur eiga við hèr), til þess þá að brúka sem varlegust orð: þó hann áliti, að mennirnir úr hinum fjórðúngunum ekki að öllu leyti geti skoðað mál þetta óvilhallt, getur

hann þó ekki álitið þetta um þíngmennina einmitt úr þeim sýslum, hvar niðurskurðurinn á fram að fara, og 4 menn úr suðurumdæminu voru í nefndinni, og nokkrir þíngmenn úr suðurumdæminu mæla með nefndarálitinu, fyrir utan svo marga utanþíngs, sem hafa látið í ljósi meiníngu sína, sem er nefndinni samdóma, þetta líkar mèr ekki í brèfinu. Að öðru leyti virðist mèr hann hafa hótað, að gjöra allar þær mótspyrnur, er hann löglega gæti, móti framkvæmd þessa máls, „með öllum þeim meðölum, er löglega verða í hans valdi". Ef hótun þessi ekki geingur leingra, en rètt og löglegt er, er þetta í sjálfu sèr eðlilegt og rètt, og það er gott, að stjórnin getur sèð, að hèr eru ekki eintómar huglausar gúngur, og að maður sá, sem hún hefir sæmt með heiðursteikni, hefir dug í sèr að standa á rètti sínum. En aðgætanda er, að það er kann ske annað, að meðöl eru löglega komin í manns hendur, en að brúka þau löglega og rètt; en hvernig sem þetta á að skiljast, má ætla, að stjórnin geti framkvæmt skipanir sínar í því, er hún fellst á, ef hún leyfir þeim, er framkvæma skal, að brúka til þess *öll náttúruöfl*, en óskanda væri, að ekki þyrfti til slíks að taka. Þar eð eg álít það gagnlegt, að stjórnin hafi sem flestar uppástúngur að styðjast við, vildi eg óska, að einnig yrði send varauppástúnga þíngmanns Dalasýslu, hvernig svo sem fer með uppástúngur þíngmanns Reykjavíkur, og það því fremur, sem varauppástúnga þíngmanns Dalasýslu, að því sem eg bezt veit, fer fram á það, sem vanalegt er annarstaðar, þegar líkt stendur á, því í uppástúngunni liggur það, sem við geingst í Danmörku, að hver kosti vöktun á fè sínu, er sjúkt er, og það endurgjaldslaust. Breytíngaratkvæði þíngmanns Gullbríngusýslu get eg ekki fallizt á, þó það reyndar megi vera þeim bezt kunnugt, sem þekkja landslagið betur; en eg verð að óttast, að fèð þó geti strokið hèðan, ef einhver kind kynni að flytjast frá þeim bæjum, sem væri utan þessara takmarka. Þíngmaðurinn bar mèr það, að eg með umræðum mínum ekki hefði viljað spilla fyrir því, að menn kæmi sèr saman í þessu máli; það sama get eg borið honum, enda vona eg, að allir þíngmenn vilji mikið vinna til sætta. Menn þurfa ekki að kalla það tortryggni við Sunnlendínga, þó menn vilji, að vel sè gætt að vörðum þeim, sem settir yrði samkvæmt varauppástúngu þíngmannsins frá Dalasýslu, því menn hafa fyrir sèr reynsluna, hvað þessu viðvíkur, og þurfa menn ekki annað, en gá að því, hversu erfitt mönnum hefir tekizt að halda kindum sínum frá, að fara vestur yfir Hvítá í opinn dauðann. Þíngmaður Gullbríngusýslu segir, að fèð sè farið að fækka,

og því muni hægra að koma við læknatilraununum, án þess að fækka því mjög, en fèð var þó ekki mjög fátt, þegar þíngmaður Reykjavíkur var að reikna skaðabæturnar. Mèr þykir það mikilsvert, er hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* gat um eptir dýralæknum, sem kunnugir eru erlendis, að kláðasýki þessi kæmi upp aptur í Noregi eptir 20 ár eða þar um bil, þó hún yrði læknuð með laungum tíma. Eg skal nú ekki orðleingja þetta meir, en þar eð þetta verða hin seinustu orð, er eg tala hèr á þíngi, í öllu falli í þetta sinn, vil eg að endíngu geta þess, að hafi svo óheppilega til tekizt, að eg hafi órèttilega geingið of nærri virðíngu einhverra með orðum mínum, vona eg, að allir taki mig trúanlegan til þess, að eg ekki hefi gjört það af ásetníngi.

V. Oddsen: Eg álít skyldu mína, að svara hinum heiðraða þíngmanni úr Gullbríngusýslu, þar sem hann talar um, að kláði hafi verið á Seyðisfirði í fyrra haust, og færir hann það sem ástæðu fyrir því, að það sè satt, að hann hafi sjálfur lesið það úr brèfi, sem eg ætla að muni hafa verið frá skipherra nokkrum Olsen, sem híngað kom í vor. Það mun víst öllum þíngmönnum hafa verið kunnugt þetta brèf, jafnvel þó einginn þíngmanna hafi hreift því, þar þeim mun hafa þótt sögu Olsens nógsamlega hrundið af þíngmanninum úr Suður-Múlasýslu og mèr, en sem ekki hefir verið nægilegt fyrir hann. Þíngmaður þessi er annars illa farinn, ef hann trúir öllu, sem honum tekst að lesa, og mikið ver, en þó hann hefði aldrei lært það.

Framsögumaður: Eg mundi ekki hafa tekið optar til máls, ef hinn heiðraði þíngmaður Reykjavíkur ekki skoraði á mig, að segja sèr, hvaðan ýmsan kostnað skyldi taka, ef geldfènu vær slátrað niður. Eg ætla nú að vísu ekki að leysa úr þessari spurníngu með öðru en því, að þetta málefni hefir aldrei verið feingið nefndinni í hendur, og því hefir ekki verið tilefni fyrir hana, að rannsaka það. Það er að vísu satt, að gjaldstofnarnir minnka, en þó eru ærnar eptir, og þá er ekki líklegt, að það líði lángt um, þángað til menn verða aptur færir um, að greiða gjöld sín, og hvað alþíngiskostnaðinn snertir, þá getur hann lagzt þeim mun þýngra á hin ömtin. En viðvíkjandi jafnaðarsjóðnum, þá hefir hinn háttvirti þíngmaður ekki verið sjálfur svo hlífðarsamur við hann, þar sem hann vill láta borga úr honum hreppanefndum sínum og endurgjalda skaða þann, sem eigendur líða við skurð á fè sínu, og skyldi nú þetta allt verða goldið úr honum, er eg hræddur um, að hann verði orðinn lítill um sumarmál. Eg skil nú ekki, hvers vegna þíngmenn geti

nú ekki sætt sig við nefndarálitið, því þegar nefndin hefir fallizt á, að taka ákvörðunina um skaðabæturnar, þó fer það í sömu stefnu, sem varauppástúnga stiptamtmannsins, nema hvað hann vill láta eingaungu skera á takmörkunum, en það virðist nú sem stiptamtmaðurinn hafi nokkuð breytt skoðun sinni síðan. Það skil eg ekki, sem hinn háttvirti þíngmaður spáði, að framkvæmdir á ályktunum þíngsins mundu sæta svo miklum mótgángi, ef nefndarálitið yrði samþykkt hèr á þínginu, því nú held eg sè ómögulegt að segja, að það sè miklir örðugleikar á framkvæmdunum, síðan nefndin hefir fallizt á skaðabæturnar, sem að nefndin hefir að minni meiníngu fullkomlega ákveðið ríflegar, því í Danmörku og Noregi mun ekki vera borgað meir en $^2/_3$ verðs fyrir sjúkt fè, sem skorið er niður. Viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu sagði, þá er það satt, að nefndin hefir gjört sèr meira far um að varna útbreiðslu kláðans, heldur en að lækna hann, og því hefir hún lagt stórsektir við, ef út af væri breytt, en hjá hinum heiðraða þíngmanni Reykjavíkur get eg ekki sèð neina nægilega tryggíngu fyrir útbreiðslu kláðans.

Jón Guðmundsson: Það hafa nú 2 af hinum háttvirtu konúngkjörnu þíngmönnum bætzt við, til að styrkja uppástúngur varaþíngmannsins úr Reykjavík; og að vísu er búið að svara mörgu af því, er þeir hafa sagt, en þó ekki öllu, og því skal eg leyfa mèr, að fara um það nokkrum orðum. Hinn háttvirti fyrsti konúngkjörni þíngmaður aðhylltist uppástúngurnar, af því hann áleit, að ekki væri um að ræða nema 2 aðalstefnur í þessu máli, en bæði hann og aðrir, sem þíngmanninum eru samdóma, gefa sèr það, að það sè eins hægt, að aðskilja, og halda aðskildu sjúka fènu frá hinu ósjúka, hvað margt sem það er, sem ósjúkt er kallað, eins og að skera kindina, en það álít eg ómögulegt, því þó að varaþíngmaðurinn hafi viljað sýna fram á, að hreppanefndir hans eigi að rannsaka allt fè, fyrst á meðan undirbúníngsumræðan stóð yfir, í hverjum mánuði, nú aptur, eptir því sem hann er búinn að breyta í hendi sèr 6. uppástúngugrein sinni (á atkvæðaskránni tölul. 30), að minnsta kosti í öðrum hvorum mánuði, og að þessar nefndir skipi fyrir um aðskilnað á heilbrigðu og sjúku fè, o. s. frv., þá er og verður þetta eintómur hugarburður, sem ómögulegt er að hafa fram í verkinu, og vil eg um þetta skýrskota til þess, sem hèr hefir verið lesið upp úr stiptamtsbrèfinu frá í desbr. 1856; eg hefi sjálfur sèð það brèf, að af 1000 fjár, sem var í Mýdal, fundust einar 20 kindur kláða-

sjúkar í fyrra haust; stiptamtmaður hafði áður skrifað 2 brèf um að aðskilja allt sjúkt fè frá heilbrigðu, og hafa hvort um sig sèr í lagi, en samt varð það ógjört, að aðskilja þetta fáa fè í Mýdal frá öllu hinu, sem heilbrigt var kallað; þegar ekkert ráð var til, að aðskilja þessar 20 kindur — því um jólaleytið var meiri hluti þess fjár, sem bóndinn í Mýdal setti á, eg ætla hátt á 2. hundr., orðið kláðaveikt, — hvaða úrræði halda menn þá verði til þess, að aðskilja og halda aðskildu sjúku fè frá heilbrigðu í heilum 3 sýslum? eg segi það enn, þetta er ekki nema eintómur hugarburður; þessi hugsun um aðskilnað fjárins, hún er ekki nóg; menn verða vel að gá að því; stiptamtmaðurinn skipaði það með almennu umburðarbrèfi strax í nóvember í fyrra haust, en hver hefir orðið árángurinn? alls einginn, því hèr var það skipað, sem ómögulegt var og er að fram fylgja, eptir því sem hèr stendur á. Eg man ekki betur, en hinn háttvirti annar konúngkjörni þíngmaður segði á þá leið, að alþíng mætti vara sig á, að fallast á þær ályktanir, sem menn vissi fyrirfram að yfirvaldinu væri nauðugt að fram fylgja, eða mundi fram fylgja móti geði sínu, og undirmennirnir hlýðnast með ógeði, enda þótt stjórnin veitti þeim ákvörðunum samþykki sitt. Stiptamtmaðurinn var í fyrra vetur öldúngis óbundinn bæði við ákvarðanir frá alþíngi og öðrum, þá var og ekki hinn heiðrаði varaþíngmaður Reykjavíkur búinn að fæða þessar uppástúngur; stjórnin hafði sjálf ekki fyrirskrifað neinar reglur eða ráðstafanir; stiptamtmaðurinn gat því í allan fyrra vetur fyrirskipað hverja þá ráðstöfun, sem honum geðjaðist bezt, og hann sá fært að framfylgja; en eg held, að árángurinn af þeim ráðstöfunum sýni sig bezt sjálfur; það er búið að skýra ljóslega frá þeim hèr í salnum, og hvað þær hafa haft upp á sig, og eg gæti bætt ýmsum upplýsíngum við til sannindamerkis, ef eg vildi; en nefndin hefir í rauninni ekki stúngið upp á öðru, en því, sem stiptamtmaðurinn sjálfur skipaði í fyrra framan af vetrinum, því hann skipaði niðurskurð eptir tilsk. 1772. Eg vil líka vekja athygli að því, að hinir sömu þíngmenn, sem fylgja varaþíngmanninum í Reykjavík, hafa líka gjört ráð fyrir því, að kláðinn væri bæði fyrir norðan og vestan, en sè hann nú þar, þá held eg ekki sè ráð að binda sig við stiptamtmanninn einan, hvað framkvæmdirnar snertir, heldur líka við hina amtmennina; eg held t. d. það sè óhætt, að gjöra við því, að helmíngur alls fjár í landinu sè í norður- og austurumdæminu. Ef nú það er svo mjög takanda til greina, hvað amtmanninum í suðuramtinu er geðfellt eður ógeðfellt

að fram fylgja, þá held eg menn ætti ekki síður að taka til greina hitt, hvað amtmanninum fyrir norðan væri geðfellt í þessu efni; en ætli amtmanninum þar verði geðfellt, að fram fylgja uppástúngum varaþíngmannsins úr Reykjavík? frumvarpið amtmannanna, sem hèr liggur fyrir, leysir bezt úr þessari spurníngu; amtmaðurinn fyrir norðan hefir til þessa ekki mátt heyra annað, en ótakmarkaðan niðurskurð á öllu fè. Eg held nú, að af þessu megi sjá, að menn mega ekki binda sig við skoðun eins amtmannsins, og það því síður, sem ráðstafanir hans hafa ekki heppnazt vel híngað til; það er ekki of sagt. Það getur vel verið, að meiníng mín um þetta mál sè ekki rèttari en annara, en hitt er nú orðið víst, að það hefði verið rèttara, að fylgja mínum ráðum, þegar eg varaði menn við kláðanum í blaðinu Þjóðólfi í öndverðum maí f. á., og hefði mínum ráðum þá verið gaumur gefinn, að gánga úr skugga um það þá þegar, undir eins og kláðans varð vart í Mýdal og Bytru, 8 vikum áður en geldfè var rekið á fjall, hvort kláðasýki þessi væri eins ónæm og ósaknæm, eins og þá var borið fyrir, þá hefði betur farið, þá hefði menn getað sparað sèr margfalt og ómetanlegt fjártjón, allar þessar pappírsráðstafanir fram og aptur, allar þessar þreytandi og kostnaðarsömu umræður, og þá hefði menn orðið lausir við þetta merkilega „prótest" frá dannebrögsmanninum og hreppstjóranum, sem var í fyrra vor og er enn í Hraungerðishreppi, þar sem kláðinn hafði upptök sín í Bytru. Það er þannig búið að sýna, að amtmennirnir hafa ekki verið bundnir við lög híngað til, hvorki geðfelld þeim nè ógeðfelld, að ráðstafanir þeirra, einmitt af því eingin var almenn lagareglan til að binda sig við, hafa farið mjög sínar í hverja áttina, þángað til þeir áttu fund með sèr í vor, og árángurinn af þessum ráðstöfunum, aðskilnaði fjárins, lækníngatilraununum, og af öllu því öðru, sem hefir verið fyrir skipað, hefir ekkert batað málið, og eingum getað fullnægt, hvorki þeim aðalflokknum, sem allt vilja skera, eða hinum, sem allt vill láta lifa, því þetta er þó í rauninni hin sanna meiníng varaþíngmannsins úr Reykjavík og þeirra, sem honum fylgja, enda þótt þeir látist vilja skera allt sjúkt fè, jafnótt og á því sèr; eg held hverjum manni, sem nokkuð þekkir hèr til, hljóti að vera ljóst, að hèr þarf öðruvísi að í skerast, og annað og meira að gjöra, heldur en gjört hefir verið, ef nokkuð á að geta áunnizt til lagfærínga eða bóta

Þar eð hinn háttvirti varaþíngmaður Reykjavíkur sýndi fram á, að hann hèldi fast við það, að senda uppástúngur sínar til stjórnarinnar samkvæmt 61. gr. alþíngistilsk., og þetta mun hann þykjast

gjöra í fullu lagaleyfi, þá kemur þetta mèr til, að benda á glompurnar í uppástúngu hans, því það má ekki segjast, að stjórnin fái ekki að sjá, að þessar glompur hafi ekki dulizt fyrir þíngmönnum. Hinn háttvirti varaþíngmaður Snæfellínga hefir tekið fram gallana á uppástúngu hans undir töluliið 6, og hinn heiðraði þíngmaður Mýramanna, sem allt af er fastur við sína meiníngu um, að allt sjúkt fè sè drepið niður, hefir ljóslega sýnt, að þessi uppástúnga, töluliður 6, fram fylgir í mesta máta þeirri skoðun, og þessi skoðun þíngmannsins úr Mýrasýslu er að því leyti rètt, að það hefir verið lítið gagn í lækníngunum híngað til, af því það vantar öll skilyrði fyrir því, að lækníngarnar geti heppnazt, eða orðið mögulegar, á meðan ekkert hefir verið gjört til þess, að hafa fèð ekki fleira en svo, að það hefði nægilegt fóður, góð hús og þá hirðíngu, sem sjúkt fè við þarf. Þá er nú uppástúnga hins heiðraða þíngmanns undir 21. töluliið, þar sem hann setur á fót nefndirnar; eptir ætlunarverkum þeirra eru þeim ætluð eintóm valdstjórnarstörf, enda eiga þær líka að fá kaup fyrir starfa sinn; þessar nefndir á nú *alþýðan* að *kjósa* úr sínum flokki; þessar nefndir eiga nú að vera á flugferð í allan vetur, hverju sem viðrar, til að þukla hverja kind, og án dóms og laga að kveða upp lífs eður dauðadóm fjárins, samkvæmt 31. og 41. töluliið á atkvæðaskránni, því eptir þeim eiga nefndirnar, upp á von um eitthvert endurgjald, að hafa dómsvald, eða svo að segja háls og hönd yfir hreppsmönnum sínum og öllum lífs og atvinnustofni þeirra án allrar tilhlutunar eða eptirlits af hálfu reglulegra yfirvalda. Eg er hræddur um, að þegar bændur eiga að kjósa menn í þessar nefndir, þá muni dugandismennirnir sumstaðar koma sèr saman um, að velja hina mestu slussara, skussa og slóða (*Þ. Jónassen:* Ekki er eg hræddur um það). Jú, því þeir sjá, að nefndinni er feingið óvinnanda verk í hendur, og dugnaðarmennina fýsir ekkert til að vera á hraknígi frá heimilum sínum, og láta rífa sig frá allri heimilisforstöðu og búsumsjón liðlángan veturinn, svo að segja; og hvernig eiga þeir að geta fullnægt 39. uppást., þegar þeir aldrei mega vera við heimili sitt að staðaldri. Um uppástúngu hans undir 43. staflið ætla eg ekki að tala, þar sem hann ekki gjörir neinn mun á *ásetníngs-* og *hirðuleysisbroti,* og geingur það yfir mig, þar sem hann mátti í því efni hafa fyrir sèr til leiðbeiníngar 5. gr. í frumvarpi amtmannanna, og mátti hann treysta þeim, að því leyti, að þeir eru báðir góðir lagamenn, en uppástúngumaðurinn leggur til fjársekt, sekt eins við ásetníngsbrotið, samkv. 43. og 55. töluliið, eins og við vanvara og

skeytíngarleysis-yfirsjónir, eptir 39. og fyrri hluta 43. Eptirtektaverðast er 5 til 30 rdl. sektin, fyrir að reka fè sitt vísvitandi sjúkt á afrètt. Eg skal nú ekki elta þetta leingra, því eg hefi gjört þetta einúngis til þess, að láta bæði stjórnina og þíngmenn sjá, að ef uppástúngur þessar verða sendar stjórninni, að einhver þíngmanna hafi orðið til, að finna gallana á þeim. Eg held annars, að uppástúngurnar beri það alstaðar með sèr, að uppástúngumanninn skorti alla reynslu og þekkíngu á sveitalífinu hèr, og á því, hvernig tilhagar í raun og veru upp til sveitanna, og þó hann kunni nú að hafa verið í sveit eins leingi og hann hefir sagt, nefnilega í 24 ár, þá held eg hann hafi verið þar fullan helmíng þess tíma eins og annar krakki, og um það leyti ekki haft önnur kynni af sveitalífinu, heldur en þau, sem krakkar hafa á því reki, að liggja á kvíavegg og sleikja froðu, og um þessa reynsluna bera uppástúngur hans talanda vottinn, því þær eru ekki annað, en froða, frá upphafi til enda.

Uppástúngur hins háttvirta þíngmanns Gullbríngusýslu virðast að vísu ekki óaðgeingilegar í fyrsta bragði, en auk þess, sem eg er á móti öllum undanþágum, nema þegar brýna nauðsyn ber til, þá finnst mèr þær líka vera í mörgu tilliti mjög ísjárverðar, þegar betur er aðgætt, og sumar eru þar að auki nauðsynja- og tilgángslausar, eins og t. d. varauppástúnga hans töluliður 14; í þessum sjávarhreppum, sem þar eru nefndir, er ekki mikil fjáreign, og hvergi er fèð þar aðalatvinna búendanna, eins og til sveitanna. (*G. Brandsson:* Í Grindavík), já, að nokkru leyti, en þar mun þó líka sjávaraflinn vera aðalatvinnuvegurinn. En mèr þykir það ísjárverðast í þessu, að allar þessar uppástúngur gefa mönnum svo freklegt færi á, að fara í kríngum hinar aðalákvarðanirnar; öllum í hinum sýktu hèruðum er leyft að kaupa skurðarfè úr hinum ósýktu hèruðum, en þá geta menn farið t. a. m. austur í Biskupstúngur og látizt kaupa þar fè til skurðar, og sagt: eg ætla að skera það, þegar suður kemur, en þegar þángað er komið, þá segja þeir: eg held eg verði að setja þessar kindur á; hèr má setja á allan geldfènað; menn gæti þar hjá látizt kaupa skurðarfè í hinum sýktu hèruðum, en í raun rèttri tekið það til hagagaungu í þessum hreppum vetrarlángt; eða hvernig væri mögulegt að hafa fullt eptirlit með, að þetta ætti sèr ekki stað? þannig má fara í kríng um þess konar ákvarðanir. Eg hefi skilaboð til þíngmannsins úr Gullbríngusýslu frá hinum heiðraða þíngmanni Snæfellínga, með þakklæti fyrir það, hvernig hann hefir skilið viðaukauppástúngu þíngmannsins úr Dalasýslu, og borið þar með Sunn-

lendíngum vel söguna. Eg skil alls ekki, hvernig menn geta dæmt þessa varauppástúngu svo hart (*G. Brandsson:* Hún dæmir sig sjálf); já! en þegar tveir menn eiga saman um eitthvert mál, og ber á milli um skaðabætur, ábyrgð fyrir fyrirsjáanlegri skaðræðisvon af hins hendi, o. fl., þá láta menn sèr það aldrei lynda í slíkum málum, að annar málsviðeigandinn sè vitni eða dómari í sjálfs sín sök, eða honum sè gefið það algjörlega á vald, hversu hann ver hinn (mótstöðumann sinn) fyrir hinum yfirvofanda skaða, og eg má segja fyrir mig, sem er þó að nokkru leyti Sunnlendíngur, að mèr finnst sanngjarnt, að þegar Sunnanmenn ekki geta með neinu móti ábyrgzt, að sjúkt fè þeirra fari ekki á fjöll, þá eigi heilbrigðu hèruðin rètt á að heimta, að sèð verði fyllilega um á kostnað Sunnlendínga sjálfra, að fè þeirra gjöri ekki öðrum mönnum skaða, og virðist mèr sjálfsagt, að þeir hljóti að borga allan þann kostnað, sem af slíkri fullnægjanlegri tryggíngu leiðir. Eg hefi geingið mjög nauðugur inn á grein nefndarinnar um skaðabæturnar, en aðhylltist hana þó, því eg vildi mikið vinna til, að ná sameiníngu, og stuðla til þess, að stiptamtmaður og síðan stjórnin gæti fallizt á uppástúngurnar, en eg fyrir mitt leyti er á móti skaðabótunum, einkum vegna þess, að þær koma niður einúngis á þeim ríku, en ekki hinum fátæku, og í öðru lagi verða þær nokkurs konar sæmdaverðlaun fyrir þá óforsjálni og óktunarleysi, er svo margir gjörðu sig bera að í fyrra, bæði sjálfum sèr og öðrum til ómetanlegs tjóns, er þeir ekki fækkuðu fènaði sínum skynsamlega í fyrra haust, og verða því að skera hann nú, en hinir, sem með lofsverðri forsjálni og áhuga fyrir almenníngsheill skáru niður allan geldfènað sinn í fyrra hanst, — þeir voru reyndar miklu færri en skyldi, — þeir verða einkis aðnjótandi af þessum skaðabótum.

Forseti: Eg skal ekki fara lángt út í það, hvernig atkvæðaskráin er, því þó einstakur þíngmaður hafi fundið að henni, þá er það víst ekki almennt, þar eð einginn fann að því við undirbúníngsumræðuna, að uppástúngur þíngmanns Reykjavíkur væri ræddar jafnframt uppástúngum nefndarinnar. Eg held og, að þessi aðferð, sem eg hefi hèr við haft, sè samkvæm því, sem fylgt hefir verið hèr á þíngi, að minnsta kosti af mèr, og eg ætla rètta vera. En hversu sem um það er, þá verður þetta að vera á mínum dómi í þetta sinn, fyrst eg er *forseti*, og er þar eingin önnur bót í máli en sú, að það getur verið, að þíngmönnum veitist sú ánægja, að hafa annan en mig fyrir *forseta* á næsta þíngi, og að sá hagi þessu öðru-

vísi. Eg get ekki heldur tekið á móti því, sem hinn heiðraði þíngmaður Strandasýslu sagði, að eg hafi tekið uppástúngur þíngmannsins úr Reykjavík í atkvæðaskrána af frjálslyndi. Það var beinn rèttur, sem þíngmaðurinn gat krafizt. Sama er að segja um brèf það, sem lesið var upp, að það var ekki af frjálslyndi, sem eg gjörði það, heldur eptir beinni skyldu minni, þar eð brèfið var ekki sent til mín sem prívatmanns, heldur sem *alþíngisforseta*, og í því skyni, að það kæmi fram hèr á þínginu, þar sem það kveðst „lýsa því yfir", o. s. frv., er ekki gat átt við mig einan. Það getur verið, að þíngmönnum komi ekki vel að fá þess konar brèf, en það getur þó aldrei verið dæmt sem ódáðaverk, að utanþíngsmaður birti þínginu álit sitt og þeirra, sem honum standa nærri. Þetta er og vanalegt alstaðar, og verður að álítast hverjum manni heimilt að gjöra, og held eg það sè óþarfi af þíngmönnum, að vera að grafast eptir því, hvort þessi maður muni nokkurn tíma hafa breytt meiníngu sinni í þessu máli, því fyrst og fremst kemur það ekki málinu við, og svo held eg það geti ekki verið lastvert, að minnsta kosti í augum þeirra manna, sem gjört hafa hrósverð breytíngaratkvæði við sínar eigin hugsanir frá því í fyrradag.

Það eru 2 atriði í þessu máli, sem mèr þykir mestu skipta; annað er sýkin sjálf, eðli hennar og uppruni; hitt er ráðin til að út rýma henni, meðferðin á sýkinni, o. s. frv. Hvað nú hið fyrra atriði snertir, þá þykir mèr það ekki óeðlilegt, þó það komi fram 2 meiníngar, því að þeir menn, sem kalla sýki þessa eitur, eða skæða drepsótt, sem ekki geti verið runnin nema frá einum stofni, nefnilega frá útlöndum, og ekki útbreiðzt, nema frá þeim eina stofni, þessir menn get eg skilið að vilji skera allt niður, en þegar þeir hafa nú þessa meiníng, þá ætti þeir heldur ekki að víkja þverfótar frá almennum niðurskurði, og ekki að vilja vita af neinum lækníngum. En þegar nú þíngmenn sannfærast um, að þessi meiníng sè þó ekki svo óyggjandi, heldur að það megi lækna sýkina, þá komast menn að því, að við hafa lækníngar, og þá finnst mèr, að einginn annar rèttur meðalvegur sè til, en að reyna að lækna allt, sem læknað verður; vèr eigum þá að treysta lækníngunum, hjálpa hverjir öðrum, að lækna og hirða betur fènaðinn og síðan sannfæra hver annan um, að með góðri meðferð geti menn haldið fè sínu, því þetta sè eingin drepsótt, heldur almenn sýki, sem sè alvenja annarstaðar, og í eingu tilliti hættuleg, sè hún tekin í tíma og með góðri hirðíng. Mèr virðist, að það megi sjá af nefndarálitinu, að þessi skoðun sè ný, og sè að ryðja sèr til rúms, því að það lýsir sèr nokkur ósamkvæmni

í skoðuninni hjá nefndinni. Hinn heiðraði varaþíngmaður frá Reykjavík sýnir þar á móti, að hann vill treysta meðlunum, og í þessu finnst mèr menn eigi að styrkja hann, og gjöra tilsjónina sem mest tryggjandi. Það er nú að vísu bágt fyrir þíngmanninn, að hann er ekki annar eins fjárbóndi, og hinn háttvirti *varaforseti*, sem aldrei hefir þurft að sleikja froðu á kvíavegg; en því undarlegra var það, að hann skyldi lánga í froðu hjá varaþíngmanninum úr Reykjavík. Hvað glompurnar snertir, sem hann þóttist finna í uppástúngum þessa þíngmanns, þá þótti mèr þær nú ekki nærri eins stórkostlegar, eins og á horfðist, og ekki neinu stærri, en finna má hjá hinni heiðruðu nefnd sjálfri, ef vel er leitað. Þar sem hinn háttvirti *varaforseti* gerði svo mikið úr því, að þíngmaðurinn hefði blandað saman ásetníngs- og hirðuleysis-broti (undir 43. staflið), þá virðist mèr sú syndin ekki stór; í greininni stendur, að hinn seki skuli sæta fjárútlátum eptir málavöxtum frá 5—100 rdl.; mèr sýnist nefnilega svigrúmið svo stórt, að þar verði gjörður sektamunur töluverður fyrir skeytíngarleysið og fyrir ásetníngínn.

Þegar að öllum kríngumstæðunum er gætt, þá virðist mèr samt, að þetta mál takist hèr um bil að vonum. Úrslit þess hljóta að bera vott um, hvernig þau eru orðin til; þau lýsa því, að hèr hafa verið tvær ólíkar skoðanir, og þótt nú frumvarpið verði ekki svo samkvæmt sjálfu sèr, sem óskanda væri, þá munu menn fljótt verða þess varir, að það kemur af, að ný skoðun er að ryðja sèr hèr til rúms. Menn geta í vissu tilliti sagt, að málið hafi komið hèr of snemma fyrir, og eg vil vona, að ályktun þíngsins hafi ekki þá verkun, að það hindri stiptamtmanninn frá, að framkvæma það, sem í sjálfu sèr er hið eina framkvæmanda, heldur treysti eg því, að hann gjöri allt málinu til undirbúnings, einkum hvað alla tilsjón snertir, þángað til málalyktir verða frá stjórninni.

Framsögumaður: Nefndin hefir aldrei lýst neinum áfellisdómi yfir tillögum stiptamtmannsins í þessu máli, og eg fyrir mitt leyti held, að þær hafi verið eins skynsamlegar, eins og þær hafa verið mannúðlegar, og það er einúngis með tilliti til mannúðleikans að nefndin hèlt, að það gæti verið vafasamt, hvort ekki mætti fara of lángt, því hún hèlt, að þó kláðinn væri eingin pest í sjálfu sèr, þá gæti hann samt orðið það með vanhirðíngu; en hvort sem nú ályktun þíngsins er öldúngis samkvæm áliti stiptamtmanns eða ekki, þá er eg samt sannfærður um, að hann fram fylgi þeirri skoðun, sem meiri hlutinn álítur hina skynsömustu.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, er ályktarumræðu þessa máls lokið, og skal eg því biðja þíngmenn gánga til atkvæða.

Síðan var geingið til atkvæða, og fóru þau á þessa leið:

Nr. 1. fellt með 15 atkvæðum gegn 5.
2. — — 12 — — — 9.
3. — — 18 — — — 1.
4. samþykkt með 16 atkv. móti 4.
Að nr. 4. komi í staðinn fyrir frumvarpsins 1. gr., samþykkt með 17. atkv.
5. fellur burt.
6. fellt með 12 atkv. móti 6.
7. þar eð ekki feingust nógu mörg atkvæði, var við haft nafnakall, og sögðu

já:	nei:
Þ. Guðmundsson.	G. Einarsson.
G. Brandsson.	R. M. Ólsen.
K. Árnason.	Á. Einarsson.
M. Andrèsson.	E. Ó. Kúld.
P. Sigurðsson.	V. Finsen.
P. Pèturssson.	H. Kr. Friðriksson.
	Þ. Jónassen.
	J. Guðmundsson.
	J. Hávarðsson.
	J. Samsonsson.
	J. Sigurðsson.
	Ó. Sívertsen.
	St. Jónsson.
	H. G. Thordersen.
	V. Oddsen.

Og er töluliðurinn þannig felldur með 15 atkv. gegn 6.

8. fellt með 12 atkv. gegn 6.
9. samkykkt með 16 atkv. móti 2.
10. fellt með 14 atkv. móti 5.
11. — — 14 — — 3.
12. Um þennan tölulið var óskað nafnakalls, og sögðu

já:	nei:
G. Einarsson.	G. Brandsson.
R. M. Ólsen.	H. Kr. Friðriksson.
Á. Einarsson.	Þ. Jónassen.

já:	nei:
E. Ó. Kúld.	H. G. Thordersen.
V. Finsen.	
Þ. Guðmundsson.	
J. Guðmundsson.	
J. Hávarðsson.	
J. Samsonsson.	
J. Sigurðsson.	
K. Árnason.	
M Andrèsson.	
Ó. Sívertsen.	
P. Sigurðsson.	
P. Pètursson.	
St. Jónsson.	
V. Oddsen.	

Og var töluliðurinn þannig samþykktur með 17 atkv. móti 4.

13. fellt með 13 atkv. móti 5.
14. Þessu nr. var skipt í tvennt við atkvæðagreiðsluna eptir sýslunum, og fèll fyrri hlutinn með 9. atkv. gegn 9, og síðari hlutinn með 14 atkv. móti 6.
15. samþykkt með 16 atkvæðum.
16. —— — 15 —— móti 3.
17. fellur burt.
18. fellt með 14 atkv. móti 6.
19. Að þessi töluliður komi í staðinn fyrir frumvarpsins 2. gr., samþykkt með 16 atkv.
20. frumvarpsins 2. gr. fellur burt.
21. fellt með 17 atkv. móti 4.
22. samþykkt með 15 atkv.
23. —— — breytíngu samkvæmt nr. 22 með 17 atkvæðum gegn 2.
24. samþykkt með 16 atkv. gegn 4.
25. —— — 17 — — 2.
26. —— — áorðinni breytíngu með 16 atkv. móti 2.

Að hinar samþykktu greinir komi í stað frumvarpsins 3. gr., samþykkt með 16 atkv.

27. fellur burt.
28. samþykkt með 16 atkv. gegn 4.
29. fellt með 14 atkv. móti 5.

30. fellt með 15 atkv. móti 4.
31. — — 16 — — 4.
32. samþykkt með 17 atkvæðum.
33. samþykkt með áorðinni breytíngu með 17 atkvæðum.
34. fellur burt.
35. samþykkt með 16 atkv. gegn 1.
36. fellur burt.
37. samþykkt með 17 atkvæðum.
38. samþykkt með áorðinni breytíngu með 16 atkv. gegn 1.
39. fellt með 15 atkv. gegn 4.
40. — — 17 — — 4.
41. — — 15 — — 6.
42. — — 16 — — 4.
43. — — 16 — — 4.
44. samþykkt með 15 atkvæðum.
45. — — — áorðinni breytíngu með 16 atkvæðum.
46. — — — 17 atkv. gegn 1.
Að hinar samþykktu greinir komi í stað frumvarpsins 5. greinar, samþykkt með 16 atkvæðum.
47. fellur burt.
48. samþykkt með 14 atkvæðum.
49. samþykkt með áorðinni breytíngu með 17 atkvæðum.
50. — — — 17 atkv.
51. — — — 17 —
52. — — — 17 —
53. fellt með 16 atkv. gegn 4.
54. samþykkt með 17 atkv.
55. fellt með 16 atkv. móti 4.
56. samþykkt með 18 atkv.
57. — — — 16 —
58. — — — 17 —
59. — — — 16 —
60. — — — 17 —
61. *a* — — — 17 —
61. *b* — — — 17 —
62. — — — breytíngu með 17 atkvæðum.
63. — — — 17 atkv.
64. — — — 16 — móti 1.
65. fellt með 13 atkv. gegn 3.

66. Atkvæðagreiðslan um þessa grein varð óglögg, og fór því fram nafnakall, og sögðu

já:	nei:
E. Ó. Kúld.	G. Einarsson.
J. Hávarðsson.	R. M. Ólsen.
J. Sigurðsson.	Á. Einarsson.
Ó. Sívertsen.	V. Finsen.
P. Sigurðsson.	Þ. Guðmundsson.
St. Jónsson.	G. Brandsson.
V. Oddsen.	H. Kr. Friðriksson.
	J. Guðmundsson.
	J. Samsonsson.
	K. Árnason.
	M. Andrèsson.
	H. G. Thordersen.
	P. Pètursson.

Og var töluliðurinn þannig felldur með 13 atkvæðum gegn 7. Þ. Jónassen greiddi ekki atkvæði.

67. samþykkt með 14 atkvæðum.

Að nr. 67 komi í stað frumvarpsins 6. gr., samþykkt með 16 atkvæðum.

68. fellur burt.

69. samþykkt með 16 atkv.

70. fellur burt.

71. samþykkt með 16 atkv.

72. fellur burt.

73. samþykkt með 16 atkv.

74. fellur burt.

75. Atkvæðagreiðslan fór fram með nafnakalli, og sögðu:

já:	nei:
G. Einarsson.	E. Ó. Kúld.
R. M. Ólsen.	V. Finsen.
Á. Einarsson.	G. Brandsson.
Þ. Guðmundsson.	H. Kr. Friðriksson.
J. Sigurðsson.	Þ. Jónassen.
K. Árnason.	J. Guðmundsson.
M. Andrèsson.	J. Hávarðsson.
Ó. Sívertsen.	J. Samsonsson.
P. Pètursson.	P. Sigurðsson.

já:	nei:
St. Jónsson.	H. G. Thordersen.
V. Oddsen.	

Og var töluliðurinn þannig samþykktur með 11 atkv. gegu 10.

76. Atkvæðagreiðslan fór fram með nafnakalli og sögðu

já:	nei:
G. Einarsson.	Þ. Guðmundsson.
R. M. Ólsen.	G. Brandsson.
Á. Einarsson.	H. Kr. Friðriksson.
E. Ó. Kúld.	Þ. Jónassen.
V. Finsen.	J. Guðmundsson.
J. Hávarðsson.	J. Sigurðsson.
J. Samsonsson.	M. Andrèsson.
K. Árnason.	P. Pètursson.
Ó. Sívertsen.	St. Jónsson.
P. Sigurðsson.	H. G. Thordersen.
	V. Oddsen.

Og var töluliðurinn þannig felldur með 11 atkvæðum gegn 10.

77. samþykkt með 17 atkv.

Að nr. 77 komi fyrir frumvarpsins 11. gr. samþykkt með 16 atkvæðum.

78. fellur burt.

79. samþykkt með 14 atkv.

80. fellt með 16 atkv. móti 5.

81. — — 16 — — 4.

82. — — 15 — — 5.

83. samþykkt með 14 atkv.

84. — — — 14 —

85. fellur burt.

86. Við atkvæðagreiðsluna um þenna tölulið var óskað nafnakalls, og sögðu

já:	nei:
G. Einarsson.	V. Finsen.
R. M. Ólsen.	G. Brandsson.
Á. Einarsson.	H. Kr. Friðriksson.
E. Ó. Kúld.	Þ. Jónassen.
Þ. Guðmundsson.	K. Árnason.
J. Guðmundsson.	P. Pètursson.
J. Hávarðsson,	H. G. Thordersen.

já:

J. Samsonsson.
J. Sigurðsson.
M. Andrèsson.
Ó. Sívertsen.
P. Sigurðsson.
St. Jónsson.
V. Oddsen.

Var töluliðurinn þannig samþykktur sem varauppástúnga til stjórnarinnar með 14 atkv. móti 7.

87. samþykkt án atkvæða.
88. samþykkt með 16 atkv. móti 4.
89. —— — 14 — — 6.
90. fellur burt.
91. samþykkt með 16 atkv. móti 1.
92. samþykkt með 18 atkv.
93. tekið aptur af nefndinni, og tók einginn upp.
94. samþykkt með 14 atkv. móti 4.
95. samþykkt með 17 atkvæðum.
96. samþykkt með 11 atkv. móti 4.

Forseti: Þá er þessari atkvæðagreiðslu lokið.

Eg skal geta þess, að frumvarp til ávarps frá þínginu til konúngsins hefir verið lagt á lestrarsalinn, og vona eg, að hinir háttvirtu þíngmenn kynni sèr það, svo þeir geti gjört sínar athugasemdir við það á næsta fundi, ef mönnum þykir þess þurfa, því þá verður það lesið upp, til að leita um það samþykkis þíngsins.

Fundi slitið.

---

17. ág. — Þrítugasti og annar fundur.

Allir á fundi nema hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, og þíngmaðurinn úr Suður-Þíngeyjarsýslu, sem enn voru sjúkir.

Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eins og þíngmönnum er kunnugt, sendi eg í umboði þíngsins amtmönnunum í suður- og vestur-amtinu afskript af frumvarpi til bráðabyrgðalaga, er þíngið hafði fallizt á, í fjárkláðamál-

inu. Hèr upp á hefi eg feingið svar frá amtmönnunum, er hljóðar þannig:

„Herra *alþingisforsetinn* hefir með þóknanlegu brèfi af 15. þessa mánaðar sent oss frumvarp til tilskipunar, til þess að út rýma og varna útbreiðslu fjárkláðans, með þeirri áskorun þingsins vegna, að vèr vildim samþykkja það sem bráðabyrgðalög, þar til samþykki konúngs yrði feingið.

Í þessu tilefni látum vèr ekki hjá líða að tjá yður, að vèr, eins og fram er tekið í brèfi meðundirskrifaðs stiptamtmanns 12. þ. m., og meðundirskrifaður amtmaður yfir vesturamtinu munnlega þegar hefir gefið þinginu í skyn, ekki höfum neinn myndugleika til, að veita hið þannig umbeðna samþykki.

Þar eð það samt má virðast öldúngis nauðsynlegt, að undirbúníngsákvarðanirnar í ályktun þingsins verði þegar framkvæmdar, og þetta, að minnsta kosti fyrst um sinn, einna helzt snertir suðuramtið, leyfir undirskrifaður amtmaður yfir þessu amti sèr, hèr með að stínga upp á því við þingið, að eg með samþykki þess láti út gánga sem bráðabyrgðaákvarðanir allt það, er alþingisályktanin inniheldur um hreinsun og endurbyggíngu fjárhúsa, og um tilsjón bæði með þessu og meðferð sýkinnar yfir höfuð, sem og þau atriði hennar, er snerta útrýmíng sýkinnar innan þeirra takmarka, sem brèf lögstjórans af 30. apríl þ. á., umgetið bæði í uppástúngu minni til þingsins af 14. f. m., og í ofannefndu brèfi mínu af 12. þ. m., bendir á. Það hlýtur að vera ljóst, að ályktun þingsins mun töluvert hepta framkvæmdir mínar í hina umgetnu stefnu, og eg get þannig ekki tekið upp á mig ábyrgðina í nákvæmum framkvæmdum þeirra ákvarðana, er teknar kynni verða; en því einúngis get eg lofað, að eg skal leggja alla alúð á, að ekkert verði vanrækt af því, sem miðað getur til góðra lykta þessa máls, sem er svo áríðanda fyrir allt landið, og sèr í lagi fyrir innbúa suðuramtsins, og ætla eg, ef guð gefur mèr heilsu til, hið bráðasta að takast ferð á hendur um þær 4 sýslur amtsins, sem sýktar eru álitnar, og fara bæ frá bæ, að því leyti unnt er, til þess sumpart með upphvatníngum og sumpart með strángleika að líta eptir framkvæmdum þeirra ákvarðana, sem teknar eru eða munu verða, og þar hjá með dýralæknunum og hlutaðeigandi hreppanefndum að vera við í fjárrèttum þeim, sem haldnar verða í næsta mánuði, til þess að sjá um, að hið sjúka og heilbrigða fè verði nákvæmlega aðskilið, þannig, að hið sjúka annaðhvort í einum hóp undir nákvæmri

vöktun verði tekið til læknínga á kostnað eigenda, eða því verði strax slátrað; og vildi eg mælast til að fá frá alþínginu vitneskju um, hvort þessi mín uppástúnga öðlast samþykki þess.

Íslands stiptamthúsi og Reykjavík, 17. ág. 1857.

J. D. Trampe. *P. Melsteð*".

Hinir háttvirtu þíngmenn hafa nú heyrt brèf þetta, og skal eg því leyfa mèr, samkvæmt brèfi þessu, að skjóta því til atkvæða þíngsins, hverju þar til skal svara. Eptir nokkrar umræður varð það ályktað:

1. Að frumvarp til tilskipunar um varnir gegn fjárkláðanum, eins og það var samþykkt af þínginu, ásamt skýrsluforminu handa hreppanefndunum, og ágripi af tollkammersbrèfi 2. marz 1776, og sömuleiðis hið nú upplesna brèf amtmannanna verði prentað á þíngsins kostnað og út býtt meðal þíngmanna; samþykkt með 21 samhljóða atkvæði.
2. Að þíngið samþykki, að stiptamtmaður láti út gánga sem bráðabyrgðaákvarðanir allt það, er alþíngisfrumvarpið inniheldur um hreinsun og endurbyggíngu fjárhúsa, og um tilsjón, bæði með þessu og meðferð sýkinnar yfir höfuð, sem og þau atriði, er snerta útrýmíng sýkinnar innan þeirra takmarka, sem brèf lögstjórans af 30. apríl þ. á. bendir á; samþykkt með 21 samhljóða atkvæði.
3. Að þíngið geti ekki gefið samþykki sitt til ráðstafana og framkvæmda stiptamtmannsins viðvíkjandi vörn gegn fjárkláðanum, að öðru leyti en því, sem fyrir er mælt í frumvarpi þíngsins; samþykkt með 17 atkvæðum gegn 4.
4. Að *forseti* riti stiptamtmanninum á þá leið, sem nú er samþykkt af þínginu í 2. og 3. atriði; samþykkt með 20 atkvæðum.

Því næst voru lesin upp eptirfylgjandi frumvörp til álitskjala til konúngs:

„Til konúngs.

Yðar konúnglegu hátign hefir þóknazt að láta leggja fyrir alþíngi, til þess álits og yfirvegunar, frumvarp til laga um vegi og vegabætur á Íslandi.

Eptir að þetta mál hafði verið yfirvegað af 5 manna nefnd úr þínginu, var það því næst rætt á 2 aðalfundum, og leyfir nú þíngið sèr allraþegnsamlegast að segja álit sitt um málið, sem eptir fylgir.

Þíngið viðurkennir um frumvarp þetta yfir höfuð, að í því sè veruleg og sönn rèttarbót fyrir þetta land, og einmitt af þessari ástæðu lagði þíngið mikinn áhuga á þetta mál, og þær breytíngar, sem þíngið allraþegnsamlegast hefir leyft sèr að stínga upp á, og hèr á eptir verða teknar fram, miða frá þíngsins sjónarmiði allar að því, að frumvarpið geti orðið sem hagfelldast fyrir þetta land, sem leingi hefir þarfnazt betri skipunar og fyrirkomulags á þessu umvarðanda málefni.

Það er einkum í 2 atriðum að þíngið verulega hefir vikið frá frumvarpinu; það fyrra snertir framkvæmd vegabótanna, og hið síðara, hvernig vegabótakostnaðinum hagfelldast verði jafnað niður á landsbúa. Hvað framkvæmd vegabótavinnunnar snertir, komst þíngið til þeirrar niðurstöðu, að það væri ofætlun að gjöra sýslumanninum að skyldu að annast um og hafa á hendi framkvæmd og umsjón með vegabótunum í allri sýslunni, þar sem hann ætti svo mörgum öðrum störfum að gegna, og sönnun fyrir þessu þóttist þíngið hafa í reynslunni, því að vegabótum hèr í landi ekki er skilað meir, en skeð er, áleiðis síðan 1776, hlýtur þíngið auk annara kríngumstæðna að kenna því fyrirkomulagi, að sýslumennirnir, sem eptir embættisskyldu sinni áttu að sjá um vegabæturnar, ekki gátu sinnt henni til hlítar.

Þíngið áleit þess vegna nauðsynlegt, að framkvæmd og umsjón vegabótaverka yrði falin nefnd manna í hverjum hrepp, undir yfirumsjón sýslumanns; með þessum hætti er þessum umfángsmikla starfa lètt af sýslumanni, en honum skipt hæfilega niður á fleiri, sem bæði geta vænzt að muni gegna honum með alúð og árvekni, og ekki heldur er ætlað meira, en þeir geta komizt vel yfir; og ætlar þíngið þetta fyrirkomulag því miklu hagfelldara en það yrði, ef sýslumaður ætti einn að hafa alla umsjón og framkvæmd vegabótanna á hendi. En þar á móti er honum ætlað að hafa alla yfirumsjón með veganefndunum, og í þessu hans eptirliti er aptur feingin vissa fyrir því, að allir hlutaðeigendur gegni skyldu sinni.

Hvað hið annað aðalatriði, kostnaðinn til vegabótanna, snertir, gat það ekki dulizt þínginu, að það fè, sem eptir frumvarpinu er ætlað viðgjörðum og viðhaldi þjóðveganna, 2 sk. af hverju lausafjárhundraði, hvergi nærri mundi vinnast til að gjöra við þjóðvegina, eptir því sem til væri ætlazt og þörf stæði til, en að hækka afgreiðsluna af lausafènu til jafnaðarsjóðsins, þótti þínginu bæði í sjálfu sèr, og, eins og er útsjón með peníngshöld hèr í landi, svo

mikið áhorfsmál, að því væri ekki faranda á flot, að íþýngja lausafènu eða jafnaðarsjóðunum með nokkurri afgreiðslu til vegabóta, auk þess að afgreiðslan til jafnaðarsjóðanna kemur, sem bundin við tíund, mjög misjafnt niður, þar sem tíund ekki fer ætíð eptir efnum, allrasízt við sjávarsíðuna og í kauptúnum landsins. Til þess að ráða fram úr þessu, og þannig, að tilgángi frumvarpsins gæti orðið verulega framkvæmt, virtist þínginu tiltækilegast, að snúa skylduvinnunni, sem hingað til hefir verið 1 dagsverk af hverjum bónda, eins og hún er ákveðin í frumvarpinu, upp í peninga, þó með þeirri takmörkun, að dagsverkin væri helmínguð, og andvirði þeirra, reiknað eptir verðlagsskránni, látið gánga til vegabótanna bæði á þjóðvegum og aukavegum; þetta þótti þínginu því síður áhorfsmál, sem það fè, sem fæst með þessu móti, og sem eptir ágizkun nemur að minnsta kosti 6000 rdl. um árið, verður svo mikið, að vegabótunum, ef vel er á haldið, með því virðist hæfilega borgið. Þessi gjaldstofn, skylduvinnan, hefir það til síns ágætis, að hann er gamall í landi hèr, og er þannig kominn inn í meðvitund landsbúa, og hann er þar að auki, sem bundinn við verkfærra tölu, svo viss og ákveðinn, að hann er ekki undirorpinn neinum vafa eða misklíðum út af því, að hann komi ekki niður á hlutaðeigendum í rèttri tiltölu. Þíngið hlýtur því að álíta, að þessi gjaldstofn, þótt það ekki dyljist þínginu, að hann, eins og umræðurnar, sem urðu hèr um í þínginu, ljósast votta, sè annmörkum bundinn, sè, þegar á allt er litið, þó hinn tiltækilegasti, og því verður þíngið allraþegnsamlegast að mæla fram með þessum gjaldstofni.

Þessu næst skal nú þíngið allraþegnsamlegast leyfa sèr að gjöra þær athugasemdir við frumvarpsins einstöku greinir, sem leiða af þeim að framan greindu tveimur aðalbreytíngum, þannig sem fylgir.

Að því leyti önnur grein frumvarpsins í endanum tilgreinir póstvegi, getur hèr í landi ekki orðið spursmál um þessa vegi sem sèrstaka, og því áleit þíngið, að orðin: „og eins hina almennu póstvegi“, ætti að falla úr frumvarpinu, og urðu 18 atkv. gegn 2 með þessari breytíngu.

3. grein í frumvarpinu er nýmæli, og hefir þíngið bætt henni inn í af þeirri ástæðu, að hreppsnefnd sú, sem eptir 4. grein á að hafa á hendi vegabæturnar eptir greinarinnar hljóðun, ekki hefir eptir orðunum þessa köllun á hendi, nema innan hreppsins ummerkja, enda eru vegabætur þær, sem 3. grein talar um, svo umvarðandi og vandhæfar, að þínginu virtist nauðsynlegt, að gjörð yrði um þær

sèrstakleg og ítarleg ákvörðun, og þannig er þessi grein til orðin, og fèllst þíngið á hana með 18 atkv. gegn 2.

4. gr. Þessi grein er orðin til af þeirri ástæðu, sem að framan er tilgreind, að það væri ofætlun fyrir sýslumann, að hafa á hendi einustu umsjón og framkvæmd vegabótanna í allri sýslunni, en yfirumsjón hans er ætluð til tryggíngar fyrir því, að vegabótastörfunum verði gegnt hæfilega af hreppanefndunum; og þetta samþykkti þíngið með 17 atkv. gegn 3.

Áhrærandi frumv. 5. gr. áleit þíngið bezt tilfallið, að nefndirnar, sem í næstu gr. á undan eru tilgreindar, skyldi ákveða, hvað álíta skuli aukavegi, og hvað þjóðvegi, en sýslumaður síðan senda þessar uppástúngur ásamt áliti sínu hlutaðeiganda amtmanni; ætlar þíngið, að með þessu fyrirkomulagi sè feingin meiri tryggíng fyrir því, að málið verði ítarlega hugsað og yfirvegað, en ef sýslumaður hefði verið einn um það, samkvæmt frumvarpinu, enda aðhylltist þíngið þetta fyrirkomulag með 19 atkv,

Breytíngin í frumvarpsins 6. gr. hefir sína undirrót í því breytta fyrirkomulagi með framkvæmd og umsjón vegabótanna, sem að framan er tilgreint, og aðhylltist þíngið þessa ákvörðun með 12 atkv. gegn 5.

7. gr. eða frumvarpsins 5. gr. hefir verið breytt samkvæmt því fyrirkomulagi, sem það ætlast til verði, hvað umsjón og framkvæmd vegabótanna snertir, og því er seinna hluta greinarinnar sleppt, þar sem hreppanefndirnar, en ekki sýslumaður, hafa á hendi alla framkvæmd vegabótanna, og þetta aðhylltist þíngið með 19 atkv.

Í 7. gr. frumv. (nú 9. gr.) er felld úr seinasta klausan, af því þíngið áleit, að greinin væri nægilega skýr og nákvæm án hennar, og urðu fyrir þessum úrfelli 17 atkv. gegn 4.

Í 10. og 11. gr. frumv. (nú 12. og 13.) er líka fellt úr síðari atriði þessara greina, þar sem reglur þær, er þar eru gefnar, virðast fljóta af sjálfu sèr við vegabætur hèr á landi yfir höfuð, og hvað brýrnar í frumv. 11. gr. snertir, er um hæð þeirra ákveðið og tekið fram hið nauðsynlega í næstu (14.) grein, og eru breytíngar þessar samþykktar af þínginu með 19 og 20 atkv.

Í frumv. 12. gr. (nú 14.) er sú breytíng, sem þar er ákveðin viðvíkjandi hæð brúnna, byggð á því, að það yrði, eins og allvíða hagar hèr til, ókljúfanda, að láta brýrnar hafa þá hæð, sem frumvarpið ákveður, bæði vegna hins ærna kostnaðar, er þar af leiddi, og líka vegna þess mikla usla, er yrði á landinu við þá miklu torf-

ristu, sem útheimtist til slíkrar brúargjörðar; stundum skortir líka bæði nýtanda torfvöll og grjót til brúargjörðar. Af þessum ástæðum aðhylltist þíngið með 17 atkv. gegn 3 greinina, eins og hún nú er orðuð.

Breytíngu þá, sem þíngið hefir gjört á frumv. 15. gr., hefir það að þess áliti rèttlætt með því, sem að framan allraþegnsamlegast er tilgreint, og aðhylltist þíngið þessa breytíngu með 14 atkv. gegn 4, eins og hún nú er orðuð.

Áhrærandi þessarar greinar síðara hluta um fyrirframborgun til þeirra manna, sem takast vegabótaverk á hendur fyrir umsamið kaup, hefir þínginu þótt betur fara, að um þetta væri grein fyrir sig, og urðu með þessari skoðun 14 atkv. gegn 4.

Hvað 16. gr. frumvarpsins snertir, komst þíngið til þeirrar niðurstöðu, að viðhald og aðgjörð aukaveganna, eins og þjóðveganna, mundi geta borgazt af skylduvinnunni, breyttri í peníngа eptir hvers árs verðlagsskrá, og ætlar þíngið, að það allraþegnsamlegast hafi leitt sennilegar ástæður fyrir þessari skoðun sinni. Allar vegabætur, bæði á þjóðvegum og aukavegum, ætlast því þíngið til að verði greiddar á ofansagðan hátt, og að það fè, sem þar til er ætlað, muni vinnast til, og þó megi miklu afkasta, og þetta aðhylltist þíngið með 14 atkv. gegn 4.

Breytíngin í frumv. 17. gr. (nú 18.) leiðir af því fyrirkomulagi með framkvæmd vegabótanna, sem að framan er tilgreint, að hún er falin hreppsnefndum í hverjum einstökum hrepp, en ekki sýslumanni, og eins er því háttað með þá breytíngu á tímunum, innan hvers nafnaskráin yfir þá verkfæru menn í hreppnum á að vera komin til sýslumanns, að hún er sprottin af því, að í janúarmánuði eru vinnumenn ekki almennt búnir að ráða sig heima, og ekki heldur komið í kríng með búferlaflutníng bænda úr og inn í hreppinn að komanda vori, en um sumarmál er þessu lokið, og verður því nafnaskráin með þessari tilbreytíngu áreiðanlegri en ella. Með 13 atkv. gegn 8 fèllst því þíngið á þessa breytíngu.

Breytíng sú, sem alþíngið hefir stúngið upp á í sömu grein viðvíkjandi þeim tíma, sem uppástúnga frá hreppanefndunum ætti að vera komin til sýslumanns um þær nauðsynlegu vegabætur á næsta sumri á aukavegunum, er sprottin af þeirri ástæðu, að þíngið hlaut að álíta, að það yrði hagfelldara, að slíkar uppástúngur kæmi inn til sýslumanns fyr en seinna, svo hann hefði nógan tíma til, að gefa þessum uppástúngum góðan gaum, og eins þótti það betur eiga við,

að um þetta væri ný grein, og þetta aðhylltist þíngið með 13 atkv. gegn 5.

18. grein felldi þíngið úr af þeirri ástæðu, að það, sem í henni er fyrirskipað, nú virðist fallið í burtu, þegar allur vegabótarkostnaðurinn á að greiðast af einum og sama gjaldstofni; og á þetta fèllst þíngið þannig, að í staðinn fyrir þessa grein kæmi 19. gr. í frumvarpinu, eins og það er nú. Aðhylltist þíngið þetta með 13 atkv. gegn 5.

Í frumv. 19. gr. (nú 20.) hefir þíngið fallizt á að gjöra þá breytíngu, að sýslumaður, en ekki amtmaður, skuli úrskurða um það, hve nær og að hvað miklu leyti ástæða sè fyrir hendi, að bregða út af aðalreglunni um breiddina á aukavegunum, þar sem ekki þótti mega ætla amtmanni þann kunnugleika til aukaveganna, að hann gæti með nokkurri vissu skorið úr málum, en sýslumaður hlýtur þar á móti að vera slíku miklu betur kunnugur, og því eiga bezt við, að honum væri falið á hendur, að skera úr og ráða til lykta öllum afbrigðum frá aðalreglunni; og þetta aðhylltist þíngið með 19 atkvæðum.

Þar eð greinirnar 20—26 í frumvarpinu allar lúta að því fyrirkomulagi, að viðgjörð og viðhald aukaveganna sè leyst af hendi með skylduvinnu, en þetta fyrirkomulag eptir því, sem þíngið er búið að aðhyllast, ekki á sèr leingur stað, leiddi hèr af, að þessar greinir ekki gátu átt leingur við í frumvarpinu, og felldi því þíngið þessar greinir úr, en setti greinina 21. í staðinn, sem þá þótti nægja með því fyrirkomulagi, sem á er orðið, í tilliti til aukaveganna; og þetta fèllst þíngið á með 12 atkv. gegn 4.

22. grein í frumvarpinu fyrirskipar, að hreppstjórar skuli árlega senda sýslumanni skýrslu um vegabætur þær, er gjörðar hafa verið á aukavegunum í hreppnum; þessi grein er nýmæli; en eins og hreppstjórar eptir 19. gr. eiga að senda sýslumanni uppástúngur um þær vegabætur, sem þörf virðist á, á aukavegunum, eins virðist það í eðli sínu, að þeir gjöri yfirvaldinu grein fyrir því, sem unnið hefir verið á ári hverju til viðgjörðar aukaveganna. Þetta samþykkti þíngið með 14 atkv.

Frumvarpsins 27. gr. (nú 23.) er að undanskildri lítilli orðabreytíngu því nær óbreytt, og var hún, eins og hún nú kemur fyrir, samþykkt af þínginu með 16 atkv.

Viðauki sá, sem orðinn er við 28. greinina, ætlar þíngið finni næga rèttlætíngu í því atriði, að það þykir eins í þessu, sem í öðr-

um efnum, mega fullyrða, að það muni mikið glæða og styrkja áhuga almennings á þessu máli, þegar þeir sjá á prenti, bæði hvað gjört hefir verið að vegabótunum, og hvernig því fè, sem greitt hefir verið þeim til framkvæmda, hefir verið varið, auk þess að þeim, sem annazt hafa um framkvæmd vegabótanna, hlýtur að vera það geðfellt, að atorka þeirra og framkvæmdarsemi verði heyrum kunnug, og loks er það fróðlegt að fá á þenna hátt yfirlit yfir það, hvað ágeingt verði árlega í svo umvarðanda efni um allt land. Þíngið aðhylltist því greinina með þessum viðauka með 18 atkvæðum.

Eptir að þíngið þannig allraþegnsamlegast hefir leyft sèr, að taka fram ástæður sínar fyrir þeim breytíngaruppástúngum, sem það hefir gjört á frumvarpinu, eins og það var lagt fyrir þíngið, leyfir það sèr allraþegnsamlegast að mæla fram með því, að frumvarpið megi öðlast allrahæsta lagagildi.

Reykjavík, 17. ágúst 1857.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Þ. Jónassen".

Fylgiskjal.

Frumvarpið

um vegina á Íslandi, eins og alþíngi samþykkti það.

1. gr.

Vegum skal skipt í þjóðvegi og aukavegi.

2. gr.

Þá vegi skal álíta þjóðvegi, sem innbúar eins eða fleiri hèraða fara jafnaðarlega, er þeir ætla í kaupstað, fiskiver, eða annan stað, þar sem menn almennt koma saman. Sem þjóðvegi ber einnig að álíta þá vegi, er menn almennt fara milli tveggja sýslna, þótt eigi sè miklar samgaungur milli þeirra.

3. gr.

Þar sem þjóðvegur liggur milli tveggja sýslna, skulu útnefndir menn, sinn úr hvorri, eiga fyrir fram fund með sèr á sýslumótum, til þess að koma sèr niður á, hvaða vegabætur nauðsynlega við þurfi á þeim vegi, hverja stefnu þær skuli taka, og hvernig þeim skuli haga. Geti þeir ekki orðið á eitt sáttir um það mál, skulu sýslumenn beggja sýslnanna skrifast á um það; en verði þeir einnig sinn á hvoru máli, skal amtmaður skera úr. Sè sá vegur milli amta, þá skulu báðir amtmennirnir koma sèr saman um málið og leggja úrskurð á.

Að öðru leyti kostar hvert amt vegabætur á vegum milli amtanna, að því leyti sem sá eða sá partur vegarins heyrir amtinu til.

4. gr.

Í hrepp hverjum skal vera þriggja manna nefnd, er kosin sè af búendum hreppsins á manntalsþíngi til þriggja ára; nefnd þessi hafi á hendi umsjón og framkvæmdir vegabótastarfa hreppsins undir umsjón sýslumanns.

5. gr.

Nefnd sú, sem getið er í 4. grein, ákveður, hverja vegi álíta skuli sem þjóðvegi, og hverja sem aukavegi í hreppnum.

Sýslumaður skal bera upp við hlutaðeiganda amtmann uppástúngur nefndanna um það, hverja vegi álíta skuli sem þjóðvegi í sýslunni, og hverja sem aukavegi, samkvæmt reglunni í 2. grein; leggur amtmaður síðan úrskurð á málið, og birtir auglýsíng um það til eptirbreytni fyrir alla þá, er hlut eiga að máli.

6. gr.

Hreppanefndirnar skulu innan loka októbermánaðar senda sýslumanni greinilegar skýrslur um vegabætur þær, er þeim þykir gjöra þurfi á næsta ári, hver í sínum hrepp, bæði á þjóðvegum og aukavegum, og hver kostnaður muni verða við þessar vegabætur á hvorum vegunum fyrir sig; sker síðan sýslumaður úr, hverja aukavegi bæta skuli, en sendir álit hreppsnefndanna um þjóðvegina, ásamt áliti sínu, amtmanni til úrskurðar.

7. gr.

Öll verk við þjóðvegi skal, að svo miklu leyti sem unnt er, framkvæma þannig, að það sè sett til uppboðs, hver vilji takast á hendur verkið fyrir minnst kaup. Einúngis, þegar aðgeingilegt boð fæst ekki, á sýslumaðurinn að gjöra samníng um verkið á þann hátt, ef því verður við komið, að viss borgun sè ákveðin fyrir nákvæmlega tiltekinn vegarpart, en fáist það ekki með aðgeingilegum skilmálum, þá skal láta vinna verkið fyrir ákveðin daglaun.

8. gr.

Þjóðvegir skulu að öllum jafnaði halda hinni sömu stefnu, sem þeir hafa haft híngað til; en þegar sýslumanni þykir nauðsyn til bera, að á þessu sè gjörð nokkur breytíng, eða nýr þjóðvegur sè gjörður, þá skal hann um þetta senda uppástúngu til amtmanns, og ræður hann málinu til úrskurðar samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í þessari tilskipun.

9. gr.

Sèrhver jarðeigandi er skyldur til, nema því að eins að svo standi á, sem sagt er í 10. gr., að láta af hendi uppbótalaust land það, er þarf til að leggja þjóðveg um eða gjöra við hann, samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í þessari tilskipun.

10. gr.

Nýja vegi má aldrei leggja gegn um tún eða umgirt graslendi, og að öllum jafnaði ekki heldur yfir eingjar, nema yfirvaldinu virðist svo, að ekki verði hjá því komizt án skaða fyrir almennar samgaungur, og skal, þegar svo stendur á, greiða eigandanum, ef hann krefst þess, úr jafnaðarsjóði amtsins sanngjarna þokkabót, sem óvilhallir menn, þeir er tilkvaddir sèu af rèttinum á vanalegan hátt, ákveða fyrir það eptir skoðunargjörð, sem haldin sè undir tilsjón sýslumanns, ellegar þá eptir yfirskoðunargjörð, ef amtmanni þykir vera ástæða til þess; þó hverfur tilkall eigandans til tèðrar þokkabótar, svo framarlega og að svo miklu leyti, sem skylda hefur híngað til legið á jörðunni, til að leyfa umferð yfir eingjar.

11. gr.

Þjóðvegir skulu ætíð vera 6 danskar álnir á breidd að minnsta kosti, samt getur sýslumaður leyft undantekníngu frá þeirri reglu, þegar landslagi er svo varið, t. a. m. þar sem vegur liggur yfir fjöll eða hraun, að óumflýjanleg nauðsyn dregur til þess.

12. gr.

Þjóðvegi skal bæta með ruðníngum, ef á þanu hátt má fá fasta braut. Skurði skal grafa út úr brautinni, hvar sem vatn vill staðnæmast í henni.

13. gr.

Þar sem ekki verður feingin föst eða greið braut með ruðníngum, skal hækka veginn eða bera ofan í hann sand eða möl, ef jarðvegur er mjög laus, eða liggur yfir jarðfasta urð; þyki yfirvaldi það nauðsynlegt, eptir því sem á þeim stað hagar til, skal grafa skurði jafnvel beggja megin vegarins, og skal einnig, ef þörf er á, gjöra ræsi þvert yfir veginn.

14. gr.

Yfir mýrlendi skal jafnaðarlegast gjöra steinbrýr; en þegar yfirvaldi virðist, að því verði ekki með nokkru móti við komið vegna landslagsins, þá má þar gjöra torfbrýr; skulu torfbrýr þessar vera 1 danskri alin hærri til hliðanna en grundvöllurinn, er þar að liggur, en í miðju $1^1/_2$ danskri alin hærri, að því skapi, sem

torfbrúin er breið. Að öðru leyti eiga steinbrýrnar og torfbrýrnar ætíð að vera að minnsta kosti $2^1/_2$ danskar álnir á breidd, og skal gjöra við þær skurði og ræsi, sem fyr er sagt.

15. gr.

Á öllum þeim fjallvegum, sem ferðamenn eru vanir að fara á vetrardag, skal hlaða vörður, og skal einnig gjöra sæluhús, þar sem yfirvaldi þykir þörf á. Eiga vörðurnar að vera svo nálægt hver annari, að tvær að minnsta kosti sjáist í einu, þegar þoka er yfir; skal þar að auki á hverri vörðu vera gjörður stallur eða annað merki á þeirri hlíð, sem til norðurs snýr, ferðamönnum til leiðbeiníngar.

16. gr.

Útgjöld til allra þjóðvega skal þannig greiða, að hver húsbóndi gjaldi á ári hverju til sýslumanns á manntalsþíngi verð fyrir hálft dagsverk eptir hvers árs verðlagsskrá fyrir hvern verkfæran karlmann 18 ára og allt að 60, sem er í hans þjónustu, og svo einnig fyrir sjálfan sig, hverrar helzt stèttar sem eru, og sama skylda liggur á hverjum þeim, sem á löglega með sig sjálfur, þótt eigi sè húsbóndi.

17. gr.

Einginn, sem tekizt hefir á hendur vegabótaverk fyrir borgun, á heimtíng á, að fá hana fullgreidda, fyr en búið er að sanna með lögmætri skoðunargjörð, að verkið sè svo af hendi leyst, eins og áskilið var. En ef verkið er umfángsmikið, má forstöðumaður fá smátt og smátt allt að $^2/_3$ hinnar umsömdu borgunar, eptir því sem verkinu skilar áleiðis.

18. gr.

Hreppanefndirnar skulu á ári hverju fyrir sumarmál senda sýslumanni nafnaskrá yfir þá menn í hreppnum, sem samkvæmt 16. grein eru skyldir að leggja fè til þjóðvegabóta.

19. gr.

Hèr að auki eiga veganefndir hreppanna á ári hverju í októbermánuði að senda sýslumanni uppástúngur um þær vegabætur, er gjöra þarf á næsta sumri við hina almennu aukavegi í hreppnum.

20. gr.

Aukavegir eiga almennt að vera 5 álnir á breidd; þó má sýslumaður leyfa, að brugðið sè út af þessu, þegar landslagi er svo háttað (sbr. 11. gr. að niðurlagi), að óumflýjanleg nauðsyn dregur til þess. Að öðru leyti skal í öllu því, er aukavegi snertir, hvort heldur þeir eru gjörðir að nýju eða endurbættir, og eins hvað skyldu

eigandans viðvíkur, til að láta af hendi land það og tilfaung, sem þarf, farið eptir reglum þeim, er ákveðnar eru hèr að framan um þjóðvegi, að svo miklu leyti sem þær geta átt hèr við.

21. gr.

Hvort sem vegabótaverkið er unnið af einhverjum, sem hafa tekizt það á hendur fyrir umsamið verð, eður af leigðum mönnum, eiga veganefndir hreppanna að hafa umsjón alla með, að það verði óaðfinnanlega af hendi leyst, eins á aukavegum sem þjóðvegum, samkvæmt 4. gr.

22. gr.

Hreppstjóri skal við hver árslok semja og senda sýslumanni greinilegar skýrslur um allar þær vegabætur, er gjörðar hafa verið á aukavegum í hreppnum það ár, og á hvern hátt þeim hafi orðið framgeingt.

23. gr.

Sýslumenn skulu hafa á hendi aðalumsjón yfir og ábyrgð á öllum vegabótum sýslunnar; skulu þeir innan loka janúarmánaðar senda hlutaðeiganda amtmanni skýrslu um vegabætur þær, er undanfarið ár hafa verið framkvæmdar í sýslunni, ásamt reikníngum þeim, er þar að lúta,

24. gr.

Það er skylda amtmanna, að hafa yfirumsjón með vegunum í ömtum þeim, sem þeir eru settir yfir, og eiga þeir á embættisferðum sínum nákvæmlega að gefa gætur að ástandi veganna, og að öðru leyti á ári hverju að senda skýrslur til dómsmálastjórnarráðsins um ásigkomulag veganna í amtinu, og láta þar með fylgja hinar ofannefndu skýrslur, sem komnar eru frá sýslumönnum.

Amtmaður skal láta auglýsa árlega í tímaritum landsins yfirlit yfir þann kostnað, sem á hvert lögsagnarumdæmi er ákveðinn til vegabóta, og hvað miklu fè hafi verið til þeirra varið í hverju fyrir sig; þar með skal fylgja stutt skýrsla um þær vegabætur, sem hafa verið gjörðar í öllu amtinu.

25. gr.

Verði nokkur uppvís að því, að hafa með ásettu ráði skemmt þau verk, sem vegastjórnin hefur látið gjöra, þá skal hann bæta skaðann, og þar að auki sektast frá 1—10 rdl., eptir því hvað skemmdin er mikil og eptir öðrum málavöxtum; skal einnig taka til greina, hvort yfirsjónin er framin í fyrsta sinn, eða hún er ítrekuð. Sè vörður og sæluhús á vetrarvegum skemmd eða eydd, þá skal

það sæta 10—50 rdl. sekt, eða líkamlegri refsíngu frá 10—27 vandarhagga. Sèu mannvirki þau burt tekin, sem vegastjórnin hefir látið gjöra, svo sem brýr, vörður og sæluhús, þá varðar það þjófstraffi, og skal, þegar ákveða á stærð hegníngarinnar, einkum tekin til greina hætta sú, sem af því hefði getað hlotizt fyrir ferðamenn. Sektir þær, sem ákveðnar eru í þessari grein, skulu falla í vegabótasjóð amtsins.

26. gr.

Öll mál viðvíkjandi afbrigðum gegn þessari tilskipun skal með fara og dæma sem almenn lögreglumál að því leyti, sem þau ekki eptir eðli sínu eru misgjörðamál, og skal að öðru leyti, hvað þær yfirsjónir snertir, sem hèr ræðir um, fara eptir ákvörðunum í tilsk. 24. jan. 1838, 9. og 10. gr.

27. gr.

Hvað hinar almennu ferjur yfir stærri ár og vatnsföll áhrærir, þá skal framvegis farið eptir reglum þeim, sem settar eru í Jónsbókar landsleigubálks 45. kap. og í konúngsbrèfi af 29. apríl 1776, art. 6.

Að öðru leyti skulu þær ákvarðanir, sem ofannefnt konúngsbrèf og Jónsbókar landsleigub. 44. kap. innihalda um vegina á Íslandi, hèr eptir vera teknar úr lögum.

„Til konúngs!

Fulltrúi yðar hátignar á þessu alþíngi lagði fyrir það allrahæstan úrskurð yðvarn 27. maí þ. árs, er býður þínginu að taka til meðferðar og álita frumvarp það, er nefnd sú, sem kosin var í Reykjavík 1855, til að lagfæra jarðamatið á Íslandi frá 1849—50, hefir samið til nýrrar jarðabókar yfir þetta land.

Þíngið kaus 9 manna nefnd í mál þetta, er bar upp um það álit sitt; síðan var það rætt á 2 aðalfundum, og leyfir þíngið sèr að skýra yðar konúnglegu hátign frá úrslitum málsins og ástæðunum fyrir þeim, sem og fyrir áliti sínu og uppástúngum á þessa leið:

Þíngið varð að álíta það vafalaust, að með hinum fyr nefnda allrahæsta úrskurði yðar hátignar væri þessu alþíngi uppálagt, að taka til yfirvegunar, sumpart til úrslita, en sumpart til álita, öll þau atriði, sem úrskurðurinn tekur fram í I. *a—f* og II. *a*. En af því þíngið eptir fyrirmælum alþíngistilskipunarinnar þannig hlaut að sameina hin sèrstöku atriði úrskurðarins undir einar og sömu 2 lögskipaðar umræður, hverja meiníngu einnig *fulltrúi yðar hátignar* aðhylltist, þá sá þíngið ekki annað fært, en að leiða hjá sèr að þessu

sinni, að láta jafna niður hundraðatali eptir þeim mælikvarða, sem ákveðinn yrði, á hinar einstöku jarðir um land allt, heldur varð þingið að álíta, að aðaltilgángi konúngsúrskurðarins yrði fullnægt, ef þingið gjörði að álitum, að hve miklu leyti frumvarpið, eins og það væri nú leiðrètt af jarðamatsnefndinni frá 1855, gæti náð samþykki þíngsins; þar næst, eptir hvaða mælikvarða, hvort heldur yfir allt land, eður einstöku hluti þess, bæri að ákveða hundraðatöluna, og að síðustu, á hvern hátt og á hverjum tíma hið nýja jarðamat skuli öðlast lagagildi. Þínginu varð að finnast auðsætt, að ekki væri gjöranda, að rannsaka og finna, hverja hundraðatölu ætti að ákveða, og eptir hvaða mælikvarða henni ætti að niður jafna, fyr en geingið væri úr skugga um, að hve miklu leyti lagfæríngar jarðamatsnefndarinnar frá 1855 væri svo viðunanlegar og fullnægjanlegar, að frumvarpið mætti að þessu leytinu samþykkja, og á því sjálfu óhult byggja mælikvarðann fyrir hundraðatölunni eður dýrleika allra jarða í landinu. En á hinn bóginn gat þíngið ekki sèð, að sjálf niðurjöfnun hundraðatölunnar á hinar einstöku jarðir eptir fastákveðnum mælikvarða ætti að ráða úrslitunum um það, hvort hið leiðrètta jarðabókarfrumvarp ætti að ná samþykki þíngsins eður eigi, en þótt sú meiníng virðist að liggja eins nærri eptir niðurskipuninni í allrahæstum úrskurði 27. maí þ. á., I. stafl. *c*, *d* og *e*, því þegar búið er að ákveða tiltekna dalatölu af matsverðinu, er eigi að gánga í hvert nýtt jarðarhundrað, þá er dýrleiki eða hundraðatala hverrar einstakrar jarðeignar auðfundin með einföldu reikníngsdæmi, og eins auðgefið að útreikna hana og tilfæra við hverja jörð, eins og síðar meir að komast að órækri raun um, ef rángt hundraðatal væri sett á einhverja jarðeign, sem þó vart mun þurfa að óttast, þar að auki sá þíngið sèr ekki fært að þessu sinni, að láta út reikna og til færa í frumvarpinu dýrleika hverrar jarðeignar með fullri nákvæmni, og þó að því búnu að gánga úr skugga um, að það væri áreiðanlega og rètt af hendi leyst.

Af þessum ástæðum lèt þíngið það vera sitt hið fyrsta verk, að komast að sem áreiðanlegastri niðurstöðu um það, hvort jarðabókarfrumvarpið eptir jarðamatsnefndina frá 1855 mætti nú álíta svo leiðrètt og að öðru leyti úr garði gjört, eins og uppástúnga stjórnarinnar til alþíngis 1855 um jarðamatsmálið og ályktanir þíngsins s. ár ákváðu; og hefir þíngið ekki getað annað fundið, en að tèð nefnd hafi leyst ætlunarverk sitt viðunanlega og vel af hendi yfir höfuð að tala eptir þeim reglum, sem henni voru settar, og þeim skýrslum, upplýsíngum og áhöldum, sem hún virðist hafa átt kost

á að afla sèr, og verður því þíngið að leggja samþykki sitt á þetta jarðabókarfrumvarp, eins og það nú liggur fyrir, eptir fyrirmælum konúngsúrskurðarins, stafl. *e*. Þó virðist þínginu, að nefndin 1855 hafi ekki haft nægar ástæður fyrir sèr, til þess að breyta hinu upprunalega undir- og yfirmatsverði á jörðinni Akureyjum í Skarðsstrandarhrepp í Dalasýslu, nè á heimajörðinni Víðidalstúngu í Þorkelshólshrepp í Húnavatnssýslu, heldur verður þíngið að álíta, að þessar tvær jarðir eigi að halda hvor um sig sinni matsupphæð, leiðrèttri eða hækkaðri á Akureyjum eptir þeim mælikvarða nefndarinnar frá 1855, sem aðrar jarðir í Dalasýslu hafa verið hækkaðar, og eigi að ákveða dýrleika þeirra eptir þessari upphæð. Þar í móti álítur þíngið, að matsverðið á jörðinni Leiðarhöfn í Vopnafjarðarhrepp innan Norður-Múlasýslu eigi að setja niður til 550 rdl., áður en hundraðatal er sett á þá jörð, og virðist þínginu, að sjálf yfirmatsgjörðin beri með sèr yfirgnæfandi ástæður fyrir þessari lækkun matsverðsins á tèðri jörð.

Þegar þíngið þar næst, eptir fyrirmælum konúngsúrskurðarins stafl. *b* fór að koma sèr niður á, hverju hundraðatali bæri að jafna niður á hinar einstöku sýslur í landinu, þá varð það brátt ljóst, að þetta mætti ekki skilja beint eptir orðunum, á þá leið, að fyrir hverja sýslu út af fyrir sig væri ákveðinn sèrstakur mælikvarði, miðaður einúngis við matsverð þeirrar og þeirrar sýslunnar sjálfrar og hennar fornu hundraðatölu. Væri svo að farið, þá er auðsætt, að leiðrèttíngarverk nefndarinnar frá 1855 hlyti að gjörraskast, og verða þýðíngarlaust að mestu eður öllu, þar sem það var aðalætlunarverk þeirrar nefndar, að jafna hið ólíka og sundurleita mat milli hinna einstöku sýslna, með því þetta þótti hinn verulegasti galli á jarðamatinu 1849—50, og svo verulegur, að matið var álitið óbrúkanda, nema úr þessum galla yrði bætt. Þíngið verður að játa og vera sannfært um, að nefndin frá 1855 hafi tekizt að leysa þetta aðalætlunarverk svo af hendi, að nú megi byggja á jarðabókarfrumvarpinu, eins og það liggur fyrir, og segir sig því sjálft, að ekki megi af ráða, að ákveða neina þá mælikvarða, sem einmitt yrði til að gjörraska lagfæríngunni.

En áður en þíngið gæti ákveðið mælikvarðann fyrir dýrleikanum yfir allt land, fann það sèr skylt að hafa það hugfast, sem segir í uppástúngu stjórnarinnar til alþíngisins 1855 um þetta mál: „að stjórnin hefir ekki í móti því, að framvegis sè haldið hinu gamla hundraðatali í landinu, en aptur í móti virðist hið nýja hundraða-

tal ekki eiga að vera minna, en það, sem nú er, einkum vegna þess, að jarðatíundin er eitt hið helzta af tekjum prestanna, o. s. frv. Þíngið verður að álíta þessa skoðun stjórnarinnar byggða á gildum rökum, enda verður og þíngið af öðrum ástæðum að álíta það áhorfsmál, að hafa hina nýju hundraðatölu minni yfir allt land, heldur en hún hefir verið.

En þegar þannig virðist nauðsyn á, að miða hina nýju hundraðatölu, er jafna skal niður á allar jarðeignir í landinu við þá hundraðatölu, sem áður hefir verið hèr á landi í raun rèttri, þá ber þess að gæta, að margar jarðeignir víðsvegar um land hafa aldrei haft neinn ákveðinn dýrleika, hvorki eptir hinum elztu jarðabókum, nè heldur eptir jarðabók Árna Magnússonar af 1702, nè hinni ýngstu af 1760; á þetta sèr einkum stað á heimajörðum staða og klaustra og öðru kirknagóssi, og einnig á öllum Vestmannaeyjum, og því nægir ekki að miða hið nýja hundraðatal við hið eldra einúngis að því leyti það hefir verið ákveðið og talið fram til tíundar, heldur og jafnframt við það samsvaranda eldra hundraðatal hinna annara jarðeigna, sem aldrei hafa verið tíundaðar, nè haft neinn ákveðinn dýrleika; samsvaranda dýrleika þessara jarðeigna við hinn eldra dýrleika hefir nú híngað til verið mjög torvelt að finna með fullum áreiðanlegleik; en þíngið hefir fundið sèr skylt, að finna hann af áður töldum ástæðum, og orðið það mögulegt með því, að bera saman matsverð þeirra jarða í hverri sýslu, sem hafa ákveðinn fornan dýrleika, við matsverð heimajarðanna, sem eíngan dýrleika hafa.

Hið ákveðna hundraðatal, eptir því sem nú er talið fram til tíundar, eður eptir fast ákveðnum dýrleika, er þetta:

Í suðuramtinu	25,373,$_9$ cr
- vesturamtinu	21,531,$_5$ —
- norður- og austuramtinu	35,654,$_2$ —
	= 82,559,$_6$ cr

Þar í móti yrði hinar jarðeignirnar, sem ekkert fornt hundraðatal hafa, metnar til forns dýrleika þannig:

Í suðuramtinu, að meðtöldum Vestmannaeyjum	1976,$_3$ cr	
- vesturamtinu	903,$_7$ —	
- norður- og austuramtinu . .	1549,$_3$ —	4,429,$_3$ —
og verður því hinn forni dýrleiki eður hundraðatala á öllum jarðeignum á Íslandi . . . . . samtals		86,988,$_9$ cr

Þegar nú þíngið fór þessu næst að yfirvega og rannsaka, hvaða

mælikvarða væri eðlilegast og rèttast að við hafa, til þess að ákveða hinn nýja dýrleika á hverja jörð, og láta þó ekki hina nýju hundraðatölu verða lægri, en hún í raun rèttri hefir verið, þá virðist fljótt álitið liggja beinast við, að hafa hinn eina og sama mælikvarða yfir gjörvallt landið, og á þetta óneitanlega að styðjast við ýmsar álitlegar ástæður, einkum þá, að jarðamatsnefndin frá 1855 hefir samkvæmt því, sem fyrir hana var lagt, leiðrètt hið sundurleita mat sýslna í milli, með því að bera mat þeirra og jarðaafgjöld saman í hverri fyrir sig, og með þar á byggðum einum og sama mælikvarða yfir allt landið.

Ef nú þannig með hliðsjón af hinni fornu hundraðatölu og hennar rèttu upphæð yrði tekinn og við hafður einn og sami aðalmælikvarði yfir allt land, miðaður við matsverð allra jarðeigna í landinu, nefnilega: 86,988,$_9$ *cr* : 2556489,$_1$ rdl., þá geingi af matsverði hverrar jarðar í eitt nýtt hundrað 29,$_4$ rdl., þ. e.: 29 rdl. 38$^2/_5$ sk. af matsverði hverrar jarðar, hvar sem er á landinu, gjörði eitt hundrað til dýrleika.

Þar í móti yrði mælikvarðinn fundinn á sama hátt fyrir hvert amt út af fyrir sig þessi:

fyrir suðuramtið	30,$_{60}$ rdl.
— vesturamtið	26,$_{86}$ —
— norður- og austuramtið .	29,$_{98}$ —

Með þessum sèrstöku mælikvörðum kæmi fram í hverju amti hin sama hundraðatala, sem var að fornu, en væri hinn fyr áminnzti mælikvarði, 29,$_4$ rdl., hafður yfir allt land, þá yrði mismunurinn þessi:

Í suðuramtinu mundi þá hundraðatalan *hækka* um 1172 *cr* frá því sem fyr var,
- vesturamtinu *lækka* um . . . 1938 — — — — — —
- norður- og austuramtinu *hækka* um 766 — — — — — —

En þrátt fyrir það, þótt til færa megi nokkrar ástæður fyrir því, eins og fyr er sagt, að við hafa þenna aðalmælikvarða fyrir allt land, og beinast þyki liggja við í fljótu áliti, að svo væri gjört, þá hefir þíngið samt orðið að álíta tèðar ójöfnur svo verulegar, að ekki væri gjöranda, að hleypa þeim að. Að vísu hafa margar einstakar jarðeignir mjög svo breytzt, ýmist til hins betra eða lakara, á næstliðnum 150 árum, sem eru liðin síðan hinn síðasti jarðadýrleiki var ákveðinn hèr á landi (1702), svo að hin forna hundraðatala á mörgum einstökum jörðum er orðin næsta óáreiðanlegt einkenni á gæðum eða ókostum slíkra jarða, en að hinu leytinu eru lítil líkindi, og

eingar sannanir fyrir því, að hinir stærri hlutir landsins, t. d. ömtin, hafi verið með verulega mismunanda dýrleika í samanburði hvert við annað, og allrasízt að vesturamtið hafi haft hærri hundraðatölu að tiltölu, heldur en hin ömtin, þar sem það þvert í móti hefir verið almennt viðurkennt, að hin miklu jarðagóss biskupastólanna fyrir norðan og sunnan, einkum þau, sem næst lágu sjálfum stólunum í Skagafjarðar- og Árnessýslum, hafi verið með töluvert hærri hundraðatölu, heldur en aðrar jafngóðar jarðeignir, en þar af hefði þá átt að leiða það, að hundraðatalan í norðaustur- og suðuramtinu hefði fremur átt að lækka en hækka, ef einn og sami aðalmælikvarði væri við hafður fyrir allt landið. Heldur ekki eru líkindi nè sannanir fyrir því, að jarðeignir í norður- og austur-, og einkum suðuramtinu hafi yfir höfuð að tala farið svo stórum batnandi, en aptur jarðeignir í vesturamtinu svo stórum rýrnað, sem ójöfnurnar, er leiddi af aðalmælikvarðanum, benda til. Þvert á móti er það, að ýms hin stærri hèruð í suðuramtinu hafa stöðugt legið og liggja undir afföllum af náttúrunnar völdum, af völdum vatna, eldgjósandi fjalla og sandfoks; á hinn bóginn má ekki missa sjónar á, að í vesturamtinu eru að tiltölu miklu fleiri sjóar- og einkum hlunnindajarðir, heldur en í hvoru hinna amtanna, en að það hefir leitt af hinum mikilvægu breytíngum, sem hafa orðið á atvinnuvegum og verzlun þessa lands um næstliðin 150 ár, að allar hinar gallaminni jarðir við sjó, þar sem er gott til útræðis og aðdrátta allt árið um kríng, en einkum þó þær jarðirnar, sem hafa þar að auki til að bera hin verulegri hlunnindi, dúntekju, selveiði o. fl., hafa svo talsvert hækkað í verði í kaupum og sölum, og því feingið hærra matsverð að tiltölu, heldur en sveitajarðir, en þetta hærra matsverð leiðir aptur með sèr hærri hundraðatölu að tiltölu við það, sem áður var.

Þíngið hlýtur þannig að álíta, að það hafi fyrir sèr yfirgnæfandi ástæður fyrir því, að samþykkja ekki hinn fyr áminnzta nè annan aðalmælikvarða fyrir allt landið, til þess að ákveða hundraðatöluna á hverja jörð fyrir sig í hinum einstöku sýslum og hèruðum; því þótt hann geti stefnt að því, að viðlíka hundraðatala yrði nú yfir allt land, eins og áður var eptir hinum forna dýrleika, þá mundi hann fram leiða svo verulegan mismun hundraðatölunnar, hjá því sem fyr var í hverju amtinu um sig, einkum í suðuramtinu og vesturamtinu, og í hinum einstöku hèruðum þessara amta, sem þíngið hlýtur að álíta að með eingu móti verði rèttlættur.

Eins og þar að auki hinn allrahæsti úrskurður yðar hátignar

27. maí þ. árs í I. *b* virðist að ráðgjöra, að ekki þurfi að einbinda sig við einn og sama aðalmælikvarða fyrir allt landið, til þess að ákveða hundraðatölu hinna einstöku jarða; eins hefir og amtmaðurinn í vesturamtinu komizt til þeirrar niðurstöðu í álitsskjali sínu til stjórnarinnar um jarðamatsmálið, 29. jan. 1851, að ekki muni hlíta, að hafa einn og sama aðalmælikvarða fyrir allt landið, til að ákveða hundraðatöluna eptir jarðamatinu 1849—50, heldur muni affarabezt, að finna til þess sinn mælikvarðann fyrir hvert amt.

Ef þar í móti hinum fyr áminnztu amtamælikvörðum væri haldið, eða það sem næst, þannig að við sè höfð sem auðveldust brotatala við útreiknínginn, þannig:

í suðuramtinu	30,5 rdl.
- vesturamtinu	26,5 —
- norður- og austuramtinu	29,5 —

þá yrði nýja hundraðatalan eptir hinu leiðrètta jarðamati 1849—50 þessi:

Í suðuramtinu	27,493,5 cæ	
fram yfir það, sem áður var		143,3 cæ
- vesturamtinu	22,739,9 -	
fram yfir það, sem áður var		304,7 -
- norður- og austuramtinu . .	37,807,7 -	
fram yfir það, sem áður var		604,2 -
Þannig yrði ný hundraðatala	88,041,1 cæ	
Hin forna hundraðatala var eptir því, sem fyr er sagt	86,988,9 -	
Mismunur +		1052,2 cæ

Þessa mælikvarða fyrir hundraðatölunni yfir allt land, sem nú voru sèrstaklega teknir fram fyrir hvert amt, hefir þíngið nú ákveðið og samþykkt samkvæmt þeim myndugleika, sem því er til þess veittur í allrahæstum úrskurði 27. maí þ. á. I. *b*.

Þíngið hefir leyft sèr að leiða rök að því hèr að framan, að ekki útheimtist annað, en allauðgefinn og umfángslítill reiknínngsstarfi til þess með fullri nákvæmni að heimfæra og við hafa þessa mælikvarða, til þess að setja eptir þeim fast ákveðna hundraðatölu eður dýrleika á hverja jarðeign í landinu, eptir því fast ákveðna matsverði, sem hver jörð nú hefir í jarðabókarfrumvarpinu, að undanteknum þeim 3 jörðum, sem nefndar eru hèr að framan, Akureyjum, Víðidalstúngu og Leiðarhöfn.

Þessi starfi, að út reikna og til færa í jarðabókarfrumvarpið rètt

hundraðatal á hverja þá jarðeign, sem hefir sèrskilið matsverð, — og þíngið leyfir sèr að álíta, að þetta eigi að gjöra með fullri nákvæmni í hundruðum og álnum, þó þannig, að álnatalan verði til færð með einni tugabrotatölu (t. d. 0, 1, 0, 2, o. s. frv.), en því, sem ekki nær fullum tíundu pörtum, skuli sleppt, — leyfir þíngið sèr þegnsamlegast að stínga upp á að verði falinn stjórn yðar hátignar til nákvæmari ráðstöfunar.

Hèr að framan eru teknar fram ástæður fyrir því, að það verði að álítast auðsjáanleg tilætlan hins allrahæsta úrskurðar yðar hátignar 27. maí þ. á., að þetta alþíng ekki að eins samþykki jarðabókarfrumvarpið, samkvæmt úrskurðarins I. *e*, heldur einnig segi álit sitt um, á hvern hátt, og á hverjum tíma hið nýja jarðamat skuli öðlast lagagildi; þetta hlýtur þíngið einnig að álíta bæði tiltækilegast og rèttast, þegar litið er til málefnisins sjálfs og annara kríngumstæðna, og þykir því bezt hlýða, þegar á allt er litið, að leggja það til, og biðja yðar hátign allraþegnsamlegast, að þessari jarðabók verði veitt fullt lagagildi, þegar búið er að fastsetja og til færa dýrleika allra jarðeignanna í henni, eptir því sem lagt er til hèr að framan; en að löggildíng jarðabókarinnar verði að öðru leyti bundin þeim skilyrðum, sem þíngið mun leyfa sèr allraþegnsamlegast að taka fram hèr á eptir.

Á móti því, að löggilda jarðabókina nú þegar, hafa nokkrir þíngmenn hreift því, að rèttast og affarabezt mundi verða, að láta að vísu út reikna og til færa í frumvarpinu dýrleikann á hverri jörð eptir þeim mælikvarða, sem til þess yrði samþykktur, en prenta síðan jarðabókarfrumvarpið og gjöra öllum almenníngi kost á, að kynna sèr það um nokkur ár, gjöra við það athugasemdir, og stínga upp á þeim leiðrèttíngum við það, sem færð yrði rök fyrir að nauðsynlegar væri, og þegar búið væri að taka allar slíkar athugasemdir og uppástúngur til greina, þá, en ekki fyr, mætti álíta tíma til þess kominn, að útvega jarðabókinni konúnglega staðfestíngu. En þetta væri öldúngis gagnstætt þeirri aðferð og undirbúníngi, sem tíðkast með öll önnur lagafrumvörp yfir höfuð, því þeim er útvegað lagagildi, hvenær sem þau þykja tilhlýðilega rædd, og formlega undirbúin, án þess þegnunum yfir höfuð eða alþýðunni, sem þau lög eiga að gánga yfir, sè fyrir fram gjörður kostur á, að gjöra við þau athugasemdir og beiðast leiðrèttínga á þeim; og þíngið verður að vera sannfært um, að þetta jarðabókarfrumvarp sè svo rækilega og vel undirbúið, sem fremst er kostur á, bæði af hendi undanfarinna alþínga og af stjórnarinn-

ar hálfu. Þíngið verður þar að auki að álíta, eptir því sem á stendur hèr á landi, að með hinni áminnztu aðferð yrði ekkert áunnið málefninu til verulegra bóta, heldur mætti hún verða því til beinnar fyrirstöðu, og það því fremur, sem ekki má missa sjónar á því, að jarðamat það, sem hèr ræðir um, er ekki verk eptir neina jarðamatsnefnd, eins og algeingast er í öðrum löndum, er hafi ferðaztum kríng, til þess að meta allar jarðeignir til dýrleika, samkvæmt vissum fyrirskrifuðum reglum, eptir gæðum eða ókostum sjálfs jarðvegarins o. fl., og er hèr ekki að ræða um jarðamat, sem alþýðan veit ekkert um, á hverju það er byggt, eða hvernig það hefir ráðizt til lykta, fyr en það er albúið og komið í kríng yfir allt landið, heldur er hèr einúngis að ræða um jarðavirðíngu, er lögin hafa lagt í hendur *landsmönnum sjálfum,* og síðan (við yfirmatið) gefið hverjum jarðeiganda og ábúanda formlegan kost á, að bera sig upp undan öllum ójöfnum í matinu á því og því hèraði.

En áhrærandi það atriði í konúngsúrskurðinum I. f., á hvern hátt, og á hverjum tíma hið nýja jarðamat eigi að ná lagagildi, þá hlýtur þíngið að leyfa sèr allraþegnsamlegast, að taka hèr fram þau skilyrði og ákvarðanir, er í því tilliti virðast nauðsynlegar.

1. Að almenn endurskoðun, og að því leyti nauðsyn yrði til, lagfæríng jarðabókarinnar verði lögákveðin, 20 árum eptir að henni hefir verið veitt lagagildi. Þetta verður þíngið að álíta nauðsynlegt af því, að enn þótt nú ekki sjáist á jarðamatinu svo verulegir gallar, að þeir geti, eða eigi að vera því til fyrirstöðu, að það nái allrahæstri staðfestíngu yðar hátignar, þá má ekki að eins hugsa sèr, heldur ræður og að líkindum, bæði eptir því sem jarðamat þetta var stofnað og undirbúið frá fyrsta, og af því, hvaða breytíngum margar jarðeignir hèr á landi geta orðið fyrir af óviðráðanlegum völdum náttúrunnar, að reynslan leysi úr ýmsum spurníngum bæði áhrærandi einstaklegar ójöfnur, er kynni að hafa orðið á mati einstöku sèrstakra jarðeigna, og áhrærandi það, ef nú hefði ekki náðst sem viðunanlegastur jöfnuður í hundraðatali einstakra sýslna í samanburði hver við aðra, af því að nú skorti hvers kyns áreiðanlegar upplýsíngar um mismunandi leigumála, er einar hefði átt að ráða úrslitunum um þetta atriði, — og eins má á hinn bóginn gánga að því vísu, að 20 ára tíma geti haft í för með sèr ýmsar mikilvægar breytíngar á mörgum jarðeignum, einkum til rýrnunar af náttúrunnar völdum. Þíngið leyfir sèr að álíta rèttast, að alþíngi yrði falið, að

gjöra uppástúngur um, eða taka hinar nákvæmari ákvarðanir áhrærandi þann undirbúníng, sem nauðsynlegur þætti, til að endurskoða og leiðrètta jarðabókina.

2. Þínginu virðast yfirgnæfandi ástæður til þess, að jafnsnart sem jarðabókin hefir náð lagagildi, þá verði allar fasteignartíundir teknar og goldnar af hverri þeirri jörð, sem tíundarskylda hvílir á eptir núgildandi lögum og landsvenju, eptir hinum nýja dýrleika hennar, þeim, er jarðabókin ákveður, að minnsta kosti fyrst um sinn, þángað til ef ný skattgjaldslög gjörði þar á breytíngu; þetta verður þíngið því fremur að álíta nauðsynlegt, sem hinn forni dýrleiki jarðanna, sakir þess hvað hann var orðinn ójafn, óáreiðanlegur, og á ýmsum jarðeignum ránglátur og mjög þúngbær gjaldstofn, var hin helzta og verulegasta undirrót og orsök til þessa nýja jarðamats.

En þar sem hin nýja hundraðatala yfir allt land verður fremur meiri en minni heldur en verið hefir til þessa, þá líður eingin stèttin, sem tíund tekur, neinn halla fyrir þessa breytíngu yfir höfuð að tala, og sá hluti tíundarinnar, sem yðar konúngleg hátign á heimtu á að lögum, verður t. d. talsvert rífari, en hún áður var. Þótt tíundir til snauðra manna minnki í einstöku hreppum við það, sem verið hefir að undanförnu, þá verða búendur hreppsins þeim mun færari um, að leggja fram rífara aukaútsvar til ómaganna, sem vægara verður tíundarútsvarið eptir hinni nýju jarðabók. Það verður að vísu ekki varið, að í einstöku hèruðum, þar sem dýrleiki jarðanna nú lækkar, þá líða kirkjurnar mestan halla fyrir þessa breytíngu, einkum ef það yrði ekki sèð við þær, þegar ný skattgjaldslög verða ákveðin, en það efar þíngið ekki að verði gjört, og auðgefið að giöra, ef til þess álitist brýn nauðsyn. Svona til bráðabyrgða álítur þíngið ekki að þessi ákvörðun geti orsakað neinni kirkju verulegan halla, því tekjur kirkna hèr á landi eru eingan veginn svo af skornum skamti, ef þeim yrði eptir því vel og skynsamlega hagað, og með efnahag þeirra haft nákvæmt eptirlit, og því virðist ekki þínginu, að þetta atriði eigi að vera rèttlátari heimtíngu fasteignartíundarinnar til fyrirstöðu.

Það má að vísu segja hið sama um preststíundina, sem nú var sagt um kirkjutíundina, að því leyti, að preststíundin breytist óneitanlega í hinum sèrstöku prestaköllum og rýrnar nokkuð í sumum; en yfir höfuð að tala verður að álíta þessleiðis sèr-

staklega rýrnun á tekjum einhvers embættis, að því leyti hana leiðir af almennri lagaákvörðun, hvorki dæmalausa nè órèttláta, ef hún er ekki látin koma fram við neinn þann *embættismann*, sem þegar er veitt embættið, án þess slík rýrnun hafi þá verið áskilin; hinum, sem sækir um og hlýtur embættið, eptir að rýrnunin er lögákveðin, sker þar með einginn órèttur; því verður þíngið að álíta nauðsynlegt, að þeim prestum, sem í prestakallinu sitja, þegar jarðabókin fær lagagildi, verði áskilinn rèttur til, að mega upp bera, meðan presturinn er í því sama kalli, fasteignartíund eptir hinum forna jarðardýrleika, ef sá dýrleiki gefur rífari preststíund af fasteignum, heldur en hún verður eptir hinni nýju jarðabók.

Á þenna hátt og með þessum skilyrðum, sem nú voru tekin fram, leyfir þíngið sèr að leggja til og biðja, að yðar konúngleg hátign veiti þessu jarðabókarfrumvarpi allrahæsta samþykki og fullt lagagildi frá fardögum 1859, þannig, að allar fasteignartíundir verði heimtar og greiddar eptir hinni nýju jarðabók hið fyrsta í fardögum 1860.

Að síðustu ber alþíngi samkvæmt hinum sama allrahæsta úrskurði yðar hátignar 27. maí þ. á. II. a., að segja álit sitt um, hvort og að hve miklu leyti ástæða sè til, að hækka þá 500 rdl. þóknun, sem hverjum jarðamatsnefndarmannanna frá 1855 er veitt, annaðhvort fyrir einn einstakan nefndarmann, eða fyrir þá alla. Þíngið verður í þessu tilliti að láta það þegnsamlegt álit sitt í ljósi, að með tilliti til hins margbrotna, vandasama og umfángsmikla verkefnis þessarar nefndar, og hvernig henni hefir tekizt að leysa það af hendi, að maklegt þykir, að við hvern þessara nefndarmanna um sig verði bætt 100 rdl., auk þeirra 500 rdl., sem þeim eru þegar veittir.

Samkvæmt því, sem þannig er útlistað hèr að framan, hefir þíngið:

A. samkvæmt þeim myndugleika, sem þínginu er til þess gefinn í allrahæstum úrskurði yðar hátignar 27. mai þ. á. I. *b*, og *e*,

1. í einu hljóði samþykkt jarðabókarfrumvarpið, eins og það er leiðrètt af jarðamatsnefndinni frá 1855, þó þannig:

   a. að breytíng sú, sem jarðamatsnefndin hefir gjört á matsverði jarðarinnar Akureyja í Skarðsstrandarhrepp innan Dalasýslu (með 17 atkv. gegn 2), og á heimajörðinni Víðidalstúngu í Þorkelshólshreppi innan Húnavatns-

vatnssýslu (með 15 atkv. gegn 3), verði ekki samþykkt, heldur verði hver þessara jarða látin halda sínu upprunalega matsverði leiðrèttu eptir þeim mælikvarða, sem jarðamatsnefndin hefir ákveðið fyrir sýsluna, áður en á þessar jarðir verður sett hundraðatal.

b. með 17 atkv. gegn 1: að hið leiðrètta matsverð á jörðunni Leiðarhöfn í Vopnafjarðarhrepp í Norður-Múlasýslu verði sett niður til 550 rdl.

2. Með 13 atkv gegn 7.: ákveðið þann mælikvarða, til þess að settur verði dýrleiki eður hundraðatal á allar jarðeignir á Íslandi eptir því leiðrètta matsverði, sem hver jörð nú hefir í frumvarpinu (að undanteknum þeim jörðum, sem teknar eru fram í *A.* 1, *a.*—*b.* hèr að ofan), svo að ákveðið dalatal hins leiðrètta matsverðs gángi í hvert nýtt jarðarhundrað þannig:

í suðuramtinu	$30_{,5}$	rdl í hvert hundr.
- vesturamtinu	$26_{,5}$	— - — —
- norður- og austuramtinu	$29_{,5}$	— - — —

B. Leyfir þíngið sèr samkvæmt hinum sama allrahæsta úrskurði I. *f* allraþegnsamlegast að stínga upp á og biðja:

1. Með 19 atkv.: að yðar konúngleg hátign viljið leggja fyrir stjórn yðar, að hún hlutist til um, að ákveða nákvæmari ráðstafanir til þess, að eptir þessum mælikvörðum verði til hundraða og álna nákvæmlega útreiknaður og í jarðabókinni tilfærður dýrleiki hverrar einstakrar jarðeignar, er hefir sèrskilið matsverð (með 10 atkv. gegn 7), þannig: að álnatalan verði ákveðin með tugabrotum af jarðarhundraði ($^1/_{10}$, $^2/_{10}$, o. s. frv.), en því, sem ekki nær fullum tíundu pörtum, sleppt.

2. Með 14 atkv. gegn 6: að yðar konúngleg hátign, þegar búið er að fastsetja dýrleika allra jarðeigna, veitið þessari jarðabók allrahæsta lagagildi, þannig:

   a. Með 15 atkv. gegn 4: að jarðabókin verði lögð undir algjörlega endurskoðun og leiðrèttíngu, þegar (með 11 atkv. gegn 9) 20 ár eru liðin frá því, að hún nær lagagildi, eptir þeim nákvæmari ráðstöfunum, sem þíngið ákveður þar að lútandi.

   b. Með 13 atkv. gegn 6: að allar fasteignartíundir verði heimtar og greiddar eptir hinum nýja dýrleika í jarðabókinni þegar í stað, eptir að hún hefir náð lagagildi, og

upp þaðan, nema öðruvísi verði ákveðið með nýjum skattgjaldslögum.

c. Með 12 atkv. gegn 5: en þó haldi þeir prestar, sem eru í kallinu, þegar hin nýja jarðabók nær lagagildi, prestsíund sinni af fasteignum eptir hinum eldra dýrleika jarðanna, allt svo leingi þeir eru í sama embætti, svo framt fasteignartíundin er á þann hátt rífari heldur en eptir hinni nýju jarðabók.

d. Með 15 atkv. gegn 5: að jarðabókinni verði veitt allrahæst lagagildi frá fardögum 1859, þannig, að tíundir verði eptir henni teknar og goldnar í fyrsta sinn í fardögum 1860.

3. Með 15 atkv. gegn 3: að yðar konúngleg hátign viljið veita í aukaþóknun jarðamatsnefndarmönnunum (frá 1855) hverjum 100 rdl.

Reykjavík, 17. ág. 1857.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Jón Guðmundsson".

„Til konúngs!

Eptir að *fulltrúi yðar hátignar* hafði lagt fyrir alþíngi frumvarp til tilskipunar um ráðstafanir, til þess að útrýma og varna útbreiðslu fjárkláðans, er geisar á Suðurlandi, samið af amtmönnunum fyrir vestan og norðan, og sömuleiðis uppástúngur stiptamtmannsins um sama efni, og boðið þínginu, samkvæmt brèfi dómsmálastjórnarherrans frá 30. apríl þ. á., að taka þetta mál til meðferðar, kaus þíngið nefnd manna til að íhuga áminnzt frumvarp og uppástúngur, ræddi síðan málið á 2 aðalfundum, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að segja um það álit sitt á þessa leið:

Öllum amtmönnunum hefir komið saman í því, að bráð nauðsyn bæri til, að reisa allar skorður við því, að fjárkláðasýkin gæti útbreiðzt til hinna ósýktu hèraða landsins, og í því skyni hafa þeir fyrir skipað verði, til að verja samgaungum geldfjárins á afrèttum í sumar, og stiptamtmaðurinn hefir í sama tilgángi feingið 2 dýralækna frá Danmörku híngað til landsins. Þar á móti gátu amtmennirnir ekki orðið á eitt sáttir um það, að hve miklu leyti nauðsynlegt væri, að lóga sauðfè í haust í þeim hèruðum, þar sem fjárkláðinn til þessa hefir út dreifzt, með því frumvarp amtmannanna fyrir vestan og norðan fer fram á, að öllu sauðfè, heilbrigðu og

sjúku, verði strax í haust slátrað í Árnes-, Gullbríngu-, Kjósar- og Borgarfjarðar-sýslum, en stiptamtmaðurinn hefir stúngið upp á, að í þessum sýslum sè einúngis skorið niður allt hið veika og grunaða fè á þann hátt, sem fyrir er mælt í frumvarpi hinna amtmannanna, en þó bætt við þeirri varauppástúngu, skyldi aðaluppástúnga hans ekki þykja nógu tryggjandi, að það verði gjört sýslunefndum í hinum sýktu hèruðum að skyldu með ráði hreppsnefnda að ákveða, hve margt fè hver búandi megi halda í samanburði við það fóðurmegn, sem hann hefir, og fólksfjölda til hirðíngar fjárins, svo að meiri hluti fjárstofnsins, einkum þess, sem leitar á afrèttina, verði slátrað.

Þegar nú er litið til þeirrar uppástúngu amtmannanna fyrir vestan og norðan, er lýtur að almennum niðurskurði alls sauðfènaðar í Árnes-, Gullbríngu-, Kjósar- og Borgarfjarðar-sýslum á í hönd farandi hausti, þá getur ekki þíngið gefið henni jákvæði sitt, heldur verður að vera á máli stiptamtmannsins í því, að slík ráðstöfun mundi ekki verða nauðsynleg, nè nægilega tryggjandi, þar það ekki verður álitið öldúngis óyggjanda, að fjárkláðinn, um það leyti niðurskurðurinn yrði að fara fram, ekki sè á öðrum stöðum, en í hinum nefndu sýslum, þrátt fyrir verðina og þær ráðstafanir, sem gjörðar hafa verið, til að varna útbreiðslu hans í sumar, með því líka álit dýralæknanna og lækníngatilraun sú, sem þeir þegar hafa gjört, bendir til þess, að hann verði læknaður, þegar fjárfjöldi, heyfaung og hirðíng fjárins standa í rèttu innbyrðis hlutfalli. Hèr við bætist það nú einnig, að þær bænarskrár, sem til þíngsins hafa komið, frá fjölda búenda í hinum fjársjúku hèruðum, fara flestar fram á, að þar megi verða eptir skilinn nokkur fjárstofn, en hinar, sem biðja um algjörðan niðurskurð, gjöra það að skilyrði, að áreiðanleg vissa fáist þegar í haust fyrir því, að Norður- og Vesturland sè öldúngis kláðalaust.

Aptur á móti getur þíngið ekki aðhyllzt þá aðaluppástúngu stiptamtmannsins, einúngis að skera niður í haust allt hið veika og grunaða fè, því slík ráðstöfun virðist ekki geta komið í veg fyrir framhald og útbreiðslu fjárkláðans, með því veikin getur komið upp seinna og á þann hátt haldizt við í því fè, sem ekki er lógað í haust, og yrði þá afleiðíngin sú, að hann hvorki yrði upprættur í hinum sýktu hèruðum, nè heldur komizt hjá vörðum næsta sumar, ef það reyndist, að þeir í sumar gæti varnað útbreiðslu fjársýkinnar, og mundi framhald slíkra varða bundið ærnum og ókljúfanda kostnaði. Til að koma í veg fyrir þetta, hefir stiptamtmaðurinn að

sönnu stúngið upp á, að þær hreppanefndir, sem settar yrði, ætti að vori komanda, eptir ráðstöfun sýslunefndanna, að láta rannsaka nákvæmlega allt fè í landinu, og að þá skyldi aptur skera niður allt hið veika og grunaða fè. En þessi uppástúnga sýnir einmitt, hversu lítil tryggíng það væri, að fylgja hinni fyr nefndu uppástúngu um niðurskurð hins veika og grunaða fjár í haust, því eins og sýkt og grunað fè getur hugsazt að vori komanda með slíkri tilhögun, þannig getur það og hugsazt að hausti komanda, af því fjárkláðinn er ómerkjanlegur í byrjun sinni, og því lítt mögulegt að hafa gætur á því, hve nær hann kemur upp, og mundi þá af þessu leiða, að ekki yrði sèð fyrir endann á honum, meðan nokkurt geldfè væri til í áminnztum sýslum, auk þess sem niðurskurður að vorinu til er hið mesta tjón fyrir eigendur fjárins, af því það um þann tíma ársins er magurt og mörlaust, þar sem þetta að haustinu til er lítill skaði, meðan fèð er í fullum holdum.

Stiptamtmaðurinn hefir líka í uppástúnguskjali sínu gjört ráð fyrir því, að þínginu mundi ekki þykja þær ráðstafanir, sem hann þannig hefir stúngið upp á, nógu tryggjandi, af því þíngið kynni að álíta, að fjárfjöldi sá, sem bændur hafa almennt, muni standa í vegi fyrir tilhlýðilegri hirðíngu fjárins, og megi þannig óttast fyrir, að sýkin kvikni aptur, og hefir hann því, ef þíngið sökum þessa fyndi ástæðu til, að senda yðar hátign lagafrumvarp, stúngið upp á því til vara, eins og áður er sagt, að það yrði gjört sýslunefndinni í hinum sýktu hèruðum að skyldu, með ráði hreppsnefndanna að ákveða, hve margt fè hver búandi megi halda í samanburði við það fóðurmegn, sem hann hefir, og fólksfjölda til hirðíngar fjárins, svo að meira hluta fjárstofnsins, einkum þeim, sem á afrètt leitar, yrði slátrað, á móti því, að skaði sá, er hann líður við þetta, yrði honum bættur. Þessa varauppástúngu stiptamtmannsins hefir þíngið lagt til grundvallar fyrir sínum þegnlegu tillögum og uppástúngum í þessu máli, og þíngið hefir þá óbifanlegu sannfæríngu, að lógun geldfjárins í hinum sýktu hèruðum sè af þeim ástæðum, sem stiptamtmaðurinn sjálfur hefir tilgreint, sú einasta grundvallarregla í þessu máli, er getur gefið nægilega tryggjandi vissu fyrir því, bæði að fjársýkin verði með tilhlýðilegum læknîngatilraunum stöðvuð í hinum sýktu hèruðum, og reistar skorður við því, að geldfè þaðan ekki flytji hana með sèr að sumri komanda inn í hin ósýktu hèruð. Þessi sannfæríng er byggð á því, sem almennt er viðurkennt, jafnvel af sjálfum dýralæknunum, að fækkun sauðfjárins sè nauðsynlegt skil-

yrði fyrir lækníngunum, og að fjárfjöldinn, eins og nú er ástatt í hinum fjársjúku hèruðum, standi í vegi fyrir nauðsynlegri hirðíngu fjárins, og að það er eins ómögulegt fyrir flesta eigendur að halda hinu sjúka og heilbrigða aðskildu til leingdar, eins og það er fyrir þá, að varna því, að geldfè leiti að sumri á þær afrèttir, sem það áður hefir geingið á, bæði af vananum, og af því þar er betra haglendi en í búfjárhögum. Sú sorglega reynsla, sem sýnir, hvernig fjárkláðinn á einu ári, þrátt fyrir lækníngatilraunir og allar ráðstafanir stiptamtmannsins, hefir út breiðzt um svo mikinn hluta suðuramtsins, virðist því miður bera ljósan vott um það, að sannfæríng þíngsins í þessu efni sè á góðum rökum byggð, og að það sè með öllu óumflýjanlegt, að taka aðra og meir tryggjandi stefnu í þessu máli, en híngað til hefir verið fylgt.

Það aðalsjónarmið, sem þíngið með sínum þegnlegu uppástúngum í þessu máli hefir haft fyrir augum, er sèr í lagi það, að leitast við, að tryggja sem bezt hið almenna með nauðsynlegum takmörkunum og ráðstöfunum, og veita jafnframt hverjum einstökum allt það frelsi og þá ívilnun, sem staðizt gæti innan þessara takmarka, og gjöra framkvæmd lækníngatilraunanna mögulega. Eins og frumvarp það, sem þíngið sendir yðar hátign til allrahæstu staðfestíngar, að efninu til er byggt á varauppástúngu stiptamtmannsins, eins er það að forminu til lagað eptir frumvarpi amtmannanna fyrir vestan og norðan, og samkvæmt uppástúngum allra amtmannanna hefir þíngið álitið nauðsynlegt, að hvervetna væri stofnaðar hreppa- og sýslunefndir, ekki einúngis til að sjá um framkvæmd þeirra ráðstafana, sem fyrirskipaðar yrði, heldur og til þess með skoðunargjörðum og nákvæmu eptirliti að reisa skorður við frekari útbreiðslu fjárkláðans.

Þíngið leyfir sèr enn fremur þegnsamlegast að geta þess, að þar sem stiptamtmaðurinn í varauppástúngu sinni hefir farið því fram, að lógun geldfjárins einkum skuli ná til þeirra sveita, sem liggja á takmörkum amtanna, þá þótti þínginu þessi ákvörðun ekki geta gefið næga tryggíngu, því væri geldfènu ekki annarstaðar lógað, en á takmörkunum, þá væri fjárfjöldinn eptir sem áður í meginhluta suðuramtsins því til fyrirstöðu, að lækníngarnar gæti gefið von um heillavænlegan árángur, og að fjársýkin þess vegna því leingur hèldist við í þessum hèruðum, sem yrði óbærilegt fyrir hinar sauðlausu sveitir á takmörkunum, þegar þær svo árum skipti ekki gæti komið sèr upp nýjum geldfjárstofni. Hèr við bætist það nú einnig, að það

mundi geta valdið megnum ágreiníngi, við hvað slíka takmörkun ætti að miða, og að menn ætti á hættu, að fjallafè úr hinum fjærlendari sveitum rásaði að sumri komanda svo lángt og víðs vegar, að það þannig kynni að flytja veikina inn í hin ósýktu hèruð, og það því fremur, sem það naumast yrði fyrirbyggt, að einhverjir þeirra, sem búa á takmörkum amtanna, kynni að koma nokkru af geldfè sínu til hagagaungu í vetur leingra inn í landið, og að það að sumri komanda leitaði til sinna fyrri átthaga, við hvað þessi ákvörðun yrði þýðíngarlaus.

Af þessum ástæðum þótti þínginu það óumflýjanlegt, að öllu geldfè væri nú þegar í haust lógað í Árnes-, Gullbríngu-, Kjósar- og Borgarfjarðarsýslum, svo að algjörlega yrði að sumri komizt hjá þeim ærna kostnaði, sem af vörðum milli amtanna leiðir, og eigendurnir gæti því betur hirt þann ásauð, sem þíngið hefir stúngið upp á að þeir mætti halda, og sem verður að álítast nægilegur fjárstofn fyrir hvern búanda mann, svo framarlega sem lækníngarnar heppnast, og eigendurnir leggja stund á, að hafa hann í sem beztu standi. Að vísu lítur það nú svo út í fljótu bragði, sem þessi ákvörðun um almennan niðurskurð geldfjárins í hinum sýktu hèruðum hljóti að verða eigendunum tilfinnanleg og samfara nokkrum skaða og óhagræði, en þó er það verulegt og mildanda atriði í þessu efni, að fèð verður í fullkomnum haustholdum, þegar því skal lóga, ens og þetta líka í sambandi við aðrar þar að lútandi ráðstafanir virðist hið eina ráð til þess, að eigendurnir sem fyrst geti feingið nýjan og heilbrigðan fjárstofn. En þrátt fyrir þetta hefir þó þíngið eins og stiptamtmaðurinn komizt til þeirrar niðurstöðu, að það yrði þó beinlínis að bæta eigendunum skaða þann, er þeir líða við þetta, en þar sem stiptamtmaðurinn hefir stúngið upp á, að skaðabæturnar greiðist með niðurjöfnun á sama hátt og alþíngisskatturinn, þannig, að helmíngur endurgjaldsins jafnist á það amt sjálft, sem álíta má að mest varði um niðurskurðinn, en hitt á allt landið, þá hefir þíngið ekki getað fallizt á þenna gjaldmáta, bæði af því hann í þessu tilfelli virðist óhagkvæmur yfir höfuð, og af því að suðuramtið eptir honum yrði harðast úti, og mundi því verða lítt fært að greiða svo mikið fè, sem því að tiltölu bæri. Þess vegna hefir þíngið nákvæmlega og eptir venjulegum búnaðarreglum hèr á landi lagt niður, hve miklu fè slíkar skaðabætur mundu nema, ef búendum í þeim áður umgetnu kláðasjúku sýslum yrði boðið að lóga öllu geldfè sínu í haust, og nema þær samtals 9000 rdl., þegar þær eru miðaðar við framtölu geldfjár-

ins næstliðið vor, að frádregnu því skurðarfè, er menn samkvæmt mati hreppanefndanna þurfa að leggja frá til búa sinna, og leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast að beiðast þess, að yðar hátign allramildilegast viljið gefa leyfi til, að fè þetta megi greiðast fyrir fram sem skyndilán úr ríkissjóðnum gegn endurgjaldi af Íslands hálfu, en að næsta alþíngi megi ákveða, á hvern hátt það skuli endurgjalda. Þíngið hefir ætlazt til, að amtmaðurinn í suðuramtinu skyldi skipta þessu skaðabótafè niður á hverja sýslu eptir geldfjárframtalinu í fardögum 1857, en að sýslunefndirnar jafni því aptur niður á hvern hrepp sýslunnar eptir framtalinu í hreppnum, en hreppsnefndirnar aptur niður á hvern búanda, eptir framtali hans og nauðsynlegum geldfjárskurði til búsins.

Þíngið getur ekki að öllu leyti leitt hjá sèr að geta þess, að stiptamtmaðurinn, eptir að hafa átt tal við nefnd þá, er sett var í þessu máli, ritaði *forseta* þíngsins brèf, dags. 12. þ. m., og skýrði þínginu frá, hversu lángt hann áliti myndugleika sinn ná í þessu máli, samkvæmt brèfi dómsmálastjórnarherrans frá 30. apríl þ. á., og að hann sæi sèr ekki fært, að framkvæma ályktun þíngsins, sem bráðabyrgðalög, ef hún geingi út fyrir niðurskurð á hinu sýkta fè. Jafnframt skýrði hann frá, hverjar ráðstafanir hann þegar hefði gjört til lækníngatilrauna, sem lúta að því, að senda dýralæknana út um hin fjársjúku hèruð, til að reyna lækníngar við það fè, sem heima er á bæjum; en þetta eru að mestu leyti mjólkurær, því geldfè er enn á fjöllum, og við það verður ekki átt, fyr en það kemur af afrèttum í haust. Jafnframt hefir stiptamtmaðurinn heitið því, að hann, bæði með að fyrirskipa fjárhúsarof og endurbyggíngu þeirra, og með því, að setja hreppa- og sýslunefndir, vilji undirbúa allt, sem í hans valdi stæði, til þess að þær ákvarðanir þíngsins í þessu máli, sem yðar hátign allramildilegast mættið staðfesta, gæti feingið sem bezta og greiðasta framkvæmd.

Samt sem áður hefir einn þíngmaður, studdur af atkvæðum þriggja annara þíngmanna, fundið ástæðu til, að neyta þess rèttar, sem þeim, er verður í minna hluta þíngsins, er gefinn í alþíngistilsk. 8. marz 1843, 61. gr., og bera ágreiníngsatkvæði sitt í þessu máli á þessa leið fram fyrir yðar hátign:

Minni hluti þíngsins, biskup *H. G. Thordersen,* etazráð og júst-itíaríus *P. Jónassen,* skólakennari *H. Kr. Friðriksson,* og hreppstjóri *G. Brandsson,* getur með eingu móti fallizt á uppástúngur meira hlutans eða álitið ástæður hans gildar eða nægilega rèttlæt-

andi. Minni hlutinn verður að vera fastur á því, að uppástúngur meira hlutans gángi eignarrèttinum, þessum máttarstólpa alls mannlegs fèlags, of nærri að óþörfu, því að kláðasýki er hvergi talin með pestnæmum sjúkdómum eða ólæknandi, enda eru, eins og alkunnugt er, sumar sveitir í þiem 3 sýslum, sem fjárkláðinn hefir geingið um að þessu sinni, sem annaðhvort eingin sauðkind enn hefir veikzt í, eða þar sem fènaður, að því er menn vita, er allæknaður. Slíkar ráðstafanir, sem meiri hlutinn fer fram á, virðast því óþarfar, því að minna hlutanum virðist það hljóta að nægja, að sèð sè fyrir því, að hinar sýktu kindur verði greindar frá hinum heilbrigðu, og þeim haldið út af fyrir sig, meðan verið er að lækna þær; enda getur minni hlutinn eigi sèð, að aðskilnaður þessi eigi geti átt sèr fyllilega stað, þegar nefnd er sett í hverjum hrepp, til að leiðbeina mönnum í ásetníngu fjárins, og sjá um, að einginn bóndi setji fleira fè á vetur, en hann hefir hús og hey fyrir, og getur komizt yfir að stunda til hlítar, og verður minni hlutinn að vera sannfærður um, að bændur muni í svo umvarðanda efni, bæði fyrir sjálfa þá og aðra, fara að ráði hreppsnefndanna, sem sjálfsagt verða skipaðar hinum skynsömustu bændum. Þar sem meiri hlutinn á hinn bóginn telur lækníngarnar óvissar og óáreiðanlegar, og það eptir þeim árángri, sem af þeim hafi orðið híngað til, þá getur minni hlutinn ekki gjört mikið úr slíkum mótbárum, því að bæði er það, að það er óhrakin reynsla í öllum siðuðum löndum, og samhljóða sögn allra dýralækna, að fjárkláði sè læknandi, enda hefir og eigi allfáum mönnum í þeim 3 sýslum, sem fjárkláðinn hefir geingið í, þegar tekizt að lækna fè sitt, og þótt þessar lækníngar híngað til hvorki hafi tekizt svo vel, eða orðið svo almennar, sem æskjanda væri, þá ber þess vel að gæta, að með því menn hèr á landi eru óvanir kláðsýkinni og kunna eigi enn að meðferð hennar og lækníngu, en hèr hefir híngað til að eins verið 1 dýralæknir, sem átti að gegna starfa sínum um hávetur, lítt útbúinn með meðul gegn veikinni, þá er til allrar vonar, þótt lækníngarnar hafi mistekizt að nokkru, eða eigi orðið eins árángursmiklar, og þær annars hefði mátt verða; en nú er allt öðru máli að gegna, þar sem menn nú hafa betur lært meðferð sýkinnar, og margir eru farnir að hafa hinn mesta áhuga á málinu, og þar að auki 2 duglegir dýralæknar nýkomnir til landsins, sem bæði munu geta framkvæmt allmikið sjálfir, og eigi alllítið leiðbeint öðrum í þessu efni. Meiri hlutinn virðist eigi heldur að fara eptir fastri reglu í þessu máli; því að ef svo færi, að sýkin

væri upp komin að eins á einum stað, og hefði þaðan út breiðzt, og gæti eigi komið víðar upp á landinu, þá hefði átt að skera allt fè í hinum sýktu hèruðum; en ef sýkin er innlend og getur komið upp, hvar sem vera skal í landinu, og sem minni hlutinn er sannfærður um, þá er árángurslaust að skera fèð niður, og þá er hið eina ráð, að lækna sem mest verður; en meiri hlutinn heldur hvorugu, heldur um leið og hann þykist halda fram með læknìngum, vill hann láta skera niður allt geldfè í haust, þótt heilbrigt sè, en vill þó á hinn bóginn leyfa mönnum að halda ám án tillits til þess, hvort þær hafa kláða eða ekki; en ef læknìngunum er eigi að treysta, er ekki líklegt, að þær takist betur, eða misheppnist síður á ám, en geldu fè, nema öllu fremur sè, og að veikin þannig við haldist.

Eignarrètturinn virðist líka, og það án nægrar lagaheimildar, skertur, með þeirri skipun, sem meiri hlutinn vill gjöra á þessu máli, en að áliti minna hlutans verður eignarrèttur manna því að eins skertur, að það liggi beint við, að eignin muni verulega spilla fyrir öðrum og stofna í voða, en einginn getur sagt fyrir víst, að nein hætta sè búin af heilbrigðri skepnu, eða að hún muni útbreiða sýki til annara hèraða; því að þótt það sè borið fyrir, að hinar heilbrigðu kindur geti sýkzt, og geti þannig flutt sýkina á annara fè, þá getur minni hlutinn með eingu móti látið sèr skiljast, að slíkt geti verið næg ástæða, til að svipta menn eigninni, og það því nær endurgjaldslaust. Helgi eignarrèttarins telur minni hlutinn einn af aðalstólpum mannlegs fèlags, sem eingin siðuð þjóð dirfist að hagga, nema af öldúngis yfirgnæfandi ástæðum; þessarar helgi virðist og gætt í tilsk. 12. maí 1772, því að þar er hvergi talað um skurð nema á sjúku fè, og þótt sagt sè, að allt fè hafi þá verið skorið hèr á landi í þeim hèruðum, sem fjársýkin þá gekk um, þá hlýtur það annaðhvort að vera runnið af misskilníngi á löggjöfinni, eða af því, að menn þá hafa álitið allt fèð spillt. Í opnu brèfi 1844 um fjárkláða í Danmörku er þessarar helgi eignarrèttarins líka gætt, því að þar er eingum manni gjört að skyldu, að skera fè sitt, og það þótt sjúkt sè; sömu reglu er og fylgt í lögum þeim, sem út eru komin í Danmörku nú í vetur um sjúkdóma á húsdýrum, og sömu reglu er og fylgt í Noregi. Þessa sömu helgi eignarrèttarins virðist löggæzluráðherrann að hafa haft fyrir augum, þegar hann ritaði brèfið til amtmannanna á Íslandi, dags. 30. apríl þ. á., þar sem amtmönnum er fyrir lagt sèr í lagi að yfirvega, „hvort, og að hve miklu leyti niðurskurður á hinu sýkta fè skuli eiga sèr stað“.

Meiri hlutinn hefir gjört ráð fyrir skaðabótum; en bæði er það, að minni hlutinn vill forðast allan óþarfakostnað, og hjá skaðabótum má komast með þeirri tilhögun, sem hann mælir fram með, enda liggur það í augum uppi, hversu lángt 9000 rdl. munu hrökkva til hinna tilætluðu skaðabóta, þar sem í þeim 3 sýslum, sem kláðsýkin nú er í, voru í vor að minnsta kosti framt að 50,000 geldfjár, og því minna verður úr þessum skaðabótum, ef svo skyldi reynast, að sýkin væri víðar, en í þeim 3 sýslum. En það er eigi að eins að meiri hluti þíngsins hefir stúngið upp á allt of litlum skaðabótum, úr því þær á annað borð á að greiða, heldur hefir hann og með öllu hleypt fram hjá sèr, að koma með nokkra uppástúngu um það, hvaðan gjöld þau skuli taka, sem á lausafènu nú hvíla, og sem augsýnilega missast við niðurskurð geldfjárins, t. a. m. gjöld til sýslumanna, presta, kirkna, alþíngiskostnaðinn og gjöld til jafnaðarsjóðsins o. s. frv.

Með því minni hlutinn varð að vera sannfærður um, að kláðsýki gæti komið upp hvar sem er á landi voru, og honum yrði því, ef til vill, alls eigi út rýmt með niðurskurði, eins og meiri hlutinn fer fram á, varð hann að hafa þá grundvallarreglu, að reyna að lækna svo margt af hinu sjúka fè, sem auðið væri; og er einn þíngmanna bar upp uppástúngur nokkrar í þessu máli, þar sem að áliti minna hlutans er sneitt hjá þeim vandkvæðum, sem honum virðast vera á uppástúngum meira hlutans, varð minni hlutinn að fallast á þær, og leyfir sèr allraþegnsamlegast, samkvæmt fyrirmælum tilskipunar 8. marz 1843, 61. gr., að bera þær upp fyrir yðar konúnglegu hátign. Þar sem í 2. greininni í uppástúngum þessum, er stúngið upp á, að skorið sè það fè, sem sjúkt sè um veturnætur, og það kynni að virðast miður samkvæmt grundvallarreglu þeirri, sem minni hlutinn hafði fyrir augum, þá var það gjört til þess, að slaka til sem mest við meira hlutann, en þar sem það eigi tókst, mætti víkja þeirri ákvörðun við, ef svo þætti betur fara. Minna hlutanum virðist svo tryggar reglur settar í uppástúngum þessum fyrir því, að menn eigi setji á vetur sauðkindur þær, sem þeim eigi er treystanda til að hirða um og lækna, með því þar er svo fyrir mælt, að það megi láta skera sjúkt fè, og það fram til nýárs, svo framarlega sem eigendurnir eigi hafi ástæður til að halda því út af fyrir sig og lækna það. Eptir uppástúngum þessum virðist og allt það eptirlit feingið, sem auðið er, þar sem auk hreppstjóra nefnd er sett í hverjum hrepp til að sjá um, að hið sjúka fè verði aðgreint frá hinu heil-

brigða, og þessum nefndum gefið vald til að taka fram fyrir hendur á mönnum, þar sem augsýnileg hætta er búin af skeytíngarleysi eða þráa manna, og jafnvel skera niður hið veika fè bótalaust, þar sem eigandinn eigi hefir farið að ráðum hennar með ásetníngu fjárins. Auk hreppsnefndanna skal og hreppstjóri hafa eptirlit með framkvæmdum öllum í þessu máli, og einmitt til þess að hreppsnefndirnar hafi aðhaldið sem bezt til að gæta skyldu sinnar, er eigi leyft að kjósa hann í nefndina. Þar sem enn fremur töluverðar sektir eru lagðar gegn öllum afbrotum gegn fyrirmælum uppástúngnanna, hvort heldur er hjá búendum sjálfum eða hreppsnefndunum, og eptirlitið svo mikið sem framast er auðið, þá virðist í þessu efni allt feingið, sem fáanlegt er, og nóg tryggíng fyrir því, að fè í hinum sýktu hèruðum eigi flytji sýkina til þeirra hèraðanna, þar sem fè enn er heilbrigt.

Af öllum framangreindum ástæðum leyfir minni hlutinn sèr allraþegnsamlegast, að bera þá bæn fram fyrir yðar konúnglegu hátign:

> Að sèrstaklegt tillit verði haft til uppástúngna minna hluta þíngsins um þetta mál.

Um ágreiníngsatkvæði þetta, sem hnígur að því, að aðskilja hið kláðsjúka fè frá hinu heilbrigða í haust, og skera eða lækna hið sjúka fè innan viss tíma, þarf þíngið því síður að fara mörgum orðum, sem það virðist fara hinu sama fram, og aðaluppástúnga stiptamtmannsins, og það áður er sýnt, hversu ónóg hún mundi verða, eins og nú er ástatt, bæði til að útrýma fjárkláðasýkinni, og til að varna frekari útbreiðslu hennar, hvað stiptamtmaðurinn einnig virðist að hafa viðurkennt með varauppástúngu sinni. Þíngið ber í sannleika djúpa lotníngu fyrir eignarrètti annara, og vill ekki skerða hann nema í ítrustu nauðsyn, því það viðurkennir, að hann er máttarstólpi mannlegs fèlags; en þar sem önnur eins vandræði bera að höndum, og hèr, virðist það þó óumflýjanlegt, að hagga eignarrètti hins einstaka, til að geta frelsað hið gjörvalla, einkum þegar þetta getur skeð með sanngjörnum skaðabótum. Þíngið viðurkennir fúslega, að tillögur þeirra manna, sem ráða frá niðurskurði geldfjárins, eru byggðar á mannúðlegum grundvelli, þegar þær eru skoðaðar út af fyrir sig, já, það viðurkennir einnig, að það, ef til vill, hefði verið mögulegt, að fylgja þeim, hefði allar varúðarreglur í tíma verið við hafðar, meðan kláðinn að eins gjörði vart við sig á nokkrum bæjum; en eins og hann nú er orðinn magnaður og útbreiddur um 4

sýslur, hvar þvílíkur fjárfjöldi er meira eða minna kláðaveikur, þá verður þíngið að álíta það ómögulegt, að uppræta hann á annan hátt, en þann, sem þíngið hefir stúngið upp á. Þíngið játar það fúslega, að í öðrum löndum, hvar menn hafa næg húsakynni til að aðskilja hið sjúka og heilbrigða fè, hvar lönd manna eru afmörkuð með girðíngum, hvar veðurátta er mildari, og hvar hægt veitir að við hafa alla nauðsynlega varkárni og hirðusemi, þar þarf ekki að grípa til neinna sèrstaklegra eða stórkostlegra ráðstafana til að uppræta hann. En hèr er allt öðru máli að gegna; hèr er lítt mögulegt, að varna samgaungum fjárins; hèr vantar marga hús og hey fyrir skepnur sínar, og þeim verður þess vegna víða að beita úti um hávetrartíma í rigníngum og kulda; hèr er því miður ekki heldur alstaðar sú hirðusemi eða sá mannafli, að þetta geti bætt úr því, sem í sjálfu sèr er lítt mögulegt. Þó fjárkláðinn þess vegna vel sè læknandi, og sumum einnig hèr hafi tekizt að lækna hann, getur það alls ekki verið ástæða til sönnunar því, að tillögur þíngsins sè óþarfar, því þær miða eins og áður er sagt einnig til þess, að gjöra læknìngarnar mögulegar. Þó fjárkláðinn í sjálfu sèr kunni að vera lítt saknæmur, þegar hann er tekinn fyrir í tíma, þá er þó hitt sannað af reynslunni, bæði hèr og annarstaðar, að hann með vanhirðíngu verður pestnæmur og banvænn, og að aðskilnaður hins sjúka og heilbrigða fjár er nauðsynlegt skilyrði fyrir læknìngunum. Þess vegna er mjög hætt við því, að allt geldfè, sem í sumar hefir geingið sjúkt og heilbrigt hvað innan um annað, í hinum kláðsjúku sýslum, verði meir eða minna kláðaveikt, þegar það í haust kemur af afrèttunum, og að kláðamaurinn einnig felist í því, sem heilbrigt kynni að sýnast. Hvort fjárkláði þessi er innlendur eða útlendur gjörir lítið til, úr því hann allt til þessa ekki hefir komið upp, sízt á banvænu stigi, nema í hinum opt nefndu 4 sýslum suðuramtsins.

Hvað hinar áminnztu ágreiníngsuppástúngur enn fremur snertir, og af því uppástúngumaðurinn hefir beiðzt þess, að þær yrði allramildilegast teknar til greina, þegar lagaboð yrði útgefið um þetta mál, skal þíngið einúngis leyfa sèr, að geta þess yfir höfuð, að það getur ekki betur sèð, en að þær, af þeim orsökum, sem hèr að framan eru taldar, ekki mundu geta náð sínum góða tilgángi, heldur verða til þess, ef þeim væri fylgt, að fjárkláðinn hèldist hèr enn leingur við, og útbreiddist að lokunum um allt land, því sá starfi, sem þessar uppástúngur ætla þeim þar til greindu nefndum, er að þíngsins áliti óvinnanda verk, eptir því sem hagar til hèr á landi. Um hinar einstöku

uppástúngugreinir þíngmannsins verður þíngið að vísa til þíngræðanna, en skal að eins minnast þess, að þar sem hann hefir það á móti ákvörðunum þíngsins, að þær skerði eignarrèttinn, þá hefir hann, eins og vonlegt er, ekki heldur komizt hjá þessu, þar sem hann gefur þeim ráðleggjandi nefndum, sem hann hefir stúngið upp á, laga- og framkvæmdarvald, og leyfir þeim, að láta skera niður hið kláðsjúka fè, þvert á móti vilja eigandanna (7. og 10. gr.), og þar sem hann hefir álitið, að ákvarðanir þíngsins gjörði ómögulegt eptirleiðis, að greiða þau gjöld, sem liggja á lausafènu, þá gæti slík ásökun því að eins haft nokkra þýðíngu, að það væri gefið, að uppástúngur hans væri einhlítar til að uppræta fjárkláðann, og varna frekari útbreiðslu hans.

Í álitsskjali sínu hefir stiptamtmaðurinn farið því á flot, að þeir 2 dýralæknar, sem komnir eru frá Danmörku, sè látnir rannsaka ásigkomulag og útbreiðslu sýkinnar, og skal þíngið í tilefni af þessu allraþegnsamlegast leyfa sèr að geta þess, að dýralæknar þessir þegar hafa byrjað lækníngatilraunir hèr í nærsveitunum, og eptir þeim fregnum, sem menn hafa feingið af lækníngatilraunum þeirra og skýrslum þeim, er þeir hafa gefið, verður það að álítast líklegt, að tilraunir þeirra geti haft góðan árángur, þegar fènu verður fækkað, eins og þíngið hefir stúngið upp á; en þar eð þetta þó er undir því komið, að þeim gefist nægur tími til að reyna lækníngarnar til hlítar, virðist þínginu nauðsynlegt, að þeir verði látnir dvelja hèr, að minnsta kosti til næsta sumars og halda störfum sínum áfram undir umsjón og ráðstöfun stiptamtmannsins, samkvæmt tillögum þeirra sýslna og hreppanefnda, er settar verða í hinum fjársjúku hèruðum, og að þeir einnig fari víðar, og jafnvel inn í hin ömtin, ef þurfa þykir. Í sambandi við þetta hefir stiptamtmaðurinn enn fremur stúngið upp á því, að kostnaður sá, sem leiðir af híngaðferð og hèrveru dýralæknanna, greiðist af upphæð þeirri, sem með ríkistekjulögunum er veitt til ófyrirsjáanlegra útgjalda handa Íslandi, eða ef þessari upphæð skyldi vera öðruvísi ráðstafað fyrir þetta ár, þá fyrir fram af ríkissjóðinum mót endurgjaldi af sömu upphæð næsta ár; og leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast einnig að mæla fram með því, að þessi uppástúnga fái mildilega áheyrslu. Af öllum hèr að framan töldum ástæðum leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast, að leita yðar hátignar allrahæsta samþykkis til þess, að ákvarðanir þær, sem það hefir samþykkt í þessu máli, fái fullkomið lagagildi, og að flýtt verði fyrir þessari yðar hátignar allrahæstu staðfestíngu eins og fremst má verða,

annaðhvort með beinum skipaferðum, sem fyrst falla frá Kaupmannahöfn hingað, eða með því, að láta póstskipið leggja af stað þaðan, fyr en vant er.

En skyldi mót von þingsins einhverjar yfirgnæfandi ástæður hamla því, að ákvarðanir þess um niðurskurð geldfjárins í þeim sýslum, sem fjárkláðasýkin nú geisar yfir geti feingið allrahæsta staðfestíngu, og skyldi veikin við haldast í þeim, en vestur- og norðurumdæmin reynast frí við tèða veiki, leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast að beiðast þess, að fyrirskipað verði, að suðurumdæmið skuli þá vera skuldbundið til, að halda verði á sinn kostnað með Hvítá í Borgarfirði og í jökla fram, og í jökulskörðum öllum milli suður- og vestur- og norðurumdæmisins, þar sem þörf gjörist, til að varna fjársamgaungum öllum, og að þessir varðmenn skuli vera leigðir úr vestur- og norðurumdæminu, og standa undir stjórn og umsjón yfirvaldanna þar.

Loksins leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast, skyldi yðar hátign ekki finna nægar ástæður til að samþykkja í því verulega uppástúngur alþíngis í þessu máli, eða fjárfaraldrið skyldi útbreiðast víðar um landið, en nú er fyrir að sjá, eða kríngumstæðurnar að öðru leyti skyldi vera svo, að nauðsyn væri á frekari ráðstöfunum, en þeim, sem nú eru samþykktar af þínginu, að beiðast þess, að yðar hátign allramildilegast boði alþíngi, eins og það er samansett eptir kosníngarlögunum í tilsk. 8. marz 1843, á aukafund næsta ár (1858), til að ræða þær ráðstafanir, er þyrfti til útrýmunar kláðafaraldursins eða varna gegn því.

Samkvæmt öllu því, sem hèr að framan er sagt, leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast að bera eptirfylgjandi atriði fram fyrir yðar hátign til allrahæsta samþykkis og staðfestíngar (með 17 atkv. móti 4):

1. Að dýralæknar þeir, sem komnir eru hingað til landsins, verði látnir dvelja hèr að minnsta kosti til næsta sumars, og halda störfum sínum áfram undir umsjón og ráðstöfun stiptamtmannsins, samkvæmt tillögum þeirra sýslna- og hreppanefnda, er settar verða í hinum fjársjúku hèruðum, og að þeir einnig fari víðar, og jafnvel inn í norður- og vesturamtið, ef þurfa þykir. (Samþykkt með 16 atkv. móti 1).
2. Að kostnaður sá, sem leiðir af hingaðferð og hèrveru dýralæknanna, greiðist af upphæð þeirri, sem með ríkistekjulögunum er veitt til ófyrirsjáanlegra útgjalda handa Íslandi, eða ef þessari upphæð skyldi vera öðruvísi ráðstafað fyrir þetta ár, þá fyrir

fram af ríkissjóðnum móti endurgjaldi af sömu upphæð næsta ár. (Samþ. með 18 atkv.).

3. Að yðar hátign veiti þeim ákvörðunum, sem þíngið hefir samþykkt í þessu máli, fullkomið lagagildi. (Samþ. með 17 atkv. móti 4).

4. Að flýtt verði fyrir yðar hátignar allrahæstu staðfestíngu á þessum uppástúngum þíngsins, svo sem fremst má verða, annaðhvort með beinum skipaferðum, sem fyrst falla frá Kaupmannahöfn híngað, eður með því að láta póstskipið leggja fyr af stað þaðan, en vant er. (Samþ. með 17 atkv.).

5. (Varauppástúnga): Að svo framarlega sem ákveðið verður, eða leyft, að geldfènaður megi lifa næstkomanda sumar í þeim sýslum, sem fjárkláðasýkin nú geisar yfir, og við haldist veikin í þeim, en vestur og norðurumdæmin reynist frí við tèða veiki, þá skuli suðurumdæmið vera öll þau sumur skuldbundið til, að halda verði á sinn kostnað með Hvítá í Borgarfirði, og í jökla fram og í jökulskörðum öllum, þar sem þörf gjörist, til að varna fjársamgaungum öllum milli suður- og vestur- og norðurumdæmisins, og að þessir varðmenn skuli vera leigðir úr vestur- og norðurumdæminu, og standa undir stjórn og umsjón yfirvaldanna þar. (Samþ. með 14 atkv. gegn 7).

6. Skyldi yðar hátign ekki samþykkja í því verulega uppástúngur alþíngis í þessu máli, eða fjárfaraldrið skyldi útbreiðast víðar um landið, en nú er fyrir að sjá, eða kríngumstæðurnar að öðru leyti skyldu vera svo, að nauðsyn væri á frekari ráðstöfunum, en þeim, sem af alþíngi nú eru samþykktar, að yðar hátign þá allramildilegast boði alþíngi, eins og það er samansett eptir kosníngarreglunum í tilsk. 8. marz 1843, á aukafund næsta ár (1858), til að ræða þær ráðstafanir, er þyrfti til útrýmunar kláðafaraldursins, eða varna gegn því. (Samþ. með 14 atkv. móti 6).

Reykjavík, 17. ágúst 1857.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson, varaforseti. *P. Pètursson*".

Fylgiskjal 1.

Tilskipun,

til þess að útrýma og varna útbreiðslu fjárkláðans.

(Samþykkt á alþíngi 15. ágúst 1857 með 16 atkæðum móti 4).

1. gr.

Í þeim 4 sýslum, Árnes-, Gullbríngu- og Kjósar-, samt Borgarfjarðarsýslum, skal almennt farga sauðfènaði haustið 1857, með þeim takmörkunum, sem hèr eptir segir.

2. gr.

Sèrhver búandi, sem grasnyt hefir, má setja nokkrar ær á vetur, en þó svo, að einginn má setja á fleiri ær en 100, að meðtöldum kúgildisám.

3. gr.

Þar á móti skal skera eða lóga öllum geldfènaði og lömbum, hvort sem sjúkt reynist eða heilbrigt; sömuleiðis dilkám og geldum ám, sem á afrèttum hafa geingið, en þó má setja á vetur brundhrúta þá, er til ánna þurfa, sem og veturgamlar gimbrar, innan þeirrar ærtölu, sem til er tekin í 2. gr.

Enn fremur mega þeir bændur, sem hrepps- og sýslunefnd álítur hafa ástæður til að setja á fleiri ær, en þeir eiga, eða fyrir elli og sjúkleika sakir geta látið lifa, setja á vetur nokkur gimbrarlömb, sem væri kláðafrí, þó með því skilyrði, að þeir vakti þau með ásauð sínum næsta sumar.

4. gr.

Förgun þess fjár, sem farga á, skal hver maður hafa aflokið fyrir 31. desember 1857.

5. gr.

Á hverju því heimili, þar sem fjársýkin gjörði vart við sig næstliðinn vetur eða vor, en ekki hafa verið rifin fjárhúsin í sumar, samkvæmt reglugjörð stiptamtsins 13. febrúar þ. á., skal öll fjárhús rífa á hausti komanda, og byggja aptur upp á öðrum stað, háum og þurrlendum, ný fjárhús, nægileg fyrir ærstofn þann, sem hver búandi má gjöra ráð fyrir að hann megi á setja samkvæmt þessari tilskipun, og með þeirri stærð og lagi, sem tilsk. 2. marz 1776 tiltekur.

Viðina úr gömlu fjárhúsunum má brúka í hin nýju, ef þeir eru sviðnir áður, eða bikaðir utan.

Hafa skal sèrstaklegt tillit til þess, þegar ákveðin verður ærtala sú, er hver má á vetur setja, hve rækilega búandi hefir, sam-

kvæmt þessari grein, leyst af hendi rof hinna eldri fjárhúsa og uppbyggíngu hinna nýju.

6. gr.

Til þess að annast um ásetníngu og lógun fjárins, niðurjöfnun og úthlutun skaðabótanna, rof og endurbyggíng fjárhúsanna, sem og annað fleira, er hèr er tekið fram í 1.—5. gr., skal hver sýslumaður kveðja sèr til ráðaneytis og aðstoðar 3 eða 4 hina beztu menn hèr og hvar úr sýslu sinni.

Hin sama regla gildir og fyrir lögsagnarumdæmið Reykjavík, og bæjarfógetann þar.

7. gr.

Í hverjum hrepp skal velja hreppanefndir, á þann hátt, að hreppstjórinn kveðji með sèr, eptir stærð hrepps síns, 2 eða 4 hina beztu hreppsbændur, og sè hreppur mjög stór, svo vatnsföll geti um leingri tíma hindrað samfundi, þá sè hreppanefndir 2 eða 3, svo til þeirra sè kvaddir, ef þarf, alls 6 menn.

8. gr.

Einginn sýslu- eða hreppsnefndarmaður má skorast undan þeim starfa án lögmætra forfalla, sem sýslumaður þá metur, og skal þegar kveðja nýjan mann til nefndar, ef eins missir við úr nefndinni.

9. gr.

Stiptamtmaður skal sjá um, að prentaður verði, svo fljótt sem orðið getur, greinilegur leiðarvísir til að þekkja kláðann, öll einkenni hans og alla lækníngameðferð á honum, og enn fremur skal í leiðarvísi þessum skýrt frá, hvernig með fènað skuli fara, til að verja hann kláða, og skal senda leiðarvísi þenna öllum hreppsnefndum, sem um er getið í 7. gr.

10. gr.

Hreppanefndir skulu byrja starfa sinn svo fljótt sem verður, og þegar innan 20. nóvember hafa sent sýslumanni skýrslu um búnaðar- og heimilisástand hvers búanda í hreppnum, samkvæmt þeim eyðublöðum, sem þeim til þess verða send og sem nefndin útfyllir.

11. gr.

Sýslumaður skal, undir eins og hann hefir feingið skýrslur þær frá hreppanefndum, sem getið er um í 10. gr., kalla saman sýslunefndina, og skal hún leggja úrskurð á um það, hversu margar ær og gimbrarlömb hver búandi í hverjum hreppi sýslunnar má á vetur setja, innan þeirrar tölu, sem til er tekin í 2. gr. Þenna úrskurð

skal sýslunefndin senda tafarlaust til hlutaðeigandi hreppanefnda, svo að þær hafi feingið úrskurð sýslunefndarinnar innan 6. desember.

12. gr.

Hreppanefndir sjá um, að úrskurðum sýslunefndarinnar verði fullnægt, svo að einginn setji meira á, en þar er til tekið, og skulu þær tilkynna þetta öllum hreppsbúum með hreppaseðli rètta boðleið, að viðlögðum sektum fyrir boðfall. Óhlýðnist nokkur búandi því, sem þannig er ákveðið, skal hreppsnefndin tafarlaust tilkynna það sýslumanni, en hann höfðar opinbert lögreglumál móti hinum seka til óhlýðnissekta eptir málavöxtum, málskostnaðarútláta og skaðabótamissis. Þá dóma sýslumannsins má ei áfrýja; málskostnaðinn má strax taka lögtaki, en lagabrotssektirnar eptir amtsúrskurði.

13. gr.

Í seinasta lagi innan viku frá þeim seinasta niðurskurðarfresti, sem til er tekinn í 4. gr., skulu hreppanefndirnar hefja rannsóknarferð um hreppinn, til þess að komast að fullri raun um, að hver búandi hafi hlýtt úrskurði sýslunefndarinnar, halda rannsókn þessari áfram tafarlaust, svo henni sè lokið og sýslumanni tilkynnt svo fljótt sem verða má.

Strax eptir miðjan vetur skulu hreppsnefndir aptur fara um hreppinn, og eiga þær þá enn að nýju að gánga úr skugga um, að hvergi sè sett á fram yfir það ákveðið var, og enn fremur kynna sèr heilbrigðisástand og hirðíngu fjárins, hvort lækníngatilraunir hafa verið við hafðar, og hver árángur af þeim hefir orðið, og gefi sýslunefndinni hið fyrsta þar um greinilegar skýrslur. Þriðja skoðan fram fari um sumarmál; fjórðu skoðunarferð skulu hreppsnefndir gjöra um jónsmessuleytið, eða svo fljótt, sem ærfè almennt fer úr ullu, og gefa sýslunefndinni þá greinilega skýrslu um heilbrigðisástand fjárins, og fleira, er þar að lýtur, eins og fyr segir í þessari gr.

14. gr.

Sýslunefndirnar skulu hafa vakanda auga á öllu því, sem að því lýtur, að lögum þessum verði tilhlýðilega hlýtt og framfylgt, leiðbeina hreppsnefndunum í öllu, er þurfa þykir, og vera þeim til ráðaneytis, hve nær sem þær leita þess.

15. gr.

Undir eins og sýslunefndirnar hafa úrskurðað um ásetníngu fjárins í hverjum hreppi, samkvæmt 11. gr., skal sýslumaður senda amtmanni greinilega skýrslu þar yfir, svo skal og sýslunefndin senda

amtmanni skýrslu um afdrifin af miðsvetrar- og vorskoðun hreppanefndanna, jafnsnart sem hver sú skoðun um sig er af geingin, og gjöra athugasemdir og uppástúngur um það, sem henni, samkvæmt skýrslum hreppanefndanna, virðist þörf á, einkum með tilliti til lækníngatilrauna, meðalaútvegunar, o. fl.

16. gr.

Sýslumaður skal, þegar vafasamt þykir, leita úrskurðar amtmanns um það, hvort mál skuli höfða, hvort heldur er gegn einstökum búanda eða hreppsnefndarmönnum, fyrir óhlýðni, mótþróa, eður önnur afbrot mót þessum lögum.

17. gr.

Búendurnir í þeim sýslum, sem til eru teknar í 1. gr., er þannig skyldast til að farga geldfènaði sínum í haust, skulu fá skaðabætur, miðaðar við framtölu geldfjárins næstliðið vor, að frádregnu því skurðarfè, er menn þurfa að leggja frá til búa sinna; en það metur hver hreppsnefnd.

Skaðabótum þessum fyrir allar tèðar sýslur, samtals 9000 rdl., skiptir amtmaðurinn í suðuramtinu niður á hverja sýslu, eptir geldfjárframtalinu í fardögum 1857, sýslunefndirnar aptur niður á hvern hrepp sýslunnar eptir framtalinu í hreppnum, en hreppsnefndirnar aptur niður á hvern búanda, eptir framtali hans og nauðsynlegum geldfjárskurði til búsins.

Ef einhver búandi þykist verða afskiptur við úthlutun skaðabótanna í samanburði við aðra í hreppnum, má hann bera sig upp undan því við sýslunefndina, síðan við amtmann, og leggur hann úrskurð á málið.

Þessir 9000 rdl. greiðist fyrirfram sem skyndilán úr ríkissjóðnum gegn endurgjaldi af hálfu Íslands. Næsta alþíng ákveður, á hvern hátt að fè þetta skuli endurgjalda.

18. gr.

Að afloknum fjárskurði í þeim meinguðu sýslum skal stiptamtmaður og amtmaður hver fyrir sig, með tilstyrk sýslumanna og annara merkra manna, alúðlega gángast fyrir því, að safna gjöfum til hjálpar hinum nauðstöddu, er hlotið hafa tjón af kláðafaraldrinu.

19. gr.

Einginn maður í þeim sýslum, sem til eru teknar í 1. gr., má að sumri komanda reka neitt lamb eða nokkra sauðkind á fjöll, heldur skal hann halda þeim í búfjárhögum.

20. gr.

Að vori eða sumri komanda má einginn í fjársjúkum hèruðum fá að nè flytja þángað neina sauðkind úr hinum ósýktu hèruðum; þó má kaupa þaðan skurðarfè.

21. gr.

Hver sá, sem af skeytíngarleysi verður valdur að því, að hið sóttnæma kláðafaraldur flytjist í þau hèruð, sem fè almennt er heilbrigt í, skal sæta, auk skaðabóta, fjársektum frá 1 til 15 rdl., en verði nokkur sannur að því, af ásetníngi eða með vilja að hafa flutt faraldrið inn í hinar ósýktu sveitir, varðar það frelsistjóni frá 2—5 ára.

22. gr.

Hver sá maður í hinum ósýktu hèruðum, sem annaðhvort af skeytíngarleysi eða af ásetníngi verður uppvís að því, að hafa leynt kláðanum á fè því, er hann hefir undir höndum, skal sæta fjársektum frá 5—30 dala.

23. gr.

Í öllum öðrum sýslum landsins, en þeim, sem til eru teknar í 1. gr., skal hlutaðeigandi amtmaður nú þegar í haust hlutast til, að settar verði nefndir í hverri sýslu og hverjum hrepp á þann hátt, sem fyrir er sagt í 6. og 7. gr.

24. gr.

Skyldi hins sóttnæma kláðafaraldurs verða vart á einstökum bæ í hinum sýslunum, þá skal tafarlaust drepa niður hinar kláðugu kindur, halda þar öllu fè í straungu varðhaldi og nákvæmri gæzlu, og verja því samgaungur við annara fè; komi þá í ljós kláði á fleirum kindum, að 4—6 vikum liðnum, skal allt fè á því heimili niður skera, en bæta þá eiganda skaðann af opinberum sjóði, ef hann reynist óvaldur að nè sannur að skeytíngarleysi.

25. gr.

En verði vart hins skaðvæna fjárkláða hèr og hvar í einhverjum hreppum þessara sýslna (sbr. 23. gr.), og á fleiri heimilum í senn, þá skal í hverjum þeim hrepp fram fara almennur niðnrskurður, eða förgun fjárins, með þeim takmörkunum og á þann hátt, sem segir í 1.—20. gr., ef sýslunefndin kýs heldur þann kost, en algjörlegan niðurskurð. Þó skal jafnan, ef kostur er á, leita hèr um úrskurðar amtmanns. Ef ei er, þegar svo stendur á, afráðinn algjörður almennur niðurskurður, skal stránga vöktun á því hafa, að það fè, sem lifi, nái ei samgaungum við heilbrigt fè.

26. gr.

Verði sú raun á að hausti komanda, að fjárkláðasýkin ekki sè almennt upprætt í sýslum þeim, sem til eru teknar í 1. gr., eða öðrum þeim hèruðum suðuramtsins, þar sem sýkin þá hefir almennt gjört vart við sig, skal almennur niðurskurður fram fara og honum lokið fyrir jólaföstu, þó með því skilyrði, að sýkin hafi þá ekki út breiðzt um fleiri hèruð, eða víðs vegar í norður-, austur- og vesturamtinu. Hin sama regla skal gilda í öllum hèruðum í tèðum ömtum, þar sem kláðasýkin hefir út breiðzt (áþekkt því sem ráðgjört er í 24. gr.), en ekki verið upprætt.

Í hverju því hèraði, sem almennur niðurskurður verður að hausti, samkvæmt ákvörðunum í þessari gr., skal öll fjárhús rífa, og byggja þau aptur upp að vori (1859) á öðrum stað.

27. gr.

Ef sýkin þar á mót er upprætt að hausti (1858) í öllum sýslum suðuramtsins, nema Skaptafellssýslunum, þá eru öll hin hèruð amtsins laus við þær lagaskyldur, sem tilteknar eru í 26. gr. En reynist sýkin útbreidd í annarihvorri þeirri sýslu eða báðum, þá skal þar fyrir hið næsta ár fara að öllu eptir þeim reglum, sem segir í 1.—21. gr. hèr að framan, eptir nákvæmari ráðstöfun yfirvaldsins. Verði fjárkláðinn ekki upprættur í annarihvorri þeirri sýslu haustið 1859, skal þar fram fara almennur niðurskurður eptir 24. gr.

28. gr.

Ef nokkurt fè úr ósýktum hèruðum kemur inn í hin sýktu hèruð, skal því þar lóga og alls ei á vetur setja. En ef nokkur kind úr hinum sýktu hèruðum kemur inn í hin ósýktu, þá skal hún dræp og rèttlaus falla.

29. gr.

Skyldi svo fara, að almennur niðurskurður yrði að eiga sèr stað á Suðurlandi samkvæmt 26. gr., skal sèrhver fjáreigandi maður í þeim sýslum og byggðarlögum, hvar almennur niðurskurður, eða með þeim takmörkunum, sem segir í 24. gr., ekki hefir átt sèr stað, skyldur til, eptir tiltölu til fjáreignar sinnar, vorið 1859 að selja svo mikið af ám með lömbum að vorlagi, að hver búandi í þeim sýslum, hvar algjörður niðurskurður hefir fram farið, geti feingið helmíng þeirrar ærtölu, sem hann 1856 hefir talið fram til landbúskapartöflunnar, og skulu yfirvöldin annast um útbýtíngu fjárins eptir þessu hlutfalli.

30. gr.

Ærnar skulu látnar af hendi í fullgildu standi, og borgist eptir verðlagsskrá þeirri, er ræður frá miðju maímánaðar 1859 til jafnleingdar 1860, í þeim sýslum, hvaðan ærnar eru.

31. gr.

Amtmenn ákveði eptir landbúskapartöflunni úr hverju amti, hvað margt fè hverri sýslu ber að selja, en sýslunefnd í hverri sýslu, hvað margt kemur á hvern hrepp, og hreppsnefnd í hverjum hrepp, hvað hverjum fjáreiganda ber skylda til að selja. Skal það með miðsvetrarpóstum tilkynnt stiptamtmanni, hvað margt fè fáist í hverju byggðarlagi fyrir sig, svo hann geti til tekið, hvert hver sveit eigi að leita fjárkaupanna. Ef það virðist óvinnanda, að reka fè úr hinum fjarlægustu sýslum til Suðurlands, skulu þær nálægari sýslur leggja því fleiri ær til, en sè aptur það, sem þær láta í tè fram yfir rètta tiltölu, endurgoldið frá þeim fjarlægari sýslum. Kostnaðurinn til þessa fjárflutnings greiðist úr hlutaðeiganda amts jafnaðarsjóði.

32. gr.

Til fjárkaupa komi Sunnlendíngar um jónsmessuleytið 1859, og skal hreppstjóri í hverjum hrepp með helztu mönnum hreppsins vera þeim hjálplegur í því, að ná saman hinu lofaða fje.

33. gr.

Allar sektir, er ákveðnar eru í lögum þessum, skulu falla í sveitarsjóð.

Ástæður.

Við 1. gr.

Í þessum fjórum sýslum, Árness, Gullbríngu, Kjósar og Borgarfjarðar, hefir fjárkláðinn út breiðzt allt til þessa.

Við 2. gr.

Þíngið áleit rèttara, að hafa þá ærtölu tiltekna, er mest mætti setja á vetur, heldur en öldúngis óákveðna, sèr í lagi nefndunum til leiðbeiníngar í því, að gjöra rèttan innbyrðis jöfnuð í þessu tilliti milli hinna einstöku búenda í hverjum hrepp og sýslu, og virðist tala sú, sem ákveðin er mest, að vera nægilegur fjárstofn fyrir hvern búanda mann, eins og líka gjöra má ráð fyrir, að þeir, sem eiga fleiri ær í hinum fjársjúku hèruðum, helzt muni lóga þeim kláðaveiku, og þannig einkis í missa, þó ærtalan minnki. Með þessu móti getur og þeim fátækari orðið hægra fyrir, að fá sèr ær til ásetníngar innan þeirra af sýslunefndinni ákveðnu takmarka.

Við 3. gr.

Um lógun geldfjárins er talað áður í álitsskjalinu; hèr skal þess að eins getið, að ekki þótti nauðsyn tilbera, að fyrirskipa niðurskurð á kláðasjúkum ásauði, því þegar fjártalan er þannig orðin takmörkuð, að eigendurnir hafa nægileg heyfaung, hús og mannafla, til að hirða hann, má óhætt gjöra ráð fyrir, að þeir geti aðskilið hinar heilbrigðu og kláðsjúku ær, og leitað þessum lækníngar, eins og fremst má verða. Enn fremur er leyft, að setja á nokkur kláðafrí gimbrarlömb með vissu skilyrði, af því þau verða ekki talin með geldfè, þegar þau eru látin fá, eins og margir búmenn gjöra, og þeim síðan að sumrinu til haldið með kvífè.

Við 4. gr.

31. desbr. þ. á. er tiltekinn sem hinn seinasti skurðartími, og þótti ekki ráðlegt, að gefa styttri frest, bæði vegna fjárfjölda þess, sem farga á, og til þess, að skýrslur þær, sem hreppsnefndirnar eiga að gefa sýslunefndunum, og ákvarðanir hinna síðartöldu gæti verið komnar í kríng með nægum fyrirvara.

Við 5. gr.

Þessi grein er að mestu leyti löguð eptir vísbendíngu þeirri, sem dýralæknarnir hafa gefið um nauðsynlegt rof á fjárhúsunum, og hreinsun þeirra, og þótti þetta atriði svo mikilvægt, að ástæða virtist til, að hafa sèrlegt tillit til þess, þegar ákveðin yrði sú ærtala, er hver mætti á vetur setja, hversu rækilega því væri fram fylgt; að öðru leyti mun hæfilegt upplag verða prentað af þeim greinum tollkammerbrèfs 2. marz 1776, sem hljóða um fjárhúsabyggíngarnar.

Við 6., 7. og 8. gr.

Þar sem í frumvarpi amtmannanna 3. gr. var sagt svo fyrir, að amtmaður skyldi kjósa 2 eður 4 menn í hverri sýslu, hlutaðeiganda sýsluyfirvaldi til ráðaneytis og aðstoðar, þótti það rèttara, að sýslumaður til tæki þessa menn sjálfur, bæði til hægðarauka, og vegna nákvæmari þekkíngar hans á sýslubúum, og að þessir menn væri ekki færri en 3, og teknir ekki allir á sama stað, heldur hèr og þar úr sýslunni, svo þeir gæti verið ástandi hreppanna sem kunnugastir, og getur þetta ekki verið neinum sèrlegum erfiðleikum bundið, þar sem ætlazt er til, að sýslunefndin hafi svo sjaldan fund með sèr. Eptir sömu reglum þótti bezt hlýða, að hreppstjórinn kveddi með sèr 2 eða 4 beztu hreppsbændur eptir stærð hreppsins, en ákvörðunin um 2 eða fleiri hreppsnefndir í sama hreppi hefir tillit til

þess erfiðleika, sem fundarhaldi nefndarmanna gæti orsakazt, bæði af stærð hreppsins, veðuráttufari, vatnsföllum og öðru fleiru.

Við 9. og 10. gr.

Það er svo til ætlazt, að prentuð verði viss tala af þeim eyðublöðum, sem gjört er ráð fyrir að hreppanefndunum verði feingin til útfyllíngar eptir því formi, sem hèr með fylgir. Af því naumast verður búizt við allrahæstri staðfestíngu á þessum lögum, fyr en með póstskipi í næstkomanda októbermánuði, þótti það ekki víst, að hreppsnefndirnar mundu fyr en 20. nóv. geta verið búnar að senda hlutaðeigandi sýslumönnum þær fyrirskipuðu skýrslur.

Við 11. gr.

Rèttara þótti að láta úrskurðarvaldið um ásetníngu og niðurskurð vera í höndum sýslunefndanna, heldur en hreppanefndanna, sèr í lagi vegna þess, að þegar hinar fyrtöldu hafa fyrir sèr skýrslur úr allri sýslunni, geta þær gjört rèttan jöfnuð milli hinna einstöku hreppa, og þá einnig milli hinna einstöku búenda.

Við 12. gr.

Í þessari grein er sömu reglu fylgt og í frumvarpi amtmannanna í því, að ákveða, að þau mál, er höfðuð yrði fyrir óhlýðni við hreppanefndirnar, skuli höfðast sem opinber lögreglumál móti hinum seku.

Við 13. gr.

Þessi grein hljóðar um þær rannsóknarferðir hreppanefndanna, er nauðsynlegar þóttu, ekki einúngis til að gánga úr skugga um, hvort nokkurstaðar hefði verið sett á fram yfir hið ákveðna, heldur einnig til að kynna sèr heilbrigðisástand og hirðíngu fjárins yfir höfuð, og hvaða árángur lækníngatilraunir hafa borið á hverjum stað.

Við 14., 15. og 16. gr.

Þessar greinir hljóða um starfa sýslunefndanna, og þótti það tilhlýðilegt, að sýslumenn sendi amtmönnum skýrslur, bæði um ásetníngu fjárins í hverjum hreppi, um ástand þess og lækníngatilraunir, svo hann feingi yfirlit yfir þær gjörðu ráðstafanir, framkvæmd þeirra, og heilbrigðisástand fjárins í öllu amtinu, og gæti í vafasömum tilfellum lagt úrskurð á, hvort höfða skyldi mál fyrir óhlýðni, mótþróa, eður afbrot gegn þessum lögum.

Við 17. gr.

Eptir því, sem næst verður komizt, mun geldfè í þeim fjársjúku sýslum nú sem stendur vera samtals 40,000. Eptir venjulegum

búnaðarreglum er helmíngur þess, eða 20,000 eldri sauðir, skurðarfè, en af þeim 20,000 veturgömlu kindum má gjöra ráð fyrir að 10,000 sè geldíngar; nú er vant að ætla 10 % fyrir vanhöldum, og verða þá eptir 9000 geldíngar; nú er það almennt viðtekið, að kindin árlega batni um 2 dali, og verða það þá 18,000 dalir, en þar frá dregst aptur fyrir fóður og hirðíngu, að meðtaldri ull, 1 rdl. fyrir hverja kind, eða 9000 dalir, og verða þá eptir 9000 dalir, sem álíta má sanngjarnar skaðabætur. Að vísu eru hèr lömb ekki talin, en þar við er það athuganda, að bæði er leyft að setja á gimbrarlömb eptir 2. grein, og eins er það almennt, að bændur skera öll sín lömb í þeim árum, þegar annaðhvort er grasbrestur, eða slæm nýtíng á heyjum.

Við 18. gr.

Þessi grein er tekin úr frumvarpi amtmannanna.

Við 19. og 20. gr.

Þessar ákvarðanir leiða beinlínis af þeirri aðalfyrirætlun þessara laga, að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu fjársýkinnar.

Við 21. og 22. gr.

Það virðist ástæða til, að setja niður þá hegníngu, sem frumvarp amtmannanna hefir til tekið fyrir þá, sem af skeytíngarleysi flytja kláðafaraldrið inn í þau hèruð, sem fè almennt er heilbrigt í, vegna þess að fjárkláðinn er svo ómerkjanlegur í byrjun sinni. Að öðru leyti þótti ekki ástæða til, að ákveða hegníngu fyrir tilraun til þeirra afbrota, sem 21. gr. hljóðar um, þar eð slík tilraun er vítaverð eptir löggjöfinni.

Við 23., 24. og 25. gr.

Þó að kláðasýkin enn ekki sè vitanlega útbreidd til annara sýslna, en þeirra, sem nefndar eru í 1. gr., þótti það þó rèttast, að við hafa sem mestar varúðarreglur, og því einnig nú þegar í haust, að setja nefndir í öllum öðrum sýslum landsins.

Við 26. og 27. gr.

Þessar greinar skýra frá, hvernig að skuli fara að hausti komanda, skyldi fjársýkin þá ekki verða upprætt í þeim hèruðum, hvar hún til þess tíma hefir gjört vart við sig, og áleit þíngið algjörlegan niðurskurð þá óumflýjanlegan í þessum hèruðum, þó varð það að vera skilyrðið, að sýkin hefði ekki útbreiðzt í hinum ömtunum, því skyldi svo fara, verður ekki búizt við heilbrigðum fjárstofni þaðan, sem þó er tilgángur hins algjörlega niðurskurðar. Vegna þess, hvernig tilhagar í Skaptafellssýslunum, varð þíngið að álíta, að öll

hin önnur hèruð suðuramtsins væri laus við niðurskurðarskyldu haustið 1858, ef fjárkláðinn þá væri upprættur úr þeim, þó hann enn kynni að vera eptir óupprættur í Skaptafellssýslum.

Við 28. gr.

Þessi grein þótti nauðsynleg til að varna útbreiðslu fjárkláðans.

Við 29. og 30. gr.

Þessar greinir eru teknar úr frumvarpi amtmannanna, og miða til þess, að búendur þeirra hèraða, hvar niðurskurður fjárins hefir átt sèr stað, skuli strax næsta sumar þar eptir geta feingið nægan ærstofn, til að geta komið fènu upp aptur. Að verð fjár þess, sem selja skal úr heilbrigðu sveitunum, er bundið við verðlagsskrána fyrir það ár, sem í 30. gr. er tiltekið, er gjört til þess, að fyrirbyggja allan ágreiníng milli kaupanda og seljanda, eins og líka tillit hefir verið haft til þess, að ærverðið í verðlagsskránum alstaðar er töluvert lægra, en gángverð ánna manna á milli.

Við 31. og 32. gr.

Þessar greinir eru einnig teknar úr frumvarpi amtmanna, og eru ráðstafanir þær, sem hèr eru fyrirskipaðar, gjörðar til þess, að svo fastar reglur, sem mögulegt er, komist á um það, hvernig fram fara skuli kaup og sala þess fjár, sem hin ómeinguðu hèruð eru skylduð til að láta af hendi, til þess að koma upp aptur heilbrigðum fjárstofn í þeim sveitum, er beðið hafa tjón af fjársýkinni og niðurskurði fjárins.

Fylgiskjal 2.

Uppástúngur

minni hlutans til þess að útrýma og varna útbreiðslu fjárkláðans.

1. gr.

Til þess að varna og útrýma fjárkláðanum, skal fylgja reglum þeim, um niðurskurð og lækníngar á kláðsjúku sauðfè í haust og vetur, sem fyrir eru skipaðar í lögum þessum.

2. gr.

Það fè, sem reynist kláðsjúkt að afloknum fjallgaungum í haust, skal þegar aðskilið frá ósjúku fè og annaðhvort skorið eða læknað að fullu innan næstu veturnótta.

3. gr.

Á öllum þeim bæjum, sem fjárkláðinn gjörði vart við sig næstliðinn vetur eða vor, og fjárhús eigi hafa verið rofin í sumar, skal þegar annaðhvort rífa þau að öllu, eða að minnsta kosti þakið

af þeim, og hreinsa þau eptir fyrirmælum reglugjörðar stiptamtmannsins 13. febr. þ. á., og sè hinir gömlu viðir þeirra aptur hafðir í hin nýgjörðu hús, þá skal fara með þá, eins og fyrir er mælt í áminnztri reglugjörð. Hin nýju fjárhús skulu vera svo haganleg og rúmgóð, að nægileg sè fyrir það fè, sem hver búandi ætlar að setja á næsta vetur, og skal um stærð húsanna einkum farið að fyrirmælum tilsk. 2. marz 1776.

4. gr.

Til að annast um aðskilnað hins sýkta fjár frá hinu heilbrigða og niðurskurð þess, rof og endurbyggíngu húsanna, o. s. frv., skal nefnd manna sett í hverjum hrepp; skulu í henni vera 3, 5, 7 eða 9 menn, allt eptir stærð hreppanna og öðrum ástæðum, og skulu nefndarmenn kosnir af öllum búendum hreppsins. Fund til þessara kosníngа ákveða hreppstjórar, hver í sinni sveit, og stýra þeim, en eigi má þá sjálfa kjósa. Þessum kosníngum skal aflokið, áður en fjallgaungur og fjárrèttir fara fram í haust. Einginn má skorast undan slíkri kosníngu án gildra orsaka, sem hreppstjórar með hinum nefndarmönnum meti. Ef nokkurs nefndarmanns missir við á einhvern hátt, skal þegar kjósa annan í hans stað, á sama hátt og áður er sagt.

5. gr.

Auk starfa þess, sem hreppsnefndum er ætlaður samkvæmt 4. gr., skulu þær hafa nákvæmt eptirlit á heyjabyrgðum og ásetníng fóðurfènaðar hreppsbænda, gæzlu og hirðíngu sauðfjárins, og leiðbeina mönnum í þessu með góðum ráðum.

6. gr.

Þegar að liðnum næstu veturnóttum skulu hreppanefndirnar hefja rannsókn um heilbrigðisástand sauðfjárins, og skulu þær upp frá því rannsaka allt sauðfè, hver í sínum hrepp, að minnsta kosti einu sinni í hverjum tveimur mánuðum, þángað til sauðfènaður almennt fer úr ullu á næstkomanda vori.

7. gr.

Skyldi kláðsýkin gjöra vart við sig eptir næstu veturnætur, skal þegar aðgreina hinar sjúku kindur frá hinum heilbrigðu, en treysti hreppsnefndin eigi eiganda til, að halda hinu sýkta fè út af fyrir sig, og hirða það og lækna, er henni frjálst, að láta skera sauðkindur þær, er þannig sýkjast, og sè þeim skurði áfram haldið allt fram til nýárs. Ef vart skyldi enn verða sýkinnar eptir þann tíma á nokkurri sauðkind, skal hana tafarlaust aðskilja frá hinum ósjúku,

og hafa við hana lækníngatilraunir eptir læknareglum þeim, sem þegar eru gefnar, eða hèr eptir verða gefnar um meðferð sýkinnar, en það er hverjum í sjálfsvald sett, hvort hann heldur vill skera kindur þær, er þannig sýkjast, eða hafa við áminnztar lækníngatilraunir.

8. gr.

Hver búandi er skyldur, að segja hreppsnefnd þegar til, er hann verður var við kláða á fè sínu. En leyni hann kláðanum, skal hann sekjast um 1—10 rdl. eptir málavöxtum, er sýslumaður meti.

9. gr.

Ef kláðsýki verður svo megn á sauðfè einhvers búanda eptir nýár, að hreppsnefndinni eptir ráði dýralækna, þykir nauðsyn til bera, að hann skeri niður sauðfènað sinn, annaðhvort allan, eða að nokkru leyti, og hefir hann þó eigi sett meiri fènað á, en hreppsnefnd áleit hæfilegt, þá skal bæta honum skaðann eptir mati hreppsnefndarinnar úr jafnaðarsjóði amtsins.

10. gr.

Nú hefir einhver búandi sett meira fènað á, en hreppsnefnd áleit hæfilegt, eða vanrækt önnur ráð hreppsnefndarinnar, t. a. m. um byggíngu og ræksluseni fjárhúsanna og góða hirðíngu sauðfjárins, og sýkist sauðfènaður hans, en hann hefir eigi ástæður til að hirða hann og lækna, þá skal hreppsnefnd taka sauðfènað hans og lækna, ef því verður við komið, að öllu leyti á hans kostnað, eða skera að öðrum kosti, og skal honum það að eingu bæta.

11. gr.

Hreppsnefndirnar skulu hver í sínum hrepp gefa hreppstjórum nákvæmar skýrslur um heilbrigðisástand fjárins einu sinni á mánuði hverjum, en hreppstjórar skulu senda skýrslur þessar sýslumönnum, og sýslumenn amtmönnum.

12. gr.

Verði nokkur uppvís að því, að hafa af skeytíngarleysi eða ásetníngi verið þess valdandi, að sýkin hafi borizt á annara fè, t. a. m. við samgaungur, skal hreppsnefndin tafarlaust tilkynna það hreppstjóra, og hann aptur sýslumanni, og skal hinn seki sæta fjárútlátum eptir málavöxtum frá 5—100 rdl., og geti hann eigi goldið sektina, skal hann afplána hana með líkamlegri refsíngu.

13. gr.

Að næstkomanda vori má einginn búandi reka fè sitt til afrètta, nema hreppsnefndin áður hafi skoðað það, og lýst því yfir, að það

alls eingan kláðavott hefði, nè heldur hefði haft hinn síðasta mánuð, áður en það er rekið.

14. gr.

Reki nokkur búandi fè sitt til afrèttar, er hreppsnefnd eigi hefir skoðað áður og álitið að öllu heilbrigt (sjá 13. gr.), skal hann sektast um 5 rdl.—30 rdl., eptir málavöxtum.

15. gr.

Hreppsnefndir geta feingið þóknun fyrir starfa sinn úr jafnaðarsjóðum amtanna; skal hreppstjóri stínga upp á því, hversu mikla þóknun nefndin í hans hrepp skuli fá eptir ástæðum, og senda sýslumanni, en sýslumaður sendir uppástúngurnar með áliti sínu amtmanni til úrskurðar.

16. gr.

Hreppstjórar skulu hafa vakanda auga á, að hreppsnefndirnar gæti skyldu sinnar, eptir því sem fyrir er mælt í lögum þessum; þyki einhver hreppsnefnd eða einhver nefndarmaður skeytíngarlaus í þessu efni, skulu hreppstjórar tafarlaust skýra sýslumanni frá, er þá ásamt 2 valinkunnum mönnum, er hann til kýs, rannsakar málið, og ákveður sektir eptir málavöxtum frá 5—30 rdl.

17. gr.

Sýslumenn skulu og hafa vakanda auga á, að öllum ákvörðunum lagaboðs þessa sè nákvæmlega hlýtt og framfylgt, og leiðbeina hreppsnefndum, og styrkja þær í öllu því, sem þeim með lögum þessum er á herðar lagt.

18. gr.

Stiptamtmaður skal sjá um, að prentaður verði, svo fljótt sem orðið getur, greinilegur leiðarvísir til að þekkja kláðann, öll einkenni hans, og alla lækníngameðferð á honum, og enn fremur skal í leiðarvísi þessum skýrt frá, hvernig með fènað skuli fara, til að verja hann kláða, og skal senda leiðarvísi þenna öllum hreppsnefndum, sem um er getið í 4. gr.

19. gr.

Allar sektir, er ákveðnar eru í lögum þessum, skulu falla í sveitarsjóð.

Öll álitskjöl þessi voru samþykkt af þínginu.

Því næst var lesið upp ávarp þíngsins til konúngs svo hljóðanda:

„Til konúngs.

Allramildasti konúngur! Það er bæði tilfinnanleg nauðsyn og

ánægjusamleg skylda, er knýr alþíngi til, að ávarpa yðar konúnglegu hátign nú, þegar sá sex ára tími er á enda, á hverjum þeir þíngmenn, er nú eiga þíngsetu, hafa eptir lögunum verið kallaðir til að segja álit sitt, eða leggja ráð á um meðferð og úrslit ýmsra alþjóðlegra málefna þessa lands.

Alþíng má í sannleika viðurkenna, og viðurkennir það með gleði og þakklæti, að yðar konúngleg hátign hefir veitt mildilegast undirtekt og ásjá mörgum tillögum undanfarinna þínga, og skipað svo fyrir, að sumt hefir feingið framgáng, sem nauðsynlegt var, og margt verið endurbætt, sem brýna nauðsyn bar til að laga.

Verzlunarmáli Íslands hefir á þessu tímabili verið ráðið til lykta eptir undangeingnum tillögum þíngsins, og í flestum aðalatriðum samkvæmt skoðun þess, en þótt það væri ekki kallað til ráðaneytis um hin síðustu úrslit málsins. Alþíngislögin hafa einnig á þessu tímabili hlotið þá endurbót áhrærandi kosníngarrètt og kjörgeingi til alþíngis, sem leingi hafði verið eptir æskt. Prentfrelsi, sem Íslendíngar höfðu ekki áður, hefir verið hèr lögleitt, og ýmislegt fleira hefir sumpart verið sett á stofn, og sumpart undirbúið, sem þá stundir líða fram, mun bera heillaríka ávöxtu, samkvæma yðar hátignar landsföðurlegu tilætlun.

Alþíng hefir enn að þessu sinni leyft sèr að koma fram fyrir yðar konúnglegu hátign með ýms ráð og uppástúngur í öruggri von og trausti þess, að yðar hátign muni meta tillögur þess með því konúnglega frjálslyndi, sem yður er svo eiginlegt, og veita þeim áheyrn með hinum sama landsföðurlega velvilja, sem Íslendíngar hafa meðtekið svo margan vottinn um.

Allramildasti konúngur! af þeim löndum, sem yðar hátign hefir yfir að ráða, þarfnast Ísland, að þíngsins meiníngu, mest, að allt sè gjört, sem gjört verður, til að styðja áhuga landsmanna á öllum þeim framförum, sem verða hèr, eins og annarstaðar, að álítast skilyrðið fyrir andlegri og líkamlegri velvegnun þeirra og þjóðlegum þroska, og hið bezta ráð til þess er það, sem yðar hátign hafið fylgt í stjórn yðar í Danmörku, að veita þjóðinni sem mest umræði í hennar eigin efnum; þar með greiðist vegur til reynslunnar, sem er hinn bezti og óbrigðulasti undirbúníngur til allra framfara. Eins og þíngið leyfir sèr að vona, að það hafi ekki dulizt fyrir vísdómi yðar hátignar, að alþíngi yfir höfuð að tala, síðan það var stofnað, og ekki síður hin nú næstliðnu 3 þíng. hafi af fremsta megni leitazt við, að stuðla til þess, að sá landsföðurlegi tilgángur, sem yðar

hátignar hásælu forfeður hafa lýst yfir í tilskipan 28. maí 1831 og 8. marz 1843, og yðar konúnglega hátign sjálfur í brèfi yðar til Íslendínga 23. sept. 1848, geti orðið uppfylltur, eins er það og sannfæring þessa þings, að hin komandi alþíng muni stuðla til hins sama af fremsta megni, með því þessi heillaríki landsföðurlegi tilgángur á að styðjast við almennan hugsunarhátt og áhuga hèr á landi.

Almáttugur guð farsæli stjórn yðar hátignar og haldi sinni hendi yfir yður og yðar konúnglega húsi!

Reykjavík, 17. ágúst 1857.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Jón Guðmundsson".

Og var það samþykkt af þínginu í einu hljóði.

Að því búnu stóð upp *konúngsfulltrúinn*, og hèlt svo hljóðandi ræðu:

Heiðruðu alþíngisfulltrúar!
ástkæru landsmenn!

Nú, þegar komið er að þeim tíma, er slitið skal fundum vorum, og þeim störfum er lokið, sem vèr höfum unnið að í hálfan annan mánuð, vil eg, eins og vant hefir verið að undanförnu við slík tækifæri, ávarpa yður fáeinum orðum.

Af málefnum þeim, sem að stjórnarinnar tilhlutun í þetta sinn hafa komið til meðferðar hèr á þínginu, eru það einkanlega 2, sem hafa verið eins margbrotin og örðug viðfángs, eins og þau eru áríðandi fyrir landið, nl. jarðamatsmálið og málefnið um ráðstafanir móti fjárkláðasýkinni.

Hinu fyrnefnda málefni er nú fyrir ástundun og atorku þeirra manna, er að því hafa unnið, þannig lokið frá þíngsins hálfu, að það nú er ætlanda, að ekki sè meira eptir að því að vinna, en að stjórnin geti nú lagt á það hina síðustu hönd, og veitt jarðabókinni lagagildi.

Eins og fjárkláðamálið er það mest umvarðanda mál fyrir landið, sem alþíngi nokkuru sinni hefir haft til meðferðar, því það má kalla, að velferð landsins sè undir þess happasælu afdrifum komin, eins hefir það vakið hèr á þínginu hinar lángvinnustu og áhugamestu umræður. Meiníngarnar um mál þetta hafa verið tvískiptar, en allir þíngmenn hafa þó verið einhuga í því, að vilja ráða því til lykta á þann hátt, sem hver þeirra eptir skoðun sinni og tilfinníngu álítur þann heillavænlegasta fyrir fósturjörðu vora.

Nú eru, heiðruðu alþíngismenn, þau 3 þíng þegar á enda, til hverra þèr hafið verið kvaddir af konúnginum og þjóðinni, til að ræða og meðhöndla löggjafarmálefni þessa lands. Það er eðlilegt, þó sèrhver vor við enda slíks tímabils líti augum til baka yfir þetta skeiðrúm á vegi alþíngis, og virði fyrir sjálfum sèr að nýju þá hlutdeild, sem hver af oss hefir tekið í störfum þeim, sem alþíngi á þessu tímabili hefir af hendi leyst.

Sèrhver vor mun nú við þessa endurminníngu aðgjörða sinna efalaust geta borið sèr vitni um, að hann hafi unnið að þessum störfum með öllum þeim kröptum og eptir þeim vitsmunum, sem hverjum hafa verið lèntir; en þó mun jafnframt sèrhver af oss finna, að það, sem honum þannig hefir verið unnt að verka, ekki að fullu og öllu hefir samsvarað því, er hann vildi hafa komið til leiðar; en þó þessu sè þannig varið, megum vèr eingu að síður vera hughraustir og vongóðir, því mörgu góðu hefir alþíngi á þessu tímabili til leiðar komið, og þau störf, af hverjum árángurinn enn þá er ósèður, eru að álíta sem frækorn, er þróast í tímans skauti, og bera ávöxt, þegar stundin þar til er komin.

Eg hefi, eins og mörgum af yður, heiðruðu alþíngismenn! mun vera kunnugt, átt töluverðan þátt í þeim störfum, er urðu að gánga á undan, áður en alþíngi þetta aptur að nýju var sett á stofn. Að þessum störfum vann eg með áhuga, von, og gleði; því eg vænti þá þess, er eg vona enn, að af viðreisn alþíngis mundi fljóta margt og mikið gott fyrir fósturjörðu vora. Eg hefi síðan stöðugt tekið þátt í aðgjörðum alþíngis í ýmislegri stöðu, og nú seinast um nokkur þíng sem erindsreki stjórnarinnar. Eg hefi að sönnu haft einlægan vilja til, að standa svo í stöðu minni, að þar af gæti flotið sannarlegt gagn fyrir föðurland mitt; en eg hefi ávallt fundið, að kraptar mínir og vitsmunir hafa ekki samsvarað viljanum. En því meir sem ellin og mitt hnignanda heilsufar hafa veikt, og framvegis eptir náttúrunnar eðli mun veikja krapta mína, því óumflýjanlegri nauðsyn er það fyrir mig, að biðja stjórnina um, að leysa mig eptirleiðis algjörlega frá þeim störfum, er eg híngað til hennar vegna hefi á hendi haft hèr á þínginu, ef hún að öðru leyti, hvers eg fyrir mitt leyti ekki get vænt, hefði haft í huga að trúa mèr fyrir þeim optar.

Það verður því í síðasta sinni, heiðruðu alþíngismenn! að eg frá þessum stað votta yður öllum saman, og hverjum út af fyrir sig, mínar innilegustu þakkir fyrir þann stöðuga velvilja, er þèr jafnan hafið auðsýnt mèr, bæði á þessu og undanfarandi þíngum.

Þíngsins háttvirta *forseta* votta eg einnig, bæði í mínu eigin og þíngsins nafni, mitt virðíngarfyllsta þakklæti fyrir þá ágætu forstöðu, sem hann nú, eins og áður fyrri, hefir veitt þíngsins störfum í þetta sinn; það er hans alþekktu iðjusemi, dugnaði og atorku að mestu leyti að þakka, að þíngsins margbrotnu og vandasömu störf í þetta sinn hafa feingið svo fljóta og happasama afgreiðslu, sem nú þegar er skeð. Sjálfur kann eg honum fyrir mitt leyti persónulega innilega þökk fyrir þann bróðurlega velvilja, er hann á þessu þíngi, eins og áður að undanförnu, hefir auðsýnt mèr.

Hinn heiðraði *varaforseti* þíngsins hefir að sönnu í þetta sinn ekki þurft að gegna *forseta*störfunum; en hann hefir þó með sèrlegum dugnaði og óþreytandi iðjusemi tekið svo mikinn þátt í þeim vandasömustu málum hèr á þínginu, að eg finn mèr skylt, að votta honum þíngsins og mitt þakklæti þar fyrir. Loksins þakka eg hinum heiðruðu skrifurum þíngsins fyrir þann dugnað, alúð og reglusemi, er þeir hafa sýnt í því, að halda þíngsins ritstörfum í rèttu horfi.

Eg enda þá þessi orð mín að síðustu með þeirri bæn, að drottinn blessi og farsæli þetta þíng, og stýri öllum þess störfum til heilla og sannrar haminingju fyrir vort ástkæra föðurland.

Þar á eptir stóð upp *forsetinn*, og hèlt svo hljóðandi ræðu:

Góðir herrar og alþíngismenn.

Það er að vísu mjög alvarlegt og hátíðlegt augnablik, þegar alþíngismenn skilja fundi sína í hvert sinn, eptir að hafa um lángan tíma rætt ekki fá mjög áríðandi málefni, en þó er það enn þýðíngarmeira, þegar ekki einúngis eitt þíng er liðið, heldur svo að segja þrjú þíng í einu, þegar það tímabil er á enda, sem kosníngarnar ná yfir. Þá er eðlilegt, að hver af oss líti yfir, hvað hann hafi gjört, og í hverju hann hafi tekið þátt á hinu umliðna bili, og hugsi um, hversu honum hafi heppnazt að uppfylla þær þýðíngarmiklu skyldur, sem traust þjóðarinnar og föðurlandsins velfarnan hefir lagt honum á herðar.

Alþíng endar nú ekki einúngis í þriðja sinn, heldur í sjötta sinn. Tvö kosníngarbil eru á enda, og þegar hið þriðja byrjar, verða ekki einúngis nýjar kosníngar fram farnar, heldur verða þessar nýju kosníngar byggðar á miklu breiðara grundvelli, en þær, sem nú eru. Þær verða byggðar hèr um bil á þeim grundvelli, sem vèr beiddum um fyrir 15 árum síðan. Þegar vèr rennum augum yfir þetta tímabil,

þá mun einginn okkar geta neitað, að það hefir lýst meira fjöri og áhuga meðal þjóðar vorrar, en flest jafnlaung tímabil að undanförnu. Kann vera, að sumum þyki hafa dregið úr þessum áhuga aptur, en eg ætla þó hitt sannara, að hann hafi grafið sèr dýpri rætur, og sè að því leyti alvarlegri, sem hann er nú byggður á nokkru meiri reynslu, en aptur á nokkru minni eptirvæntíngum.

Það er ánægjusamt fyrir oss, háttvirtu alþíngismenn, að vèr getum glatt oss við, að land vort hefir tekið og tekur framförum að vonum; það er gleðilegt, að vèr sjáum þau bönd losna fleiri og fleiri, sem halda oss utan að, og þau hafa losnað ekki fá á þessu tímabili, síðan alþíng kom á. Nú kemur að því, að vèr smásaman lærum að leysa hin innri böndin, sem liggja enn á sjálfum oss, tortryggnina og vantraustið á sjálfum oss, að vèr getum framkvæmt hið góða. En einnig í þessu miðar oss nokkuð áfram, og eg þykist viss um, að hver yðar getur sagt með sjálfum sèr, að hann hefir sem alþíngismaður reynt að styðja þetta eptir megni. Það er eingum af oss unnt, að gjöra allt einn, en það er forn málsháttur, að „tekst, þegar tveir vilja“, og í þessari kröptugu sameiníng viljans liggur afl til framkvæmdanna. Þess vegna hefir hver þíngmaður gleðiefni í því, þegar hann hefir að sínu leyti átt þátt í að koma fram nokkru því, sem miðar áleiðis.

Látum nú þjóð vora dæma um störf vor á þessu þíngi; þau hafa hvorki verið mjög fá nè mjög auðveld; hversu þau eru leyst af hendi, og hver afdrif þeirra verða, mun reynslan sýna, en það er víst, að þíngið hefir sýnt allan vilja í, að þau færi sem bezt úr hendi og gæti orðið sem affarabezt fyrir land og lýð.

Það eru alls 23 mál, sem komið hafa til umræðu á þíngi þessu. Af konúngs hendi hefir verið lagt fyrir þíngið frumvarp til vegabótalaga, og fimm álitsmál, og eptir ráðstöfun stjórnarinnar frumvarp amtmannanna til laga um varnir móti fjárkláðanum. Þessi 7 mál hafa öll verið mjög þýðíngarmikil, svo sem er um jarðamatið, um fjárhagsefni Íslands og útboð til flotans, um fiskiverkunarleyfi utanríkisþjóða, og um gufuskipsferðir milli Danmerkur, Íslands og Færeyja. Af þegnlegum uppástúngum hafa 16 alls komið fram á þíngi; um 3 þeirra ályktaði þíngið að setja einga nefnd; í einu er komið fram nefndarálit, en varð eigi rætt til lykta sökum tímans naumleika; um 12 hafa verið nefndir kosnar, og eru þau öll rædd til lykta, þar á meðal ávarp til konúngs vors nú að þínglokum. Sumar af þessum þegnlegu uppá-

stúngum eru harðla merkilegar, svo sem er einkum um stjórnarbót og um læknaskipun, og væri það mikið æskilegt, ef þessi mál gæti nú feingið framgáng innan skamms tíma.

Þessi mál, sem nú hefi eg talið, hafa verið svo umfángsmikil og þar hjá komu sum hin merkilegustu svo seint í hendur þínginu, að þau gátu ekki orðið rædd á hinum reglulega þíngtíma. Samt sem áður hefir í reyndinni þíngtíminn ekki verið leingri en vant er, þegar haft er tillit til þess, hversu seint vandasömustu málin komu fram. Úrgreiðsla málanna hefir geingið þannig vonum framar, og er það því að þakka, að hinir virðulegu þíngmenn hafa allir verið samhentir í því, að stuðla til, að málin feingi sem greiðastan framgáng, og einkum hafa *framsögumenn* hinna vandasamari mála og skrifararnir haft mikinn starfa á hendi og vandasaman, sem þeir hafa lagt mikla alúð við. Eg votta þess vegna öllum hinnm háttvirtu þíngmönnum, en sèr í lagi *framsögumönnum* málanna og skrifurum þíngsins mitt alúðlegasta þakklæti fyrir störf sín, og þá framkvæmd í afgreiðslu málanna, sem hefir gjört mèr svo auðvelt og ánægjusamt, að gegna því, sem þíngið hefir lagt mèr á herðar. Hinum háttvirta *varaforseta* þakka eg sèr í lagi fyrir alla þá vinsemd og aðstoð, sem hann hefir látið mèr í tè í þíngstörfunum, eins og utanþíngs.

Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hefir bæði styrkt þíngið og lètt undir störfum þess, og þar með hefir hann sèr í lagi gjört allt, hvað í hans valdi stóð, til að gjöra mèr sem auðveldast það starf, sem eg hefi haft á hendi. Mèr er því mjög kært, að geta vottað honum mitt innilegt þakklæti, bæði þíngsins vegna og mín sjálfs, fyrir þann þátt, sem hann hefir átt í meðferð málanna.

Þegar vèr þannig skiljumst, háttvirtu alþíngismenn, þá látum oss fagna því, að hver af oss hafi eptir fremsta megni neytt krapta sinna til að gegna sinni köllun, og verum fullvissir um, að ef hver gjörir rækilega sína skyldu, í hverri stètt sem hann er, þá mun landi og lýð vel vegna.

Það er að lyktum mín bæn, að hinn algóði haldi sinni hendi yfir konúngi vorum, yfir landi voru og þjóð, og yfir alþíngi, og að hann veiti oss heill til að sýna það í framkvæmdinni, að hann hafi fyrirhugað landi þessu framför í öllu góðu.

Konúngsfulltrúi: Í nafni konúngs lýsi eg því yfir, að
pessu alpíngi er slitið.
Þíngmenn tóku þá undir í einu hljóði:
Leingi lifi konúngur vor, **Friðrik hinn Sjöundi!**
Síðan var geingið af þíngi.

Viðauki.

NEFNDARÁLIT

í ásauðarkúgildamálinu.

Hið heiðraða þíng hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að kveða upp álit vort um uppástúngu frá undirskrifuðum þíngmanni Árnessýslu um það, hverja ráðstöfun bæri að taka um ábyrgð á ásauðarkúgildum hèr á landi, einkum opinberra eigna, þar sem sauðpeníngur fellur fyrir kláðafaraldrinu. Málefni þetta höfum vèr íhugað ítarlega, og leyfum oss nú að segja um það álit vort á þessa leið:

Eins og kunnugt er, hefir kláðafaraldur það, sem geisað hefir í nokkrum hluta suðuramtsins, þegar á síðast liðnum vetri leitt til þess, að margir bændur hafa misst eða orðið að lóga talsverðu af sauðfjárstofni sínum, og má gjöra ráð fyrir því, að þetta muni enn þá meira eiga sèr stað á næstkomanda vetri, þrátt fyrir alla viðleitni að koma á hirðusemi og við hafa lækníngar, auk þess að sú uppástúnga hefir einnig komið fram, að lóga öllu sauðfè í hinum sýktu hèruðum, til þess að varna útbreiðslu hennar til hinna ómeinguðu, eða í öllu falli að fækka því mjög. Það er þess vegna í eðli sínu, að sú spurníng kæmi fram, hvort að heldur leiguliðinn eða landsdrottinn, eða báðir að nokkru leyti, eigi að hafa ábyrgð af ásauðarkúgildum á leigujörðum, þegar annaðhvort allt sauðfè eða meiri hluti þess fellur, eða því yrði að lóga, svo og, að hve miklu leyti leiguliðinn, þegar svo er komið, sè laus við að gjalda kúgildaleigur eptir jörðina. Nefndin álítur, að spursmál þetta geti valdið mikilli óvissu og þrætu, og væri því mjög æskilegt ef einhver sú ákvörðun yrði gefin hèr um, er gæti hafið óvissu þessa.

Nefndinni eru ekki kunnugar neinar lagaákvarðanir, er í þessu efni mætti taka til greina, því það, sem í Jónsbókar kaupabálki kap. 15., o. s. frv., segir um leigukúgildi, á ekki við hin síðar uppkomnu föstu jarðarkúgildi, sem hèr er að eins spurníngin um, og það, sem fyrirskipað er í tilsk. 15. maí 1705, § 4, á einnig að eins við leigukúgildi, sbr. konúngsbrèf 24. maí 1707, og tilsk. 1. maí 1789, § 21. Af konúngsúrskurðum 29. marz 1779 og 19. júlí 1786, hvar með stjórnin veitti leiguliðum á konúngsjörðum helmíng verðsins fyrir þau kúgildi, er leiguliðar komu sjálfir upp í stað þeirra, er útdauð voru í fjárfaraldrinu eptir 1761 og harðindaárunum 1783 og 1784, virð-

ist ekki heldur verða neitt ráðið, því það liggur mjög nærri, að styrkur þessi hafi verið veittur, til að koma upp kúgildum aptur á konúngsjörðunum, og til að hvetja leiguliða til, að eiga þátt í því.

Hvað eðli hlutarins og landsvenju þar næst snertir, þá er það kunnugt, að jarðakúgildi eru afhent leiguliða, ekki sem þær ákveðnu skepnur, er, meðan þær eru hjá honum, geta álitizt aðgreindar frá öðrum skepnum hans af sama tægi, eða þannig, að hann, þegar hann fer frá jörðunni, eigi að afhenda þær sömu skepnur (in eadem specie), heldur er það nægilegt og skylda hans, að afhenda jafnmargar ær löggildar, líkt eins og sá, sem tekur að láni peninga, getur borgað þá aptur með sömu upphæð í peníngum, þótt ekki sè það sömu spesíurnar. Af þessu leiðir eptir almennum lagareglum, að leiguliðinn því að eins getur orðið laus við skyldu sína að svara til kúgildanna, ef allt fè færist, þannig að honum væri ómögulegt að útvega ær í staðinn, en nefndin getur ekki álitið, að svo sè hèr eptir eðli faraldurs þess, er hèr á sèr stað, því þess eru dæmi, að hirðusömum bændum hefir tekizt að halda öllu sínu sauðfè, þótt sýkin hafi komizt í það, og þótt sú ákvörðun yrði tekin, að fækka skyldi í haust sauðfènu, til þess að eiga hægra með að hirða og lækna það, sem eptir er, þá getur slík fækkun eptir framantaldri grundvallarskoðun ekki dregið neitt úr skyldu leiguliðans, að svara til ásauðarkúgildanna.

En þrátt fyrir það, að nefndin þannig verður að álíta, að ábyrgð á ásauðarkúgildunum, þar sem um slíka ábyrgð yrði spursmál vegna kláðafaraldursins, hvíli að öllu leyti á leigaliðanum, og að hann eptir straungum rètti eigi að greiða leigur eptir kúgildin, þótt fallin sè, þá virðist það samt á hinn bóginn æskilegt, að einhver ráðstöfun yrði gjörð, hvar með ábyrgð þessi gæti orðið nokkuð vægari. Nefndin vill í þessu tilliti stínga upp á, að þíngið biðji stjórnina um lagaboð nú þegar í haust, er, jafnframt og geingið sè út frá ofannefndri ábyrgð leiguliða á ásauðarkúgildunum, gæfi honum kost á, að afhenda landsdrottni kúgildisærnar í heilbrigðu standi, og ætti að reikna þær til verðs eptir verðlagsskránni, þó svo, að leiguliðinn, ef hann álítur, að þær beri að meta til hærra verðs, geti heimtað virðíngu á þeim; síðan ætti að reikna af því verði vexti, 4 af 100, og þeir vextir eptir meðalverði allra meðalverða ákveðast til vissrar álnatölu; skyldi leiguliðinn þar næst frá landskuld og leigum þeim, er hann áður hefir borgað, mega draga álnaupphæð þá, sem svaraði rentu af kúgildaverðinu, en svara afgjaldinu, landskuld og leigum, að öðru leyti án afdráttar, en þegar fjársýkinni væri

útrýmt, skyldi landsdrottinn eiga rètt á að setja inn kúgildin aptur. Nefndin geingur nefnilega út frá því, að kúgildaleigur eru ekki goldnar að eins eptir kúgildin, heldur eru þær sumpart jarðarafgjald, sumpart kúgildaeptirgjald; sú innstæða, sem leiguliðinn geldur landsskuld og leigur eptir, er nefnilega sumpart jörðin, og sumpart kúgildin, er að öðru leyti, samkvæmt tilsk. 14. maí 1834, eru skoðuð eins og partur af jörðunni, og þegar leiga eptir kúgildin, er reikna má eins og lagavexti af verði þeirra, er dregin frá, þá kemur út hið rètta afgjald eptir jörðina. Að sönnu verður með þessu móti landsdrottni óhagur að því, að taka á móti kindum með því lægra verði, er gjöra má ráð fyrir í haust, þar sem undir öllum kríngumstæðum má búast við mikilli lógun á fènu, en verða síðar, ef hann vill setja kúgildin inn aptur, að líkindum að kaupa þau miklu dýrari, en á hinn hóginn hefir hann hag af því, að eiga ekki undir því, að leiguliði skyldi verða gjaldþrota og ekki geta svarað til kúgildanna síðarmeir. Á hinn bóginn getur leiguliðinn með þessu móti fríað sig við ábyrgð á kúgildunum og afhent þau á þeim tíma, sem hann hvort sem er að líkindum mundi vilja eða eiga að fækka fè sínu, og þar að auki, ef hann afhenti þau í haust, fríaðist hann við að fóðra þau að vetri, en slyppi hjá fúlgu þeirri, er venja er að greiða, þegar kúgildi eru afhent að hausti. En það verulegasta er, að kúgildin verða með þessari aðferð fyrir utan spursmálið um afgjald jarðarinnar, er að vísu getur verið í hinum einstöku tilfellum spursmál um að setja niður vegna fjársýkinnar, en hver spurníng ekki á að við koma kúgildaspursmálinu.

Nefndin getur þess, að ákvörðun sú, sem þannig er stúngið upp á, ætti að gilda fyrir allar jarðir, opinberar eða einstakra manna, en svoleiðis, að eptir lagaboðinu væri að eins farið, þar sem ekki byggíngarbrèf eða samkomulag leiða til annarar niðurstöðu. Um prestsmötukúgildi gæti ákvörðunin ekki átt við, þar sem prestsmata má álítast að hvíla á jörðunni, sem eignarkvöð.

Það virðist æskilegt, að opinberar stofnanir, einkum kirkjur og prestaköll, gæti sett á vöxtu í jarðabókarsjóðinn það, sem inn kæmi fyrir hin afhentu kúgildi, til þess að geyma það, þángað til fjársýkin væri frá liðin, en verðhæð þeirra mundi svo að segja aldrei ná 100 rdl., og er það þess æskilegra í þessu tilliti, ef stjórnin gæti veitt bæn alþíngis um, að setja megi á vöxtu í jarðabókarsjóðinn fè, sem að ekki nemur meira en 25 rdl., þar eð þetta mundi lètta

stofnunum þessum, að gjöra þessar litlu upphæðir arðberandi og varðveita þær.

Samkvæmt framanskrifuðu leyfum vèr oss að stínga upp á:

Að alþíngi biðji stjórnina að gefa út í haust lagaboð, er gefi til kynna, að ábyrgð á ásauðarkúgildum, er falla vegna kláðafaraldursins, hvíli á leiguliðanum, og að öðru leyti ákveði:

a, Að leiguliðanum eingu að síður skuli vera heimilt, að afhenda landsdrottni ásauðarkúgildin í heilbrigðu standi, þannig að þau reiknist til verðs eptir verðlagsskrá þeirri, er á þeim tíma gildir, en að leiguliðinn, ef hann álítur, að þau beri að meta til hærra verðs, geti heimtað virðíngu á þeim af útnefndum mönnum.

b, Að leiguliðanum, eptir þannig að hafa afhent ásauðarkúgildin, beri að svara í afgjald eptir jörðina þeirri landskuld og leigum, sem verið hefir, að frádregnum svo mörgum álnum, sem svara vöxtum, 4 af 100, af verði hinna afhentu kúgilda eptir staflið „a".

c, Að landsdrottinn, þegar fjársýkinni er útrýmt, hafi rètt á, að setja inn kúgildin aptur, þannig, að þar á eptir sè aptur greiddar fullar leigur og landskuld eptir jörðina, sem fyrri.

d. Að þessar reglur gildi bæði um opinberar og um einstakra manna eignir, í þeim hreppum, þar sem kláðafaraldrið hefir gjört vart við sig, en þó því að eins, að eigi sè byggíngarbrèf eða samníngar, er heimili aðra niðurstöðu, eins og þær eigi heldur eiga við um prestsmötukúgildi.

Reykjavík 12. ágúst 1857.

V. Finsen, H. G. Thordersen.
form. og framsögum.

Áður en eg skrifa undir þetta nefndarálit sem nefndarmaður, hlýt eg að geta þess, að en þótt það sè þannig orðað, að það lítur út, sem öll nefndin hafi verið á sama máli, þá var þetta þó ekki að öllu leyti; eg gat ekki verið mínum háttvirtu meðnefndarmönnum samdóma í því, að leiguliðum þeim, sem vegna hættunnar af kláðasýkinni afhenda landsdrottnum ásauðarkúgildin, beri að gjalda leigur eins eptir sem áður, að einúngis frádreginni leigu (4 af 100) af verði þeirra þannig afhentu kúgilda, sem má ske væri næsta lítið; með þessu fyrirkomulagi álít eg að mjög sè þraungvað kosti leiguliða, og það svo, að þeir geti ekki undir risið, ef allt sauðfè fellur. Eg álít, að í þessu tilfelli sè leiguliðum ekki leggjandi þýngri byrði á herðar, en að gjalda hálfar leigur eptir þau þannig heim skiluðu kúgildi, þar til þau yrði sett inn aptur. En til þess að varna því,

að leiguliðar losi sig þannig við kúgildin að óþörfu, stíng eg upp á því, að nefndir þær, sem settar verða í hverjum hrepp, til að rannsaka heilbrigðisástand sauðfènaðar, meðan kláðasýkinni ekki verður útrýmt, tjái álit sitt um það, hvort sá eða sá leiguliði hafi orsök til að losa sig við kúgildin vegna hættunnar af kláðafaraldrinu.

Samkvæmt þessu leyfi eg mèr að stínga upp á:

1. Að þeir leiguliðar, sem afhenda landsdrottnum ásauðarkúgildi sökum kláðasýkinnar, þurfi ekki að borga nema hálfar leigur eptir þau kúgildi, þar til þau yrði sett inn aptur.
2. Til að varna því, að leiguliðar losi sig við ásauðarkúgildin að óþörfu, skulu nefndir þær, sem settar verða í hverjum hrepp, til að rannsaka heilbrigðisástand sauðfènaðar, tjá álit sitt um það, hvort sá eða sá leiguliði hafi næga orsök til, að afhenda kúgildi til landsdrottins vegna hættunnar af fjárkláðasýkinni.

Að öðru leyti en þessu er eg nefndarálitinu samþykkur.

Reykjavík 13. ágúst 1857.

Magnús Andrèsson.